1. Frumvarp

til sveitastjórnarlaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. kafli.

Umdæmi.

1. gr.

Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru, sömuleiðis sýslnamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk.

2. gr.

Sýslum má eigi fækka nje fjölga, nje heldur breyta takmörkum þeirra, nema með sjerstökum lögum.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra hefur heimild til að skifta hreppi, sameina hreppa og breyta hreppamörkum. Eigi má neina slíka breyting gera, nema eftir beiðni hreppsnefnda þeirra, er hlut eiga að máli, og meðmælum sýslunefndar, nema þegar svo stendur á sem í 4. gr.

4. gr.

Nú hefir kauptún eða þorp 300 íbúa eða fleiri, og hefir það þá rjett til að fá sjerstaka sveitarstjórn og verða hreppur fyrir sig með þeim ummerkjum, er ráðherra ákveður eftir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar. Ráðherra kveður á sama hátt á um fjárskifti og skulda með hinu nýja hreppsfjelagi og hinum hluta þess hrepps, er það áður var í, og skal við skiftingu þessa farið eftir því, hvernig byrði viðkomandi hrepps hefir verið skift 5 árin næstu á undan, nema samkomulag fáist.

2. kafli.

Stjórn.

5. gr.

Stjórn sveitarmálefna í hreppi hverjum skal á hendi hafa hreppsnefnd og í sýslu hverri sýslunefnd.

A. Hreppsnefndir.

a. Skipun hreppsnefnda o. fl.

6. gr.

Um tölu hreppsnefndarmanna, kosningarrjett og kjörgengi í hreppsnefndir, kjörtímabil og annað, sem lýtur að kosningu í hreppsnefndir, fer eftir lögum um kosningar í málefnum sveita.

7. gr.

Nú er hreppi skift eða hreppar sameinaðir og ákveður þá ráðherra eftir tillögum sýslunefndar, hve margir menn skuli vera í hreppsnefnd hinna nýju hreppa, og skipar fyrir um kosningar, er af skiftingunni eða sameiningunni leiða.

8. gr.

Þegar hreppsnefnd er kosin, hvort heldur öll, eða meiri eða minni hluti (deild) hennar, skal elsti nefndarmaðurinn kveðja alla nefndarmennina á fund, til að kjósa *oddvita*. Kjörtími oddvita er jafnan til næstu almennra hreppsnefndarkosninga (deilda kosninga). Ef oddviti deyr, eða gengur úr nefndinni áður en kjörtimi hans er á enda, skal kjósa oddvita í stað hans fyrir það, sem eftir er af oddvitakjörtímanum.

Elsti nefndarmaður stjórnar jafnan oddvitakosningu.

Hver nefndarmaður er skyldur til að taka á móti kosningu til að verða oddviti, eða til að framkvæma önnur sjerstök störf, er nefndin felur honum á hendur. Þó getur sá, sem verið hefir oddviti í 3 ár eða lengur, eða haft önnur sjerstök störf á hendi fyrir nefndina, skorast undan kosningu til þess starfs um jafnlangan tíma og hann hefir verið oddviti þeirrar nefndar, eða haft starfið á hendi.

Hreppsnefnd hver skal kjósa *varaoddvita*, til að gegna störfum oddvita í forföllum hans. Kjörtími varaoddvita er sami og kjörtími oddvita. Enginn nefndarmaður getur skorast undan þeirri kosningu. Oddviti stjórnar kosningu varaoddvita.

Sá er rjett kosinn oddviti eða varaoddviti, er fengið hefir meira en helming þeirra atkvæða, er viðstaddir hreppsnefndarmenn hafa greitt. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa af nýju. Fái þá eigi heldur neinn yfir helming atkvæða, skal fara fram bundin kosning milli þeirra tveggja, er við kosninguna á undan fengu flest atkvæði. Ef atkvæði eru jöfn við síðari óbundnu kosninguna, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli velja, er bundna kosningin fer fram. Sömuleiðis ræður hlutkesti, ef atkvæði eru jöfn við hana.

Hinn nýkosni oddviti tilkynnir þegar sýslumanni kosning oddvita og varaoddvita.

9. gr.

Oddviti kveður nefndarmenn til fundar, stjórnar umræðum og sjer um, að fundargerðir og allar ályktanir nefndarinnar sjeu rjett og nákvæmlega

bókaðar og ályktanir hennar framkvæmdar. Hann sjer um að öll störf, sem nefndin á að annast um, sjeu tilhlýðilega unnin. Hann er fjehirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og brjefaviðskifti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufje hreppsins, verðbrjef og öll önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir, og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Hreppsnefndin getur þó falið hverjum nefndarmanni, sem hún vill, á hendur einhver ákveðin störf (sbr. 8. gr.), t. d. að sjá um gjaldheimtu, fjallskil, annast brjefagerð um einstök mál, eða einhverjar greinir mála og annað, er að þeim lýtur o. s. frv. Að öðru leyti annast oddviti um alt slíkt.

Í forföllum oddvita á varaoddviti að annast hlutverk hans að öllu leyti (8. gr.).

10. gr.

Hreppsnefndin skal halda að minsta kosti 2 nefndarfundi ár hvert og auk þess svo oft, sem oddvita þykir þörf á, eða þegar að minsta kosti helmingur nefndarmanna krefst þess.

Fundarstað ákveður nefndin, ef hún vill. Að öðrum kosti ræður oddviti honum, og hann ákveður fundardag og stund.

11. gr.

Hreppsnefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur hennar sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita. Sje um einhverja kosning að ræða, og 2 nefndarmenn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti. Þó fer um kosning oddvita og varaoddvita eftir 8. gr.

Hver nefndarmaður, sem er eigi samdóma hinum, getur heimtað, að ágreiningsálit hans verði ritað með fám orðum í gerðabókina. Allir nefndarmenn, sem eru viðstaddir, rita nöfn sín undir hana.

b. Verksvið hreppsnefnda og laun.

12. gr.

Hreppsnefnd stjórnar fátækramálum í hreppi sínum samkvæmt fátækralögum undir yfirstjórn sýslunefndar.

Fela má hreppsnefnd einum manni eða tveimur úr sínum flokki að hafa sjerstaka umsjón með framfærslu þurfalinga hreppsins og að annast störf, er að því lúta (8. og 9. gr.).

13. gr.

Hreppsnefnd hefir þau afskifti af útsvarsmálum, sem lög um útsvör ákveða.

14. gr.

Hreppsnefnd hefir umsjón yfir þinghúsi hreppsins og öllum fasteignum, sem hann á eða hefir not af (t. d. Kristfjárjörðum), og á hún að sjá um, að þetta sje haft í góðu lagi. Hún annast um, að landamerki afrjettar hreppsins og jarða hans sjeu ákveðin og jafnan glögg.

15. gr.

Hreppsnefnd á að sjá um notkun afrjetta hreppsins og um fjallskil og rjettir, smalanir afrjetta og heimalanda á haustum til fjárskila, og á vorum til rúningar og fráfærna og gera ráðstafanir til að eyða refum, alt eftir því sem reglugerðir um fjallskil, refaveiðar o. s. frv. nánara ákveða.

16. gr.

Hreppsnefnd á að hvetja hreppsbúa til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fjenaði sínum, þeim er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því að láta fjenað sinn verða horaðan eða horfalla.

17. gr.

Hreppsnefnd er skylt að leitast við að koma í veg fyrir flakk og húsgang, og hún á eftir mætti að stuðla að því, að góð regla haldist í sveitinni.

18. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til án milligöngu sýslumanns að halda undirboðsþing á vegastörfum og viðhaldi á þinghúsi og enn fremur á því, að fá til verk og varning í þarfir sveitarinnar.

19. gr.

Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sjerstaka sveit, til lykta ráðið, fyrr en álits hreppsnefndar þar hefir verið leitað um það. Hreppsnefnd má einnig að fyrra bragði senda ráðherra tillögur um hvað eina, er verða má sveitinni til gagns, eða miðar til að afstýra tjóni eða hallæri.

20. gr.

Tekjur sveitarsjóðs eru:

1. Útsvör.
2. Afgjöld af fasteignum hrepps og upprekstrargjald.
3. Vextir af innstæðufje og leigufje.
4. Hundaskattur.
5. Endurgjald á veittum sveitarstyrk frá þurfalingi sjálfum eða ættingjum hans.
6. Frá öðrum hreppum:
   a. endurgjald á veittum þurfamannastyrk;
   b. endurgjald fyrir önnur viðskifti.
7. Óskilafjárverð.
8. Sektir eftir sættum eða dómum.
9. Gjald af síldarveiði og upsa með nót.
10. Gjafir eða aðrar óvæntar tekjur.

21. gr.

Hreppsnefndin skal halda saman Stjórnartíðindum þeim, er henni eru

send, ganga eftir, ef í þau vantar, láta binda þau inn og geyma þau vel. Kostnaður við það greiðist úr sveitarsjóði.

22. gr.

Útgjöld til skrifæra, brjefasendinga og sendiferða í þarfir hreppsins skal endurgjalda oddvita eftir reikningi.

Alt það, sem oddviti á að fá úr hreppssjóði, skulu hinir hreppsnefndarmennirnir ávísa honum skriflega.

23. gr.

Oddviti skal hafa að launum um árið 4 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

24. gr.

Hreppsnefnd hver heldur þessar bækur:

1. *Sveitarbók.* Í hana skal rita:
   a. skýrslu um það, er gerist á nefndarfundum, mál þau, er nefndin tekur fyrir, og ályktanir um þau,
   b. ársreikninga hreppsins með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurðum sýslunefndar; enn fremur aðra reikninga hreppsins, svo og niðurjöfnunarskrár, og um ráðstöfun ómaga og meðlag með þeim, þurfamannastyrk og annað, er að þessu lýtur, og allar skýrslur.
2. *Brjefabók,* sem rita skal í orðrjett þau brjef, er nefndin (oddvitinn) ritar öðrum.
3. *Kassabók,* sem rita skal í allar peningaupphæðir, sem sveitarsjóður fær eða geldur út.
4. *Dagbók* yfir innkomin brjef eftir fyrirmynd, er sýslunefnd býr til.
5. *Kjörbók,* til að rita í atkvæði til hreppsnefndarkosningar.

Bækur þessar skulu vera löggiltar af sýslumanni, og rannsakar hann þær árlega. Andvirði þeirra greiðist úr sveitarsjóði.

25. gr.

Fyrir 15. janúarmánaðar ár hvert skal reikningshaldari gera reikning yfir tekjur og útgjöld hreppsins næstliðið almanaksár, og skal hann gerður eftir fyrirmynd, er ráðherra býr til.

Öll hreppsnefndin skal rannsaka reikninginn. En auk þess kýs hún í hvert skifti einhvern innsveitarmann, annaðhvort úr hreppsnefndinni eða utan hennar, til að yfirskoða hann. Undan þeirri kosningu getur enginn skorast, sá er hefir kosningarrjett og kjörgengi til hreppsnefndar.

Oddviti skal senda yfirskoðara reikninginn með fylgiskjölum fyrir 20. janúarmánaðar, og skal yfirskoðun hans lokið fyrir 1. febrúarmánaðar. Síðan skal reikningurinn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara og svörum reikningshaldara liggja hreppsbúum til sýnis á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað frá 1.—10. febrúarmánaðar. Framlagn-

ingin skal auglýst áður um hreppinn. Fyrir 15. febrúarmánaðar næst á eftir sendir oddviti sýslunefndinni reikninginn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara, og svörum reikningshaldara. Sýslunefndin rannsakar svo reikninginn og úrskurðar eins og segir í 39. gr.

Öll hreppsnefndin hefir ábyrgð á því, að reikningurinn sje rjettur. Hún ábyrgist einnig innstæðufje, skuldabrjef og aðrar eigur hreppsins.

26. gr.

Án samþykkis nefndarinnar má eigi borga nein útgjöld af sveitarsjóði, nema þau, sem ákveðin eru í lögum, eða sýslunefndin hefir samþykt.

27. gr.

Um kosningar í hreppsmálefnum, ungmennafræðslu, heilbrigðismál, vegi, ellistyrktarsjóð, skattamál, verðlagsskrár, þurrabúðir, nýbýlisleyfi, alþingiskosningar, sauðfjárbaðanir og annað, er hreppinn varðar, og eigi er sjerstaklega talið í lögum þessum, hefir hreppsnefnd það hlutverk, er lög ákveða.

28. gr.

Samþykki sýslunefndarinnar útheimtist til þess að ályktun hreppsnefndarinnar sje gild í þessum greinum:

1. til þess að hækka á ári því, sem yfir stendur, upphæðir þær, sem eru á niðurjöfnunarskránni.
2. til þess að sveitin takist á hendur nokkra skuldbinding til langframa, er eigi hvílir beinlínis á henni samkvæmt lögum.
3. til þess að nokkuð verði borgað úr sveitarsjóðnum fyrir aðstoð við sveitarstjórnarstörf, sem einhverjum ber að leysa af hendi, af því að hann er kjörinn til þess, að launum oddvita undanteknum (23. gr.).
4. til þess að á nokkru ári verði að samtöldu lögð á hreppsbúa meiri útsvör en svo, að nemi fimtungi fram yfir útgjaldaupphæð sama hrepps að meðaltölu um næstu þrjú ár á undan. Upphæð sú, sem eitthvert ár kann að verða lögð á með samþykki sýslunefndarinnar, má eigi teljast með, þegar síðar meir á að finna áðurgreinda meðaltalsupphæð.
5. til þess að selja megi eða veðsetja fasteignir sveitarinnar eða til að kaupa nýjar fasteignir handa henni.
6. til þess að eyða innstæðufje sveitarinnar.
7. til þess að taka lán handa sveitinni, sem nemi meira eða sje fyrir lengri tíma, en að það verði borgað aftur fyrir lok næsta reikningsárs, eða endurnýja slíkt lán, eða lengja borgunartíma þess.

Nú synjar sýslunefnd um samþykki sitt til einhverrar þeirrar ráðstöfunar, sem getur um í þessari grein, og er þá hreppsnefnd rjett að bera málið á lögmætum sveitarfundi undir atkvæði allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrjett hafa til hreppsnefndar, og fallist þá $^{3}/_{4}$ gjaldenda á ráðstöfunina, skal hún gild án samþykkis sýslunefndar. Það er lögmætur sveitarfundur, er hreppsnefnd kveður til með skriflegu fundarboði og að minsta kosti 8 daga

fyrirvara, enda sje þar tiltekið hver aðalmál komi til umræðu og atkvæða á fundinum.

29. gr.

Ef sýslumaður kemst að því, að einhver ályktun hreppsnefndarinnar fer fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða er að öðru leyti lögum gagnstæð, eða miðar til að gera einhverja ráðstöfun, sem sveitin getur haft tjón af, eða skorast undan að gegna þeirri skyldu, er á sveitinni hvílir, getur hann með brjefi til oddvita hreppsnefndarinnar ónýtt ályktunina fyrst um sinn, ef eigi er enn búið að framkvæma hana. Síðan leggur hann málið fyrir næsta sýslunefndarfund, sem kveður upp fullnaðarúrskurð um það.

30. gr.

Nú vanrækir hreppsnefnd að inna af hendi lögboðnar greiðslur, eða svara fyrirspurnum æðri stjórnarvalda, og getur sýslumaður þá lagt dagsektir við, ef ekki er bætt úr innan ákveðins tíma, því er áfátt var. Slíkar sektir má tiltaka í brjefi til oddvita, en ekki mega þær falla á fyr en svo langur tími er liðinn frá dagsetningu brjefsins, að hæfilegt sje til þess að bæta úr því, sem átalið var. Sektir þessar má taka lögtaki í eignum oddvita eða þess hreppsnefndarmanns, sem sjerstaklega hafði verið falið að annast það starf, sem áfátt var (9. gr.).

Ákvörðun sýslumanns um sektir eftir þessari grein má skjóta til ráðherra, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið.

B. Sýslunefndir.

a. Skipun sýslunefnda.

31. gr.

Um tölu sýslunefndarmanna, kosningarrjett og kjörgengi í sýslunefndir, kjörtímabil, og annað, sem lýtur að sýslunefndarkosningu, fer eftir lögum um kosningar í málefnum sveita.

Sýslumaður er oddviti sýslunefndar.

32. gr.

Nú er sýslunefndarmaður forfallaður, svo að hann getur ekki sótt sýslufund, og skal hann þá tilkynna varasýslunefndarmanni forföll sín svo tímanlega að hann geti sótt fund.

Varasýslunefndarmaður hefir sömu skyldur og rjettindi sem sýslunefndarmaður.

33. gr.

Ef sýslunefndarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr nefndinni, áður en kjörtími hans er liðinn, skal á næsta manntalsþingi kjósa mann í nefndina í stað hans, að eins til þess tíma, er eftir var af kjörtíma hans. Sama er um varasýslunefndarmann.

34. gr.

Um skyldu til þess að taka við kosningu í sýslunefnd gilda sömu reglur og um skyldu til þess að taka sæti í hreppsnefnd.

35. gr.

Sýslunefndin skal eiga að minsta kosti einn fund á ári eftir því sem oddviti ákveður nákvæmar. Auk þess má hann kveðja til aukafundar, þegar honum þykir þess þörf, og hann er skyldur til þess, ef helmingur nefndarmanna heimtar þar. Nefndin ræður fundarstað, þegar hún vill, ella oddviti.

36. gr.

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meir en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða.

Hver nefndarmaður, sem eigi er samdóma hinum, á heimting á, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina, og skulu allir nefndarmenn, sem við voru staddir, rita nöfn sín undir hana, þegar fundi er slitið.

37. gr.

Oddviti stjórnar umræðum og sjer um, að fundargerðir og allar ályktanir nefndarinnar sjeu rjett og nákvæmlega bókaðar og ályktanir hennar framkvæmdar. Hann sjer um, að öll störf, sem nefndin á að annast um, sjeu tilhlýðilega unnin. Hann er fjehirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga. annast bókun alla og brjefaviðskifti. Hann geymir bækur nefndarinnar og annað, er henni við kemur. Hann geymir innstæðufje sýslunnar, skuldabrjef og aðrar eignir sýslufjelagsins.

Sýslunefndin getur falið hverjum nefndarmanni, er hún vill, ákveðin störf, er hún á að annast, eða kosið nokkra af nefndarmönnum í undirnefnd, til að leysa þau af hendi, eða að starfa að einhverju málefni til undirbúnings milli funda. Fyrir þesskonar störf má hún veita hæfilega þóknun úr sýslusjóði.

Öll sýslunefndin hefir ábyrgð á þeim störfum.

b. Verksvið sýslunefnda og laun.

38. gr.

Sýslunefnd hefir yfirstjórn sveitarmálefna í öllum hreppum sýslunnar, og leggur fullnaðarúrskurð á mál þau, er samkvæmt 15., 25. og 28. gr. laga þessara og lögum um kosningar í málefnum sveita og lögum um útsvör, liggja undir hana, svo og á þær ályktanir hreppsnefnda, er skotið er undir úrskurð hennar samkvæmt löggiltum reglugerðum sýslunefndar. Hún hefir yfir höfuð umsjón með því að hreppsnefndirnar hegði sjer í sveitarstjórnarathöfnum sínum eftir lögum og löglegum fyrirskipunum.

Ef sýslunefnd virðist, að hreppsnefnd hafi látið greiða ólögmæt gjöld,

eða leitt hjá sjer að framkvæma einhverja aðra ráðstöfun, sem hún er skyld til, og ekki fellur undir 30. gr. eða að hún hafi á annan hátt farið fram yfir það, sem hún hefir vald til, skal sýslunefndin sjá um, að þessu sje kipt í lag, og, ef nauðsyn ber til, getur hún falið oddvita sínum að beita þvingunarsektum, til þess að boðum hennar verði framfylgt, og auk þess komið fram ábyrgð á hendur einstökum hreppsnefndarmönnum við dómstólana.

39. gr.

Sýslunefnd kýs á ári hverju mann eða menn úr sínum flokki til að yfirskoða ársreikninga allra hreppa í sýslunni. Endurskoðari skal, ef honum þykir ástæða til, senda hreppsnefndaroddvita athugasemdir sínar fyrir 10. dag marsmánaðar og ber oddvita að svara þeim fyrir 25. mars næst á eftir. Síðan skal úrskurða reikningana á aðalfundi nefndarinnar; semur sýslumaður síðan eftir þeim yfirlit yfir efnahag hreppanna, og sendir Hagstofunni.

Yfirskoðara þessara reikninga má veita þóknun úr sýslusjóði, eftir því sem nefndin ákveður.

40. gr.

Sýslunefnd stjórnar öllum sveitarmálum, er varða sýsluna í heild sinni. Eftir tillögum hreppsnefnda gerir hún, þegar svo ber undir, ráðstöfun til að afstýra hallæri í sýslunni, enda skýri hún ráðherra ýtarlega frá gerðum sínum í því efni. Hún ræður, hvar lögferjur skuli vera og annast um, að þær sjeu jafnan í góðu lagi, og að lögferjumenn gæti skyldu sinnar. Þá er skipa skal hreppstjóra, stingur hún upp á 3 mönnum til þess, og af þeim skipar sýslumaður einn. Einnig gerir hún tillögu um, hvort hreppstjóri skuli vera einn í hreppi eða tveir. Hún annast um að prentaðar sjeu eigi sjaldnar en 10. hvert ár nákvæmar skrár yfir fjármörk og, ef ástæður eru til, einnig yfir hestamörk, í allri sýslunni.

41. gr.

Sýslunefnd semur reglugerð um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimalanda á haustum til fjárskila, og sömuleiðis á vorum til rúningar og fráfærna, og ráðstafanir til að eyða refum, svo og aðrar reglugerðir þær, er hún hefir heimild til að semja samkvæmt lögum. Þá er nefndin hefir á fundi með meiri hluta atkvæða samþykt einhverja slíka reglugerð, skal senda hana ráðherra, sem getur veitt henni lagagildi.

42. gr.

Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sýslu sjerstaklega, til lykta ráðið fyr en álits sýslunefndar þar hefir verið leitað um það. Sýslunefnd má og að fyrra bragði senda ráðherra tillögur um hvað eina, er verða má sýslunni til gagns, eða til að afstýra hallæri.

43. gr.

Reikningsár sýslusjóðs er almanaksárið.

44. gr.

Sýslunefnd skal á aðalfundi semja áætlun fyrir hvert reikningsár um tekjur og gjöld sýslusjóðs. Að því leyti, sem lögskipuð gjöld og aðrar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum, skal jafna því, sem á vantar, niður á hreppsfjelög sýslunnar, að þriðjungi eftir samanlögðu skattmati fasteigna, að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmanna og að þriðjungi eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausrar eignar og tekna af eign og atvinnu, alt í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjald það, er þannig kemur á hvert hreppsfjelag, skal greitt úr sveitarsjóði, og skal hreppsnefndaroddviti greiða sýslumanni það á næsta manntalsþingi.

45. gr.

Oddvita sýslunefndarinnar skal endurgjalda eftir reikningi hans, það sem hann hefir borgað fyrir ritföng, sendiferðir o. fl., og skal öll nefndin ávísa honum fjeð.

46. gr.

Hver sýslunefndarmaður fær í fæðispeninga og ferðakostnað úr sýslusjóði 7 krónur hvern dag frá því er hann fer að heiman á sýslufund til þess er hann kemur heim aftur.

47. gr.

Ekkert gjald má greiða úr sýslusjóði, nema heimild sje fyrir því í lögum, eða það sje ákveðið af sýslunefndinni.

48. gr.

Sýslunefndin kýs árlega á aðalfundi mann úr sínum flokki til þess að yfirskoða næsta reikning sýslusjóðsins.

49. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal oddviti sýslunefndarinnar gera reikning yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins næstliðið ár og senda yfirskoðara hann fyrir lok sama mánaðar. Yfirskoðari skal fyrir lok næsta febrúarmánaðar senda oddvita aftur reikninginn með athugasemdum sínum. Á næsta aðalfundi þar á eftir rannsakar sýslunefndin reikninginn í sambandi við athugasemdirnar og svör reikningshaldara við þeim, og úrskurðar síðan reikninginn.

Reikninginn á að semja eftir áætlun þeirri, sem nefnd er í 44. gr., og skal honum fylgja skrá yfir eignir sýslunnar og yfirlitsreikningur yfir eigur og skuldir hennar. Þetta ásamt reikningnum sjálfum sendir oddviti ráðherra til yfirlits með næsta pósti, eftir að reikningurinn var úrskurðaður.

Fyrir lok júnímánaðar skal senda hverri hreppsnefnd í sýslunni ágrip af sýslufundargerðinni ásamt reikningnum, prentað eða á annan hátt margfaldað, svo mörg eintök, er hæfa þykir. Nú eru eigi tök til þess að áliti sýslunefndar, og skal þá fyrir sama tíma senda í hvern hrepp til oddvita eitt skrifað eftirrit af sýslufundargerðinni ásamt reikningnum, og skal oddviti sjá um að hreppsbúar fái að lesa það. Fyrir eftirrit þessi fær sýslumaður 1 kr.

fyrir hverja örk, og skal það og allur kostnaður við prentun og útsending goldið úr sýslusjóði.

Öll sýslunefndin hefir ábyrgð á að reikningurinn sje rjettur. Hún ábyrgist einnig innstæðufje, skuldabrjef og aðrar eigur sýslufjelagsins.

50. gr.

Um mentamál, heilbrigðismál, ljósmæður, vegi, ellistyrktarsjóði, alþingiskosningar, verslunarleyfi, nýbýli, laxveiði og ýmsar aðrar greinir atvinnumála o. fl. hefir sýslunefnd hlutverk eftir því sem lög ákveða.

51. gr.

Þyki oddvita einhver ályktun nefndarinnar fara fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða sje að öðru leyti lögum gagnstæð, eða hún miði til að gera einhverja ráðstöfun, sem sýslufjelagið geti haft tjón af, eða skorast undan að gegna skyldu, sem hvílir á því, skal honum heimilt að fella ályktunina úr gildi, og ber honum þá að senda ráðherra tafarlaust skýrslu um það. Jafnframt skal hann senda sýslunefndinni eftirrit af skýrslunni. Ráðherra sker úr ágreiningnum.

52. gr.

Með næsta pósti eftir sýslunefndarfund skal oddviti senda ráðherra endurrit af gerðabókinni til athugunar.

3. kafli.

Um það hver lög sjeu numin úr gildi með lögum þessum, og hvenær lög þessi komi í gildi.

53. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau lög, sem hjer segir: Sveitastjórnarlög nr. 43, 10. nóv. 1905, að því leyti, sem þau eru ekki áður úr gildi feld.

Lög nr. 67, 27. júní 1921, um breytingu á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Lög nr. 29, 19. júní 1922, 2. og 3. gr.

54. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á Alþingi 1925 var borin upp í Nd. till. til þál. um að skora á atvinnumálaráðherra að skipa 5 manna nefnd »til þess að íhuga sveitastjórnar-, bæjarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins« (Alþ.tíð. 1925, A. þgskj. 199). Tillaga

þessi var samþykt í Nd., en í Ed. varð það að ráði, að vísa málum þessum til stjórnarinnar, og hjet hún því að undirbúa lagasmíð um 2 atriði, er til mála þessara teljast, fyrir þing 1926, þ. e. um útsvör og kosningar í bæjar- og sveitamálefnum. Þetta var og gert og voru lög um bæði þessi atriði samþykt á því þingi.

Þá er eftir endurskoðun sveitastjórnarlaganna að öðru leyti og fátækralaganna auk kaupstaðalaganna. Endurskoðun kaupstaðalaganna þykir verða að bíða enn, enda naumast rjett, að ætla einu þingi svo mikið, að hafa til meðferðar alla þessa lagabálka. Þess er aftur á móti vænst, að þetta þing geti afgreitt endurskoðun á sveitastjórnar- og fátækralöggjöfinni, enda mun það skifta mestu máli. Hjer verður að eins rætt um sveitastjórnarlöggjöfina.

Eins og kunnugt er, er hin gildandi sveitastjórnarlöggjöf frá 1905. Þau lög (lög nr. 43, 10. nóv. 1905) voru mjög vel undirbúin að öllu leyti og hafa reynst vel. Það atriði þeirra, sem mest hefir verið um deilt er útsvarsálagningin og önnur atriði, er standa í sambandi við hana. En með því að öll ákvæði, er þar að lúta, voru á síðasta þingi tekin upp í lagabálk um útsvör, fellur þessi bálkur úr því frumvarpi, sem hjer er rætt um. Einnig falla burtu úr þessu frv. öll ákvæði um kosningar í sveitamálefnum, því að, eins og áður er vikið að, var einnig á þinginu 1926, samþyktur sjerstakur lagabálkur um þetta efni.

Þegar úr hinum eiginlegu sveitastjórnarlögum eru feld öll ákvæði um útsvör og kosningamálefni, verða sveitastjórnarlögin miklu styttri og ljettari viðureignar, og í þeim eru þá ekki næsta mörg atriði, sem ætla má, að mjög verði til ágreinings, enda er ekki kunnugt, að raddir hafi fram komið í þá átt, að fá þeim ákvæðum breytt.

Sú endurskoðun sveitastjórnarlaganna, sem nú hefir verið framkvæmd hefir því einkum verið í því fólgin, að fella úr til betra yfirlits þau ákvæði, sem breytt eða óbreytt hafa verið tekin upp í önnur lög og samræma sveitastjórnarlögin við aðra lagabálka, sem eru yngri en þau, en snerta þó þetta efni. Að öðru leyti verður gerð grein fyrir einstökum breytingum við hverja grein, ef þær þykja máli skifta.

Fyrirsagnir kafla og efnisröð er eins og í gildandi sveitastjórnarlögum.

Um 1.—5. gr.

Þessar greinar eru eins og 1.—5. gr. sveitastjórnarlaganna, með þeirri einni breytingu, sem leiðir af verkaskiftingu milli ráðuneytanna, sbr. auglýsing nr. 64, 30. des. 1924 (Stj.tíð. 1924, A. bls. 164—165).

Um 6. gr.

Hjer er að eins tekin upp nauðsynleg tilvísun til laganna um kosningar í málefnum sveita og er tilvísunin þannig, að hún á við, þótt þeim lögum kynni að verða breytt.

Um 7. gr.

Þessi grein er svipuð 7. gr. gildandi sveitastjórnarlaga, að eins nokkuð fyllri.

Um 8.—9. gr.

Þessar greinar eru samhljóða 24.—25. gr. sömu laga, nema tilvitnunum breytt eftir því, sem við á.

Um 10. gr.

Það leiðir af sjálfu sjer, að hreppsnefnd hlýtur víðast að eiga minst 2 fundi á ári, annan vegna útsvarsniðurjöfnunar en hinn vegna fjallskila. Venjulega munu nefndirnar halda miklu fleiri fundi á ári, en sennilega er nóg að hafa 2 fundi lögboðna eins og nú er. Hins vegar þykir ekki ástæða til þess að skipa fyrir um hvenær fundir þessir skuli haldnir, því að það fer eftir öðrum fyrirmælum.

Um 11.—12. gr.

Eru samhljóða 27.—28. gr. áðurnefndra laga nema tilvísunum breytt.

Um 13. gr.

Þessi gr. er afleiðing þess, að nýr lagabálkur hefir verið settur um útsvör.

Um 14.—15. gr.

Eru samhljóða 29. og 30. gr. sveitastjórnarlaganna.

Um 16. gr.

Er samhljóða 31. gr. sömu laga að því undanskildu, að síðasti málsliður er feldur burtu, þar sem forðagæslumönnum er nú falin skoðun búpenings og eftirlit með fóðurbirgðum, sbr. lög nr. 44, 10. nóv. 1913.

Um 17.—19. gr.

Samhljóða 32.—34. gr. sveitastjórnarlaganna.

Um 20. gr.

Er því nær samhljóða 45. gr., nema að því leyti, að niður eru feldir sem tekjuliðir tíund af fasteign og lausafje, sbr. lög nr. 46, 2. nóv. 1914, og fimtungur af fiski, sem veiddur er á opnum bátum á helgidögum, sbr. lög nr. 74, 22. nóv. 1907.

Um 21.—22. gr.

Eru samhljóða 46. og 47. gr. sveitastjórnarlaganna.

Um 23. gr.

Það mun varla vera ágreiningur um það, að laun þau, sem hreppsnefndaoddvitum eru ætluð í gildandi lögum sjeu alt of lág, því að starf þeirra er oft mikið og erfitt. Hjer er stungið upp á að tvöfalda launin, en það er álitamál. Lágmark launa virðist eftir því tæpast þurfa að setja og sanngirni sýnist ekki mæla með að setja hámark, þótt svo sje gert í gildandi lögum.

Um 24. gr.

Er samhljóða 49. gr. sveitastjórnarlaganna.

Um 25. gr.

Þær breytingar, sem hjer er stungið upp á, eru að mestu afleiðingar af breytingu þeirri á reikningsári sveita, sem lögleidd var á síðasta þingi.

Um 26.—29. gr.

Þessar greinar svara til 51.—54. gr. sveitastjórnarlaga og eru svo lítið breyttar, að ekki sýnist þörf skýringa.

Um 30. gr.

Þessi gr. er ný og ástæðan til þess, að þörf hefir þótt á að taka hana upp er sú, að það kemur ósjaldan fyrir, að hreppsnefndir draga um of að inna af hendi skyldugreiðslu eða svara fyrirspurnum og er ekki óalgengt, að yfirvöld kvarti yfir þessu. Með þeim takmörkunum, sem hjer er stungið upp á, þykir ekki varhugavert að lögleiða þetta.

Um 31. gr.

Hjer er ekkert nýtt ákvæði annað en það, að vísað er til laga þeirra um kosningarrjett í málefnum sveita, sem gilda á hverjum tíma.

Um 32. gr.

Er samhljóða 2. og 3. málsgr. 59. gr. sveitastjórnarlaganna.

Um 33. gr.

Er eins og 62. gr. sveitastjórnarlaganna.

Um 34. gr.

Er að innihaldi svipuð 63. gr. sömu laga.

Um 35. gr.

Samhljóða 65. gr. sömu laga.

Um 36. gr.

Samhljóða 2. gr. laga nr. 29, 19. júní 1922 og 2. málsgr. sveitastj.laga.

Um 37. gr.

Er samhlj. 67. gr. sveitastj.laganna.

Um 38. gr.

Er samhlj. 68. gr. sömu laga nema tilvísunum er breytt. Lítilfjörleg breyting er og gerð vegna 30. gr. þessa frv.

Um 39. gr.

Hjer er stungið upp á þeim einum breytingum, sem leiða af gildandi lögum, sjerstaklega breytingu reikningsársins.

Um 40.—43. gr.

Eru svo að segja samhljóða 70.—73. gr. sveitastjórnarlaganna.

Um 44. gr.

Er samhljóða lögum nr. 67, 27. júní 1921.

Um 45. gr.

Samhljóða 75. gr. sveitastjórnarlaganna.

Um 46. gr.

Hjer er stungið upp á, að kaup sýslunefndarmanna hækki í 7 kr. á dag en að öðru leyti er gr. gildandi lög.

Um 47.—49. gr.

Eru svo að segja samhljóða gildandi lögum að því undanskildu að ritlaun sýslumanna eru færð upp úr 50 au. örkin í 1 kr.

Um 50.—52. gr.

Á þessum gr. eru þær einar breytingar gerðar, er leiða af breyttri löggjöf síðan 1905.

Um 53.—54. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

2. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

Eftirskráðar breytingar skulu gerðar á þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar, 18. gr., 19. gr., 26. gr., 27. gr., 28. gr., 29. gr., 31. gr., 38. gr. og 2. og 3. ákvæði um stundarsakir.

1. gr,

Í stað orðanna »ár hvert« í 18. gr. komi: annaðhvert ár. — Aftan við greinina komi tvær nýjar málsgreinir svo hljóðandi:

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar að aukaþing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Það þing má ekki sitja lengur en 4 vikur, án samþykkis konungs.

Með lögum má ákveða, að reglulegt Alþingi skuli háð árlega.

2. gr.

Í stað orðanna »á ári« í niðurlagi 19. gr. komi: fundum sama þings.

3. gr.

Í stað »40« í fyrstu málsgr. 26. gr. komi: 42.
Í stað »26« í annari málsgr. sömu gr. komi: 28.
Í stað »34« í þriðju málsgr. sömu gr. komi: 36.

4. gr.

27. grein stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Þingmenn skulu kosnir til 6 ára.

Nú er ákveðið með lögum, samkvæmt heimild í niðurlagsákvæði 18. gr., að reglulegt Alþingi skuli háð árlega, og má þá ákveða með lögum að þingmenn skuli kosnir til 4 ára.

5. gr.

28. grein stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Deyi þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, á kjörtímanum, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt og þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum. Sama er og ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaþing, eða það sem eftir er af því þingi.

6. gr.

Fyrir orðin »í efri deild« í niðurlagi 29. greinar komi: sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

7. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 31. grein skal koma: annaðhvert ár.

8. gr.

Í stað orðsins »fjárhagsár« í 38. gr. komi: fjárhagstímabil.

9. gr.

Í stað 2. ákvæðis um stundarsakir komi:

2. Umboð landskjörinna þingmanna og varamanna, sem kosnir voru 1922 og 1926, falla niður við næstu almennar alþingiskosningar eftir að þessar breytingar á stjórnarskránni öðlast gildi.

10. gr.

Í stað 3. ákvæðis um stundarsakir komi:

3. Almennar reglulegar alþingiskosningar skulu fram fara árið 1931, þó ekki fyr en að loknu reglulegu Alþingi það ár. Þetta ákvæði kemur þó

ekki til framkvæmdar, ef stofnað hefir verið til nýrra almennra alþingiskosninga einhverntíma á tímabilinu frá því, er þessar breytingar á stjórnarskránni öðlast gildi, og til ársins 1931.

Athugasemdir við frumvarpið.

Á þingunum 1923 og 1924 voru borin fram af þingmanna hálfu alls 3 frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskránni. Fyrst bar 1. þingm. Skagfirðinga (Magnús Guðmundsson) fram frv. í Nd. á þinginu 1923 (Alþt. 1923, A. 30), sem fór fram á þær tvær höfuðbreytingar á núverandi skipulagi, að ráðherra skyldi vera einungis einn, og að reglulegt Alþingi (fjárlagaþing) skyldi halda annaðhvert ár. Í sambandi við hina síðarnefndu breytingu var stungið upp á, að kjörtímabil kjördæmakosinna þingmanna skyldi verða 6 ár, en landskjörinna 12 ár. Í frv. var þó ákveðið, að fjölga mætti ráðherrum með einföldum lögum, og nefndin í Nd. var sammála um að leggja til, að einnig mætti ákveða með einföldum lögum, að reglulegt þing skyldi háð árlega. Um fækkun ráðherra náðist ekki samkomulag. Framsóknarflokkurinn var henni andvígur, bæði í nefndinni og í þingdeildinni, og átti sú mótstaða mikinn þátt í því, að frv. var felt við 3. umræðu, þótt samkomulag virtist milli mikils meiri hluta þingdeildarmanna um hina breytinguna.

Á þinginu 1924 bar 4. landskjörinn þm. (Jón Magnússon) fram frv. sama efnis í Ed., og fór það frv. þó einnig fram á nokkrar aðrar smávægilegri breytingar (Alþt. 1924, A. 21). Hinsvegar báru Framsóknarflokksmenn í Ed. fram annað frv. (Alþt. 1924, A. 22), þar sem ákveðið var, að ráðherrar skyldu vera 2, fjárlagaþing annaðhvert ár, en kjörtímabil óbreytt 4 og 8 ár. Frv. Jóns Magnússonar gekk til 3. umr. með litlum breytingum, en við 3. umr. báru tveir þingmenn (Guðm. Ólafsson og Einar Árnason) fram tillögu um afnám landskjörsins. Náði hún samþykki, en frv. svo breytt fjell síðan með jöfnum atkvæðum. Við meðferð málsins kom það enn fram, að samkomulag var milli stærstu flokkanna um þinghald annaðhvert ár, en tillagan um 1 ráðherra mætti andspyrnu frá Framsóknarflokknum sem fyr.

Með því að almennar kosningar til Alþingis eiga að fara fram eftir þetta þing, og þannig er nú tækifæri til að koma fram breytingum á stjórnarskránni án þess að aukreitis nýjar kosningar þurfi af því að leiða, og með því að hinsvegar virðist hafa verið talsvert alment samkomulag um að óska eftir einni veigamikilli breytingu að minsta kosti, þá þykir rjett að leggja nú frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskránni fyrir þetta þing.

Tillögur um fækkun ráðherra eru ekki teknar upp í frv. Þykir hætt við að tillaga um að hafa einn ráðherra mundi enn sem fyr verða frv. að fótakefli, en til þess að hafa tvo ráðherra einungis, virðist eigi þurfa stjórnarskrárbreytingu.

Aðal breytingin, sem frv. felur í sjer, er sú, að reglulegt Alþingi skuli háð annaðhvert ár og fjárhagstímabilið vera 2 ár eins og hjer var til ársloka

1921. Aðal-ástæðurnar fyrir þessari breytingu eru þær, að þinghaldið í heild yrði ekki eins kostnaðarsamt, og nokkrar líkur til að betur yrði vandað til lagasetninga. Í sambandi við þetta þykir óhjákvæmilegt að stinga upp á, að kjörtímabilið verði 6 ár, svo að kosið verði til þriggja reglulegra þinga, eins og áður var. En þá þykir ekki gerlegt, að halda þeirri tilhögun, sem nú er, að kjörtímabil landskjörinna þingmanna sje tvöfalt að tímalengd; það yrði þá 12 ár. Auk þess er ýmislegt annað athugavert við landskjörið, eins og það er nú. Það er kostnaðarsamt að stofna til kosninga um land alt til þess að skipa í ein þrjú þingsæti. Af því að landskjör fer ekki fram samtímis kjördæmakosningum getur svo farið, að þing, sem er nýkosið að öðru leyti, verði ekki skipað meiri hluta í samræmi við síðustu almennar kosningar. Úr þessu er ekki einu sinni unt að bæta með þingrofi, samkvæmt núgildandi stjórnarskrá, þar sem þingrof nær ekki til landskjörinna þingmanna. Úr þessum göllum má bæta með því, að láta landskjörstímabilið vera hið sama sem kjörtímabil annara þingmanna, láta þingrof taka til landskjörinna sem annara þingmanna, og láta landskjör á 6 mönnum ásamt varamönnum jafnan fara fram samtímis hverjum almennum alþingiskosningum. Er í frv. stungið upp á þessari tilhögun.

Um einstakar greinir frv. skal þetta fram tekið.

Um 1. gr.

Þegar reglulegt Alþingi á ekki að koma saman oftar en annaðhvert ár, þykir ástæða til að tryggja það, að aukaþing verði jafnan kvatt saman, ef meiri hluti þingmanna hvorrar deildar óskar þess, og miðar viðauka-ákvæðið að þessu.

Um 2. gr.

Er afleiðing af ákvæði 1. gr.

Um 3. gr.

Hjer eru tölur þingmanna færðar til samræmis við það, sem nú er.

Um 4. gr.

Felt er burtu ákvæðið í 27. gr. núgildandi stjórnarskrár, að þingrof nái ekki til landskjörinna þingmanna, svo og ákvæðið um að helming þeirra skuli kjósa hverju sinni.

Um 5. gr.

Auk þess, sem áður er getið, er hjer stungið upp á, að varamenn verði kosnir eigi einungis við hlutbundnar kosningar um land alt, heldur einnig við hlutbundnar kosningar í Reykjavík, og þetta orðað þannig, að í kosningarlögunum megi ákveða, að fleiri skuli vera tiltækir varamenn, en kosnir eru þingmenn á sama lista, svo að eigi þurfi til endurkosningar að koma þótt t. d. aðalmaður og 1. varamaður á lista, sem hlotið hefir eitt þingsæti, falli frá, ef fleiri hafa verið frambjóðendur á þeim lista en þeir tveir.

Um 6.—8. gr.

Munu eigi þurfa frekari skýringa.

Um 9. og 10. gr.

Eftir núgildandi ákvæðum ætti landskjör á 3 þingmönnum, í stað þeirra er kosningu hlutu 1922 og við aukakosninguna haustið 1926, að fara fram hinn 1. júlí 1930. Um það leyti má búast við að hátíðahöldin vegna 1000 ára afmælis Alþingis standi yfir, og virðist æskilegt að stilla svo til, að kosningar þurfi ekki að fara fram þá um sama leyti, eða jafnvel ekki það sumar. Er því stungið upp á, að almennar kosningar fari fram 1931, og að þá falli niður umboð landskjörinna þingmanna, nema almennar kosningar vegna þingrofs hafi farið fram áður eftir að stjórnarskrárbreytingin öðlast gildi.

3. Frumvarp

til laga um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Enginn má reka tilbúning á vörutegund, sem toll ber af að greiða samkvæmt tolllögum, ef hún er flutt til landsins frá útlöndum, nema hann hafi fengið leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem framleiðslan fer fram. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr. til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs.

2. gr.

Fyrir tollvörutegundir, sem tilbúnar eru hjer á landi, skal greiða gjald í ríkissjóð, er miða skal við aðflutningsgjaldið á hverri tollvörutegund eftir tolllögum þeim, er gilda hverju sinni, þannig:

a. Fyrir tóbaksvindla og vindlinga: hálft aðflutningsgjald.
   Með vindlingum skal greiða gjald af umbúðum þeim, pappír, öskjum eða dósum, sem þeir eru seldir í.
b. Fyrir brjóstsykur og konfekt: þriðjung aðflutningsgjalds.
c. Fyrir kaffibæti, ávaxtasafa og óáfeng vín: tvo þriðju hluta aðflutningsgjalds.
d. Fyrir öl, limonade og aðra samskonar drykki, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, og fyrir sódavatn: hálft aðflutningsgjald.

3. gr.

Vörugerðarmaður skal greiða gjaldið til hlutaðeiganda lögreglustjóra áður en varan er látin burt frá honum, seld eða send til umboðssölu. Nær

þetta ákvæði til allrar þeirrar vöru, sem er látin burt, seld eða send til umboðssölu eftir að lög þessi öðlast gildi.

4. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar verða eftir lögum þessum, er vörugerðarmaður lætur þær af hendi, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og fyrir sektum. Sjeu rjett skil ekki gerð, getur lögreglustjóri selt þær birgðir af tilbúinni gjaldskyldri vöru, sem fyrir finnast, án undangengis lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til gjaldskyldrar vöru eða efni í hana, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

5. gr.

Ráðherra setur reglugerð um vörugerðina, um afhendingu og sölu varanna, um bókhald vörugerðar og eftirlit með því, og um annað það, er þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtuna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, þar á meðal dagsektir.

Í reglugerðinni má heimila lögreglustjóra að veita vörugerðarmanni gjaldfrest, gegn tryggingu er lögreglustjóri telur gilda, þó aldrei lengur en svo, að alt áfallið gjald sje að fullu greitt í lok hvers ársfjórðungs.

Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samviskuvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

6. gr.

Brot gegn fyrirmælum laga þessara, eða gegn reglugerð er sett verður samkvæmt 5. gr. þeirra, varða sektum alt að 500 krónum. Nú verður vörugerðarmaður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um vörugerð sína eða birgðir, eða selt af birgðum í heimildarleysi án þess að gjaldið sje greitt, og varðar það þann, sem brotið hefir, sektum frá 100 til 1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefir reynt að draga undan.

7. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða gegn reglugerð sem sett er samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir allar renna í ríkissjóð.

8. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt þeim reglum, er gilda um opinber reikningsskil.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31, 28. nóv. 1919. Leyfisbrjef til vörugerðar, er gefin hafa verið út samkvæmt þeim lögum, halda gildi sínu.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Athugasemdir við frumvarpið.

Tolllög vor hvíla á þeirri meginreglu, að útvega ríkissjóði tekjur með tiltölulega háum tolli á fremur fáum aðfluttum tegundum munaðarvöru. Þessum tilgangi verður ekki náð til fulls, ef tollurinn verður til þess að koma upp innlendum gjaldfrjálsum iðnaði á tollvörunum, í skjóli tollverndarinnar. Þetta hafa menn sjeð fyrir löngu, og því hafa, síðast í lögum nr. 31, 28. nóv. 1919, verið lögð gjöld á þær innlendu tollvörutegundir, sem þá var vitanlegt að farið var að búa til í landinu, þ. e. tóbaksvindla og vindlinga, brjóstsykur og konfekt. En nú er farið að búa til fleiri tollvörur hjer í landi, svo sem kaffibæti og öl, í skjóli tollverndarinnar. Þykir því ástæða til að setja heildarlög um þetta, er lögleiði gjald á öllum þeim tollvörutegundum, sem heimilt er að búa til í landinu, og sennilegt þykir að geti orðið búnar til hjer. Er þannig frá frv. gengið, að auðvelt er að leggja síðar gjald á fleiri tollvörutegundir, ef þurfa þætti, með viðauka við 2. gr., án þess að breyta þurfi löggjöfinni að öðru leyti.

Hin almennu ákvæði frv. eru sniðin eftir ákvæðum laga nr. 31. 28. nóv. 1919, með þeim breytingum, er samkvæmt reynslunni þykja æskilegar.

Um 1. gr.

Að efni eins og 1. gr. laga 31/1919.

Um 2. gr.

Það getur ávalt orðið álitamál, hve miklum hluta aðflutningsgjaldsins gjaldið á hverri vörutegund skuli nema. Að því er snertir liðina a. og b., þá eru tekin gjaldákvæði laga 31/1919 óbreytt, og ber á það að líta, að efnivörurnar í þessar tollvörur (tóbak og sykur) eru sjálfar tollskyldar, og verður gjaldið að vera þeim mun lægra. Eftir þessum ákvæðum nýtur vindla- og vindlingagerð lítillar tollverndar, en brjóstsykurs- og konfektgerð þó nokkurrar. Þær vörur, sem hjer eru taldar í c. og d. lið, nota ekki tollskyldar efnivörur að neinu ráði, nema hvað vörutollur hvílir á þeim. Að því leyti, sem efnivörurnar kunna að vera verðtollsskyldar, er gengið út frá því að iðnaðarfyrirtækjum þeim, sem verða gjaldskyld eftir frv., verði veitt undanþága frá þeim verðtolli samkvæmt heimild verðtollslaganna. Að öðru leyti þykir ástæða til að hafa gjaldið hlutfallslega hærra á þeim vörum (kaffibæti, saft, óáfengum vínum), sem bera hátt aðflutningsgjald, einkanlega þegar tilbúningur vörunnar útheimtir ekki margbrotin eða kostnaðarsöm tæki nje mikla vinnu.

Um 3. og 4. gr.

Að efni til mjög líkar 3. og 6. gr laga 31/1919.

Um 5. gr.

Í framkvæmdinni hefir gjaldheimtan verið rekin þannig, að lögreglustjóri gerir upp í lok hvers ársfjórðungs, og virðist ekkert athugavert við það,

ef nægileg trygging er sett, og þykir því rjett að heimild sje til að haga gjaldheimtunni þannig. En þá verður ákvæði 4. gr. laga 31/1919, um að eigi megi selja af vörunni fyrir minna en 25 kr. í senn, alveg þýðingarlaust.

Um 6. gr.

Sektirnar eru ákveðnar eins og í 5. gr. laga 31/1919.

Um 7. gr.

Felt er burtu ákvæði 7. gr. laga 31/1919 um að uppljóstrarmaður skuli fá helming sektar, með því að slíkt ákvæði er talið miður viðeigandi í nútíma löggjöf.

Um 8. —10. gr.

Þykja ekki þurfa skýringar.

4. Frumvarp

til laga um iðnaðarnám.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Þegar iðnaðarmenn taka nemendur til þess að kenna þeim iðn sína, eru þeir skyldir að gera skriflegan námssamning. Skal hlutaðeigandi lögreglureglustjóri rita á samninginn vottorð sitt, um að hann sje samkvæmur fyrirmælum laga þessara. Sje brotið á móti þessu ákvæði, er samningurinn ógildur.

Lögreglustjórar skulu, eftir ráðstöfun ráðherra, hafa í höndum eyðublöð til námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr.

Í kaupstöðum mega ekki aðrir taka nemendur til iðnkenslu en meistarar í þeirri iðn, og utan kaupstaða þeir iðnaðarmenn einir, sem hafa iðnbrjef eða rjett til þess að fá það.

Þeim, sem tvisvar hefir rofið námssamning í verulegum atriðum að ófyrirsynju, er óheimilt að taka iðnnema.

3. gr.

Í samningnum skal tekið fram hve langur kenslutíminn skal vera. Skal atvinnumálaráðherra gefa út reglugerð, er ákveði kenslutímabilið í hverri iðn fyrir sig að fengnum tillögum hlutaðeigandi meistarafjelags og sveinafjelags, ef slík fjelög eru til í landinu.

Nú eru þessi fjelög ekki til og skal þá stjórn Iðnaðarmannafjelags

Reykjavíkur kalla þá meistara og sveina í iðninni, sem hægt er að ná til með tveggja mánaða fyrirvara, á fund, til þess að gera tillögur um málið. Þeir, sem fjarri búa geta sent tillögur sínar skriflega.

4. gr.

Það skal greinilega tekið fram í námssamningnum hvort sá, sem annan tekur til kenslu, skuli láta honum í tje húsnæði, fæði, klæði, þjónustu og annan aðbúnað eða kaup, meðan á námstímanum stendur, svo og hvernig kaupgreiðsla skuli fara fram, sje hún ákveðin.

5. gr.

Þrjá fyrstu mánuðina af kenslutímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða. Að þeim tíma liðnum hafa bæði lærimeistari og nemandi, sje hann þá orðinn 16 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamaður fyrir hans hönd, rjett til að heimta að samningnum sje slitið, án þess að tilgreina nokkra ástæðu. Þegar svo er, á hvörugur heimtingu á skaðabótum frá hinum.

6. gr.

Nú tekur maður iðnnema sem áður hefir stundað nám í sömu iðn hjá öðrum, en orðið að slíta námssamningi, án þess að hann hafi átt sök á, og skal þá sá tími, er hann var við nám hjá hinum fyrri, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari.

7. gr.

Nemandi skal sýna lærimeistara sínum trúmensku og hlýðni við öll þau verk, er snerta iðn þá, sem hann er að nema. Hann skal fylgja lærimeistaranum að vinnu hans eftir því, sem vinnukraftar hans og kunnátta leyfa.

8. gr.

Vinnutími iðnnema má ekki fara fram úr 60 stundum á viku þar með taldar 6 kenslustundir í teikningu eða bóklegum greinum.

Frá kl. 6 að kvöldi til kl. 6 að morgni má ekki fá iðnnemum, sem ekki hafa verið full tvö ár við nám, neina aðra vinnu en kenslustundir.

Eigi má taka nemanda til náms, sem er yngri en 15 ára.

9. gr.

Á sunnudögum og helgidögum þjóðkirkjunnar má ekki fá nemendum neina vinnu.

Tiltekið skal í námssamningi hvernig sumarleyfi skuli vera háttað.

10. gr.

Lærimeistari má ekki fá nemanda neina vinnu, sem honum er um megn eða sem skaðleg er fyrir heilsu hans. Hann skal vaka yfir siðferði hans og hegðun. Hann skal kenna honum iðnina svo vel sem unt er, sjá um, að nemandinn að afloknu námi hafi náð leikni í að nota öll verkfæri, sem að iðninni lúta, og að hann kunni öll verk, sem fyrir geta komið í iðninni, svo vel,

að hann geti talist fullkominn sveinn. Þá er lærimeistari skyldur að láta nemandann ganga í iðnskóla, sje slíkur skóli til á staðnum, en ella sjá honum fyrir kenslu í öllum þeim greinum, sem iðninni eru nauðsynlegar. Allan kostnað af slíkri kenslu skal lærimeistari greiða.

Geti lærimeistari ekki uppfylt þessi skilyrði, er honum óheimilt að taka nemendur.

11. gr.

Námstímanum skal þannig varið, að nemandi læri iðn sína svo fljótt sem unt er.

Þegar kenslutíminn er á enda skal nemandi hjálparlaust leysa af hendi prófsmíð, eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni að hann sje fullnuma í iðn sinni Ef lærisveini hefir verið kend iðnteikning í iðnskóla, skal nemandi fyrst gera teikning að prófsmíðinni.

Prófdómendurnir ákveða í samráði við lærimeistara, hver prófsmíðin skuli vera. Nú taka prófdómendur teikninguna eigi gilda og getur nemandi þá ekki fengið að leysa af hendi prófsmíði. Sá sem fellur á slíku prófi, getur ekki fengið að ganga undir próf aftur fyr en að 3 mánuðum liðnum. Standist nemandi prófið, á hann heimtingu á prófskírteini er sje undirskrifað af lærimeistara hans og prófdómendum, og heitir það prófskírteini sveinsbrjef.

Standist nemandi eigi prófið fyrir þá sök, að lærimeistari hefir ekki látið sjer nægilega ant um kensluna, á nemandi kröfu til skaðabóta, sem fari eftir áliti gerðardóms.

Þrír samiðnaðarmenn skulu vera prófdómendur, tilnefndir af lögreglustjóra á þeim stað er prófið er tekið. Nánari ákvæði um prófið og umsjón með því setur ráðherra í reglugerð.

12. gr.

Um framfærsluskyldu lærimeistara gagnvart nemanda fer eftir ákvæðum fátækralaga.

13. gr.

Nú hefir nemandi að ástæðulausu yfirgefið nám sitt, og má þá með aðstoð lögreglustjóra flytja hann aftur til lærimeistarans, ef hann beiðist þess af lögreglustjóra áður en 2 vikur eru liðnar. Vilji nemandinn, eða foreldrar hans eða fjárráðamaður fyrir hans hönd, höfða mál til þess að fá samningnum slitið eða leggja það í gerð, skal það gert innan sömu 2 vikna. Sje mál höfðað eða í gerð lagt áður en frestur þessi er liðinn, má lögreglustjóri ekki flytja nemanda aftur til meistarans fyr en dómur er fallinn eða úrskurður feldur af gerðardómi, enda hafi úrslitin verið meistara í vil.

14. gr.

Námssamningur verður ógildur:

1. Þá er lærimeistari deyr;
2. Þá er nemandi hefir hlaupið brott frá náminu og lærimeistari hefir ekki

gert þær ráðstafanir til þess að fá hann aftur til námsins, sem tilteknar eru eru í 13. gr., innan þess tíma, sem þar er ákveðinn.

15. gr.

Lærimeistari getur slitið námssamningnum:

1. Fyrir sjúkleika sakir nemanda samkvæmt því, er segir í fátækralögum.
2. Ef nemandi gerir sig sekan í verulegu broti á skyldum þeim, sem á honum hvíla samkvæmt námssamningnum.
3. Ef nemandi er dæmdur sekur um brot, sem er svívirðilegt að almenningsáliti.

16. gr.

Nemandi, foreldrar hans eða fjárráðamaður fyrir hans hönd getur slitið námssamningnum:

1. Ef lærimeistari misþyrmir nemanda eða gerir sig sekan í öðru verulegu broti á skyldum, sem á honum hvíla samkvæmt námssamningnum.
2. Ef lærimeistari skiftir um bústað eða vinnustað, þannig, að breytingin hefir það í för með sjer, að nemandi þarf að fara óhæfilega langan veg til vinnu sinnar.
3. Ef lærimeistari er burtu frá atvinnu sinni fulla 2 mánuði, nema vinnan fari fram undir umsjón annars manns í hans stað, er fullnuma sje í iðninni.
4. Ef nemandi sakir sjúkdóms eða annara orsaka vegna verður óhæfur til þess að geta unnið iðn þá, sem um var samið og hann þá var hæfur til, eða ef það að áliti læknis er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að halda áfram að nema iðnina.
5. Ef námsstúlka giftist.

17. gr.

Nú hættir lærimeistari að reka iðn sína, sökum þess, að hann verður gjaldþrota eða annara orsaka vegna, eða hann er með dómi sekur orðinn um afbrot, sem svívirðilegt er að almennings áliti, og getur nemandi þá krafist skaðabóta, er fari eftir áliti gerðardóms.

18. gr.

Auk þess er segir í 15.—17. gr. er báðum aðiljum heimilt að slíta námssamningi, ef þeir koma sjer saman um það.

19. gr.

Fyr en námssamningi er löglega slitið, má enginn taka nemanda annars manns til kenslu eða nota aðstoð hans í sömu iðn.

20. gr.

Nú verður ágreiningur milli nemanda og lærimeistara um þau atriði er um ræðir í 11. gr., 15. gr. 2. lið, 16. gr. 1., 2. og 4. lið, og 17. gr. laga þessara og skulu þau mál koma í gerð nema málsaðiljar komi sjer saman um annað. Í gerðardómi skulu sitja lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi þar sem ágrein-

ingurinn rís og er hann oddviti og 2 menn aðrir og tilnefna málsaðiljar sinn hvor.

Nú vill einhver beiðast gerðar og skal hann þá snúa sjer til oddvita og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðilja til að sækja þann fund, ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja fullnaðarúrskurð á málið og ræður afl atkvæða úrslitum. Báðir málsaðiljar eru algerlega bundnir við þann úrskurð.

Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftar en þrisvar sinnum og ekki lengur en 8 daga í hvert sinn, enda hafi einhver gerðarmanna tjáð honum lögleg forföll, eða oddvita þykir nauðsyn til bera til þess að rjettur úrskurður verði á lagður.

Nú sækir annarhvor gerðarmanna ekki fund og hefir ekki tjáð lögleg forföll og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið. Með gerðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón beið, skaðabætur.

21. gr.

Lærimeistari sem brýtur gegn reglunum í 1., 2., 8.—10. og 19. gr. skal sæta sektum alt að 1000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

Nú brýtur nemandi verulega gegn skyldum þeim, er á honum hvíla samkvæmt 7. gr., eða hverfur ástæðulaust frá náminu, og skal hann þá, eða foreldrar hans eða fjárráðamaður, greiða lærimeistara skaðabætur samkvæmt úrskurði gerðardóms.

22. gr.

Mál út af brotum gegn ákvæðunum í 1., 2. og 19. gr. eru almenn lögreglumál. Mál milli lærimeistara og nemanda, er snerta námið, eru einkalögreglumál.

23. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 15, 16. sept. 1893 um iðnaðarnám að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi feld.

24. gr.

Lög þessi ná að eins til þeirra námssamninga, sem gerðir eru eftir að þau hafa öðlast gildi.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1928.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrir þetta þing verður lagt frv. til laga um iðnað og iðju. Það frv. gerir nokkrar breytingar á reglum þeim um iðnað, sem hingað til hefir verið fylgt, t. d. um það hverjum sje heimilt að taka iðnnema. Þessar breytingar valda því, að nauðsynlegt er að taka jafnframt til endurskoðunar lög nr. 15,

16. sept. 1893, um iðnaðarnám, enda eru þau að ýmsu leyti úrelt orðin, sem ekki er undarlegt, þar sem þau hafa nú staðið í 33 ár og stórfeldar breytingar hafa orðið á þeim tíma, sjerstaklega vegna vaxtar bæjanna, sem veldur því meðal annars, að iðnaðarmannastjettin sker sig miklu meir úr en áður og greinir hennar miklu fleiri en áður.

Frv. þetta er að miklu leyti sniðið eftir áðurnefndum lögum frá 1893, en um hinar einstöku gr. frv. þykir hlýða að taka þetta fram.

Um 1. gr.

Þessi gr. er áþekk 1. gr. laganna frá 1893, en þó er ekki ætlast til, að þessi lög nái til verslunarmanna, því að um námsskeið þeirra gilda lög nr. 45, 30. júlí 1909. Ekki er heldur ætlast til, að lögin nái til annara en iðnaðarmanna og 18 ára aldurstakmarkið er felt burtu, enda á það ekki lengur við.

Um. 2. gr.

Þessi gr. er breytt þannig frá lögunum 1893, að hún verður í samræmi við ákvæði frv. um iðju og iðnað, sbr. inngangsorðin að aths. þessum.

Um 3. gr.

Þessi grein er talsvert aukin og gengið út frá, að reglum þeim, sem gr. ræðir um verði hagað þannig, að ákveðinn verði lágmarks- og hámarksnámstími, til þess að hæfileikar og dugnaður nemenda geti notið sín.

Um 4. gr.

Er svo að segja samhljóða 4. gr. laganna frá 1893.

Um 5. gr.

Er að mestu samhljóða 5. gr. sömu laga sbr. 16. gr. laga nr. 60, 14. nóv. 1917 i. f., nema niðurlagsorðin feld burtu, enda gætu þau gert ákvæði gr. þýðingarlaus.

Um 6. gr.

Þessi gr. er ný, en virðist sjálfsögð.

Um. 7. gr.

Hún svarar til 6. gr. laganna frá 1893 en er breytt lítið eitt í þá átt að takmarka skyldur nemenda.

Um 8. gr.

Svarar til 7. gr. sömu laga, en nokkrar breytingar gerðar í hag nemendum og til þess að tryggja, að þeir fái tíma til náms í teikningu og bóklegum greinum.

Um 9. gr.

Er svipuð 8. gr. sömu laga, en þær breytingar, sem eru gerðar eru nemendum í hag.

Um 10. gr.

Þessi gr. er sniðin eftir 9. gr. sömu laga þó að breytingar sjeu talsverðar. Má sjerstaklega benda á, að kensluskyldan og kostnaður af henni er undantekningarlaust lögð á lærimeistara. Auk þess eru feld burtu ákvæðin um húsaga yfir nemendum og upphaf gr., með því að hvorugt virðist eiga lengur við.

Um 11. gr.

Um hana vísast til 10. gr. laganna nr. 15/1893 en greinin er hjer gerð nokkru fyllri, sjerstaklega að því leyti, að próf er heimtað í teikningu, ef nemandi hefir lært þá fræðigrein í iðnskóla.

Um 12. gr.

Í stað ákvæðanna í 11. gr. oftnefndra laga, er að eins tekin upp tilvísun til fátækralaganna um framfærsluskyldu lærimeistara gagnvart nemanda, enda eru þessar gr. laganna nr. 15/1893 feldar úr gildi með fátækralögum nr. 44/1905 og ákvæði þeirra laga hjer að lútandi aftur tekin upp í frv. það til fátækralaga, sem nú liggur fyrir þinginu.

Um 13. gr.

Svarar til 13. gr. laganna frá 1893 og er engin eiginleg efnisbreyting gerð, gr. aðeins gerð nokkru fyllri.

Um 14. gr.

Svarar til 14. gr. sömu laga, en 2. og 3. liður hennar feldur burt, þar sem ákvæði þeirra felast í skilyrði fyrir að vera meistari eftir frv. um iðnað og iðju, en meistarar einir mega hafa nemendur.

Um 15. gr.

Að innihaldi alveg eins og 15. gr. laganna 1893.

Um 16. gr.

Svarar til 16. gr. laganna frá 1893, en síðasta riftingarástæða þeirrar gr. er feld burtu.

Um 17. gr.

Þessi gr. er ný og virðist sjálfsögð rjettarbót fyrir nemendur.

Um 18. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 19. gr.

Samhljóða 12. gr. laganna frá 1893.

Um 20. gr.

Svarar til 18. gr. sömu laga og að eins lítilfjörlegar efnisbreytingar og orðabreytingar gerðar.

Um 21. gr.

Svarar til 19. gr. sömu laga og þær einar efnisbreytingar á gerðar, sem ekki þarfnast skýringa.

Um 22.—25. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

5. Frumvarp

til laga um iðnað og iðju.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

I. kafli.

Um iðju.

1. gr.

Iðja merkir í lögum þessum allan annan iðnað en handiðn, hvaða efni eða orka, vjelar eða önnur tæki sem notuð eru og hvaða vörur eða efni sem framleidd eru. Ekki ná þó lög þessi til iðju að því leyti sem fyrirmæli laga um vatnsorkusjerleyfi láta um mælt.

2. gr.

Enginn má reka nokkurskonar iðju á Íslandi eða í íslenskri landhelgi nema hann hafi til þess fengið leyfi lögum þessum samkvæmt.

3. gr.

Hver maður, karl sem kona, getur fengið iðjuleyfi ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi þegar leyfi er veitt og hefir verið það síðasta árið.
2. Er fjárráður.
3. Hefir forræði í búi sínu. Ekki má veita þeim iðjuleyfi sem tvisvar hefir orðið gjaldþrota, nema komist hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur hans milli hans og lánardrotna hans.
4. Hefir ekki verið dæmdur sekur um verk, sem eru svívirðileg að almenningsáliti. Ekki má veita manni iðjuleyfi, ef ráðin hefir verið höfðun opin-

bers máls á hendur honum fyrir slíkt brot, fyr en hann hefir verið sýknaður með dómi.

5. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru eða sett kunna að verða lögum samkvæmt, til þess að mega reka iðju.

Iðjuleyfi má ekki veita embættis- eða sýslunarmönnum, nje maka þeirra, ef hjónin búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að iðjureksturinn megi samrýma stöðu þeirra.

4. gr.

Nú vill fjelag eða stofnun reka hjer iðju, og skal þá svo með fara:

1. Ef nokkrir fjelagar eða allir bera ábyrgð á skuldbindingum fjelags, þá skulu þeir allir sem fulla ábyrgð bera, vera þeim kostum búnir, sem í 3. gr. segir.
2. Ef enginn fjelaga ber fulla ábyrgð á skuldum fjelags, þá skal það eiga heimilisfang og varnarþing á landi hjer, enda fullnægi framkvæmdarstjórar, stjórnendur fjelags og fulltrúar skilyrðum 3. gr. Ef fjelag er hlutafjelag, þá skal enn fremur meira en helmingur hlutafjárins vera eign manna búsettra á Íslandi, enda sje ekkert það í samþyktum fjelags, er brjóti í bága við íslensk lög. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðunum um heimilisfang stjórnenda eða fulltrúa og hlutafjáreign, enda standi sjerstaklega á.

5. gr.

Iðjuleyfi glatast, ef leyfishafi missir einhver þeirra skilyrða, sem í 3. gr 1—3. tölulið, eða í 1. málslið 4. töluliðs segir, eða þeirra skilyrða, sem annars eru sett eða kunna að verða sett til að halda rjettinum (5. tölul. 3. gr.).

Nú missir stjórnandi, fulltrúi eða framkvæmdarstjóri fjelags skilyrða þeirra, er í 4. gr. 2. segir eða fjelag eða stofnun missir íslensks heimilisfangs eða hlutafje verður eign erlendis búsettra manna framar en lögmætt er, og skal aðili þá hafa komið málinu í löglegt horf innan 3ja mánaða frá því er breyting varð. Hafi ella fyrirgert leyfi sínu. Ráðherra getur þó lengt frestinn um 3 mánuði, ef sjerstaklega stendur á.

6. gr.

Iðjuleyfi er bundið við nafn. Iðjuleyfi fjelags, þar sem einn eða fleiri fjelaga bera fulla ábyrgð, skal hljóða á nafn þeirra allra. Annars kostar hljóðar það á nafn fjelags. Nú fer fjelagi, sem fulla ábyrgð ber, úr fjelagi eða slíkur nýr fjelagi bætist við, og þarf fjelag þó ekki að leysa nýtt leyfi meðan einn fjelaga er eftir þeirra, er leyfi hljóðaði á nafn hans í öndverðu.

Enginn má framselja iðjuleyfi nje leyfa öðrum að reka iðju í skjóli síns leyfis.

Rjett er ekkju að halda áfram iðju látins manns síns án nýs leyfis, enda fullnægi hún lögmæltum skilyrðum.

Bú aðilja, er iðjuleyfi hafði, má og reka iðjuna að því leyti sem sá

rekstur er þáttur í skiftameðferð þess. Erfingi 16 ára eða eldri má og reka iðju arfleiðanda án nýs leyfis, þar til er hann er fjárráður.

7. gr.

Lögreglustjóri, þar sem beiðandi á lögheimili, veitir iðjuleyfi. Þó ákveður ráðherra um veitingu iðjuleyfis, ef:

1. Iðjan er líkleg til að baka einstökum mönnum, hjeraði eða ríkinu tjón eða óhagræði að ráði, þar á meðal aukin sveitaþyngsli.
2. Iðjan telst sjerstaklega hættuleg mönnum sem hana stunda.
3. Iðjan er annars svo vaxin, að hættulegt er eða varhugavert að leyfa hana.

8. gr.

Nú hefir lögreglustjóri veitt iðjuleyfi, en ráðherra telur sig hafa átt að úrskurða málið, og getur hann þá ónýtt leyfi lögreglustjóra að öllu leyti eða leyft iðjurekstur gegn því, að iðjuhöldur fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur að viðlögðum leyfismissi, alt án þess að aðili eigi kröfu til bóta á hendur ríkinu fyrir leyfismissi eða tap, er honum hlýst af ákvörðunum ráðherra.

9. gr.

Nú verður svo vaxin breyting á iðju eða svo löguð breyting er fyrirhuguð á henni, að málið hefði borið undir úrskurð ráðherra, ef svo hefði verið ástatt í öndverðu, og má iðjuhöldur þá ekki halda áfram iðjurekstri þeim eða gjöra breytingu, nema ráðherra leyfi. Fer um málið samkvæmt 8. gr. svo sem við á.

Skylt er iðjuhöld að veita lögreglustjóra og ráðherra allar upplýsingar um þau atriði, er varða skilyrði til að halda atvinnuheimild eða fullnægju settra skilyrða, svo og að veita aðgang að bókum atvinnunnar í sama skyni En skylt er að leyna alla óviðkomandi menn því, er rannsóknarmaður kemst að um hagi aðilja fyrir rannsókn sína eða upplýsingar hans.

10. gr.

Ef nauðsyn þykir, getur ráðherra sett þau skilyrði fyrir leyfi til iðjureksturs í öndverðu eða framhaldi hans, að iðjuhöldur:

1. Sjái verkamönnum sínum fyrir sæmilegum húsakynnum, hjúkrun í veikindum, hæfilegu bókasafni og lesstofu.
2. Geri þær heilbrigðisráðstafanir er nauðsynlegar þykja.
3. Kosti aukna löggæslu, er leiða kann af atvinnurekstrinum.
4. Kosti viðhaldsauka á vegum og öðrum almenningstækjum, sem atvinna hans veldur.
5. Sjái um eða setji tryggingu fyrir umsjá erlendra verkamanna, sem verða í þjónustu hans, og þeirra sem þeim verkamönnum er eða verður skylt að framfæra hjer á landi.
6. Þoli almenningsafnot af vegum, höfnum og öðrum mannvirkjum og samgöngutækjum, er iðjuhöldur kann að gera, að svo miklu leyti sem það

má vera án verulegs baga fyrir hann, enda úrskurði ráðherra ef ágreiningur verður.

7. Sæti öðrum þeim skilyrðum, er ráðherra telur þurfa að setja.

11. gr.

Greina skal í iðjuleyfi, hvers konar iðju heimilt sje að reka samkvæmt því og hvar hana megi reka. Ekki veitir leyfi heimild til að reka iðju annarar tegundar en þá, sem nefnd er í leyfi, ásamt því, er venju samkv. eða eðli málsins heyrir þeirri iðju til.

Veita má sama aðilja leyfi til að reka fleiri en eins konar iðju, og leyfi til að reka iðju á fleiri en einum stað (kaupstað, þinghá).

12. gr.

Nú er iðjuleyfi synjað eða ágreiningur verður um það, hvort aðilji hafi fyrirgert iðjuheimild sinni, og er honum þá rjett að bera málið undir dómstóla, enda skal stefna lögreglustjóra, ef hann hefir úrskurðað málið, en ráðherra ella. Skal mál það höfða fyrir gestarjetti á heimilisvarnarþingi varnaraðilja.

II. kafli.

Um iðnað.

13. gr.

Í kaupstöðum landsins mega þeir einir reka iðnað (sbr. 1. gr.), sem iðnbrjef hafa fengið. Iðnbrjef þurfa þó ekki:

1. Þeir. sem iðnað reka einungis með aðstoð maka síns og barna nndir 16 ára aldri.
2. Hegningarhús, spítalar, skólar og þess konar stofnanir, enda vinni fangarnir, sjúklingarnir, nemendurnir o. s. frv. að iðninni.

14. gr.

Hver maður, karl sem kona, á rjett á að fá iðnbrjef, ef hann:

1. Hefir sveinsbrjef í iðn sinni.
2. Fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í 1—5. tölul. 3. gr.

Nú vill fjelag reka iðnað í kaupstað eða kaupstöðum, og skal þá svo með fara sem í 1. tölul. 4. gr. segir, ef nokkrir fjelagar eða allir ábyrgjast að fullu skuldbindingar fjelags, en annars kostar skal fara eftir 2. tölul. sömu greinar, að undanskildu skilyrðinu um hlutafjáreign. Undanþáguheimild síðustu málsgreinar 4. gr. tekur og hjer til eftir því sem við á.

15. gr.

Fyrirmæli 6. gr. skulu og, að breyttu breytanda, taka til iðnaðar, að því viðbættu, að hafa skal ekkja og ófjárráður maður forstöðumann, er sveinsbrjef hafi í iðninni.

16. gr.

Geta skal þess í iðnbrjefi, hvers konar iðnpróf aðili hafi leyst af hendi. Iðnbrjef veitir aðilja heimild til að reka þá iðn, sem sveinsbrjef hans greinir, hvar sem er á landi hjer, hvort sem það er frá fastri atvinnustöð eða ekki, svo og rjett til að ráða sjer aðstoðarmenn eftir þörfum.

Rjett er að veita sama aðilja iðnbrjef til að stunda iðn fleiri en eina, ef hann fullnægir skilyrðum um hverja einstaka þeirra.

17. gr.

Meistarabrjef geta þeir einir fengið, sem:

1. Eru þeim kostum búnir, er í 14. gr. segir, og
2. Hafa unnið að minsta kosti 3 ár hjá meistara (sbr. 3. málsgr. þessarar gr.) að afloknu sveinsprófi.

Meistarabrjef veitir samsvarandi rjett sem iðnbrjef.

Í kaupstöðum er meisturum einum heimilt að taka nemendur til verklegs náms í iðn sinni.

Þeir, sem hafa að afloknu námi rekið sjálfstætt iðn sína 3 ár eða lengur, geta fengið meistarabrjef næstu 3 árin eftir að lögin öðlast gildi.

18. gr.

Í kaupstöðum má enginn veita byggingavinnu forstöðu, hvort sem er við hús, skip, bryggjur eða annað, nema hann hafi iðnbrjef eða meistarabrjef í þeirri iðn. Ef aðrir taka að sjer framkvæmd verka þessara, þá skulu þeir hafa á vinnustöðinni fyrir sína hönd mann, sem fullnægir þessum skilyrðum.

19. gr.

Sá hefir fyrirgert rjetti sínum samkvæmt iðnbrjefi eða meistarabrjefi, sem:

1. Missir einhvers þeirra skilyrða, er í 1—3. tölul. og 1. málsl. 4. tölul. 3. gr. segir.
2. Missir þeirra annara skilyrða (sbr. 5. tölul. 3. gr.) er sett eru annars eða sett kunna að verða til þess að halda rjettinum.

Ef fjelag á hlut að máli, þá skal svo með fara sem í 2. málsgr. 5. gr. segir.

20. gr.

Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi iðnbrjef og meistarabrjef.

Nú synjar lögreglustjóri um iðnbrjef eða meistarabrjef eða ágreiningur verður um það, hvort aðilji hafi mist rjett sinn, og er aðilja þá rjett að bera málið undir ráðherra. Enn fremur getur hann leitað úrlausnar dómstóla um það mál, enda skal þá stefna lögreglustjóra fyrir gestarjett á varnarþingi hans.

III. kafli.

Almenn ákvæði.

21. gr.

Halda skal skrá yfir öll leyfi, sem veitt eru lögum þessum samkvæmt. Ráðherra setur fyrirmæli um þessi efni.

22. gr.

Óskert skal atvinnuheimild þegna annara ríkja hjer í landi, að því leyti sem þeir kunna að eiga rýmri atvinnurjett hjer samkvæmt samningum en lög þessi greina.

23. gr.

Gjalda skal ríkissjóði fyrir:
Iðjuleyfi kr. 500,00.
Iðnbrjef kr. 50,00.
Meistarabrjef kr. 100,00.

Ráðherra er heimilt að færa gjaldið niður eða jafnvel að fella það niður að öllu, ef sjerstök þörf þykir á þeim atvinnurekstri, sönnuð er fátækt aðilja, en jafnframt nauðsyn hans á því að koma upp atvinnunni til framfæris sjer og sínum o. s. frv.

24. gr.

Það varðar sektum frá 100—5000 kr. ef maður byrjar á iðju án leyfis eða heldur áfram iðju án þess að fullnægja settum skilyrðum eða eftir að hann hefir mist lögmælt skilyrði, eða leyfir öðrum að reka iðju í skjóli iðjuleyfis síns.

Það varðar sektum alt að kr. 500, ef maður:

1. Rekur iðnað sem iðnbrjef þarf til, án þess að hafa fengið það eða eftir að hann hefir mist heimildina.
2. Leyfir öðrum að reka iðn í skjóli iðnbrjefs síns.
3. Tekur að sjer verk er í 18. gr. segir, án þess að fullnægja skilyrðum þeirrar greinar.
4. Tekur nemendur til verklegs náms, enda þótt hann eigi ekki rjett til þess, eða tekur nemendur til náms í annari iðn en þeirri, sem hann er meistari í eða hefir rjettindi meistara.

25. gr.

Sektir samkvæmt 24. gr. renna í ríkissjóð. Dæma skal aðilja til að greiða gjald það fyrir leyfi, er honum hefði borið að gjalda, ef hann hefir rekið iðn eða iðnað ranglega leyfislaust.

Mál vegna brota þeirra, er í 24. gr. getur, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1928.

Þeir er þá reka iðju með heimild samkvæmt eldri lögum, halda henni. Þó er þeim óheimilt að reka eftir þann tíma iðju fleiri tegunda, en þeir hafa áður rekið.

Þeir er 1. janúar 1928 reka iðn samkv. eldri lögum, eða hafa nemendur, halda þeim rjetti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á Alþingi hefir því nokkrum sinnum verið hreyft, að nauðsyn bæri til að setja fyllri atvinnulöggjöf hjer á landi, en þá var. Á síðustu árum hefir talsvert verið bætt úr þessu, sjerstaklega með lögum nr. 52, 27. júní 1925, um verslunaratvinnu og lögum nr. 21, 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl. Þeir kaflar atvinnulöggjafarinnar, sem sjerstaklega virðist þörf á, eru um iðnað og iðju og rjett útlendinga til þess að leita hjer atvinnu.

Það frv. sem hjer liggur fyrir er um iðnað og iðju. Á Alþingi 1922 var lagt fram frv. til atvinnulaga, sem ekki náði samþykki. Þriðji kafli þess frv. var um iðju og er I. kafli þessa frv. að ýmsu sniðinn eftir honum, en talsvert aukinn og nokkuð breyttur. Um iðnað hefir verið lítið af lagafyrirmælum í íslenskri löggjöf, og er það ekki undarlegt þegar tekið er tillit til fámennisins hjer á landi og þess, að greinileg verkaskifting í þjóðfjelaginu er tiltölulega ný. En nú er svo komið í kaupstöðum landsins, að þörf virðist á nýjum ákvæðum um iðnað (handiðn) bæði til tryggingar þeim, sem slík verk kaupa og iðnaðarmönnunum sjálfum, enda er Iðnaðarmannafjelagið í Reykjavík mjög hvetjandi löggjafar um þetta. Eins og nú er ástatt þykir þó ekki rjett að láta löggjöf þessa ná í öllum atriðum nema til kaupstaðanna, því að til sveita og í kauptúnum er þess ekki að vænta, að þeirri verkaskiftingu verði við komið, sem er eðlileg eða jafnvel sjálfsögð, á þeim stöðum er mikill fjöldi manna býr.

Um hinar einstöku greinar frv. er það tekið fram, sem hjer segir:

Um 1. gr.

Í þessari gr. er handiðnaður nefndur iðnaður, en allur annar iðnaður er nefndur iðja. Þetta er í samræmi við vatnalög nr. 15, 20. júní 1923, 1. gr. og með því að frekari skýringar hefir ekki þótt þörf þar, er ekki ástæða til að ætla, að þess þurfi hjer. Málvenjan mun þar skera best úr, enda mundi mjög erfitt, ef ekki ómögulegt að gefa tæmandi skýringu á þessum hugtökum í lögum. Sjálfsagt getur það komið fyrir, að efasamt sje, hvort um iðju er að ræða eða iðnað, en þá verða yfirvöld eða dómstólar að skera úr, eins og venja er til þegar ágreiningur rís.

Um 2—7. gr.

Þessar gr. eru að formi mjög svipaðar 2—7. gr. verslunarlaganna nr. 52, 1925 og innihald þeirra svipað, að breyttu breytanda. Þó er rjett að geta þess, að í 3. gr. hefir ekki þótt rjett að setja neitt þekkingarskilyrði, því að iðja er svo margs konar og svo margháttuð, að sameiginleg regla mun trauðla verða sett. Þar sem nauðsyn þykir til getur ráðherra bundið leyfi skilyrðum í þessa átt samkvæmt 10. gr.

Samkvæmt 7. gr. er það aðalreglan, að lögreglustjóri gefi út iðjuleyfi, en undir sumum kringumstæðum hefir þótt ástæða til þess að láta ráðherra ákveða um þetta, þar sem um getur verið að ræða stórfeld fyrirtæki, er almenning varðar miklu.

Um 8. gr.

Hún stendur í nánu sambandi við 7. gr. og er í raun rjettri til þess að fyrirmæli hennar verði ekki þýðingarlaus.

Um 9. gr.

Fyrirmæli fyrri málsgr. virðast sjálfsögð, en 2. málsgr. svarar til 15. gr. laganna um atvinnu við verslun.

Um 10. gr.

Í þessa gr. eru tekin ýms ákvæði, sem svipuð eru ákvæðum 9. og 10. gr. laga nr. 46, 27. júní 1925, um vatnsorkusjerleyfi, og virðist hún því ekki þurfa frekari skýringa.

Um 11—12. gr.

Virðast ekki þurfa skýringa.

Um 13. gr.

Með orðinu »kaupstaðir« er að eins átt við þá staði, sem hafa kaupstaðarrjettindi. Kauptún falla því ekki hjer undir og er vikið að ástæðunum fyrir því í inngangínum að athugasemdum þessum.

Um 14. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 15. gr.

Þegar ekkja eða ófjárráður erfingi rekur iðnað, sem ekki er hægt að gera ráð fyrir, að hlutaðeigandi þekki til hlýtar, sýnist ekki verða hjá því komist að krefjast þess, að maður, sem sveinspróf hefir í iðnaðinum veiti fyrirtækinu forstöðu.

Um 16. gr.

Það þykir sjálfsagt að láta iðnbrjef veita rjett til atvinnu hvar sem er á landinu, gagnstætt því sem er um verslunarleyfi, enda er það í samræmi

við það, sem nú er. Iðnbrjef í fleiri iðngreinum en einni á sami maður einnig að geta fengið, ef hann fullnægir settum skilyrðum.

Um 17. gr.

Munur á aðstöðu iðnrekenda alment og meistara er ekki annar eftir frv. en sá, að maður skal, áður en hann fær meistarabrjef, hafa unnið 3 ár hjá meistara, og að hann hefir heimild til þess að taka nemendur í grein sinni til verklegs náms. Það þykir nauðsynlegt að setja ákvæði til bráðabirgða um þá menn, er notið hafa rjettinda meistara eftir eldri venjum. Þeir, er sjálfstætt hafa rekið iðn sína 3 ár eða lengur, og þeir, er unnið hafa sama tíma að afloknu námi hjá manni með meistararjettindum, virðast eiga sanngirniskröfu til meistarabrjefs.

Um 18. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru bundin við kaupstaðina, því að enn sem komið er mun tæplega fært að innleiða þessa reglu um alt land.

Um 19.—20. gr.

Sýnast ekki gefa tilefni til athugasemda.

Um III. kafla (21.—26. gr.).

Það þykir rjett að fela ráðherra að setja reglur um skrár þær, er ræðir um í 21. gr. Er þar um tvent að velja, annaðhvort að ein skrá sje haldin, og þá í stjórnarráðinu, eða að hver lögreglustjóri haldi skrá fyrir sitt umdæmi. Þetta atriði er varla svo mikilsvert, að ástæða sje til að setja það í lögin.

Það er jafnan álitamál hvaða gjöld eru hæfileg, enda er gengið út frá því að ráðh. sje heimilt að lækka þau eða gefa þau eftir með öllu.

Að öðru leyti þykir þessi kafli ekki gefa ástæðu til athugasemda.

6. Frumvarp

til fátækralaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

I. kafli.

Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Sveitarstyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, van-

heilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sjer þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Sveitarstyrkur skal vera svo mikill, sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar og honum haga svo, sem hún telur rjett vera, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir. Sveitarstyrk skal endurgjalda eftir því, sem ákveðið er í lögum þessum, af þurfaling sjálfum eða framfærslumanni (2.—19. gr.).

Sá er sveitarstyrk þiggur, er háður valdi sveitarstjórnar svo sem lög þessi mæla fyrir um.

2. gr

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í fjelagi og hvoru fyrir sig að framfæra og uppala börn sín þangað til þau eru 16 ára.

4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til fullnaðs 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, enda fylgi þau henni (27. og 28. gr.), og helst sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það sem og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefir og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giftist honum, með annari konu. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafist framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

6. gr.

Börn skulu svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega eigi foreldrar verða sveitarþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

7. gr.

Framfærslumaður á rjett á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef

hann fer vel með þá, nema sveitarnefndinni í dvalarsveit þeirra þyki það eigi ráðlegt, af því að sjerstaklega stendur á. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rjett og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sjer, eða ráða verustað þess.

Vilji framfærslumaður eigi una ákvæði sveitarnefndar, er honum rjett að fá um það úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta.

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín, og hver gjalda meðlag, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

8. gr.

Um rjettindi og skyldur sveitarstjórna útaf framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sifjalögum, að því leyti sem lög þessi ná ekki til.

9. gr.

Nú sýkist hjú manns eða slasast af ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir fæði og hjúkrun, meðan það er sjúkt og er á hans vegum.

10. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess, hvort heldur af því að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sjerstökum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins.

11. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs nje húsbónda þess, og greiðir það þá sjálft kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sjerstakri hjúkrun, en húsbónda þess er skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sjerstaklegt sjúkrafæði — í alt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann.

Ef hjú sýkist eða slasast í fjarlægð frá heimili sínu, án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kent, og verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í alt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann og ekki yfir 1 kr. um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjúi er komið burt af heimili sínu til lækninga eftir læknisráði, hvort heldur á sjúkrahús eða annað, enda sje hvorki því nje húsbónda þess um leguna að kenna.

12. gr.

Samningur milli húsbónda og hjús um það, að vistinni skuli lokið, þegar er hjúið verði sjúkt, skal ógildur, og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því að vistráðin hafa verið bundin slíkum skilmála, eða af því, að svo hefir verið um samið eftir að það varð sjúkt, þá losast húsbóndinn eigi fyrir það við skyldu sína til framfærslu á hjúinu eftir lögum þessum, hvorki gagnvart hjúinu sjálfu, nje framfærslumanni þess eða sveit.

13. gr.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sje á enda, nema læknir eða sóknarprestur eða tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því áliti, að hjúinu sje ekkert mein þar af búið, nje öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burtu, og skal hann þá standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins.

14. gr.

Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni, á eftir ákvæðum þessara laga að greiða sjálft lækningarkostnað og hjúkrunar, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af dvalarsveitinni.

Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greptrun þess, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarsjóði, ef með þarf.

15. gr.

Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir siglingalögum.

Framfærslumaður skipverja eða framfærslusveit eiga sömu framfærslukröfu á hendur útgerðarmanni og skipverji, ef hann neytir ekki rjettar síns.

16. gr.

Ef iðnaðarnemi, er býr hjá lærimeistara sínum, sýkist, þá er lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eftir samningum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi lengur en 6 mánuði. Sje sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefir beðið það tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að, og ætla má að verði langvint, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eftir að nemandinn varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækning nemanda.

Nú hefir svo verið um samið, að náminu skuli hætta, ef nemandi sýkist, eða svo verður um samið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart fátækrasjóði, er leggja verður með nemanda,

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 9., 10. og 13. gr. laga þessara ná til nemenda er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin

í 10. gr. og ofangreind fyrirmæli um rjett lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt hann sje eigi til heimilis hjá lærimeistaranum.

17. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með þurfamann sinn eða ómaga og er þá sveitinni skylt að annast framfærslu þurfamannsins eða ómagans gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, svo fremi að sveitarstjórnin í dvalarsveit hans álítur, að hann sje fær um að greiða meðlagið. Álit þetta má leggja undir úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta, en úrskurði þeim má skjóta til atvinnumálaráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, nje heldur um framfærslu þá, er getur um í 9.—16. gr.

18. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður sýslumaður í þeirri sýslu, eða bæjarfógeti í þeim kaupstað, þar er framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann hefir hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum (4. gr.) eða kjörbörnum (5. gr.), hjóna hvors með öðru, og upphæð barnsfararkostnaðar (8. gr.).

19. gr.

Nú er meðlagsúrskurður (18. gr.) löglega birtur, og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rjett að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki næst á þann hátt fúlga sú, er framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum (27. gr.), eða stjúpbarni sínu á sama aldri (4. gr.), þá skal um greiðslu fúlgunnar fara, sem segir í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu, að því er við verður komið, ef aðrir lögskyldir framfærslumenn barnómagans eru þess eigi megnugir að framfæra hann án sveitarstyrks eða ómaginn eigi á annan hátt kemst af án sveitarstyrks.

II. kafli.

Um framfærslusveit.

20. gr.

Hver hreppur, kaupstaður eða kauptún, er hefir sveitarstjórn sjerstaka, er framfærslusveit fyrir sig. Nú er skift sveit eða sveitamörkum breytt, og heldur þá sveitfestisdvölin áfram í þeirri sveit, er maður verður í við skiftinguna eða merkjabreytinguna, þannig að maður verður sveitfastur í þeirri sveit

á þann hátt, að lögð er við dvöl hans þar eftir skiftinguna dvöl hans í hinu forna sveitarfjelagi hans.

21. gr.

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, sjer framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem hann hefir dvalist í 4 ár samfleytt búandi, vistfestur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann ekki þegið endurkræfan eða óendurkræfan sveitarstyrk á þeim árum.

22. gr.

Nú hefir maður unnið sjer sveit víðar en í einu sveitarfjelagi, og á hann þá rjett til framfærslu í þeirri sveit einni, þar er hann hefir síðast unnið sjer sveit. Þeirri framfærslusveit, er maður á, sem orðinn er 65 ára gamall, heldur hann síðan.

23. gr.

Sveitfestisdvöl telst frá þeim degi, að honum meðtöldum, er innflytjandi tekur sjer fast aðsetur í sveitinni, til þess dags, að þeim degi meðtöldum, er hann víkur þaðan burtu. Nú er hjú ráðið skildaga á milli og kemur í vist hálfum mánuði eftir hjúaskildaga, eða fer úr vist hálfum mánuði fyrir hjúaskildaga, og skal þá telja árið fult. Sama er og þótt hjúið fari meira en hálfum mánuði fyrir skildaga úr vistinni, ef það er af því, að hjúaskildagi er fyrr í þeirri sveit, er hjúið fer í, en í hinni, er það fer úr, enda fari það vist úr vist; svo er og, að telja skal árið fult, ef maður kemur um fardaga og fer aftur á hjúaskildaga. Eigi slitnar sveitfestisdvöl fyrir það, þótt maður sje í vist að hálfu í annari sveit, ef hann er þar eigi meira en eitt sveitfestisárið að hálfu.

Ef vinnuhjú flytur að vísu ekki í vistina heim til húsbónda síns á vinnuhjúaskildaga, en fer þó þá þegar að vinna honum, t. a. m. í veri, á fiskiskútu o. s. frv., enda flytji í rauninni heim áður en vistarárið er hálfnað, þá telst það svo, sem það hafi byrjað dvöl sína á vinnuhjúaskildaga í sveit þeirri, er húsbóndi þess á heima í.

Lausamaður vinnur sjer eigi sveit, þar sem hann hefir ársheimili, nema hann dvelji þar að minsta kosti fjórðung af árinu.

Nú á maður fleiri heimili en eitt, og vinnur hann þá sveit, þar er aðalaðsetur hans er.

24. gr.

Eigi vinnur maður framfærslurjett með dvöl sinni á skóla, sjúkrahúsi, holdsveikrahæli eða þess konar stofnun, eða fangahúsi. Slík dvöl slítur eigi heldur sveitfestisdvöl í þeirri sveit, þar er maður hefir verið næst áður, þannig að eigi maður á meðan sjálfstætt heimili í þeirri sveit, þá telst það aðalaðsetur hans, en hafi hann ekki haldið þar neinu heimili, þá vinnur hann að vísu hvergi sveit, meðan hann dvelur í skóla, sjúkrahúsi, holdsveikrahæli eða þess konar stofnun eða fangahúsi, en heldur að eins áfram sveitfestisdvölinni, ef hann hverfur aftur til hinnar sömu sveitar eftir dvöl sína á nefndum stofnunum.

25. gr.

Danskir ríkisborgarar, heimilisfastir hjer á landi, vinna sjer sveit eftir þeim reglum, er segir í 21. gr.

Aðrir útanríkismenn vinna sveit hjer á landi, þá er þeir fá íslenskan ríkisborgararjett, og eiga þá framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem þeir eiga lögheimili, er þeir öðlast ríkisborgararjettinn, þangað til þeir hafa unnið sjer sveit, eftir reglum 21. gr., annarsstaðar.

26. gr.

Kona gift er jafnan sveitföst þar, er maður hennar á sveit, og heldur ekkja manns sveitfesti þeirri, er maður hennar átti á deyjanda degi, þangað til hún vinnur sjer sjálf sveit. Svo heldur og kona, er skilin er að lögum við mann sinn, sveit þeirri, er hann átti, er þau skildu, þangað til hún vinnur sjer sjálf sveit.

27. gr.

Börn skilgetin og yngri en 16 ára fylgja framfærslusveit foreldranna þannig: Ef foreldrar eru báðir á lífi og hjónabandi þeirra eigi slitið að lögum, fylgja börnin sveit föður síns. Ef að eins annað foreldra er á lífi, þá fylgja börnin framfærslusveit þess. Nú eru báðir foreldrar dánir, og fylgja þá börnin framfærslusveit þess þeirra, er síðar andaðist. Ef báðir foreldrarnir eru á lífi, en hjónabandi þeirra slitið að lögum, þá fylgir barn framfærslusveit þess foreldris, er það er hjá, eða síðast var hjá, eða það er á vegum þess.

28. gr.

Óskilgetin börn, yngri en 10 ára, fylgja framfærslusveit móður sinnar.

29. gr.

Maður 16 ára að aldri á framfærslurjett í fæðingarsveit sinni, þangað til hann vinnur sjer sveit.

30. gr.

Fæðingarsveit manns er sú sveit, þar er móðir hans átti lögheimili, er hann fæddist, eða átti síðast, áður en barnið fæddist. Nú verður þetta eigi vitað, og er þá sú sveit fæðingarsveit manns, þar er móðir hans var stödd, er hún ól hann.

31. gr.

Maður, sem eftir framansögðu hefir öðlast framfærslurjett á Íslandi, missir hann, þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á meðan hann að lögum getur eigi notið þeirra rjettinda, sem bundin eru við ríkisborgararjett. En öðlist hann aftur ríkisborgararjett, þá á hann framfærslu í þeirri sveit, er hann átti áður en hann varð borgari annars ríkis, þangað til hann vinnur sjer sveit af nýju eftir framantöldum ákvæðum.

32. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurjett hjer á landi samkvæmt framanskráðum ákvæðum, þurfandi fátækrastyrks hjer, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í þeirri sveit, þar er hann á lögheimili, eða, ef hann ekkert lögheimili á hjer á landi, þá í þeirri sveit, þar er hann dvelur, er hann verður styrks þurfandi.

Nú er þess krafist frá útlöndum, að tekið verði hjer við framfærslu manns, sem ekki á sveit hjer á landi eftir ákvæðum þessara laga, eða sveitfesti hans verður eigi fundin, og ráðherra álítur, að ekki verði hjá því komist að veita manni þeim viðtöku, og er þá rjett, að ráðherra vísi honum, með fjölskyldu, ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er hann til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum, skal henni endurgoldinn úr ríkissjóði.

III. kafli.

Um það, hvernig haga skuli styrkveitingu.

33. gr.

Sveitarstyrk skal veita á þann hátt, að gætt sje svo sem verða má hvorstveggja í einu, hagsmuna fátækrafjelagsins, og þarfa og velferðar þurfalingsins.

34. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu þurfalings.

35. gr.

Þurfamönnum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sje lagður þeim á heimili þeirra, eða þeim komið fyrir á góðum heimilum, þar sem vel fer um þá, þeir látnir fara á sjúkrahús, ef læknir álítur þess þörf, eða þeim loks komið fyrir á framfærslu- eða vinnustofnun, sem er undir umsjón lögreglustjóra og ráðherra hefir sett reglur fyrir.

36. gr.

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum yngri en 16 ára, og má þá fátækrastjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum.

Engu síður skal kosta kapps um að velja slík heimili handa munaðarlausum sveitarbörnum.

37. gr.

Ef foreldrar, sem eigi þiggja af sveit, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, eða fara illa með þau, þá skal fátækrastjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað

og hæfilega fræðslu og venjast algengri vinnu, og skal meðgjöf með þeim þangað talin sveitarstyrkur, veittur foreldrum barnanna, nema hún sje þegar í stað endurgoldin.

38. gr.

Sóknarprestar skulu líta eftir því, að fyrirmælum í 36. og 37. gr. sje fylgt, og yfir höfuð, að vel sje farið með börn þau, er ræðir um, svo og alla aðra niðursetninga í sóknum þeirra, sem og þurfamannabörn, er upp eru alin hjá foreldrum sínum. Ef presti þykir einhversstaðar vera misbrestur á þessu, og hann getur eigi með umvöndun komið lögun á það, ber honum að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á fátækrastjórninni til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn, er gjalda til sveitar, hafa einnig rjett til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær.

Rannsókn um slíkar kærur skal framfara á manntalsþingi, þegar því verður við komið, og kostnaðarlaust, nema brýna nauðsyn beri til að hraða rannsókninni, vegna þess að um glæpsamlegt athæfi sje að ræða.

39. gr.

Fátækrastjórn skal gera sjer far um að stuðla að því, að börn, sem upp eru alin á sveit, fái sæmilega atvinnu, þá er þau eru af ómagaaldri.

40. gr.

Vinnandi mönnum ósjúkum, er leita fátækrastyrks vegna þess að að þeim þrengir um stund, má hreppsnefnd eða bæjarstjórn vísa á atvinnu, ef fæst, eða til opinberrar vinnustofnunar, ef til er.

IV. kafli.

Vald sveitarstjórnar yfir þurfamönnum.

41. gr.

Sá, sem þegið hefir sveitarstyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld, sbr. þó 42., 43., 63., 66. og 67. gr.

Sveitarstyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barni innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í fjelagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en annars því foreldri barnsins, er barnið fylgir að sveitfesti (27. og 28. gr.), ef það foreldri barnsins er á lífi; en sje barnið munaðarlaust, fellur endurgjaldskrafan niður.

42. gr.

Ekki á sveitarstjórn rjett á að krefjast nokkurs endurgjalds á styrk, veittum af sveitarfje til að greiða:

a. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kensluáhöld handa börnum undir 14 ára að aldri, og

b. Greftrunarkostnað þurfamanna, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.

43. gr.

Skylt er sveitarstjórn, er hún veitir styrk úr sveitarsjóði, að kveða svo á, að styrkurinn skuli ekki afturkræfur af styrkþega, ef hún telur það sanngjarnt vegna elli þiggjanda, ómegðar hans, veikinda hans eða þeirra, sem hann hefir á skyldufamfæri eða vegna annara óhappa hans.

Ákvæðum 1. málsgr. má einnig beita um sveitarstyrk, sem veittur hefir verið 2 síðustu árin áður en lög þessi öðlast gildi, ef styrkþegi óskar.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk, ef 2 ár eru liðin frá því, er þurfamaðurinn þáði af sveit.

44. gr.

Nú hafa hjón komist í sveitarskuld í fjelagi eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr, og ekki er fje til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau voru þá í og ekkert á ekkju, ef hún hefir skyldu-ómaga.

45. gr.

Þegar þeginn sveitarstyrkur er færður inn í sveitarbókina og meiri hluti hreppsnefndar eða að minsta kosti oddviti hefir skrifað undir innfærsluna, að hún sje rjett tilfærð, er bókin sönnun fyrir skuldinni. Sveitarstjórn getur beiðst lögtaks á skuldum eftir fyrirmælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðnin er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

46. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn sveitarstyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftirriti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, legst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur sveitarþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær þurfamanni í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

47. gr.

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða eftirgefinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum sýslumanns eða bæjarfógeta svifta hann fjárráðum með úrskurði og

setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviftur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sje endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviftur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

48. gr.

Sá, sem þiggur af sveit, og er þó vinnufær, er skyldur að fara í hverja þá viðunanlega vist, og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sjer og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sje viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er sker úr því, eftir að hafa fengið umsögn sveitarstjórnarinnar og leitað álits tveggja óvilhallra manna.

Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann vinna af sjer barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til framfærslusveitar, enda greiði hún kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda eða hann hefir komist undan lagaaðförum og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að honum að lögum ef ekki er um seinan, að því er meðlagið snertir.

49. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hjer á undan, og má þá kæra hann um það fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál.

50. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfjelaginu til þyngsla að minsta kosti um næstu 3 ár,

nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni sýslumaður eða bæjarfógeti utanförina, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

51. gr.

Nú sýnir þurfalingur mikla óhlýðni eða þrjósku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í alt að 3 mánuði, þó því að eins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af sveitarsjóði.

V. kafli.

Viðskifti sveitarstjórna.

52. gr.

Nú þarfnast maður sveitarstyrks, og skal hann þá veittur honum af dvalarsveit jafnt fyrir það, þótt hann sje eigi sveitlægur þar í hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskyldan framfærslumann, jafnvel innsveitis. Þó á dvalarsveit aldrei heimtingu á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitarinnar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefir veitt þurfalingnum, nema svo standi á, sem segir í 57. gr., eða þurfalingur verður, eftir úrskurði læknis, eigi fluttur á framfærslusveit sína, sakir sjúkleika, þá er dvalarsveit hefir öðlast rjett til þess að flytja hann samkvæmt 58. gr.; skal framfærslusveit endurgreiða allan kostnað af honum upp frá því, meðan hann verður ekki fluttur. En skylt er framfærslusveit, ef þurfalingurinn er eða verður þess megnugur að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum hefir verið veittur af framfærslusveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin fjekk ekki endurborgaðan, verði að rjettri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveit rjett á að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærslusveit styrk þann, er ræðir um í 42. gr.

53. gr.

Áður en utansveitarþurfaling sje veittur sveitarstyrkur, skal, — nema styrksþörfin sje svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unt er —, sveitarstjórnin í dvalarsveitinni láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra þurfalinginn með vottum, til þess að fá skýrslu um þessi atriði:

1. Nafn, fæðingarstað, aldur þurfamannsins, og framfærslusveit hans, þá er hann var 16 ára gamall; sje hann giftur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi gifst.
2. Æfiferil hans eftir 16 ára aldur.

3. Hvort og hvenær hann hafi þegið sveitarstyrk, og hvort styrkurinn sje endurgoldinn.
4. Heimilisástæður hans og hag yfirleitt og hvers vegna hann sje þurfandi orðinn.

Sje skýrslan gefin fyrir lögreglustjóra, skal hún tekin í rjetti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún rituð á eyðublað, er ráðherra semur, gefin undir eiðstilboð, undirrituð af hreppstjóra, tveim vitundarvottum og þurfamanninum sjálfum. Nú verða hjón þurfandi fyrir sig og börn sín, og gefur þá maðurinn hina umræddu skýrslu, ef hann er viðstaddur eða til hans næst, án of mikillar tafar. Að öðrum kosti gefur konan skýrsluna eftir bestu vitund, og sje skýrslu hennar í einhverju ábótavant, þá skal úr bæta svo fljótt sem hægt er og á þann hátt, er hentugast er.

Ef utansveitarbarn yngra en 16 ára þarfnast styrks, og hvorugt foreldra er innansveitar, þá skal leita skýrslna um barnið hjá þeim mönnum nærstöddum, sem helst mega af vita.

54. gr.

Nú er skýrsla sú, er um getur í næstu grein á undan, eigi tekin á löglegan hátt, áður en styrkurinn er veittur, eða svo fljótt og svo fullkomin, sem unt er, og missir þá hlutaðeigandi sveitarfjelag rjettinn til endurgjalds á styrknum.

55. gr.

Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 52. gr., og skal þá fátækrastjórnin, áður en hálfur mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda sýslumanni sínum eða bæjarfógeta áskorun um að útvega svo fljótt sem við verður komið viðurkenning fyrir sveitfesti þurfamanns, eða sönnun fyrir, hvar hann sje sveitlægur, svo framarlega sem þetta er eigi þegar fullvíst. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sje endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal send skýrsla sú, er um er rætt í 53. gr. Vanræki sveitarstjórnin að gera það, sem fyrir er mælt í grein þessari, missir sveitarsjóður rjett til endurgjalds á hinum veitta sveitarstyrk.

56. gr.

Hvar þess er dvalarsveit missir fyrir vanrækslu sveitarstjórnar, lögreglustjóra eða hreppstjóra rjett til endurgjalds á styrk veittum utansveitarmanni, skulu þeir, er sekir eru, bæta sveitinni skaðann.

57. gr.

Þegar gerð er fyrirspurn til sveitarstjórnar um það, hvort hún kannist við framfærslurjett þurfalings í sveit sinni, eða sent erindi um önnur atriði viðvíkjandi sveitfesti þurfalings eða styrk honum veittan, skal hún, áður en 4 vikur eru liðnar frá því, er málaleitunin barst henni til handa, senda hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta svar sitt við henni; að öðrum kosti skal það varða hana sektum, eftir atvikum dagsektum, sem renna í sýslusjóð, eftir ákvæði sýslumanns, eða í ríkissjóð eftir ákvæði ráðherra, ef bæjarstjórn er sek.

Nú verður dráttur á endurborgun sveitarstyrks til dvalarsveitar af hálfu framfærslusveitar meir en 6 mánuði frá því hún fjekk tilkynning um sveitarstyrkinn, og skal þá síðarnefnd sveit greiða vexti af styrksupphæðinni, 6 af hundraði um árið frá þeim tíma.

Nú verður eftir úrskurði yfirvalds óþarfur dráttur af hálfu framfærslusveitar á að viðurkenna sveitfesti þurfalings, og skal hún þá endurgreiða dvalarsveit hans allan þann styrk, er dvalarsveitin hefir veitt honum frá þeim tíma, sem framfærslusveit fjekk tilkynning um þurfaling.

58. gr.

Nú hefir maður, sem framfærslurjett á annarsstaðar, þegið 200 kr. styrk eða meir í dvalarsveit sinni, og bersýnilegt er, að hann sje kominn á stöðugt sveitarframfæri, og hefir þá dvalarsveit hans og framfærslusveit hvor um sig rjett til að krefjast þess, að hann sje fluttur fátækraflutningi á framfærslusveit sína.

59. gr.

Þurfaling má eigi flytja fátækraflutningi úr einum hreppi í annan, nema áður sje ákveðið, hvar hann eigi framfærslurjett, annaðhvort með yfirlýsingu sveitarstjórnar þeirrar, er í hlut á, eða með úrskurði yfirvalds.

60. gr.

Nú á þurfalingur að flytjast á framfærslusveit sína, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti fá honum vegabrjef, er sýni, frá hverri sveit og til hverrar sveitar hann skuli fluttur, svo og hve margt fólk er í flutningnum, ef um fleiri er að ræða. Skal tilgreina nöfn þeirra og aldur.

61. gr.

Dvalarsveit og framfærslusveit þurfalings annast flutning hans; koma þær sjer saman um, hvor þeirra skuli framkvæma hann, en náist ekki samkomulag um það, getur dvalarsveit ein annast flutninginn. Ef framfærslusveitin heimtar, að fátækraflutningur skuli fram fara, án þess að tiltaka, hvernig honum skuli hagað, skal líta svo á, að hún ætlist til, að sveitarnefndin í dvalarsveitinni annist flutninginn, enda skal hin síðarnefnda þá skyld þar til.

Flutningurinn byrjar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í dvalarsveitinni, og endar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í framfærslusveitinni.

62. gr.

Þurfamann skal flytja svo beina leið, sem verður, hvort sem flutningurinn fer fram landveg eða sjóveg; svo skal haga flutningi þurfalings, að lífi hans og heilsu sje eigi í hættu stofnað.

63. gr.

Af kostnaði við flutning þurfamanns ber dvalarsveit einn þriðjung en

framfærslusveit tvo þriðjunga; skal allur kostnaðurinn greiddur til bráðabirgða úr sjóði þess sveitarfjelags, er flutninginn annast.

Flutningskostnaðinn skal eigi telja sveitarstyrk veittan þurfaling.

64. gr.

Nú vanrækir sveitarstjórnin í dvalarsveitinni að flytja þurfamann fátækraflutningi, er henni bar að annast, og skal þá framfærslusveitin með öllu laus við að endurgjalda styrk þann, er þurfamaðurinn þiggur í dvalarsveitinni frá þeim tíma, er flutningurinn hefði átt fram að fara, þangað til hann verður framkvæmdur.

65. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfjelaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti skera úr ágreiningi þeim. Sjeu sveitarfjelög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja sýslumaður eða bæjarfógeti þar er það sveitarfjelag er, sem krafið er. Úrskurði sýslumanns eða bæjarfógeta má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðila varð kunnugt um úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af sveitarframfæri milli sveitar hjer á landi og sveitarfjelags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli hlutaðeigandi íslensks og dansks ráðherra.

VI. kafli.

Sjerstakur styrkur úr ríkissjóði.

66. gr.

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala eða geðveikrahæli, þá greiðir framfærslusveit hans $^{2}/_{5}$ hluta meðlags kostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 kr. á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurin úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfjelagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið er í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Styrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein er ekki afturkræfur hjá styrkþega.

67. gr.

Nú er manni, sem á framfærslusveit hjer á landi, veittur sveitarstyrkur erlendis og er þá framfærslusveit hans skylt að endurgjalda þann styrk alt að 400 kr. um árið, þó ekki yfir $^{2}/_{5}$ hluta styrksins. Það sem fram yfir er greiðist úr ríkissjóði. Sömuleiðis greiðist úr ríkissjóði allur kostnaður við

flutning þess þurfamanns og skylduliðs hans frá útlöndum alla leið til framfærsluhreppsins, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst ekki á annan hátt endurgoldinn.

Styrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein er ekki afturkræfur.

VII. kafli.

Um það hver lagaákvæði sjeu numin úr gildi með lögum þessum og hvenær lögin öðlast gildi o. fl.

68. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þessi lagaákvæði:

Lög nr. 44, 10. nóv. 1905, að því leyti, sem þau eru eigi áður úr gildi feld.

Lög nr. 33, 20. október 1913.

Lög nr. 61, 27. júní 1921.

Lög nr. 13, 20. júní 1923.

Enn fremur eru úr gildi numin öll önnur ákvæði gildandi laga, þau er koma í bága við lög þessi.

69. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1928.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hin gildandi fátækralög eru eins og kunnugt er frá 10. nóv. 1905 og öðluðust gildi 1. jan. 1907. Lög þessi hafa því gilt í 20 ár, enda mun því varla verða neitað, að þau voru mjög vel undirbúin og skýr og glögg. En á 20 árum verða ýmsar breytingar og er því ekki undarlegt, þótt nauðsyn þyki til bera að endurskoða þau. Breytingar, sem gerðar hafa verið á öðrum lögum, valda því einnig, að meiri þörf er á endurskoðun en ella, því að vegna þessara breytinga eru sumir kaflar fátækralaganna úr gildi fallnir og er því aðgengilegra fyrir almenning að fá lögin gefin út að nýju. Meðal þeirra lagabálka, sem felt hafa úr gildi nokkurn hluta fátækralaganna má sjerstaklega nefna hina nýju sifjalöggjöf. Annars verður ekki sagt, að fátækralögunum hafi verið mikið breytt á hinum síðustu 20 árum og langveigamesta breytingin er stytting sveitfestistímans, sem Alþingi samþykti 1923.

Þótt það hafi jafnan verið viðurkent, að fátækralögin hafi verið vel undirbúin, þá hafa þó hin síðari árin komið fram talsvert háværar raddir um að endurskoða þau. Þannig var á Alþingi 1917 samþykt þingsályktun í þessa átt, og með því að henni hafði ekki verið sint var hún endurtekin á þinginu 1921. Vegna þessarar ályktunar lagði stjórnin 1923 fyrir þingið frv. um breytingu á lögum þessum, en af tillögum þeim, sem fólust í frv. þessu, var ekki

annað samþykt en stytting sveitfestistimans. En á þingum þeim, sem síðan hafa verið haldin, hafa komið fram tillögur um frekari breytingar. Þessar tillögur hafa þó ekki verið samþyktar, en í þess stað var stjórninni falið á þinginu 1925, að endurskoða löggjöf þessa í heild, og með hliðsjón af þessu er frv. þetta borið fram.

Um frv. það, sem hjer liggur fyrir, er þess að geta, að rjettast hefir þótt að halda sem mest orðalagi og efnisskipun gildandi laga, því að auðsætt er, að lög, sem gilt hafa í 20 ár, hafa í framkvæmdinni fengið svo mikla skýringu og festu, ekki síst vegna fjölmargra úrskurða yfirvalda, að það er sýnn hagur, að breyta ekki nema þar sem nauðsyn þykir á.

Um hinar einstöku greinar frv. þykir rjett að taka þetta fram:

Um 1.—2. gr.

Eru samhlj. 1.—2. gr. gildandi fátækralaga, nema að tilvísun er breytt eftir því, sem við á.

Um 3. gr.

Þessari grein er breytt í samræmi við ákvæði laga nr. 46, 27. júní 1921, sbr. 18. og 45. gr. þeirra.

Um 4. gr.

Þessari grein er breytt í samræmi við ákvæði laga nr. 57, 27. júní 1921, sbr. sjerstaklega 29. gr. þeirra.

Um 5. gr.

Þessi grein er alveg óbreytt.

Um 6. gr.

Er samhljóða 14. gr. fátækralaganna, að því undanskildu, að burtu er feld takmörkunin á framfærsluskyldu óskilgetinna barna gagnvart föður og er það í samræmi við lög nr. 46, 1921, sbr. 23. gr. þeirra.

Um 7. gr.

Hún er samhljóða 15. gr sömu laga, nema tilvísunin til 11. gr. er feld burtu, þar sem sú gr. er úr gildi numin.

Um 8. gr.

Hjer er að eins vísað til sifjalaganna um framfærslu hjóna og foreldra og barna til þess að komast hjá því að taka upp þær reglur, sem nýlega hafa verið settar um þetta efni.

Um 9.—14. gr.

Þær eru samhljóða 16.—21. gr. fátækralaganna með þeirri einni breytingu, að framlag húsbónda til legukostnaðar hjúa er hækkað úr 50 au. í 1 kr. á dag vegna breytts peningagildis.

Um 15. gr.

Siglingalögin frá 30. nóv. 1914 gefa allítarlegar reglur um skyldu útgerðarmanna gagnvart skipverjum og virðist nægilegt að vísa til þeirra með þeirri viðbót, að framfærslumaður og framfærslusveit skipverja, megi notfæra sjer rjett hans, ef hann vill eða getur ekki.

Um 16.—20. gr.

Eru samhljóða 27.—31. gr. fátækralaganna nema tilvísunum er breytt eftir því sem við á og orðalagi breytt í smáatriðum í 2 stöðum (17. og 19. gr.).

Um 21. gr.

Þessi gr. er samhljóða 1. gr. laga nr. 13, 20. júní 1923, að því undanskildu, að því er bætt við, að á sama standi hvort sveitarstyrkur er endurkræfur eða ekki, að því er snertir áhrif hans á sveitfesti. Eftir gildandi lögum mun mega telja þetta atriði vafasamt, en rjettast er að taka af tvímæli um þetta nú, er löggjöf þessi er endurskoðuð.

Um 22. gr.

Er samhljóða 33. gr. fátækralaganna.

Um 23. gr.

Er samhljóða 34. gr. sömu laga, að því undanskildu, að burtu er feld tilvitnunin í áður gildandi lögum um lausamenn og húsmenn. Slík tilvitnun í lög með ákveðinni dagsetningu er ekki heppileg og getur valdið misskilningi eða vafa, þegar þau lög eru úr gildi feld og önnur sett í staðinn. Ef tilvitnun væri haldið ætti að vitna í lög nr. 60, 22. nóv. 1907.

Um 24. gr.

Hún er samhljóða 35. gr. fátækral., nema að niður er feld 2. málsgr., því að óeðlilegt virðist, að menn vinni sjer ekki sveitfesti, þótt þeir vanræki að tilkynna húsmenskudvöl sína.

Um 25. gr.

Þessi grein er að efni til samhljóða 2. gr. laga nr. 13, 20. júní 1923.

Um 26.—41. gr.

Þessar greinar eru samhljóða 38.—53. gr. fátækralaganna, nema tilvísunum er breytt og einstaka sjálfsagðar orðabreytingar, sjerstaklega í 31. gr. (43. gr. fátækralaganna).

Um 42. gr.

Þessi grein er í raun rjettri hluti af 53. gr. fátækralaganna, en betur þykir fara á því, að hafa þetta sjerstaka grein.

Um 43. gr.

Meginástæðan til þess, að endurskoðunar hefir verið krafist á fátækralöggjöfinni mun hafa verið óskin um það, að undanþiggja ýmsa þá menn, sem verða að leita fátækrastyrks, rjettindamissi, sjerstaklega missi kosningarjettar. Fyrirmæli stjórnarskrárinnar hjer að lútandi eru þau, að enginn geti haft kosningarrjett til Alþingis, sem stendur í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, sbr. orðin: »enda eigi í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk«. Til þess að fullnægja þessu ákvæði stjórnarskrárinnar virðist það nægilegt, að veittur styrkur sje ekki endurkræfur, því að ef svo er, verður ekki sagt, að hlutaðeigandi sje »í skuld« fyrir styrkinn. Til álita gæti komið og hefir komið, að nema þetta ákvæði stjórnarskrárinnar úr gildi, en tæpast getur það talist rjett að láta þá, sem fyrir óreglusakir, eyðslusemi eða öðrum slíkum ástæðum verða að vera upp á aðra komnir, hafa kosningarrjett. Það er lítil ástæða til þess að auka rjettindi þeirra manna, enda munu flestir sammála um það. En það sem mestum vandkvæðunum hefir valdið í þessum efnum, er að finna ákvæði, er skilji á rjettlátan hátt í sundur þá menn, er verða annara handbendi fyrir atvik, sem þeim verður með rjettu um kent, og þá er verða að njóta opinbers styrks, án þess að þeim verði sök á gefin. Á síðustu þingum hafa verið gerðar ýmsar tilraunir til þess að aðgreina þessa tvo flokka manna, en þær tilraunir hafa ekki hepnast og þetta er ekki óeðlilegt, vegna þess, að atriði eins og þetta, hlýtur mjög að vera undir mati komið í hverju einstöku tilfelli.

Með þetta fyrir augum hefir það virst tiltækilegast að fela sveitarstjórnunum að meta þetta um leið og þær veita styrk. Með því móti er unt að taka rjettlátt tillit til allra ástæðna hlutaðeigandi styrksþurfa í hverju einstöku tilfelli, en slíkt er gersamlega ómögulegt í beinum lagaákvæðum. Það, sem setja má út á þessa reglu er einkum það, að sveitarstjórnir muni framkvæma ákvæði þetta á mismunandi hátt, eða að þær muni beita ákvæðinu of sjaldan í von um endurgreiðslu styrksins, ef hann er afturkræfur, eða að þær sýni hlutdrægni, eða að þær vanti þann kunnleik á högum hlutaðeiganda, sem nauðsynlegur er til þess að dæma um þetta.

Því verður vitaskuld ekki neitað, að möguleiki er fyrir því, að ákvæði þetta verði framkvæmt á mismunandi hátt, en svo má segja um mörg önnur lagaákvæði, sem engum dettur í hug að breyta og yfirleitt er þetta mótbára, sem alstaðar getur átt við, þar sem um mat er að ræða. Mjög lítil hætta virðist vera á því, að sveitarstjórnir láti vonina um endurgreiðslu styrks aftra sjer frá því að nota ákvæðið, því að fyrst og fremst er það fremur sjaldgæft, að slíkur styrkur sje endurgreiddur og í öðru lagi er ekki ætlast til að endurgjaldskrafa falli niður gagnvart framfærslusveit eða framfærslumanni, þegar annars er um slíka krófu að ræða að lögum. Hlutdrægni sveitarstjórna í þessu efni þykir engin ástæða til að óttast og það mundi að eins vera í hinum stærri bæjum, að sveitarstjórn brysti þá þekkingu á högum styrksþurfa, sem með þarf til þess að dæma um þetta, en þar sem svo stendur á, ætti að vera auðvelt að útvega upplýsingar um slíkt, eða að minsta kosti ekki torveldara en að útvega upplýsingar um ýmislegt annað, sem fyrirskipað er.

Það er gert ráð fyrir, að úrskurðurinn um hvort styrkur sje afturkræfur eða ekki liggi undir þá sveitarstjórn, sem veitir styrkinn, án tillits til hvar þurfamaðurinn er sveitfastur.

Eftir gildandi lögum er sveitarstjórn heimilt að gefa upp þeginn sveitarstyrk, ef 5 ár eru liðin án þess að nýr styrkur hafi verið veittur, en ella þarf samþykki sýslunefndar til þess. Hjer er lagt til að fella burtu ákvæðið um afskifti sýslunefndar af þessum málum og heimila sveitarstjórnum eftirgjöf eftir að 2 ár eru liðin.

2. málsgr. þessarar gr. verður að eins bráðabirgðaákvæði.

Um 44. gr.

Hún er samhljóða 54. gr., að því undanskildu, að við er bætt ákvæði, er veldur því, að ekkjur, sem eiga skylduómaga, teljast ekki standa í neinni sveitarskuld, þótt hún og hinn látni maður hennar hafi í sameiningu þegið sveitarstyrk.

Um 45.—51. gr.

Þær eru að mestu samhljóða 55.—63. gr. gildandi fátækralaga. Þó er rjett að geta þess, að feld er burtu 2. málsgr. 59. gr., sem virðist algerlega þýðingarlaus.

Um 52. gr.

1. málsgr. þessarar gr., er eins og lög nr. 33, 20. okt. 1913, nema tilvísunum breytt.

2. málsgr. er talsvert breytt, sjerstaklega að því leyti, að gert er ráð fyrir, að heimilt sje að láta barnsfeður afplána barnsfúlgu með fangelsisvist við venjulegt fangaviðurværi. Sú regla var áður í lögum, en var feld burtu 1905, og ástæðan til þess, að stungið er upp á þessu á ný, er ýmsar umkvartanir um, að barnsfeður geri sjer næsta lítið far um oft og tíðum að greiða meðlag með börnum sínum.

Síðasta málsgr. er eins og 3. málsgr. 9. gr. gildandi fátækralaga.

Um 53.—65. gr.

Þarfnast engra skýringa.

Um 66.—67. gr.

Þessar gr. eru að mestu samhljóða 77. og 78. gr. fátækralaganna, með þeim breytingum, sem felast í lögum nr. 61, 27. júní 1921.

Um 68.—69. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

7. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1925.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1925 eru veittar kr. 1528181,75 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. gr. hjer á eftir:

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

A. Ráðuneytið o. fl.

Við 2.	Til utanferða ráðherra	2957,00	
— 4.	Annar kostnaður	20974,16	
— 5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	9030,98	
— 6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum...	1145,44	

B. Hagstofan.

Við 3.	Pappír, prentun o. fl.	4985,29	
— 4.	Prentun eyðublaða...	390,91	
— 5.	Húsaleiga, hiti, ljós o. fl.	2461,63	
— 6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	9660,08	
— 7.	Til að gefa út manntalið 1703	226,53	

C. Utanríkismál og ríkisráðskostnaður.

Við 1.	Til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn	1677,93	
— 3.	Ríkisráðskostnaður...	2000,02	
— 4.	Kostnaður við sambandslaganefnd	9041,45	
			64551,42

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæsla og lögreglustjórn.

Við 1.	c. Hæstirjettur: Annar kostnaður	3095,13	
— 4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	b. Húsaleiga	240,00	
	c. Hiti, ljós og ræsting...	100,00	
	d. Ýms gjöld	1331,04	
	Flyt	4766,17	64551,42

		Flutt	4766,17	64551,42
Við 5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík;			
	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns		11663,00	
	b. Laun 3 tollvarða		14100,66	
	d. Hiti og ljós...		1689,12	
— 6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta.		42000,00	
— 7.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		4338,40	
— 9.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.		6941,17	
— 10.	Borgun til sjódómsmanna		904,00	
— 11.	Borgun til setu- og varadómara...		6794,45	
		B. Ýmisleg gjöld:		
Við 1.	b. Til pappírs og prentunar		16406 31	
— 2.	a. Endurgjald fyrir burðargjald embættismanna		11352,07	
— 3.	Brunaábyrgðar- og sótaragjöld		6628,56	
— 4.	Til embættiseftirlitsferða		2250,97	
— 6.	Til landhelgisgæslu		31090,45	
				160925,33
		4. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:			
Við 4.	Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði		624,00	
— 8.	Til geislalækningastofu ríkisins		4435,35	
— 10.	Holdsveikraspítalinn		5466,12	
— 11.	Geðveikrahælið á Kleppi		1232,23	
— 12.	2. Heilsuhælið á Vífilsstöðum		19809,70	
— 13.	j. Styrkur til sjúkrasamlaga		560,70	
				32128,10
		5. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:			
		A. Póstmál.		
Við 1.	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur		800,00	
— 3.	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík		1780,15	
	b. Skrifstofukostnaður utan Reykjavíkur		790,00	
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur		90,60	
	d. Önnur gjöld		28564,61	
		B. Vegabætur.		
Við	I. 3. Ferðakostnaður og fæðispeningar		5835,93	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga..		5279,61	
	5. Skrifstofukostnaður		2539,29	
—	II. Flutningabrautir		22810,11	
		Flyt	68489,70	257604,85

		Flutt	68489,70	257604,85
Við	III.	Þjóðvegir	89681,08	
—	IV.	Til brúagerða samkv. brúalögum...	78453,44	
—	VI.	Fjallvegir	2560,08	
—	VII	1. Til áhalda	16521,27	
—	VIII	Til akfærra sýsluvega	1287,13	

C. Samgöngur á sjó.

Við	1.	Til strandferða...	13500,00	
—	2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum ...	16250,00	

D. Hraðskeyta- og talsímasamband.

Við	II.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl.	154533,11	
—	III.	2. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímans	6112,50	
—	—	3. Ritsímastöðin í Reykjavík	15314,90	
—	—	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	118665,89	
—	—	7. Ritsímastöðin á Akureyri	6750,54	
—	—	8 Ritsímastöðin á Seyðisfirði	3375,68	
—	—	10. Símastöðin á Borðeyri..	1245,07	
—	—	11. — í Hafnarfirði	5591,74	
—	—	12. — í Vestmannaeyjum	1111,69	
—	—	13. — á Siglufirði	8425,27	
—	—	14. Til aukaritsímaþjónustu	3706,00	
—	—	16. Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	557,55	
—	—	18. Til eftirlitsstöðva og annara talsímastöðva	6124,82	
—	IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng	19238,37	
—	V.	Viðbót og viðhald stöðvanna	29530,02	
—	VI.	Kostnaður við ferðalög	5574,45	
—	VII.	Viðhald landssímanna	130837,81	
—	VIII.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	133,35	
		Gengisreikningur...	6938,40	

E. Vitamál.

Við	I.	3. Til skrifstofuhalds	734,78	
—	II.	Laun vitavarða	1190,00	
—	III.	Rekstrarkostnaður vitanna	45139,39	
—	IV.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa ...	8647,16	
				866221,19
			Flyt	1123826,04

			Flutt	1123826,04

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

B. Kenslumál.

Við	I. b.	Til hjeraðslæknis í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann	500,00	
—	— d.	Náms- og húsaleigustyrkur	9000,00	
—	— g.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	714,91	
—	— h. 3.	Ýms gjöld	8510,38	
—	II.	Námsstyrkur til stúdenta í erlendum háskólum...	10300,00	
—	III. b. 3.	Til skólahússins utan og innan ...	1694,88	
—	— — 4.	Til tímakenslu og til prófdómenda...	13533,50	
—	— — 6.	Námsstyrkur með verðstuðulsuppbót.	560,00	
—	— — 8.	Til vísindalegra áhalda	62,75	
—	— — 9.	Ýmisleg gjöld	2617,90	
—	IV. b. 3.	Til bóka og kensluáhalda...	195,27	
—	— — 4.	Eldiviður og ljós...	571,24	
—	— — 7.	Til skólahússins	438,58	
—	— — 8.	Ýmisleg gjöld	2042,64	
—	V. b. 1.	Tímakensla	4254,00	
—	— — 6.	Ýmisleg gjöld	370,42	
—	VI. b. 3.	Ýmisleg gjöld..	278,62	
—	VII. b. 3.	Ýms kostnaður	1974,07	
—	VIII. 1. c. 3.	Til eldiviðar og ljósa...	3579,08	
—	— — — — 4.	Ýmisleg gjöld	1017,17	
—	— 2. c. 3.	Til eldiviðar og ljósa...	101,75	
—	XI. 2. b.	Annar kostnaður...	2556,40	
—	— 3.	Styrkur til námskvenna	1130,50	
—	XIII. 3.	Til farskóla og eftirlit með heimafræðslu	29387,40	
—	— 4.	— prófdómara við barnapróf...	3163,67	
—	XVI.	— kenslu heyrnar- og málleysingja ...	14031,89	
			———	112587,02

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Við	5. a.	Til eldiviðar, ljósa, ræstingar o. fl.	481,01	
—	— b.	Til viðhalds og áhalda	724,39	
—	29.	Til veðurathugana og veðurskeyta	12953,15	
			———	14158,55
			Flyt	1250571,61

		Flutt	1250571,61
	8. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:		
Við 6. b.	Til skóggræðslu	2500,00	
— 13. f.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna	6729,09	
— 14.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra	1384,55	
— 16.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum...	2641,90	
— 36.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli	1800,00	
			15055,54
	9. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:		
	Greitt eftirlitsmanni banka og sparisjóða		19039,00
	10. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:		
	Ýms óviss útgjöld og gengismunur		240515,60
	11. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 24. gr. er veitt:		
	Til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki		3000,00
		Samtals kr.	1528181,75

Ástæður

fyrir frumvarpi þessu eru í landsreikningnum 1925, athugasemdum yfirskoðunarmanna við þann reikning og svörum ráðherra gegn þeim athugasemdum.

8. Frumvarp

til laga um samskóla Reykjavíkur.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Í samskólum Reykjavíkur skulu vera fyrst um sinn þessir framhalds skólar: Gagnfræðaskóli, iðnskóli, verslunarskóli og vélstjóraskóli.

2. gr.

Gagnfræðaskólinn skal annast almenna framhaldsfræðslu, en hinir skólarnir sjerfræðslu, hver á sínu sviði.

3. gr.

Í skólum þessum skulu kendar þessar greinir:

1. *Tungumálagreinir:* íslenska, danska, enska, þýska;
2. *Sagnfræðigreinir og atvinnumál:* sagnfræði, þjóðfjelagsfræði, atvinnu- og viðskiftafræði, samvinnufræði, verslunarrjettur, iðnlöggjöf, atvinnuskipulag;
3. *Náttúru- og eðlisfræðigreinir:* náttúrusaga og náttúrufræði, mannfræði og heilsufræði, efnafræði, eðlisfræði, landafræði;
4. *Talnagreintr:* reikningur, verslunar- og iðnreikningur, stærðfræði, bókfærsla:
5. *Verklegar greinir:* teikning, vjelfræði, smíðar, skrift og vjelritun, efnis- og áhaldafræði, varningsfræði;
6. *Söngur, líkamsæfingar* og *íþróttir.*

Heimilt er með samþykki eða eftir fyrirmælum kenslumálaráðuneytisins að breyta námsgreinaskrá skólanna frá því, sem hjer er talið, fjölga eða fækka námsgreinum eftir þörfum.

4. gr.

Samskólarnir halda uppi sameiginlegri eins árs undirbúningsdeild í almennum námsgreinum fyrir nemendur, er vilja búa sig undir inngöngu í einhvern af sjerskólunum. Deild þessari stjórnar skólastjóri gagnfræðaskólans.

5. gr.

Fastanemendur skólanna eru þeir, er stunda nám í öllum þeim námsgreinum, sem ákveðnar eru til fullnaðarprófs í þeim skóla. En auk þessa fastanáms skal leyfa þátttöku í einni námsgrein eða fleirum og einnig stofna til námsskeiða um skamman eða langan tíma, þegar ástæður eru til.

6. gr.

Kenslumálaráðuneytið setur sjerreglugerð fyrir hvern þessara skóla, að fengnum tillögum skólaaðilja, en það eru bæjarstjórn Reykjavíkur fyrir gagnfræðaskólann, stjórn Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík fyrir iðnskólann og Verslunarráð Íslands fyrir verslunarskólann. Í reglugerðunum skulu vera ákvæði um námsgreinir, stundafjölda námsgreina, námsárafjölda, kensluna og kröfur til fullnaðarprófs. Kenslumálaráðuneytið skipar prófdómendur eftir því sem ákveðið verður í reglugerð.

7. gr.

Nú krefst skóli til fullnaðarprófs þekkingar í öðru en því, sem heyrir undir sjernám skólans, og skulu þá nemendur fá þá fræðslu í þeim skóla eða skólum stofnunarinnar, sem hafa á hendi kenslu í þeim greinum. Þegar nemendur af þessari ástæðu sækja kenslu í annan skóla en sinn eigin, skulu þeir, eftir því, sem við verður komið, njóta þar kenslunnar ásamt fastanemendum þess skóla.

Kenslumálaráðuneytið setur reglugerð um þetta og annað samstarf skólanna og öll sameiginleg atriði, að fengnum tillögum skólaráðs.

8. gr.

Hverjum skólanna stýrir skólastjóri, en hinum sameiginlegu málefnum skólanna stjórnar skólaráð og skulu eiga í því sæti skólastjórar allra skólanna og oddamaður, sem kenslumálaráðuneytið skipar til 4 ára í senn. Hann er fulltrúi ríkisstjórnarinnar og formaður skólaráðs, enda skal honum greidd þóknun úr ríkissjóði, sem ráðuneytið ákveður.

Skólastjóri gagnfræðaskólans skal hafa á hendi allar fjárreiður skólanna og reikningshald og sjá um eignir þeirra, alt undir umsjón skólaráðs.

Skólastjóra skipar kenslumálaráðuneytið að fengnum tillögum aðilja, en kennara að fengnum tillögum skólaráðs.

9. gr.

Fastakennarar skulu vera svo margir sem þörf er á í tvískipaða undirbúningsdeild og einskipaða bekki dagskólanna, en stundakensla að auki eftir þörfum. Skólastjórar teljast í þessu sambandi til fastra kennara.

Þegar bekkir einhvers skólans hafa verið tvískipaðir eða meira um þriggja ára skeið, skulu skipaðir fastakennarar, sem svarar alt að $^3/_4$ þeirrar fastakenslu, sem er umfram það, er segir í 1. málsgr. þessarar greinar.

Fastakennarar eru skyldir til að kenna 27 stundir í viku, en í reglugerð skal kveða á um stundakenslufjölda hvers skólastjóra.

Ákvæði 27. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, ná einnig til þeirra skóla, sem lög þessi ræða um.

10. gr.

Skólastjóri gagnfræðaskólans hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári auk dýrtíðaruppbótar lögum samkvæmt, en launin hækka á tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4200 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði í skólahúsinu, ljós og hita. Ennfremur má ráðuneytið ákveða honum þóknun fyrir reikningshald og umsjón.

Skólastjórar verslunarskólans, vjelstjóraskólans og iðnskólans hafa að byrjunarlaunum 4400 kr. auk dýrtíðaruppbótar eftir lögum og hækka þau á tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 5400 kr. Meðan ekki er fastur dagskóli í iðnskólanum auk kveldskóla, er skólastjórinn skyldur til þess að gegna öðrum starfa aukreitis, er kenslumálaráðuneytið kann að fela honum gegn þóknun ef ráðuneytið telur það sanngjarnt.

Fastir kennarar skólanna skulu hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári auk dýrtíðaruppbótar, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4200.

11. gr.

Laun þau, er ræðir um 10. gr. og kostnaður af stundakenslu, er leiðir af fastanámi skólanna (sbr. 5. gr.) greiðist úr ríkissjóði, en endurgjaldskröfu á hann hjá bæjarsjóði Reykjavíkur á $^1/_4$ hluta þess kenslukostnaðar, sem fastanáminu fylgir í undirbúningsdeild og gagnfræðaskólanum.

12. gr.

Fyrir alla nemendur skólanna skal greiða skólagjald, er rennur í skólasjóð. Kenslumálaráðuneytið ákveður að fengnum tillögum skólaráðs hversu há skólagjöld fastanemenda skuli vera en skólaráð gjöld aukanemenda. Skólagjöldin skal ákveða svo há, að skólasjóður fái staðist þau gjöld, er á honum hvíla. Í skólasjóðinn rennur einnig það fje annað, sem stofnuninni kann að áskotnast, nema öðruvísi sje fyrir mælt.

13. gr.

Úr ríkissjóði skal greiða allan kostnað við skólahaldið, sem ekki er lagður á aðra eftir lögum þessum, þar á meðal kostnað af viðhaldi skólahússins, aukningu áhalda, kostnað af námsskeiðum, borgun til kennara, sem ekki falla undir 11. gr. o. fl. Fyrir skólahúsið greiðist engin leiga.

14. gr.

Landsstjórnin lætur reisa handa stofnuninni hæfilega stórt skólahús, vjelahús og vinnustofur með nauðsynlegum áhöldum og útbúnaði, þegar allir aðiljar, en það eru Alþingi, bæjarstjórn Reykjavíkur, Iðnaðarmannafjelagið í Reykjavík fyrir iðnaðarmenn og Verslunarráð Íslands fyrir verslunarmenn, leggja fram nauðsynlegt fje til þess. Stofnkostnaður þessi skiftist þannig milli aðilja, að ríkissjóður leggur fram $^{3}/_{5}$, bæjarsjóður Reykjavíkur $^{3}/_{5}$ og lóð, er kenslumálaráðuneytið tekur gilda, iðnaðarmenn $^{1}/_{10}$ og verslunarmenn $^{1}/_{10}$.

15. gr.

Stofnunin tekur til starfa 1. október næstan eftir að lokið er undirbúningi þeim öllum, sem um er rætt í 14. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Meðal þeirra vandamála, sem standa í sambandi við hinn gífurlega öra og mikla vöxt Reykjavíkurbæjar, má telja framar mörgu eða flestu öðru skólamálin. Íbúatala bæjarins hefir tuttugfaldast, eða vel það, síðan aðalframhaldsskólinn, mentaskólinn var reistur. Af fólksfjöldanum leiðir það, að tala þeirra barna og unglinga, sem eiga og þurfa að fá almenna undirstöðufræðslu, hefir stöðugt farið vaxandi. Aðsókn að öllum skólum hefir vaxið ákaflega, aðallega vegna fólksfjölgunarinnar, en jafnframt að nokkru af aukinni mentaþrá. Barnaskólinn, sem var reistur skömmu fyrir aldamót að nokkru, er fáum árum síðar orðinn að stærð eins og hann er nú. Honum var ætlað að rúma 600 börn, en nú eru í honum og útibúum um 1800 nemendur. Fyrir aldamót voru sjaldnast 100 nemendur í mentaskólanum, oft miklu færri, en nú eru þeir orðnir hátt á 3 hundrað.

Eins og kunnugt er, hefir bæjarstjórn Reykjavíkur tekið ákvörðun um

það fyrir nokkrum árum, að reistur skuli verða stór og rúmgóður barnaskóli. Þótt nokkuð kunni að dragast, að skóli þessi verði reistur að fullu, verða þó fyrirsjáanlega á þessu sviði þær umbætur innan skamms, að barnafræðslan í bænum þarf ekki að búa við jafn þröngan kost og nú.

Um framhaldsfræðsluna í bænum er öðru máli að gegna. Þar hafa engar ráðstafanir verið gerðar til umbóta. Það er þó ekki af því, að menn sjeu ánægðir með það, sem er, öðru nær. Flestir munu vera sammála um, að öllum þorra manna sje það algerlega ónógt, fá litla eða enga fræðslu, aðra en barnafræðslu. Menn munu líta svo á, hjer sem annarstaðar, að ekki sje öllu minni nauðsyn að fá viðbótarfræðslu á unglingsárunum, bæði af því að bernskunámið fyrnist, ef því er ekki haldið við, og svo verði ekki komist hjá því að svala eðlilegri mentaþrá ungra manna, auk þess sem líf þeirra, starf og umhverfi, skapar margvíslega nauðsyn á aukinni mentun. —

Sje nú á það litið sjerstaklega, hvaða vegir sjeu til framhaldsmentunar í Reykjavík, þá hlýtur niðurstaðan að verða sú, að svo illa sje fyrir henni sjeð, að við það sje ekki unandi lengi. Eini almenni framhaldsskólinn er mentaskólinn. Þar er nú svo áskipað, að ekki er nokkur leið að bæta við nemöndum. Síðustu árin hefir einn bekkur verið hafður utan skólahússins, af því að ekki hefir verið unt að koma honum fyrir í skólanum, en slík ráðstöfun er að dómi skólastjórnarinnar mesta óhagræði og getur ekki orðið til frambúðar. Það rekur að því óðara en varir að neita verður að veita nemöndum viðtöku, þótt þeir standist próf. Kvennaskólinn hefir að vísu almennar námsgreinir, en tekur að sjálfsögðu ekki við öðru en stúlkum, og ekki frekar úr Reykjavík en annarsstaðar að. Sjerskólarnir eiga margir við erfið kjör að búa, hafa stopult kennaralið og afarljelegan húsakost, og koma því hvergi nærri að fullum notum. Nú orðið fermast í bænum á 4. hundrað börn á ári og það mun síst fjarri vegi, að ekki fái nærri helmingur þeirra unglinga framhaldsfræðslu í skólum, þó að allir skólar sjeu taldir. Nokkurn veginn víst má telja, að ástandið versni samt enn meira. Nú fæðast í bænum 600—700 börn á ári og því er fyrirsjáanlegt, að tala unglinga mun vaxa jafnt og þjett og að líkindum tvöfaldast á næstu 12—15 árum. Meðan ekki er ráðið fram úr skólamálunum, fer mikill meiri hluti unglinga í bænum varhluta af allri annari framhaldsfræðslu en þeirri, sem hver og einn aflar sjer hjá stundakennurum, en sú kensla er dýr og ofvaxin mörgum manni, og algerlega er óverjandi að byggja framhaldsmentun að miklu leyti á slíkum grundvelli.

Í fyrra vetur flutti Jón Ófeigsson mentaskólakennari erindi í tveim fjelögum í Reykjavík um þessi mál. Erindi það var prentað í vor í Tímariti Verkfræðingafjelags Íslands og um sama efni ritaði hann í Lesbók Morgunblaðsins 21. nóv, 1926. Það, sem hjer er sagt á undan, styðst við þessar greinir hans og skulu enn rakin nokkur atriði úr þeim og getið úrræða þeirra, sem hann benti á.

Í utanför sinni 1924—'25 kyntist hann meðal annars skóla einum í Nürnberg á Þýskalandi. Það er framhaldsskóli margvíslegur og fjölskrúðugur, sem tekur við, þegar lögboðinni framhaldsfræðslu er lokið. Í honum eru engir skyldunemendur, alt nám er þar frjálst og óbundið. Skólinn er í 4 deildum,

tvær eru iðnfræðilegar, þriðja deildin kaupmannadeild og fjórða deildin almenn deild. Í hverri deild er fjöldi námsefna. Enginn nemandi er skyldur til að taka þátt í öðrum námsgreinum en þeim, er hann vill. Skóli þessi var stofnaður 1910 með 100 nemöndum, en 1925 voru þeir orðnir 9374. Nemendur voru flestir 17—20 ára en annnars á öllum aldri; elsti nemandinn árið 1925 hafði verið 64 ára.

Jón Ófeigsson segir að þessi öri vöxtur skólans stafi aðallega af því, að hann hafi nám við allra hæfi, stutt eða langt, einfalt eða margbrotið, eftir því sem þörf og áhugi nemenda segir til. Hann segir, að skólastarfsemi þessi hafi fært sjer heim sanninn um það tvent aðallega, að hægt sje að hafa margvíslega fræðslu á einum stað eða undir einni stjórn, og að sjálfsagt sje að skapa mönnum fleiri leiðir til framhaldsnáms en margra ára skólagöngu með fjölda óskyldra námsgreina.

Hann bendir svo á, að þessar fjórar deildir skólans samsvari 4 skólum í Reykjavík, iðnskólanum, vjelstjóraskólanum, verslunarskólanum og almennum skóla eða gagnfræðaskóla, sem enn er óstofnaður. Þar sem nú svo sje ástatt, að aðeins einn af þessum skólum (iðnskólinn) hafi viðunandi húsnæði, og þó algerlega ófullnægjandi til lengdar, gerir hann það að tillögu sinni, að þessum fjórum skólum verði reist sameiginlegt skólahús og annað fyrir vjelar og vinnustofur. Hann telur þetta framkvæmanlegt, ef aðiljar þeir, sem standa að skólunum, leggi fram hæfilegan hluta hver af stofnkostnaðinum. Stærstu byrðarnar eigi bærinn að bera og ríkið. Bærinn eigi að gera það af því að hans sje hagurinn að koma framhaldsskólamálum þessum í fult lag. Ríkið eigi að leggja fram ríflegan skerf, vegna þess fyrst og fremst, að einn skólinn (vjelstjóraskólinn) sje nú alveg á þess vegum og húsnæðislaus; þar næst af því að í sambandinu sjeu margir sjerskólar, en þess konar skóla hafi ríkið kostað marga að fullu; og loks beri því að leggja fje til framhaldsfræðslu í Reykjavík eins og annarsstaðar. Hann nefnir enn til tvo aðilja, iðnaðarmenn og verslunarmenn, er standi að tveimur skólunum, og finst sanngjarnt, að þeir beri nokkra byrði, þótt eigi hvíli á þeim bein skylda til þess. Hann sýnir fram á með ljósum rökum, að við samsteypuna sparist mikið fje, samanborið við það, að skólarnir yrðu reistir hver í sínu lagi. En höfuðkostinn telur hann vera þann, að fyrir samvinnu svo margbreyttra skóla verði í lófa lagið að hafa framhaldsnám við hæfi allra, í einni grein eða fleirum, um skamman tíma eða langan, líkt og í þýska skólanum. Gerir hann ráð fyrir, að haft verði í samskólum þessum, auk fastanámsins, alls konar aukanám og námsskeið, fyrir hvern, sem vill, og í hverju sem hver vill.

Fyrir forgöngu Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík voru kosnir fulltrúar af Iðnaðarmannafjelaginu, Verslunarráðinu, bæjarstjórn og Vjelstjórafjelaginu til þess að athuga þetta mál. Þessir fulltrúar hafa, ásamt Jóni Ófeigssyni, rætt málið vandlega og komið sjer saman um ákveðnar tillögur. Frumvarp þetta er í aðalatriðum bygt á þeim tillögum.

Um hinar einstöku greinir skal það tekið fram, sem hjer segir:

Um 1. gr.

Í þessari gr. er gert ráð fyrir, að fleiri skólar kunni að bætast við í skólasamsteypuna síðar og mætti þar til nefna t. d. stýrimannaskólann og kennaraskólann, sem nú hafast við í timburhúsum, sem fara að verða gömul og gisin.

Um 2. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 3. gr.

Hjer eru taldar þær greinir, sem kenna á í skólanum, en rjettara þykir að heimila kenslumálaráðherra að breyta námsgreinaskrá, en vitaskuld mundi það ekki verða gert nema í samráði við skólaráð.

Um 4. gr.

Í þessari gr. er þeim nemöndum, sem ekki telja sig svo vel undirbúna, að þeir geti án frekara náms gengið inn í einhvern samskólanna, gefinn kostur á að sækja 1 árs undirbúningsdeild. Í deild þessari ættu og aðrir, sem ekki ætla sjer að halda áfram námi í samskólanum, að geta notið kenslu, sbr. 5. gr.

Um 5. gr.

Eins og vikið er að í aths. við næstu gr. á undan er ætlast til að þeir sem óska fræðslu í færri greinum en kendar eru í einhverjum skólanna, geti fengið hana í stofnuninni. Getur oft staðið svo á, að maður óski að læra t. d. eina námsgr., svo sem ensku, og þá ætti að vera gott og ódýrt að sækja þá kenslu í skóla sem þenna.

Um 6. gr.

Um alla skóla ríkisins er sú aðferð hötð, að hin nánari ákvæði er þá snerta eru sett í reglugerðum, Tillögur um slíkar reglugerðir eru jafnan fengnar hjá hlutaðeigandi skólastjóra, en hjer er gert ráð fyrir að skólaaðiljar geri tillögur um reglugerðirnar, hver á sínu sviði, en vitaskuld útilokar þetta ekki, að reglugerðauppköstin sjeu borin undir hlutaðeigandi skólastjóra, enda er gengið út frá að svo muni verða gert.

Um 7. gr.

Það ætti að geta orðið nokkur sparnaður að því að láta alla nemendur stofnunarinnar, er sömu námsgrein læra og eru á sama eða svipuðu þekkingarstigi, læra hjá sömu kennurum og þá eins margir saman og fært þykir. Og augljóst virðist það, að með þessu muni fást betri kensla, því að eftir því sem fleiri eru nemendur í einni grein við sama skóla eftir því eru meiri líkur til, að góðir fagmenn fáist til kenslunnar, því að þeir þurfa þá ekki að kenna nema eina eða fáar greinir, í stað þess, sem nú er oft, að sami maður verður að kenna margar greinir, þótt auðsætt sje, að kenslan verði við það lakari.

Um 8. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að skólaráð hafi á hendi stjórn hinna sameiginlegu mála skólanna. Í skólaráðinu er ráðgert, að formaður sje sá er ráðherra velur til þess, enda ákveði hann þóknun hans. Erfitt er að segja með vissu hversu mikið starf þetta verður og þessvegna sýnist rjettast að ákveða ekki þóknunina í lögum.

Um 9. gr.

Talsverð vandkvæði eru á að setja ákveðnar reglur um hversu mikið skuli vera af fastakennurum. Í gr. hefir verið reynt að sníða þetta eftir aðsókninni að skólanum. Erfiðast er að áætla um aðsóknina að undirbúningsdeildinni.

Um 10. gr.

Launakjör skólastjóra gagnfræðaskólans eru eins og skólameistarans á Akureyri. Laun hinna skólastjóranna eru í raun og veru lægri, en þó þykir ekki fært að fara hærra með tilliti til annara embættismannalauna. Núverandi skólastjóri vjelstjóraskólans heldur að sjálfsögðu launakjörum sínum óbreyttum, ef hann vill, meðan hann gegnir embættinu.

Launakjör kennaranna eru ráðgerð eins og laun kennaranna við gagnfræðaskólann á Akureyri.

Um 11. gr.

Það virðist sanngjarnt að Reykjavíkurbær taki þátt í kostnaði af kenslu í undirbúningsdeild og gagnfræðadeild á svipaðan hátt og hjeruð landsins, sem hafa komið upp unglingaskólum leggja á sig byrðar þeirra vegna. Hversu mikill hluti á að koma á bæinn er álitamál, en hjer er stungið upp á 1/4.

Um 12. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda að öðru leyti en því, að óhjákvæmilegt virðist að láta nemendur greiða skólagjald.

Um 13. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 14. gr.

Það er vitaskuld álitamál hversu skifta skal kostnaði af að reisa hús fyrir skólana og má lengi um það deila. Þó virðist sú skifting, sem hjer er ráðgerð nærri lagi. Þessi gr. ber það greinilega með sjer, að landsstjórnin hefir ekki heimild til þess að leggja fram hluta ríkissjóðs af byggingarkostnaðinum fyr en Alþingi hefir veitt fje til þess.

Um 15. gr.

Þessi gr. þarfnast engra skýringa,

9. Frumvarp

til laga um rjett erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Í lögum þessum er maður talinn »erlendur«, ef hann á heimilisfang utan Íslands, enda sje eigi skylt að leyfa honum landsvist á Íslandi samkvæmt landslögum eða þjóðrjettarreglum.

Í lögum þessum telst sá maður »stunda atvinnu« hjer á landi, sem vinnur einhverja vinnu fyrir reikning annars aðilja, enda sje sá eigi fullábyrgur fjelagi hans um þann atvinnurekstur eða það fyrirtæki, sem fyrir er unnið. Ef fullábyrgir fjelagar eru fleiri en 3, teljast þó þeir, sem um fram eru, stunda atvinnu hjá hinum.

»Á Íslandi« merkir í lögum þessum bæði á landi og í landhelgi Íslands.

2. gr.

Óheimilt skal hverjum þeim, einstökum manni, fjelagi eða stofnun, sem hjer á landi rekur atvinnu, stofnsetur eða starfrækir eitthvert fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að taka erlenda menn í þjónustu sína hér á landi gegn kaupgreiðslu, annari en fæði og húsnæði, hvort sem það er um langan tíma eða skamman.

Þó er aðilja heimilt að taka í þjónustu sína:

1. Erlenda kunnáttumenn, enda sje eigi kostur slíkra manna hjerlendra, og skýri aðili atvinnumálaráðherra þegar frá ráðningunni.
2. Frændur sína að feðgatali eða niðja, kjörbörn, fósturbörn og systkin.

Ennfremur mega:

3. Íslensk skip ráða erlenda skipverja innan þeirra takmarka sem í lögum segir, og
4. Sendimenn annara ríkja hafa erlenda menn í einkaþjónustu sinni.

3. gr.

Erlendum mönnum, sem hingað eru komnir í atvinnuleit eða teknir eru að stunda hjer atvinnu, getur atvinnumálaráðherra vísað úr landi innan ákveðins tíma. Binda má hann og landsvist þessara manna þeim skilyrðum og takmörkunum, sem hann telur þurfa vegna hagsmuna almennings eða ríkis.

Fyrirmæli undanfarandi málsgreinar taka þó ekki til:

1. Erlendra manna, er stunda nám í hjerlendum skólum, sem ríkið á eða styrkir.
2. Erlendra manna, sem hjer dveljast til rannsókna eða vísindastarfa eða sendir eru af stjórn síns lands til kenslustarfa.
3. Þeirra manna erlendra, sem hjer dveljast, þegar lög þessi koma til framkvæmda.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, ef sjerstakar ástæður þykja mæla með því, að veita undanþágu frá ákvæðum 2. gr., svo sem ef fáir atvinnuþiggjendur eiga í hlut, eigi þykir unt að koma atvinnu á fót eða fyrirtæki í tækan tíma eða reka það án erlends vinnukrafts, enda þótt notaður sje sá hjerlendur vinnukraftur, sem kostur er á, án hnekkis atvinnuvegum landsins. Leyfi má binda öllum þeim skilyrðum um löggæslu, hollustuhætti, framfærslu, skólahald verkamanna og sjerhvað annað, sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.

5. gr.

Nú hefir aðili hjer á landi erlenda verkamenn í þjónustu sinni gagnstætt fyrirmælum 2. gr. og án þess að heimild sje til þess fengin eftir 4. gr., og kveður atvinnumálaráðherra þá upp, svo fljótt sem við verður komið, úrskurð, þar sem aðilja sje bannað að hafa hinn erlenda mann eða erlendu menn í þjónustu sinni.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra á fullnaðarúrskurð um heimild aðilja til að ráða sjer og hafa í þjónustu sinni erlenda menn, um heimild aðilja til að stunda hjer atvinnu og um skilning á undanþágum samkvæmt 4. gr. laga þessara.

7. gr.

Brot gegn úrskurðum samkvæmt 1. mgr. 3. gr. og 5. gr., þar sem aðilja er bannað að hafa erlenda menn í þjónustu sinni eða að stunda hjer atvinnu, varða sektum frá 40—10000 kr. til ríkissjóðs. Auk þess ber aðilja að hafa flutt ólöglega innflutta verkamenn sína úr landi eða sjeð þeim fyrir flutningi innan þess tíma, er ráðherra tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu. Ennfremur er heimilt að stöðva með lögbanni, án þess að trygging sje sett, þær framkvæmdir, er nota skyldi hinn erlenda vinnukraft til, ef byrjað er á þeim, þar til hinir erlendu verkamenn eru farnir úr landi eða trygt þykir, að þeir verði farnir innan ákveðins tíma.

8. gr.

Rjett er atvinnumálaráðherra að láta flytja þá erlenda menn, ásamt skylduliði, af landi brott, er hann hefir óheimilað að stunda atvinnu hjer lögum þessum samkvæmt, hvort sem þeir eru á sínum vegum eða annara, og skal sá flutningur vera á kostnað þess, er hefir ráðið þá til sín, en ella á eigin kostnað þeirra.

9. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara. Svo má þar og kveða á um sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð á málum vegna þeirra brota.

10. gr.

Taka skulu fyrirmæli gildandi laga um eftirlit með útlendingum til þeirra erlendra manna, er í lögum þessum getur, að því leyti sem samrýmast má lögum þessum.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1927.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Svo hefir verið talið, að lög nr. 10, 18. maí 1920, um eftirlit með útlendingum, veitti eigi heimild til að hefta innflutning erlendra verkamanna. Svo getur staðið á, að slíkur innflutningur sje bæði óþarfur og hættulegur, *óþarfur* af því að verk það, sem vinna á, verði unnið af innlendum mönnum, og *hættulegur*, ef veitt er inn í landið flóði erlendra verkamanna án þess að nauðsynlegar varúðarreglur sjeu settar, svo sem um hollustuhætti, löggæslu, framfærslu o. s. frv. Svo má og tungu og þjóðerni stafa hætta af fjölmennum erlendum verkalýð.

Neðri deild Alþingis skoraði á ríkisstjórnina, að undirbúa löggjöf um rjett erlendra manna til þess að leita sjer atvinnu á Íslandi (Alþ.tíð 1926 A, þingskj. 580). Ríkisstjórnin hefir fallist á það, að rjett sje að auka við gildandi lagafyrirmæli um eftirlit með útlendingum, ákvæðum um rjett manna, fjelaga eða stofnana, til að nota hjer erlendan verkalýð, og jafnframt um heimild einstakra manna erlendra til að flytjast hingað í atvinnuleit á sjálfra sinna vegum.

Um einstakar greinir frumvarpsins skal athugað:

Um 1. gr.

Ríki verður auðvitað hjer eftir sem hingað til frágangssök að meina þegnum sínum landsvist, og því verður þeim eigi heldur bönnuð för í landið í atvinnuskyni. Sama er um þá menn, er samkvæmt samningum við önnur ríki eiga sama rjett sem ríkisborgarar til landsvistar hjer og atvinnu. Með þetta fyrir augum er skýring þessarar greinar á því, hvað »erlendur maður« skuli hjer merkja.

»Að stunda atvinnu« og »reka atvinnu« er sitt hvað eftir nýjustu lagamálsvenju, sbr. t. d. lög nr. 46, 15. júní 1926 6. gr. B. 2., 7. gr. 1. málsgr. og 8. gr. 2. málsgr. c. Frumvarp þetta tekur að eins til atvinnuheimildar þeirra, sem »*stunda atvinnu*« hjer á landi eða ætla að gera það, þ. e. til þeirra, er vinna fyrir reikning annara. Fullábyrgir fjelagar verða þó eigi til þeirra taldir, er »stunda atvinnu«, þótt þeir vinni að fyrirtæki sínu, en takmarka verður töluna, svo að eigi verði farið í kringum lögin með því að gera erlenda verkamenn að einhverjum örlitlum hluta ábyrgra meðeigendur í fyrirtæki. Frumvarpið hefir engin ákvæði um heimild manna til að *reka* hjer

atvinnu. Um það segir í öðrum lögum, t. d. lögum um verslunaratvinnu, gistihúshald, fiskiveiðar o. s. frv.

Það er vafalaust, að eigi skiftir máli, hvort nota skal erlent starfsfólk við fyrirtæki á landi eða í landhelgi, t. d. vinslu járnsands úr sjó, síldarsöltun í landhelgi o. s. frv.

Um 2. gr.

Hjer greinir um heimild þeirra, er atvinnu reka eða fyrirtæki og kaupa vinnukraftinn, að taka erlenda menn í þjónustu sína. Greinin tekur til allra þeirra, sem *kaupa* verk annara til rekstrar atvinnu sinnar eða til að stofna fyrirtæki eða reka það. Það skiftir eigi máli hver atvinnan er eða fyrirtækið. Ákvæði greinarinnar tæki því t. d. til ákvæðisverks (akkords), er innlendur maður eða erlendur tæki að sjer að inna af hendi. Skilyrðið er, að starfsmaðurinn fái kaup annað en fæði og húsnæði. Ef hann fær að eins fæði og húsnæði, þá virðist ekki rjett að láta ákvæði frv. taka til hans. Svo er t. d. í Bretlandi. Öllu erlendu starfsfólki er þar meinuð vist, ef það tekur annað kaup fyrir vinnu sína, en eigi ef kaupgreiðslan er eigi önnur en fæði og húsnæði.

Enn er svo háttað, að kunnáttumenn brestur hjer á landi í ýmsum greinum, og er þá ljóst, að atvinnurekendum o. s. frv. skuli vera heimilt að fá þá frá öðrum löndum. Hinsvegar þykir rjett, að þeir skýri ráðherra frá ráðningunni, svo að þessi heimild verði síður vanbrúkuð.

Um 3. gr.

Hún geymir heimild til handa ráðherra til að meina erlendum atvinnuleitendum landsvist hjer í rífara mæli en í lögum nr. 18, 10. maí 1920 segir. Hjer er átt við þá erlenda menn, er á eigin spýtur koma hingað í atvinnuleit án þess að annar hafi ráðið þá, því að þá á 2. gr. við. Það virðist mega láta sjer nægja *heimild* handa ráðherra til að hlutast til um málið, en eigi að hann *skuli* alt af gera það. Og getur ráðherra þá, ef hann telur til þess ástæðu, sem auðvitað þarf alls eigi alt af að vera, annað hvort vísað aðilja skilyrðislaust úr landi eða veitt honum landsvistarleyfi með skilyrðum eða takmörkunum, eins og í 3. gr. segir.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar byggjast bæði á því, að oft kunni að vera óþarft og ofhart að meina vinnuveitanda að taka í þjónustu sína einstakan erlendan mann, t. d. þjón í búð eða skrifstofu o. s. frv., og svo hinu, að stundum kann að vera þörf á erlendu starfsfólki til þess að fyrirtæki verði komið á fót svo snemma, sem þörf þykir vera til, eða fyrirtæki rekin sem þegar hafa verið stofnsett.

Um 5. og 6. gr.

Samkvæmt þessum gr. sbr. 7. gr. frv. eiga dómstólar landsins einungis úrskurðarvald um *refsingu* fyrir brot á ákvæðum frumvarpsins *eftir* að ráðherra hefir skorið úr því, hvort aðili hafi haft heimild til að ráða sjer er-

lenda verkamenn, erlendir verkamenn megi hjer leita sjer eða stunda atvinnu og hversu skilja skuli undanþágur. Þessum málum mun venjulega þurfa að hraða eins og hægt er vegna þess, hversu óvissa getur verið aðiljum bagaleg.

Um 7. gr.

Lágmark sektar er haft svo lágt af því að 2. gr. og 3. gr. taka til svo mismunandi brota. Þau geta átt við aðilja, sem ráðið hefir til sín einn mann og annan, sem ráðið hefir til sín menn svo tugum eða jafnvel hundruðum skiftir. Og þá fyrst þykir rjett að láta þann verknað, sem í 2. og 3. gr. segir, varða refsingu, er ráðherra hefir úrskurðað hann óleyfilegan. Önnur ákvæði greinarinnar miða til þess að ákvæðum laganna verði fremur hlýtt.

Um 8. og 9. gr.

Í 6. gr. laga nr. 10, 1920, er kveðið á um brottför þeirra manna, er vísað er úr landi eftir þeim lögum. Svipað ákvæði virðist rjett að setja í lagafrumvarp [þetta, og er þó nokkru fastar að kveðið hjer. Þó þykir enn fremur rjett að veita hjer heimild til að setja reglugerð um þau efni, er í frv. segir, með því að ef til vill má deila um það, hvort reglugerðir þær, sem getur í l. nr. 10, 1920 mundu koma að fullu haldi um framkvæmd á ákvæðum þessa frumvarps eða hvort þar sje næg heimild til að setja reglugerð um málefni þau, er í frumvarpi þessu segir.

Um 10. gr.

Til þess að fyrirgirða allan vafa þykir rjett að segja það fullum stöfum, að lög nr. 10, 18. maí 1920 skuli halda gildi sínu um þá erlenda menn, er hjer greinir að því leyti, sem ákvæði þessa frv. taki eigi til. Fyrirmæli laga 1920 um heimild til að binda landgöngu erlends manns því skilyrði, að hann hafi vegabrjef (1. gr.), um eftirlit lögreglumanna (2. og 8. gr.), um brottvísun úr landi (4.—6. gr.), um afturkomu manna, er brott hefir verið vísað, hingað í land (9. gr.) og um rannsóknir um hagi erlendra manna hjer (10. gr.) eiga öll við þá menn, er í frumvarpi þessu getur, og verða því notuð við hlið þeirra.

10. Frumvarp

til laga um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Landstjórninni er heimilt að láta reisa á lóð Hins almenna mentaskóla heimavistahús handa 40—50 námssveinum skólans og búa það nauðsynlegustu húsgögnum, hvorttveggja á kostnað ríkissjóðs.

2. gr.

Heimavistasveinar fá húsnæðið ókeypis ásamt ljósi og hita. Í húsinu skal ætla rúm og nauðsynleg áhöld sameiginlegu mötuneyti heimavistasveina, en að öðru leyti tekur ríkissjóður ekki þátt í þeim kostnaði, er af mötuneytinu leiðir.

3. gr.

Skólameistari velur, í samráði við fasta kennara skólans, þá skólasveina, er heimavistanna eiga að njóta. Ef fleiri sækja en húsrúm leyfir, skulu utanbæjarsveinar ganga fyrir, enda sjeu þeir efnilegir og stundi nám sitt vel. Ef ekki er húsrúm fyrir þá utanbæjarsveina, sem heimavista óska, ganga þeir fyrir, sem fátækari eru, ef þeir annars teljast hlunnindanna maklegir.

4. gr.

Kenslumálaráðherra setur reglur um heimavistirnar, að fengnum tillögum skólameistara. Í reglum þessum skulu vera fyrirmæli, er tryggi góða reglu í heimavistahúsinu, um þjónustufólk og annað, er þurfa þykir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frv. því um lærðan skóla í Reykjavík, sem flutt var af hálfu landsstjórnarinnar á Alþingi 1926, var meðal annars gert ráð fyrir ekki færri en 50 heimavistum við skólann. Þetta frv. náði ekki fram að ganga, eins og kunnugt er og þykir ekki rjett að leggja það aftur fyrir þingið nú. Hins vegar virðist það svo nauðsynlegt að fá heimild til þess að reisa hús til heimavista, að það megi varla dragast lengi. Nám utanbæjarskólasveina er svo dýrt hjer í bænum, að illkleyft er fátækum piltum. Þar við bætist og það, að úr hópi hinna fátæku koma venjulega ekki til náms nema þeir, sem vel eru til þess fallnir og einmitt þeir eru maklegastir styrks, auk þess sem ríkið á þar nokkurn veginn vísa von óbeins endurgjalds í síðara starfi slíkra manna.

Það þykir því mega ganga út frá, að Alþingi taki því vel að styrkja slíka menn og í því trausti flytur stjórnin frv.

Þess er rjett að geta, að húsameistari ríkisins hefir, eins og frá er skýrt í athugasemdum við frv. það, er áður var nefnt, gert áætlun um og teikningu af hinu umrædda heimavistahúsi. Gerir hann ráð fyrir, að það mundi kosta um 150000 kr., ef 50 heimavistir eigi í því að vera, en sennilega má gera ráð fyrir, að kostnaðurinn verði nú eitthvað minni vegna lækkandi verðlags. Annars vísast um fyrirkomulag hússins til álitsskjals húsameistara, sem prentað er í A-deild Alþtíð. 1926, bls. 76, þótt að vísu sje engu slegið föstu um fyrirkomulag hússins.

Hvenær byggingin yrði reist verður ekkert fyllyrt um nú og yrði það nokkuð að fara eftir árferði, en vegna þess hve stjórnin telur mikla þörf á framkvæmdum í þessa átt, vill hún ekki stinga upp á, að þær bíði, þar til

fjárveiting liggur fyrir í fjárlögum, heldur er hugsun hennar að grípa fyrsta hentugt tækifæri til þess að reisa heimavistahúsið.

Hinar einstöku gr. frv. virðast ekki þurfa skýringa.

11. Frumvarp

til laga um útrýming fjárkláða.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Böðun á sauðfje til útrýmingar fjárkláða skal fram fara um land allt í árslok 1928 og ársbyrjun 1929. Skulu dýralæknar landsins standa fyrir framkvæmdum, hver í sínum fjórðungi, alt undir yfirumsjón dýralæknisins í Reykjavík og taka þeir sjer aðstoðarmenn eftir þörfum. Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að láta fresta böðuninni, ef Búnaðarfjelag Íslands telur, að áhætta sje að láta hana fara fram, vegna fóðurskorts.

2. gr.

Að fengnum tillögum dýralæknisins í Reykjavík semur atvinnumálaráðuneytið reglugerð um framkvæmd verksins og skal þar ákveða sektir fyrir brot gegn reglugerðinni.

3. gr.

Útrýming fjárkláðans skal í tvöldráttum framkvæmd á þann hátt, að alt fje í landinu sje baðað úr góðu kláðabaði, þrem böðum, með hæfilegu millibili, Atvinnumálaráðuneytið sjer um kaup eða tilbúning á baðlyfinu og flutning þess á hafnir. Þaðan skulu hreppsnefndir annast flutninginn í hvern hrepp og um hann og sjá um, að næg baðker sjeu í hreppnum. Hver sá, er hefir fje á fóðrum, leggur til ókeypis nægilega aðstoð við skoðun og böðun þess.

Kostnað allan við eftirlit með böðuninni greiðir ríkissjóður og auk þess $^2/_3$ hluta andvirðis baðlyfja og $^2/_3$ hluta flutningskostnaðar á hafnir. Allan annan kostnað við útrýmingarböðunina greiða fjáreigendur eftir fjártölu og annast hreppsnefndir og bæjarstjórnir innheimtu. Gjald þetta má taka lögtaki.

4. gr.

Þar til lög þessi koma til framkvæmda, skal atvinnumálaráðuneytið láta fram fara ítarlega rannsókn á tilbúningi og nothæfi baðlyfja til útrýmingarböðunarinnar.

5. gr.

Framkvæmd tilskipunar 5. jan. 1866, tilsk. 4. mars 1871, laga 8. nóv. 1901 og laga um sauðfjárbaðanir 30. nóv. 1914 skal frestað að því leyti, sem þær tilskipanir og lög samrýmast ekki lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á þinginu 1926 bar landbúnaðarnefnd Nd. fram frv. um útrýming fjárkláða og var það frv. sþ. í þeirri deild með nokkrum breytingum. Í Ed. var samþykt að fela stjórninni að leita umsagnar sýslunefnda landsins áður en lengra væri farið í málinu. Stjórnin hefir þó talið rjettara að fara þá leið að leggja fyrir sýslumenn landsins og bæjarfógeta að útvega upplýsingar hjá hreppstjórum öllum um útbreiðslu kláðans, því að ef bíða hefði átt eftir sýslufundum alstaðar á landinu hefði málið ekki getað komið fyrir þing fyr en 1928 og það þótti helst til seint. Svör úr mörgum sýslum eru þegar komin og verða væntanlega öll komin, er þingið tekur málið til meðferðar. Þykir ekki ástæða til þess að ræða hjer um svör þessi, því að þau munu verða afhent nefndum þeim, sem um málið fjalla.

Frv. er hjer flutt óbreytt eins og Nd. gekk frá því og þykir því engin þörf á að skýra hinar einstöku gr. þess.

12. Frumvarp

til laga um viðauka við námulög nr. 50, 30. júlí 1909.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Nú hefir maður fengið málmgraftrarbrjef á svæði, sem ríkið hefir ekki látið gera uppdrátt af og enginn fullkominn uppdráttur er til yfir, og er honum þá heimilt að fresta að senda lögreglustjóra beiðni um útmælingu þangað til ríkissjóður hefir látið gera slíkan uppdrátt af námusvæðinu eða uppdrátturinn er fenginn á annan hátt.

Áður ár er liðið frá því er uppdráttur var gerður samkvæmt 1. málsgr. og allir eiga kost á að fá hann, skal sá, er málmgraftrarbrjef hefir, hafa beiðst útmælingarinnar, að viðlögðum missi finnandarjettarins. Þegar slíkur uppdráttur er fyrir hendi er lögreglustjóra heimilt að láta af hendi útmælingarbrjef eftir uppdrættinum, án þess að fara á staðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 12. og 13. gr. námulaganna er lögreglustjórum gert að skyldu að mæla málmfundarmönnum allstóra námuteiga, sem skulu mældir

eftir flatarmáli og er svo ákveðið í 12. gr., að útmælingarbeiðandi láti lögreglustjóra í tje »nauðsynleg áhöld og aðstoð«.

Nú liggja námur oft í fjalllendi og fjarri bústöðum lögreglustjóra og er því dýrt að fá útmælinguna framkvæmda, en oftast vandsjeð hvort nokkuð er í aðra hönd. Auk þess mun oft mjög dýrt að útvega mælingamann, sem lögreglustjóri tekur gildan. Það getur því farið svo eftir gildandi lögum, að málmfundarmaður missi rjett sinn, af því að hann getur ekki kostað til, því sem þarf til þess að viðhalda rjettinum. En það sýnist ekki vera sanngjarnt og er frv. þetta borið fram til þess að ráða bót á þessu.

13. Frumvarp

til laga um uppkvaðningu dóma og úrskurða.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Kveða skal hinn reglulegi hjeraðsdómari upp dóma, bæði í einkamálum og opinberum málum, á skrifstofu sinni eða í þinghúsi heimilisþinghár sinnar, enda þótt utan þinghár sje, þar sem mál var flutt.

2. gr.

Nú skal setudómari kveða upp dóm í máli, sbr. 1. gr., og skal hann þá segja dóm upp í kaupstað þeim eða kauptúni, þar sem hann á heima, eða á heimili sínu, þótt það sje utan þinghár eða lögsagnarumdæmis, þar sem með málið var farið.

3. gr.

Ef kveða skal upp úrskurð í dómsmáli, sbr., 1. gr., þá skal svo með fara sem í 1. og 2. gr. segir.

4. gr.

Ávalt er dómara skylt að veita aðiljum vitneskju um uppsögn dóms eða úrskurðar, þegar er þess er kostur, ef uppkvaðning fer fram utan þinghár eða lögsagnarumdæmis, þar sem mál er eða var flutt eða dómsathöfn skyldi fram fara.

5. gr.

Nú á dómari samtímis öðrum störfum að gegna á þeim stað, er mál var eða er flutt eða dómsathöfn skyldi fram fara, eða hann á þar leið um, og ber honum þá að kveða þar upp dóm sinn eða úrskurð. Sama er og, ef aðili krefst þess, að þar verði dómur eða úrskurður upp kveðinn, en bera

skal aðili þá allan þann kostnað, sem af kröfu hans leiðir, hver sem málsúrslit verða og hvort sem hann hefir haft gjafsókn eða gjafvörn að einhverju leyti eða öllu, eða ekki.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Svo mun verða að líta á, að dómara í einkamálum, þar á meðal skiftaráðanda, fógeta og uppboðshaldara, sje óheimilt að kveða upp dóma og úrskurði utan þeirrar þinghár, kaupstaðar eða lögsagnarumdæmis, þar sem mál er eða var flutt eða dómsathöfn, t. d. aðför, skyldi annars fram fara, nema aðiljar samþykki. Þetta skipulag veldur bæði fyrirhöfn og kostnaði, einkum þar sem setudómarar fara með mál. Ber það ósjaldan við, að setudómari, sem auðvitað hefir samið dóminn heima hjá sjer, verður að takast langa ferð á hendur til þess eins að lesa upp dóminn. Þess konar ferðalag kemur aðiljum málsins að engu gagni. Þeim væri jafnhægt að afla sjer eftirrits af dómi eða úrskurði, þótt uppsagan hefði farið fram á heimili dómarans. Í gjafsóknar og gjafvarnarmálum og opinberum málum kemur ferðakostnaður dómara venjulega á ríkissjóð, en í öðrum málum telst hann til málskostnaðar, sem annar hvor aðilja eða báðir verða að bera. Ríkissjóður hefir vitanlega engan hag af þessu ferðalagi. Það virðist því samkvæmt því, er nú hefir verið sagt, ástæða til að breyta núverandi skipulagi í þessu efni.

Um 1. og 2. gr.

Þessar greinar eiga við *dóma* í dómsmálum alment, bæði í einkamálum og opinberum málum, og tekur 1. gr. til mála, sem hinn reglulegi hjeraðsdómari dæmir, en 2. gr. til þeirra mála, er setudómari dæmir vegna þess, að hinn reglulegi dómari hefir ekki getað dæmt þau sakir afstöðu sinnar til máls eða málsaðilja.

Um 3. gr.

Málum, sem fyrir fógeta, uppboðshaldara eða skiftaráðanda koma, lýkur oft með *úrskurði* þannig, að engin dómsathöfn skal fram fara, t. d. ef synjað er um aðför, uppboð eða skifti. Þá er auðvitað þarflaust, að dómari (fógeti o. s. frv.) takist ferð á hendur til að kveða úrskurð sinn upp á staðnum, þar sem dómsathöfnin skyldi hafa fram farið. Sama er um ýms aukamál, er fara þarf með í sambandi við aðalmál, svo sem vitna- eiðs- og matsmál. Ef nú dómari úrskurðar, að þessi mál skuli ekki ná fram að ganga, þá er þarflaust, að hann fari á staðinn til að kveða þar upp úrskurð sinn, nema hann haldi málinu áfram að öðru leyti jafnharðan, t. d. ef spyrja skal önnur vitni en þau, er neitað var að leiða fyrir dóm, þá þegar eftir uppkvaðningu úrskurðar. Þá er einsætt, að úrskurð skal kveða upp á staðnum.

Um. 4. gr.

Áfrýjunarfrestur telst frá dómsuppsögu eða úrskurðar, ef úrskurði má áfrýja sjerstaklega. Fyrir því þykir rjett að skylda dómara til að veita aðiljum vitneskju um dómsuppkvaðningu eða úrskurðar svo fljótt sem unt er, svo að sem skemstur tími liði milli uppsögunnar og þar til aðiljar fá vitund um hana.

Um 5. gr.

Ef dómara er þess kostur að kveða upp dóm eða úrskurð á staðnum, þar sem mál var flutt o. s. frv., án þess að nokkurn aukakostnað leiði af því, þá er auðvitað rjett, að hann geri það, t. d. ef hann kveður upp úrskurð samstundis eða án þess að fara af staðnum eftir að mál var tekið undir dóm eða úrskurð, ef hann þarf samtímis að koma á staðinn vegna annara embættisverka eða á þar annars leið um. Ennfremur þykir rjett að heimila aðilja, öðrum eða báðum, að gera þá kröfu, að dómur eða úrskurður verði þar uppkveðinn, sem mál var flutt. o. s. frv. En þá verður sá, er þá kröfu gerir, að bera allan kostnað, sem hún hefir í för með sjer. Ef aðiljar gera þá kröfu báðir, getur dómari jafnað á þá kostnaði samkvæmt gildandi lögum.

14. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

26. gr. ofannefndra laga orðist svo:

Sje barnsfúlga sú, er barnsföður (meðlagsskyldum) er skylt að borga með óskilgetnu barni samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni, ekki greidd á rjettum gjalddaga, og eigi móðir þess rjett til framfærslu hjer á landi, þá er henni heimilt, áður en eitt ár er liðið frá gjalddaga, að krefjast þess, að fúlgan verði greidd henni af sveitarfje í dvalarsveit hennar, þó eigi meira en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, er barnið dvelur í. En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveður atvinnumálaráðuneytið að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna fyrir hvert sveitarfjelag um 3 ár í senn og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna. Beiðni barnsmóður til dvalarsveitar skal fylgja meðlagsúrskurður valdsmanns, löglega birtur, eða samningur, staðfestur af honum og löglega birtur, og lífsvottorð barnsins, enda láti móðirin uppi þá skýrslu um framfærslusveit barnsföður (meðlagsskylds), sem hún er fær um.

Meðlagið skal talinn sveitarstyrkur til handa barnsföður (meðlagsskyldum) frá dvalarsveit móður, og fer um endurgjald á honum sem öðrum sveitarstyrk.

Nú er barnsfaðir (meðlagsskyldur) alfarinn af landi burt eða látinn, og hefur ekki látið eftir sig nægilegt fje til uppeldis barninu, og er þá framfærslusveit hans að eins skylt að kosta uppeldi þess til fullnaðs 14 ára aldurs, og með eigi hærri upphæð en meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra er þar í sveit.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1928.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við frumv. til fátækralaga, sem nú er lagt fyrir Alþingi, þykir rjett að bera einnig fram frumv. þetta til að skýra og marka nánar breytingu þá, sem gerð var með 26. gr. l. nr. 46, 1921 á 9. gr fátækralaganna frá 1905.

Orðin »áður en eitt ár er liðið frá gjalddaga« eiga að taka af öll tvímæli um það, að rjettur til að krefjast barnsfúlgu af sveitarfje fyrnist á einu ári, en um leið er rjettur barnsmóður gerður efalaus um það, að henni er heimilt að krefjast greiðslunnar á missiri hverju, að liðnum gjalddaga, í stað að eins einu sinni á ári eins og gildandi ákvæði hafa verið skilin.

Kent hefir allmikils ósamræmis um ákvörðun meðalmeðgjafar milli sýslufjelaga þar sem þó, eftir því sem högum er háttað, hefði átt að vera eins eða næsta jöfn meðalmeðgjöf. Breyting sú, sem hjer er farið fram á stefnir í rauninni að eins að því að samræma meðgjöfina í þeim hjeruðum þar sem sömu eða líkar ástæður eru fyrir hendi.

Síðasta málsgrein frumvarpsgreinarinnar takmarkar nokkuð frá því sem nú er skyldur framfærslusveitar barnsföður, þegar hann er alfarinn úr landi eða látinn, og þykir eðlilegast að framlagsskyldan hætti þegar börn að jafnaði eiga að geta unnið fyrir sjer.

15. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Aftan við 19. gr. laga nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar, komi ný grein svohljóðandi:

Þegar sjerstaklega stendur á og nauðsyn krefur, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið veitt undanþágu frá prófkröfum þeim og skilyrðum

að því er sjómensku snertir, sem nefnd eru í lögum þessum, en þó að jafnaði að eins frá liðunum b. og c. í 10. gr., b. í 12. gr. c. í 14. gr. og d. í 17. gr. Þó má siglingatíminn aldrei vera minni en helmingur hins áskilda tíma. Sje um að ræða aðrar undanþágur, má eigi veita þær nema forstöðumaður stýrimannaskólans telji þær forsvaranlegar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það hefir undanfarin ár komið þráfaldlega fyrir, að eigi hefir verið unt að fá stýrimenn og skipstjóra, — einkum á fiskiskip, — sem hafi haft nægilega langan siglingatíma til þess að fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru í siglingaatvinnulögunum. Hefir því ráðuneytið oft orðið að grípa til þess, að slá eitthvað af kröfunum, einkum að því er siglingatímann snertir, þareð annars oft hefði viljað til að skip yrðu ekki gerð út að sinni vegna skorts á hæfum mönnum.

Frumvarp þetta er því borið fram til þess að fá inn í lögin svipaða undanþáguheimild og var í 16. gr. siglingaatvinnulaganna frá 3. nóv. 1915, en sem síðar hefir komið í ljós að ófyrirsynju var afnumin með lögunum frá 1922. Það skal tekið fram, að þar sem venja er að bera allar slíkar undanþágubeiðnir undir þann sjerfræðing, sem stjórnin hefir til ráðuneytis í þessum efnum, ætti það að vera nægileg trygging fyrir því að undanþágur verði að eins veittar þegar þörf er á.

16. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararjettar.

(Lagt fyrir Alþingi 1927)

Ríkisborgararjettur veitist frú Ingeborg Stein-Bjarnason listmálaranema, fæddri í Sviss.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frú Ingeborg Stein-Bjarnason er fædd í Zürich 9. febrúar 1901 og er dóttir Þorleifs H. Bjarnason yfirkennara við Hinn alm. mentaskóla og fyrri konu hans, dr. phil. Adeline Rittershaus. Með því að faðir frú Ingeborg Stein-Bjarnason er og hefir ætið verið íslenskur ríkisborgari hefir dóttir hans einnig átt íslenskan ríkisborgararjett frá fæðingu, til þess er hún giftist, hinn 12. nóv. 1920, svissneskum verkfræðingi, Theodor Stein, en síðan hefir hún vitaskuld átt svissneskan ríkisborgararjett. En hjónabandi hennar og Steins var

slitið 20. maí 1925 og þar sem móðir hennar er látin, hefir hún óskað af fá aftur íslenskan ríkisborgararjett, þar sem engin bönd bindi hana lengur við Sviss, þegar hjónabandi hennar er slitið. Móðir hennar var þýsk. Umsækjandinn er nú við listmálaranám í Parísarborg og eftir því, sem atvik liggja til, virðist rjett að verða við þessari beiðni.

17. Frumvarp

til laga um samþykt á landsreikningnum 1925.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

	Áæ lun	Reikningur
I. Tekjur:	kr.	kr.
1. Fasteignaskatttur	215000,00	235182,30
2. Tekju- og eignarskattur	800000,00	2108926,91
3. Aukatekjur	280000,00	436760,64
4. Erfðafjárskattur	30000,00	37089,65
5. Vitagjald	195000,00	392470,87
6. Leyfisbrjefagjöld	10000,00	13527,05
7. Útflutningsgjald	700000,00	1226562,96
8. Áfengistollur	430000,00	808882.22
9. Tóbakstollur	400000,00	658267,50
10. Kaffi- og sykurtollur	890000,00	1093758,67
11. Vörutollur	1120000,00	2176428,63
12. Annað aðflutningsgjald	115000,00	262947,34
13. Verðtollur	... ...	2085668,23
14. Gjald af brjóstsykur- og konfektgerð	15000,00	24934,04
15. Stimpilgjald	600000,00	386641,22
16. Lestagjald	30000,00	42311,50
17. Pósttekjur	350000,00	561992,83
18. Símatekjur	1000000,00	1468673,47
19. Víneinkasala	300000,00	550000,00
20. Tóbakseinkasala	200000,00	450000,00
21. Steinolíueinkasala	60000,00	90364,00
22. Skólagjöld	20000,00	26085,00
23. Bifreiðaskattur	22000,00	24687,26
24. Tekjur af fasteignum ríkissjóðs o. fl.	55100,00	40773,03
25. Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl.	225000,00	362352,36
26. Óvissar tekjur, ýmisl. greiðslur og endurgjöld	227000,00	904705,15
27. Tekjur samkv. sjerstökum lögum	... ...	327367,50
Samtals	8289100,00	16797360,33

II. Gjöld:	Fjárveiting kr.	Reikningur kr.
1. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	2193602,13	2000197,41
2. Borðfje Hans Hátignar konungsins	60000,00	60000,00
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	174500,00	268925,91
4. Til ráðuneytisins o. fl:		
A. Ráðuneytið o. fl.	155850,00	206601,88
B. Hagstofan	36500,00	56454,44
C. Gjöld í Kaupmannahöfn	39500,00	52219,40
5. A. Dómgæsla og lögreglustjórn	396300,00	516452,34
B. Ýmisleg gjöld	205600,60	290256,22
6. Læknaskipun og heilbrigðismál	927260,00	1214835,63
7. Til samgöngumála:		
A. Póstmál	398374,00	456300,09
B. Vegabætur	254000,00	481409,94
C. Samgöngur á sjó	265000,00	294750,00
D. Hraðskeyta- og talsímasamband	815300,00	1351906,90
E. Vitamál	112650,00	169899,17
8. Til kirkju- og kenslumála:		
A. Andlega stjettin	218806,28	285033,25
B. Kenslumál	845980,00	1112252,15
9. Til vísinda, bókmenta og lista	180810,00	203641,36
10. Til verklegra fyrirtækja	531850,00	570273,08
11. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur	4000,00	47617,95
12. Eftirlaun og styrktarfje	190512,98	215296,79
13. Óviss útgjöld	268000,00	340515,60
14. Eimskipafjelag Íslands	... ...	60000,00
15. Fjárgreiðslur samkv. lögum og fjáraukalögum ...	... ...	1403158,79
16. Greitt Landsbankanum lán 1918	... ...	500000,00
17. Afborgun lausra skulda	... ...	3376279,75
18. Aukin innstæða	... ...	56242,32
19. Aukinn sjóður	... ...	1206839,96
Samtals ...	8274395,39	16797360,33

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið samþykt. Landsreikningurinn fyrir árið 1925 verður lagður samhliða þessu frv. fyrir Alþingi, en hann telur allar tekjur og gjöld í sömu röð og fjárlögin, og vísast því til hans um nánari sundurliðun tekna og gjalda.

18. Frumvarp

til laga um laun skipherra og skipverja á varðeimskipum ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Skipherrar hafa að byrjunarlaunum 6000 kr. á ári, en launin hækka á þriggja ára fresti um 400 kr. upp í 7200 kr. á ári.

2. gr.

Yfirstýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3500 kr., en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 3900 kr. á ári.

Annar stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 2900 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 3300 kr. á ári.

Þriðji stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 2300 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 2700 kr. á ári.

3. gr.

Yfirvjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir yfir 700 hestöfl, hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr upp í 5400 kr. á ári.

Yfirvjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir 200 til 700 hestöfl, hefir að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 4900 kr. á ári.

Annar vjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir yfir 700 hestöfl, hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 4400 kr. á ári.

Annar vjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir 200 til 700 hestöfl, og þriðji vjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir yfir 700 hestöfl, hefir að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 3400 kr. á ári.

4. gr.

Loftskeytamaður 1. flokks hefir að byrjunarlaunum 2300 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr., upp í 2700 kr. á ári.

Loftskeytamaður 2. flokks hefir að byrjunarlaunum 2100 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 2500 kr. á ári.

5. gr.

Fullgildur háseti hefir að byrjunarlaunum 1800 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 50 kr. upp í 2000 kr. á ári. Enginn getur orðið skipaður fullgildur háseti, nema hann hafi siglt 24 mánuði, þar af að minsta kosti 6 mánuði sem viðvaningur á varðeimskipi eða verslunareimskipi.

6. gr.

Yfirkyndari hefir að byrjunarlaunum 2100 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 50 kr. upp í 2300 kr. á ári.

Fullgildur kyndari hefir að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 50 kr. upp í 2200 kr. á ári.

Enginn getur orðið skipaður yfirkyndari, nema hann hafi verið fullgildur kyndari í 12 mánuði. Fullgildur kyndari skal hafa siglt að minsta kosti 6 mánuði sem óvanur kyndari.

7. gr.

Matsveinn hefir að byrjunarlaunum 2300 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 50 kr. upp í 2500 kr. á ári.

8. gr.

Auk hinna föstu launa, sem talin eru í 1.—7. gr., njóta starfsmenn þessir dýrtíðaruppbótar á þau laun eftir sömu reglum, sem gilda eða settar kunna að verða fyrir starfsmenn ríkisins almennt. Ennfremur hafa þeir ókeypis fæði fyrir sjálfa sig á skipinu.

Starfsmenn þessir greiða iðgjöld í lífeyrissjóð embættismanna og öðlast rjett til lífeyris fyrir sig og ekkjur sínar samkvæmt lögum nr. 51, 27. júní 1921.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn mánaðarkaup án dýrtíðaruppbótar fyrir viðvaninga, óvaninga og vikadrengi, sem ráðnir kynnu að verða á skipin. Svo er honum og heimilt að gera samning við bryta um borgun fyrir fæði skipshafnar fyrir eitt ár í senn.

10. gr.

Launaákvæði 1. gr. skulu eigi vera því til fyrirstöðu, að núverandi skipherrar haldi þeim launum, er um var samið þá er þeir rjeðust í þjónustu ríkisins.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Athugasemdir við frumvarpið:

Þar sem ríkið er nú farið að halda úti skipum, sem það sjálft á, til landhelgisgæslu allt árið, er óhjákvæmilegt að taka ákvörðun um launa- eða ráðningarkjör starfsmannanna á skipunum. Virðist þá vera um það tvent að velja, annaðhvort að ákveða þessum mönnum laun með lögum, svo sem nú er gert um langflesta opinbera starfsmenn, eða að ráða menn fyrir mánaðarkaup, líkt því sem tíðkast hjá siglingafjelögum, og eiga þá undir breytingum þeim á launa-

kjörum, sem stafa af mismunandi eftirspurn og framboði hæfra manna. Fyrri leiðin þykir hentugri, bæði af því að yfir höfuð mun mega vænta þess að launin geti orðið heldur lægri, ef þau eru fastákveðin með lögum, og svo hefir ríkið mjög slæma aðstöðu til þess að taka þátt í kaupdeilum og kaupgjaldssamningum, en hjá slíku yrði ekki komist ef síðari leiðin er farin.

Þegar varðskipaútgerð ríkissjóðs byrjaði, hinn 1. júlí 1926, voru settar bráðabirgðareglur um laun skipverjanna, sniðnar eftir því, sem þá tíðkaðist um kaup skipverja á flutningaskipum, og verið hafði á björgunarskipinu »Þór« hjá fyrri eigendum hans. Öll laun voru í þessum bráðabirgðareglum ákveðin sem mánaðarlaun, en um þau öll var það ákvæði sett, að þau skyldu hækka og lækka eftir því sem verðlagsskrá embættismanna launalaganna hækkar eða lækkar. Þessar bráðabirgðareglur, sem munu verða lagðar fyrir þingið, taka þó eigi til skipherranna. Launaupphæðir frv. eru nú sniðnar að mestu eftir þessum bráðabirgðareglum, þannig, að mánaðarlaunum er breytt í árslaun, sú tala lækkuð eftir hlutfallinu 100: 167⅓, og þannig fundin upphæð árslauna án dýrtíðaruppbótar, er samsvarar bráðabirgðareglunum. Þessar tölur eru svo jafnaðar, svo að árslaunin standi á heilu hundraði, og koma þá fram tölur frv.

Sjálfsagt þykir að setja í lögin ákvæði um að þessir starfsmenn greiði gjald í lífeyrissjóð og öðlist rjett til lífeyris þaðan, sem aðrir opinberir starfsmenn, er laun taka eftir launalögum.

Ákvæði frumvarpsgreinanna hverrar fyrir sig þykir ekki þurfa að skýra.

19. Frumvarp

til laga um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Varðskipin skulu eiga heimili í Reykjavík. Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal vera á skipunum. Allir starfsmenn skipa þessara eru sýslunarmenn ríkisins.

2. gr.

Skipherrar á varðskipunum eru löggæzlumenn ríkisins á landhelgissvæðinu. Stýrimenn eru aðstoðarmenn þeirra við löggæsluna.

3. gr.

Skipherrar, stýrimenn, vjelstjórar og loftskeytamenn skulu skipaðir af ráðuneytinu. Það skipar og bryta og semur við hann um borgun fyrir fæði skipverja, þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár í senn.

Ráðuneytið getur hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, sjerhverjum sýslunarmanni á skipunum.

4. gr.

Aðra sýslunarmenn en þá, er getur um í 3. gr., skipa skipherrar í umboði ráðuneytisins. Þessum mönnum geta skipherrar hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, en skýra skal þá þegar ráðuneytinu frá málavöxtum.

Nú telur skipherra, sem staddur er á varðskipi utan Reykjavíkur, nauðsynlegt að einhverjum þeirra starfsmanna, er ræðir um í 3. gr., sje þegar vikið frá sýslan, og má hann þá víkja sýslunarmanninum frá um stundarsakir, en skýra verður hann tafarlaust frá því ráðuneytinu, er síðan leggur úrskurð á málið.

5. gr.

Laun sýslunarmanna skulu ákveðin í launalögum. Skráning manna á skipin fyrir skráningarstjórum skal ekki fara fram.

Siglingartími sýslunarmanna á varðskipi skal tekinn til greina sem siglingatími skráðra manna á öðrum skipum.

Reglur siglingalaganna um ráðning áhafnar á skip, kaupgreiðslur og um það, hvernig fer þá er skipverji sýkist, gilda í engu um sýslunarmenn á varðskipum.

6. gr.

Sje sýslunarmanni vikið frá um stundarsakir tekur hann ekki laun á meðan. Sje honum vikið frá fyrir fult og alt, og það er ekki gert vegna elli eða vanheilsu, ákveður ráðuneytið, hvort honum eftir atvikum skuli endurgoldin iðgjöld þau, er hann hefir greitt samkvæmt launalögunum í lífeyrissjóð embættismanna, eða ekki.

7. gr.

Ráðuneytið setur reglur um löggæslustarfið og um einkennisbúninga sýslunarmanna. Það getur og sett reglur um tilhögun alls á skipunum eftir því, sem þurfa þykir.

8. gr.

Nú brýtur sýslunarmaður gegn skyldum sínum eftir reglum þeim, sem settar eru samkvæmt lögum þessum, eða að öðru leyti, og varðar það þá ábyrgð sem brot í embættisfærslu, nema brotið sje þannig vaxið, að ábyrgð varði samkvæmt siglingalögunum, og eigi liggi þyngri hegning við því sem broti í embættisfærslu.

9 gr.

Lög þessi ná aðeins til þeirra varðskipa, sem eru eign ríkisins, og ráðuneytið telur aðalvarðskip.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Það er rjett að lög sjeu til og reglur um varðskipin og löggæsluna á landhelgissvæðinu. Það verður og að telja heppilegt, að starfsmenn á varðskipunum sjeu allir sýslunarmenn ríkisins. Það glæðir ábyrgðartilfinning löggæslumanna og veitir trúverðugleika þá er þeir gefa skýrslur fyrir rjetti eða annarstaðar, skriflegar eða munnlegar. Af því leiðir enntremur, að lög nr. 33 frá 1915 ná til allra starfsmanna á varðskipunum.

Með því að svo mikið er undir því komið, að þeir, sem starfa á skipum, geri í einu sem öllu skyldur sínar, og sjeu færir um það, og þar sem strangur agi er nauðsynlegur á skipsfjöl, er svo ríkt kveðið á í frumvarpinu um frávikning sýslunarmanna þessara.

Annars þykir ekki vera þörf frekari greinargerðar.

20. Frumvarp

til laga um Landsbanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

I. kafli.

Skipulag bankans.

1. gr.

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sjerstakri stjórn, svo sem nánar er ákveðið í V. kafla laga þessara. Á Norðurlandamálum er heiti bankans *Islands Nationalbank*, á ensku *The National Bank of Iceland* og á öðrum tungumálum samsvarandi heiti.

Bankinn starfar í þrem deildum með aðgreindum fjárhag, og nefnast þær seðlabanki, sparisjóðsdeild og veðdeild. Skal halda algjörlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánum, innlánum, bókfærslu og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig.

Nú verður ákveðið með lögum að greina veðdeild eða sparisjóðsdeild eða þær báðar alveg frá bankanum, og gilda ákvæðin í V., VI, og VII. kafla þá eigi lengur fyrir þá deild eða þær deildir, sem þannig verða greindar frá bankanum.

2. gr.

Landsbanki Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess hefir bankinn útibú þar sem bankaráðið ákveður með samþykki framkvæmdarstjórnar og að fengnu samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál.

II. kafli.

Seðlabankinn.

3. gr.

Seðlabankinn hefir á hendi útgáfu seðla innan þeirra takmarka, er þarf til að fullnægja gjaldmiðilsþörf í innanlandsviðskiftum.

4. gr.

Tilgangur seðlabankans er:

1. Að stuðla að tryggri skipun á peningamálum landsins, með það fyrir augum, að gull og gullgildir seðlar geti sem fyrst orðið og haldi síðan áfram að vera hinn almenni gjaldeyrir í landinu. Í því skyni ber stjórn bankans einkanlega að gæta þess, að fje bankans sje tryggilega fyrir komið til ávöxtunar, og sje jafnan handbært að eins miklu leyti og krefjast verður af seðlabanka. Svo ber og stjórn bankans að afstýra, eftir því sem unt er, með kaupum og sölum á erlendum gjaldeyri og verðbrjefum, sem skráð eru á erlendum kauphöllum, með viðskiftum við aðrar peningastofnanir í landinu, og með tilhögun útlánsstarfseminnar, truflun þeirri á peningamálum og atvinnulífi, sem annars má vænta, að almennar hagsveiflur hafi í för með sjer.

2. Að reka bankastarfsemi eftir því, sem nánar er til tekið í lögum þessum.

5. gr.

Stofnfje seðlabankans er 4 milj. kr., sem ríkissjóður leggur honum til, þar af 2 milj. kr. innskotsfje það, er ákveðið var með lögum nr. 50, 10. nóv. 1913, að ríkissjóður legði Landsbankanum. Auk þess skal seðlabankinn safna varasjóði samkvæmt 24. gr.

6. gr.

Seðlabankinn hefir einkarjett til að gefa út bankaseðla eða annan gjaldmiðil, sem komið geti í stað mótaðra peninga, og getur gengið manna í milli í stað bankaseðla, með þeirri einni takmörkun, er leiðir af lögum nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Ráðherra sá, er með bankamál fer, ákveður, eftir tillögu bankaráðsins, lögun og útlit seðla þeirra, er bankinn gefur út, og gefur út auglýsingu um það efni, eftir því sem þörf er á. Enginn seðill, er bankinn gefur út, má hljóða um minni upphæð en fimm krónur.

Seðlar þeir, er bankinn gefur út, skulu vera gjaldgengir í ríkissjóð og aðra almenna sjóði hjer á landi og vera löglegur gjaldeyrir manna á milli með fullu ákvæðisverði.

Hver, sem býr til eftirmynd seðla þeirra, er bankinn gefur út, eða falsar þá, skal sæta þeirri refsingu, sem 266. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 ákveður. Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búið er að eftirmynda eða falsa seðilinn. þó að ekki sje búið að láta hann út.

7. gr.

Seðlabankanum er skylt, ef þess er krafist, að greiða seðla þá, er hann hefir gefið út, handhafa þeirra með ákvæðisverði í löglegri og gjaldgengri gullmynt, enda samsvari upphæð seðlanna heilli tölu gullmynta. Bankanum er skylt að kaupa af hverjum, er þess æskir, skírt ómyntað gull á 2480 krónur hvert kílógram, að frádregnum $^1/_2$% í myntgerðarkostnað. Útibúum bankans er eigi skylt að leysa inn seðla eða kaupa gull nema bankaráðið mæli svo fyrir.

8. gr.

Seðlabankanum er heimilt að gefa út seðla, eftir því sem gjaldmiðilsþörfin krefur, með takmörkunum þeim, sem greinir hjer á eftir, gegn því að bankinn

1. eigi gullforða er nemi $^1/_3$ af því seðlamagni, sem úti er í hvert skifti. Gullforðinn má þó aldrei fara niður úr 2 miljónum króna.
2. hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlamagnsins, sem ekki er trygður með gullforðanum, þannig að 125 krónur komi á móti hverjum 100 krónum í seðlum.

Ef seðlar bankans í umferð fara fram úr 12 miljónum króna, skal það, sem fram yfir er 12 miljónir, alt að 14 miljónum, trygt með 50% gullforða, frá 14 til 16 miljónir með 75% gullforða, og auk þess skal bankinn hafa auðselda eign, skv. 2. tölulið, til tryggingar þeim 50% eða 25%, sem ekki er trygður með gullforða; það sem þar kann að fara fram yfir, skal trygt að fullu með gullforða.

9. gr.

Til gullforða telst:

a. Lögleg gjaldgeng gullmynt.
b. Ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi minst 2480 kr. fyrir hvert kílógramm af skíru gulli
c. Innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er, í erlendum bönkum, sem bankaráðið telur fulltrygga og ráðherra samþykkir, að frádregnum samskonar skuldum bankans, þó eigi yfir $^1/_4$ alls gullforðans.

Gullforði bankans samkvæmt a- og b-lið skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum (og útibúum hans, ef þeim ber að leysa inn seðla samkvæmt 7. gr.). Þó má til þess hluta gullforðans telja gull það, sem sannað er um, að sje á leið hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 300000 krónur í einu.

10. gr.

Til eignar þeirrar, sem tryggja skal seðlamagn það, er gullforðinn nægir ekki til, teljast:

a. Auðseld opinber verðbrjef eftir gangverði.
b. Önnur verðbrjef, ekki hlutabrjef, sem skráð eru á erlendum kauphöllum.
c. Víxlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innanlands eða erlendis.
d. Innieign í erlendum bönkum, sem fellur til útborgunar innan sex mánaða lengst, að frádregnum samskonar skuldum bankans við erlenda banka.
e. Skuldabrjef, gefin út fyrir lánum gegn handveði í verðbrjefum þeim, sem greinir í a.- og b.-lið þessarar greinar.

11. gr.

Seðlabankanum skal skylt á hverjum tveggja vikna fresti, að gefa ráðherra þeim, er fer með bankamál, skýrslu um seðla í umferð og gullforðann og eign þá, sem samkvæmt 10. gr. er til tryggingar seðlunum. Skulu skýrslur þessar birtar almenningi jafnóðum.

Beri skýrsla með sjer, að meiri seðlar sjeu í umferð en lögmæt trygging er fyrir, er bankastjórnin skyld að ráða bót á þessu í síðasta lagi innan fjögra vikna frá því skýrslan er gefin.

12. gr.

Þegar alveg sjerstaklega stendur á, svo sem vegna ófriðarástands eða afleiðinga þess, eða ef alveg óvenjuleg peningakreppa skellur á, er heimilt, með konunglegri tilskipun, að veita bankanum undanþágu frá ákvæðum 7. gr. um innlausn seðla, þó aldrei um lengri tíma en eitt ár í senn. Tilskipunin fellur úr gildi ef næsta Alþingi hefir eigi samþykt hana fjórum vikum eftir þingsetningu.

Bankaráð og framkvæmdarstjórar bera þá ábyrgð á því, að þeir seðlar, sem í umferð eru, fari aldrei fram úr nauðsynlegum þörfum viðskiftalífsins. Landsbankanefndin eða ráðherra sá, er fer með bankamál, getur lagt bann við aukinni útgáfu seðla, ef teljast verður, að þeirra dómi umfram nauðsynlegar þarfir viðskiftalífsins.

13. gr.

Seðlabankinn tekur við peningum:

1. á dálk eða í hlaupareikning, án vaxta eða með vöxtum, eftir ákvörðun bankaráðs og framkvæmdarstjórnar, svo sem nánar verður ákveðið í reglugjörð bankans;
2. Til geymslu.

Útibú seðlabankans taka og við innlánsfje með sparisjóðskjörum, ef svo verður ákveðið í reglugerðum þeirra.

14. gr.

Seðlabankanum er heimilt:

1. Að kaupa og selja víxla og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands.
2. Að kaupa og selja víxla og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis.

Víxlar þeir og ávísanir, sem greinir í 1. og 2. tölulið, mega ekki vera með lengra gjaldfresti en 6 mánuðum, og má eigi endurnýja þá meira en 6 mánuði samtals.

3. Að kaupa og selja dýra málma.
4. Að veita lán gegn veði, þó ekki um lengri tíma en 12 mánuði, og reikningslán, sem uppsegjanleg sjeu með 3 mánaða fyrirvara.
5. Að kaupa og selja skuldabrjef ríkja, bæjar- og sveitarfjelaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbrjef. Hlutabrjef má seðlabankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annara.
6. Að annast að öðru leyti öll venjuleg bankastörf, sem ekki binda fje bankans, sem seðlabanka, um of.

15. gr.

Seðlabankinn má taka lán gegn tryggingu í sjálfs síns eignum. Til þess að setja tryggingu þarf samþykki bankaráðs og ráðherra.

Ríkisstjórninni er heimilt, eftir tillögum bankaráðs, að ábyrgjast erlend lán fyrir seðlabankann.

16. gr.

Seðlabankinn tekur til geymslu gegn gjaldi dýra málma, verðmæta hluti og verðbrjef. Hann getur tekið að sjer að annast innheimtu á vöxtum og afborgunum af verðbrjefum, á arðmiðum og á útdregnum skuldabrjefum. Einnig getur hann tekið verðmæti til geymslu í lokuðum hólfum eða innsiglað.

17. gr.

Seðlabankinn má annast allskonar innheimtur á fjárhæðum fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, bæði hjerlendis og erlendis.

18. gr.

Seðlabankinn hefir á hendi án endurgjalds öll framkvæmdarstörf viðvíkjandi skiftimynt þeirri, er ríkisstjórnin gefur út, þar á meðal að halda saman mynt, sem ónothæf er orðin. Bankinn er skyldur til að taka við hvaða upphæð sem er í löglegri íslenskri skiftimynt. Nú hefir bankinn í sjóði meiri íslenska skiftimynt en framkvæmdarstjórn bankans þykir þörf á vegna viðskifta bankans, og er bankanum þá rjett að afhenda ríkisstjórninni það, sem um fram er, gegn greiðslu í öðrum löglegum gjaldeyri.

19. gr.

Framkvæmdarstjórn seðlabankans og formanni bankaráðsins er skylt að gæta þess, að bankinn hafi jafnan, auk þeirra vissu og auðseldu eigna, sem ræðir um í 8. gr. 2. tölulið og 10. gr., hæfilega mikið af samskonar eignum í hlutfalli við þær skuldbindingar bankans, sem gengið verður eftir án fyrirvara. Enn fremur ber bankastjórninni, eftir því sem aukning á slíkum skuldbindingum seðlabankans gefur tilefni til, að leitast við að auka gullforða bankans eða innieignir hans erlendis.

20. gr.

Seðlabankinn má eigi veita ríkissjóði önnur lán en bráðabirgðalán til alt að þriggja mánaða í einu og ekki hærri upphæð en svo, að nemi 1/4 af stofnfje bankans. Allar slíkar skuldir ríkissjóðs skulu goldnar að fullu fyrir lok hvers reikningsárs.

Þetta ákvæði skal þó ekki vera því til fyrirstöðu, að bankinn veiti fyrirtækjum, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs, lán eftir sömu reglum og einstökum mönnum eða fyrirtækjum einstakra manna.

21. gr.

Starfsár seðlabankans er almanaksárið. Ársreikning seðlabankans skal birta í Stjórnartíðindunum og skal hann saminn svo snemma, að hann verði birtur í síðasta lagi 3 mánuðum eftir árslok. Auk þess skal við hver mánaðarmót birta stutt yfirlit yfir hag bankans. Reikningurinn skal endurskoðaður af 2 bókhaldsfróðum endurskoðendum, sem landsbankanefndin kýs. Þeir skulu rannsaka reikninginn og bera saman við bækur bankans og heimafje. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje bankans og eignir sjeu fyrir hendi. Að öðru leyti ber þeim að hafa eftirlit með reikningsfærslu og bókhaldi bankans og gera tillögur til bankaráðsins um umbætur í því efni eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Þóknun handa endurskoðendum skal ákveðin í reglugerð seðlabankans.

22. gr.

Reikninginn skal gera upp svo sem fyrir er mælt í reglugerð seðlabankans. Á reikningnum skal telja skuldir bankans í erlendri mynt og iunieignir bankans erlendis, svo og hverskonar verðbrjef, með því gangverði sem skráð er 31. desember. Ef bankinn hefir keypt greind verðbrjef lægra verði en því, sem skráð er 31. desember, skulu þau skráð með kaupverðinu.

23. gr.

Af tekjum á árinu greiðist:

1. Allur kostnaður og rekstrarútgjöld; þó má skifta kostnaði við seðlagerð og bankabyggingar niður á alt að 5 ár.
2. Tap, sem lokið er uppgerð á, og tap, sem telja verður orðið, enda þótt ekki sje lokið uppgerð á því.
3. Enn fremur má leggja til hliðar hæfilega fjárhæð fyrir tapi, sem búast má við.

24. gr.

Af tekjuafgangi hvers árs fær ríkissjóður greiddar 6% af stofnfjenu, þó aldrei meira en helming tekjuafgangsins. Hinn hluti tekjuafgangsins rennur í varasjóð. Þegar varasjóður er orðinn 3 miljónir króna, skiftist arður seðlabankans þannig, að varasjóður fær 1/4 hluta en ríkissjóður 3/4 hluta. Ef seðlabankinn

verður fyrir tapi eftir að varasjóður er orðinn 3 miljónir króna, sem setur varasjóð niður úr þeirri fjárhæð, skiftist tekjuafgangurinn eftir sömu reglu og áður en varasjóður náði 3 miljónum króna uns hann hefir aftur náð þeirri fjárhæð.

25. gr.

Ef árstekjur bankans hrökkva ekki til að bera tap það, sem um ræðir í 23. gr., 2. og 3. tölulið, ber varasjóður það sem á vantar.

26. gr.

Seðlabankinn skal eiga fjárhæð, er nemi 1/3 af varasjóði bankans í:

1. auðseldum erlendum ríkisskuldabrjefum,
2. víxlum, er greiðast erlendis, eða
3. kröfum á erlenda banka, er verða greiddar innan 6 mánaða, að frádregnum samskonar skuldum bankans.

Komi það fyrir að bankinn verði að skerða þessa eign, skal hún jafnskjótt og unt er, aukin aftur, svo að fullnægi ákvæðum þessarar greinar.

III. kafli.

Sparisjóðsdeild bankans.

27. gr.

Sparisjóðsdeild tekur við peningum, sem innláni eða með sparisjóðskjörum.

28. gr.

Sparisjóðsdeild bankans er heimilt:

1. Að kaupa og selja víxla og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands.
2. Að kaupa og selja víxla og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis.
3. Að veita lán gegn veði eða sjálfsskuldarábyrgð.
4. Að kaupa og selja skuldabrjef ríkja, bæjar- og sveitarfjelaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbrjef. Hlutabrjef má sparisjóðsdeildin ekki kuupa eða selja nema í umboði annara.
5. Að annast að öðru leyti venjuleg sparisjóðsstörf.

29. gr.

Sparisjóðsdeild skal eiga að minsta kosti sem svarar 1/3 af innlánsfje með sparisjóðskjörum, í tryggum og auðseldum verðbrjefum, svo sem ríkisskuldabrjefum, veðdeildarbrjefum eða jarðræktarbrjefum og öðrum jafntryggum verðbrjefum Ef vafi þykir leika á, hvaða verðbrjef fullnægi ákvæðum þessarar greinar, sker bankaráðið úr.

30. gr.

Sparisjóðsdeildin skal taka þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn, rekstur og húsnæði bankans eftir ákvörðun bankaráðsins. Allur tekjuafgangur

rennur í varasjóð deildarinnar, enda ber hann töp þau, sem deildin kann að verða fyrir, og eigi verða greidd af árstekjum hennar. Um endurskoðun og reikningsskil fer eftir ákvæðum 21.—23. gr.

31. gr.

Sparisjóðsdeildin með útibúum sínum lýtur öllum ákvæðum hinnar almennu löggjafar um sparisjóði. nema öðru vísi sje ákveðið í þessum lögum.

IV. kafli.

Veðdeild bankans.

32. gr.

Veðdeild annast útlánsstarfsemi gegn veði í fasteignum á Íslandi, samkvæmt sjerstökum lögum og reglugerðum.

V. kafli.

Stjórn bankans.

33. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum landsbankanefndar og ráðherra þess, er fer með bankamál, samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum þessum. Stjórn bankans að öðru leyti annast bankaráð skipað 5 mönnum og framkvæmdarstjórn skipuð þrem mönnum.

34. gr.

Landsbankanefndin er skipuð 15 mönnum, sem sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu til 6 ára. Annaðhvort ár ganga fimm úr nefndinni, í fyrstu tvö skiftin eftir hlutkesti, og kýs sameinað Alþingi 5 menn í staðinn. Endurkjósa má menn í nefndina. Kosnir skulu og með hlutfallskosningu varamenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanns eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á hverjum lista. Er kosning fer fram skal afhenda lista með helmingi fleiri nöfnum en kjósa á menn í nefndina. Sá, sem næstur er að atkvæðamagni þeim, er kosningu hlýtur á hverjum lista skal vera 1. varamaður þess lista um kjörtímabil það, er listinn á við og svo hver af öðrum innan listans þannig, að sá sem næstur er að atkvæðamagni kemur jafnan í stað þess, sem næstur er á undan að atkvæðamagni. Kjörtími varamanns sem tekur sæti í nefndinni vegna fráfalls eða brottflutnings aðalmanns endar þegar kjörtími þess, sem hann kemur í staðinn fyrir hefði verið á enda. Nú kemur það fyrir að allir aðalmenn og varamenn lista fyrir eitt kjörtímabil forfallast og kýs þá nefndin menn í skarðið með einföldum meiri hluta. Ef vafaatriði um þessi efni koma fyrir, sker nefndin sjálf úr þeim, með atkvæðagreiðslu, og sendir Alþingi skýrslu um málið.

Landsbankanefndarmenn fá enga þóknun fyrir störf sín, en fá endurgreiddan ferðakostnað, er þeir kunna að greiða fyrir ferðir í þarfir starfs síns sem nefndarmenn.

35. gr.

Formann bankaráðsins skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál, til 5 ára í senn. Hina fjóra bankaráðsmennina kýs landsbankanefndin til 4 ára í senn, þannig, að tveir ganga úr á aðalfundi landsbankanefndarinnar annaðhvort ár; í fyrsta skifti ræður hlutkesti hverjir 2 úr skuli ganga. Formann bankaráðs má endurskipa og hina fjóra ráðsmennina má endurkjósa. Á sama hátt skal skipa varaformann og kjósa 4 varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum formanns eða bankaráðsmanns. Ef formaður eða varaformaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans áður en starfstími hans er á enda, skipar ráðherra nýjan varamann. Ef nefndarkosinn bankaráðsmaður og varamaður forfallast á sama hátt, áður en starfstími hans er á enda kýs landsbankanefndin annan í hans stað. Bánkaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík að þeim sje auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 4000 krónur í ársþóknun, en hinir bankaráðsmennirnir 2000 krónur hver.

Auk þess fá allir bankaráðsmennirnir dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum sem starfsmenn ríkisins. — Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar i bankaráðinu.

36. gr.

Engan má kjósa í landsbankanefnd og bankaráð nema hann sje lögráða, hafi óflekkað mannorð og sje fjár síns ráðandi. Ef nefndarmaður eða bankaráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans er á enda, hættir hann þegar störfum í nefndinni eða ráðinu.

37. gr.

Bankaráðið ræður aðalbankastjóra og tvo aðra bankastjóra. Eru þeir framkvæmdarstjórn bankans. Skulu þeir ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra, jafnt aðalbankastjóra sem hinum bankastjórunum, frá fyrirvaralaust gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega sem ekki er um að ræða afbrot af hálfu bankastjórans, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Ennfremur getur ráðherra sá, sem fer með bankamál vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávikna bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Laun aðalbankastjóra skulu ákveðin af bankaráðinu með samningi. Skulu þau vera fastbundin árslaun og mega ekki að neinu leyti vera miðuð við rekstrarhagnað bankans. Hinir bankastjórarnir hafa að árslaunum 12,000 krónur hvor og auk þess dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni; dýrtíðaruppbótin reiknast með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins.

Bankaráðið getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af

fje bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launununum, banda bankastjóranum, og 25% af launununum, handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skifti.

38. gr.

Landsbankanefndin heldur aðalfund sinn einu sinni á ári, í aprílmánuði. Boðar forseti nefndarinnar til fundarins með mánaðar fyrirvara. Auk þess má kveðja nefndina til funda þegar forseti telur þess þörf, svo og ef 4 bankaráðsmenn að minsta kosti eða 7 landsbankanefndarmenn að minsta kosti krefjast þess í brjefi til forseta. Skal forseti þá boða til fundar eigi síðar en viku eftir að krafan kom í hans hendur. Skal að jafnaði boðað til aukafunda með viku fyrirvara, nema brýn þörf kalli að. Þá má boða til fundar með styttri fyrirvara, þó aldrei styttri en 2 sólarhringa.

Til fundanna skal boða með ábyrgðarbrjefi eða staðfestu símskeyti, til hvers nefndarmanna.

39. gr.

Á fyrsta aðalfundi nefndarinnar eftir hvert skifti sem ný kosning hefir farið fram í nefndina skv. 34. gr., kýs nefndin sjer forseta til næstu 2 ára. Hann boðar nefndina til funda skv. 38. gr. og stjórnar fundum nefndarinnar. Ennfremur skal á sama hátt til sama tíma kjósa 1. og 2. varaforseta, gegnir 1. varaforseti forsetastörfum í forföllum forseta, en 2. varaforseti ef báðir, forseti og 1. varaforseti eru forfallaðir. Forseti sá, sem stjórnar fundi í hvert skifti, kveður sjer fundarritara, sem má vera utan nefndarinnar.

Rita skal í fundabók stutta skýrslu um það, sem gerist á nefndarfundum svo og allar ályktanir nefndarinnar.

40. gr.

Nefndarfundur er lögmætur ef fundinn sækja eigi færri en 10 nefndarmenn.

Á nefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði forseta úr.

41. gr.

Landsbankanefndinni ber:

a. Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu eftir tillögum bankaráðsins. Reglugerðin skal staðfest af ráðherra þeim, sem fer með bankamál, og síðan birt í Stjórnartíðindunum.
b. Að kjósa 4 menn í bankaráð og 4 varamenn, samkvæmt 35. gr. laga þessara.
c. Að kjósa 2 endurskoðendur bankans til eins árs í senn og 2 til vara, gefa þeim erindisbrjef og ákveða þóknun þeirra. Ef þess er krafist af 4 nefndarmönnum að minsta kosti, skulu kosningar þær, er um ræðir í b.- og c.-lið, vera hlutfallskosningar.
d. Að úrskurða reikninga bankans.
e. Að taka ályktun um önnur mál, sem lögð verða fyrir nefndina samkvæmt lögum þessum, eða eftir ósk bankaráðs eða ráðherra.

42. gr.

Formaður bankaráðsins hefir fyrir hönd ráðsins stöðugt, daglegt eftirlit með starfsemi bankans.

Bankaráðið heldur reglulega fundi, tvisvar í hverjum mánuði 1. og 15. dag mánaðarins, eða næstan virkan dag, ef 1. eða 15. ber upp á helgidag, en annars svo oft sem formaður þess telur nauðsynlegt eða meiri hluti ráðsins krefst þses, eða aðalbankastjóri óskar þess. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Þegar jöfn eru atkvæði, sker atkvæði formanns úr. Svo skal og vera þegar jöfn eru atkvæði, er bankaráð og framkvæmdarstjórn gera sameiginlega ályktun, sbr. 43. gr. stafl. h. og í.

Bankastjórarnir eiga rjett á að vera á fundum bankaráðsins og taka þátt í umræðum, nema rætt sje um mál, er snertir bankastjórana sjálfa.

Á hverjum reglulegum fundi skal aðalbankastóri leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, hve mikið af fje hans sje bundið í hverri atvinnugrein, um verðbrjefaeign hans, um innlánsfje í honum og um það, hve mikið af því megi taka út fyrirvaralaust, um slíkar kröfur erlendar, um seðlaveltu, gullforða og innieignir erlendis, og annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt, til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

43. gr.

Bankaráðinu ber, auk þess sem áður segir:

a. Að koma fram fyrir hönd bankans gagnvart dómstólunum, yfirvöldum og gagnvart þriðja manni. Ráðið getur úrskurðað um öll mál bankans, sem ekki er áskilið landsbankanefndinni eða ráðherra að úrskurða um.
b. Að hafa umsjón og eftirlit með eignum bankans og starfsemi hans svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð bankans.
c. Að ákveða verkaskifting milli aðalbankastjóra og hinna bankastjóranna og setja bankastjórunum erindisbrjef,
d. Að skipa stjórnendur útibúa bankans og víkja þeim frá, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar.
e. Að skipa aðalbókara, aðalfjehirði og fjehirði bankans, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar.
f. Að ákveða laun starfsmanna bankans, setja reglugerð um eftirlaunasjóð handa starfsmönnum bankans og úrskurða um eftirlaun þeirra.
g. Að ákveða með samþykki framkvæmdarstjórnar og að fengnu samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál, hvar bankinn skuli hafa útibú.
h. Að ákveða ásamt framkvæmdarstjórninni forvexti og útlánsvexti bankans.
i. Að ákveða ásamt framkvæmdarstjórninni hve mikið af starfsfje bankans megi vera bundið í hverri atvinnugrein á hverjum tíma og ákveða aðrar almennar reglur um starfrækslu bankans.
j. Að úrskurða um deilur, sem upp kunna að koma milli starfsmanna bankans og bankastjóranna.
k. Að taka ákvörðun um eftirgjafir á skuldum án gjaldþrotaskifta eða löglegra nauðasamninga, eftir tillögu bankastjóranna. Ef um er að ræða eftirgjöf á

skuld eins skuldunautar eða fjelags fleiri skuldunauta, sem fari fram úr 100000 krónum, skal landsbankanefndin taka ákvörðun um eftirgjöfina að fengnum tillögum bankastjóra og bankaráðs.

l. Að ákveða, að fengnum tillögum bankastjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans skuli ásamt bankastjóra geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni.

m. Að sjá um endurskoðun á reikningum bankans og ganga eftir því að endurskoðendur bankans ræki vel starf sitt.

n. Að gera ályktun um þau mál, sem framkvæmdarstjórnin leggur fyrir bankaráðið.

Bankaráðið ákveður hve mikið af starfsfje bankans skuli fengið hverju útibúi til umráða, enda komi samþykki framkvæmdarstjórnar til.

Bankaráðið getur, hvenær sem er, rannsakað eða falið einum eða fleirum úr bankaráðinu að rannsaka ráðstafanir framkvæmdarstjórnarinnar og framkvæma endurskoðun í bankanum.

44. gr.

Aðalbankastjóri hefir æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans. Í forföllum hans kemur sá hinna bankastjóranna, sem er eldri í stöðunni, eða, ef báðir eru jafngamlir í stöðunni, sá, sem er eldri að árum í hans stað. Að öðru leyti fer um skiftingu starfa milli bankastjóranna eftir reglugerð bankans og ákvörðun bankaráðs.

Framkvæmdarstjórnin ráðstafar fje bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sje í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

Framkvæmdarstjórnin heldur fundi á ákveðnum tíma á hverjum starfsdegi. Formaður bankaráðsins tekur þátt í þessum fundum og stjórnar þeim, en hefir ekki atkvæðisrjett. Ef atkvæði falla þannig, að öðru megin standur aðalbankastjóri, en hinu megin hinir tveir bankastjórarnir, getur formaður bankaráðsins þó ráðið því, að tillaga aðalbankastjóra skuli ná fram að ganga, ef hann vill fallast á hana. Að öðru leyti ræður afl atkvæða úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði aðalbankastjóra úrslitum.

Engin ályktun verður tekin nema tveir bankastjórar sjeu á fundi. Skrá skal í sjerstaka fundarbók stutta skýrslu um það, sem fram fer á fundum framkvæmdarstjórnarinnar og allar ályktanir. Undirskrift formanns bankaráðsins og aðalbankastjóra, eða þess bankastjóra, sem kemur í hans stað, undir fundargerðirnar, er full sönnun þess, sem gerst hefir á fundinum.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt (sbr. 43. gr. c.) að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar og eigi aðrir svo gilt sje.

45. gr.

Framkvæmdarstjórnin ræður alla þá starfsmenn bankans, sem bankaráðinu er eigi falið sjerstaklega að ráða, samkvæmt 43. gr., og segir þeim upp. Starfsmenn bankans skulu að jafnaði ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

46. gr.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki aðalbankastjóra og annars bankastjóra eða aðalbankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkvæmt 44. gr.

47. gr.

Bankastjórar mega ekki vera alþingismenn nje hafa önnur embættisstörf á hendi, reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega bankastjórar nje starfsmenn vera skuldskeytlir bankanum, nema veðdeild, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

Bankaráðsmenn mega ekki hafa milligöngu um lántökur annara í bankanum.

48. gr.

Bankaráð, framkvæmdarstjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um alt það, er snertir hagi viðskiftamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

49. gr.

Stofna skal eftirlauna- og styrktarsjóð handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra og ómegð, og skal bankinn leggja fram til stofnunar hans 25000 krónur í eitt skifti fyrir öll. Allir, sem verða fastráðnir starfsmenn í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu skyldir til að greiða í sjóðinn 3% af árslaunum sínum, og leggur bankinn sjóðnum til jafnháa fjárhæð árlega. Þeir, sem eru fastráðnir starfsmenn bankans, er lögin ganga í gildi, öðlast rjett til styrks úr sjóðnum samkvæmt reglugerð hans, ef þeir greiða gjald þetta frá þeim tíma.

Bankaráðið ákveður með reglugerð um fyrirkomulag sjóðsins, skilyrði fyrir greiðslum úr honum og annað, sem þar að lýtur.

Þessi grein tekur ekki til bankastjóranna.

VI. kafli.

Sjerrjettindi bankans.

50. gr.

Glatist viðtökuskírteini, er bankinn hefir gefið út fyrir handveði eða geymslufje eða fyrir innláni, eða viðskiftabók fyrir sparisjóðsinnlagi eða öðrum

innlögum, getur framkvæmdarstjórn bankans stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskírteinis eða viðskiftabókar með 6 mánaða fyrirvara, og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í tíðindum þeim, er flytja skulu stjórnarvaldaauglýsingar hjer á landi, og ef enginn hefir sagt til sín áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefir viðtökuskírteinið eða viðskiftabókina, án þess nokkur annar, er viðtökuskírteinið eða viðskiftabókin kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

51. gr.

Fje ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í bankanum. Landsbankinn með útibúum sínum hefir einn, að því er við verður komið, heimild til að taka við geymslufje (depositum).

52. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrsetning eða löghaldi meðan það stendur þar.

53. gr.

Bankanum er heimilt að áskilja sjer hærri vexti en 6% um árið af útlánum gegn fasteignarveði.

54. gr.

Nú er óskað láns gegn fasteignarveði, og skal þá gefa vottorð um fasteignina úr afsals- og veðmálabókum kauplaust, þegar stjórn bankans krefst þess, enda sje vottorðið ætlað bankanum einum til afnota.

55. gr.

Bankinn getur löglega samið svo við skuldunauta sína, að þeir taki upp í veðskuldabrjef sín til bankans ákvæði það, er getur um í tilskipun 18. febrúar 1847, 10. gr., um fje ómyndugra á Íslandi.

56. gr.

Eigi missir bankinn kröfu sína, þótt veðið glatist fyrir óhapp.

57. gr.

Bankinn hefir rjett til að láta starfsmenn sína selja veðbrjef og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur, eða menn vita ekki um heimili hans, og þá skal bankinn stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa veðið, með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birta skal í stjórnarvaldaauglýsingar.

58. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnist, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs, eða annara stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar af hlutabrjefum eða skuldabrjefum bankans, hlutabrjef bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

59. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða á gjaldþrotaskiftum og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Landsbankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert viðvart svo tímanlega, að hægt sje að mæta eða láta mæta við uppboðið.

VII. kafli.

Bráðabirgðaákvæði.

60. gr.

Kosning í landsbankanefndina fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1927. Þegar eftir að lög þessi eru gengin í gildi, skal sá, sem flest atkvæði hefir fengið við kosninguna í landsbankanefndina, kveðja nefndina til fundar og sjá um kosningu 4 manna í bankaráðið. Jafnframt skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál, formann bankaráðsins. Ráðherra sjer síðan um, að fram fari úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins. Bankaráðið sjer um, að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum, komist að fullu í framkvæmd þegar eftir að úttekt er lokið, þó eigi síðar en 1. janúar 1929.

61. gr.

Bankaráðið sjer um framkvæmd á skiftum milli seðlabankans og sparisjóðsdeildar, og skulu þau skifti vera komin í framkvæmd að fullu fyrir árslok 1930. Um reikningsskil milli deildarinnar og seðlabankans fer eftir nánari ákvörðun bankaráðsins, þar til skiftum er lokið.

Af varasjóði bankans, eins og hann verður þegar skiftum er lokið, fær sparisjóðsdeildin helminginn og seðlabankinn helminginn.

Ákvæði 29. gr. koma til framkvæmda þegar bankaráðið ákveður.

62. gr.

Launaákvæði laga þessara ná ekki til núverandi bankastjóra. Meðan þeir gegna bankastjórastöðu við Landsbankann, halda þeir núverandi launum sínum, nema öðruvísi semjist. Uppsagnarákvæði 37. gr. koma eigi til framkvæmda fyr en jafnóðum sem sæti losnar í bankastjórninni. Aðal-bankastjóra skal ráða þegar eitt sæti losnar í bankastjórninni.

Jafnskjótt sem núverandi bókari, aðal-fjehirðir og fjehirðir láta af stöðum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum laga þessara.

63. gr.

Þangað til lög verða sett um opinbera verðbrjefaverslun og kauphingsskráningu verðbrjefa skal bankanum skylt að kaupa af almenningi og selja almenningi tryggð innlend verðbrjef þau er rædir um um í 29. gr., gangverði, sem ákveðið sje af bankaráði, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar, eigi sjaldnar en einu sinni á viku, og birt almenningi með auglýsingu á áberandi stað í aðalafgreiðslustofu bankans og útibúa hans.

Bankinn er þó undanþeginn skyldum þeim. er rædir um í þessari grein, annaðhvort um kaup eða sölu, ef eign bankans í slíkum verðbrjefum fer fram úr því eða niður fyrir það, sem framkvæmdarstjórn bankans telur hæfilegt.

64. gr.

Ákvæði 7. gr. ganga í gildi þegar Alþingi ákveður. Þangað til getur ráðherra veitt bankanum undanþágu frá ákvæði 9. gr. b. lið um að innstæður erlendis megi ekki fara fram úr 1/4 alls gullforðans. Ákvæði 26. gr. um varasjóð ganga þá um leið í gildi.

65. gr.

Auk hinna gulltrygðu seðla er bankanum heimilt að gefa út alt að 1 miljón króna. Seðlamagn þetta skal minka um 100,000 kr. fyrir 1. nóvember 1927 og úr því árlega um sömu upphæð.

66. gr.

Bankinn gengur inn í kaup ríkissjóðs á gullforða Íslandsbanka samkvæmt 3. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921.

67. gr.

Ákvæði 20. gr. um lán til ríkissjóðs, taka eigi til þeirra lána, sem ríkissjóður hefir frá Landsbankanum þegar lög þessi öðlast gildi.

68. gr.

Landsbankinn endurkaupir af Íslandsbanka góða viðskiftavíxla gegn forvöxtum, sem sjeu ekki minna en 1% lægri en forvextir Íslandsbanka, þó aldrei lægri en 1% undir forvöxtum Landsbankans til peningastofnana, fyrir alt að 5/8 þeirrar upphæðar, sem Íslandsbanki hefir á hverjum tíma dregið inn af seðlaveltu sinni, miðað við 31. okt. 1922; en þá telst seðlavelta Íslandsbanka hafa verið 8 miljónir króna. Eftir að Íslandsbanki hefir dregið inn alla seðla sína minkar fjárhæð sú, sem Landsbankinn endurkaupir með þessum kjörum, um 1/4 miljón króna á ári hverju, þar til hún hverfur alveg.

Meðan Íslandsbanki hefir á hendi seðlaútgáfu, eða ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum fyrir hann, og einhverjir af bankastjórum hans þess vegna eru skipaðir af ríkisstjórninni, sbr. 6. gr. laga nr. 61 1921, skulu ákvæði fyrstu málsgreinar 47. gr. einnig taka til þeirra bankastjóra.

VIII. kafli.

Niðurlagsákvæði.

69. gr.

Lög nr. 14, 18. september 1885 um stofnun Landsbanka, lög nr. 2, 12. janúar 1900 um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885, lög nr. 28, 22. október 1912, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun Landsbanka, lög nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885 m. m. og lög nr. 37, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun Landsbanka, eru úr gildi numin.

Athugasemdir við frumvarpið.

Frv. þetta er að mestu leyti samhljóða frv. um Landsbanka Íslands, eins og það var samþykt við 3. umr. í nd. á Alþingi 1926 (sjá Alþt. 1926, A. þskj. 171 og 556). Er í því gert ráð fyrir, að Landsbankinn verði seðlabanki, þó þannig, að veðdeild hans haldi áfram, sem sjerstök deild af bankanum, eins og hingað til, og að sparisjóður Landsbankans, sem nú er, verði aðskilinn frá seðlabankanum og fái ámóta sjálfstæða stöðu innan bankaheildarinnar, eins og veðdeildin hefir.

Á frv. hafa verið gerðar einstöku orðabreytingar, sem alls eigi raska efninu, svo sem að notað er orðið seðlabanki í staðinn fyrir banki á allmörgum stöðum í II. kafla frv. Viðtækari orðabreytingar og efnisbreytingar eru hjer auðkendar með skáletri, og þykir rjett að geta þeirra sjerstaklega.

Við 1. gr.

Hjer er bætt við nýrri málsgrein, sem ekki er efnisbreyting. Það hefir þegar verið lögleitt, án þess að til framkvæmda hafi komið, að greina veðdeildina frá bankanum, og frv. er þannig úr garði gjört, að seinna meir getur löggjöfin greint sparisjóðsdeildina frá bankanum, ef ástæða þykir til. En lögum seðlabanka á sem sjaldnast að breyta, og miðar ákvæðið að því eingöngu, að þessi lagasetning geti farið fram án þess að í hinum sjerstöku lögum, sem sett kynnu að verða, þurfi að taka upp nein ákvæði er snerta hina almennu (V., VI. og VII.) kafla þessara laga.

Við 5. gr.

Stjórn Landsbankans hefir eftir beiðni ráðuneytisins yfirfarið frv. eins og Það var samþykt í Nd. 1926. og meðal annars bent á það, að seðlabankanum sje ætlað of lítið stofnfje í frv. (3 milj. kr.), og telur að það megi ekki vera minna en 4½ milj. kr. Stjórnin hefir fallist á það, að 3 milj. sje of lítið stofnfje.

frv. fjárhagsnefndar n. d. 1924 og stjórnarfrv. 1925 var gert ráð fyrir 4 milj. kr. tofnfje, og þykir rjett að gjöra það einnig hjer, en taka þá jafnframt upp ákvæði m að innskotsfje ríkissjóðs samkv. lögum 10. nóv. 1913 teljist til stofnfjár eðlabankans.

Við 15. gr.

Stjórn Landsbankans hefir bent á það, að mest af því lánstrausti, sem Landsbankinn hefir haft erlendis, hafi verið með ábyrgð ríkisstjórnarinnar, og je því ástæða til að taka upp í frv. heimild handa ríkisstjórninni til þess að aka á sig slíka ábyrgð fyrir bankann. Þykir óhjákvæmilegt að taka þessa heimild ngu til greina.

Við 44. gr.

Stjórn Landsbankans hefir leitt athygli að því, að 45. (hjer 44.) gr. frv. eggur óeðlilega og óþarflega miklar skyldur á aðalbankastjórann til að undirkrifa sjálfur fyrir bankann í daglegum rekstri, og er stungið upp á lagfæringu í þessu.

Við 61. gr.

Ákvæði 29. gr. um að sparisjóðsdeild skuli hafa að minsta kosti 1/3 af nnlánsfje sínu í verðbrjefum mundi, ef því væri komið í kring á skömmum tíma, g án tillits til árferðis, geta haft hið mesta tjón fyrir atvinnuvegina í för með jer. Er því stungið upp á að það sje á valdi bankaráðsins hvenær þetta ákvæði omi til framkvæmdar.

Við 63. gr.

Hjer er tekið upp efnið úr 20. gr. frv. frá 1926, með nokkrum breytingm. Landsbankastjórnin hefir vakið athygli á því, að umrædd 20. gr. virðist ekki iga heima í kaflanum um seðlabankann, því að það gerði aðallega að treysta á e sparisjóðsdeildarinnar til verðbrjefaverslunarinnar, og að í annan stað sje kvæðið eftir eðli sínu bráðabyrgðaákvæði, sem væntanlega falli hurtu þegar jer kemst á venjuleg verðbrjefaverslun með gengisskráningu. Hefir þetta verið ekið til greina.

Feld hefir verið úr frv. ný 52. gr., sem var sett inn við meðferð málsins n. d. 1926, um skyldu opinberra stofnana og sjóða til þess að geyma fje sitt í andsbankanum. Talsvert af þessu fje er reglulegt sparisjóðsfje, og má seðlaankinn ekki veita því viðtöku, en eftir öðrum ákvæðum frv. virðist alveg óeðlilegt að gefa sparisjóðsdeild Landsbankans slík forrjettindi fram yfir aðra sparisjóði. Auk þess hefir tilsvarandi ákvæði í núgildandi lögum um Landsbankann eynst óframkvæmanlegt að því er snertir ríkisfje, og ekki rjett að hafa slík igaákvæði til þess svo að brjóta þau.

Við 68. gr.

Það virðist sjálfsagt að ákvæði 47. gr. 1. málsgr. taki einnig til hinna tjórnskipuðu bankastjóra Íslandsbanka, af sömu ástæðum sem um bankastjóra andsbankans.

21. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árið 1928.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1928 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5 gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	240000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	950000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			123000
4.	Aukatekjur	350000	
5.	Erfðafjárskattur	40000	
6.	Vitagjald	300000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	300000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	30000	
			104500
11.	Útflutningsgjald		850000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	650000	
13.	Tóbakstollur	800000	
14.	Kaffi- og sykurtollur	1000000	
15.	Annað aðflutningsgjald	150000	
	Flyt ...	2600000	312500

		kr.	kr.
	Flutt ...	2600000	3125000
16.	Vörutollur	1000000	
17.	Verðtollur	850000	
			4450000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykursgerð ...		20000
19.	Pósttekjur	475000	
20.	Símatekjur	1500000	
			1975000
21.	Vínveitingasala		500000
	Samtals ...	... ...	10070000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		1000
4.	Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar		3500
	Samtals ...	... ...	34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

		kr.	kr.
1.	Tekjur af bönkum		50000
2.	Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	28000	
3.	Væntanlega útdregið af þeim brjefum	24000	
			52000
	Flyt ...	... ...	102000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	102000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5. Vextir af viðlagasjóði		65000
6. Aðrir vextir...		140000
Samtals ...	... ...	315000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		15000
Samtals ...	... ...	75000

II. KAFLI.

Gjöld:

6. gr.

Árið 1928 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	165713	
2. Dönsk lán, danskar kr. 205095 á 1/20	246114	
Flyt ...	411827	

	kr.	kr.
Flutt ...	411827	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8517:6:7 á $^{22}/_{0}$	187381	
		599208
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	264598	
2. Dönsk lán, danskar kr. 313113 á $^{1}/_{20}$	375736	
3. Enska lánið 1921, £ 2097:0:5 á $^{22}/_{00}$	46134	
		686468
III. Framlag til Landsbankans, 15 greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1385676

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins..		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	215000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4350	
		219350
Samtals ...	... ...	219350

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun	36075	
	b. Til risnu	4000	
			40075
2.	Til utanferða ráðherra		6000
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins		72285
4.	Annar kostnaður		25000
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		26500
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900	
	b. Til pappírs og prentunar	9000	
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000	
			10900
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		4000
			184760
II.	Hagstofan:		
1.	Laun		13100
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		10000
3.	Prentun eyðublaða		1800
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		4000
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		17600
6.	Til að gefa út manntalið 1703...		1000
			47500
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra	20000	
	b. Húsaleiga...	5000	
	c. Kostnaður við embættið	20000	
	d. Til skrifstofuhalds...	17000	
			62000
2.	Fyrir meðferð utanríkismála		12000
3.	Ríkisráðskostnaður		6000
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd		2500
			82500
	Samtals ...	... ...	314760

11. gr.

Til dómgæslu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	32075	
b. Annar kostaður, alt að	8000	
		40075
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		139440
3. Laun hreppstjóra		29000
4. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
a. Laun	25926	
b. Húsaleiga	3240	
c. Hiti, ljós og ræsting	2100	
d. Ýms gjöld, alt að	2400	
		33666
5. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 4 skrifara	19720	
b. Laun 6 tollvarða	26825	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	1800	
e. Innheimtukostnaður	7500	
f. Ýms gjöld, alt að	11000	
Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
		71345
6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		100000
7. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		500
8. Til landhelgisgæslu, gegn 135000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		300000
9. Framlag til landhelgissjóðs		20000
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
11. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
12. Borgun til sjódómsmanna		2000
13. Borgun til setu- og varadómara		6000
Samtals A ...	... ...	769026

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	30000	
b. Fyrir embættisskeyti	40000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		18000
3. Til embættiseftirlitsferða		5000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar ... ... — ...		45000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		11000
Samtals B ...	... ...	149000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		265965
Þar af viðbót við lögmælt laun núverandi aðstoðalæknis á Ísafirði 1700 kr. með verðstuðulsuppbót.		
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		7450
Styrkurinn skiftist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Óræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 hr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til		
Flyt ...	... ...	275415

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	275415
Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sljettu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. — 17. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 2600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Styrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknanna Guðmundar Guðfinnssonar og Helga Skúlasonar, enda skifti þeir landinu á milli sín til yfirferðar, eftir fyrir mælum landlæknis, og hafi dvöl á að minsta kosti einni eða tveim höfnum í hverri sýslu.		
		2000
6. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
Styrkurinn til augnlæknis og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
8. Til geislalækningastofu ríkisins..		11000
9. Til sömu stofnunar, til áhaldakanpa		2500
10. Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
11. Til nuddlækningastofu Jóns Kristjánssonar...		2500
12. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar		2000
Flyt ...	... ...	301415

			kr.	kr.
		Flutt ...	... ...	301415
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.			
13.	Holdsveikraspítalinn			78375
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		8035	
	B. Annar kostnaður:			
	1. Laun starfsmanna	14260		
	2. Viðurværi 55 manna (ca. 140 a. á dag)	28000		
	3. Klæðnaður	1800		
	4. Lyf og sáraumbúðir	1800		
	5. Eldsneyti	9000		
	6. Ljósmeti	2400		
	7. Húsbúnaður og áhöld	2000		
	8. Viðhald á húsum	3000		
	9. Þvottur og ræsting	1800		
	10. Greftrunarkostnaður	500		
	11. Skemtanir	600		
	12. Skattar o. fl.	3680		
	13. Ýmisleg gjöld	1500		
			70340	
			78375	
14.	Geðveikrahælið á Kleppi			60360
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		7035	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup starfsmanna	14000		
	2. Viðurværi 94 manna (ca. 145 a. á dag)	48000		
	3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500		
	4. Lyf og sáraumbúðir	500		
	5. Ljós og hiti	10000		
	6. Viðhald og áhöld	10000		
	7. Þvottur og ræsting	3000		
	8. Skemtanir	750		
		Flyt ... 89750	7035	440150

		kr.	kr.
Flutt ...	89750	7035	440150
9. Skattar m. m.	2500		
10. Óviss gjöld	1400		
		93650	
		100685	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum; kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
Mismunur ...		60360	
15. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			6035
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7035	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	37000		
2. Viðurværi	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting	5500		
6. Viðhald húsa	4800		
7. Viðhald vjela	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld	11000		
9. Flutningskostnaður	4000		
10. Óviss gjöld	2640		
		232140	
		239175	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000		
		233140	
Mismunur ...		6035	
Flyt ...		... ...	446185

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	446185
16. Önnur gjöld:		
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík, samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands	150000	
b. Til viðbótarbyggingar við geðveikrahælið á Kleppi	100000	
c. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur og að því tilskildu, að utanhjeraðssjúklingar, sem borgað er fyrir af almannafje, njóti sömu kjara sem innanhjeraðssjúklingar.	18000	
d. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði	20000	
e. Bólusetningarkostnaður	2500	
f. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
g. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	3000	
h. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	1500	
i. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	
j. Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	3500	
k. Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna	700	
l. Til kvenfjelagsins á Hellissandi, til hjúkrunarstarfsemi	400	
m. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^3/_5$ annarsstaðar að	2000	
n. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
o. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
p. Til Elínar Sigurðardóttur, 90 kr. á mánuði, sje hún ekki í sjúkrahúsi, alt að	1080	
		324680
17. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		38000
Samtals ...	... ...	808865

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Póstmál.		
1.	Laun:		
	a. Eftir launalögum	99460	
	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	75000	
	c. Brjefhirðingamenn	22000	
			196460
2.	Póstflutningur		165000
3.	Annar kostnaður:		
	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	10000	
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	23000	
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	14000	
	d. Önnur gjöld	63500	
			110500
	Samtals A. ...	... ...	471960
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	8250	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5850	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	16000	
	5. Skrifstofukostnaður, alt að	8000	
			43100
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjalarnesvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 25000		
	2. Stykkishólmsvegur 10000		
	Flyt ... 35000	... ...	43100

		kr.	kr.
	Flutt ... 35000	... ...	43100
3.	Hvítárbraut 10000		
4.	Norðurárdalsvegur 60000		
5.	Húnavatnssýsluvegur 30000		
6.	Vallhólmsvegur 20000		
7.	Þelamerkurvegur... 10000		
8.	Vaðlaheiðarvegur 50000		
9.	Vopnafjarðarvegur 10000		
10.	Hróarstunguvegur 25000		
11.	Um Skaftáreldbraun í V.-Skaftafellss. 10000		
12.	Biskupstungnabraut 25000		
		285000	
b.	Viðhald og umbætur	200000	
			485000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum		225000
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)		30000
V.	Fjallvegir		15000
VI.	1. Til áhalda, alt að	20000	
	2. Til bókasafns verkamanna	300	
			20300
VII.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.	30000	
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923	30000	
			60000
VIII.	Til dragferjuhalds:		
	1. Á Lagarfljóti	300	
	2. - Skjálfandafljóti	300	
	3. - Blöndu	300	
			900
IX.	Styrkur til vörubifreiðaferða, sjerstaklega til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði		10000
X.	Styrkir til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn . ... Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskektum bæjum við þjóðbraut.		3000
	Samtals B. ...	... ...	892300

		kr.	kr.
	C.		
	Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Ríkissjóðs	180000	
	b. Eimskipafjelags Íslands	60000	
			240000
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...		100000
	Samtals C. ...	... ...	340000
	D.		
	Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl..		35000
II.	Til nýrra símalagninga...		275000
III.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Laun samkvæmt launalögum	305000	
	2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna ...	15000	
	3. Ritsímastöðin í Reykjavík	36000	
	4. Loftskeytastöðin í Reykjavík	11000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	200000	
	6. Áhaldahúsið	2500	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu	13000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	16000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	9000	
	10. Símastöðin á Borðeyri	8500	
	11. Símastöðin í Hafnarfirði	7500	
	12. Símastöðin í Vestmannaeyjum	6500	
	13. Símastöðin á Siglufirði	6000	
	14. Til aukaritsímaþjónustu	5000	
	15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	100000	
	16. Til uppbótar á launum:		
	a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, alt að 14100		
	Flyt ... 14100	741000	310000

		kr.	kr.
Flutt ...	14100	741000	310000
b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927..	9500		
		23600	
17. Til Steindórs Björnssonar		1200	
			765800
IV. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....			40000
V. Viðbót og viðhald stöðvanna			50000
VI. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að			10000
VII. Viðhald landssímanna			160000
VIII. Áframhaldsgjald			25000
IX. Til kenslu fyrir símamenn			3000
X. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern			1500
Samtals D. ...		... ...	1365300
E.			
Vitamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:			
1. Laun vitamálastjóra		8025	
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.			
2. Laun aðstoðarverkfræðings		5945	
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að... ...		3500	
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að		1750	
			19220
II. Laun vitavarða..			23400
Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.			
III. Rekstrarkostnaður vitanna			80000
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa			10000
V. Til þess að reisa nýja vita:			
a. Landtökuviti á Horni á Hornströndum		70000	
b. Til uppsetningar leiðarljósa		10000	
Flyt ...		80000	132620

	kr.	kr.
Flutt ...	80000	132620
c. Ljós og hljóðdufl á Valhúsgrunni, ½ kostnaður	10000	
d. Ljós og hljóðdufl á Hellisboða, ½ kostnaður ...	10000	
		100000
VI. Ýmislegt		12000
Samtals E. ...	... ...	244620

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsembættið:		
1. Laun biskups	9025	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		11025
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	406	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
7. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	35000	
		319156
Samtals A. ...	... ...	330181

		kr.	kr.
	B. Kenslumál.		
I.	Háskólinn:		
a.	Laun	96875	
b.	Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c.	Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d.	Námsstyrkur	13000	
	Fjárveiting þessari skal skift í 20 skamta 400 kr. og 20 skamta 250 kr., og má að jafnaði ekki veita neinum stúdenti meira eða minna en 1 skamt; þó má leggja saman alt að 8 skamta 250 kr. og gera úr helmingi færri 500 kr. skamta, og veita þessa stærri skamta fátækum stúdentum, sem sýna sjerstakan dugnað við námið. Engum má veita styrk fyrsta námsárið í háskólanum.		
e.	Húsaleigustyrkur	9000	
f.	Til kensluáhalda læknadeildar	1000	
g.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði	1800	
h.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	4000	
i.	Önnur gjöld:		
	1. Til ritara:		
	a. Laun 1000		
	b. Dýrtíðaruppbót 500		
	——— 1500		
	2. Til dyravarðar:		
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið... 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 800		
	——— 2400		
	3. Ýms gjöld 5000		
	———	8900	
j.	Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta	750	
k.	Byggingarstyrkur til stúdentagarðsins ... ... enda sje ekki byrjað á byggingunni fyr en lög hafa verið sett um hana.	50000	
		———	187325
	Flyt ...	... ...	187325

		kr.	kr.
Fluttar ...		... ...	187325
II. Námsstyrkur erlendis:			
a. Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum		24000	
b. Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að		2500	
c. Til Markúsar Kristjánssonar, til háskólanáms erlendis		1200	
			27700
III. Mentaskólinn almenni:			
a. Laun		78100	
b. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	400		
2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	5500		
3. Til skólahússins utan og innan ...	3000		
4. Til stundakenslu og til prófdómenda, alt að.	29500		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	2900		
7. Læknisþóknun	500		
8. Til vísindalegra áhalda	800		
9. Til þess að gefa út kenslubækur handa skólanum	2000		
10. Ýmisleg gjöld	3500		
11. Til verðlaunabóka	100		
12. Húsaleiga	1250	51250	
			129350
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		25520	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakenslu .	9500		
2. Til framhaldsnáms fyrir nemendur, sem lokið hafa gagnfræðaprófi ...	4500		
Flyt ...	14000	25520	344375

		kr.	kr.
Flutt ...	14000	25520	344375
3. Til bóka og kensluáhalda	1000		
4. Til eldiviðar og ljósa	6500		
5. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
7. Til skólahússins utan og innan ...	1500		
8. Til ýmislegra gjalda	3000		
		27600	
			53120
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		20010	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakensla	5000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til viðhalds	1000		
6. Ýmisleg gjöld	2500		
		14000	
			34010
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		14210	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu.	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	1750		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
		6050	
			20260
Flyt ...		... ...	451765

			kr.	kr.
		Flutt ...	... ...	451765
VII.	Vjelstjóraskólinn:			
	a. Laun		9280	
	b. Önnur gjöld:			
	1. Til stundakenslu	840		
	2. Húsnæði	4200		
	3. Ljós og hiti	1300		
	4. Ýms gjöld	2000		
			8340	
	Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			17620
VIII.	Bændakensla:			
	1. Til bændaskólans á Hólum:			
	a. Laun	10150		
	b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu...	1450		
	c. Önnur gjöld:			
	1. Til verklegs náms, alt að	1000		
	2. Til kensluáhalda.	800		
	3. Til eldiviðar og ljósa...	4000		
	4. Ýmisleg gjöld	9000		
		14800		
			26400	
	2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
	a. Laun	8990		
	b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
	c. Önnur gjöld:			
	1. Til verklegs náms, alt að	1000		
	2. Til kensluáhalda... ...	800		
	3. Til eldiviðar og ljósa ...	2500		
	4. Ýmisleg gjöld	2500		
	5. Miðstöðvarhitun í íbúðarhúsið	7000		
		13800		
			24090	
		Flyt ...	50490	469385

	kr.	kr.
Fluttar ...	50490	469385
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.		
Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.		
3. Til húsmæðraskóla á Staðarfelli, enda samþykki atvinnumálaráðherra reglugerð hans...	3000	
		53490
IX. Iðnfræðsla:		
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	500	
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	500	
Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.		
Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
d. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis	4000	
		11000
X. Verslunarskólar:		
a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	5500	
b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ..	5500	
		11000
Flyt ...	... ...	544875

		kr.	kr.
	Fluttar ...	... ...	544875
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	1. Laun forstöðumanns	1000	
	2. Til verklegrar kenslu:		
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
	b. Annar kostnaður, alt að 400		
		1300	
	3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	6700	
	4. Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			10500
XII.	Kvennaskólar:		
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 5000		
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 19000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
		29000	
	2. Til kvennaskólans á Blönduósi:		
	a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 14000		
	b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
		16000	
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
			45000
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
	1. Umsjón fræðslumála:		
	a. Laun fræðslumálastjóra 5800		
	b. Skrifstofukostnaður hans 1200		
	c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
		8000	
	Flyt ...	8000	600375

		kr.	kr.
	Flutt ...	8000	600375
2.	Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót	280000	
3.	Laun farkennara og dýrtíðaruppbót	27000	
4.	Til farkenslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að	6000	
5.	Til prófdómara við barnapróf	4000	
6.	Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, þriðjungur kostnaðar, enda samþykki landsstjórnin uppdrætti að húsunum, alt að	25000	
7.	Til fræðslumálarits...	800	
			350800
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:		
	a. Laun	11020	
	b. Til aðstoðarkenslu	600	
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til búnaðarnáms ... 600		
	Alt að helmingi fjárins má verja til verðlauna handa nemendum.		
	2. Til kensluáhalda.. ... 800		
	3. Til eldiviðar og ljósa ... 4000		
	4. Ýmisleg gjöld 2500		
	6. Til að mála gamla íbúðarhúsið, alt að 2600		
	— —	10500	
	—		22120
2.	Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar		38000
	Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
3.	Til þess að reisa nýja hjeraðsskóla í sveitum, alt að $^2/_5$ kostnaðar		20000
	Flyt ...	80120	951175

	kr.	kr.
Flutt ...	80120	951175
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.		
4. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	16000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
5. Til unglingaskólans í Bergstaðastræti	1000	
		97120
XV. Húsmæðrafræðsla:		
Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að.		3000
Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		20000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
Stjórninni er heimilt að byggja við daufdumbraskólann og selja af lóð hans upp í kostnaðinn.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
XVIII. Sundkensla o. fl.:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.		
Flyt ...	300	1072295

	kr.	kr.
Flutt ..	300	1072295
2. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1500	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar ... ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	3000	
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar, enda sjeu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, 1/5 kostnaðar, alt að	4000	
		8800
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og tijeskurði í þjóðlegum stíl		1800
Samtals B. ...	... ...	1082895

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	19270	
b. Launauppbót til 1. og 2. bókavarðar, 500 kr. til hvors.	1000	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	11000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	2500	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	500	
j. Ýmisleg gjöld	600	
		41530
Flyt ...	... ...	41530

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	41530
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6525	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	6000	
c. Ýms gjöld	1000	
		13525
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	7525	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1200	
d. Til áhalda og aðgerða	600	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	600	
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		12475
4. Náttúrufræðifjelagið		3000
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 2000 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	7000	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		9000
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7. Aukastyrkur til amtsbókasafnsins á Akureyri ... ... að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu, með a. m. k. 2000 kr. launum, auk verðstuðulsuppbótar.		3000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3400
11. Til Þjóðvinafjelagsins		1800
12. Til Fornleifafjelagsins		800
Flyt ...	... ...	91730

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	91730
13.	Til Sögufjelagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14.	Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (jarðalýsing Húnavatnsþings)		2000
15.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		5500
16.	Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		800
17.	a. Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 1000 kr. til hvers	8000	
	b. Til próf. Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar, til að vinna að útbreiðslu sönglistar	5000	
	c. Til hljómsveitar Reykjavíkur	1800	
	d. Til þess að kaupa listaverk.	3500	
			18300
18.	Til sjera Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til þess að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins, 4500 kr. með verðstuðulsuppbót		6525
19.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sje safnið eign ríkisins		1000
20.	Til þess að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót		7025
21.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
22.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2900
23.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	7025	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1500	
			8525
24.	Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
25.	Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1500
26.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
	Flyt ...	... ...	153305

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	153305
27.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		800
28.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		800
29.	Til Boga Th. Melsteds, til þess að rita Íslandssögu ...		800
30.	Til Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenska miðaldamenningarsögu		1000
31.	Til landsskjalfararannsókna ... ... Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
32.	Til veðurathugana og veðurskeyta		53000
33.	Til Íþróttasambands Íslands		1800
34.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		3500
35.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	7025	
	b. Til sama, til aðstoðar	1200	
			8225
36.	Til þess að kaupa grasasafn dr. Helga Jónssonar, þriðji fjórðungur andvirðis		2500
37.	Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		3500
38.	Til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins í Reykjavík .. ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi, en 400 kr. skal varið til fyrirlestra í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungum, 200 kr. á hvorum stað.		1500
39.	Ferðastyrkur til útlanda		6000
	Samtals ...	... ...	237530

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands		200000
2. Til sandgræðslu		40000
Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		
3. Til búnaðarfjelaga		15000
4. Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, alt að		15000
Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfjelag Íslands.		
5. Gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna		50000
6. Til Skeiðaáveitunnar upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, 3. greiðsla		6000
7. Til vegalagningar í Vestmannaeyjum, $^2/_3$ kostnaðar, alt að		20000
8. Til Garðyrkjufjelags Íslands: Laun garðyrkjustjóra		4000
9. Til skógræktar:		
a. Laun	11910	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
b. Til skóggræðslu	20000	
c. Styrkur til Hákonar Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms	1200	
		33110
10. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	18995	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
c. Til eins manns, til þess að læra dýralækningar erlendis	1200	
Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.		
		20895
11. Til fjárkláðalækninga		6000
12. Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
Flyt ...	... ...	411005

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	411005
13.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	5075	
	b. Til aðstoðar	4000	
	c. Húsaleiga	3000	
	d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
	e. Til áhaldakaupa	500	
			13775
14.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
15.	Til Fiskifjelagsins		65000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
16.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna	17400	
	b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.		
	c. Laun 4 síldarmatsmanna	2320	
	d. — 4 ullarmatsmanna	580	
	e. — 5 kjötmatsmanna	870	
	f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			37370
17.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		8000
18.	Til bryggjugerða og lendingabóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun		20000
19.	Til hafnarbóta í Ólafsvík		15000
20.	Til þess að leitast fyrir um markað fyrir íslenskar afurðir erlendis		5000
21.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
22.	Til gerlarannsókna		2000
23.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		4700
24.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og heimilisiðnaði		800
	Flyt ...	... ...	598650

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	598650
25.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
26.	Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal í Mjóanesi og Þórdísar Ólafsdóttur á Fellsenda, styrkur til kenslu í hannyrðum og vefnaði og annari handavinnu kvenna, einkum þjóðlegum hannyrðum, 450 kr. til hvorrar		900
27.	Til Kvenfjelags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kenslu í handavinnu kvenna ...		450
28.	Til sambands norðlenskra kvenna...		450
29.	Til Bandalags kvenna		450
30.	Til vörumerkjaskrásetjara		2000
31.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		4500
32.	Til Verslunarráðs Íslands, kostnaður af símskeytum um markaðsverð og markaðshorfur erlendis		2000
33.	Til forstöðu silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli ...		2000
34.	Laun húsagerðarmeistara...		7625
35.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
	a. Laun leiðbeinanda, 4000 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult gjald fyrir, er rennur í ríkissjóð.	5800	
	b. Ferðakostnaður og skrifstofufje...	1000	
			6800
36.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
37.	Til vatnsrenslismælinga		2000
38.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		6000
39.	Til framhalds landmælinga		40000
40.	Til ræktunarsjóðs:		
	a. Afgjöld þjóðjarða	30000	
	b. Tillag til kostnaðar við sjóðinn	10000	
	c. Hluti af útflutningsgjaldi	62500	
			102500
	Samtals ...	... ...	779925

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga		500000
2. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61, 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga		7000
4. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
5. Til slysatryggingar		10000
6. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
7. Til bjargráðasjóðs		24000
8. Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
9. Til Goodtemplarareglunnar, til bindindisstarfsemi ...		9000
10. Til Rauðakrossfjelags Íslands		2000
11. Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
12. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
Samtals ...	... ...	659200

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			
a. Embættismenn		26057,55	
b. Embættismannaekkjur og börn		16353,02	
c. Uppgjafaprestar		635,28	
d. Prestsekkjur		5483,81	
e. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49, 1923		2500,00	
			51029,66
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Til Þorvalds Pálssonar læknis ...	300,00		
2. -- Sigvalda Stefánssonar Kaldalóns læknis	640,00		
Flyt ...	940,00	... ...	51029,66

		kr.	kr.
Flutt ...	940,00	... ...	51029,66
3. Til Sigurðar Magnússonar læknis ...	169,87		
4. — Halldórs Briems bókavarðar ...	960,00		
		2069,87	
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Til Magneu Ásgeirsson	200		
2. — Ólivu Guðmundsson	175		
3. — Theodóru Thoroddsen	800		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
7. — Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8. — Ágústu Jóhannsdóttur	300		
9. — Rannveigar Tómasdóttur	300		
10. — Önnu Gunnlaugsson	900		
11. — Kristbjargar Marteinsdóttur	600		
12. — Kristínar Jacobson	600		
13. — Guðnýjar Jónsdóttur	400		
14. — Kirstínar Þ. Blöndal	300		
15. — Guðlaugar Magnúsdóttur...	800		
16. — 3 barna hennar	300		
		7725,00	
c. Uppgjafaprestar:			
1. Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2. — Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3. — Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4. — Sig. prófasts Gunnarssonar	662,25		
5. — Guttorms Vigfússonar...	600,00		
6. — Jóns Ó. Magnússonar...	600,00		
		3467,25	
d. Prestsekkjur:			
1. Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2. — Auðar Gísladóttur	300,00		
3. — Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4. — Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur...	100,00		
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
Flyt ...	2530,00	13262,12	51029,66

		kr.	kr.
Flutt ...	2530,00	13262,12	51029,66
10. Til Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
12. — Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
13. — Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
14. — Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
15. — Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
16. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
17. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
18. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
19. — Valgerðar Gísladóttur kr. 176,50 og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	284,83		
20. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
21. — Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
22. — Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
23. — Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
24. — Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
25. — Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
26. — Önnu Stefánsdóttur	200,00		
		7133,30	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3. — Magnúsar Einarssonar	500,00		
4. — Elínar Briem Jónsson	300,00		
5. — Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6. — Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7. — Guðmundar Björnssonar	150,00		
8. — Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
9. — Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
10. — Páls J. Árdal	600,00		
		3760,00	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1. Til Guðm. Kristjánssonar	300		
2. — Böðvars Jónssonar	200		
3. — Hallgríms Krákssonar	200		
Flyt ...	700	24155,42	51029,66

			kr.	kr.
		Flutt ... 700	24155,42	51029,66
4.	Til Jóhanns Jónssonar	200		
5.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
6.	— Daníels Jónssonar	200		
7.	— Jens Þórðarsonar	300		
8.	— Friðriks Möllers	1200		
9.	— Kristínar Jóelsdóttur	200		
10.	— Eliesers Eiríkssonar	200		
11.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
12.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
13.	— Guðmundar Jónssonar fyrrum bæjarpósts á Akureyri	200		
14.	— Guðm. Kristjánssonar	200		
15.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
16.	— Friðriks Klemenssonar	2000		
17.	— Þorsteins Jakobssonar	200		
18.	— Kristjáns Blöndals	1000		
19.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ...	300		
20.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ...	200		
			8600,00	
g.	Ritliöfundar:			
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Valdimars Briems	1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar	1200		
7.	— dr. Helga Pjeturss	4000		
8.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu...	1000		
			16400,00	
h.	Ekkjur og börn skálda og ritliöfunda:			
1.	Til Jakobínu Pjetursdóttur	200,00		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur	300,00		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur	300,00		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	300,00		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur	300,00		
6.	— 2 barna hennar	200,00		
7.	— Valgerðar Arnljótsdóttur	300,00		
			1900,00	
		Flyt ...	51055,42	51029,66

		kr.	kr.
	Flutt ...	51055,42	51029,66
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400	
2.	— Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500	
3.	— Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður	500	
4.	— Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður	500	
5.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður	500	
6.	— Jakobínu Sveinsdóttur jubilljósmóður	500	
7.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500	
8.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ...	300	
9.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar	300	
10.	— Páls Erlingssonar	1200	
11.	— Erlends Zakaríassonar	300	
12.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300	
13.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300	
14.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar	400	
15.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400	
16.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300	
17.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	300	
18.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	400	
19.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300	
20.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300	
21.	— Sigrúnar Gestsdóttur, ekkju Stefáns Eiríkssonar.	600	
	Flyt ...	9100	51055,42	51029,66

		kr.	kr.
Flutt ...	9100	51055,42	51029,66
22. Til Halldóru Pjetursdóttur Briem ...	600		
23. — Kristjönu Benediktsdóttur	400		
24. — Bjargar Guðmundsdóttur	400		
25. — Hjálmars Lárussonar	1000		
26. — Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
		11900,00	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara		1200,00	
k. — ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar		1000,00	
l. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000,00	
			68155,42
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			51833,25
Samtals ...		... ...	171018,33

19. gr.

Til óvissra gjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Árið 1928 eru tekjur áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.	10070000.00		
—	3. —	34600,00		
—	4. —	315000,00		
—	5. —	75000,00		
			kr.	10494600,00

En til gjalda er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	1385678,00		
—	8. —	60000,00		
—	9. —	219350,00		
—	10. —	314760,00		
—	11. — A.	769026,00		
—	11. — B.	149000,00		
		918026,00		
	Flyt ...	2897814,00	kr.	10494600,00

			Flutt ...	2897814,00	kr. 10494600,00
Samkvæmt	12. gr.	... ...		808765,00	
—	13. —	A.	471960,00		
—	13. —	B.	892300,00		
—	13. —	C.	340000,00		
—	13. —	D.	1365300,00		
—	13. —	E.	244620,00		
				3314180,00	
—	14. —	A.	330181,00		
—	14. —	B.	1082895,00		
				1413076,00	
—	15. —	... ...		237530,00	
—	16. —	... ...		779925,00	
—	17. —	... ...		659200,00	
—	18. —	... ...		171018,33	
—	19. —	... ...		100000,00	
—	20. —	... ...		10000,00	
					kr. 10391508,33
				Tekjuafgangur	kr. 103091,67

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 100 þús. kr. til þess að reisa ishús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánin eru veitt sýslufjelögum, gegn tryggingum þeim, er landsstjórnin tekur gildar, þó ekki hærri en $^2/_3$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.
   c. Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
   d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu svo greidd með jöfnun afborgunum á 30 árum.
2. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus fyrstu 4 árin, en greiðast síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
3. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda. og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann

hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.

4. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Alt að 35000 kr. til Mjólkurfjelags Reykjavíkur til þess að koma upp kornmylnu. Lánið er veitt gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, ávaxtast með 6% og endurborgast með jöfnum afborgunum á 5 árum.

23. gr.

Stjórninni er heimilt að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1928, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1927 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum. tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við frv. til fjárlaga fyrir 1928.

Frv. þetta er samið eftir svipuðum reglum og frv. stjórnarinnar til fjárl. fyrir 1927. Dýrtíðaruppbótin er áætluð 45% af launum upp að 4500 kr. Verðlagið í landinu hefir nú lækkað svo, að það virðist vera komið nálægt því í samræmi við núverandi peningagildi, þó nokkuð kunni á það að bresta á einstökum sviðum. Hefir því þótt rjett að taka tillit til verðlagsbreytingarinnar við samningu þessa frv. og áætla svipaða lækkun á styrkjum og gjöldum, sem háð eru verðlaginu, eins og þá, sem orðið hefir á embættislaunum vegna minkandi dýrtíðar. Lækkunin á embættislaunum frá 1926 til 1927 nemur nálægt 13½%, og eru upphæðir þær, er hjer um ræðir, því yfirleitt færðar niður um 10 til 15% frá því sem áætlað er í fjárlögum 1927. Undanskildar þessari niðurfærslu eru þó ýmsar upphæðir, sem annaðhvort hafa verið of lágt áætlaðar áður, eða

ástæða þykir til að hækka raunverulega, með því að láta krónutölu þeirra haldast óbreytta, eða beinlínis með því að taka upp hærri krónutölu.

Eins og að undanförnu hefir það verið áhugamál stjórnarinnar, að taka upp í frv. sem mestar fjárveitingar til samgöngubóta á landi, þ. e. til vegagerða, brúargerða og nýrra síma, og telur hún að upphæðirnar í frv. til þessara liða muni samsvara eins miklum framkvæmdum nú og upphæðir fjárlaganna 1927 fyrir ári síðan, þótt krónutölurnar sjeu ofurlítið lækkaðar.

Tekjubálkurinn.

Um 2. gr.

1. Fasteignaskattur fer heldur hækkandi, og þykir mega áætla hann 240 þús. kr.
2. Tekju- og eignarskatturinn hefir orðið h. u. b. þessi: 1923 kr. 823 þús. 1924 kr. 841 þús., 1925 kr. 2109 þús. Árið 1926 verður hann væntanlega um 1100 þús. kr. og er áætlaður í fjárl. 1927 með 950 þús. kr. Þessar tölur sýna greinilega, að það er öldungis ómögulegt að gera ábyggilega áætlun um afrakstur af þessum tekjustofni 2 árum fyrirfram, eins og löggjöfin er nú. Þykir því rjett að láta áætlun fjárl. 1927 haldast óbreytta í þessu frv.
3. Lestagjald af skipum stóð í stað og þó heldur minkandi, árin 1922—1924, líklega meðfram vegna þess að mæling og skrásetning fiskiskipa var í ólagi sumstaðar, einkum í Vestmannaeyjum. Árin 1925 og 1926 nemur gjaldið um 42 þús. kr., og virðist því óbætt að áætla liðinn 40 þús. kr.
4. Aukatekjur hafa orðið h. u. b. þessar: 1922 kr. 336 þús., 1923 kr. 300 þús, 1924 kr. 402 þús., 1925 kr. 436 þús. Þær virðast fara minkandi aftur 1926, og þykir ekki fært annað en lækka áætlun fjárl. úr 375 þús. kr. 1927 niður í 350 þús. kr.

5.—7. Þessir liðir eru óbreyttir eins og í fjárl. 1927.

8. Stimpilgjaldið komst upp í 386 þús. kr. árið 1925, en sýnist ætla að verða talsvert lægra 1926, og þykir ekki fært að áætla það hærra en 300 þús. kr.
9. Skólagjöld óbreytt.
10. Bifreiðaskattur nemur 1926 fullum 30 þús. kr., og þykir óhætt að áætla hann þannig.
11. Útflutningsgjaldið var í frv. til fjárl. f. 1927 áætlað 950 þús. kr., en þingið hækkaði þá áætlun upp í 1 milj. kr. Á þrem fyrstu ársfjórðungum 1926 er tilfallið útfl.gj. 578 þús. kr., og virðist því áætlun fjárl. 1926, sem er 860 þús. kr., vera nærri lagi, og ekki fært að áætla liðinn hærri en 850 þús kr.
12. Óbreyttur liður.
13. Eftir skýrslum lögreglustjóra hefir tóbakstollur tilfallið á árinu 1926 þannig: 1. ársfj. 434 þús. kr., 2. ársfj. 303 þús. kr., 3. ársfj. 275 þús. kr.

Í fjárl. 1927 er liðurinn áætlaður 775 þús. kr., og virðist gerlegt að hækka þá áætlun upp í 800 þús. kr.

14.—15. Óbreyttir liðir.

16. Vörutollur er í fjárl. 1927 áætlaður kr. 1375000,00, og er þar ekki gert ráð fyrir gengisviðaukanum, sem fjell niður 1. apríl 1926. En í áætluninni er ekkert tillit tekið til þeirrar lækkunar á vörutollinum, sem leiðir af lögum nr. 54 1926, er gengu í gildi 1. júlí 1926. Var gert ráð fyrir að þau lög mundu skerða vörutollinn um fram undir ½ milj. kr. á ári. Eftir þeirri litlu reynslu, sem fengin er síðan þau lög gengu í gildi þykir þó forsvaranlegt að áætla liðinn 1 milj. kr.

17. Verðtollur er áætlaður samkvæmt því, er ráðgert var við afgreiðslu verðtollslaganna á þingi 1927.

18. Óbreyttur liður.

19.—20. Pósttekjur og símatekjur eru settar sem næst eftir áætlunum aðalpóstmeistara og landssímastjóra.

21. Vínein kasala. Liðurinn óbreyttur, og þó mjög tvísýnt hvort upphæðin fæst inn í erfiðu árferði.

Um 3.—5. gr.

Munu ekki þurfa skýringa.

Gjaldabálkurinn.

Um 7. gr.

Skrá yfir afborganir og vexti verður afhent fjárveitinganefndum.

Um 8. gr.

Upphæðin er lögákveðin.

Um 9. gr.

Fjárveitingin til alþingiskostnaðar hefir á síðari árum ávalt reynst of lág. Ríkisstjórnin hefir engin afskifti af notkun þessa fjár, heldur ráðstafa alþingisforsetarnir því á eigin ábyrgð. Hjer er upphæðin áætluð sem næst eftir reynslu undanfarinna ára, með þeirri lækkun á heildarupphæðinni, er samsvarar lækkun dýrtíðarvísitölunnar.

Um 10. gr.

I. 4. Annar kostnaður eða almennur skrifstofukostnaður stjórnarráðanna hefir verið áætlaður miklu lægri í fjárlögum undanfarinna ára en hann hefir orðið í reyndinni. Reynt verður að lækka útgjöld þessi, en vonlaust þykir að komast af með minni upphæð en 25 þús. kr.

I. 7. Liðurinn hækkaður um 1000 kr., því að bæði hefir upphæðin reynst ónóg og viðhald húsanna ófullnægjandi.

III. 4. Ráðgjafanefndin heldur fund sinn á Íslandi 1928. Reynslan hefir sýnt, að eigi verður komist hjá dálitlum aukakostnaði, auk þóknunar nefndarmanna, og við það er upphæðin miðuð.

Um 11. gr.

A.

1. b. Liðurinn er hækkaður vegna þess, að hann hefir reynst of lágt áætlaðnr undanfarið, og vegna þess að nú á að greiða borgun til hæstarjettarritara af honum.

6. Störf sýslumanna fara sívaxandi, og þykir eigi fært annað en fara enn fram á nokkra hækkun á þessum lið.

8. Að meðtöldu 15 þús. kr. umsömdu framlagi frá Vestmannaeyjum í notum veiðigæslu þar um vertíðina, verða 450 þús. fyrir henni til landhelgisgæslunnar, og mun þó fremur lágt áætlað.

11.—13. Þessir liðir hafa reynst of lágt áætlaðir síðustu árin, og þykir óhjákvæmilegt að hækka þá dálitið.

B.

4. Þessi gjöld hafa hingað til farið talsvert fram úr áætlun, og er liðurinn því hækkaður.

Um 12. gr.

11. Jón læknir Kristjánsson hefir sótt um nokkurn árlegan styrk til lækningastofu sinnar fyrir gigtarsjúkdóma m. m., og mælir landlæknir hið besta með beiðninni. Þar sem að heita má að allar aðrar tegundir lækninga sjeu styrktar eða kostaðar af opinberu fje, hefir þótt sanngjarnt að taka þessa beiðni til greina að einhverju leyti.

16. a. Ráðgert er að varið sje 200 þús. kr. til byggingar landsspítala á árinu, þar af 50 þús. kr. úr landsspítalasjóði, sem verður þar með upp unninn.

Um 13. gr.

A. Póstmál.

Upphæðirnar eru teknar alveg eftir tillögum aðalpóstmeistara. Enn fremur hefir hann farið fram á upphæð til þess að byggja pósthús á Ísafirði, en með því að nokkurt útlit er fyrir að hús eða húsnæði verði fáanlegt þar á næstunni, hefir ekki þótt næg ástæða til að taka þann lið upp.

B. Vegamál.

Upphæðirnar eru óbreyttar eftir tillögum vegamálastjóra, nema hvað liðurinn IV. er settur 30 þús. kr. í samræmi við tekjuliðinn 2. gr. 10.

C. Samgöngur á sjó.

1. a. Liðurinn er hækkaður um 30 þús. kr. og orðalaginu breytt með það fyrir augum, að haldið verði uppi nokkrum aukastrandferðum auk ferða »Esju«.

D. Hraðskeyta- og talsímasamband.

Gjöldin eru áætluð að mestu eftir tillögum landssímastjóra. Launaliðurinn er þó áætlaður dálítið hærri, eftir útreikningum ráðuneytisins, en einstöku aðrir liðir lækkaðir lítið eitt með tilliti til lækkandi verðlags.

E. Vitamál.

Tillögur vitamálasjóra, sem eigi hefir þótt fært að taka til greina að fullu, verða lagðar fyrir fjvn.

Um 14. gr.

A.

Liðirnir 3., 4. og 7. eru lækkaðir dálítið vegna lækkandi verðlags.

B.

I. i. 3. Ýms gjöld háskólans. Þessi liður hefir undanfarin ár verið í fjárlögum 3000 kr. eftir tillögum háskólans sjálfs, og hefir háskólinn enn þá lagt til að hann hjeldist óbreyttur. En fjármálarn. athugar að eytt hefir verið á þessum lið árið 1924 kr. 8558.40 og árið 1925 kr. 11510.38. Fjármálarn. ber því fram tillögu um hækkun á liðnum upp í 5000 kr., en mun ganga eftir því að fje verði eigi heldur á þessum lið eytt umfram fjárveitingu án fyrirfram fengins samþykkis.

III.—VII. Erindi forstöðumanna þessara skóla verða fengin fjárveitinganefndum.

VIII. 1. c. 4. Ýmisleg gjöld Hólaskóla eru á ætluð svo há vegna byggingarkostnaðar fjárhúsa og heyhlöðu.

VIII. 2. 7. 5. Rjett þykir að taka upp fjárveitingu til miðstöðvarhitunar í íbúðarhús bændaskólans á Hvanneyri.

XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja hefir verið áætlað alt of lágt í fjárlögum undanfarið. Nú hefir verið reist nýtt skólahús, sem ætlast er til að verði borgað af andvirði seldra lóða frá skólaeigninni. Ábyggileg áætlun um kostnað við skólahaldið eftir breytinguna hefir ekki fengist, en fráleitt verður hann lægri en hjer er áætlað, 20 þús. kr.

Um 15. gr.

Í þessari grein eru engin teljandi nýmæli. Hækkaðir eru liðirnir 2. b., kostnaður við þjóðskjalasafnið, og 36, Veðurstofan. Um ástæður fyrir þessum hækkunum er vísað til brjefa frá forstöðumönnum stofnananna, og verða þau lögð fyrir fjárveitinganefndir.

Um 16. gr.

1. Stungið er upp á óbreyttri upphæð til Búnaðarfjelags Íslands, með því að ætlast er til að kostnaður við ný verkefni, einkum grasfrærækt, jafnist við gjaldalækkun vegna verðlagslækkunar.

4. Þessi liður er nýr og tilgangurinn með honum er að stuðla að því, að sem víðast á landinu verði komið upp nokkurs konar sýningarstöðvum fyrir hafra- eða grasfræsáningu. Sú ræktunaraðferð að plægja og herfa, og sá síðan

hö rum eða grasfræi, þykir gefast mjög vel. En þessi ræktunaraðferð virðist ryðja sjer fremur seint til rúms, og er varla efi á, að miklu þar um veldur, að bændur allvíða á landinu eiga þess ekki kost að sjá í verki hvernig aðferð þessi gefst. Til þess að flýta fyrir útbreiðslu þessarar aðferðar er stungið upp á að veita 15000 kr. til þess að sýna í verkinu hvernig þetta gefst. Er hugsunin sú, að gefa búnaðarfjelögum landsins kost á að nefna til nokkra af meðlimum sínum, er reyna vilji þessa ræktunaraðferð, enda fái þeir til þess ókeypis fagmann til leiðbeininga og auk þess styrk nokkurn eftir því, sem síðar verður ákveðið af atvinnumálaráðherra eftir samráði við Bf. Ísl. Sennilegt er að á árinu 1928 verði ekki tekinn nema nokkur hluti landsins til þess að gera tilraunir í, en hversu stór hann verður er ekki unt að segja nú, og fer eftir ýmsum atvikum.

Þessi aðferð, sem hjer hefir verið lýst, sýnist vera hin besta til þess að gera þessa ræktunaraðferð kunna um allt land á skömmum tíma. Þegar bændur sjá hjá nágranna sínum að vel gefst þessi aðferð, munu þeir fljótt taka hana upp, og gæti þá svo farið að mikill árangur sæist eftir skamman tíma af þessari starfsemi.

17. Liðinn til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra er óbjákvæmilegt að hækka nokkuð.

32. Liðurinn er nýr, og verður fjvn. gerð grein fyrir honum.

Um 17. gr.

4. Nýr liður, tekinn upp samkvæmt tillögum vitamálastjóra.

Um 18. gr.

Feld eru niður skilorðsbundin eftirlaun fjárl. 1927 til Ögm. Sigurðssonar, með því að hann er enn í embætti, en nægilegt þykir að loforðið um eftirlaun hafi staðið í einum fjárlögum.

Bætt er við styrk til tveggja prestsekkna og til Páls J. Árdals fyrv. barnakennara á Akureyri og vegaverkstjóra. Að öðru leyti eru ákvæði fjárlaga 1927 tekin upp óbreytt með sjálfsögðum leiðrjettingum.

Um 19.—21. gr.

Munu ekki þarfnast skýringa.

Um 22. gr.

Fyrstu heimildirnar 4 eru óbreyttar.

Mjólkurfjelag Reykjavíkur hefir komið upp fullkominni kornmylnu, og sækir um alt að 50 þús. kr. lán til þess fyrirtækis, er fjelagið tjáist geta endurgreitt á 5 árum, gegn tryggingum, sem telja verður alveg fullnægjandi. Stjórninni þykir rjett að styðja þessa viðleitni, og fer fram á heimild til að lána fjelaginu 35 þús. kr.

Um 23.—25. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

SKRÁ

yfir lögmælt eftirlaun til embættismanna og embættismannaekkna og barna í árslok 1926.

		kr.	kr.
	A. Embættismenn.		
1.	Einar Benediktsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu (konungsúrskurður $^{9}/_{4}$ 1907)	641,91	
2.	Halldór Briem kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri	1440,00	
3.	Marínó Hafstein, sýslumaður í Strandasýslu (konungsúrskurður $^{30}/_{11}$ 1908)	1008,00	
4.	Helgi Guðmundsson, hjeraðslæknir í Siglufjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{1}/_{11}$ 1910)	1000,00	
5.	Axel Valdemar Tuliníus, sýslumaður í Suður-Múlasýslu (konungsúrskurður $^{1}/_{7}$ 1911)	1876,62	
6.	Eiríkur Briem, 1. kennari við prestaskólann (konungsúrskurður $^{20}/_{10}$ 1911)	1737,78	
7.	Bjarni Jenssou, hjeraðslæknir í Síðuhjeraði (konungsúrskurður $^{17}/_{2}$ 1914)	1000,00	
8.	Sigurður Þórðarson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu (konungsúrskurður $^{7}/_{10}$ 1914)	2276,70	
9.	Björn G. Blöndal, hjeraðslæknir í Miðfjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{28}/_{7}$ 1915	875,00	
10.	Sigurður Ólafsson, sýslumaður í Árnessýslu (konungsúrskurður $^{30}/_{7}$ 1915)	2571,35	
11.	David Scheving, hjeraðslæknir í Ísafjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{2}/_{8}$ 1914)	1266,67	
12.	Guðmundur Eggerz, sýslumaður í Árnessýslu	1558,52	
13.	Skúli Árnason, hjeraðslæknir í Grímsnesshjeraði	800,00	
14.	Jón Jónsson, læknir	991,67	
15.	Sigurður Magnússon, læknir	963,33	
16.	Sigvaldi Kaldalóns, læknir	560,00	
17.	Kl. Jónsson, fv. landritari	4000,00	
18.	Ólafur Gunnarsson, hjeraðslæknir	490,00	
19.	Stefán Gíslason hjeraðslækuir	1000,00	
		... ...	26057,55
	Flyt ...	... ...	26057,55

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	26057,55
B. Embættismannaekkjur og börn:		
1. Kristjana Hafstein, ekkja Pjeturs Hafsteins amtmanns, frá 1/7 1875	529,16	
2. Kristín Skúladóttir, ekkja Boga Pjeturssonar hjeraðslæknis, frá 1/1 1890	187,50	
3. Caroline Rósa Jónassen, ekkja E. Th. Jónassens amtmanns, frá 1/10 1891	750,00	
4 Ragnheiður Guðjonsen, ekkja Einars Guðjonsen hjeraðslæknis, frá 1/8 1891	187,50	
5. Ásta Hallgrímsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá 1/1 1894	350,00	
6. Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar hjeraðslæknis í 4. læknishjeraði, frá 1/5 1894	305,00	
7. Þuríður Johnsen, ekkja Jóns Johnsen sýslumanns í Suður-Múlasýslu, frá 1/11 1895	430,80	
8. Álfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briems amtmanns, frá 1/1 1905	625,00	
9. Elín G. Blöndal, ekkja P. Blöndal hjeraðslæknis ...	187,50	
10. Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar hjeraðslæknis	189,37	
11. Lára Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving hjeraðslæknis, frú 1/2 1909	187,50	
12. Elina Marine Bolette Sveinsson, ekkja Hallgríms Sveinssonar biskups, frá 1/1 1910	875,00	
13. Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar hjeraðslæknis í Hróastunguhjeraði, frá 1/9 1910	150,00	
14. Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar hjeraðslæknis í Sauðárkrókshjeraði, frá 1/11 1910	212,50	
15. Óliva María Guðmundsson, ekkja Guðlaugs Guðmundssonar, frá 1/9 1913	560,83	
16. Johanne Margrethe Havsteen, ekkja Júlíusar amtmanns Havsteen, frá 1/6 1915	750,00	
17. Sigríður Hjaltadóttir, ekkja Jóns Jenssonar yfirdómara, frá 1/7 1915	500,00	
18. Theódóra Thoroddsen, ekkja Skúla Thoroddsen sýslumanns, frá 1/6 1916	535,17	
19. Elín Stephensen, ekkja Magnúsar landshöfðingja Stephensens, frá 1/5 1917	1166,67	
Flyt ...	8679,50	26057,55

		kr.	kr.
	Flutt..	8679,50	26057,55
20.	Sofía Johnsen, ekkja fyrv. hjeraðslæknis Þorgríms Johnsen, frá 1/9 1917...	321,53	
21.	Þórunn Stefánsdóttir, ekkja fyrv. kennara síra Jónasar Jónassonar, frá 1/10 1917...	200,00	
22.	Guðný Bjarnarson, ekkja fyrv. sýslumanns Björns Bjarnarson, frá 1/1 1919	350,00	
23.	Vigdís G. Blöndal, ekkja Jóns Blöndals hjeraðslæknis í Borgarfjarðarhjeraði..	187,50	
24.	Ingileif S. Aðils, ekkja Jóns Jónssonar Aðils prófessors, frá 1/8 1920... ... ... kr. 340,00 Samkv. konungsúrskurði 13/11 1920, handa Jóni Þórði, f. 15/1 1913 ... ... — 100,00	440,00	
25.	Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonar yfirkennara	450,00	
26.	Finnboga Árnadóttir, ekkja Odds Jónssonar hjeraðslæknis í Reykhólahjeraði...	187,50	
27.	Steinunn Frímannsdóttir, ekkja Stefáns Stefánssonar skólameistara á Akureyri...	715,82	
28.	Anna Daníelsson, ekkja hæstarj.d. Halldórs Daníelss.	859,37	
29.	Guðrún Björnsdóttir, ekkja Þórðar Pálssonar læknis	187,50	
30.	Ágústa Jóhannsdóttir, ekkja Þórhalls Jóhannessonar hjeraðslæknis, frá 1/5 1924	150,00	
31.	Ingibjörg Magnúsdóttir, ekkja Júl. Halldórssonar hjeraðslæknis, frá 1/6 1924	212,50	
32.	Margrjet Lárusdóttir, ekkja Guðm. Þorsteinssonar hjeraðslæknis, frá 1/4 1924	150,00	
33.	Rannveig Tómasdóttir, ekkja Magnúsar Jóhannssonar hjeraðslæknis, frá 1/1 1924 ... ... kr. 187,40 Samkvæmt konungsúrskurði 20/8 1924, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs, 80 kr. árlega: 1. Elísabet Vilhelmína, f. 14/7 1914. 2. Karl Jóhann, f. 7/9 1916. 3. Guðríður Erla, f. 8/1 1921. 4. Axel Valgarður, f. 30/9 1922 ... ... kr. 320,00	507,40	
34.	Katrín Skúladóttir, ekkja Guðm. Magnússonar prófessors, frá 1/12 1924	425,00	
35.	Til tveggja barna H. Hafsteins	200,00	
	Flyt ...	14223,62	26057,55

		kr.	kr.
	Flutt ...	14223,62	26057,55
36.	Anna Gunnlaugsson, ekkja Halldórs Gunnlaugssonar hjeraðslæknis, frá 1/1 1925 ... ... kr. 150,00 Samkvæmt konungsúrskurði 10/8 1925, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs, 100 kr. árlega: 1. Ella Vilhelmína, f. 2/8 1914 ... ... — 100,00 2. Gunnar Þór, f. 10/6 1919 ... ... — 100,00	350,00	
37.	Kirstín Þ. Blöndal, ekkja Ásgeirs Blöndals hjeraðslæknis, frá 1/3 1926	187,50	
38.	Þórunn Siemsen, ekkja Frans Siemsens sýslumanns, frá 1/1 1926	391,90	
39.	Þóra Magnússon, ekkja Jóns Magnússonar ráðherra, frá 1/7 1926...	1200,00	
			16353,02
	G. Uppgjafaprestar:		
1.	Tómas Björnsson, prestur að Barði, frá fardögum 1902	405,28	
2.	Jón Magnússon, prestur að Ríp, frá fardögum 1904	230,00	
			635,28
	D. Prestsekkjur:		
1.	Anna Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað	100,52	
2.	Ásta Þórarinsdóttir frá Grenjaðarstað	170,00	
3.	Astríður Petersen frá Svalbarði	100,00	
4.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagafirði	100,00	
5.	Camilla S. Briem frá Hruna	129,43	
6.	Elín Scheving frá Vogsósum	100,00	
7.	Guðríður Pjetursdóttir frá Höfða	114,63	
8.	Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	100,00	
9.	Guðrún J. Jóhannesdóttir frá Besgstöðum	107,54	
10.	Guðrún Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	183,78	
11.	Guðrún Ólafsdóttir frá Otradal	100,00	
12.	Guðrún Pjetursdóttir frá Görðum	314,81	
13.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	134,40	
14.	Halldóra Hallgrímsdóttir frá Görðum á Akranesi ...	154,25	
15.	Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólsstað	158,95	
16.	Hansína Þorgrímsdóttir frá Þingeyrum	129,06	
17.	Ingunn Loftsdóttir frá Desjarmýri...	101,55	
	Flyt ...	2298,92	43045,85

		kr.	kr.
	Flutt ...	2298,92	43045,85
18.	Jóhanna S. Jónsdóttir frá Viðvík	150,00	
19.	Kristín Sveinbjarnardóttir frá Holti	181,40	
20.	Lilja Ólafsdóttir frá Breiðabólstað	118,43	
21.	Margrjet Þórðardóttir frá Gaulverjarbæ...	139,86	
22.	Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	131,36	
23.	Ragnheiður Pálsdóttir frá Tjörn á Vatnsnesi	118,60	
24.	Ragnhildur Gísladóttir frá Eyvindarhólum	101,81	
25.	Sigríður Jónasdóttir frá Melstað	188,06	
26.	Sigríður Methúsalemsdóttir frá Staðarbakka	131,26	
27.	Vigdís Einarsdóttir frá Grunnavík...	104,16	
28.	Þórey Kolbeins frá Staðarbakka	115,53	
29.	Valgerður Jónsdóttir frá Völlum í Svarfaðardal... ...	142,00	
30.	Helga Ketilsdóttir frá Grindavík	100,00	
31.	Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli	147,50	
32.	Vilborg Jónsdóttir frá Prestbakka	102,65	
33.	Sigríður Halldórsdóttir frá Holti í Önundarfirði ...	184,36	
34.	Guðlaug Vigfúsdóttir frá Stafafelli	90,80	
35.	Valgerður Gísladóttir frá Mosfelli	123,44	
36.	Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási	142,10	
37.	Guðfinna Jensdóttir frá Miklabæ	116,96	
38.	Guðrún Sigurðardóttir frá Flatey	118,93	
39.	Guðbjörg Hermannsdóttir frá Þingvöllum	118,30	
40.	Þóruun Bjarnadóttir frá Vigur	144,44	
41.	Anna Stefánsaóttir frá Stað í Súgandafirði	100,00	
42.	Helga Skúladóttir frá Kálfafellsstað	72,94	
			5483,81
	E. Lög nr. 119, 1922:		
	Einar Þorkelsson fyrv. skrifstofustjóri alþingis	... ...	2500,00
	Samtals ...	... ...	51029,65

22. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Í staðinn fyrir málsgreinarnar: »39. Reykjavík: Reykjavíkur, Lágafells og Viðeyjarsóknir. 40. Reynivellir: Reynivalla, Saurbæjar og Brautarholtssóknir« komi: »39. Reykjavík: Reykjavíkursókn. 40. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells, Brautarholts og Viðeyjarsóknir. 41. Reynivellir: Reynivalla og Saurbæjarsóknir«.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir.

Biskupinn hefir sent hingað frumvarp þetta, sem ráðuneytið alveg fellst á, og getur ráðuneytið látið nægja að vísa til ástæðna biskupsins, sem prentaðar eru á fylgiskjali með frumvarpinu.

Fylgiskjal.

Svo sem kunnugt er var með lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, Mosfellsprestakall í Mosfellssveit felt úr tölu sjálfstæðra prestakalla með þeim hætti, að Brautarholtssóknin legðist til Reynivallaprestakalls, en Lágafells og Viðeyjarsóknir til Reykjavíkur-dómkirkjuprestakalls, og þessari síðarnefndu ráðstöfun var síðan slegið fastri með stjórnarráðsbrjefi, dags. 28. maí 1909, viðvíkjandi afstöðu prestanna í Reykjavíkur-prestakalli hvors til annars og verkaskiftingu í sóknuðinum, sem ákvað að dómkirkjupresturinn tæki að sjer, þegar prestaskifti yrðu í Mosfellsprestakalli, Viðeyjarsókn, en annar presturinn vtð dómkirkjuna Lágafellssókn.

Frá því að þessi lög voru sett þangað til að því kæmi að fá þeim komið í framkvæmd, liðu svo 15 ár eða þangað til að presturinn á Mosfelli, sem var þar þegar lögin voru sett, andaðist. En þá hafði sú breyting orðið, sem gerði það með öllu ómögulegt að framkvæma lögin. Með hraðfara vexti Reykjavíkurbæjar á þessu tímaskeiði og samfara vexti Reykjavíkur-dómkirkjusafnaðar varð það blátt áfram ógerningur að skylda Reykjavíkur-prestana tvo til þess að bæta við sig þessum tveim sóknum, Viðeyjar og Lágafells, og

presturinn á Reynivöllum skoraðist með öllu undan því að bæta við sig Brautarholtssókninni. Sálnatalan í Reykjavíkur-dómkirkjusöfnuði hafði alt að því tvöfaldast frá því að lögin voru sett. Árið 1907 var tala söknarmanna í dómkirkjusöfnuðinum c. 6000, en 1920 var hún orðin alt að því 12000. Þau sex ár, sem síðan eru liðin hefir fólksfjöldinn í bænum aukist að mun og hefi jeg fyrir satt að af 22022 íbúum, sem hjer töldust við síðastliðin áramót, hafi 14500 verið í dómkirkjusöfnuðinum. Af þessum tölum má ráða, að það er ekki neitt smáræðis annríki, sem þessir tveir prestar dómkirkjusafnaðarins hafa, þótt ekki væri stækkaður verkahringur þeirra allar götur upp að Esju.

En hjer er á fleira að líta. Svo sem kunnugt er, þá ætlast lögin til þess, að prestar dómkirkjusafnaðarins bæti á sig þjónustu þessara tveggja sókna *án nokkurs endurgjalds* annars en þóknunar, sem þeir fá fyrir aukaverk, sem þeir vinna. En þær tekjur nema ekki meiri upphæð en svo, að þær borga alls ekki kostnaðinn, sem þjónustan hefir í för með sjer. Þegar lögin voru sett 1907 voru tímarnir ekki lakari en að embættismenn með meðallaunum gátu haldið hest. Nú er annað eins og það beinn ógerningur, með þeim launum, sem prestum eru ætluð. Eina leiðin fyrir þann prest, sem hjeðan úr Reykjavík ætlar að þjóna Lágafellssókn, yrði sú að nota bifreiðir, en auk þess, sem erfitt er að koma bílum við nema eftir sjálfum þjóðveginum, svo að presturinn yrði að fara hitt gangandi eða að fá sjer leigðan hest, þá yrði það prestinum ærið kostnaðarsamt að taka bíl á leigu hve nær sem hann ætti erindi þangað upp í söknina. Það eitt að rækja tíðahald á helgum dögum á Lágafelli, þótt ekki væri gert ráð fyrir nema messu þriðja hvern helgan dag, mundi kosta prestinn minst 600 kr. Þar við bættust svo allar aðrar ferðir, sem hann yrði að fara þangað vegna annara prestsverka, sem fyrir kæmu. Mundi láta nærri, að kostnaðurinn af þjónustunni yrði ekki mikið undir 1000 krónum. Má geta nærri hve tilfinnanlegur sá kostnaður yrði öðrum prestinum við dómkirkjuna, sem þessi þjónusta er ætluð, að ótöldu því sliti öllu, sem þjónustan hlyti að hafa í för með sjer fyrir hann persónulega, og það alt án þess að hafa annað upp úr fyrirhöfninni en *bein útgjöld*. Hið sama má að sumu leyti segja um þjónustu Viðeyjar, sem ætluð er sjálfum dómkirkjuprestinum. Viðeyjarkirkja er nú þriðjungakirkja og mundi söfnuðurinn ekki gera sig ánægðan með minna en 20 messur á ári. En hver messa, sem hann flytti, kostaði leigu á mótorbát til ferðarinnar, sem gera má ráð fyrir, með þeirri bið, sem báturinn yrði að hafa inn frá, ekki fengist fyrir minna en 20 kr. hver ferð. Yrði það um 400 kr. útgjöld, sem að eins messuflutningurinn hefði í för með sjer, auk þess kostnaðar, sem fylgdi öðrum embættisferðum prestsins þangað út í eyna.

En hjer við bætast svo hin miklu óþægindi, sem af því leiddu fyrir söfnuðina báða, að verða að fá presta frá Reykjavík til allra prestsverka og eiga það á hættu, að prestarnir sjeu, þegar mest þarf á þeim að halda, bundnir heima fyrir af öðrum embættisverkum og geti ekki sint beiðni þeirra. Yfir höfuð getur ekki hjá því farið, með fyrirkomulagi eins og því, sem lögin gera ráð fyrir, að þessir útsöfnuðir báðir verði í mesta máta útundan með alla

prestsþjónustu, en því geta engir söfnuðir unað til lengdar, og er það ekki láandi.

Síðan 1924 hefir Mosfells-prestakalli verið þjónað af settum presti, sem þangað vígðist með leyfi stjórnarvaldanna. En þar sem þessi prestur er aðeins *settur* í embættið til bráðabirgða, þá nýtur hann, eftir skilningi stjórnarráðsins á launalögunum frá 1919, ekki þeirra rjettinda, sem aðrir prestar hafa til launahækkunar 3. hvert ár, heldur verður að búa að byrjunarlaunum presta meðan hann er þar settur, hve lengi sem það verður. En með þeim kjörum er þess ekki að vænta, að þeim haldist á nokkrum presti til lengdar. Þetta þykjast söfnuðirnir sjá í hendi sjer og til þess að afstýra því, að prestar, sem þeim að öllu leyti falla í geð, rjúki ekki frá þeim, hve nær sem færi býðst; hafa þeir nú í annað sinn sent áskoranir til landsstjórnar og þings um að fá Mosfells-prestakall endurreist. Hve almenn sú ósk safnaðanna er, sjest best á því, að af alls 328 kjósendum í prestakallinu hafa 299 undirskrifað þá áskorun.

23. Frumvarp

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

(Lagt fyrir Alþingi 1927)

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita hlutafjelaginu »Titan« sjerleyfi til:

1. Að leggja járnbraut frá Reykjavík um Hellisheiði, yfir Ölfusá og að Þjórsá í nánd við Urriðafoss.
2. Að virkja Urriðafoss í Þjórsá. Leyfið felur í sjer heimild til þess að gera vatnsmiðlunarvirki í ánni og vötnum, sem hún er í sambandi við, hækka eða lækka vatnsbotn, farveg eða vatnsyfirborð, gera vatnsrásir ofan jarðar eða neðan eftir þörfum, þar á meðal brottrás handa vatni frá orkuveri og yfir höfuð að fara með vatnið eftir því, sem nauðsyn krefur, til þess að ná úr því orku þess og svo sem samrýmast má landslögum. Gert er ráð fyrir, að virkjaðar verði alt að 160000 hestorkum.
3. Að reisa orkuver í nánd við Urriðafoss, í því skyni að breyta vatnsorku þeirri, sem í 2. tölul. segir, í raforku, og starfrækja það eða þau.
4. Að leiða raforku frá orkuveri eða orkuverum þeim, er í 3. tölul. greinir til staðar í nánd við Reykjavík, um þá staði og með þeim hætti, er best þykir henta til afnota í iðjuveri eða iðjuverum, sbr. 5. tölul.
5. Að reisa iðjuver til saltpjetursvinslu eða til annarar iðju til hagnýtingar raforkunni.

6. Að gera vegi eða önnur samgöngutæki, sem nauðsynleg eru að áliti ráðherra vegna virkjunarinnar, orkuvinslunnar eða orkunýtingarinnar.
7. Að taka lögnámi land og rjettindi yfir landi svo og að leggja kvaðir á land, að því leyti sem nauðsynlegt er, til þess að koma fyrirtækjum þeim í framkvæmd, sem 1.—6. tölul. greinir.

2. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa varnarþing á Íslandi, enda hafi hann hjer búsettan umboðsmann, er birta megi stefnu og svari til sakar fyrir dómi í málum á hendur leyfishafa, en að minsta kosti $^2/_3$ hlutar stjórnarmanna skulu vera búsettir á Íslandi.

3. gr.

Ekki má framselja sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ráðherra komi til, enda fullnægi nýr leyfishafi skilyrðum 2. gr.

4. gr.

Sjerleyfistími má vera alt að 70 árum.

5. gr.

Sjerleyfishafi skal vera undanþeginn eignaskatti, tekjuskatti til ríkissjóðs, útsvari og hærra útflutningsgjaldi en nú er, eða öðrum samskonar gjöldum, er á kunna að verða lögð. Í stað þess skal hann gjalda af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum 3 kr. árlega af hverri nýttri hestorku fyrstu 10 árin, en síðan 5 kr. árlega af hverri nýttri hestorku. Gjald þetta skiftist þannig milli ríkissjóðs og sveitarsjóðs, að ríkissjóður hlýtur $^2/_3$ hluta, en sveitarsjóður þriðjung, Ef fyrirtækið væri útsvarsskylt í fleiru en einu sveitarfjelagi skiftist sveitarsjóðshlutinn milli þeirra eftir ákvörðun ráðherra.

Sú raforka, sem seld er til almennings samkvæmt sjerleyfislögum, skal þó undanþegin þessu árgjaldi.

6. gr.

Um sölu á raforku til almennings fer eftir sjerleyfislögum. Þó skal verð árshestorkunnar ekki fara fram úr 55 krónum.

7. gr.

Járnbrautina milli Reykjavíkur og Þjórsár skal gera eftir fyrirmælum ráðherra og ber að greina í sjerleyfi nánari ákvæði þar að lútandi. Ráðherra ákveður einnig hvar og hve margar járnbrautarstöðvar skuli vera og telst kostnaður af byggingu þeirra til lagningarkostnaðar brautarinnar.

8. gr.

Kostnaðurinn við járnbrautina skal greiðast þannig:

a. Reykjavíkurkaupstaður kostar land undir stöðvar og greiðir bætur allar

fyrir landnám, jarðrask og átroðning vestan afrjettar eða almennings á Hellisheiði.

b. Árnessýsla kostar á sama hátt land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning austan afrjettar eða almennings á Hellisheiði, þar með talin stöð austan eða vestan Ölfusár.

c. Rangárvallasýsla kostar á sama hátt land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning frá stöð við Ölfusá að Þjórsá.

d. Ríkissjóður leggur fram þriðjung kostnaðar af járnbrautargerðinni að öðru leyti, þar með taldir brautarvagnar og annað það er samkvæmt venju tilheyrir slíku mannvirki, eftir ákvörðun ráðherra, þó ekki yfir 2 milj. kr. og er ríkisstjórninni heimilt að taka það fje að láni að nokkru eða öllu leyti.

e. Sjerleyfishafi leggur fram allan annan kostnað við brautargerðina.

9. gr.

Sjerleyfishafi framkvæmir járnbrautarlagninguna og rekur fyrirtækið á sinn kostnað, enda tekur hann tekjur af því. Ráðherra skal samþykkja öll flutningsgjöld og hafa eftirlit með rekstri brautarinnar. Ríkissjóður á ekki tilkall til vaxta af framlagi sínu fyr en hreinar rekstrartekjur brautarinnar nægja til þess að leyfishafi fái 6% ársvexti af framlagi sínu. Verði rekstrartekjurnar meiri fær ríkissjóður vexti af framlagi sínu, alt að 6%. Sje þá enn afgangur af rekstrartekjum skiftist hann milli ríkissjóðs og leyfishafa í hlutfalli við framlög þeirra til járnbrautarinnar.

Ríkissjóði er heimilt hvenær sem er á leyfistímanum, að taka við járnbrautinni með öllu tilheyrandi til umsjár og eignar gegn því að greiða sjerleyfishafa framlag hans eftir nánari ákvæðum í sjerleyfinu.

Umboðsmaður ráðherra á hvenær sem er, aðgang að öllum bókum járnbrautarfyrirtækisins, og ráðherra getur sett allar nauðsynlegar reglur um eftirlitið með rekstri og reikningsfærslu þess.

10. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa byrjað á lagningu járnbrautarinnar eigi síðar en 1. maí 1929 og verkinu skal lokið eigi síðar en 1. júlí 1933.

Á mannvirkjum, er lúta að virkjun Urriðafoss, skal byrjað eigi síðar en 1. júlí 1934.

11. gr.

Rjettindi og skyldur sjerleyfishafa og skifti hans og ríkisstjórnar fara samkvæmt landslögum, þ. á. m. sjerleyfislögum, að svo miklu leyti sem ekki er um mælt í lögum þessum.

Nú skilur aðilja á um það, hvort atriði skuli sæta úrlausn eftir þessum lögum eða öðrum landslögum og skal þá hæstirjettur einn dæma um það. Sjerleyfisdómur samkvæmt sjerleyfislögum sker annars úr, ef ágreiningur verður um efndir á ákvæðum sjerleyfisins, með þeim hætti. sem segir í sjerleyfislögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er, hefir í allmörg ár verið rætt um að virkja fossa á Suðurlandsundirlendinu, og hafa fyrir nokkru verið gerðar itarlegar rannsóknir um þetta. Hlutafjelagið »Titan« hefir sjerstaklega látið vinna nákvæmlega að þessu, en að frekari framkvæmdum hefir ekki orðið og mun það meðal annars hafa verið vegna heimsstyrjaldarinnar og afleiðinga hennar. Nú hafa stjórnendur þessa hlutafjelags tekið málið upp að nýju og leitað samninga við landsstjórnina um sjerleyfi til þess að virkja Urriðafoss í Þjórsá.

Það er einnig kunnugt, að járnbrautarlagning frá Reykjavík austur á Suðurlandsundirlendið er mál sem á síðustu áratugum hefir verið mikið rætt og rækilega undirbúið, einkum hin síðustu árin. Skal það mál ekki nákvæmlega rakið hjer, þar sem það var til meðferðar á síðasta þingi. Má um sögu þess vísa til þess, er þá kom fram. Aðeins skal á það bent, að frumvarp það, er flutt var á síðasta þingi náði ekki fram að ganga, en mætti talsverðri mótspyrnu, án þess þó að slík úrslitaatkvæðagreiðsla færi fram, að hægt sje að fullyrða um hvort meiri hluti þings væri frumvarpinu fylgjandi. En ákveðnar raddir komu fram um það, að fyrirtækið mundi verða svo kostnaðarsamt, að ekki væri þess að vænta, að það mundi bera sig fjárhagslega. Um þetta atriði verður engin afstaða tekin hjer, en með því að ætla verður að vafsamt sje, hvort frumvarp í sömu átt og járnbrautarfrumvarp síðasta þings hefði fylgi meiri hluta þingsins, þótti stjórninni rjett að athuga vandlega, hvort ekki mundi unt að bera málið fram á öðrum grundvelli en þeim, sem lagður var á síðasta þingi. Þegar svo h/f »Titan« leitaði samninga við landsstjórnina um sjerleyfi til þess virkja Urriðafoss og óskaði að hún flytti frumvarp um það á þessu þingi, taldi stjórnin það eftir atvikum færa leið, að reyna að fá leyst járnbrautarmálið í sambandi við væntanlegt virkjunarleyfi á Urriðafossi. Stjórnin ljet því, þegar í stað, í ljósi við fjelagið, að hún mundi ófús á að sinna því máli nema ef svo væri, að jafnframt væri um að ræða járnbraut frá Reykjavík til Þjórsár, með kjörum, sem þættu aðgengileg. Af hálfu stjórnar h/f »Titan«, hefir verið til samninga Höjesteretsadvokat Aall í Oslo og sýnir þetta frumvarp aðalatriðin í því, er samkomulag varð um. Nánari skýrslur og skýringar munu væntanlega verða lagðar fyrir Alþingi, sjerstaklega um hverjar líkur sjeu um framkvæmd fyrirtækjanna og þykir því ekki ástæða til að ræða meira um málið almennt, en um hinar einstöku greinar frumvarpsins skal það tekið fram, sem hjer segir:

Um 1. gr.

Þessi grein er, að breyttu breytanda, sniðin eftir 1. gr. laga nr. 48, 15. júní 1926, um virkjun Dynjandisár og annara fallvatna í Arnarfirði o. fl. Greinin þykir því ekki gefa ástæðu til itarlegra athugasemda, en þó virðist rjett að benda á, að ætlast er til, að sjerleyfishafa sje heimilt að reisa iðjuver ef hann óskar, hvort heldur hjá orkuverinu eða annarsstaðar, t. d. í nánd við Reykjavík, eða hvortveggja. Í 7. tölul., þar sem talað er um lögnám á landi

og rjettindum yfir landi, er einnig átt við rjettindi yfir vatni, ef slikt lögnám er nauðsynlegt til þess að koma fyrirtækjunum í framkvæmd.

Um 2. gr.

Þar sem sjerleyfi þetta er bundið við ákveðið fjelag, leiðir þar af, að landsstjórnin mun ekki, ef frumvarpið verður samþykt, telja sjer skylt að rannsaka frekar en greinin gerir ráð fyrir ýms einstök atriði í lögum fjelagsins. Hinsvegar er það vitaskuld skylda landsstjórnarinnar að sjá um, að engar þær breytingar verði á skipulagi fjelagsins gerðar, sem valdi því, að fjelagið fullnægi ekki skilyrðum þessarar greinar. Annars er þessi grein að efni eins og 2. gr. áðurnefndra laga nr. 48 1926.

Um 3. gr.

Þessi grein er samhljóða 3. gr. laganna nr. 48 1926, og virðist því ekki þurfa nákvæmra athugasemda. Rjett er þó að taka það fram, að í heimildinni til þess að framselja sjerleyfið í heild hlýtur einnig að liggja heimild til þess að framselja hluta af því, t. d. ákveðinn hluta þeirrar raforku, sem framleidd verður til sjerstakrar iðju, og mætti vel ímynda sjer sjerstakt eða sjerstök fjelög mynduð í þeim tilgangi. Ef framsal fer fram á sjerleyfinu að nokkru leyti eða öllu, er ekki tilætlunin, að gjaldið í ríkissjóð og sveitarsjóð samkvæmt greininni verði aukið eða því breytt, og auðvitað á hinn nýi leyfishafi rjett á að reka sitt fyrirtæki með sömu skilmálum og hinn upprunalegi leyfishafi. Af framsalsheimildinni leiðir einnig, að heimilt verður að telja að veðsetja mannvirkin, og þar sem veðsetning getur leitt til eigendaskifta, er gert ráð fyrir því, að veðhafi eigi einnig rjett á að reka mannvirkin með sömu skyldum og rjettindum, sem hinn upprunalegi leyfishafi. 28. gr. sjerleyfislaga nr. 46, 27. júní 1925, mundi því ekki eiga við hjer.

Um 4. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir því, að leyfistíminn teljist byrja þann dag, sem sjerleyfi er gefið út.

Um 5. gr.

Þessi grein er mjög svipuð að efni 5. gr. laga nr. 48 1926. Þó er sú breyting gerð eftir atvikum, að 3 kr. gjald haldist í 10 ár, í stað 3, og önnur regla sett um skiftingu þess hluta gjaldsins, sem til hreppa kann að falla.

Um 6. gr.

Þessi grein er samhljóða 6. gr. oftnefndra laga, að því undanskildu, að hámark ársbestorkunnar er sett 55 kr., í stað 50, vegna þess að líklegt þykir, að orkan verði dýrari við Urriðafoss en Dynjanda.

Annars skal það tekið fram, að öll nánari ákvæði um, hve mikla orku hjer er um að ræða og hvar orkan verður tekin, verða að standa í sjerleyfi eða samningi milli stjórnarinnar og sjerleyfishafa, sem gerður sje samkvæmt ákvæðum sjerleyfis.

Um 7. gr.

Það leiðir af sjálfu sjer, að í lögum er ekki fært að taka upp öll nauðsynleg fyrirmæli um fyrirkomulag og gerð járnbrautarinnar. Alt, sem að þessu lýtur, verður að fela landsstjórninni, sem svo felur framkvæmdina ráðunautum sínum, að fengnum nauðsynlegum upplýsingum. Að sjálfsögðu verður bygt á þeim rannsóknum, sem þegar hafa verið framkvæmdar, og það tillit tekið til þeirra, sem rjett þykir.

Um 8. gr.

Um skiftingu kostnaðarins af járnbrautarlagningunni er þess að geta, að um framlag Reykjavíkurkaupstaðar og Árnessýslu er fylgt ákvæðum þeim, sem stungið var upp á í frumvarpi því um þetta efni, er lá fyrir þinginu í fyrra. En þar sem þetta frumvarp gerir einnig ráð fyrir járnbraut milli Ölfusár og Þjórsár, virðist sanngjarnt að láta Rangárvallasýslu einnig taka þátt í kostnaðinum, enda liggur brautin að eða yfir takmörk sýslnanna.

Ef járnbraut kemur milli Reykjavíkur og Þjórsár, losnar ríkissjóður við mikinn kostnað af viðhaldi þjóðvega milli þessara staða, auk þess sem endurbygging og breytingar á veginum mundu baka ríkissjóði mikinn kostnað. Að sjálfsögðu verður ríkissjóður að halda uppi færum vegi milli þessara staða en af því, að járnbrautin hlýtur að valda því, að umferð um veg þennan minkar stórkostlega, er bert, að viðhaldið minkar í svipuðu hlutfalli og umferðin. Endurbygging og breyting vegarins getur dregist og þarf sjaldnar vegna járnbrautarinnar. Þessi vegur, sem hjer er um að ræða, er dýrasti og viðhaldsfrekasti vegur landsins, vegna hinnar stórmiklu og sívaxandi umferðar.

Að þessu öllu athuguðu virðist ekki ósanngjarnt, að ríkissjóður leggi fram þá fjárhæð, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Væntanlega verða á þinginu gefnar frekari upplýsingar um þetta atriði, ef þurfa þykir.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar virðist ekki þurfa mikilla skýringa. Landsstjórnin verður að tryggja það, að flutningsgjöld sjeu hæfileg, og verður að setja þau með hliðsjón af því, hversu mikið brautin verður notuð. Rjett virðist, að heimilt sje hvenær sem er, að ríkið taki við rekstri brautarinnar, en vel má, ef ástæða þykir til, binda það því skilyrði, að Alþingi samþykki, en nauðsynlegt virðist það ekki, því að hvaða stjórn sem er mundi sennilega ótilkvödd bera það mál undir þingið.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að greinina ber að skilja þannig, að ef ekki er gætt þeirra fresta, sem segir í gr., fellur væntanlegt sjerleyfi úr gildi, ef framlenging fæst ekki eftir ákvæðum sjerleyfislaga, en þau ná að sjálfsögðu ekki til járnbrautarfyrirtækisins.

Um 11. gr.

Er samhljóða 8. gr. laga nr. 48 1926.

Nd. **24. Frumvarp**

til laga um afnám kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Kennarastóll í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands skal afnuminn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 25, 2. nóv. 1914.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi, er sparnaðarnefnd flutti á Alþingi 1922 (þskj. 57) og þm. Str. o. fl. á Alþingi 1924 (þskj. 36), en í hvorugt skiftið náði það samþykki. Nú hefir sú ástæða bæst við þær, sem þá voru bornar fram og óþarfi virðist að endurtaka, að embættið er nú óveitt, svo að sparnað leiddi þegar af samþykt frumvarpsins.

Nd. **25. Frumvarp**

til laga um atvinnuleysisskýrslur.

Flutningsmaður: Hjeðinn Valdimarsson.

1. gr.

Bæjarstjórnum og sveitarstjórnum í kauptúnum, er hafa yfir 300 íbúa, skal skylt að safna skýrslum 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert um atvinnu og atvinnuleysi allra verkamanna og verkakvenna í kaupstaðnum eða kauptúninu. Ágrip af skýrslunum skal þegar í stað sent Hagstofu Íslands, er birtir yfirlit yfir þær.

2. gr.

Þar, sem verklýðsfjelög eru á staðnum, skulu bæjarstjórnir og sveitarstjórnir leita samninga við þau um að taka að sjer söfnun skýrslnanna.

3. gr.

Kostnaðurinn við skýrslusöfnun greiðist að þriðjungi úr ríkissjóði og að tveimur þriðjungum úr hlutaðeigandi bæjarsjóði eða sveitarsjóði.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Ástæður.

Með vexti bæjanna og sjávarútvegsins hefir það sýnt sig, að atvinna manna við sjávarsíðuna er mjög misjöfn eftir árferði, og er nauðsynlegt að vita nákvæmlega um það á hverjum tíma, hvernig atvinnuhögum verkalýðsins er háttað, svo að bæjar- og sveitarstjórnir og ríkisstjórnin geti í tíma gert nauðsynlegar ráðstafanir gegn áframhaldandi atvinnuleysi. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir hvað eftir annað safnað slíkum skýrslum og haft gagn af, en á hefir þótt bresta, að skýrslur þessar yrðu reglulegar, til að hægt væri að hafa rjettan samanburð og skýrslur fengjust úr öðrum bæjum og kauptúnum, enda hefir bæjarstjórnin óskað þess, að svo yrði. Í flestum öðrum löndum eru slíkar atvinnuleysisskýrslur lögboðnar.

Um 1. gr.

Rjett þykir að takmarka skylduna um skýrslusöfnun við kauptún, er hafi yfir 300 íbúa, þar sem minni kauptún líkjast meira sveitum að atvinnuháttum. Söfnunardagarnir eru valdir með tilliti til þess, að í ljós komi sem best atvinnuleysið á hinum misjöfnu atvinnutímabilum ársins.

Um 2. gr.

Verklýðsfjelögin eiga auðveldast með söfnun skýrslnanna og að sjá um, að þær sjeu rjett gefnar, og þykir heppilegast, þar sem slík fjelög eru til, að láta þau annast söfnunina.

Um 3. gr.

Þar sem bæði ríkisstjórnin og bæjar- og sveitarstjórnir hafa hag af því, að slíkar skýrslur sjeu ávalt til, þykir rjett að skifta kostnaðinum.

Nd. **26. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, frá 18. maí 1920.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

1. gr.

Aftan við 17. gr. bætist:

Allir samningar við önnur ríki skulu opinberlega birtir.

2. gr.

26. gr. orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 25 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum um land alt, og sitja þeir allir í einni málstofu. Tölu þeirra má breyta með lögum. Þingmenn skulu kosnir til 4 ára í senn.

3. gr.

27. gr. falli burt og greinatalan breytist eftir því.

4. gr.

28. gr., er verður 27. gr., orðist svo:

Deyi þingmaður á kjörtímanum eða fari frá, þá tekur sæti hans efsti varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn, kosnir á sama hátt, hlutbundnum kosningum um land alt, og samtímis.

5. gr.

29. gr., er verður 28. gr., orðist svo:

Kosningarrjett við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar og konur, sem eru 21 árs eða eldri, er kosning fer fram, hafa ríkisborgararjett hjer á landi og hafa verið búsettir í landinu síðasta árið áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð og sje fjár síns ráðandi. Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningar og um það, hvernig varamenn skuli koma í stað aðalmanna.

6. gr.

Við 30. gr., er verður 29. gr. Fyrri málsgr. orðist þannig:

Kjörgengur til Alþingis er hver ríkisborgari, er kosningarrjett hefir.

7. gr.

34. gr. falli burt og greinatalan breytist eftir því.

8. gr.

35. gr., er verður 33. gr., orðist svo:

Alþingi getur skipað nefndir mönnum innan eða utan þings, til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rjett til að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

9. gr.

Við 38. gr., er verður 36. gr.

Síðari málsgrein falli niður.

10. gr.

Við 39. gr., er verður 37. gr.
Orðið »sameinað« falli burt.

11. gr.

Við 40. gr., er verður 38. gr.
Orðin »í hvorri þingdeild« falli niður.

12. gr.

Við 41. gr.
Greinin falli burt og greinatalan breytist eftir því.

13. gr.

Við 45. gr., er verður 42. gr.
Fyrri málsgrein: Orðin »án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í« falli burt.
Síðari málsgrein: Orðin »nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi« falli burt.

14. gr.

48. gr., er verður 45. gr., orðist svo:
Alþingi kýs sjálft forseta sinn.

15. gr.

49. gr., er verður 46. gr., orðist svo:
Alþingi getur því aðeins gert samþykt um mál, að meira en helmingur þingmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði.

16. gr.

Við 50. gr., er verður 47. gr.
Í stað orðanna »í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, ef hún leyfir það«, komi: á Alþingi, ef það leyfir.

17. gr.

51. gr., er verður 48. gr., orðist svo:
Alþingi má ekki taka við neinu málefni, nema einhver þingmaður flytji það.

18. gr.

52. gr., er verður 49. gr., orðist svo:
Nú þykir Alþingi ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og getur það þá vísað því til ráðherra.

19. gr.

Við 53. gr., er verður 50. gr.
Orðin »beggja þingdeilda og sameinaðs« falli í burtu.

20. gr.

54. gr., er verður 51. gr., orðist svo:

Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.

21. gr.

63. gr., er verður 60. gr., orðist svo:

Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og sje þar tiltekið, hvaða verð komi fyrir.

22. gr.

76. gr., er verður 73. gr., orðist svo:

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki Alþingis, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarskipunarlög.

23. gr.

Á eftir 76. gr. komi ný grein, er verður 74. gr. og orðist svo:

Nú samþykkir Alþingi breytingu á sambandslögum Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. Sama skal og gilda, ef lagabreyting verður gerð á kirkjuskipuninni samkvæmt 58. gr.

Ávalt skal og leitað slíks þjóðaratkvæðis, um hvaða þingmál sem er, ef 3500 kjósendur óska þess skriflega, og skal samþykt eða synjun við slíka atkvæðagreiðslu gilda sem málið væri af nýju samþykt eða því synjað á Alþingi.

24. gr.

Næsta grein verði 75. gr., þannig:

Stjórnarskrá þessi öðlast gildi 1. jan. 1929. Þegar stjórnarskipunarlög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra inn í stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, frá 18. maí 1920, og getur konungur þá gefið þá stjórnarskrá út, þannig breytta, sem stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Ákvæði um stundarsakir.

Í staðinn fyrir 2. og 3. lið komi 2. liður þannig:

Umboð núverandi landskjörinna þingmanna falli niður árið 1929, að loknu reglulegu þingi það ár, og fara þá fram almennar alþingiskosningar.

Greinargerð.

Frumvarp það til stjórnarskipunarlaga, sem hjer kemur fram, felur í sjer breytingar, sem flestallar stefna að því að koma á fullkomnara lýðræði heldur en ríkir nú samkvæmt gildandi stjórnarskrá frá 1920. Þingræði okkar Íslendinga nú á tímum á ekki sammerkt við lýðræði, þar sem *fjöldi fullorðinna manna er með öllu sviftur kosningarrjetti*, svo sem allir þeir, sem ekki hafa náð 25 ára aldri við venjulegar kjördæmakosningar og 35 ára aldri við landskjör; ennfremur sá hinn mikli fjöldi manna, sem einhverntíma hefir orðið að þiggja sveitarstyrk án þess að geta endurgreitt hann, þó að óviðráðanlegar orsakir, svo sem elli, heilsuleysi, ómegð eða atvinnuleysi, hafi valdið. Þar sem menn verða nú fjárráða 21 árs, virðist með öllu rangt að hafa aldurstakmarkið fyrir kosningarrjetti hærra. Þar sem og er viðurkent nú orðið og sannað með skýrslum, að yfirgnæfandi meiri hluti fátækrastyrks er veittur mönnum af orsökum, sem þeim eru óviðráðanlegar undir ríkjandi þjóðskipulagi, eru þau ákvæði stjórnarskrárinnar, er svifta þessa menn almennum mannrjettindum, svo sem kosningarrjetti, með öllu úrelt.

Menn og konur á aldrinum 21—24 ára incl. eru um 7000. Engar skýrslur eru til um, hve margir fulltíða menn og konur standa í sveitarskuld víðsvegar á landinu, en sennilega eru þeir 3—4 þús. Kjósendum mundi því fjölga við þessa breytingu um rúm 10000. Einmitt þessir tveir flokkar manna hafa venjulega mestan áhuga fyrir stjórnmálum og mesta hagsmuni af umbótum á þjóðfjelaginu.

Í öðru lagi keyrir ósamræmið milli þingræðis og lýðræðis hjer á landi úr hófi vegna þess, hversu mikið *misrjetti er meðal kjósendanna* um fulltrúaval til Alþingis, sem stafar af úreltri kjördæmaskipun, er lítið tillit tekur til hinna miklu breytinga atvinnuveganna og þar af leiðandi fólksflutnings til sjávarins. Þar sem kjördæmaskipun hefir að mestu verið haldið óbreyttri, er afleiðingin sú, að hver kjósandi í sumum kjördæmum hefir margföld áhrif á alþingiskosningar á við kjósanda, er búsettur er í öðrum kjördæmum, og þar með margföld áhrif á stjórn landsins í heild sinni. Eftir mannrjettindakenningum þeim, er þingræðið hvílir á, eiga allir fullorðnir menn í landinu að hafa jafnrjetti í þessum málum, og mun óvíða í siðuðum löndum sveigt svo langt frá því marki eins og hjer á landi. Þetta kemur og *mjög mishart niður á stjettum þjóðfjelagsins*, þar sem *verkalýðurinn* hefir safnast til sjávarins, og það er því mest verkalýðurinn, er geldur hinnar úreltu kjördæmaskipunar, kyrstöðunnar í stjórnskipunarlögunum í þessu efni. Einnig kemur þetta ástand *mjög misjafnt niður á stjórnmálaflokkunum*, og er það *Alþýðuflokkurinn*, sem á aðalfylgi sitt við sjávarsíðuna, sem þessi úrelta kjördæmaskipun bitnar mest á. Samkvæmt reynslunni við kosningar 1923 hefði í 16 mannfæstu kjördæmunum með 20 þingmönnum verið nægilegt fyrir stjórnmálaflokk að eiga 6650 atkvæði til að fá kosna þessa 20 þingmenn og síðan — með tiltölulegum atkvæðafjölda — 2 menn við landskjörin bæði, þ. e. a. s. ná meiri hluta Alþingis og þar með landsstjórninni. En atkvæðatala Alþýðuflokksins var þó nær 6650,

svo að sá flokkur, er nú á aðeins tvo þingfulltrúa, mundi, ef kjósendur hans byggju öðruvísi skiftir niður á kjördæmin, eiga 22 þingmenn og ráða þannig stjórn landsins.

Sama misrjettið kemur fram, er litið er á einstök kjördæmi. Reykjavík ætti að hafa 8—9 þingmenn, en hefir nú aðeins 4. Þar falla um 2500 kjósendur á hvern þingmann, en á Seyðisfirði rúm 400, í Austur-Skaftafellssýslu tæp 600, í Strandasýslu og Norður-Þingeyjarsýslu um 750 o. s. frv. Öll kjördæmaskipunin er þannig úrelt og ranglát. Á þeim miklu breytingatímum, sem nú eru, er eina leiðin til að laga þetta varanlega, að *alt landið verði eitt kjördæmi og allir þingmenn kosnir í einu hlutfallskosningum um land alt.* Þá hafa allir kjósendur jafnrjetti, hvar sem þeir búa á landinu.

Efri deild Alþingis var upphaflega sett hjer sem annarsstaðar til að reisa skorður við lýðræðinu. Nú á tímum ætti slík deildaskifting að falla burt sem aðrar fornmenjar og þingið að skipa *eina málstofu,* og fara breytingartillögurnar í þá átt.

Samkvæmt gildandi stjórnarskrá verður að leita þjóðaratkvæðis um breytingar á sambandslögunum og kirkjuskipuninni, og er þjóðaratkvæði í þessum málum sett yfir úrskurð Alþingis. Sjálfsagt ætti *þjóðaratkvæði að vera úrslita-úrskurður í öllum þingmálum,* en þar sem slík atkvæðagreiðsla er þung í vöfum, virðist nægilegt, að þjóðaratkvæðis skuli leita, ef mikill fjöldi kjósenda óskar þess, og mundi svo fara aðeins þá, ef meiri hluti Alþingis ætlaði sjer að breyta þvert ofan í þjóðarviljann. Þetta ákvæði er því einungis sett til að tryggja lýðræðið í landinu, að landinu sje stjórnað eftir vilja þjóðarinnar.

Nokkrar aðrar breytingar eru settar hjer, svo sem á ákvæðunum um eignarrjettinn, sem færð eru nær nútíma hugsunarhætti, en grein verður gerð fyrir þessum breytingum í athugasemdum við hinar einstöku greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Víða í löndum hafa allir leynisamningar milli ríkja verið bannaðir, vegna þess að ríkisstjórnirnar semja þá um ýms atriði, sem eru þjóðunum þvert um geð og geta haft óheillavænleg áhrif á líf þeirra og hagi. Er því hjer sett ákvæðið um, að allir millirikjasamningar skuli birtir opinberlega.

Um 2. gr.

Nægilegt þykir, að þingmannatalan sje 25, er sitji í einni málstofu, og er talan höfð stök til þess að fullur meiri hluti geti verið í hverju máli. — Mundi þingkostnaður sparast æðimikið við að þingmönnum yrði fækkað svo og deildaskiftingin hyrfi.

Kjörtímabilið er haft óbreytt, enda þó 3 ár ættu að nægja þangað til leitað yrði aftur til kjósendanna um, hverjir hafi traust þeirra og fái þingmannsumboðið.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Rjett virðist, að ávalt sjeu til varamenn, er taki sæti þingmanna, er forfallast, og er því eðlilegast að kjósa varamennina um leið og þingmennina.

Um 5. gr.

Kosningarrjettur er hjer, sem víðast erlendis, bundinn við 21 ár og ríkisborgararjett, auk búsetuskilyrðisins, sem ástæðulaust virðist að hafa meira en 1 ár, en ógreidd sveitarskuld ekki látin svifta mann kosningarrjetti, og eru þetta svipuð kosningarrjettarskilyrði eins og í öðrum löndum Norðurálfunnar.

Ný kosningalög setja allar nánari reglur.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

34. gr. er óþörf vegna afnáms deildaskiftingar.

Um 8. gr.

Deildaskifting falli niður, og kemur því aðeins Alþingi í staðinn. Rjett virðist, að Alþingi geti skipað bæði utan- og innanþingsmenn í rannsóknarnefndir, þar sem oft yrði nauðsynlegt að skipa í slíkar nefndir sjerfræðinga, er ekki sætu á Alþingi.

Um 9. gr.

Síðari málsgrein 38. gr. óþörf þegar ein málstofa er.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Þrjár umræður á Alþingi ættu að nægja.

Um 12. gr.

41. gr. er óþörf vegna afnáms deildaskiftingar.

Um 13. gr.

Nauðsynlegt er að tryggja sem best þinghelgina, svo að þingmenn sjeu með öllu óhultir, er þeir sitja þingið, og geti sagt það, sem í brjósti býr, án þess að verða ofsóttir með málaferlum. Ákvæðin um þinghelgina yrðu með þessum breytingum hin sömu sem í norsku stjórnarskránni.

Um 14.—20. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Óþarfi virðist hjer, frekar en t. d. í norsku stjórnarskránni, að tala um friðhelgi eignarrjettar einstaklinga, þar sem nú á tímum gengur almenningsheillin æ meir og meir fyrir honum á öllum sviðum; svo að hugtakið »eignarrjettur einstaklinga« á nú litið sammerkt við það, sem það var fyrst, er ákvæði komu um hann í stjórnarskrána. Virðist og rjett að láta Alþingi á hverjum tíma ákveða í eignarnámslögunum sjálfum upphæð þá, sem greiða skuli fyrir eignir einstaklinga, er teknar eru vegna almenningsþarfa, en binda ekki Alþingi við mat.

Um 22. gr.

Óbreyttur fyrri hluti núverandi 76. gr.

Um 23. gr.

Rjett þykir að hafa sjerstaka grein um þjóðaratkvæði. Kjósendafjöldinn 3500, er þarf til að krefjast þjóðaratkvæðis, miðast við það, að nokkuð stór flokkur kjósenda í landinu sje fullviss um það, að þjóðaratkvæði muni fara þvert ofan í atkvæðagreiðslur Alþingis. Þjóðaratkvæði er nú í stjórnarskrám sumra lýðfrjálsustu landanna, svo sem Sviss, og þykir gefast mjög vel.

Um 24. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Við ákvæði um stundarsakir.

Æskilegt er, að þingkosningar fari svo fljótt fram sem verða má, eftir að nýja stjórnarskráin er komin í gildi, svo að Alþingi verði sem fyrst spegill þjóðarviljans.

Nd. **27. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins.

Flutningsmaður: Jörundur Brynjólfsson.

Alþingi ályktar að kjósa þriggja manna milliþinganefnd í sameinuðu þingi, með hlutfallskosningu, til þess að athuga og endurskoða alla landbúnaðarlöggjöf vora og gera tillögur um að samrýma hana, og ennfremur að gera tillögur um nýja löggjöf í ýmsum greinum landbúnaðarins, er miklu máli skifta, svo sem:

1. Lög fyrir Búnaðarfjelag Íslands.
2. — um not á erfðafestulöndum og leigulóðum.
3. — um stofnun nýbýla og skifting jarða í því skyni.
4. Athuga, hvort ekki muni rjett að breyta lögunum um búnaðarskólana

í þá átt, að nemendum verði gert að skyldu að stunda verklegt nám í skólunum eða í sambandi við þá.
5. Endurskoða jarðræktarlögin samkv. 43. gr. nefndra laga.
6. Endurskoða lög um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 1884.
7. Gera tillögur um alt það, er nefndinni líst geti orðið til að auka og flýta fyrir ræktun landsins og landbúnaðinum yrði til styrktar og eflingar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði. Útgjöld fyrir aðstoð við nefndarstörfin og til þess að útvega upplýsingar skal telja til nefndarkostnaðar.

Ed. **28. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 17, 4. júní 1924.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

10. gr. 1. liður orðast svo:

Að hafa unnið $1^1/_2$ ár sem hásetar á varðskipum landsins og $1^1/_2$ ár á venjulegum verslunarskipum. Nánari ákvæði um siglingatíma nemenda og kjör þeirra á varðskipunum skulu sett í reglugerð, sem stjórnarráðið semur.

Greinargerð.

Á þingi 1923 var því fyrst hreyft að spara landssjóði útgjöld við strandgæsluna með því að gera varðskipin jafnframt að skólaskipum fyrir skipstjórnarmenn landsins. Þar sem skipin eru nú orðin tvö og bersýnilega stórmikill kostnaður við mannahald á þeim, er tími til kominn að taka til athugunar, hvort ekki sje til bóta, bæði fyrir landið og skipstjóraefnin, að hallast verði að því ráði, sem hjer er bent á.

Ed. **29. Frumvarp**

til laga um bæjarstjórn á Norðfirði.

Flutningsmaður: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Nesverslunarstaður í Norðfirði skal tekinn í tölu kaupstaðanna og

vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. Nær umdæmið yfir allan hinn núverandi Neshrepp og heitir Norðfjarðarkaupstaður.

Umdæmi þetta skal hjer eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Suður-Múlasýslu, þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað og kaupstaðarbúa, er átt við alt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Landsstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Neshreppi, sem ekki eru útkljáð þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skift milli sýslumannsins í Suður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Norðfirði.

3. gr.

Verslunarlóð kaupstaðarins er strandlengjan norðan fjarðarins, frá Bakkalæk að Naustalæk, 330 stikur á breidd frá flóðmáli til fjalls.

4. gr.

Í Norðfjarðarkaupstað skal skipaður bæjarfógeti með 3000 króna árslaunum, er greiðast úr ríkissjóði. Hann hefir á hendi öll hin sömu störf sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, alt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum.

Hann hefir og á hendi stjórn málefna kaupstaðarins og innheimtur og greiðslur bæjarsjóðs. Fær hann að launum fyrir þau störf 3000 krónur úr bæjarsjóði. Heimilt er þó bæjarstjórn að skipa sjerstakan gjaldkera, ef þörf krefur.

5. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; hann er oddviti og hefir atkvæðisrjett á fundum.

6. gr.

Bæjarfulltrúar eru átta. Tölu þeirra má stjórnarráðið breyta, eftir tillögum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúana kjósa kaupstaðarbúar, sem kosningarrjett hafa eftir gildandi lögum.

7. gr.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir til sex ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta sinn, fara fjórir frá eftir þrjú ár, eftir hlutkesti. Fari fulltrúi frá á kjörtímabilinu af öðrum ástæðum en þeim, að kjörtímabil hans sje útrunnið, skal þegar kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

8. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gerð, verður, auk oddvita, minst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningu, ef þess er krafist.

Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða þegar minst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Oddviti skal á undan fundum, ef því verður við komið, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina strax og bókun er lokið, og á sjerhver fulltrúi rjett á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið samþykkir þau.

9. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórnin tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi oddvita.

Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfjelagið, eða miði til að færast undan skyldum þeim, sem á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins. Með samþykt, er stjórnarráðið staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn kosna utan bæjarstjórnar gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana.

10. gr.

Í málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurjett á fundum bæjarstjórnarinnar, en atkvæðisrjett því aðeins, að hann sje bæjarfulltrúi.

11. gr.

Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnarinnar.

Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttasemjara.

12. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana oddviti, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til stjórnarráðsins.

Nú þykir bæjarstjórn rjett, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með samþykt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir. Í byggingarsamþykt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþyktar hafa í för með sjer; svo má og þar ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir.

Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf einstakra manna skulu hafa lögtaksrjett og renna í bæjarsjóð.

13. gr.

Bæjarstjórn, og oddviti bæjarstjórnar sjerstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; ennfremur gæta þess, að geymt sje og eftir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða útgjöld hans. Bæjarstjórn hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabrjefum og öðrum eignum bæjarins.

14. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafist, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði hvað goldist hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt.

Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun oddvita. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykt af tveimur bæjarfulltrúum, er þau eiga undir.

15. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á smiðum, vegavinnu, útvegun á verknaði, varningi o. fl., skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

16. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í tje skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstal, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

17. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje bæjarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af þess árs tekjum, sem í hönd fer, nje heldur að endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

18. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok marsmánaðar. Lætur oddviti reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis 15 daga á hentugum, auglýstum stað.

Yfirskoðunarmenn kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í 3 ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefir umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því er þeir fengu þá í hendur.

Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum endurskoðunarmanna — en það skal hann hafa gert innan 15 daga — skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sjerstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sje rjettur, enda sje honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því sjeu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

19. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning yfir umliðið reikningsár með öllum fylgiskjölum.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn krefur, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

20. gr.

Hið fyrsta eftir að lög þessi öðlast gildi skal stofna slökkvilið á Norðfirði. Bæjarstjórnin semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar,

og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Bæjarstjórnin hefir yfirumsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sjerstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

22. gr.

Með samþykt þeirri, er um getur í 9. gr., má setja nánari reglur um sjerhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal um brot á þeim.

23. gr.

Stjórnarráðið gerir ráðstafanir til, að lög þessi öðlist gildi 1. dag janúarmánaðar 1928.

Ákvæði um stundarsakir.

Sýslunefnd Suður-Múlasýslu annarsvegar og bæjarstjórn Norðfjarðar hinsvegar gera með sjer samning um skifti á eignum og skuldum sýslusjóðs. Rísi nokkur ágreiningur um þau skifti, sker stjórnarráðið úr.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að mestu samhljóða frv. því, er lá fyrir Ed. á síðasta Alþingi, en náði þá ekki fram að ganga. Aðeins eru nú feldar úr því þær greinar, er snertu útsvarsskyldu, útsvarsálagningu og kosningar í málefnum kaupstaðarins, þar sem þau atriði eru nú fastákveðin með sjerstökum lögum, er afgreidd voru frá síðasta þingi.

Að öðru leyti nægir að vísa til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frv. 1926 (Alþt. 1926 A, þskj. 27).

Nd. **30. Tillaga**

til þingsályktunar um lækkun vaxta.

Flutningsmenn: Magnús Torfason, Jörundur Brynjólfsson, Tryggvi Þórhallsson og Jón Guðnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að koma því til leiðar að vextir aðallánsstofnananna verði lækkaðir hið allra fyrsta.

Greinargerð.

Raun ber vitni, hve hækkun krónunnar hefir gert atvinnuvegum landsins þungar búsifjar, svo nú eru þeir þrotum nærri. Ber því skylda til að rjetta þeim hjálparhönd. Önnur leið virðist ekki tiltækilegri en lækka hina háu vexti, er þeir stynja undir.

Nd. **31. Frumvarp**

til laga um varnir gegn vörtupest í kartöflum og annari sýkingu nytjajurta.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Stjórnarráðinu veitist heimild til að gera þær ráðstafanir, er það álitur nauðsynlegar, til að hindra það, að hættulegir jurtasjúkdómar, skaðleg kvikindi, skordýr o. fl. flytjist til landsins, og ennfremur til að hindra útbreiðslu slíkra sjúkdóma eða kvikinda, er kunna að vera komin til landsins eða hingað kunna að berast.

2. gr.

Stjórnarráðið ákveður, hvaða sjúkdóma og kvikindi beri að skoða svo hættuleg, að varnarráðstafanir skuli gera samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Stjórnarráðið hefir heimild til að útnefna einn eða fleiri menn til eftirlits, þar sem hætta getur verið á sjúkdómum eða kvikindum, skaðlegum fyrir gróðurinn. Er eftirlitsmönnum heimilt og skylt að framkvæma þær rannsóknir eftir þörfum, hvort heldur er í sölubúðum, geymslustöðum, matjurtagörðum eða öðrum gróðurreitum. Þeim er heimilt að taka nauðsynleg sýnishorn án endurgjalds til rannsóknar og gera þær bráðabirgðaráðstafanir, er þeir telja nauðsynlegar.

4. gr.

Hver sá, sem hefir til eignar eða umráða jurtir eða jurtahluta, er hann hefir ástæðu til að ætla, að með þeim felist sjúkdómar, t. d. vörtupest í kartöflum (Synchytrium endobioticum), eða skaðleg kvikindi, er skyldur að tilkynna það samkvæmt ákvæðum stjórnarráðsins, og má hann ekkert láta flytja burt af því fyr en leyfi er fengið. Tilkynningunni skyldi fylgja sýnishorn til rannsóknar, ef unt er.

5. gr.

Ákveða má í reglugerð, að vottorð skuli fylgja hverri kartöflusendingu til landsins, þaðan sem hætta er á, að skæðir jurtasjúkdómar geti borist, um

að kartöflurnar sjeu heilbrigðar, og lausar við vörtupest sjerstaklega, og að umbúðir sjeu nýjar og ósóttnæmar.

6. gr.

Ákveði stjórnarráðið, að uppskeru skuli eyðileggja, skal greiða bætur fyrir það úr ríkissjóði, þó eigi hærri en nemi $^3/_4$ þeirrar upphæðar, sem dómkvaddir matsmenn ákveða, að sje hæfilegt verð uppskerunnar.

Kostnað við sótthreinsunartæki, eiturvökva og þess háttar má greiða eftir ákvæðum stjórnarráðsins, svo og kostnað við aðrar varnarráðstafanir, sem stjórnarráðið fyrirskipar. Eigendum varanna, áhaldanna, garðanna eða gróðurreitanna ber þó að láta endurgjaldslaust í tje nauðsynlega vinnu við fyrirskipaðar varnarráðstafanir.

Hafi sá, sem fyrir tjóninu verður, orðið þess valdandi með því að vanrækja fyrirskipaðar varnarráðstafanir, ber honum einum að greiða allan kostnaðinn, sem af því leiðir.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 100—5000 kr.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi ganga í gildi um leið og þau hafa verið undirskrifuð.

Greinargerð.

Á fundi Búnaðarþingsins 15. þ. m. var samþykt í einu hljóði svo látandi tillaga:

»Búnaðarþingið mælir eindregið með því, að hið háa Alþingi semji nú þegar lög um varnir gegn innflutningi á vörtupest (Synchytrium endobioticum), þar sem þess sje krafist, að vottorð fylgi hverri kartöflusendingu frá þeim löndum, sem sjerstaklega er hætta á, að veiki þessi berist frá. Í vottorðinu sje skýrt tekið fram um, að kartöflurnar sjeu heilbrigðar og lausar við þennan greinda sjúkdóm, og að umbúðir sjeu nýjar og ósóttnæmar«.

Tilefnið er það, að í nágrannalöndunum, einkum í Noregi, gengur nú hin umgetna »vörtupest« í kartöflum. Lágu fyrir Búnaðarþinginu umsagnir um málið, bæði frá garðyrkjustjóra og garðyrkjuráðunaut Búnaðarfjelagsins.

Að ósk stjórnar Búnaðarfjelags Íslands hefir garðyrkjustjóri samið framanskráð frumvarp, með hliðsjón af samskonar löggjöf í nágrannalöndunum. Garðyrkjustjóri ljet eftirfarandi ummæli fylgja frumvarpinu:

»Á síðari árum hefir allmjög borið á þeirri kartöflusýki í nágrannalöndunum, sem nefnist vörtupest (Kartoffelbrok eða Knudeskurv, Potetkræft, Blackskab), er orsakast af svepp (Synchytrium endobioticum). Þessarar sýki hefir ekki svo kunnugt sje orðið vart hjer á landi, en hún er talin illkynjaðri og verri viðfangs en nokkur önnur kartöflusýki, og hafa aðrar þjóðir því gert ráðstafanir til þess að hindra útbreiðslu hennar. Sveppurinn getur borist með kartöflum og umbúðum þeirra, einnig með öðru, sem sýktar kartöflur hafa komist í námunda við.

Það sjest ekki á kartöflugrasinu, hvort vörtupest er í görðunum. Hún kemur í ljós sem vörtur eða hrúðurkarlar á kartöflunum sjálfum, eða þeim hlutum plöntunnar, sem niðri í jörðinni vex. Fyrst eru þessar vörtur hvítleitar, en dökkna venjulega með aldrinum. Liggi þær í birtu, fá þær grænan lit. Það getur verið erfitt að þekkja vörtupest frá venjulegu kartöfluhrúðri, en allar þær kartöflur, sem eru með hrúðurvörtum, á stærð við baun eða meira, verður að skoða sem grunsamar og láta smásjárrannsóknir skera úr.

Vörtupest veldur uppskerubresti og einnig því, að sýktar kartöflur geymast illa, rotna og verða hvorki hæfar til matar nje fóðurs.

Þegar sveppurinn einu sinni hefir komist í garðana, getur hann lifað þar í allmörg ár, alt að 10 ár, ef ekki lengur. Þegar hans hefir orðið vart í görðum, þá má ekki rækta þar kartöflur um langan tíma.

Það, sem mestu varðar til varnar vörtupestinni, er að hafa sem bestar gætur á, að hún berist ekki hingað til lands. Ekki mun vera gerlegt að banna innflutning á kartöflum, heldur verður að taka það ráð að setja það skilyrði fyrir innflutningi þeirra, að seljandinn gefi tryggilegt vottorð um, að þær sjeu lausar við þessa pest, eða að minsta kosti, að kartöflurnar sjeu frá því hjeraði, sem pestarinnar hefir ekki orðið vart. Sömu varúðar verður einnig að krefjast viðvíkjandi umbúðunum. Slíkt vottorð mun auðið að fá í Danmörku, að líkindum einnig í Noregi, og ef til vill í Bretlandi.

Lagafrumvarpið er samið í því skyni, að stjórnarráðið geti gert nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Er það í líku sniði og dönsk lög nr. 488, 21. des. 1923, og norsk lög 21. júlí 1916. Ætlast er til, að lögin geti einnig, ef þörf gerist, náð til fleiri jurtasjúkdóma en vörtupestar«.

Nd. **32. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson og Árni Jónsson.

1. gr.

Í stað orðanna »hinn fyrsti vetrardagur« í 23. gr. laganna komi: hinn 1. júlí. Ef 1. júlí ber upp á sunnudag, er kosið næsta virkan dag á undan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á þingunum 1924 og 1925 voru borin fram frv. um breytingar á kosningalögunum, þar sem meðal annars var farið fram á færslu kjördags frá hausti til vors. Krófurnar um þessa breytingu verða æ háværari með ári hverju, og er þess vænst, að Alþingi hafi sannfærst um nauðsyn þessarar breytingar.

Ed. **33. Breytingartillögur**

við frv. til laga um rjett erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. Við 2. gr. Í stað: »annari en« í 1. málsgr. komi: þar með talið.
2. Við 10. gr. 2. málsgr. skal orða svo:
   Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **34. Tillaga**

til þingsályktunar um, að landsstjórnin tryggi veðurstofunni meiri veðurfregnir frá Grænlandi.

Flm.: Jónas Jónsson, Jóhann Jósefsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að freista að ná samkomulagi við dönsk stjórnarvöld um, að loftskeytastöðin í Julianehaab á Grænlandi sendi hingað veðurskeyti síðari hluta dags, til þess að veðurstofan hafi betri ástæður til að sjá fyrir óveður og vara sjómenn við hættu. Ætlast er til, að þessu verði komið í lag svo fljótt, að gagn megi að verða nú á vertíðinni.

Ed. **35. Nefndarálit**

um frv. til laga um rjett erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin fellst á það, að nauðsynlegt sje, að fyrirmæli sjeu lögleidd um rjett útlendinga til að stunda atvinnu hjer á landi, og vill því mæla með því, að frv. þetta verði að lögum, en þó með lítilsháttar breytingum.

Frv. mælir svo fyrir, að ráða megi erlenda kunnáttumenn í atvinnu hjer á landi, »enda sje eigi kostur slíkra manna hjerlendra«. Kunnáttumenn má nefna menn þá, er sjerþekkingu hafa á ýmsum sviðum, og má um suma þeirra, t. d. iðnaðarmenn ýmsa, segja, að slíkra manna sje hjer jafnan kostur.

Aftur getur verið, þegar um aðra slíka menn er að ræða, t. d. menn, sem notið hafa sjermentunar til iðju, að lítill kostur sje á því að fá hjer hæfa menn.

Nefndinni virtist því rjett, að í lögunum væri ákvæði þess efnis, að heimilt væri að ráða hingað sjerfræðinga við allskonar iðju, þótt sú heimild þurfi ekki að ná til kunnáttumanna í öllum greinum, og kemur hún því með breytingartillögu, er að þessu lýtur.

Þá áleit nefndin, að í stað orðanna »sem hjer dveljast«, í 3. gr., eigi að koma: sem hjer hafa aðsetur, — og vill hún þannig skilgreina það betur en í frv. er gert, að þeir, sem undanþegnir eru ákvæðum þeirrar greinar, sjeu þeir einir, sem hafa hjer atvinnu þegar lögin koma til framkvæmda.

Þess skal getið, að einn nefndarmanna, Jón Baldvinsson, áskilur sjer rjett til að koma fram með fleiri breytingartillögur. Að öðru leyti leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Á undan 1. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
   1. Erlenda sjerfræðinga við allskonar iðju.
2. Við 2. gr. 1. lið (sem verður 2. liður). Á undan orðunum »Erlenda kunnáttumenn« komi: Aðra.
3. Við 3. gr. 3. lið. Fyrir orðin »sem hjer dveljast« komi: sem hjer hafa aðsetur.

Alþingi, 17. febr. 1927.

Björn Kristjánsson, form.	Jón Baldvinsson.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og framsm.

Nd. **36. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá allsherjarnefnd.

Ákvæði 26. gr. l. nr. 46 1921, um rjett barnsmóður til þess að krefjast greiðslu meðlags með óskilgetnu barni sínu af dvalarsveit sinni, eru nokkuð óljós, og er frv. þetta fram komið til þess að skýra þau ákvæði. Telur nefndin ákvæði frv. til bóta.

Nefndin er einnig samþykk því ákvæði frv., að fela atvinnumálaráðuneytinu að ákveða meðalmeðgjöf með óskilgetnum börnum fyrir hvert sveitarfjelag, og lítur svo á, að með því fáist meira samræmi um meðlagsfúlguna í hinum einstöku sveitum heldur en nú á sjer stað. En einmitt með þetta fyrir augum lítur nefndin svo á, að 3. málsgr. 1. gr. frv. sje óþörf, þar eð meðgjöf með börnum á aldrinum 14—16 ára verði sett svo lágt, að það geti ekki orðið sveitarfjelögunum til tilfinnanlegrar byrðar, þótt framfærsluskyldan haldist til 16 ára einnig gagnvart þeim börnum, sem tjeð málsgr. fjallar um.

Með skírskotun til þessa leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með svofeldri

BREYTINGU:

Við 1. gr.

3. málsgr. (»Nú er barnsföður . . . . . er þar í sveit.«) falli burt.

Alþingi, 19. febr. 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jón Guðnason, fundaskr.	Jón Kjartansson, frsm.

Árni Jónsson. Hjeðinn Valdimarsson.

Ed. **37. Tillaga**

til þingsályktunar um kennaraskólann í Reykjavík.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að leita samkomulags við bæjarstjórn Reykjavíkur um ókeypis eða ódýra lóð handa kennaraskólanum við Skólavörðutorgið. Skal lóðin vera svo stór, að þar verði hægt í framtíðinni að reisa allar nauðsynlegar byggingar, er skólinn kann að þurfa með. Sömuleiðis að tryggja, að heitt vatn úr Laugunum verði notað til að hita væntanlegar byggingar kennaraskólans, með sömu skilyrðum og landsspítalann.
2. Að láta gera fyrir næsta þing, í samráði við forstöðumann kennaraskólans og kennaralið skólans, frumdrætti að nauðsynlegum byggingum vegna skólans, er sjeu miðaðar við áðurnefndan stað.
3. Að láta fullgera teikningu og áætlun um kostnað við heimavist og mötuneyti fyrir alt að 40 nemendur kennaraskólans, og sje húsi þessu ætlaður staður við Skólavörðutorgið, í hæfilegri aðstöðu við framtíðarheimkynni skólans.

Greinargerð.

Um leið og landsspítalanum var ákveðin lóðin við Laufásveg, þar sem nú er verið að reisa hann, var ákveðið, að lóð sú, er kennaraskólinn nú stendur á, skuli falla til spítalans. Skólahús kennaraskólans er vafalaust sú opinber bygging í landinu, þeirra er bæta eiga úr alþjóðarþörf, sem minst hefir verið til vandað. Auk þess verður það að rýma fyrir landsspítalanum. Sýnist því auðsætt, að þar sem kennaraskólinn er og á að vera höfuðvirki þjóðmenningar landsins, þá verður að vanda til hans sem best má gera. Verður varla um það deilt, að honum beri að ætla hæfilegt rúm — einmitt við Skólavörðutorgið. Þar sem nemendur kennaraskólans eru flestir aðkomnir og yfirleitt efnalitlir menn, er heimavist þeirra vegna mjög æskileg.

Ed. 38. Þingsályktun

um, að landsstjórnin tryggi veðurstofunni meiri veðurfregnir frá Grænlandi.

(Afgreidd frá Ed. 19. febrúar).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að freista að ná samkomulagi við dönsk stjórnarvöld um, að loftskeytastöðin í Julianehaab á Grænlandi sendi hingað veðurskeyti síðari hluta dags, til þess að veðurstofan hafi betri ástæður til að sjá fyrir óveður og vara sjómenn við hættu. Ætlast er til, að þessu verði komið í lag svo fljótt, að gagn megi að verða nú á vertíðinni.

Ed. 39. Frumvarp

til laga um einkasölu á saltfiski.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir fyrir hönd ríkissjóðs sölu og útflutning á söltuðum og þurkuðum fiski, sem veiddur er hjer við land og verkaður er í landi eða fluttur er á land og útflutningshæfur telst.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning á fiski þeim, sem ríkisstjórnin hefir einkasölu á samkvæmt lögum þessum, og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending á fiski til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

3. gr.

Allur kostnaður við sölu og útflutning greiðist af söluverði fiskjarins, og skal draga þann kostnað frá áður en eigendum er greitt andvirði vörunnar.

4. gr.

2% af söluverði fiskjarins skulu renna í ríkissjóð, enda greiðist ekki neitt annað sjerstakt útflutningsgjald af fiski þeim, er ríkisstjórnin hefir einkasölu á. Af þessum tekjum má ríkissjóður verja alt að 50% til að útvega nýjan markað fyrir fisk og til tilrauna í þessu skyni.

5. gr.

Ríkisstjórnin má greiða eigendum andvirði fiskjar í íslenskum peningum, þótt það hafi verið greitt henni með erlendum gjaldeyri.

6. gr.

Andvirði fiskjarins afhendir ríkisstjórnin eftir reglum, sem hún setur þar um, og getur ríkisstjórnin sett meðalverð á hverja jafngóða vörutegund frá sama framleiðslutímabili.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 50 þúsund krónum, er renna í ríkissjóð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau lög eða lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög.

9. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1928.

Greinargerð.

Frv. þetta hefir áður verið flutt á Alþingi, og eru alþingismönnum því kunnar ástæður fyrir tilhögun þeirri á fiskversluninni, sem frv. gerir ráð fyrir. Til viðbótar má geta þess, að á síðastliðnu ári mynduðu ýmsir hinir stærstu útgerðarmenn sölufjelag, er átti að reyna að tryggja skipulag á fiskversluninni. Þessi tilraun bendir til þess, að augu manna sjeu að opnast fyrir nauðsyn samvinnu og samtaka um þessa verslun. En að áliti flutningsmanns frv. þessa er landseinkasala á þessari vörutegund fullkomnasta og öruggasta fyrirkomulagið. Nánari grein fyrir frv. verður gerð í framsögu.

Ed. **40. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við námulög, nr. 50, 30. júlí 1909.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur það til, að frv. þetta verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 21. febrúar 1927.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Ed. **41. Nefndarálit**

um frv. til laga um uppkvaðningu dóma og úrskurða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og fellst á, að það muni spara bæði hinu opinbera og einstökum mönnum útgjöld, öllum að meinfangalausu, ef það verður að lögum, og þar sem nefndin hefir ekkert við frv. að athuga eins og það liggur fyrir, leyfir hún sjer að leggja það til við háttv. deild, að hún samþykki frv. óbreytt.

Alþingi, 21. febrúar 1927.

Jóh. Jóhannesson, form. og frsm.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **42. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

26. gr. ofannefndra laga orðist svo:

Sje barnsfúlga sú, er barnsföður (meðlagsskyldum) er skylt að borga með óskilgetnu barni samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, staðfest-

um af valdsmanni, ekki greidd á rjettum gjalddaga, og eigi móðir þess rjett til framfærslu hjer á landi, þá er henni heimilt, áður en eitt ár er liðið frá gjalddaga, að krefjast þess, að fúlgan verði greidd henni af sveitarfje í dvalarsveit hennar, þó eigi meira en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, er barnið dvelur í. En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveður atvinnumálaráðuneytið, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, fyrir hvert sveitarfjelag um 3 ár í senn, og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna. Beiðni barnsmóður til dvalarsveitar skal fylgja meðlagsúrskurður valdsmanns, löglega birtur, eða samningur, staðfestur af honum og löglega birtur, og lífsvottorð barnsins, enda láti móðirin uppi þá skýrslu um framfærslusveit barnsföður (meðlagsskylds), sem hún er fær um.

Meðlagið skal talinn sveitarstyrkur til handa barnsföður (meðlagsskyldum) frá dvalarsveit móður, og fer um endurgjald á honum sem öðrum sveitarstyrk.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1928.

Ed. **43. Frumvarp**

til laga um rjett erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í lögum þessum er maður talinn »erlendur«, ef hann á heimilisfang utan Íslands, enda sje eigi skylt að leyfa honum landsvist á Íslandi samkvæmt landslögum eða þjóðrjettarreglum.

Í lögum þessum telst sá maður »stunda atvinnu« hjer á landi, sem vinnur einhverja vinnu fyrir reikning annars aðilja, enda sje sá eigi fullábyrgur fjelagi hans um þann atvinnurekstur eða það fyrirtæki, sem fyrir er unnið. Ef fullábyrgir fjelagar eru fleiri en 3, teljast þó þeir, sem um fram eru, stunda atvinnu hjá hinum.

»Á Íslandi« merkir í lögum þessum bæði á landi og í landhelgi Íslands.

2. gr.

Óheimilt skal hverjum þeim, einstökum manni, fjelagi eða stofnun, sem hjer á landi rekur atvinnu, stofnsetur eða starfrækir eitthvert fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að taka erlenda menn í þjónustu sína hjer á

landi gegn kaupgreiðslu, annari en fæði og húsnæði, hvort sem það er um langan tíma eða skamman.

Þó er aðilja heimilt að taka í þjónustu sína:

1. Erlenda sjerfræðinga við allskonar iðju.
2. Aðra erlenda kunnáttumenn, enda sje eigi kostur slíkra manna hjerlendra, og skýri aðili atvinnumálaráðherra þegar frá ráðningunni.
3. Frændur sína að feðgatali eða niðja, kjörbörn, fósturbörn og systkin.

Ennfremur mega:

4. Íslensk skip ráða erlenda skipverja innan þeirra takmarka, sem í lögum segir, og
5. Sendimenn annara ríkja hafa erlenda menn í einkaþjónustu sinni.

3. gr.

Erlendum mönnum, sem hingað eru komnir í atvinnuleit eða teknir eru að stunda hjer atvinnu, getur atvinnumálaráðherra vísað úr landi innan ákveðins tíma. Binda má hann og landsvist þessara manna þeim skilyrðum og takmörkunum, sem hann telur þurfa vegna hagsmuna almennings eða ríkis.

Fyrirmæli undanfarandi málsgreinar taka þó ekki til:

1. Erlendra manna, er stunda nám í hjerlendum skólum, sem ríkið á eða styrkir.
2. Erlendra manna, sem hjer dveljast til rannsókna eða vísindastarfa eða sendir eru af stjórn síns lands til kenslustarfa.
3. Þeirra manna erlendra, sem hjer hafa aðsetur, þegar lög þessi koma til framkvæmda.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, ef sjerstakar ástæður þykja mæla með því, að veita undanþágu frá ákvæðum 2. gr., svo sem ef fáir atvinnuþiggjendur eiga í hlut, eigi þykir unt að koma atvinnu á fót eða fyrirtæki í tækan tíma eða reka það án erlends vinnukrafts, enda þótt notaður sje sá hjerlendur vinnukraftur, sem kostur er á, án hnekkis atvinnuvegum landsins. Leyfi má binda öllum þeim skilyrðum um löggæslu, hollustuhætti, framfærslu, skólahald verkamanna og sjerhvað annað, sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.

5. gr.

Nú hefir aðili hjer á landi erlenda verkamenn í þjónustu sinni gagnstætt fyrirmælum 2. gr. og án þess að heimild sje til þess fengin eftir 4. gr., og kveður atvinnumálaráðherra þá upp, svo fljótt sem við verður komið, úrskurð, þar sem aðilja sje bannað að hafa hinn erlenda mann eða erlendu menn í þjónustu sinni.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra á fullnaðarúrskurð um heimild aðilja til að ráða

sjer og hafa í þjónustu sinni erlenda menn, um heimild aðilja til að stunda hjer atvinnu og um skilning á undanþágum samkvæmt 4. gr. laga þessara.

7. gr.

Brot gegn úrskurðum samkvæmt 1. mgr. 3. gr. og 5. gr., þar sem aðilja er bannað að hafa erlenda menn í þjónustu sinni eða að stunda hjer atvinnu, varða sektum, frá 40—10000 kr., til ríkissjóðs. Auk þess ber aðilja að hafa flutt ólöglega innflutta verkamenn sína úr landi eða sjeð þeim fyrir flutningi innan þess tíma, er ráðherra tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu. Ennfremur er heimilt að stöðva með lögbanni, án þess að trygging sje sett, þær framkvæmdir, er nota skyldi hinn erlenda vinnukraft til, ef byrjað er á þeim, þar til hinir erlendu verkamenn eru farnir úr landi eða trygt þykir, að þeir verði farnir innan ákveðins tíma.

8. gr.

Rjett er atvinnumálaráðherra að láta flytja þá erlenda menn, ásamt skylduliði, af landi brott, er hann hefir óheimilað að stunda atvinnu hjer lögum þessum samkvæmt, hvort sem þeir eru á sínum vegum eða annara, og skal sá flutningur vera á kostnað þess, er hefir ráðið þá til sín, en ella á eiginn kostnað þeirra.

9. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara. Svo má þar og kveða á um sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð á málum vegna þeirra brota.

10. gr.

Taka skulu fyrirmæli gildandi laga um eftirlit með útlendingum til þeirra erlendra manna, er í lögum þessum getur, að því leyti sem samrýmast má lögum þessum.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1927.

Nd. **44. Frumvarp**

til laga um að banna næturvinnu við fermingu og affermingu skipa og báta í Reykjavík og Hafnarfirði.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

1. gr.

Í Reykjavík og í Hafnarfirði er bönnuð öll vinna við fermingu og affermingu skipa og báta frá klukkan 10 að kveldi til klukkan 6 að morgni.

2. gr.

Ef brýna og óhjákvæmilega nauðsyn ber til, getur lögreglustjóri þó veitt undanþágu til að vinna við fermingu og affermingu skipa og báta á þeim tíma sólarhrings, sem bannið í 1. gr. tekur til. Leyfi til undanþágu skal vera skriflegt og gildi aðeins næturlangt. Lögreglustjóri heldur skrá yfir leyfi þau, er hann veitir samkvæmt þessari grein, og skal þar geta ástæðunnar til undanþágunnar.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500—5000 krónum, er renna í ríkissjóð, og skal afgreiðslumaður skips eða báts greiða sektir. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

1. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1927.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er svo að segja orðrjett eftir frumvarpi, er flutt var á þingi 1925 af þáverandi 2. þm. Reykv. (J. Bald.), en fjell þá með litlum atkvæðamun. Þó er sú breyting á gerð, að lögin skuli gilda allt árið, í stað þess, að í frumvarpi því var undan tekinn tíminn frá 1. maí til 1. október, og er þessi breyting gerð með það fyrir augum, að þótt næturvinna sje sjaldgæf við fermingu og affermingu skipa í Reykjavík og Hafnarfirði á þessu tímabili, er hún þó jafnvel enn óþarfari þá heldur en að vetri til.

Verklýðsfjelögin í Reykjavík og Hafnarfirði leggja mikla áherslu á að fá lög, er banni þessa næturvinnu. Að minsta kosti í Reykjavík hefir verið reynt að fá samskonar ákvæði inn í vinnusamninga, en ekki tekist, þótt útgerðarmenn segðust vilja leggja næturvinnuna niður. Þá er eftir löggjafarleiðin, enda eðlilegra, að um slíka óþarfa misbeitingu á heilsu verkamanna sje ákveðið með lögum heldur en þeir þurfi að greiða fyrir þesskonar samningsákvæði með lækkun á kaupgjaldi hinn tíma sólarhringsins.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar við frumvarpið 1925 (þskj. 116) og athugasemda við einstakar greinar þess.

45. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1926.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1926, eru veittar samkv. 2.—8. gr. hjer á eftir kr. 288407,68.

2. gr.

Til viðbótar við gjöld í 10. gr. er veitt:

1.	Til aðgerðar á ráðherrabústaðnum	35000,00	
2.	Til sendiherra í Kaupmannahöfn, laun o. fl.	22500,00	
			57500,00

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

1.	Læknisvitjunarstyrkur Suðureyrarhrepps fyrir 1924 (endurveiting)	200,00	
2.	Styrkur upp í legukostnað Bjarna Jónssonar frá Vogi ..	2500,00	
3.	Til byggingar starfsmannabústaðar á Vífilsstöðum ...	15000,00	
4.	Til kostnaðar við mænusóttarsjúklinga	4600,00	
			22300,00

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

	Til kaupa á snjóbíl		25000,00

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt.

1.	Styrkur til húsabyggingar á prestssetrinu Höskuldsstöðum	14000,00	
2.	Til íbúðarhússbyggingar á Bergþórshvoli...	30000,00	
3.	Álag á kirkjuna á Kálfafellsstað	2500,00	
4.	Álag á Auðkúlukirkju	1000,00	
5.	Til síra Bjarna Jónssonar og síra Friðriks Rafnars upp í kostnað við að sækja kirkjuþing í Stokkhólmi 1925, 500 kr. til hvors	1000,00	
6.	Til miðstöðvar á Hólum í Hjaltadal...	6550,29	
7.	Til aðgerðar á húsinu nr. 12 í Kirkjustræti, rannsóknarstofu Háskólans	10500,00	
8.	Utanfararstyrkur til skólastjóra Halldórs Vilhjálmssonar	1500,00	
9.	Til gagnfræðaskólaus á Akureyri, málning o. fl.	6700,00	
10.	Til viðbótarbyggingar við Daufdumbraskólann	45000,00	
11.	Til aðgerðar á Stýrimannaskólanum	3300,00	
			122050,29

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1.	Tillag til Bureau International de Statistique Commerciale, Bruxelles	967,55	
	Flyt	967,55	226850,29

	Flutt	967,55	226850,29
2.	Til landsbókasafnshússins, málning o. fl.	3500,00	
3.	Aðstoð á Þjóðskjalasafninu	900,00	
4.	Landsbókavörður Guðm. Finnbogason: Launabót... ...	1125,00	
5.	Til Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará, til þjóðsagnasöfnunar (Endurveiting)	500,00	
6.	Til að sækja sagnfræðingamót erlendis	1500,00	
7.	Til að sækja blaðamannafund í Málmey og Genf	1000,00	
8.	Til að sækja bindindisþing í Dorpat	500,00	
9.	Til minningarrits um Eggert Ólafsson	2000,00	
			11992,55

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1.	Aðgerð á varnargarði fyrir Holtsá undir Eyjafjöllum ...	1321,55	
2.	Til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki	35000,00	
3.	Til skógræktar- og sandgræðslunáms	200,00	
4.	Magnús Einarsson, dýralæknir: Utanfararstyrkur	1500,00	
5.	Til varnargarðs fyrir Þverá í Öngulsstaðahreppi	3000,00	
6.	Til endurbótar sjóvarnargörðum í Selvogi..	1042,41	
7.	Til aðstoðarmanns í efnarannsóknarstofunni, Bjarna Jósefssonar, cand, polyt., frá 1. júlí	2100,00	
			44163,96

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

1.	Til frú Kristínar Jacobson, ekkju Jóns Jacobson, landsbókavarðar, frá 1. júlí 1925...	1538,00	
2.	Til frú Kristbjargar Marteinsdóttur, ekkju Sig. Jónssonar, fyrv. ráðherra, frá 1. febr. 1926	920,34	
3.	Til fyrv. póstafgreiðslumanns, Kristjáns Blöndals, frá 1. maí 1926	1115,55	
4.	Til frú Kirstínar Þ. Blöndal, ekkju fyrv. hjeraðslæknis Ásgeirs Blöndal, frá 1. febr. 1926	460,17	
5.	Til frú Ragnheiðar Torfadóttur, ekkju fyrv. skólastjóra Hjartar Snorrasonar, frá 1. sept. 1925	906,66	
6.	Til frú Guðlaugar Magnúsdóttur, ekkju Bjarna Jónssonar frá Vogi, og barna hennar, frá 1. okt. 1926	460,16	
			5400,88
			kr. 288407,68

Athugasemdir við frumvarpið.

Við 2. gr.

1. Ráðherrabústaðurinn, sem er ætlaður til þess að vera embættisbústaður forsætisráðherra, hefir eigi verið notaður þannig síðan í ársbyrjun 1917, nema þau 2 ár, 1922—24, sem Sig. Eggerz var forsætisráðherra. Það hefir þótt rjett að taka húsið nú til notkunar samkvæmt tilgangi sínum, en óhjákvæmilegt var að láta fara fram gagngerða viðgerð á húsinu, þar á meðal að setja í það miðstöðvarhitun, ytri glugga, baðherbergi og margt fleira. Eftir þessa viðgerð er húsið nú mjög gott og mjög sæmilegur embættisbústaður fyrir forsætisráðherra. Þó þarf enn að lagfæra lóðina og girðingar umhverfis hana.

2. Þessi útgjöld voru ráðin á Alþingi 1925, þegar ákveðið var að skipa aftur mann í sendiherrastöðuna í Kaupmannahöfn.

Við 3. gr.

1. Endurveiting.

2. Svo var ráð fyrir gert á þinginu 1926, að nokkur upphæð yrði greidd úr ríkissjóði, til þess að Bjarni heitinn Jónsson frá Vogi gæti leitað sjer heilsubótar erlendis. Af því varð ekki, en eigi að síður hefir þótt óhjákvæmilegt að greiða þessa upphæð.

3. Á Vífilsstöðum hefir verið reistur starfsmannabústaður, aðallega fyrir það fólk, sem stundar búskapinn á jörðinni, og fyrir aðstoðarlækninn. Húsið kostaði yfir 50 þús. kr., og er reist að mestu fyrir tekjur búsins, en þessar 15 þús. kr. vantaði til. Þótti rjettara að greiða þær beint úr ríkissjóði en að taka lán upp á væntanlegar tekjur af búinu.

4. Þetta er framhald af samskonar fjárveitingu, er samþykt var í fjáraukalögum fyrir 1925.

Við 4. gr.

Snjóbíll, til þess að reyna að halda vegum akfærum að vetrarlagi, var keyptur eftir samráði við fjárveitinganefndir Alþingis 1926.

Við 5. gr.

1. Prestsseturshúsið á Höskuldsstöðum brann 1925, og varð þá að byggja upp staðinn, þótt búið væri að ráðstafa því fje, er veitt var til prestsseturshúsa.

2. Samkvæmt ráðstöfun hlutaðeigandi ráðherra, í samráði við Alþingi, hefir verið bygt prestsseturshús á Bergþórshvoli, í sveitabæjastíl. Húsið er nærri fullbúið. Mun kosta liðugar 30000 kr.

3.—4. Hlutaðeigandi söfnuðir hafa tekið að sjer umræddar kirkjur, gegn tilfærðu álagi. Það er rjett enda lögum samkvæmt, að ríkið afhendi svo fljótt sem unt er söfnuðunum allar ljenskirkjur, en því verður venjulega ekki framgengt nema ríkissjóður greiði nokkurt álag, meira eða minna eftir ástandi kirkjunnar.

5. Umræddir prestar höfðu verið kosnir til að sækja þetta almenna kirkjuþing sem fulltrúar íslensku kirkjunnar.

6. Þetta er lokaupphæð, hitt var greitt samkv. fjáraukalögum f. 1925.

7. Húsið nr. 12 í Kirkjustræti er aðallega notað sem gerlarannsóknarstofa, ekki að eins í þarfir háskólans, heldur einnig í þarfir alls landsins. Það var orðið svo úr sjer gengið, að eigi var nothæft lengur.

8. Til þess að sækja hátíð Landbúnaðarháskólans í Khöfn, sem setin var af fulltrúum margra Norðurálfuþjóða.

9. Til viðhalds og viðgerðar á gagnfræðaskólahúsinu varð eigi komist hjá að verja nokkru fje aukreitis. Meðal annars reyndust reykháfar hússins ónýtir. Varð samkvæmt krófu brunamálastjóra að gera þá upp af nýju.

10. Með athugasemd við 14. gr. B. XVI. fjárlaganna fyrir árið 1927 var stjórninni heimilað að byggja við daufdumbraskólann. Það var ekki talið fært að fresta byggingunni til ársins 1927, eða þangað til búið væri að selja lóðir fyrir kostnaðinum.

11. Vegna götulagningar verður að rífa niður skúr við stýrimannaskólahúsið, þar sem til þessa hafa verið salerni skólans. Var ekki annað tiltækilegt en að láta gera við kjallarann í húsinu og setja þar vatnssalerni.

Við 6. gr.

1. Stofnun þessi gefur út yfirlit yfir verslunarskýrslur margra landa og er haldið uppi með tillögum frá ríkjunum. Haustið 1922 var ákveðið, að Ísland gengi í samtök þessi, en tillagið hjeðan, sem á að vera 2800 belgiskir frankar árlega, hafði ekki verið greitt fyr en nú, og þótti ekki verða hjá því komist.

2. Þetta er framhald af viðgerð þeirri á Landsbókasafnshúsinu, sem kostuð var að mestu leyti af aukafjárveitingu 1925.

3. Það verður að fallast á það, sem yfirskjalavörðurinn segir, að hann geti ekki verið aðstoðarmannslaus. Aðstoðarmaður var ráðinn 1. júlí 1926 með 300 kr. mánaðarlaunum. Helmingurinn er greiddur af fje veittu til safnsins, hinn helminginn hefir ríkisstjórnin látið greiða án þess veitt væri fje til þess.

4. Svo var um samið, að prófessor Guðmundur Finnbogason tæki við landsbókavarðarstöðunni með launum, sem svaraði hæstu launum prófessora. Því hefir orðið að greiða honum uppbót, 1125 kr. samtals, fyrir tímabilið 1. okt. 1924 til 1. jan. 1927, en þá hverfur uppbótin.

5. Endurveiting, styrkurinn var ekki tekinn í tæka tíð.

6.—8. Utanfararstyrkir í samræmi við það, sem nú hefir verið tekið upp í fjárlög.

9. Til útgáfu minningarrits þessa þótti rjett, að ríkissjóður veitti styrk til jafns við Eggerts Ólafssonar sjóðinn.

Við 7. gr.

1. Viðhald þessa varnargarðs hefir áður verið greitt úr ríkissjóði.

2. Vísast til athugasemda við frv. til fjáraukalaga fyrir 1925, 5. gr. 3. Alþt. 1925 A., bls. 152.

3. Samskonar styrkur er veittur frá 1. jan. 1927 í fjárlögum.

4. Sjá aths. við 5. gr. 8.
5.—6. Óhjákvæmilegar viðhaldsráðstafanir.
7. Fjárveiting frá 1. jan. 1927 er í fjárlögum.

Við 8. gr.

1.—5. Samskonar fjárveitingar eru frá 1. jan. 1927 teknar upp í fjárlög.
6. Tilsvarandi tillaga er í frv. til fjárlaga fyrir 1928.

Nd. **46. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 43, 10. nóv. 1913 [Landskiftalög].

Flutningsm.: Pjetur Þórðarson.

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Eftir lögum þessum geta komið til skifta að nokkru eða öllu leyti heimalönd sveitajarða, tún, sáðreitir, engi, landsnytjar aðrar og hlunnindi, svo og mannvirki, sem tvö eða fleiri býli hafa til samnota og ekki hefir verið áður skift til eignar eða afnota, svo sannað verði eða viðurkent af öllum eigendum.

Nú er túni, sáðreitum, slægjum eða öðrum landsnytjum á sameignarjörð áður skift, og hafa skiftin ekki verið staðfest samkvæmt 10. eða 13. gr. þessara laga, og má þá krefjast skifta að nýju, að svo miklu leyti, sem þau geta gert hagkvæmara skipulag á hverri eign fyrir sig og eru í samræmi við ákvæði 6. gr. 2. málsl., 7. gr. og 8. gr.; þó skal þess gætt að raska ekki hlutföllum ræktaðs lands, nema samþykki aðilja komi til.

2. gr.

2. grein laganna orðist svo:

Hver einstakur eigandi eða umráðamaður jarðar, jarðarparts eða landsnytja getur krafist skifta samkvæmt lögum þessum. Skiftin skulu vera til fullrar eignar og ætið miðuð við lögmæt eignahlutföll lands og landsnytja, sem eigi hefir verið áður skift. Skal ekki aðeins farið eftir stærð lands að flatarmáli, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Eigi má þó staðbundin skifti gera á námarjetti, veiði í vötnum eða sjó, selveiði, fuglaveiði með háf eða skotum, reka, vergögnum, lóðagjöldum, beitutekju, þörungum föstum og lausum og fjörubeit, nema samþykki allra eigenda komi til.

Um umráð og notkun vatns og fallvatna, svo og um girðingar, fer eftir almennum lögum.

3. gr.

3. laganna orðist svo:

Úttektarmenn skulu vera matsmenn og gera skiftin hver í sínu um-

dæmi. Ef úttektarmaður er hindraður, við málið riðinn eða nákominn aðiljum, kveður sýslumaður annan í hans stað. Sýslumaður skal og kveðja oddamann til skiftagerða, skal hann vera formaður matsmanna, stýra skiftum og annast bókun skiftagerðar. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum.

Matsmenn fá þóknun fyrir skifti eftir 6. og 7. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917. Oddamaður fær þó $^1/_6$ hlut hærri þóknun að öllu samlögðu en hinir.

4. gr.

4. grein orðist svo:

Þegar skifta skal landi eða landsnytjum, skal bjóða öllum eigendum og öðrum þeim, er notkunarrjett hafa á því, er til skifta getur komið, að vera við skiftin og gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki fyrir það lengur en nauðsyn krefur. Hið sama gildir og við yfirmat, en ekki skulu þeir þó viðstaddir, er matsmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín úrslit skiftanna eða ráða þeim til lykta.

Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiftin, getur heimtað yfirmat. Rjett til að heimta yfirmat hefir einnig hver veðhafi í eign þeirri, er skift er, um eitt ár frá því að sýslumaður hefir tilkynt honum skiftin.

5. gr.

5. grein orðist svo:

Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður þeirra og stýra matinu. Heimilt er honum þó að kveðja annan í sinn stað. Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 7 krónur og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar sýslumaður reikninga yfirmatsmanna; þó má skjóta úrskurði hans undir fullnaðarúrskurð dómsmálaráðuneytisins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs.

Kostnað við skifti greiði sá, er þeirra beiðist, ef skiftatilraun verður árangurslaus sökum vanheimilda, svo og við yfirmat, ef engin breyting er gerð á skiftum; ella skiftist allur kostnaður á eigendur að tiltölu við eignahlutföll þess, er skiftin ná til.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og þau hafa hlotið konunglega staðfestingu. Skal þá jafnframt meginmál þeirra fært inn í aðallögin og þau þannig gefin út í einni heild sem lög frá Alþingi.

Greinargerð.

Við framkvæmd landskiftalaganna frá 10. nóv. 1913 hefir það komið í ljós, að ákvæði þeirra eru að sumu leyti ófullnægjandi og lögin því ekki fyllilega náð tilgangi sínum. Þetta verður skýrt nánar í eftirfarandi athugasemdum um hinar einstöku greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í fyrri málsgrein er dregið saman aðalefni og ákvæði fyrra málsl. 1. gr. og 1. málsl. 3. gr. laganna, og þó víðtækari en í lögunum, þannig að skifti geta náð til hverskonar sameignar sem vera skal á sveitajörðum, og hlunninda með skilyrðum, sem sett eru í næstu gr.

Algengt er það á sameignar- og sambýlisjörðum, að túnum, sáðreitum og engjum er skift, þótt annað land og landsnytjar sje óskift. Skiftin eru oft óhagkvæm að skipulagi, þótt ekki geti aðiljar komið sjer saman um að breyta því. Slík skipulagsbreyting er ekki heimil eftir lögunum, en ætti að vera jafnsjálfsögð og mörg önnur ákvæði þeirra, og því er hún hjer upp tekin í síðari hluta greinarinnar.

Um 2. gr.

Hún kemur að mestu leyti í stað 3. gr. laganna. Í 3. gr. laganna er svo ákveðið, að landskifti skuli miðast við stærð jarðar eða jarðarparts eftir jarðamati. Þetta ákvæði er hættulegt og getur ómaklega svift menn rjettmætri eign sinni, þegar breyting hefir orðið eða verður á jarðamati. Dæmi: Maður á $^3/_4$ hluta jarðar metið á 9000 kr. $^1/_4$ hluti sömu jarðar er sjerstakt býli með túni, sáðreitum og engjum með viðurkendum merkjum, og hefir sá hluti fengið svo miklar umbætur á hinu skifta landi umfram hina $^3/_4$ hluta, að hann er metinn á 4500 kr. Við skifti á landi þessarar jarðar fær eigandi fjórða hlutans $^1/_3$ hluta af áður óskiftu landi eftir ákvæði laganna, í stað $^1/_4$ hluta, sem honum ber með rjettu. Í gr. er þessu breytt svo, að væntanlega verður ekki um vilst.

Í 3. gr. laganna er það lagt á vald eigenda að meiri hluta lands, *sem hlunnindi fylgja*, hvort því skuli skift. Þetta ákvæði stríðir gegn anda og ákvæðum laganna að öðru leyti. Sem dæmi má nefna: 4 menn eiga jörð með óskiftu landi, sem liggur að sjó, og fylgir því selveiði, reki o. fl. hlunnindi, 1 maður á meiri hluta jarðarinnar, hinir 3 vilja fá skift landinu (ekki hlunnindum), og geta þeir þá ekki fengið skiftin, ef hinn eini eigandi meiri hluta þess vill ekki samþykkja þau. Jafnvel þótt dæminu væri snúið við og eigendur að meiri hluta landsins væru 3, þá virðist eigi sanngjarnt, að þeir hefðu heimild til að synja einum eiganda um skiftin. Í frv. er því þetta ákvæði felt niður, en aftur á móti tekin upp í greinina upptalning ýmsra hlunninda, sem erfitt er að gera staðbundin skifti á, og því aðeins heimilt að skifta, að allir aðiljar samþykki.

Um 3. gr.

3. gr. frv. kemur í stað 2. gr. laganna, lítið breytt að efni. Niðurlag greinarinnar er að mestu leyti í samræmi við gildandi lög um þóknun fyrir landskifti.

Um 4. gr.

4. gr. frv. endurtekur nokkur ákvæði laganna með skipulagsbreytingum.

Um 5. gr.

Í henni eru þessar efnisbreytingar:

a. Að sýslumanni er heimilað að kveðja annan mann í sinn stað við yfirmat.

Það getur oft verið hagkvæmara, án þess að rjettdæmisöryggi sje hætta búin.

b. Hækkuð þóknun til yfirmatsmanna. Þarf ekki skýringa.

c. Að kostnað við skifti greiði sá, er þeirra beiðist, ef þau verða árangurslaus sökum vanheimilda. Það getur auðveldlega komið fyrir, að skifta sje krafist og að það komi í ljós þegar matsmenn eru komnir á vettvang, að skiftatilraun verði árangurslaus, vegna þess að heimild til skifta felist ekki í lögunum. Ákvæðið er nauðsynlegur hemill á órjettmætar skiftakröfur.

6. gr.

Þarf ekki skýringa.

Nd. **47. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

Lög nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða, skulu ekki koma til framkvæmda um Múlasýsluumboð, heldur skal þar eftirleiðis sem hingað til skipaður af ráðherra sjerstakur umboðsmaður.

Umboðslaun skulu frá næstu umboðsmannaskiftum vera 10% af öllum eftirgjöldum.

Umboðsmaður skal búsettur vera nálægt miðju Múlaþings.

Ástæður.

Um Múlasýsluumboð er líkt háttað og Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð, sem með lögum frá 1917 var ákveðið að haldast skyldi með líkri skipun og áður, svo sem hjer er lagt til að verði um Múlasýsluumboð. Á 3 af 15 jörðum og jarðahlutum Múlasýsluumboðs, sem eftir eru, hafa vaxið upp kauptún, þar sem útmælingar lóða til bygginga og ræktunar aukast ár frá ári og sýnilegt er, að á næstu áratugum verður fjölbýli mikið. Auk þess eru 4 aðrar jarðir, sem hljóta að verða í opinberri eign af öðrum ástæðum. Ein þeirra er fjölsótt verstöð að sumri og hausti, með nokkrum leigðum verbúðarlóðum; ein læknissetur, ein sjálfkjörin vitajörð og ein námalandið Helgustaðir.

Á síðastliðnum 19 árum hafa verið seldar um 20 af jörðum umboðsins og meðal þeirra ýmsar þær stærstu og dýrustu, en lóðaleigan hefir á þessum tíma hamlað svo upp gegn sölunni, að tekjur umboðsins hafa vaxið fremur en minkað, þótt kauptúnajarðirnar sjeu í fastri ábúð og landsetar þeirra fyrir sína tíð taki $^1/_4$—$^1/_3$ af lóðaleigum.

Öll meðferð þessara opinberu jarðeigna má vænta, að verði samræmilegri og tryggari, ef einn maður, vel hæfur, fer með þær undir umsjón ráðherra, en verða mundi, ef þær sundruðust meðal 5—8 hreppstjóra, svo sem líklegt er, að orðið gæti eftir lögum nr. 30 1913.

Ed. **48. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 79, 14. nóv. 1917, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn er bæjarstjórnum heimilt að gera samþyktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskifti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sje þar seldur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir þrjú undanfarin þing verið borið fram í neðri deild Alþingis og náð samþykki þar, en verið felt í efri deild með litlum atkvæðamun.

Flestum þm. er málið kunnugt, og vísast því til greinargerðar þeirrar, er fylgt hefir frv. áður; annars verður málinu lýst nánar í framsögu.

Sþ. **49. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn á kostnaði við að byggja fullkomna síldarverksmiðju á Siglufirði.

Flutningsm.: Magnús Kristjánsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta á næsta sumri rannsaka, hvað kosta muni að stofnsetja nýtísku

síldarbræðslustöð á Siglufirði, sem geti unnið úr alt að 2000 tunnum síldar á sólarhring.

2. Að gera ráðstafanir til þess, að nægilegt land, með fulltryggum lóðarrjettindum, verði fyrir hendi, þegar til byggingar slíkrar stöðvar kæmi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, ætti síldarútvegurinn að geta verið einhver mesta auðsuppspretta landsins, væri hann starfræktur á viðeigandi hátt, en hjer er þó sjerstaklega átt við meðferð vörunnar og sölu hennar.

Það hefir komið fyrir sum árin, að mikill hluti síldarframleiðslunnar hefir orðið verðlaus, svo að af því hefir stafað miljónatap. Um það, hver áhrif slíkt geti haft fyrir þjóðarbúskapinn, þarf ekki að fjölyrða, vegna þess, að Alþingi hefir þegar sýnt, að því er orðið ljóst, hvert stefnir í þessu efni. Þess vegna eru til orðin lög nr. 51, 15. júní 1926, um sölu á síld o. fl.

Áðurnefnd lög, þótt í rjetta átt stefni, eru ein út af fyrir sig ekki nema hálfstigið spor, því eftir því sem síldarsöltunin yrði meira takmörkuð, því meiri verður nauðsynin á, að síldarframleiðslan að öðru leyti geti selst fyrir sannvirði.

Þegar á það er litið, að allar síldarbræðsluverksmiðjur við aðalveiðistöðvarnar eru eign útlendinga, þá verður það ljóst, að það er ærið varhugavert að treysta eingöngu á þeirra forsjá, bæði vegna þess, að þær geta hætt störfum þegar minst varir, og annað hitt, að hætt er við, að samkeppni um verðið verði ekki mikil þeirra á milli. Eina örugga ráðið til þess að tryggja síldarútveginn sæmilega í framtíðinni virðist því vera það að koma upp á hentugum stað fullkominni síldarbræðslustöð, sem rekin væri með samvinnusniði, en slíkt mun varla komast í framkvæmd nema með aðstoð löggjafarvaldsins.

Frekari skýringar viðvíkjandi þessu máli munu koma fram við umræðurnar.

Nd. **50. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að íhuga tolla- og skattalöggjöf landsins.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson og Jörundur Brynjólfsson.

Alþingi ályktar að skipa með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi fimm manna milliþinganefnd til að athuga tolla- og skattalöggjöfina og gera tillögur um, hvernig henni megi best haga, svo að hún sje í einu sem einföldust, rjettlátust og hagnýtust, og gefi þó nægar tekjur, sem á eðlilegan og auðveldan hátt geti lagað sig eftir útgjaldaþörfunum.

Nánar tiltekið skal verkefni nefndarinnar vera þetta:

a. Að athuga leiðir til að fækka tollvörum og tolla mestpart hinar ónauðsyn-

legri vörur, svo að tolla- og skattakerfið verði sem óbrotnast og umsvifaminst og tollheimtan sem ódýrust.

b. Að athuga, að hve miklu leyti er rjettmætt að fullnægja tekjuþörfinni með tollum og að hve miklu leyti með sköttum, með tilliti til þess, að þeir komi þó sem rjettlátlegast niður eftir gjaldþoli.

c. Að athuga, hvernig tollum og sköttum megi svo best fyrir koma, að þeir verki sem minst lamandi á einstaklings- og þjóðarhaginn, en efli og styðji innlenda framleiðslu í samkepninni við erlenda.

d. Að athuga, hvort ekki megi finna leiðir til að afla ríkissjóði tekna án þess að íþyngja gjaldþegnum, svo sem með einkasölu á nokkrum hátolluðum vörum eða öðrum þeim vörum, sem hentugar eru til einkasölu, eða á annan hátt.

e. Að rannsaka, hvort rjettlátlega er skift útgjöldum til opinberra þarfa á milli ríkisins og sveitarfjelaganna með tilliti til tekjustofna og einnig með tilliti til þess, að gjaldþoli þegnanna sje ekki — vegna almennra opinberra útgjalda — um of misjafnlega íþyngt í hinum minni fjelagsheildum.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Með hinni hraðfara sívaxandi tekjuþörf til opinberra þarfa hefir tolla- og skattalöggjöf vor tekið tíðum og margvíslegum breytingum, sem oft hafa verið hugsaðar sem bráðabirgðaráðstafanir til þess að bæta úr aðkallandi tekjuþörf í bili. Þó hefir farið svo oftast, að bráðabirgðaráðstafanir þessar hafa í reyndinni orðið föst lagaákvæði, svo að frumhugsun tolla- og skattalöggjafar vorrar hefir mjög raskast, og það þrátt fyrir það, þótt við og við hafi verið gerðar sjerstakar ráðstafanir (milliþinganefndir o. fl.) til að athuga heildarskipulag þessara mála. Hafa þær ráðstafanir sumpart ekki verið nógu víðtækar eða yfirgripsmiklar og sumpart ekki borið árangur til framkvæmda, enda ekki verið sjeð fyrir, að útgjöld til opinberra þarfa myndu vaxa jafnhraðfara og raun hefir orðið á, nje hafa verið sjeðar fyrir jafnmiklar breytingar á atvinnuháttum þjóðarinnar og viðskiftaaðstöðu á heimsmarkaðinum sem nú er komið fram. — Af þessum orsökum eru tolla- og skattalög vor nokkuð á ringulreið og ekki örgrant, að þau verki lamandi á einstaklings- og þjóðarhaginn og á viðskiftaaðstöðu vora út á við. Fyrir því virðist sem fullkomin ástæða sje til að taka þessi mál til gagngerðrar rannsóknar á grundvelli framanritaðrar tillögu.

Gagngerð endurskoðun jafnyfirgripsmikilla, vandasamra og viðkvæmra laga sem tolla- og skattalög eru, er þess eðlis, að ólíklegt er, að hún geti orðið undirbúin af flokkslegri stjórn — hver sem hún væri — svo að líkleg væri til að ná framgangi með viðunanlegri niðurstöðu. Sömuleiðis eru þessi mál yfirgripsmeiri og vandasamari en svo, að ætlast megi til, að þingið geti leyst endurskoðun þeirra af hendi og leitt þau til lykta án sjerstakrar rannsóknar og undirbúnings í nefnd, sem starfað hefði að því milli þinga.

Á framantöldum ástæðum er þingsál.till. þessi bygð. Jafnframt er tiltek-

ið, hver sjeu rannsóknaratriði nefndarinnar. Vitanlega er ekki þar með ætlað að setja nefndinni nokkrar skorður um rannsóknarefni þessi mál áhrærandi.

Til þess er ætlast, að samkomulag geti orðið fyrirfram á milli stjórnmálaflokkanna um skipun manna í nefndina.

Nd. **51. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Flutningsm.: Jakob Möller.

1. gr.

1. gr. laga nr. 40, 20. júní 1923, orðist svo:

Í öllum kaupstöðum landsins, og sömuleiðis í hverju því kauptúni, sem hefir 500 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemtanir, sem aðganga er seld að.

2. gr.

a-liður 2. flokks 2. gr. laganna orðist svo:

a. Dansleikar allir, hvort sem einstök fjelög eða dansskólar stofna til þeirra eða þeir eru haldnir fyrir allan almenning, ennfremur dansæfingar, er standa fram yfir kl. 11 að kvöldi. Haldi fjelag dansleik og sje aðganga ókeypis, er lögreglustjóra heimilt að ákveða skattinn.

3. gr.

Orðin »er njóta opinbers styrks« í b-lið 1. flokks falli burt.

Orðin »og sjónleikar, er ekki teljast til 1. flokks«, í d-lið 2. flokks falli burt.

4. gr.

Aftan við 3. gr. bætist nýr liður:

d. Dansleikar skóla, annara en dansskóla, og skólafjelaga, enda fari þeir fram í herbergjum hlutaðeigandi skóla og sjeu fyrir nemendur og kennara eina, ásamt gestum þeirra.

5. gr.

Niðurlag 8. gr. laganna, frá orðunum »fyrirmæli snerta«, orðist svo: Kaupstaði og kauptún, sem hafa 500 íbúa eða fleiri.

6. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 40, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var samþykt í neðri deild í fyrra, en varð ekki afgreitt frá efri deild. Þykir því rjett að bera það fram nú á ný.

Tilgangur frumvarpsins er að auka tekjurnar af skemtanaskattinum og flýta þannig fyrir því, að þjóðleikhús komist upp. Þessu á að ná með því fyrst og fremst að láta lögin ná til fleiri kauptúna en nú gera þau. Það er að vísu álitamál, hve langt á að ganga í því efni, en augljóst, að ekki tekur því að leggja skattinn á kauptún, sem hafa færri íbúa en 500. Þá er ennfremur lagt til, að skatturinn verði lagður á dansskemtanir, sem áður hafa verið skattfrjálsar.

Breyting sú, sem felst í 3. gr. frv., er þó annars eðlis. Í fljótu bragði mætti jafnvel ætla, að hún yrði til þess að rýra tekjurnar af skemtanaskattinum, þar sem hún fer í þá átt að flytja alla sjónleika undir lægra skattflokkinn, en nú ber að greiða hærra skattinn, 20%, af sjónleikum, sem ekki njóta opinbers styrks. En reynslan virðist hafa sýnt það, að þessi hærri skattur af sjónleikum verði aðeins til þess, að slíkar leiksýningar leggist niður, svo að tekjurnar af þeim verða engar. Virðist því þegar af þeirri ástæðu rjettara að lækka skattinn, auk þess sem það að sjálfsögðu er ekki tilgangur laganna að hindra það, að sjónleikum sje haldið uppi í kauptúnum landsins.

Nd. **52. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Flutningsm.: Jakob Möller.

1. gr.

Í stað 4.—8. málsgreinar 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919 (»Launin í hverju ..... hámarki launa sinna«) kemur:

Í þeim umdæmum, þar sem ríkissjóður borgar launin að hálfu móti sýslusjóði, eru launin 400 kr., en hækka 3. hvert ár um 50 kr., upp í 700 kr.

Í þeim umdæmum, þar sem bæjarsjóður borgar öll launin, eru þau 1200 kr., en hækka 3. hvert ár um 100 kr., upp í 1500 kr. Auk þess skal ljósmæðrum sjeð fyrir ókeypis síma.

Á laun þessi er greidd dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum sem gilda um starfsmenn ríkisins.

2. gr.

Í stað 2. gr. laganna kemur:

Í stað 5. gr. kemur:

Þær ljósmæður, sem starfað hafa í full 10 ár samfleytt, en verða þá

vegna sjúkdóms eða annara lögmætra forfalla að láta af starfi sínu, fá eftirlaun, er nema 1/3 af launum þeirra, og þær, sem starfað hafa 15 ár eða lengur, fá helming launa. Á eftirlaun þessi greiðist dýrtíðaruppbót.

Greinargerð.

Sem greinargerð fyrir frv. þessu læt jeg mjer nægja eftirfarandi kafla úr brjefi til Alþingis frá Ljósmæðrafjelagi Íslands, dags. 10. febr. 1926:

»Samkvæmt yfirsetukvennalögunum frá 22. okt. 1912 fengu skipaðar ljósmæður kr. 70,00 í árslaun, ef 300 manns eða minna voru í umdæmi, og skyldu launin hækka um kr. 5,00 fyrir hverja fulla 5 tugi manns, sem fram yfir voru 300, upp í kr. 500,00. Samkv. 7. gr. sömu laga skyldi ljósmóðir fá kr. 5,00 fyrir að sitja yfir og 1 kr. fyrir hvern dag, sem hún dveldi hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tók á móti barninu, en 50 aura fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kauptúni, þar sem ljósmóðir bjó.

Þessum launakjörum ljósmæðra var að nokkru breytt með lögum um breyting á áðurnefndum lögum frá 1912, nr. 76, 28. nóv. 1919, er gengu í gildi 1. jan. 1920. Samkv. þeim lögum eru launakjörin þessi:

»Launin skulu greidd að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóði og greiðast einu sinni á ári, á manntalsþingum. Í kaupstöðum skulu öll launin greiðast úr bæjarsjóði og greiðast mánaðarlega.

Launaupphæðin ákveðst þannig, að í umdæmum, þar sem fólkstal er minna en 300, skulu árslaun vera kr. 200,00. Í þeim umdæmum, sem hafa meira en 300 manna, skulu árslaunin vera 200 krónur, að viðbættum 10 krónum fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó þannig, að launin fari aldrei fram úr kr. 1000,00.

Í kaupstaðaumdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri ljósmæður, skal deila íbúatölunni jafnt á milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum ljósmæðrum, þó aldrei yfir kr. 1000,00.

Laun allra ljósmæðra skulu hækka fimta hvert ár um kr. 25,00, uns launabótin nemur kr. 75,00, og er það launahámark.

Eftirlaun skulu sömu aðiljar greiða í sömu hlutföllum.

Auk þess ber ljósmóður sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængurkvenna og að auki ókeypis fararbeini báðar leiðir. Þessi þóknun skal vera eigi minni en kr. 7,00 fyrir að sitja yfir og kr. 2,50 fyrir hvern dag, sem ljósmóðir dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 1 kr. fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kauptúni, þar sem ljósmóðir býr«.

Þessi lög frá 1919 voru, eins og gefur að skilja, mjög mikil rjettarbót frá því, sem verið hafði síðan 1912, og sýndi hið háa Alþingi með því mjög lofsverða viðleitni til að bæta kjör stjettar þessarar. En þrátt fyrir þessa endurbót er nú svo komið, að ljósmæður landsins telja sig eigi geta búið lengur við þau kjör, sem þær hafa nú. Það mun og vera sanni nær, að engin stjett í landinu sje yfir höfuð jafnilla launuð. Er það þó talsvert undarlegt, þar sem um

jafnábyrgðarmikla stöðu er að ræða, og stöðu, sem sú, er starfið hefir á hendi, er jafnbundin við.

Þrátt fyrir þann styrk úr ríkissjóði, sem ljósmæðranemar hafa nú, kostar námið þær minst kr. 600,00. Ljósmóðirin verður og að hafa með sjer ýms meðul, svo sem sóttvarnarlyf, bómull o. fl.

Engin stúlka, sem stundar ljósmóðurstörf, þótt í fámennu umdæmi sje, getur ráðið sig í neina aðra vinnu; þess vegna þarf hún að hafa föst laun, sem ekki sjeu minni en vinnukonulaun, sem nú munu vera nálægt 600 kr. á ári, auk fæðis og húsnæðis, ásamt öðrum hlunnindum, svo sem skótau o. fl. Þá er ólíku saman að jafna, hvað af þessum tveimur stjettum er heimtað.

Ljósmóðirin verður að fara út í hvaða veður sem er og oft lítt færar leiðir, bæði á sjó og landi. Svo má hún ekki vera burtu úr umdæmi sínu lengur en sólarhring í einu, nema með leyfi hjeraðslæknis, og ekki fara burt af heimili sínu, svo að ekki einhver viti, hvar hana (ljósmóðurina) er að finna.

Ekki er gifta ljósmóðirin betur sett hvað launin snertir; hún verður að hafa stúlku á sínu heimili, sem hún getur treyst þegar hún gegnir störfum sínum, sem oft getur verið lengri tíma í senn.

Svo eru kaupstaðaljósmæður; þær verða beinlínis að hafa vinnukonu starfsins vegna, borga háa húsaleigu og háa skatta.

Enda þótt laun ljósmæðra hafi hækkað frá því sem áður var, hafa þau ekki hækkað hlutfallslega við önnur laun. Tökum til dæmis þegar laun ljósmæðra voru kr. 40,00 á ári, þá hafa vinnukonurnar verið í hæsta lagi kr. 30,00.

Vegna einróma álits allra ljósmæðra á landinu um, að launakjör þeirra væru alveg óviðunandi, sendi Ljósmæðrafjelag Íslands síðasta Alþingi kröfur þeirra, sem var synjað. Þess vegna samþykti síðasti aðalfundur Ljósmæðrafjelagsins að leita enn einu sinni álits allra ljósmæðra á landinu, og hefir stjórnin fengið svar flestra þeirra, og hafa áttatíu sagt, að þær sæju sjer ekki fært að halda starfinu áfram sem skipaðar, ef kröfur síðasta aðalfundar verða ekki samþyktar; hinar, sem ekki hafa gefið svona hrein svör, eru allar á eitt sáttar um, að kröfurnar megi ekki minni vera.

Ljósmæðrafjelag Íslands leyfir sjer nú hjer með samkv. ályktun síðasta aðalfundar enn á ný að leita til hins háa Alþingis um fulltingi til að koma í kring . . . breytingum á gildandi lögum um yfirsetukonur.

.. ..

Við skulum geta þess, að samkv. upplýsingum, er Ljósmæðrafjelagið hefir aflað sjer frá nokkrum af nágrannalöndunum, eru ljósmæðralaunin þar eins og hjer segir:

Í Svíþjóð: árslaun 800 krónur, auk tveggja aldursuppbóta, 100 kr. í hvert sinn, eftir ákveðin þjónustuár, bústaður: 1 herbergi og eldhús, kjallari eða önnur geymsla, svo og dálítill garður. Annars fá þær sjerstakl. kr. 200,00 í þóknun fyrir húsaleigu. Þær þjóna þar til þær eru 55 ára. Þá fá þær eftirlaun, kr. 1000,00 á ári.

Í Noregi eru launin kr. 900,00, auk aldursviðbóta og eftirlauna samkv. launal. ríkisins.

Í Finnlandi eru launin kr. 900,00, auk viðbóta og eftirlauna samkv. launal. ríkisins.

Við væntum þess fastlega, að hið háa Alþingi sjái sjert fært að taka krófur þessar til greina«.

Ed. **53. Nefndarálit**

um frumvarp til sveitarstjórnarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Með þessu frumvarpi, ef að lögum verður, er endurskoðun sveitarstjórnarlaganna lokið, og verða þá framvegis lög, er snerta sveitarstjórn, í 3 sjerstökum lagabálkum, það er lögum um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, lögum um útsvör og sveitarstjórnarlagafrv. því, er hjer liggur fyrir.

Allsherjarnefnd er sammála um það, að þessi þrískifting á hinum fornu sveitarstjórnarlögum sje, að öðru jöfnu, fult svo skýr og aðgengileg fyrir þá, sem mest þurfa að nota þessi lög.

Nefndin hefir haft frumvarpið til meðferðar á nokkrum fundum og hefir lítið við það að athuga, enda er það að mestu leyti samhljóða núgildandi lagaákvæðum um þetta efni. Ný ákvæði eru þó í því (30. gr.) um hvernig að skuli fara, ef hreppsnefnd vanrækir að inna af hendi lögboðnar greiðslur eða svara fyrirspurnum æðri stjórnarvalda. Þá gerir frumvarpið einnig dálitla hækkun á launum hreppsnefndaroddvita og fæðispeningum og ferðakostnaði sýslunefndarmanna.

Lítur nefndin svo á, að þær fáu breytingar, er frumvarpið fer fram á, sjeu sumar nauðsynlegar og aðrar til nokkurra bóta, og ræður því háttv. deild til að samþykkja það með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 23. gr. Fyrir »4 kr.« komi: 5. kr.
2. Við 30. gr.
   a. Fyrir »í brjefi til oddvita« komi: í ábyrgðarbrjefi til oddvita.
   b. Aftan við fyrri málsgr. greinarinnar bætist: ef hann á sök á drættinum.
3. Við 36. gr. Á eftir »afl atkvæða« í niðurlagi fyrri málsgr. komi: Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita.
4. Við 38. gr. síðari málsgr. Í staðinn fyrir »einhverja aðra ráðstöfun« komi: einhverja ráðstöfun.
5. Við 44. gr. Fyrir orðið »hvert« í upphafi greinarinnar komi: yfirstandandi.

6. Við 53. gr. Á eftir fyrstu málsgr. bætist inn ný málsgr., svo hljóðandi:
Lög nr. 46, 26. okt. 1917, um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Alþingi, 22. febr. 1927.

Jóh. Jóhannesson, form.	Guðm. Ólafsson, fundaskr. og frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. **54. Frumvarp**

til laga um skyldu útgerðarmanna til að tryggja fatnað og muni lögskráðs skipverja.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Útgerðarmaður gufuskips skal skyldur að tryggja fatnað og muni hvers lögskráðs skipverja, ef skipi hlekkist á, það strandar, eldur kemur upp í því eða það ferst, fyrir eigi lægri fjárhæð en 800 kr.

Sömu skyldu hefir útgerðarmaður mótorskips og mótorbáts, nema mótorbátur sje minni en 20 smálestir, en þá skal trygging á munum og fatnaði hvers lögskráðs skipverja eigi nema lægri fjárhæð en 400 kr.

2. gr.

Iðgjald fyrir tryggingu greiðir útgerðarmaður, og má hann eigi draga það af kaupi eða hlut skipverja.

Ríkissjóður greiðir hálft iðgjald fyrir tryggingu á fatnaði og munum skipverja á mótorbátum, sem eru 20 smálestir og minni.

3. gr.

Ef skipi hlekkist á, það strandar, eldur kemur upp í því eða skip ferst og fatnaður og munir skipverja farast eða brenna, þá skal greiða skipverjum tryggingarfjárhæðina að fullu.

Bjargist fatnaður og munir að nokkru, skal greiða skipverjum af tryggingarfje eftir mati dómkvaddra manna skemdir eða tap á fatnaði eða munum.

Við tryggingarfje þeirra, er farast, taka erfingjar.

4. gr.

Vanræki útgerðarmaður að tryggja muni og fatnað skipverja samkvæmt lögum þessum, skal hann eigi að síður skyldur til að greiða tryggingarfje eftir 3. gr. Sjóveð í skipi, eða vátryggingarfje skips, sje trygging fyrir skaðabótagreiðslum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi, en var þá vísað til landsstjórnarinnar. Stjórnin mun ekki flytja málið, og er það því borið fram. Ástæður fyrir frv. er að finna í þskj. 126 (A. 1926). Þar er einnig prentað brjef frá stjórn Sjómannafjelags Reykjavíkur, og er það endurprentað hjer sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

»Reykjavík, 6. mars 1926.

Herra alþingismaður Jón Baldvinsson.

Á fundi Sjómannafjelags Reykjavíkur 25. f. m. var samþykt af öllum viðstöddum fundarmönnum eftirfarandi ályktun:

»Fundurinn samþykkir að skora á Alþingi, að trygt verði með lögum, að íslenskir sjómenn fái greitt andvirði fatnaðs síns og muna, sem þeir kunna að missa við strand, eldsvoða eða önnur atvik, sem valda því, að menn missa fatnað sinn og muni, þó þeir sjálfir haldi lífi.

Fundurinn felur þingmanni flokksins að bera fram frumvarp til laga á þessu þingi um þetta efni«.

Tilefni þessarar ályktunar er í stuttu máli þetta:

Þegar að skip stranda, sökkva af árekstri, eldur kemur upp í skipi eða skip ferst, og skipverjar í flestum tilfellum bjarga lífi sínu, þá missa þeir þó ávalt mikið verðmæti, sem er fatnaður þeirra og aðrir nauðsynlegir munir, er þeir hafa með sjer á sjóinn. Enda þótt ekki væri annað en fatnaðurinn einn um að ræða, er það ærið nóg tap fyrir fátæka menn að verða fyrir.

Á öllum stærri skipum hafa menn fatnað meðferðis, er nemur frá 500—800 króna virði, og auk þess ýmsa nauðsynjamuni sjer til gagns og skemtunar. Það verður því mjög tilfinnanlegt tap fyrir fátæka menn að missa þetta verðmæti, þó þeir sjálfir haldi lífi.

Síðasta dæmið: Ása strandar í desember s. l., skipverjar bjargast nauðulega, án þess að geta bjargað nokkru af fatnaði sínum. Engum ber lagaleg skylda til að greiða þeim þetta tjón. Til ríkisstjórnarinnar hefir verið leitað og hún neitað, og útgerðarmaður skipsins hefir ekki látið neitt af mörkum. Í öllum tilfellum þessum líkum hafa skipverjar fyrr og síðar orðið að bera skaða sinn, þó skip og farmur sje vátrygt af hálfu þeirra, sem eiga.

Í nágrannalöndum vorum hafa útgerðarmenn skipa fallist á að tryggja fatnað og muni skipverja þeim að kostnaðarlausu.

Hjer hjá okkur teljum við öruggustu leiðina, svo að öllum farmönnum og fiskimönnum á landinu komi að gagni, að fá ákveðið með lögum þessa tryggingarskyldu á hendur útgerðarmönnum.

Við viljum því hjer með, fyrir hönd Sjómannafjelags Reykjavíkur og sjómannastjettarinnar í heild, fela yður að bera fram frumvarp á Alþingi um þetta efni.

Reykjavík, 6. mars 1926.

F. h. stjórnar Sjómannafjelags Reykjavíkur.
Sigurjón A. Ólafsson, formaður«.

Ed. **55. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

Aftan við 2. gr. D. komi:
5. Eiðavegur frá Eyvindarárbrú að Eiðum.

Ástæður.

Vegarkaflinn frá Eyvindarárbrú að Eiðum, sem vera mun ca. 15 km., er að mestu akfær og hefir verið lagður að miklu leyti af hlutaðeigandi sveitarsjóði og sýslusjóði, en með nokkrum styrk úr ríkissjóði. Vegurinn var upphaflega lagður vegna aðdrátta að Eiðaskóla, og er líka þeirra vegna nauðsynlegur, þótt hann komi nokkrum búendum sveitarinnar að liði. Hann liggur um strjálbygða og fámenna sveit og er gott vegarstæði, nema næst Eiðum, þar sem mishæðótt er mjög og torfæra ein, er brúa þarf.

Út frá aðalþjóðveginum, sem liggur svo sem kunnugt er þvert yfir uppsveitir Múlasýslna áleiðis til Berufjarðar og Lónsheiðar, eru engar hliðargreinar, nema Fagradalsbraut frá Egilsstöðum til Reyðarfjarðar, með framhaldi áformuðu til Eskifjarðar, og Fjarðarheiðarvegur frá Egilsstöðum til Seyðisfjarðar. Vegarspottinn frá Eyvindarárbrú að Eiðum er því óverulegur viðauki við þjóðvegi í þessum víðlendu og vegasnauðu hjeruðum.

Nd. **56. Nefndarálit**

um frv. til fátækralaga.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefir rætt frumv. þetta á mörgum fundum og athugað það allrækilega. Þótt nefndin flytji margar breytingartill. við frv., þá eru þær flestar smávægilegar, og verður gerð nánari grein fyrir þeim í framsögu.

Einn nefndarmanna (H. V.) hefir sjerstöðu um einstök atriði og áskilur sjer rjett til þess að koma fram með víðtækari breytingar á frv.

Með skírskotun til þessa leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr.
   a. Fyrir »sýslumanns eða bæjarfógeta« í 2. mgr. komi: yfirvalds.
   b. Fyrir »sýslumaður eða bæjarfógeti« í 3. mgr. komi: yfirvald.
2. Við 17. gr. Fyrir »sýslumanns eða bæjarfógeta« í fyrri mgr. komi: yfirvalds.
3. Við 18. gr. Fyrir »sýslumaður í þeirri sýslu eða bæjarfógeti í þeim kaupstað« komi: yfirvald.
4. Við 22. gr. Fyrir »65 ára« komi: 60 ára.
5. Við 23. gr. Fyrir »fiskiskútu« komi: fiskiskipi.
6. Við 24. gr. Fyrir »holdsveikrahæli« á tveim stöðum komi: heilsuhæli.
7. Við 28. gr. Fyrir »10« komi: 16.
8. Við 38. gr.
   a. Orðin »er gjalda til sveitar« í 2. mgr. falli burt.
   b. Aftan við 2. mgr. komi: Skulu slík mál sæta meðferð almennra lögreglumála.
   c. 3. mgr. falli burt.
9. Við 43. gr. Aftan við 1. mgr. bætist: Eigi styrkþegi ekki framfærslusveit þar, sem hann fær styrkinn, má þó sveitarstjórn dvalarsveitar ekki ákveða, að styrkurinn skuli teljast óafturkræfur, nema sveitarstjórn framfærslusveitar samþykki.
10. Við 48. gr. Fyrir »sýslumanni eða bæjarfógeta« í 1. mgr. komi: lögreglustjóra.
11. Við 49. gr. Fyrir »sýslumanni eða bæjarfógeta« komi: lögreglustjóra.
12. Við 50. gr. Fyrir »sýslumaður eða bæjarfógeti« komi: lögreglustjóri.
13. Við 52. gr. Fyrir »læknis« í fyrri mgr. komi: hjeraðslæknis.
14. Við 58. gr.
   a. Fyrir »200« komi: 300.
   b. Orðin »og bersýnilegt er ... ... stöðugt framfæri« falli burt.
15. Við 60. gr. Fyrir »sýslumaður eða bæjarfógeti« komi: lögreglustjóri.
16. Við 61. gr. Fyrir »bæjarfógeta« á tveim stöðum komi: lögreglustjóra.
17. Við 65. gr.
   a. Fyrir »sýslumaður eða bæjarfógeti« á tveim stöðum komi: yfirvald.
   b. Fyrir »sýslumanns eða bæjarfógeta« í byrjun 3. málsliðs 1. mgr. komi: yfirvalds.
   c. Fyrir »úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta« síðar í sama málslið komi: úrskurðinn.
   d. Síðari mgr. falli burt.

Alþingi, 25. febr. 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form. | Jón Kjartansson, frsm. | Jón Guðnason, fundaskrifari.

Árni Jónsson. | Hjeðinn Valdimarsson, með fyrirvara.

Nd. **57. Tillaga**

til þingsályktunar um lögheimili og bygðarleyfi.

Flutningsm.: Bernharð Stefánsson og Jón Guðnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að endurskoða tilskipun um vinnuhjú á Íslandi frá 26. jan. 1866.
2. Að endurskoða lög um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn, nr. 60, 22. nóv. 1907, einkum fyrirmæli þau, er lúta að skyldu manna til að eiga lögheimili.
3. Að taka til athugunar, hvort ekki sje tiltækilegt að setja lagaákvæði, er gefi sveitar- og bæjarfjelögum rjett til að takmarka innflutning fólks, sem hætta er á, að verði þeim til byrði.

Telur deildin æskilegt, að stjórnin leggi lagafrumvarp um þessi efni fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Vinnuhjúatilskipunin frá 1866 er að ýmsu leyti úrelt orðin. Sama má segja um lög frá 1907 um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn, enda mun óvíða vera eftir þeim lögum farið. Teljum við því nauðsynlegt, að sett sje um þessi efni löggjöf, er samsvari kröfum tímans. Vegna breyttra atvinnuhátta og breytinga á fátækralögunum virðist og nauðsynlegt, að sveitar- og bæjarfjelög geti haft nokkurn íhlutunarrjett um innflutning fólks, er valdið gæti atvinnuleysi og sveitarþyngslum.

Nd. **58. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 56 frá 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson, Magnús Torfason, Jörundur Brynjólfsson og Árni Jónsson.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, og breytist tala síðari greina samkvæmt því, svo hljóðandi:

Atvinnumálaráðherra löggildir 3 skoðunarmenn bifreiða fyrir Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu, og er heimilt að löggilda einn skoðunarmann í hverju hjeraði öðru, þar sem bifreiðar ganga. Skulu skoðunarmenn vera reyndir, starfandi bifreiðastjórar, er rjett hafi til að stýra leigubifreið til mannflutninga. Þeim skal skylt fyrirvaralaust öðruhverju að skoða allar bifreiðar í umdæminu og athuga ökuskírteini bifreiðastjóra, og ekki sjaldnar en einu sinni á ársfjórðungi hverjum. Skoðunarvottorð bifreiðarinnar skal fest upp í henni, og áritar skoðunarmaður það eftir hverja skoðun.

Bifreiðareigandi greiðir 10 kr. árlegt gjald fyrir skoðanir til lögreglustjóra, og skiftist sú upphæð milli skoðunarmanna, eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur. Skoðunarmenn fá erindisbrjef hjá atvinnumálaráðherra, og skal þeim skylt að gera lögreglustjóra aðvart, ef bifreiðar fullnægja ekki ákvæðum laga og reglugerða, eða ökuskírteinum bifreiðarstjóra er í einhverju áfátt.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið vegna áskorana Bifreiðastjórafjelags Íslands og almennra óska bifreiðastjóra á Suðurlandi.

Skoðun bifreiða er nú framkvæmd aðeins einu sinni á ári og lætur lögreglustjóri, samkv. heimild í 4. gr. l. nr. 56 frá 15. júní 1926, gera það, en skoðunin kostar 6 kr. fyrir vagninn. Aftur á móti mun lítt að því gætt, hvort bifreiðastjórar hafi ökuskírteini sín í lagi eða ekki.

Nú er það algengt, að hemlar eða stýri bifreiða o. fl. sje í ólagi að meira eða minna leyti, og er það fullyrt af bifreiðastjórum, að flest bifreiðaslys, sem fyrir koma, t. d. slysin í Kömbum, stafi af þessum ástæðum. En eins og skoðun er nú framkvæmd, aðeins einu sinni á ári og þannig, að bifreiðaeigendur og bifreiðastjórar hafa fyrirvara til að laga bilanir, kemur hún ekki að fullu gagni. Ennfremur má geta þess, að oft stýra nú menn bifreiðum, sem engin ökuskírteini hafa, og bifreiðum til mannflutninga stýra bifreiðastjórar, sem aðeins hafa rjett til að stýra bifreiðum til vöruflutninga, en vantar viðbótarskírteini, eins og sjá má af því, að af um 800 manns, sem tekið hafa bifreiðastjóraþróf, hafa aðeins um 40 fengið viðbótarskírteini til að stýra bifreiðum til mannflutninga, en rúmlega 200 bifreiðar til mannflutninga ganga á þessu svæði. Til þess að tryggja öryggi farþega og bifreiðarnar sjálfar fyrir alvarlegum skemdum, er nauðsynlegt að hafa sjerstaka hæfa menn til að skoða bifreiðarnar og athuga ökuskírteinin og bifreiðastjórar viti, að ávalt sje öðruhverju og fyrirvaralaust von á skoðunarmanni, er gangi eftir því, að lögum og reglugerðum sje fylgt.

Árgjaldið, 10 kr., fyrir skoðanirnar telja bifreiðastjórar nægilegt. Bifreiðar í Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu eru um 450, svo að skoðunargjald yrði alls, til skifta fyrir 3 skoðunarmenn, nálægt 4500 kr.

Ed. **59. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Flutningsm.: Halldór Steinsson.

Á undan frumvarpsgreininni komi:
Við 2. gr. B. 3.
Aftan við liðinn komi nýr liður, svo hljóðandi:

Snæfellsnesbraut frá þjóðveginum í Miklaholtshreppi yfir ytri hluta Miklaholtshrepps, Staðarsveit, Fróðárheiði til Hellusands.

Nd. **60. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 1, 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson, Jón Ólafsson, Magnús Torfason.

1. gr.

Síðustu málsgr. 1. gr. skal orða svo:

Hjáleigu má ekki leggja undir heimajörðina eða til annarar hjáleigu hennar, nema sveitarstjórn samþykki.

2. gr.

Í stað síðustu málsgr. 2. gr. komi:

Ekkja heldur ábúðarrjetti manns síns, sömuleiðis börn og fósturbörn ábúanda að honum látnum. Þó getur eigandi jarðar tekið hana til ábúðar handa sjálfum sjer, börnum eða fósturbörnum sínum, ef ekkja giftist aftur eða börn leiguliða hafa tekið jörðina til ábúðar, án þess þau hafi fengið byggingarbrjef fyrir henni, ella fer um ábúðarrjett þeirra samkvæmt því brjefi.

Fái ekkja, er gifst hefir aftur, ekki byggingarbrjef fyrir jörðinni innan eins árs, eða börn eða fósturbörn, frá því er ábúandi ljest, skal svo á líta, sem ekkjan eða barnið hafi fengið æfilanga byggingu fyrir jörðinni, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið.

3. gr.

12. gr. skal orða svo:

Ábúandi skal hafa öll leiguliðanot af jörð sinni, en það eru leiguliðanot, að hann hafi til notkunar fyrir sjálfan sig hús og mannvirki, innstæðukúgildi og alt, sem því leigulandi fylgir. Þó er jarðareiganda heimilt, ef hann er búsettur innan sömu sýslu, að afla sjálfum sjer heyja handa fjenaði sínum af jörð, er hann leigir öðrum, enda sje þá tiltekið í byggingarbrjefi leiguliða, hvað margra hesta heys hann vill afla ár hvert eða hvaða engjastykki hann ætlar sjer til eigin nota.

Jarðareigandi eða umráðamaður jarðar, búsettur utan þeirrar sýslu, sem jörð er í, má ekki, án samþykkis viðkomandi sveitarstjórnar, flytja hey af jörðu, hvort sem jörðin er öðrum bygð eða ekki. Sömuleiðis er óheimilt, án samþykkis viðkomandi sveitarstjórnar, að selja eða flytja hey af jörðu, sem er í sjálfsábúð, nema eigandi innan sýslu ætli það fjenaði sínum.

Öll hlunnindi, er fylgt hafa jörðu hjer til (sjá þó 14. gr.), fylgja henni

framvegis, svo sem lax- og silungsveiði, selveiði, eggver, ítök hverskonar o. s. frv.

Nú er leiguliðarjettur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir eigi, á landsdrottinn sókn þess máls, enda skal leiguliði gera landsdrotni aðvart, er leiguliðarjettur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir það mál eða ekki.

4. gr.

Aftan við 20. gr. bætist:

Heimilt er leiguliða að gera votheysgryfju og áburðarhús á leigujörð sinni. Sjeu þessi mannvirki gerð úr varanlegu efni (steinsteypu). Skal leiguliði fá þau greidd eftir mati úttektarmanna, er hann flytur frá jörðinni. Þó skal honum aldrei greitt meira fyrir þau en þau hafa kostað hann í fyrstu, að frá dreginni hæfilegri fyrningu.

5. gr.

Öll lagaákvæði, er koma í bága við þessi lög, eru úr gildi numin.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögin um ábúð, bygging og úttekt jarða eru yfir 40 ára gömul. Þó að lögin að mörgu leyti væru allgóð, er þau voru sett, þá hefir síðan ýmislegt í búnaðarháttum vorum breyst svo mikið, að brýn þörf er á nýjum lagaákvæðum um þetta efni og breyting á þeim, sem fyrir eru.

Oss er það ljóst, að þó að þessar breytingar á lögunum verði samþyktar, þá vantar mikið á, að lögin um þetta efni sjeu eins og þau ættu að vera, en með þessu er ráðin nokkur bót á ýmsum stærstu agnúum, sem á gildandi lögum eru og sem ekki má skjóta á frest. Þannig er t. d. um rjettindi barna eða fósturbarna ábúanda að honum látnum, að til þess að fá jörð til ábúðar samkvæmt gildandi lögum hafa þau engu meiri rjett heldur en hver annar. Engar skorður eru nú við því reistar, að menn leggi hjáleigu undir heimajörð eða til annarar hjáleigu, og er það afaróheppilegt og hefir oft orðið til tjóns, bæði sveitarfjelagi og einstakling.

Þá er og alt of greitt fyrir menn með að flytja hey af jörðu og svifta jarðir hlunnindum.

Verði þessi breyting á lögunum samþykt, verða nokkrar hömlur lagðar á þetta, en samt alls ekki meiri en fyllsta ástæða er til.

Mörgu fleiru í ábúðarlögunum þyrfti að breyta, en þar sem ætla má, að skamt verði þess að bíða, að landbúnaðarlöggjöfin verði öll tekin til rækilegrar endurskoðunar, og lögin um þetta ekki síst, þá er því slept að fara fram á frekari breyting að þessu sinni.

Nd. **61. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Flutningsm.: Sigurjón Jónsson.

1. gr.

14. grein skal orða svo:

Berklaveikur sjúklingur getur fengið ókeypis vist í heilsuhælum, sjúkrahúsum eða sumarhælum barna, ef hann eða sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, er svo efnum búinn, að ætla má, að hann mundi líða mikið tjón á efnahag sínum eða jafnvel verða öreigi, ætti hann að standa straum af kostnaði þeim, er af slíkri vist leiðir. Til þessa kostnaðar telst einnig lyf og læknishjálp.

Nú getur sjúklingur ekki fengið vist í sjúkrahúsi eða hæli, en er komið fyrir á öðru heimili samkvæmt fyrirmælum 10. eða 13. greinar, og getur hann þá fengið ókeypis vist, sje efnahag hans varið sem að ofan greinir. Sömu reglum skal fylgt um meðgjöf barna, ef þau eru tekin heilbrigð að heiman samkvæmt fyrirmælum 13. greinar.

Stjórnarráðið getur ákveðið, að berklasjúklingar í hressingarhælum fái ókeypis vist þar. Það getur og eftir ástæðum ákveðið, að ljóslækningasjúklingar og aðrir berklasjúklingar, er dvelja utan sjúkrahúss, njóti sömu hlunninda.

Allur sá kostnaður, er hjer er greindur, greiðist úr ríkissjóði, en sjerhvert sýslufjelag og bæjarfjelag greiði upp í hann gjald til ríkissjóðs, er nemi 2 krónum fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu. Eindagi gjaldsins er 15. ágúst ár hvert.

Stjórnarráðið getur ákveðið hámark daggjalds sjúklinga þeirra, er að framan greinir, ef ástæða þykir til. Það getur og sett reglur um sundurliðun þeirra reikninga, er ríkissjóður greiðir.

Það er skilyrði fyrir því, að berklaveikir sjúklingar geti orðið aðnjótandi styrks úr ríkissjóði, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn dvalarsveitar sjúklingsins sendi stjórnarráðinu skýrslu um efnahag hans. Skal hjeraðslæknir staðfesta skýrslu þessa eftir bestu vitund og jafnframt votta, að vist utan heimilis sje nauðsynleg.

Úrskurðar stjórnarráðið síðan eftir þessum gögnum, hvort sjúklingurinn sje styrkhæfur og að hve miklu leyti.

2. gr.

15. grein orðist svo:

Nú er sjúklingur fjelagi í sjúkrasamlagi, er nýtur styrks úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, og skal þá samlagið greiða upp í meðlagskostnaðinn $^{3}/_{5}$ hluta hans, þó ekki yfir 2 kr. á dag meðan meðlagstíminn varir, og ekki lengur en sjúklingur hefir rjett til styrks sam-

kvæmt lögum fjelagsins, enda láti samlagið berklaveika sjúklinga njóta sömu rjettinda og aðra sjúklinga.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þess, ef um kostnað af ráðstöfun samkvæmt 10. eða 13. gr. er að ræða.

3. gr.

Lög nr. 44, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1928.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 43, 27. júní 1921, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er farið fram á, að sú breyting verði gerð á berklavarnarlögunum, að bæjarfjelög og sýslufjelög greiði hjer eftir upp í berklavarnarkostnaðinn 2 kr. fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu, en samkvæmt lögum nr. 44, 20. júní 1923, er þetta gjald hámark þess, er hverri sýslu eða bæjarfjelagi ber að greiða. Hjer er samt um litla raunverulega breytingu að ræða, því að flestöll sýslu- og bæjarfjelög á landinu greiða nú og hafa greitt undanfarin ár hámarksgjaldið. Aftur er hjer gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði beint allan kostnaðinn, og losna sýslufjelög og bæjarfjelög við að leggja út miklar fjárupphæðir, sem valdið hafa erfiðleikum, þótt þær ættu að endurgreiðast úr ríkissjóði. Samfara þessu verður þá einnig sú breyting, að allir reikningar ganga nú beint til stjórnarráðsins og liggja undir þess úrskurð. Gefst stjórnarráðinu við það tækifæri til þess að heimta alla reikninga vel sundurliðaða og fylgjast betur með í hverri einstakri greiðslu þessara miklu útgjalda, en á síðasta landsreikningi eru nú þessi útgjöld ríkissjóðs komin yfir hálfa miljón króna.

Ed. **62. Tillaga**

til þingsályktunar um ungmennaskóla í Reykjavík.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að gera eftirfarandi ráðstafanir til þess að ungmennaskóli fyrir Reykjavíkurbæ verði stofnaður nú í haust sem kemur:

1. Að ráða, eftir tillögu fræðslumálastjóra, forstöðumann fyrir skólann með

eins árs samningi. Laun skulu vera jöfn launum forstöðumanns stýrimannaskólans.

2. Að heimila alt að $^2/_3$ af bekkjarúmi í mentaskólanum, kennaraskólanum og stýrimannaskólanum síðari hluta dags til afnota fyrir ungmennaskóla Reykjavíkur.
3. Að freista að ná samkomulagi við eiganda »Nýja Bíó« um, að nota megi sal kvikmyndahússins til kenslu fyrir nemendur ungmennaskóla Reykjavíkur fyrri hluta dags, fyrir sanngjarna leigu.
4. Að fela forstöðumanni skólans, í samráði við fræðslumálastjóra, að gera bráðabirgðareglugerð fyrir skólann, og taka þar einkum til fyrirmyndar reynslu skólanna að Núpi og Laugum, að því leyti sem staðhættir leyfa.
5. Að láta kenslu skólans miðast við tvö ár, sjö mánuði hvorn vetur.
6. Að láta ákveða 100 kr. skólagjald vetrarlangt fyrir hvern nemanda og verja því til að standa straum af tímakenslu við skólann. Ennfremur má úr landssjóði greiða alt að 1000 kr. styrk til skólans vegna hverra 25 nemenda, er njóta þar kenslu.
7. Að láta gera fyrir næsta þing áætlun og teikningu af hæfilega stóru skólaeldhúsi fyrir ungmennaskóla Reykjavíkur, og verkstæði, þar sem kenna mætti ungum mönnum ýmiskonar vinnubrögð, einkum einfalt steinsmíði og trjesmíði.

Greinargerð.

Reykjavík hefir lengi vantað heppilegan ungmennaskóla með aðstöðu til að veita það verklegt nám, sem nauðsynlegt má telja hverjum manni, karli eða konu. Talað er að vísu um að reisa skóla, sem bætti að nokkru úr þessari vöntun. En full ástæða er til að efast um, að sá skóli verði bygður mjög fljótt, þegar litið er á fjárhag bæjarins og landsins. Mætti því svo fara, að bærinn yrði án ungmennafræðslu enn um nokkur ár, ef ekki er leitast við að finna auðveldari og fljótfarnari leiðir.

Landið hefir umráð yfir þrem allrúmgóðum skólum, er vitanlega eru ónotaðir síðari hluta dags. Með því að leggja dúka á gólf og ganga í skólum þessum, sem gera ætti hvort sem er, og setja í bekkina nýtísku loftræstingu er ekkert til fyrirstöðu að nota bekkina meir en nú er gert. Í hinum umtalaða gagnfræðaskóla bæjarins er auk þess gert ráð fyrir kvöldkenslu í stofum, sem annar skóli notar fyrri hluta dags. En í viðbót við skólahús landsins er hjer hinn prýðilegasti fundarsalur »Nýja Bíó« auður fyrri hluta dags. Hefir eigandi hússins margoft sagt, að hann væri fús að lána salinn framan af degi til að kenna börnum eða unglingum, ef bærinn eða landsstjórnin óskar þess, og vera vægur um leigumála. Mætti þar kenna nemendum sameiginlega fyrri hluta dags með fyrirlestrum, skuggamyndum og kvikmyndum, og er lík aðstaða við suma hina frægustu skóla í næstu löndum. En síðari hluta dags væri bekkjarkensla í 2—3 stundir í landsskólunum. Á þennan hátt mætti þegar í stað bæta úr ítrustu

þörf Reykjavíkur hvað fjölda nemenda snertir. Skólinn yrði mjög ódýr landinu. Reynsla fengist um val á forstöðumanni og kennurum, svo og um það framtíðarskipulag, sem best þætti henta um ungmennafræðslu í höfuðstaðnum. Auk þess væri undirbúin verkleg kensla fyrir karla og konur, og munu flestir játa, að í því efni sje þörfin mjög brýn.

Nd. 63. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 26. febr. 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form. og frsm. — Jón Guðnason, fundaskrifari.

Jón Kjartansson. Árni Jónsson. Hjeðinn Valdimarsson.

Nd. 64. Breytingartillögur

við frv. til fátækralaga.

Flutningsm.: Hákon Kristófersson.

1. Við 7. gr. 1. málsgr. Orðin »nema sveitarnefndinni ... ... sjerstaklega stendur á« falli burt.
2. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist: ef lengur er sjúkt en 8 vikur á vetri eða 4 vikur á sumri.
3. Við 34. gr. Greinin falli niður.
4. Við 43. gr. Í staðinn fyrir orðið »Skylt« í upphafi greinarinnar komi: Heimilt.
5. Við 57. gr.
   a. Fyrir orðin »sýslumanni eða bæjarfógeta« í 1. málsgr. komi: yfirvaldi.
   b. Aftan við 1. málsgr. bætist: nema sannanlegt sje, að drátturinn hafi stafað af óhjákvæmilegum ástæðum. Ágreiningi í þeim efnum má skjóta til ráðherra.
6. Við 66. gr. 2. málsgr. falli niður.

Nd. **65. Breytingartillögur**

við frv. til fátækralaga.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

1. Við 11. gr. 2. málsgr. Í staðinn fyrir »1 kr.« komi: 5 kr.
2. Við 43. gr. Greinina skal orða svo:

Styrkur úr sveitarsjóði skal ekki afturkræfur af styrkþega, ef ástæðurnar til styrkveitingar eru: Elli eða ómegð styrkþega, heilsuleysi eða slys hans eða þeirra, sem hann hefir á skyldaframfæri, eða atvinnuleysi hans.

Styrkur skal talinn veittur:

a. vegna elli, ef styrkþegi er fullra 60 ára að aldri.
b. vegna ómegðar, ef styrkþegi hefir 3 heimilisföst börn framfærsluskyld, er karlmaður á í hlut, en 1 barn skal talin ómegð, er kona á í hlut.
c. vegna slysa eða heilsuleysis, ef styrkþegi sannar með vottorði læknis eða tveggja skilríkra manna, þar sem ekki næst til læknis, að slys eða heilsuleysi hafi gert hann, eða einhvern, sem hann hefir á skyldaframfæri, ófæran til vinnu 3 mánuði í senn.
d. vegna atvinnuleysis, ef sveitar- eða bæjarfjelag getur ekki vísað styrkþega á vinnu, sem hann geti haft sjer og sínum til lífsviðurværis.

Þessi ákvæði skulu einnig gilda um sveitarstyrk, sem áður hefir verið veittur.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk hvenær sem er.

3. Við 58. gr. Aftan við greinina bætist: enda gefi hann skriflegt leyfi sitt til þess flutnings.
4. Við 61. gr. Á eftir orðunum »hvernig honum skuli hagað« komi: og þurfalingur hefir gefið skriflegt leyfi sitt til flutningsins.

Ed. **66. Frumvarp**

til sveitarstjórnarlaga.

(Eftr 2. umr. í Ed.)

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 1, með breytingunum (1.—6.) á þskj. 53.

Ed. **67. Lög**

um veiting ríkisborgararjettar.

(Afgreidd frá Ed. 26. febr.).

Ríkisborgararjettur veitist frú Ingeborg Stein-Bjarnason listmálaranema, fæddri í Sviss.

Sþ. **68. Tillaga**

til þingsályktunar um byggingar- og landnámssjóðs.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir Búnaðarfjelag Íslands að undirbúa fyrir næsta þing frv. um byggingar- og landnámssjóð. Skal frv. bygt á þeim undirstöðuatriðum, er nú skal greina:

I. Tilgangur sjóðsins er að gera bændum og nýbýlamönnum fært að endurbyggja bæi sína eða reisa ný heimili á ræktarlandi. Sjóðurinn fær tekjur sínar úr landssjóði, fyrst og fremst með gróðaskatti, er lagður skal í því skyni á skattskyldar eignir og tekjur, 50 þús. kr. eign og 15 þús. kr. í tekjum, og þaðan af meiri eignir og tekjur. Þó mega eignar-, tekju- og gróðaskattur (supertax) ekki vera hærri á nokkrum skattþegni, allir samanlagðir, en hliðstæðir skattar á jafnmiklar eignir og tekjur verða þá í Englandi.

II. Byggingar- og landnámssjóður skal veita svo hagkvæm lán og til svo langs tíma, að duglegir og reglusamir menn geti, með því að styðjast við lán hans og vinnu sína, eínt til sjálfstæðra heimila hvar sem er í bygðum landsins og lifað þar fjárhagslega óháðu lífi. Jörð lántakanda með mannvirkjum, svo og ábúðarrjetturinn, sje trygging fyrir lánum úr byggingar- og landnámssjóði.

III. Leggja skal megináherslu á að fjölga heimilum þar, sem skyldmenni eiga aðgang að jörð sameiginlega og óska þar að vera. Tryggja skal með lögum, að jarðir, sem bættar hafa verið með aðstoð byggingar- og landnámssjóðs, verði hvorki seldar, leigðar eða afhentar við arfaskifti með hærra verði en svo, að afgjaldið samsvari 4% af fasteignamati jarðarinnar, með tilheyrandi byggingum.

Greinargerð.

Á tveim undanförnum þingum hefir frv. um byggingar- og landnámssjóð verið borið fram í Ed., en ekki náð þar samþykki meiri hluta deildarinnar. Á hinn bóginn verður með hverju ári ljósari þörfin fyrir framkvæmdir í þessu efni, einkum síðan bersýnilegt varð, að aðrir atvinnuvegir en landbúnaður geta ekki lengur tekið á móti aukinni fólksfjölgun. Nágrannaþjóðirnar: Danir, Svíar, Norðmenn og Finnar hafa lengi varið miklu fje úr ríkissjóðum til býlafjölgunar á ræktarlandi. Í Danmörku kosta vel uppbygð smábýli nú í raun og veru um 20 þús. kr., en hið opinbera veitir nýbyggjendum svo góða aðstöðu í þessu efni, að efnalitlir en duglegir menn geta klofið þessar framkvæmdir. Sje býlið eitt sinn bygt með varanlegum húsum á ræktarlandi, er það nálega ævarandi eign fyrir þjóðfjelagið. Þess vegna leggja ríkin svo mikið í sölurnar til að fjölga heimilum á ræktarlandi.

Í Englandi hefir frjálslyndi flokkurinn tekið landnámsmálið á stefnuskrá sína, og leiðtogar flokksins telja lausn þess langmerkilegasta framtíðarmál ensku þjóðarinnar. Þar er fjármagnið nóg til að framkvæma landnámið, en hitt er mestur annmarki, að búið er fyrir löngu að uppræta bændastjettina, en það er erfitt að skapa bændastjett úr mönnum, sem alist hafa upp í stórborgunum.

Þar sem landnámsmálið er þýðingarmest allra þjóðmála hjer á landi, þykir hlýða, að Alþingi í heild sinni fái tækifæri til að taka afstöðu til þess, ekki síst, þar sem kosningar standa nú fyrir dyrum. Eðlileg afleiðing þess er, að málið sje falið stjórninni til fyrirgreiðslu. En þar sem hún hefir engum sjerfróðum mönnum á að skipa, svo að kunnugt sje, til að undirbúa heildarlöggjöf í þessu efni, nema starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands, er málinu snúið þangað. Er ætlast til, að stjórn fjelagsins láti rannsaka málið og búi í hendur þinginu alhliða tillögur fyrir næsta þing. Er það vitaskuld hin sjerfræðilega hlið, sem Búnaðarfjelagið á að geta undirbúið öðrum betur, en hina fjelagslegu þætti þess verður Alþingi sjálft að leysa. Er þess vegna frestað í tillögum þessum að marka aðallínur, er byggja verði á við hina endanlegu framkvæmd heimilafjölgunar á ræktarlandi.

Byggingar- og landnámssjóður á að ná til bænda, bæði þeirra, sem búa á gömlum býlum, en ráða ekki við að endurbyggja bæi sína með þeim lánskjörum, er bændum standa nú til boða, og til þeirra, sem byggja vilja ný heimili með skiftingu jarða. Hver þvílík jörð í sveit verður að hafa nægilegan úthaga fyrir þann búpening, sem þar á að hafa. Í sumum sveitum, t. d. Fljótunum, leggjast jarðir nú í eyði, af því að bændurnir hafa ekki efni á að endurbyggja bæina.

Tekjur sjóðsins eiga vitaskuld fyrst og fremst að koma frá efnamestu mönnum þjóðfjelagsins. Er ætlast til, að hjer verði lagður á gróðaskattur í því skyni, en til að tryggja það, að skattabyrðin verði ekki óeðlilega þung, er tekið fram beinlínis, að byrðin á þessum skattþegnum verði ekki þyngri en í Englandi. Þar er lengst reynsla fengin í þessum efnum og skattamálum einna best fyrir komið. Þar sem fátækir menn á Íslandi borga með tollunum tiltölulega miklu meira til landssjóðs heldur en fátækir menn í Englandi, sýnist sanngjarnt, að efnamenn landsins beri hlutfallslega jafnþungar byrðar eins og efnamenn í Englandi.

Í sumum löndum eru sveitarfjelögin í ábyrgð gagnvart lánsstofnunum fyrir lánum til býlafjölgunar. Svo er því varið í Noregi. Hjer er hallast að því ráði, að býlið sjálft og ábúðarrjetturinn sje trygging fyrir láninu. Lánskjörin eiga að vera svo góð, að hver sæmilega dugandi og reglusamur maður geti staðið straum af þeim. En takist það ekki, fyrir sýnilegan ódugnað lánþiggjanda, verður landnámssjóðurinn að hafa rjett til að fá betri ábúanda og meiri skilamann. Tilgangurinn er sá, að fá sem flesta dugnaðarmenn til að rækta landið.

Vafalaust er langauðveldast að koma við fjölgun heimila þar, sem mörg systkin erfa saman jörð. Dæmi eru til á Norðurlandi, að maður hefir á þann hátt komið sjer upp myndarlegum bæ og útihýsum fyrir 5000 kr. Á þennan hátt á byggingar- og landnámssjóðurinn að ná til hvers einasta heimilis á landinu, þar sem skyldmenni halda trygð við óðal sitt. Og á þennan hátt yrði býlafjölgunin ódýrust, því að hin eldri heimili styddu landnemana á fjölmargan hátt hin

fyrstu ár. Sumstaðar erlendis er stórjörðum skift í minni býli með valdboði. Þess er engin þörf hjer. Stórbýlin geta haldið áfram alstaðar þar. sem þau standast atvinnusamkepnina. Það skortir ekki land til býlafjölgunar, heldur ódýrt fjármagn til að hjálpa þeim, sem hafa aðstöðu til að koma upp nýjum heimilum og rækta jörðina.

Síðasta meginatriðið, sem drepið er á í frv., er hættan við verðhækkun býlanna. Landið hefir selt þjóðjarðir með ágætum kjörum, en sú velgerð nær sjaldan nema til fyrsta eiganda. Við næstu eigendaskifti hækkar jörðin í verði, langt fram úr fasteignamati, stundum svo, að frumverðið þrefaldast. En um leið er hið háa verð jarðarinnar orðið bein hindrun þess, að unt sje að reka arðvænlegan búskap á slíku býli, enn síður gera umbætur. Hjer er því lagt til, að á öllum þeim jörðum, sem njóta láns með vildarkjörum úr landnámssjóði, verði sú kvöð, að þær megi aldrei hækka í verði fram úr fasteignamati. Á þann hátt er ábúendum þessara jarða trygð örugg framtíð. Og engir nema jarðabraskarar og fjárglæframenn geta haft á móti svo sjálfsagðri öryggisráðstöfun. Jafnframt hindrar þessi kvöð, að fjárplógsmenn sækist eftir og fái lán úr byggingar- og landnámssjóði. Allir, sem vilja taka þátt í gróðabralli í tilefni af óeðlilegri verðhækkun jarða, fá þá lán til bygginga og landkaupa í öðrum lánsstofnunum, sem ekki láta þessa kvöð fylgja lánveitingu eða vaxtaívilnun.

Tveim vegum má fylgja um það, hversu byggingar- og landnámssjóður styrkir ræktun og landnám. Önnur leiðin er að lána út höfuðstól sjóðsins með vildarkjörum, eins og gert var ráð fyrir í hinu fyrsta frv. um þetta mál, er lá fyrir Alþingi 1925. Hin leiðin er að fylgja fordæmi Norðmanna í landnámsmálum sínum. Þar borgar ríkissjóður ákveðinn hluta af vöxtum lánanna, og má þá fá lánið í hvaða lánsstofnun, er á annað borð vill veita löng veðlán, þar sem ríkið tryggir vextina.

Þó að gróðaskatturinn sje hvergi betur kominn almenningi til gagns heldur en ef honum er varið til ræktunar og býlafjölgunar, þá má gera ráð fyrir, að hann myndi ekki nægja, nema í sumum árum, til að tryggja óslitna þróun landnámsins. Þá verður byrðin líka að nokkru leyti að leggjast á efnaminni stjettir landsins. Mundu þær að líkindum telja það sanngirnisskyldu, er vissa væri fengin um það, að gróðamenn landsins legðu á hverjum tíma ekki órífari skerf til almennra þarfa en stjettarbræður þeirra í móðurlandi þingstjórnar og lýðræðis í skattamálum.

Ed. **69. Nefndarálit**

um frv. til laga um iðnað og iðju.

Frá allsherjarnefnd.

Eins og getið er um í athugasemdunum við þetta frv., er það einn liður í löggjöf þeirri um atvinnu, sem byrjað var að setja á þinginu 1925. Nefndin

fellst á það, að rjett sje, að lagaákvæði sje sett um iðju og iðnaðarrekstur hjer á landi. Hún telur vel fara á því samræmi, sem í meginatriðum er á milli laganna um verslunaratvinnu frá 1925 og ákvæðanna í frv. þessu, að því er snertir grundvallarskilyrði þau, er leyfishafa ber að uppfylla til þess að hann geti fengið rekstrarleyfi og haldið því. Ennfremur um rjettindi ekkju og erfingja til að reka iðju án nýs leyfis.

Nokkrar breytingar vill nefndin láta gera á frv. Eru flestar þeirra raunar aðeins orðalagsbreytingar, þar sem nefndinni þykir fara betur á því, að breytt sje.

Viðauki sá við 6. gr., sem nefndin vill að bætt sje við greinina, er í samræmi við ákvæði sama eðlis í lögunum um verslunaratvinnu, og virðist sjálfsagt, að því sje beitt jafnt við iðjurekstur eins og verslunarrekstur.

Að því er snertir breytingartillöguna við 23. gr. er það að segja, að nefndinni virðist með öllu óþarft, að heimild sje til þess í lögunum, að gjald fyrir iðjuleyfi eða iðnaðar geti fallið niður með öllu, en vill hinsvegar leggja það til, að gjald þetta megi færa niður um alt að helmingi þeirra upphæða, sem frv. ákveður, ef ástæður þykja vera fyrir hendi.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirtöldum

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. 3. lið. Í staðinn fyrir »forræði í búi sínu« komi: forræði á búi sínu.
2. Við 3. gr. 4. lið. Í staðinn fyrir »verk, sem eru svívirðileg« komi: verk, sem er svívirðilegt.
3. Við 6. gr.
   a. Í stað »arfleiðanda« í niðurlagsmálsgreininni komi: arfleifanda.
   b. Aftan við greinina bætist: ef hann að öðru leyti fullnægir skilyrðum 3. gr.
4. Við 17. gr. 2. lið. Í stað »(sbr. 3. málsgr. þessarar gr.)« komi: (sbr. þó síðustu málsgr. þessarar gr.).
5. Við 17. gr. síðustu málsgr. Í stað orðsins »lögin« komi: lög þessi.
6. Við 23. gr. síðustu málsgr. Í stað orðanna »eða jafnvel að fella það niður með öllu« komi: alt að helmingi.
7. Við 25. gr.
   a. Í staðinn fyrir »gjald það« komi: gjöld þau.
   b. Í stað orðsins »iðn« komi: iðju.
8. Við fyrirsögn frv. Í staðinn fyrir »iðnað og iðju« komi: iðju og iðnað.

Alþingi, 28. febr. 1927.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.	Jóhann Þ. Jósefsson, framsögum.

Ed. **70. Nefndarálit**

um frv. til laga um iðnaðarnám.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir yfirfarið frv. þetta og leyfir sjer að leggja það til, að það verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 5. gr. 2. lið. Á undan orðunum »að þeim tíma liðnum« komi: þegar í stað.
2. Við 6. gr. Í stað orðanna »en orðið að slíta námssamningi« komi: en námssamningi verið slitið.
3. Við 20. gr. síðustu málsgr. Í stað orðanna »þeim, er tjón beið, skaðabætur« komi: þeim skaðabætur, er tjón beið.
4. Við 23. gr. Aftan við greinina bætist: Þegar lokið er öllum námssamningum, er gerðir hafa verið eftir þeim.

Alþingi, 28. febr. 1927.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari,	Jóhann Þ. Jósefsson, framsögum.

Ed. **71. Breytingartillögur**

við frumv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Við 25. gr.

a. Í stað orðanna í 2. málsgr.: »kýs hún í hvert skifti ..... til að yfirskoða hann« komi: skal hann endurskoðaður af manni, sem til þess er kjörinn á hausthreppskilaþingi ár hvert.
b. Í stað »1. febrúarmánaðar« í 3. málsgr. komi: 5. febrúarmánaðar.
c. Orðin í sömu málsgr.: »Síðan skal reikningurinn ..... áður um hreppinn« falli niður.
d. Fyrir »15. febrúarmánaðar« í sömu málsgr. komi: 10. febrúarmánaðar.

Nd. **72. Frumvarp**

til laga um byggingu og rekstur strandferðaskips.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson, Tryggvi Þórhallsson, Jón Guðnason, Þorleifur Jónsson, Benedikt Sveinsson, Halldór Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin lætur byggja 4—5 hundruð smálesta gufuskip til strandferða og eigi síðar en svo, að rekstur þess geti byrjað 1. maí 1928. Kostnaður við byggingu og rekstur skipsins greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Skipið skal útbúið 70—80 teningsmetra kælirúmi og hafa að minsta kosti 40 sjómílna vökuhraða. Farþegarúm sje ætlað 40—50 manns, aðallega á 2. og 3. farrými. Að öðru leyti skal skipið lagað til siglinga á vandgæfari og minni hafnir, sem aðalpóstskipið miður getur annast.

3. gr.

Heimilt er stjórninni að taka það lán til byggingar skipsins, er þörf kann að verða á.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 53 1913.

Á s t æ ð u r.

Frv. að mestu samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi og afgreitt í neðri deild með rökstuddri dagskrá til stjórnarinnar, með skírskotun til laga nr. 53 1913, og byggði dagskráin á því, að stjórnin, með bakjarli í þeim lögum, gæti ráðist í útvegun strandferðaskipsins. En með því að stjórnin hefir ekkert aðhafst í þessu efni og telur sig eigi hafa heimild til þess eftir nefndum lögum, þykir sjálfsagt að flytja frv. þetta af nýju.

Ár eftir ár eru samþyktar áskoranir til Alþingis á þingmálafundum víðsvegar um land um auknar og bættar strandferðir, einkanlega þó í þeim strjálbygðari og afskektari landshlutum, sem sumstaðar eru að sumarlagi sviftir póstgöngum á landi.

Það er löngu kunnugt, að ýms þessi hjeruð eru nú lakar sett um samgöngur en þau voru á undan heimsstyrjöldinni, og jafnvel lakar en þegar flóa-

bátar ófullkomnir á stríðstímanum hjeldu uppi hálfsmánaðar ferðum á vissum svæðum. Strandferðaskipið »Esja« annar ekki nægilega tíðum ferðum á allar hafnir landsins, nema annað skip ljetti af henni að einhverju leyti tafsömum flutningum, en auk þess er hún eigi hentug til siglinga á vandgæfar hafnir með grynslum og þröngum farleiðum.

Strandferðir millilandaskipanna, sem oft hefir verið bent á eins og uppbót við þær reglulegu strandferðir, taka einkum til fjölmennari og stærri hafna, þar sem farmgjöld bjóðast mest. Þau eiga eðlilega sjaldan erindi á smáhafnir. Þess vegna verða smáhafnirnar hlutfallslega því ver settar um samgöngur, sem hinar hafnirnar fá fleiri viðkomur millilandaskipa.

Nd. 73. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um lækkun vaxta.

Frá fjárhagsnefnd.

Tillögu þessari var vísað til nefndarinnar í því skyni, að nefndin rannsakaði og leitaði upplýsinga um, hvort nokkrir möguleikar væru á því, að bankarnir gætu lækkað útlánsvexti sína, eða nokkur ráð til þess að gera þeim það kleift. Samkvæmt beiðni nefndarinnar komu bankastjórnir beggja bankanna á fund hennar, og ræddi nefndin þetta mál við þær allítarlega. Bankastjórnirnar voru sammála um það, að ógerlegt sje að lækka útlánsvexti eins og nú sje háttað viðskiftum bankanna, því að mjög mikill hluti starfsfjár þeirra sje erlent lánsfje, er þeir verði að svara af ýmist jafnvel talsvert hærri vöxtum, eða þá svipuðum þeim, sem þeir taka. Hinsvegar sje útlánastarfsemi þeirra að svo komnu þannig háttað, að henni fylgi svo mikil áhætta, að ekki verði komist hjá því að hafa allmikinn mismun útláns- og innlánsvaxta, en fjárþurð svo mikil í landinu, að lítt gerlegt sje að lækka innlánsvexti frá því, sem þeir eru nú. Að fengnum þessum upplýsingum hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að vart verði við því búist, að samþykt tillögunnar geti borið árangur, því að ef gera ætti bönkunum kleift að lækka útlánsvextina, yrði að afla þeim ódýrara starfsfjár en nú hafa þeir. En ef til þess á að grípa, þá verður væntanlega að taka það mál upp á annan hátt.

Nefndin leggur því til, að þessari tillögu verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 25. febr. 1927.

Kl. Jónsson, formaður.	Ásgeir Ásgeirsson.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.

Björn Líndal.	Jakob Möller, framsögumaður.	Magnús Jónsson.	Halldór Stefánsson, með fyrirvara.

Nd. **74. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að rannsaka hag bátaútvegsins og gera tillögur til tryggingar honum.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson, Ásgeir Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að skipa 5 manna milliþinganefnd, með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi, til þess að rannsaka hag og horfur bátaútvegsins hvarvetna með ströndum landsins og gera tillögur til næsta þings um ráð til viðreisnar honum og tryggingar. Nefndin athugi:

1. Hverjar leiðir muni til að reka bátaútveginn með minni áhættu og tilkostnaði.
2. Hverjar breyttar eða bættar veiðiaðferðir megi honum að liði verða.
3. Á hvern hátt megi auka verðmæti fiskúrgangs og verðlítilla fiskitegunda og útvega markað fyrir þær afurðir.
4. Hver ráð muni til að útvega bátaútveginum rekstrarfje með aðgengilegri kjörum en alment fást, og auka veðhæfi bátanna og eigna þeirra, sem í útveginum standa.
5. Hverjar söluleiðir fyrir afurðirnar mundu álitlegastar og yfirleitt hverjir möguleikar til tryggingar þessum atvinnuvegi eru tiltækir og viðráðanlegir.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Útvegur vjelbáta og róðrarbáta hefir átt mjög í vök að verjast síðustu árin og skuldir á hann hlaðist. Orsakirnar eru að sumu óviðráðanlegar og eiga rætur í árferði, en sumpart er um að kenna skorti á skipulagi, óhagstæðum viðskiftum, vöntun tækja til hagnýtingar ýmsra fiskitegunda, þröngum markaði, erfiðum vaxtakjörum o. s. frv.

Bátaútvegurinn er víða með ströndum landsins nátengdur landbúnaði sjávarsveitanna og öðrum þræði á honum bygður. Hann má og telja aðalstoð hinna dreifðu fiskiþorpa, sem lítinn eða engan landbúnað hafa til stuðnings.

Ekki verður ljóslega sjeð, hve mikill hluti landsmanna lifir af þessum atvinnurekstri, en ætla má, að helmingur landsbúa hafi hann ýmist að aðalatvinnu eða styðjist við hann að verulegum mun. Á afkomu hans veltur það því að miklu leyti, hvort stór svæði af ströndum landsins haldast bygð eða byggileg.

Bátaútvegurinn er í vissum skilningi mótvægi stórútgerðarinnar, sem safnar fólkinu saman í atvinnuleit á fáum fjölbygðum stöðum, þar sem allur þorrinn verður að eiga afkomu sína undir stopulli atvinnuveitingu einstakra manna eða stofnana. Bátaútvegurinn gefur hinsvegar miklu fleirum tiltölulega færi á að taka þátt í atvinnurekstrinum af eigin rammleik og skapar þannig heilbrigðari atvinnuhætti og gerir fólkið óháðara. Þýðing bátaútvegsins fyrir

þjóðarbúskapinn verður eigi rjettilega metin, nema í sambandi við þennan möguleika hans.

Auknar og bættar strandvarnir á síðari árum eru mikilvægt fótmál bátaútveginum til öryggis, en því fer samt mjög fjarri, að hann geti talist tryggur atvinnuvegur. Öryggi hans og afkomu teljum við, að mjög megi auka með ýmsum skipulagsbreytingum og atbeina þess opinbera og álítum meðferð þess máls í milliþinganefnd sjálfsagða leið.

Nd. **75. Nefndarálit**

um frv. til laga um uppkvaðningu dóma og úrskurða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fellst á efni frv. þessa og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 1. mars 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form. Árni Jónsson. Hjeðinn Valdimarsson.

Jón Kjartansson, frsm. Jón Guðnason, fundaskrifari.

Ed. **76. Breytingartillögur**

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Ingvari Pálmasyni.

1. Við 11. gr. Fyrir orðin »ræður atkvæði oddvita« komi: fellur ágreiningsatriði niður á þeim fundi.
2. Við 39. gr. Fyrir »25. mars« komi: 31. mars.

Nd. **77. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við námulög, nr. 50, 30. júlí 1909.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fellst á frv. þetta og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 1. mars 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form. Hjeðinn Valdimarsson, frsm. Jón Guðnason, fundaskrifari.

Jón Kjartansson. Árni Jónsson.

Nd. **78. Frumvarp**

til sveitarstjórnarlaga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 1, með þessum breytingum.

23. gr. hljóðar svo:

Oddviti skal hafa að launum um árið 5 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

25. gr. hljóðar svo:

Fyrir 15. janúarmánaður ár hvert skal reikningshaldari gera reikning yfir tekjur og útgjöld hreppsins næstliðið almanaksár, og skal hann gerður eftir fyrirmynd, er ráðherra býr til.

Öll hreppsnefndin skal rannsaka reikninginn. En auk þess skal hann endurskoðaður af manni, sem til þess er kjörinn á hausthreppskilaþingi ár hvert. Undan þeirri kosningu getur enginn skorast, sá er hefir kosningarrjett og kjörgengi til hreppsnefndar.

Oddviti skal senda yfirskoðara reikninginn með fylgiskjölum fyrir 20. janúarmánaðar, og skal yfirskoðun hans lokið fyrir 5. febrúarmánaðar. Fyrir 10. febrúarmánaðar næst á eftir sendir oddviti sýslunefndinni reikninginn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara og svörum reikningshaldara. Sýslunefndin rannsakar svo reikninginn og úrskurðar eins og segir í 39. gr.

Öll hreppsnefndin hefir ábyrgð á því, að reikningurinn sje rjettur. Hún ábyrgist einnig innstæðufje, skuldabrjef og aðrar eigur hreppsins.

30. gr. hljóðar svo:

Nú vanrækir hreppsnefnd að inna af hendi lögboðnar greiðslur, eða svara fyrirspurnum æðri stjórnarvalda, og getur sýslumaður þá lagt dagsektir við, ef ekki er bætt úr innan ákveðins tíma, því er áfátt var. Slíkar sektir má tiltaka í ábyrgðarbrjefi til oddvita, en ekki mega þær falla á fyr en svo langur tími er liðinn frá dagsetningu brjefsins, að hæfilegt sje til þess að bæta úr því, sem átalið var. Sektir þessar má taka lögtaki í eignum oddvita eða þess hreppsnefndarmanns, sem sjerstaklega hafði verið falið að annast það starf, sem áfátt var (9. gr.), ef hann á sök á drættinum.

Ákvörðun sýslumanns um sektir eftir þessari grein má skjóta til ráðherra, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið.

36. gr. hljóðar svo:

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita.

Hver nefndarmaður, sem eigi er samdóma hinum, á heimting á, að

ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina, og skulu allir nefndarmenn, sem við voru staddir, rita nöfn sín undir hana, þegar fundi er slitið.

38. gr. hljóðar svo:

Sýslunefnd hefir yfirstjórn sveitarmála í öllum hreppum sýslunnar og leggur fullnaðarúrskurð á mál þau, er samkvæmt 15., 25. og 28. gr. laga þessara og lögum um kosningar í málefnum sveita og lögum um útsvör liggja undir hana, svo og á þær ályktanir hreppsnefnda, er skotið er undir úrskurð hennar samkvæmt löggiltum reglugerðum sýslunefndar. Hún hefir yfir höfuð umsjón með því, að hreppsnefndirnar hegði sjer í sveitarstjórnarathöfnum sínum eftir lögum og löglegum fyrirskipunum.

Ef sýslunefnd virðist, að hreppsnefnd hafi látið greiða ólögmæt gjöld, eða leitt hjá sjer að framkvæma einhverja ráðstöfun, sem hún er skyld til og ekki fellur undir 30. gr., eða að hún hafi á annan hátt farið fram yfir það, sem hún hefir vald til, skal sýslunefndin sjá um, að þessu sje kipt í lag, og, ef nauðsyn ber til, getur hún falið oddvita sínum að beita þvingunarsektum, til þess að boðum hennar verði framfylgt, og auk þess komið fram ábyrgð á hendur einstökum hreppsnefndarmönnum við dómstólana.

39. gr. hljóðar svo:

Sýslunefnd kýs á ári hverju mann eða menn úr sínum flokki til að yfirskoða ársreikninga allra hreppa í sýslunni. Endurskoðari skal, ef honum þykir ástæða til, senda hreppsnefndaroddvita athugasemdir sínar fyrir 10. dag marsmánaðar, og ber oddvita að svara þeim fyrir 31. mars næst á eftir. Síðan skal úrskurða reikningana á aðalfundi nefndarinnar; semur sýslumaður síðan eftir þeim yfirlit yfir efnahag hreppanna og sendir hagstofunni.

Yfirskoðara þessara reikninga má veita þóknun úr sýslusjóði, eftir því sem nefndin ákveður.

44. gr. hljóðar svo:

Sýslunefnd skal á aðalfundi semja áætlun fyrir yfirstandandi reikningsár um tekjur og gjöld sýslusjóðs. Að því leyti, sem lögskipuð gjöld og aðrar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum, skal jafna því, sem á vantar, niður á hreppsfjelög sýslunnar, að þriðjungi eftir samanlögðu skattmati fasteigna, að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmanna og að þriðjungi eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausrar eignar og tekna af eign og atvinnu, alt í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjald það, er þannig kemur á hvert hreppsfjelag, skal greitt úr sveitarsjóði, og skal hreppsnefndaroddviti greiða sýslumanni það á næsta manntalsþingi.

53. gr. hljóðar svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau lög, sem hjer segir:

Sveitastjórnarlög nr. 43, 10. nóv. 1905, að því leyti, sem þau eru ekki áður úr gildi feld.

Lög nr. 46, 26. okt. 1917, um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Lög nr. 67, 27. júní 1921, um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Lög nr. 29, 19. júní 1922, 2. og 3. gr.

Nd. 79. Þingsályktun

um lögheimili og bygðarleyfi.

(Afgreidd frá Nd. 1. mars).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að endurskoða tilskipun um vinnuhjú á Íslandi frá 26. jan. 1866.
2. Að endurskoða lög um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn, nr. 60, 22. nóv. 1907, einkum fyrirmæli þau, er lúta að skyldu manna til að eiga lögheimili.
3. Að taka til athugunar, hvort ekki sje tiltækilegt að setja lagaákvæði, er gefi sveitar- og bæjarfjelögum rjett til að takmarka innflutning fólks, sem hætta er á, að verði þeim til byrði.

Telur deildin æskilegt, að stjórnin leggi lagafrumvarp um þessi efni fyrir næsta þing.

Nd. 80. Breytingartillögur

við frv. til fátækralaga.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. Við 20. gr. Fyrir »og heldur þá . . . . sveitarfjelagi hans« komi: og fylgir þá sveitfestin þeirri sveit, er maður verður í við skiftinguna eða merkjabreytinguna.
2. Við 21. gr. Greinin orðist svo:

   Eftir 16 ára aldur á hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem hann á lögheimili eða sannanlega átti síðast lögheimili.

   Nú á maður fleiri heimili en eitt, og á hann þá sveit þar, sem aðalheimili hans er.
3. Við 22. gr. Greinin orðist svo:

   Þeirri sveitfesti, er menn hafa unnið sjer áður en lög þessi ganga í gildi, halda þeir þangað til þeir hafa unnið sjer sveitfesti eftir lögum þessum.

Að öðru leyti fer um sveitfesti manna frá þeim degi að telja, er þau öðlast gildi, svo sem fyrir segir í lögum þessum.

Þeirri framfærslusveit, er maður á, sem orðinn er 60 ára gamall, heldur hann síðan.

4. Við 23. gr. Greinin orðist svo:

Sveitfestisdvöl telst frá þeim degi, að honum meðtöldum, er innflytjandi eignast lögheimili í sveitinni, til þess dags, að þeim degi meðtöldum, er hann fær lögheimili í annari sveit.

5. Við 24. gr. Greinin orðist svo:

Eigi vinnur maður framfærslurjett með dvöl sinni í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða þesskonar stofnun, eða fangahúsi. Slík dvöl slítur eigi sveitfesti í þeirri sveit, er maður átti lögheimili í áður.

6. Við 25. gr. Niðurlag annarar málsgreinar »þangað til . . . . annarsstaðar« falli burt.

Nd. **81. Frumvarp**

til laga um gagnfræðaskóla á Ísafirði.

Flutningsm.: Sigurjón Jónsson.

1. gr.

Á Ísafirði skal setja á stofn gagnfræðaskóla, er annast skal alla almenna framhaldsfræðslu.

2. gr.

Í skólanum skal kenna þessar greinir:

Íslensku, dönsku, ensku, sagnfræði og þjóðfjelagsfræði, reikning, landafræði, náttúrufræði og eðlisfræði, heilsufræði, teikning og þær verklegar greinir, er reglugerð mælir fyrir um. Heimilt er að breyta námsgreinaskrá með reglugerð.

3. gr.

Bekkir skólans eru þrír, og er nemendum yfirleitt veitt viðtaka í fyrsta bekk. Þó má taka við nemendum í annan og þriðja bekk, enda hafi þeir þá þekkingu og þroska, er til þess útheimtist.

4. gr.

Skólastjóri gagnfræðaskólans hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar samkvæmt reglum launalaga, en launin hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 4200 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði, ljós og hita. Í reglugerð skal ákveða skyldur hans og kenslustundafjölda.

5. gr.

Tveir skulu fastir kennarar skólans auk skólastjóra, og hafa þeir að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr., upp í 4200 kr. Fastakennarar eru skyldir til þess að kenna 27 stundir á viku. Stundakennarar skulu fengnir til skólans, að því leyti sem kenslu er frekar þörf.

6. gr.

Kenslumálaráðuneytið setur reglugerð fyrir skólann, að fengnum tillögum skólanefndar, er bæjarstjórnin á Ísafirði kýs fyrir skólann. Í reglugerðinni skal ákveða stundafjölda námsgreina og kröfur til fullnaðarprófs. Prófdómendur skipar kenslumálaráðuneytið.

7. gr.

Í reglugerð skal ákveða, að nemendur skólans greiði skólagjald, er renni í skólasjóð. Skal jafnframt ákveðið, hve há skólagjöldin skuli vera. Í skólasjóð rennur það fje, er skólanum kann að áskotnast, nema öðruvísi sje ákveðið. Úr sjóðnum skal greiða allan kostnað við ræsting, ljós og hita o. fl., sje sjóðurinn þess megnugur.

8. gr.

Úr ríkissjóði skal greiða allan annan kostnað við skólahaldið, laun allra kennara, viðhald skólahússins, viðhald og aukning áhalda o. fl., en endurgjaldskröfu á ríkissjóður hjá bæjarsjóði Ísafjarðar á 1/4 hluta þeirrar upphæðar, er skólastjóra, föstum kennurum og stundakennurum er greitt (1/4 hluta kenslukostnaðarins).

9. gr.

Vorið 1928 lætur ríkisstjórnin byrja að byggja hæfilega stórt skólahús úr steinsteypu. Í skólanum skal vera íbúð fyrir skólastjóra og heimavistir fyrir að minsta kosti 30 nemendur. Ísafjarðarkaupstaður leggur til ókeypis lóð, er kenslumálaráðuneytið tekur gilda. Byggingunni með nauðsynlegum áhöldum og útbúnaði skal lokið sumarið 1929, og tekur skólinn til starfa 1. okt. 1929.

Greinargerð.

Unglingaskóli hefir nú starfað á Ísafirði í liðug 20 ár. Var hann lengi aðeins ein deild, en nú nokkur undanfarin ár hefir hann starfað í tveim deildum. Þessi unglingaskóli hefir verið styrktur úr ríkissjóði, og hefir styrkurinn orðið 2500 kr. á ári síðan skólinn fór að starfa í tveim deildum.

Þessi gagnfræðakensla, sem bærinn hefir þannig að mestu leyti haldið einn uppi, hefir frá byrjun verið skoðuð sem undirstaða að fullkomnum gagnfræðaskóla, er fyr eða síðar hlyti að koma á Ísafirði. Það eru nú 18 eða 19 ár síðan í fyrsta skifti var á þingmálafundi á Ísafirði samþykt áskorun til þings

og stjórnar um, að gagnfræðaskóli yrði stofnaður þar. Nú undanfarin ár hefir mál þetta legið niðri, vegna þess hve fjárhagur ríkisins hefir verið erfiður, en á síðasta þingmálafundi var samþykt svo hljóðandi tillaga:

»Jafnframt og fundurinn lýsir því yfir, að Unglingaskólinn á Ísafirði hefir jafnan verið mjög afskiftur í styrkveitingum úr ríkissjóði, samanborið við aðra skóla, skorar hann fastlega á Alþingi að veita á næstu fjárlögum fje til byggingar og reksturs gagnfræðaskóla með heimavistum fyrir Vestfirði. Sje skólinn settur á Ísafirði og hliðstæður Akureyrar gagnfræðaskóla«.

Naumast mun unt að segja, að Vestfirðingar hafi verið heimtufrekir um framlög úr ríkissjóði til skólamála sinna, aftur hafa þeir lagt á sjálfa sig tiltölulega mikil fjárútlát til þess að halda unglingafræðslu sinni í góðu lagi. Kenslumálastjórnir vorar hafa verið ánægðar yfir því, að Vestfirðingar kostuðu að sem mestu sjálfir sína unglingafræðslu, en þar við hefir líka setið. Í öllum öðrum fjórðungum landsins eru skólar, sem ríkið að öllu kostar. Vestfirðingar hafa verið og eru afskiftir í þessu efni. Þetta frv. er því síst vonum fyr fram komið, miklu fremur mætti það merkilegt kallast, að lög um gagnfræðaskóla á Ísafirði skuli ekki fyrir löngu afgreidd af háttvirtu Alþingi. Vænti jeg, að háttvirtum þingmönnum sje ljúft að bæta nú lítillega fyrir þá vanrækslu, með því að láta frv. þetta ganga greiðlega gegnum þingið.

Um einstakar greinar þessa frumvarps skal það einungis fram tekið, að þær eru í flestum atriðum sniðnar eftir frumvarpi um samskóla Reykjavíkur, sem nú liggur fyrir háttvirtu Alþingi, að því er gagnfræðaskóla þess frumv. snertir. Veruleg efnisbreyting frá því frumvarpi er þó í 9. gr. þessa frumvarps, þar sem bæði er ákveðið, að heimavistir sjeu við skólann á Ísafirði og að ríkissjóður einn kosti skólabygginguna.

Heimavistir við skólann eru nauðsynlegt skilyrði þess, að fátækir nemendur, sem ekki eiga heima á Ísafirði, geti notið þar ódýrari skólavistar en ella. Sje ekki fyrir því sjeð, verða fátækir nemendur oft að fara á mis við þá mentun, er annars getur orðið þeim og almenningi til stórgagns.

Eins og ríkissjóður hefir að öllu leyti kostað skólahúsið fyrir gagnfræðaskólann á Akureyri fyrir Norðlendingafjórðung, þá er ekki hægt að segja, að ósanngjarnt sje, að ríkissjóður kosti einnig skólahús fyrir gagnfræðaskóla á Ísafirði, síst þar sem í þessu frv. er gert ráð fyrir, að Ísafjarðarkaupstaður greiði nokkurn hluta kenslukostnaðar við skólann, en raddir eru ekki enn komnar fram um, að svo verði nyrðra.

Nd. **82. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júlí 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Frv. þetta er samhljóða frv. því um skemtanaskatt og þjóðleikhús, sem samþykt var í neðri deild á síðasta þingi. Var málið þá ítarlega rætt og er því

háttv. þingdeildarmönnum í fersku minni. Með skírskotun til þess leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið sje samþykt óbreytt.

Alþingi, 1. mars 1927.

Árni Jónsson, frsm. Hjeðinn Valdimarsson. Jón Kjartansson.

Jón Guðnason, fundaskr., með fyrirvara.

Nd. **83. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 40. 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála háttv. meðnefndarmönnum mínum um að mæla með þessu frumv., að það verði samþykt óbreytt. Sjerstaklega eru það 1. og 5. gr. þessa frumv., sem jeg get með engu móti fallist á. Jeg sje engar ástæður mæla með því, að farið sje að reita saman þennan skatt af smákauptúnum úti um alt land. Það mundi verða ærið óvinsælt og engin sanngirni, sem mælir með þvílíkri ásælni. Mjer sýnist sem menn geti látið sjer lynda að taka skatt af þeim kaupstöðum, sem eru það fjölmennir, að ákvæði gildandi laga ná til þeirra.

Upphaflega, þegar lög um þetta efni voru sett (1918), var svo ráð fyrir gert, að hjeruðin sjálf ráðstöfuðu því fje, er þau fengju með þessu móti. Þetta var í alla staði sjálfsagt. Og þegar lögunum var breytt 1923 í það horf, sem þau eru nú í, sætti það miklum mótmælum af hálfu Reykjavíkur. Bærinn hafði þá ákveðið að verja þeim fjármunum, sem honum með þessu móti áskotnuðust, í alt öðru skyni, og líkt mun hafa verið ástatt með aðra kaupstaði. Þó höfðu lögin þá staðið fremur stutta stund. Fullvíst er nú um ýms kauptún úti um landið, að þau hafa ákveðið að nota þá peninga, sem þeim áskotnast af skemtunum, til styrktar ýmsum nauðsynjafyrirtækjum, sem þau sumpart hafa ráðist í nú þegar, eða ætla sjer að framkvæma. Eigi nú að svifta þau þessum tekjum, verður það aðeins til þess að hindra framkvæmdir hjá þeim og íþyngja íbúunum, en þjóðleikhússjóðinn munar áreiðanlega ekki það miklu um, hvort hann fær þessa peninga eða ekki, að vert sje þeirra hluta vegna að beita menn víðsvegar um land þessu ranglæti.

Breytingar þær, sem frumv., að undanskildum þessum tveimur greinum, sem jeg hefi áður nefnt (1. og 5. gr.), fer fram á, sje jeg ekki ástæðu til að mæla á móti, að verði samþyktar.

Jeg legg þess vegna til, að frumv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 5. gr. Greinin falli niður.
   Greinatalan breytist samkvæmt því.

Alþingi, 2. mars 1927.

Jörundur Brynjólfsson.

Ed. **84. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 45, 20. júní 1923, um sandgræðslu.

Flutningsm.: Einar Jónsson.

1. gr.

Við 4. gr. Í stað »1/2 úr ríkissjóði, en að 1/2 af landeiganda« í 4. gr. laganna komi: 3/4 úr ríkissjóði, en 1/4 af landeiganda.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo: Eigi má girða fyrir alfaravegi, ef af því orsakast bagalegur krókur eða ófær leið. Skal sandgræðslan, þegar svo stendur á, annast um hlið, traðir eða upphleypta vegi gegnum girðinguna, og skal kostnaður af því greiddur af sömu aðiljum sem sandgræðslukostnaður, eftir sömu hlutföllum.

Öllum vegfarendum er skylt að loka hliðum í hvert sinn og um þau er farið, en sæta sektum ella, alt að 50 kr., er uppvíst verður, að hlið er skilið eftir opið, enda skal svo frá hliðum gengið, að auðvelt sje að opna og loka.

Greinargerð.

Sandgræðslulögin frá 1923 munu hafa verið samþykt í þeirri góðu trú, að þau yrðu sandgræðslunni til aukinna framfara, en þau lög eru að því leyti lakari í garð landeigenda heldur en lög nr. 20, 2. nóv. 1914, að tillag til sandgræðslugirðinga er ákveðið mun hærra frá eigendum, og vegagerðir vegna girðinga auk þess á þeirra kostnað einna.

Er sýnilegt, að þessu þarf að breyta, ef viðkomendum skal mögulegt að reisa rönd við eyðilegging sandsvæðanna.

Ed **85. Tillaga**

til þingsályktunar um notkun sandgræðslugirðingar í Gunnarsholti.

Flutningsm.: Einar Jónsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta rannsaka og gera áætlun um kostnað við byggingu barnahælis og stofnun kúabús í Gunnarsholti og íhuga jafnframt, hvort tiltækilegt þætti að haga byggingum barnahælis á þann hátt, að nothæfar yrðu til skólahalds að vetri, t. d. fastaskóla til barnafræðslu eða unglingaskóla.

Kostnað við rannsókn þessa skal greiða úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Um eyðijarðirnar Gunnarsholt og Brekkur í Rangárvallahreppi, er nýlega urðu eign ríkissjóðs, var á síðastliðnu sumri sett upp sandgræðslugirðing, nálægt 20 km. að lengd. Jarðir þessar hafa legið undir stórfeldum sandágangi. Haglendi Brekkna að mestu eyðilagt, en tún og bæjarstæði Gunnarsholts horfið í svartan sand. Enn eru þó óskemd svæði, frjósöm og notadrjúg, í löndum jarðanna, svo sem Gunnarsholtsveita og leifar af Brekknaheiði og Brekknatúni.

Reynsla annara sandgræðslugirðinga gefur og góða von um það, að gróður aukist, en eyðing sje lokið, ef vel er um girðinguna annast.

Þar sem nú graslendi jarðanna er friðað fyrir ágangi fjenaðar, myndi í flestum árum mögulegt að heyja þar 1500—2000 hesta — alt kúgæft hey, ef slegið væri árlega. — En hjer eru staðhættir þannig, að slægjur eru ekki eftirsóttar nema í grasleysisárum. Yrði því um rýrar og óvissar tekjur að ræða á þann hátt, en beint eða óbeint þurfa tekjur að fást af jörðunum, svo dýrar sem þær eru orðnar.

Til ábúðar og frjálsra nota til alls myndi Gunnarsholtið verða þegið — þó tæplega fyrir svo hátt afgjald, er svarar vöxtum af höfuðstóli — en einkum yrði þar í vegi hin sjálfsagða kvöð, að banna yrði sauðfje í landið. Að hinu leytinu er samgöngum eigi svo háttað enn á þessu svæði, að bændur sjái sjer fært að hafa kúabú eingöngu.

Sem glöggskygn maður og vel kunnugur öllu, sem hjer að lýtur, hefir Gunnl. Kristmundsson sandgræðslumaður, eftir rækilega íhugun, látið opinberlega það álit sitt uppi, að hagkvæmast myndi að stofna hjer barnahæli og setja upp kúabú samhliða því. Í tilefni af þessu er tillagan flutt. Og fari svo, að hinu háa Alþingi virðist þessi leið fær og ráðist yrði í byggingu barnahælis, er starfrækt yrði að sumrinu, liggur það ljóst fyrir, hversu afarnauðsynlegt það væri að hafa not húsanna og afurða búsins, einnig að vetrinum, og er þá fræðslustofnun, fyrir yngri eða eldri, nauðsynlegasti þiggjandinn.

Nd. **86. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 14, 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

7. gr. laganna skal orða þannig:

Landsbankinn má taka lán gegn tryggingu í sjálfs síns eignum. Ráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast erlend lán fyrir bankann, ef ríkisstjórnin telur þess þörf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í nokkur undanfarin ár, eða síðan 1921, hefir ríkisstjórnin ábyrgst lán erlendis handa Landsbankanum, þegar þess hefir þótt þörf. Heimild fyrir stjórnina til þessa mun fyrst hafa verið tekin upp í 11. gr. fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921 (lög nr. 48, 1921). Þegar verið var að semja um skuldabrjefalánið enska handa Landsbankanum um áramótin 1923—24, spurðu lánveitendur um heimild bankans til lántöku og um heimild ríkisstjórnarinnar til þess að ábyrgjast lánið. Eftir undangengna rannsókn var spurningunni svarað hjeðan með símskeyti 25. febr. 1924, þannig:

»Heimild Landsbankans til lántöku innifelst í 7. gr. laga nr. 14, 18. sept. 1885. Með því ríkið á Landsbankann, telur ríkisstjórnin sjer heimilt að ábyrgjast lán fyrir hann. Fjármálaráðherra«.

Samkvæmt þessari skýringu, sem núverandi stjórn hefir fallist á, hefir stjórnin síðan, eins og Alþingi er kunnugt, ábyrgst lán fyrir Landsbankann.

Nú að undanförnu hafa staðið yfir samningar um opnun reikningslánsviðskifta handa Landsbankanum hjá amerískum banka, sem ekki hefir staðið í slíku sambandi við Landsbankann áður. Þessi banki hefir óskað eftir því, að vísað yrði á ótvíræða lagaheimild fyrir því, að ríkisstjórnin mætti ábyrgjast lán fyrir Landsbankann. Með því að æskilegt þykir að ná sambandi við þennan banka, og óviðeigandi þykir, að nokkur óvissa geti verið um heimild ríkisstjórnarinnar til þess að veita slíka ábyrgð, einnig gagnvart eldri viðskiftasamböndum, er farið fram á að breyta 7. gr. laganna frá 1885 um stofnun landsbanka þannig, að unt sje að vísa útlendum skiftavinum bankans á heimild Landsbankans til lántöku og heimild ríkisstjórnarinnar til að ábyrgjast lán fyrir bankann í einni og sömu lagagrein.

Nd. 87. Tillaga

til þingsályktunar um kaup á húseigninni nr. 16 við Hafnarstræti.

Frá atvinnumálaráðherra.

Alþingi ályktar að heimila atvinnumálaráðherra að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs, til afnota fyrir landssímann, húseignina nr. 16 við Hafnarstræti í Reykjavík.

Greinargerð.

Hús það, sem landssíminn hefir til afnota hjer í bænum, er ekki stærra en svo, að innan skamms tíma verður óhjákvæmilegt fyrir hann að bæta við sig húsnæði. Húseignin nr. 16 við Hafnarstræti er næsta hús við landssímastöðina og er því hentugt til viðbótar í þessu skyni. Þar sem nú húseign þessi var til sölu í haust, þótti stjórninni rjett að tryggja það, að ríkissjóði gæfist kostur á að eignast hana, og hefir því gert kaupsamning um eignina, að áskildu samþykki Alþingis. Með tillögu þessari er farið fram á, að Alþingi samþykki þessa ráðstöfun.

Nánari skýringar verða gefnar um málið í umræðum.

Nd. 88. Frumvarp

til laga um landnámssjóð Íslands.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. gr.

Af tekjum ríkissjóðs skal leggja árlega 100 þús. kr. í sjóð, er nefnist landnámssjóður Íslands.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að fjölga sjálfstæðum býlum í landinu með því:

a. að leggja fram fje til að byggja upp nýbýli á landi, sem er í eign sveita eða bæja, eða í einkaeign.
b. að byggja upp nýbýli á landi, sem ríkið á eða kaupir í því skyni.

3. gr.

Skilyrði fyrir framlagi úr sjóðnum til nýbýla eru:

a. að landið, sem býlið er reist á, geti, að dómi þar til kvaddra hæfra manna, veitt fjölskyldu viðunandi skilyrði til framfærslu, þegar það er komið í hæfilega rækt.
b. að byggingar samsvari landinu að stærð og dýrleika og sjeu gerðar úr varanlegu efni og í þjóðlegum stíl.

4. gr.

Framlög, er veitt verða til nýbýla á landi, sem ekki er ríkiseign, skulu veitt gegn ævarandi afgjaldskvöð af býlinu, er svari til 2% vaxta af framlaginu, og sje býlið með óskertum 1. veðrjetti að veði fyrir skilvísri greiðslu afgjaldskvaðarinnar og kostnaði, er leiða kann af vanskilum. Þó skulu þau vera afgjaldslaus fyrstu 10 árin, á meðan landið er að komast í rækt.

5. gr.

Framlög til nýbýlabygginga skulu — eftir því sem fjármagn sjóðsins hrekkur til — sitja fyrir nýbýlabyggingum ríkissjóðs á meðan nægar umsóknir eru um þau. Sjeu umsóknir ónógar, skal ríkið láta reisa nýbýli, eftir því sem fjármagn hrekkur til, og leigja þau út eða selja, sbr. 6. gr.

6. gr.

Nýbýli, sem reist verða með framlagi úr landnámssjóði, skulu seld á leigu á venjulegan hátt til lífstíðar, eða á erfðaábúð, sje þess óskað.

7. gr.

Upphæð framlags til bygginga á nýbýlum, sem reist verða á landi, sem ekki er ríkiseign, má nema alt að $^4/_5$ af áætluðu verði bygginganna, eftir áætlun, sem stjórn sjóðsins samþykkir.

8. gr.

Eigandi eða ábúandi lands, sem nýbýli hefir verið reist á með framlagi úr landnámssjóði, á jafnan rjett á að innleysa afgjaldskvöðina með 50-faldri upphæð hennar. Samskonar innlausnarrjett á ábúandi nýbýlis, sem að öllu er ríkiseign, með þeim kjörum, að afgjaldið sje reiknað til stofnfjár með lágum rentufæti.

9. gr.

Innleystar árlegar afgjaldskvaðir, svo og andvirði seldra afgjaldskvaða og nýbýla, renna í landnámssjóð.

10. gr.

Handbært fje sjóðsins skal jafnan standa á vöxtum í þjóðbanka Íslands eða í jarðræktarbrjefum.

11. gr.

Sjóðurinn er undir stjórn ræktunarsjóðs Íslands.

12. gr.

Nánari reglur um sjóðinn setur ríkisstjórnin með reglugerð.

Greinargerð.

Fólksstraumurinn frá sveitum til bæja er alþekt staðreynd og er alment talinn eitt af þjóðarmeinum undanfarins og yfirstandandi tíma. Flestar eða allar nágrannaþjóðir vorar hafa nú hafist handa til að vinna á móti þessum straum. Hjá oss er engu betur statt í þessu efni en í öðrum löndum. Fólksstraumurinn úr sveitunum hefir verið svo ör nú um hríð og tæming sveitanna að fólksfjölda svo augljós, að telja má líklegt, að flestir eða allir sjeu sammála um, að hefjast þurfi handa til viðnáms frekar en enn hefir verið gert, og enda jafnvel að breyta fólksstraumnum í gagnstæða átt. Að því miða aðgerðir síðustu ára til eflingar ræktun landsins. En þær ráðstafanir hafa ekki reynst fullnægjandi. Virðist því sem frekari aðgerða þurfi við.

Tillögur hafa komið fram, er miða að því að gera mönnum kleift að nema landið á ný (byggingar- og landnámsfrv. 1. landsk. þm. J. J.), en þær tillögur hafa ekki getað fengið nægilega samfelt fylgi á Alþingi. Hjer eru með frv. þessu lagðar fram tillögur nokkuð frábrugðnar þeim fyrtöldu að efni og formi, ef vera mætti, að þær gætu sameinað menn betur til fylgis við meginatriði þessarar hugmyndar.

Nd. **89. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um afnám kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir rætt frumvarp þetta og leitað umsagnar háskólaráðsins um það. Með brjefi dags. 24. f. m. hefir forseti heimspekideildar sent nefndinni tillögur heimspeki- og guðfræðideildar um ráðstöfun dósentsembættisins o. fl., dags. í sept. f. á., og eru þær prentaðar sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Að öllum málavöxtum athuguðum leyfir nefndin sjer að mæla með því, að frumvarp þetta nái fram að ganga. En óhjákvæmilegt er þá, að veitt verði nokkur upphæð til þess að halda uppi kenslu í grísku við háskólann; leggur nefndin til, að það verði gert, og mun hún bera fram tillögu til fjárveitingar í því skyni.

Í tilefni af tillögu heimspekideildar á fskj. II (2. liður) vill nefndin láta í ljós, að hún er því meðmælt, að háskólanum verði veitt nokkurt fje til að standast kostnað af dvöl erlendra vísindamanna, er kæmu hingað til að flytja fyrirlestra í háskóla vorum, og það því fremur, sem hjer er um örlitla upphæð að ræða, í samanburði við þá menningarbót, er af komu slíkra manna mætti leiða. Mun nefndin bera fram tillögu um fjárveitingu til þessa.

Má geta þess, að báðar þær fjárveitingar, sem hjer ræðir um, munu til

samans nema aðeins nokkrum hluta af þeim launum, sem fylgt hafa kennaraembættinu í klassiskum fræðum.

Alþingi, 2. mars 1927.

Ásgeir Ásgeirsson, form.	Jón Guðnason, fundaskrifari og framsm.

Jón Kjartansson. Magnús Jónsson. Bernh. Stefánsson.

Fylgiskjal I.

UNIVERSITAS ISLANDIAE
Reykjavík, 24. febr. 1927

Mentamálanefnd Nd. Alþingis hefir sent háskólaráðinu til umsagnar frumvarp til laga um afnám kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

Heimspekisdeildin, sem nefndur kennarastóll heyrir undir, hefir þegar áður, að gefnu tilefni, látið uppi álit sitt um málið, og fylgir það hjer með í eftirriti. Sömuleiðis hefir guðfræðisdeild háskólans, en nemendur hennar hafa notið kenslu í grísku við tjeðan kennarastól, sagt álit sitt um hann, er einnig fylgir hjer með.

Við álit og umsögn þessara tveggja deilda hafði háskólaráðið ekkert að athuga og engu við það að bæta.

Virðingarfylst.
Ágúst H. Bjarnason,
p. t. forseti heimspekideildar.

Til mentamálanefndar Nd. Alþingis.

Fylgiskjal II.

HÁSKÓLI ÍSLANDS.
HEIMSPEKISDEILDIN.
Reykjavík 29. sept. 1926.

Á fundi heimspekisdeildar 22. þ. mán. var samþykt svo hljóðandi tillaga:

Út af fyrirspurn frá háskólaráði um ráðstöfun dósentsembættisins í klassiskum fræðum leggur heimspekisdeildin til:

1. Deildin lítur svo á, að meðan ekki er völ á manni, sem vísindalegt starf liggur eftir í klassiskum fræðum, geti hún unað því, að staðan sje óskipuð, þó með því skilyrði, að deildin fái

2. árlega nægilega upphæð til umráða til þess að greiða fyrir kenslu um stundarsakir eftir þörfum.
3. Um kensluna í grísku fyrir guðfræðinga skírskotar deildin til samþyktar guðfræðisdeildar um það efni.

Okkur undirrituðum, fráfaranda og viðtakanda forseta deildarinnar, var falið að gera grein fyrir 2. lið tillögunnar og leyfum vjer oss því að taka fram, það sem hjer segir.

Svo er ráð fyrir gert, að fje því, sem ræðir um í 2. lið, verði að mestu leyti varið til þess að greiða kostnað við ferðir og dvöl erlendra vísindamanna, einkum í norrænum fræðum, er kvaddir yrði hingað til þess að flytja fyrirlestra í háskólanum um lengri eða skemmri tíma. Myndi ekki einungis háskólanum, heldur þjóð vorri í heild geta staðið mikið gott af slíkum heimsóknum. Þó að nemendur í íslenskum fræðum standi að sumu leyti óvenjuvel að vígi hjer í Reykjavík, verður því ekki neitað, að einangrunin stendur þeim að öðru leyti fyrir þrifum. Þeim myndi vera mikils virði að geta notið fræðslu um ýmis efni, sem hjer eru eigi kend, svo sem yngri tungur og bókmentir Norðurlanda, sögu hinna Norðurlanda-þjóðanna, einkum á elstu tímum, þjóðsagnafræði o. fl. Margt af slíkum fyrirlestrum gæti og átt erindi til almennings, auk þess sem alt mentalíf í ekki stærri bæ en Reykjavík myndi bera menjar þess að fá hingað hvern úrvalsmanninn eftir annan, en á því eigum vjer kost fyrir mjög lítið endurgjald, einmitt af því að norrænufræðingum er nú loks alment að skiljast, hversu mikið þeir eiga til Íslands og Íslendinga að sækja. Sú hlið málsins er og ekki minna virði fyrir oss. Engin barátta sjálfra vor fyrir að fá sjálfstæði vort viðurkent í reyndinni og menningu vora virta að verðleikum getur jafnast á við það, að helstu háskólamenn í norrænum fræðum, kennarar kennaranna, kynnist landi og þjóð af eiginni reynd. Þeir menn, sem hingað hafa komið, skera sig jafnan úr að velvild og skilningi. Loks má geta þess, að með því að bjóða erlendum háskólamönnum heim, opnum vjer vorum yngri fræðimönnum leið til annara háskóla og tryggjum stúdentum vorum, er utan fara, athvarf víða erlendis.

Þess skal að lokum getið, að annar okkar vakti máls á því við ýmsa helstu menn norrænna fræða á Norðurlöndum í fyrra haust, hvort þeir myndi sinna slíku boði, og var því jafnan vel tekið. Myndi því hafa verið farið fram á styrkveitingu til þessa við Alþingi, hvort sem dósentsembættið í klassiskum fræðum hefði losnað eða ekki. En fyrirsjáanlegt er, að talsvert af launum dósentsins myndi sparast árlega, þótt veitt yrði fje til beggja þeirra liða, sem getur um í tillögunni, og erum við reiðubúnir að gera nánari grein fyrir því, ef krafist verður.

Ágúst H. Bjarnason. *Sigurður Nordal.*

Fylgiskjal III.

Útskrift úr gjörðabók guðfræðisdeildar háskólans.

Ár 1926, miðvikudag 22. september, kl. 5 síðdegis, áttu kennarar guðræðisdeildarinnar fund með sjer í kennarastofu háskólans. Þetta gerðist:

... ...

II. Gerð tillaga um ráðstöfun á grískukenslu þeirri, sem Bjarni Jónsson frá Vogi hafði haft á hendi, var samþykt að gera svolátandi tillögu:

Út af fyrirspurn háskólaráðsins um, hvernig ráðstafa skuli kenslu þeirri, sem fylgir dósentsembættinu í klassiskum fræðum, leyfir deildin sjer að taka það fram, að hún telur óhjákvæmilegt, að haldið sje uppi kenslu í grísku fyrir stúdenta guðfræðisdeildar, en lætur að öðru leyti heimspekisdeild um, að gera tillögur um málið.

Jafnframt lýsir deildin yfir því, að hún er þeirrar skoðunar, að kennari sá, hr. Kristinn Ármannsson, mentaskólakennari, er hafði kensluna á hendi síðastliðinn vetur í forföllum dósentsins, hafi leyst starf sitt svo vel af hendi, að deildin væri ánægð með, að honum yrði falin þessi kensla framvegis.

Nd. **90. Frumvarp**

til laga um mat á heyi.

Flutningsm.: Jón Sigurðsson.

1. gr.

Heimilt er hverjum heykaupanda að krefjast þess, að heyið sje metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af heymatsmönnum, undir umsjón yfirmatsmanns.

2. gr.

Hverri heysendingu, sem metin er, skal fylgja vottorð heymatsmanns um, að heyið sje metið af honum og flokkað eftir þar um settum reglum, og hve margir baggar eða pokar sjeu af hverri tegund, og hve þungir.

3. gr.

Nú hefir hey, sem senda skal með skipum eða á annan hátt, verið metið, og skal þá merkja hvern einstakan bagga eða poka með varanlegum og glöggum tegundar- og flokksmerkjum.

4. gr.

Stjórnarráðið skipar 1 yfirmatsmann á heyi. Skal hann sýna ábyggileg vottorð um, að hann hafi þekkingu á heyþurk og allskonar heyjum og heygæðum. Hann má enga þóknun þiggja, hverju nafni sem nefnist, hjá neinum þeim, er hey er metið fyrir. Ekki má hann heldur hafa með höndum sölu á heyi nje neinskonar milligöngu í því efni, er hann hefir hagnað af. Árleg laun hans skulu vera 500 krónur, auk ferðakostnaðar eftir sanngjörnum reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar. Hvorttveggja þetta greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Lögreglustjóri skipar heymatsmenn, þar sem þurfa þykir. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirmatsmanns og í samráði við heysölumenn og formenn heysölufjelaga. Heymatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt erindisbrjefi. Skylt er þeim að vinna að heybinding eða öðrum umbúningi heysins, svo sem kringumstæður leyfa vegna eftirlits þeirra að öðru leyti. Kaup heymatsmanna á hverjum stað ákveður yfirmatsmaður, í samráði við heysölumenn eða formenn hlutaðeigandi heysölufjelaga, og greiðir seljandi kaupið.

Eigi mega matsmenn þiggja aukaþóknun eða hlunnindi af þeim, er þeir meta hjá eða riðnir eru við sölu heysins, nje vera þeim háðir á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í mati sínu.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur erindisbrjef fyrir undirmatsmenn og setur þar nánari fyrirmæli um flokkun og mat heysins, um eftirlit með geymslu þess og útskipun, svo og um aðrar skyldur þeirra.

7. gr.

Yfirmatsmaður og undirmatsmenn á heyi skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparvottorð um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Atvinnumálaráðuneytið stílar þeim heitið.

8. gr.

Yfirmatsmaður á heyi skal ferðast um til þess að samræma mat undirmatsmanna og annað, er lýtur að störfum þeirra. Ferðir þessar skulu farnar og hagað í samráði við atvinnumálaráðherra í hvert sinn. Yfirmatsmaður fær 3 krónur í dagpeninga fyrir þá daga, sem hann er á ferðalagi í framantöldum erindagerðum, og telst það með ferðakostnaði.

9. gr.

Um hegningu fyrir brot heymatsmanna og yfirheymatsmanns gegn ákvæðum þessara laga fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hefir því oft verið hreyft, að óeðlilegt væri, að Íslendingar flyttu árlega inn hey frá útlöndum til þess að fóðra með búpening sinn, auk sýkingarhættunnar, sem getur stafað af innfluttu heyi.

Beinasta leiðin til þess að sporna við þessum innflutningi er innflutningsbann eða hár tollur, en báðum þessum leiðum hefir verið hafnað á undanförnum þingum.

Eftir er þá aðeins þriðja og seinvirkasta leiðin til að útrýma útlenda heyinu, sú, að vinna innlenda heyinu það álit, að heykaupendur kjósi heldur að fóðra með því en útlendu heyi. Þessu verður aldrei náð nema með mati líku og því, er stungið er upp á í frumv.

Það mundi að líkindum geta orðið til hagræðis bæði fyrir kaupendur og seljendur, að heyseljendur á stærri eða minni svæðum hefðu með sjer sölufjelag, en sá fjelagsskapur yrði meðal annars að byggjast á heymatinu.

Nd. **91. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Meiri hluti mentamálanefndar er því meðmæltur, að frumvarp þetta verði að lögum. Er það í samræmi við lög nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins, þar sem taldar eru upp ýmsar byggingar, sem stjórninni er heimilt »að láta reisa svo fljótt, sem því verður við komið«. Sje á annað borð kannast við nauðsyn þess að koma upp heimavistum við Hinn almenna mentaskóla, þá virðist rjett að setja slík heimildarlög, því að vel getur tækifæri boðist til þess að hefja verk þetta fyr með því móti en ef bíða þarf eftir fjárveiting í fjárlögum, sem sett eru nálega ári fyr en þau koma til framkvæmda, en á hinn bóginn verður að treysta hverri stjórn til þess að leggja ekki út í þetta verk, nema hún telji það fjárhagslega fært.

Meiri hlutanum þykir rjett, að það sje fram tekið, að íbúð fyrir kennara skuli vera í húsinu, og þá virðist ekki heldur rjett, að heimavistir skuli ætlaðar námssveinum einum, þar sem skólinn er samskóli.

Leggur hann því til, að frumvarpið verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á eftir greininni bætist við: Í húsinu skal vera íbúð handa kennara.
2. Við 1.—3. gr. Í stað orðanna »námssveinum«, »heimavistasveinar«, »heimavistasveina«, »skólasveina«, »utanbæjarsveinar«, »utanbæjarsveina« komi: nemendum, heimavistanemendur, heimavistanemenda, nemendur, utanbæjarnemendur, utanbæjarnemendur.

Alþingi, 3. mars 1927.

Ásgeir Ásgeirsson, form.	Magnús Jónsson, frsm. meiri hluta.	Jón Kjartansson.

Nd. **92. Frumvarp**

til laga um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

1. gr.

Gullbringu- og Kjósarsýsla skal vera eitt kjördæmi og kjósa einn alþingismann.

2. gr.

Hafnarfjarðarkaupstaður skal vera eitt kjördæmi og kjósa einn alþingismann.

3. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar við næstu almennu óhlutbundnar kosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp þessu var lagt fyrir síðasta þing og var afgreitt til Ed., en felt þar. Ástæður fyrir skiftingu kjördæmisins eru sömu sem fyr, en meira liggur á skiftingunni vegna kosninga þeirra, sem fram eiga að fara næsta sumar. Ef kjördæmaskipun yrði breytt með stjórnarskrárbreytingu nú á þinginu, mundi Hafnarfjörður því aðeins njóta sín við kosningarnar, að frumvarp þetta verði samþykt.

Ed. **93. Frumvarp**

til laga um iðnaðarnám.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 4, með breytingunum (1.—4.) á þskj. 70.

Ed. **94. Frumvarp**

til laga um iðju og iðnað.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 5, með breytingunum (1.—8.) á þskj. 69.

Nd. **95. Breytingartillaga**

við frv. til fátækralaga.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

Við 36. gr. Greinin orðist svo:

Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum, þótt þurfamenn sjeu, nema með skriflegu leyfi þeirra sjálfra, nje taka börn yngri en 16 ára frá foreldrunum, nema með skriflegu leyfi foreldranna. Þó þarf sveitarstjórn ekki slíkt leyfi til að taka börn frá foreldrum, ef heimilislíf foreldranna má teljast siðspillandi fyrir börnin eða foreldrarnir hafa farið illa með þau.

Sveitarstjórn skal kosta kapps um að koma munaðarlausum sveitarbörnum fyrir á góðum heimilum hjá vönduðum og ráðdeildarsömum húsbændum.

Ed. **96. Frumvarp**

til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á jörð í nágrannahreppi.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Nú hefir sveitarfjelag hafnað forkaupsrjetti á jörð í hreppi, er liggur að kaupstað, og skal þá kaupstaður eiga forkaupsrjett á jörðinni, næst á eftir sveitarfjelagi, og að öðru leyti eftir því, sem við á, eftir sömu reglum og sömu viðurlögum og gilda um forkaupsrjett sveitarfjelaga í lögum nr. 55, 15. júní 1926.

2. gr.

Kauptún þau, sem eru sjerstakt hreppsfjelag, hafa á sama hátt og kaupstaðir forkaupsrjett á jörð í nágrannahreppi.

Greinargerð.

Það, sem mest bagar suma kaupstaði og kauptún, eru erfiðleikar á því að hafa nægilegt land til ræktunar handa íbúunum. Með þessu frv. er kaupstöðum og kauptúnum gert auðveldara að eignast jarðir í nágrenni sínu, og verður það vafalaust til þess að auka ræktun landsins; enda hefir á síðari árum einna mest nýrækt verið í kringum kaupstaðina og kauptúnin.

Ed. **97. Frumvarp**

til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórn í kaupstað að gera samþykt um það, að áskilja bæjarfjelagi forkaupsrjett á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmisins, svo og öðrum fasteignum, er bæjarstjórn telur nauðsyn að tryggja bæjarfjelaginu forkaupsrjett á.

Kauptún, sem er sjerstakt hreppsfjelag, getur einnig gert samþykt um forkaupsrjett kauptúns á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmis hreppsins, svo og öðrum fasteignum, er hreppstjórn telur nauðsyn að tryggja hreppsfjelagi forkaupsrjett á.

2. gr.

Samþyktir samkvæmt 1. grein skulu gerðar til 5 ára í senn, og skulu í þeim taldar fasteignir þær, er kaupstaður eða kauptún áskilur sjer forkaupsrjett á. Samþykt öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefir staðfest hana.

3. gr.

Eigendur fasteigna þeirra, er samþyktir taka til, skulu skyldir að bjóða kaupstað eða kauptúni forkaupsrjett að eignum fyrir það verð, er í raun og veru stendur til boða hjá öðrum, enda sjeu borgunarkjör og aðrir skilmálar eigi gerðir erfiðari.

Innan eins mánaðar frá því, er forkaupsrjettur var boðinn, skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd skylt að segja til, hvort hún ætlar að nota forkaupsrjett eða eigi.

Yfirlýsing bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um það, að hún afsali sjer forkaupsrjetti, gildir eigi lengur en 6 mánuði.

4. gr.

Nú er eigi gætt fyrirmæla laga þessara um að bjóða kaupstað eða hreppsfjelagi forkaupsrjett, og getur þá aðili, er forgangsrjettur hans er fyrir borð borinn, krafist þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sje ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rjett á að ganga inn í kaupin, enda sje lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fjekk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rjetthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

Greinargerð.

Nýlega hefir atvik komið fyrir hjer á landi, sem greinilega sýnir, að kaupstöðum er nauðsynlegt að eiga forkaupsrjett á ýmsum fasteignum í kaupstaðnum, sjerstaklega hafnarmannvirkjum og stórum löndum og lóðum innan lögsagnarumdæmis kaupstaðar.

Sveitarfjelög hafa nú þegar forkaupsrjett á jörðum næst á eftir leiguliða og þeim öðrum, er um getur í lögum nr. 55, 15. júní 1926, um forkaupsrjett á jörðum. Að vísu er ekki ætlast til í frv. þessu, að kaupstaðir og kauptún samþykki að áskilja sjer forkaupsrjett á öllum fasteignum í bæjar- eða hreppsfjelagi. Íbúðarhús með hæfilegum lóðum ætti ekki að jafnaði að taka í samþyktir um forkaupsrjett; það yrði full-umstangsmikið. Hinsvegar getur lega einstaks íbúðarhúss verið þannig, að mikilsvert sje fyrir bæjar- eða hreppsfjelagið að eignast það, og því er ekki í frv. útilokað, að taka megi íbúðarhús upp í samþyktir.

Hafnarmannvirki, stórar óbygðar lóðir og lendur og fjörulóðir eru hinsvegar fasteignir, sem flestir kaupstaðir og kauptún vilja eignast og þurfa að eignast. Hentugt gæti og verið fyrir bæjar- eða hreppsfjelag, þar sem bátaútgerð er, að eiga fiskverkunarstöðvar og vörugeymsluhús, og geta leigt þeim, er fiskveiðar stunda, sameiginleg afnot þessara eigna.

Að öðru leyti verður frv. nánar skýrt í framsögu.

Nd. **98. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Flutningsm.: Jón Guðnason.

Aftan við 2. gr. B. komi:
5. Borðeyrarvegur frá Búðardal að Borðeyri.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er farið fram á, að vegurinn frá Búðardal til Borðeyrar verði tekinn í þjóðvegatölu. Þessi vegur tengir saman Vesturland og Norðurland, og hefir hann einatt verið allfjölfarinn, en þó hefir umferð um hann aukist seinni árin, að því skapi sem samgöngur um Hvammsfjörð hafa batnað. Nokkur hluti þessa vegar (Laxárdalsheiði) telst nú til fjallvega, en vegarkaflinn frá Búðardal að Laxárdalsheiði er sýsluvegur, og meðan svo er, er þess alls ekki að vænta, að vegabætur þar komist í það horf, sem umferðin milli landsfjórðunganna krefur.

Nánar í framsögu.

Ed. **99. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 24, 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Flutningsm.: Jónas Kristjánsson.

Á eftir 9. gr. komi ný grein, sem verður 10. gr., svo hljóðandi:

Nú er maður smitberi eða grunaður um að vera smitberi einhvers þess sjúkdóms, er getur um í 2. gr., og er heilbrigðisstjórninni þá heimilt, þegar henni þykir ástæða til, að fara með hann eins og hann væri haldinn af eða grunaður um að vera haldinn af þeim sjúkdómi.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Greinargerð.

Síðan lögin um útbreiðslu næmra sjúkdóma voru samin, hefir læknisfræðin leitt það í ljós um suma næma sjúkdóma, að menn geta gengið með sýklana, sem orsaka þessa sjúkdóma, þó sjálfir sjeu þeir ósjúkir. Geta þessir menn þá smitað menn hópum saman, eins og reynslan hefir sýnt með taugaveiki á ýmsum stöðum hin síðari árin. Þeir menn, sem grunaðir eru um að vera sýkilberar, eru oft ófúsir á að láta rannsaka sig, og veitir því ekki af lagaheimild til þess, að þessir menn sjeu teknir í sjúkrahús og rannsakaðir, og því næst gerðar ráðstafanir til þess að verja alþýðu gegn smitun frá þeim, ef þeir reynast sýkilberar.

Ed. **100. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Flutningsm: Jónas Kristjánsson.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Ríkisstjórn skipar mann til að veita verslun þessari forstöðu. Hann skal hafa lyfsalapróf og hafa eftirlit með lyfjabúðum landsins. Honum skal og skylt að útvega frá útlöndum, eftir beiðni, fyrir ríkissjóð og lækna, er hafa lyfjasölu, svo og fyrir sjúkrahús, lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni. Sjúkrahúslæknir annast um útvegun á þessum vörum handa sjúkrahúsunum. Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín nje ómengaðan spíritus.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 25—75%, miðað við verð þess komið í hús hjer á landi að meðtöldum tolli.

Lyfjaáfengi, svo og önnur lyf, er verslunin útvegar læknum og sjúkrahúsum, seljast án hagnaðar.

Ástæður.

Með frumvarpi þessu er farið fram á, að sjúkrahúsum landsins verði heimilað að hafa viðskifti við lyfjaverslun ríkisins og njóta þeirra hlunninda, sem því fylgir, þ. e. að fá lyfin með kostnaðarverði án álagningar. Úr því að ríkið hefir þessa verslun með höndum, er ástæðulaust og óþarft að gera sjúkrahúsunum lyfin dýrari með því að binda þau við lyfsöluna.

Sjúkrahúslæknarnir annast þessa lyfjaútvegun fyrir sjúkrahúsin, og bera að sjálfsögðu alla ábyrgð á lyfjunum eftir að þau eru komin til sjúkrahúsanna.

Óþarft þykir að heimila sjúkrahúsunum kaup á vínum og ómenguðum vínanda frá ríkisversluninni.

Ríkinu má vera ant um, að rekstur sjúkrahúsanna verði sem ódýrastur, þar sem það veitir þeim flestum árlegan styrk, miðaðan við rekstrarhalla þeirra, og í öllum sjúkrahúsunum er mikill hluti sjúklinganna kostaður af ríkissjóði.

Þetta frumvarp miðar til þess að spara sjúkrahúsunum talsvert fje árlega.

Ed. **101. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

Flutningsmaður: Jónas Kristjánsson.

1. gr.

Á eftir öðrum málslið 3. gr. laganna komi:

Þó skal hreppsfjelagi heimilt að greiða skattinn úr sveitarsjóði, sje það samþykt með $^2/_3$ atkvæða á lögmætum sveitarfundi, og sje tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþyktin er úr gildi numin með sama hætti. Jafnar þá hreppsnefnd skattinum niður með útsvörum, og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, en er þar ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá

hreppsnefnd heimilt að krefja eiganda um vegarskattinn sem þúsundgjald af eigninni, eftir því, sem hann er ákveðinn að lögum.

Gjald þetta hefir lögtaksrjett.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22, 4. júní 1924, um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

Ástæður.

Heimildin, sem gefin er í lögum nr. 22, 4. júní 1924, til að greiða skattinn úr sveitarsjóði, eða að láta hvern og einn greiða gjald þetta eftir greiðslugetu sinni, er sanngjörn og sjálfsögð, en heimild þessi kemur ekki að fullum notum eins og nú er. Í ýmsum hreppum, einkum kauptúnshreppum, eru ýms fjelög, sem eiga húseignir og jafnvel aðrar fasteignir, en eru ekki útsvarsskyld, svo sem ungmennafjelög, málfundafjelög, templarastúkur o. fl. Ennfremur eru ýmsar húseignir og lóðir eign utanhreppsbúa, og loks eru samvinnufjelög víða í kauptúnum eigendur mikilla húseigna og stórra lóða, en greiða eins og kunnugt er ekki útsvör þar í neinu svipuðu hlutfalli við aðra gjaldendur. Allir þessir aðiljar geta haft sýsluveganna fyllstu þörf, eigi síður en aðrir, en hafa ekki lögskyldu til að greiða skattinn sem aðrir, sje heimild viðaukalaganna notuð. Getur þetta þannig orðið til að fyrirmuna ýmsum hreppum að geta notað þessa heimild nema til skaða fyrir sveitarsjóðina eða til aukinnar byrðar fyrir aðra gjaldendur, og verða þeir því að neyðast til að láta það viðgangast, að allur skatturinn sje lagður á svokallaða húseigendur sem þúsundgjald. En það getur komið bæði ranglega og óverðuglega niður á mörgum. *Ranglátlega* af því, að ýmsir gjaldendur, og einmitt hvað helst einhleypingar, sem eru vel stæðir, eða gætu að minsta kosti verið það, en sem ekki eiga enn neina fasteign, og sem margir hverjir ekki greiða neina húsaleigu sjerstaklega, bera ekkert af þessum skatti, en hafa þó veganna þörf ekki síður en aðrir. Óverðuglega kemur skatturinn aftur á móti niður á fátækum fjölskyldumönnum, sem berjast í bökkum og beita ýtrustu kröftum til þess að fullnægja nauðsynlegustu lífskröfum og þroskaskilyrðum margra verðandi borgara, meðal annars með því að hefja sig með barnahópinn sinn úr þröngu og óhollu leiguhreysi upp í mannsæmileg húsakynni. Það er óverðugt, að þjóðfjelagið hegni þeim fyrir framtakið og mannslundina með því að þvinga út af þeim háan skatt til vega, sem margir aðrir, miklu betur færir, ekki eru látnir greiða, ef þeir eru nægjusamir með ljeleg húsakynni og hafa ekki hleypt sjer í skuldir til að bæta þau.

Sama er að segja, að ýmsu leyti, um fátæka ábúendur jarða, þar sem eigendur hafa bygt ódýrar húseignir.

Til þess að fyrirbyggja þessa ranglátu og óverðugu meðferð er heimildin upphaflega gerð, en reynslan sýnir, að til þess að hún komi yfirleitt að góðum notum í framkvæmdinni er einmitt viðbót í þá átt, sem frumvarp þetta fer fram á, *nauðsynleg*.

Nd. **102. Frumvarp**

til laga um hvalveiðar.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Allir skíðishvalir nema hrefnur skulu friðaðir fyrir skotum hvarvetna í landhelgi, svo fyrir land utan sem á flóum og fjörðum inni árið um kring, nema í ísvök sjeu eða fastir á grynningum eða hamlaðir á annan hátt þvílíkan. Reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi með skotum, og skal þess þá ávalt gætt, að eigi sje síldveiði eða veiðarfærum spilt.

Sýslunefndum skal þó heimilt að banna með samþyktum hrefnuveiðar í landhelgi, hverri á sínu sviði, enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþyktina.

2. gr.

Bannað er að hafa hvalveiðastöðvar á landi og flotstöðvar í landhelgi, sem og að flytja hval í land til hagnýtingar, nema hann sje dauður fundinn, drepinn með þeim hætti, sem heimilt er samkv. 1. gr., eða til þess sje fengið sjerleyfi. Sjerleyfi veitir atvinnumálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnar Fiskifjelags Íslands. Sjerleyfi skal bundið við ákveðinn fjölda veiðiskipa og veitist eigi lengur en til 10 ára í senn. Sjerleyfi geta íslenskir ríkisborgarar einir fengið og þeir, sem sama rjettar njóta, enda hafi þeir verið búsettir í eitt ár hjer á landi.

3. gr.

Sjerleyfi til hvalvinslu í landi skal bundið því skilyrði, að hvalurinn sje að fullu hagnýttur.

Ennfremur skal greiða árgjald af hverju hvalveiðaskipi, eigi minna en 500 krónur.

Frekari skilyrði getur atvinnumálaráðherra sett, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr., er renna í ríkissjóð. Svo skulu og veiðarfæri og afli upptæk, þegar um ólöglega veiði eða hagnýting er að ræða, og rennur andvirðið einnig í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1928. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 44, 13. nóv. 1903, og lög nr. 18, 4. júní 1924.

Greinargerð.

Frv. um þetta efni var borið fram á Alþingi 1925 og er flutt nú eins og það var samþykt þá í neðri deild. Um ástæður vísast til Alþt. A. 1925, þskj. 165 og 221.

Ed. **103. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn á akvegarstæði milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og Fljótsdalshjeraðs.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson, Jónas Jónsson og Magnús Kristjánsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar á næsta sumri framkvæma nákvæma rannsókn á akvegarstæði milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og Fljótsdalshjeraðs, bæði leiðina yfir Fjarðarheiði að Egilsstöðum og Vestdalsheiði að Eiðum.

Niðurstaða rannsóknanna, svo og áætlun kostnaðar við vegagerð þessa, leggist fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Það hefir lengi verið almenn ósk íbúa Seyðisfjarðarkaupstaðar, að bílvegur yrði lagður frá kaupstaðnum upp í Fljótsdalshjerað. Mundi slíkur vegur verða til mikilla hagsbóta bæði fyrir kaupstaðinn og hjeraðið.

Nd. **104. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Minni hlutinn er því að vísu meðmæltur, að komið verði á heimavistum við Hinn almenna mentaskóla, þegar fært þykir fjárhagsins vegna. En rjettara er, að fje verði þá veitt til þess í fjárlögum heldur en að heimila það með sjerstökum lögum. Eru og ekki líkur til, að heimavistirnar yrðu reistar á þessu eða næsta ári, þó frv. þetta yrði samþykt.

Minni hlutinn sjer því ekki ástæðu til að mæla með frv., en ræður hv. deild til að afgreiða það með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ekki þykir fært að ráðast nú þegar eða á næsta ári í byggingu heimavistahúss við Hinn almenna mentaskóla, en hinsvegar nægilegt, að fje verði veitt til þess í fjárlögum, þegar ástæður ríkissjóðs leyfa, þá þykir deildinni ekki þörf á, að sett verði sjerstök lög um þetta efni, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. mars 1927.

Bernh. Stefánsson, frsm. Jón Guðnason, fundaskrifari.

Sþ. **105. Tillaga**

til þingsályktunar um áfengisvarnir.

Flutningsm.: Jón Guðnason, Ingvar Pálmason.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að verða þegar í stað við beiðni þeirra bæjarstjórna í kaupstöðum utan Reykjavíkur, sem óska eftir, að lögð verði niður útsala á vínum.
2. Að leita nú þegar nýrra viðskiftasamninga við Spánverja á bannlagagrundvelli.
3. Að gera ráðstafanir til, að hætt verði þegar í stað að lána út vín eða vínanda úr áfengisverslun ríkisins.
4. Að birta eftir lok hvers ársfjórðungs í Lögbirtingablaðinu nákvæma skýrslu um það, hve mikið áfengi hver lyfjabúð og læknir hefir fengið og látið úti á undangengnum þrem mánuðum, samkvæmt lyfseðlum eða á annan hátt. Þar skal og tilgreind heildartala þeirra lyfseðla, er hver læknir hefir gefið út. Um hjeraðslækna skal tilgreina sjerstaklega áfengisnotkun í hlutfalli við mannfjölda í hjeraði þeirra.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að mikil óánægja er ríkjandi meðal þjóðarinnar, og eigi að ástæðulausu, út af því, hvernig tekist hefir til um framkvæmd bannlaganna. Má telja víst, að það sje krafa mikils meiri hluta þjóðarinnar til þings og stjórnar, að gerðar sjeu ráðstafanir til að ráða gagngerða bót á því, sem áfátt er í þessu efni. Tillaga þessi er borin fram í því skyni að fjarlægja nokkrar af þeim orsökum, sem mestu þykja valda um drykkjuskap í landinu.

Nánari grein verður gerð fyrir tillögu þessari í framsögu.

Nd. **106. Frumvarp**

til fátækralaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. kafli.

Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Sveitarstyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sjer þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Sveitarstyrkur skal vera svo mikill, sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar, og honum haga svo sem hún telur rjett vera, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir. Sveitarstyrk skal endurgjalda eftir því, sem ákveðið er í lögum þessum, af þurfaling sjálfum eða framfærslumanni (2.—19. gr.).

Sá, er sveitarstyrk þiggur, er háður valdi sveitarstjórnar svo sem lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í fjelagi og hvoru fyrir sig að framfæra og uppala börn sín þangað til þau eru 16 ára.

4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til fullnaðs 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, enda fylgi þau henni (27. og 28. gr.), og helst sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefir og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giftist honum, með annari konu. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafist framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

6. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega eigi foreldrar verða sveitarþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

7. gr.

Framfærslumaður á rjett á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rjett og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sjer, eða ráða verustað þess.

Vilji framfærslumaður eigi una ákvæði sveitarnefndar, er honum rjett að fá um það úrskurð yfirvalds.

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín, og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

8. gr.

Um rjettindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sifjalögum, að því leyti sem lög þessi na ekki til.

9. gr.

Nú sýkist hjú manns eða slasast af ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir fæði og hjúkrun, meðan það er sjúkt og er á hans vegum.

10. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess, hvort heldur af því að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sjerstökum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins.

11. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs nje húsbónda þess, og greiðir það þá sjálft kostnað þann,

er leiðir af lækning þess og sjerstakri hjúkrun, en húsbónda þess er skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sjerstaklegt sjúkrafæði — í alt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann.

Ef hjú sýkist eða slasast í fjarlægð frá heimili sínu, án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kent, og verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í alt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann og ekki yfir 1 kr. um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjú er komið burt af heimili sínu til lækninga eftir læknisráði, hvort heldur í sjúkrahús eða annað, enda sje hvorki því nje húsbónda þess um leguna að kenna.

12. gr.

Samningur milli húsbónda og hjús um það, að vistinni skuli lokið, þegar er hjúið verði sjúkt, skal ógildur, og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því að vistráðin hafa verið bundin slíkum skilmála eða af því, að svo hefir verið um samið eftir að það varð sjúkt, þá losast húsbóndinn eigi fyrir það við skyldu sína til framfærslu á hjúinu eftir lögum þessum, hvorki gagnvart hjúinu sjálfu nje framfærslumanni þess eða sveit.

13. gr.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sje á enda, nema læknir eða sóknarprestur eða tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því áliti, að hjúinu sje ekkert mein þar af búið, nje öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burtu, og skal hann þá standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins.

14. gr.

Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni, á eftir ákvæðum þessara laga að greiða sjálft lækningarkostnað og hjúkrunar, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af dvalarsveitinni.

Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greptrun þess, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarsjóði, ef með þarf.

15. gr.

Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir siglingalögum.

Framfærslumaður skipverja eða framfærslusveit eiga sömu framfærslukröfu á hendur útgerðarmanni og skipverji, ef hann neytir ekki rjettar síns.

16. gr.

Ef iðnaðarnemi, er býr hjá lærimeistara sínum, sýkist, þá er lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eftir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi lengur en 6 mánuði. Sje sjúk-

lingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefir beðið það tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að og ætla má að verði langvint, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eftir að nemandinn varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækning nemanda.

Nú hefir svo verið um samið, að náminu skuli hætta, ef nemandi sýkist, eða svo verður um samið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart fátækrasjóði, er leggja verður með nemanda.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 9., 10. og 13. gr. laga þessara ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 10. gr. og ofangreind fyrirmæli um rjett lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt hann sje eigi til heimilis hjá lærimeistaranum.

17. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með þurfamann sinn eða ómaga, og er þá sveitinni skylt að annast framfærslu þurfamannsins eða ómagans gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, svo fremi að sveitarstjórnin í dvalarsveit hans álítur, að hann sje fær um að greiða meðlagið. Álit þetta má leggja undir úrskurð yfirvalds, en úrskurði þeim má skjóta til atvinnumálaráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, nje heldur um framfærslu þá, er getur um í 9.—16. gr.

18. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður yfirvald, þar er framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann hefir hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum (4. gr.) eða kjörbörnum (5. gr.), hjóna hvors með öðru, og upphæð barnsfararkostnaðar (8. gr.).

19. gr.

Nú er meðlagsúrskurður (18. gr.) löglega birtur og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rjett að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki næst á þann hátt fúlga sú, er framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum (27. gr.), eða stjúpbarni sínu á sama aldri (4. gr.), þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem segir í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu, að því er við verður komið, ef aðrir lögskyldir framfærslumenn barnómagans eru þess eigi megnugir að framfæra hann án sveitarstyrks, eða ómaginn eigi á annan hátt kemst af án sveitarstyrks.

II. kafli.

Um framfærslusveit.

20. gr.

Hver hreppur, kaupstaður eða kauptún, er hefir sveitarstjórn sjerstaka, er framfærslusveit fyrir sig. Nú er skift sveit eða sveitamörkum breytt, og heldur þá sveitfestisdvölin áfram í þeirri sveit, er maður verður í við skiftinguna eða merkjabreytinguna, þannig að maður verður sveitfastur í þeirri sveit á þann hátt, að lögð er við dvöl hans þar eftir skiftinguna dvöl hans í hinu forna sveitarfjelagi hans.

21. gr.

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, sjer framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem hann hefir dvalist í 4 ár samfleytt búandi, vistfestur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann ekki þegið endurkræfan eða óendurkræfan sveitarstyrk á þeim árum.

22. gr.

Nú hefir maður unnið sjer sveit víðar en í einu sveitarfjelagi, og á hann þá rjett til framfærslu í þeirri sveit einni, þar er hann hefir síðast unnið sjer sveit. Þeirri framfærslusveit, er maður á, sem orðinn er 60 ára gamall, heldur hann síðan.

23. gr.

Sveitfestisdvöl telst frá þeim degi, að honum meðtöldum, er innflytjandi tekur sjer fast aðsetur í sveitinni, til þess dags, að þeim degi meðtöldum, er hann víkur þaðan burtu. Nú er hjú ráðið skildaga á milli og kemur í vist hálfum mánuði eftir hjúaskildaga, eða fer úr vist hálfum mánuði fyrir hjúaskildaga, og skal þá telja árið fult. Sama er og þótt hjúið fari meira en hálfum mánuði fyrir skildaga úr vistinni, ef það er af því, að hjúaskildagi er fyrr í þeirri sveit, er hjúið fer í, en í hinni, er það fer úr, enda fari það vist úr vist; svo er og, að telja skal árið fult, ef maður kemur um fardaga og fer aftur á hjúaskildaga. Eigi slitnar sveitfestisdvöl fyrir það, þótt maður sje í vist að hálfu í annari sveit, ef hann er þar eigi meira en eitt sveitfestisárið að hálfu.

Ef vinnuhjú flytur að vísu ekki í vistina heim til húsbónda síns á vinnuhjúaskildaga, en fer þó þá þegar að vinna honum, t. a. m. í veri, á fiskiskipi o. s. frv., enda flytji í rauninni heim áður en vistarárið er hálfnað, þá telst það svo, sem það hafi byrjað dvöl sína á vinnuhjúaskildaga í sveit þeirri, er húsbóndi þess á heima í.

Lausamaður vinnur sjer eigi sveit þar, sem hann hefir ársheimili, nema hann dvelji þar að minsta kosti fjórðung af árinu.

Nú á maður fleiri heimili en eitt, og vinnur hann þá sveit þar, er aðalaðsetur hans er.

24. gr.

Eigi vinnur maður framfærslurjett með dvöl sinni í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða þesskonar stofnun, eða fangahúsi. Slík dvöl slítur eigi heldur sveitfestisdvöl í þeirri sveit, þar er maður hefir verið næst áður, þannig að eigi maður á meðan sjálfstætt heimili í þeirri sveit, þá telst það aðalaðsetur hans, en hafi hann ekki haldið þar neinu heimili, þá vinnur hann að vísu hvergi sveit, meðan hann dvelur í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða þesskonar stofnun, eða fangahúsi, en heldur aðeins áfram sveitfestisdvölinni, ef hann hverfur aftur til hinnar sömu sveitar eftir dvöl sína í nefndum stofnunum.

25. gr.

Danskir ríkisborgarar, heimilisfastir hjer á landi, vinna sjer sveit eftir þeim reglum, er segir í 21. gr.

Aðrir utanríkismenn vinna sveit hjer á landi, þá er þeir fá íslenskan ríkisborgararjett, og eiga þá framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem þeir eiga lögheimili, er þeir öðlast ríkisborgararjettinn, þangað til þeir hafa unnið sjer sveit, eftir reglum 21. gr., annarsstaðar.

26. gr.

Kona gift er jafnan sveitföst þar, er maður hennar á sveit, og heldur ekkja manns sveitfesti þeirri, er maður hennar átti á deyjanda degi, þangað til hún vinnur sjer sjálf sveit. Svo heldur og kona, er skilin er að lögum við mann sinn, sveit þeirri, er hann átti, er þau skildu, þangað til hún vinnur sjer sjálf sveit.

27. gr.

Börn skilgetin og yngri en 16 ára fylgja framfærslusveit foreldranna þannig: Ef foreldrar eru báðir á lífi og hjónabandi þeirra eigi slitið að lögum, fylgja börnin sveit föður sins. Ef aðeins annað foreldra er á lífi, þá fylgja börnin framfærslusveit þess. Nú eru báðir foreldrar dánir, og fylgja þá börnin framfærslusveit þess þeirra, er síðar andaðist. Ef báðir foreldrarnir eru á lífi, en hjónabandi þeirra slitið að lögum, þá fylgir barn framfærslusveit þess foreldris, er það er hjá, eða síðast var hjá, eða það er á vegum þess.

28. gr.

Óskilgetin börn, yngri en 16 ára, fylgja framfærslusveit móður sinnar.

29. gr.

Maður 16 ára að aldri á framfærslurjett í fæðingarsveit sinni, þangað til hann vinnur sjer sveit.

30. gr.

Fæðingarsveit manns er sú sveit, þar er móðir hans átti lögheimili, er hann fæddist, eða átti síðast áður en barnið fæddist. Nú verður þetta eigi

vitað, og er þá sú sveit fæðingarsveit manns, þar er móðir hans var stödd, er hún ól hann.

31. gr.

Maður, sem eftir framansögðu hefir öðlast framfærslurjett á Íslandi, missir hann, þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á meðan hann að lögum getur eigi notið þeirra rjettinda, sem bundin eru við ríkisborgararjett. En öðlist hann aftur ríkisborgararjett, þá á hann framfærslu í þeirri sveit, er hann átti áður en hann varð borgari annars ríkis, þangað til hann vinnur sjer sveit af nýju eftir framantöldum ákvæðum.

32. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurjett hjer á landi samkvæmt framanskráðum ákvæðum, þurfandi fátækrastyrks hjer, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í þeirri sveit, þar er hann á lögheimili, eða, ef hann ekkert lögheimili á hjer á landi, þá í þeirri sveit, þar er hann dvelur, er hann verður styrks þurfandi.

Nú er þess krafist frá útlöndum, að tekið verði hjer við framfærslu manns, sem ekki á sveit hjer á landi eftir ákvæðum þessara laga, eða sveitfesti hans verður eigi fundin, og ráðherra álítur, að ekki verði hjá því komist að veita manni þeim viðtöku, og er þá rjett, að ráðherra vísi honum, með fjölskyldu, ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er hann til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum, skal henni endurgoldinn úr ríkissjóði.

III. kafli.

Um það, hvernig haga skuli styrkveitingu.

33. gr.

Sveitarstyrk skal veita á þann hátt, að gætt sje, svo sem verða má, hvorstveggja í einu, hagsmuna fátækrafjelagsins og þarfa og velferðar þurfalingsins.

34. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu þurfalings.

35. gr.

Purfamönnum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sje lagður þeim á heimili þeirra, eða þeim komið fyrir á góðum heimilum, þar sem vel fer um þá, þeir látnir fara í sjúkrahús, ef læknir álítur þess þörf, eða þeim loks komið fyrir á framfærslu- eða vinnustofnun, sem er undir umsjón lögreglustjóra og ráðherra hefir sett reglur fyrir.

36. gr.

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum yngri en 16

ára, og má þá fátækrastjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum.

Engu síður skal kosta kapps um að velja slík heimili handa munaðarlausum sveitarbörnum.

37. gr.

Ef foreldrar, sem eigi þiggja af sveit, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, eða fara illa með þau, þá skal fátækrastjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og hæfilega fræðslu og venjast algengri vinnu, og skal meðgjöf með þeim þangað talin sveitarstyrkur, veittur foreldrum barnanna, nema hún sje þegar í stað endurgoldin.

38. gr.

Sóknarprestar skulu líta eftir því, að fyrirmælum í 36. og 37. gr. sje fylgt, og yfir höfuð, að vel sje farið með börn þau, er ræðir um, svo og alla aðra niðursetninga í sóknum þeirra, sem og þurfamannabörn, er upp eru alin hjá foreldrum sínum. Ef presti þykir einhversstaðar vera misbrestur á þessu, og hann getur eigi með umvöndun komið lögun á það, ber honum að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á fátækrastjórninni til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn hafa einnig rjett til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær. Skulu slík mál sæta meðferð almennra lögreglumála.

39. gr.

Fátækrastjórn skal gera sjer far um að stuðla að því, að börn, sem upp eru alin á sveit, fái sæmilega atvinnu, þá er þau eru af ómagaaldri.

40. gr.

Vinnandi mönnum ósjúkum, er leita fátækrastyrks vegna þess að að þeim þrengir um stund, má hreppsnefnd eða bæjarstjórn vísa á atvinnu, ef fæst, eða til opinberrar vinnustofnunar, ef til er.

IV. kafli.

Vald sveitarstjórnar yfir þurfamönnum.

41. gr.

Sá, sem þegið hefir sveitarstyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld, sbr. þó 42., 43., 63., 66. og 67. gr.

Sveitarstyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barni innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í fjelagi, ef þau eru gift og bæði á

lífi, en annars því foreldri barnsins, er barnið fylgir að sveitfesti (27. og 28. gr.), ef það foreldri barnsins er á lífi; en sje barnið munaðarlaust, fellur endurgjaldskrafan niður.

42. gr.

Ekki á sveitarstjórn rjett á að krefjast nokkurs endurgjalds á styrk, veittum af sveitarfje til að greiða:

a. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kensluáhöld handa börnum undir 14 ára að aldri, og
b. Greftrunarkostnað þurfamanna, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.

43. gr.

Skylt er sveitarstjórn, er hún veitir styrk úr sveitarsjóði, að kveða svo á, að styrkurinn skuli ekki afturkræfur af styrkþega, ef hún telur það sanngjarnt vegna elli þiggjanda, ómegðar hans, veikinda hans eða þeirra, sem hann hefir á skyldaframfæri, eða vegna annara óhappa hans. Eigi styrkþegi ekki framfærslusveit þar, sem hann fær styrkinn, má þó sveitarstjórn dvalarsveitar ekki ákveða, að styrkurinn skuli teljast óafturkræfur, nema sveitarstjórn framfærslusveitar samþykki.

Ákvæðum 1. málsgr. má einnig beita um sveitarstyrk, sem veittur hefir verið 2 síðustu árin áður en lög þessi öðlast gildi, ef styrkþegi óskar.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk, ef 2 ár eru liðin frá því, er þurfamaðurinn þáði af sveit.

44. gr.

Nú hafa hjón komist í sveitarskuld í fjelagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fje til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau voru þá í, og ekkert á ekkju, ef hún hefir skyldu-ómaga.

45. gr.

Þegar þeginn sveitarstyrkur er færður inn í sveitarbókina og meiri hluti hreppsnefndar eða að minsta kosti oddviti hefir skrifað undir innfærsluna, að hún sje rjett tilfærð, er bókin sönnun fyrir skuldinni. Sveitarstjórn getur beiðst lögtaks á skuldum eftir fyrirmælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðnin er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

46. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn sveitarstyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftirriti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, legst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur sveitarþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær þurfamanni í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

47. gr.

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða eftirgefinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum sýslumanns eða bæjarfógeta svifta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviftur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sje endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviftur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

48. gr.

Sá, sem þiggur af sveit og er þó vinnufær, er skyldur að fara í hverja þá viðunanlega vist, og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sjer og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sje viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra, er sker úr því, eftir að hafa fengið umsögn sveitarstjórnarinnar og leitað álits tveggja óvilhallra manna.

Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann vinna af sjer barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til framfærslusveitar, enda greiði hún kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda eða hann hefir komist undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að honum að lögum, ef ekki er um seinan, að því er meðlagið snertir.

49. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hjer á undan, og má þá kæra hann um það fyrir lögreglu-

stjóra, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál.

50. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfjelaginu til þyngsla að minsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

51. gr.

Nú sýnir þurfalingur mikla óhlýðni eða þrjósku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í alt að 3 mánuði, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af sveitarsjóði.

V. kafli.

Viðskifti sveitarstjórna.

52. gr.

Nú þarfnast maður sveitarstyrks, og skal hann þá veittur honum af dvalarsveit jafnt fyrir það, þótt hann sje eigi sveitlægur þar í hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskyldan framfærslumann, jafnvel innsveitis. Þó á dvalarsveit aldrei heimtingu á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitarinnar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefir veitt þurfalingnum, nema svo standi á, sem segir í 57. gr., eða þurfalingur verður, eftir úrskurði hjeraðslæknis, eigi fluttur á framfærslusveit sína, sakir sjúkleika, þá er dvalarsveit hefir öðlast rjett til þess að flytja hann samkvæmt 58. gr.; skal framfærslusveit endurgreiða allan kostnað af honum upp frá því, meðan hann verður ekki fluttur. En skylt er framfærslusveit, ef þurfalingurinn er eða verður þess megnugur að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum hefir verið veittur af framfærslusveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin fjekk ekki endurborgaðan, verði að rjettri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveit rjett á að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærslusveit styrk þann, er ræðir um í 42. gr.

53. gr.

Áður en utansveitarþurfaling sje veittur sveitarstyrkur, skal — nema styrksþörfin sje svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unt er — sveitarstjórnin í dvalarsveitinni láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra þurfalinginn með vottum, til þess að fá skýrslu um þessi atriði:

1. Nafn, fæðingarstað, aldur þurfamannsins, og framfærslusveit hans, þá er hann var 16 ára gamall; sje hann giftur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi gifst.
2. Æfiferil hans eftir 16 ára aldur.
3. Hvort og hvenær hann hafi þegið sveitarstyrk, og hvort styrkurinn sje endurgoldinn.
4. Heimilisástæður hans og hag yfirleitt og hvers vegna hann sje þurfandi orðinn.

Sje skýrslan gefin fyrir lögreglustjóra, skal hún tekin í rjetti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún rituð á eyðublað, er ráðherra semur, gefin undir eiðstilboð, undirrituð af hreppstjóra, tveim vitundarvottum og þurfamanninum sjálfum. Nú verða hjón þurfandi fyrir sig og börn sín, og gefur þá maðurinn hina umræddu skýrslu, ef hann er viðstaddur eða til hans næst án of mikillar tafar. Að öðrum kosti gefur konan skýrsluna eftir bestu vitund, og sje skýrslu hennar í einhverju ábótavant, þá skal úr bæta svo fljótt sem hægt er og á þann hátt, er hentugast er.

Ef utansveitarbarn yngra en 16 ára þarfnast styrks, og hvorugt foreldra er innansveitar, þá skal leita skýrslna um barnið hjá þeim mönnum nærstöddum, sem helst mega af vita.

54. gr.

Nú er skýrsla sú, er um getur í næstu grein á undan, eigi tekin á löglegan hátt, áður en styrkurinn er veittur, eða svo fljótt og svo fullkomin, sem unt er, og missir þá hlutaðeigandi sveitarfjelag rjettinn til endurgjalds á styrknum.

55. gr.

Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 52. gr., og skal þá fátækrastjórnin, áður en hálfur mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda sýslumanni sínum eða bæjarfógeta áskorun um að útvega, svo fljótt sem við verður komið, viðurkenning fyrir sveitfesti þurfamanns, eða sönnun fyrir, hvar hann sje sveitlægur, svo framarlega sem þetta er eigi þegar fullvíst. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sje endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal send skýrsla sú, er um er rætt í 53. gr. Vanræki sveitarstjórnin að gera það, sem fyrir er mælt í grein þessari, missir sveitarsjóður rjett til endurgjalds á hinum veitta sveitarstyrk.

56. gr.

Hvar þess er dvalarsveit missir fyrir vanrækslu sveitarstjórnar, lögreglu-

stjóra eða hreppstjóra rjett til endurgjalds á styrk veittum utansveitarmanni, skulu þeir, er sekir eru, bæta sveitinni skaðann.

57. gr.

Þegar gerð er fyrirspurn til sveitarstjórnar um það, hvort hún kannist við framfærslurjett þurfalings í sveit sinni, eða sent erindi um önnur atriði viðvíkjandi sveitfesti þurfalings eða styrk honum veittan, skal hún, áður en 4 vikur eru liðnar frá því, er málaleitunin barst henni til handa, senda hlutaðeigandi yfirvaldi svar sitt við henni; að öðrum kosti skal það varða hana sektum, eftir atvikum dagsektum, sem renna í sýslusjóð, eftir ákvæði sýslumanns, eða í ríkissjóð eftir ákvæði ráðherra, ef bæjarstjórn er sek.

Nú verður dráttur á endurborgun sveitarstyrks til dvalarsveitar af hálfu framfærslusveitar meir en 6 mánuði frá því hún fjekk tilkynning um sveitarstyrkinn, og skal þá síðarnefnd sveit greiða vexti af styrksupphæðinni, 6 af hundraði um árið frá þeim tíma.

Nú verður eftir úrskurði yfirvalds óþarfur dráttur af hálfu framfærslusveitar á að viðurkenna sveitfesti þurfalings, og skal hún þá endurgreiða dvalarsveit hans allan þann styrk, er dvalarsveitin hefir veitt honum frá þeim tíma, sem framfærslusveit fjekk tilkynning um þurfaling.

58. gr.

Nú hefir maður, sem framfærslurjett á annarsstaðar, þegið 300 kr. styrk eða meira í dvalarsveit sinni, og hefir þá dvalarsveit hans og framfærslusveit hvor um sig rjett til að krefjast þess, að hann sje fluttur fátækraflutningi á framfærslusveit sína.

59. gr.

Þurfaling má eigi flytja fátækraflutningi úr einum hreppi í annan, nema áður sje ákveðið, hvar hann eigi framfærslurjett, annaðhvort með yfirlýsingu sveitarstjórnar þeirrar, er í hlut á, eða með úrskurði yfirvalds.

60. gr.

Nú á þurfalingur að flytjast á framfærslusveit sína, og skal þá lögreglustjóri fá honum vegabrjef, er sýni, frá hverri sveit og til hverrar sveitar hann skuli fluttur, svo og hve margt fólk er í flutningnum, ef um fleiri er að ræða. Skal tilgreina nöfn þeirra og aldur.

61. gr.

Dvalarsveit og framfærslusveit þurfalings annast flutning hans; koma þær sjer saman um, hvor þeirra skuli framkvæma hann, en náist ekki samkomulag um það, getur dvalarsveit ein annast flutninginn. Ef framfærslusveitin heimtar, að fátækraflutningur skuli fram fara, án þess að tiltaka, hvernig honum skuli hagað, skal líta svo á, að hún ætlist til, að sveitarnefndin í dvalarsveitinni annist flutninginn, enda skal hin síðarnefnda þá skyld þar til.

Flutningurinn byrjar hjá hreppstjóra eða lögreglustjóra í dvalarsveitinni, og endar hjá hreppstjóra eða lögreglustjóra í framfærslusveitinni.

62. gr.

Þurfamann skal flytja svo beina leið, sem verður, hvort sem flutningurinn fer fram landveg eða sjóveg; svo skal haga flutningi þurfalings, að lífi hans og heilsu sje eigi í hættu stofnað.

63. gr.

Af kostnaði við flutning þurfamanns ber dvalarsveit einn þriðjung, en framfærslusveit tvo þriðjunga; skal allur kostnaðurinn greiddur til bráðabirgða úr sjóði þess sveitarfjelags, er flutninginn annast.

Flutningskostnaðinn skal eigi telja sveitarstyrk veittan þurfaling.

64. gr.

Nú vanrækir sveitarstjórnin í dvalarsveitinni að flytja þurfamann fátækraflutningi, er henni bar að annast, og skal þá framfærslusveitin með öllu laus við að endurgjalda styrk þann, er þurfamaðurinn þiggur í dvalarsveitinni frá þeim tíma, er flutningurinn hefði átt fram að fara, þangað til hann verður framkvæmdur.

65. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfjelaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim. Sjeu sveitarfjelög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfjelag er, sem krafið er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðilja varð kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af sveitarframfæri milli sveitar hjer á landi og sveitarfjelags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli hlutaðeigandi íslensks og dansks ráðherra.

VI. kafli.

Sjerstakur styrkur úr ríkissjóði.

66. gr.

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði í sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala eða geðveikrahæli, þá greiðir framfærslusveit hans $^3/_5$ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 kr. á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfjelagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því,

sem ákveðið er í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Styrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur hjá styrkþega.

67. gr.

Nú er manni, sem á framfærslusveit hjer á landi, veittur sveitarstyrkur erlendis, og er þá framfærslusveit hans skylt að endurgjalda þann styrk alt að 400 kr. um árið, þó ekki yfir $^{5}/_{6}$ hluta styrksins. Það, sem fram yfir er, greiðist úr ríkissjóði. Sömuleiðis greiðist úr ríkissjóði allur kostnaður við flutning þess þurfamanns og skylduliðs hans frá útlöndum alla leið til framfærsluhreppsins, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst ekki á annan hátt endurgoldinn.

Styrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur.

VII. kafli.

Um það, hver lagaákvæði sjeu numin úr gildi með lögum þessum og hvenær lögin öðlast gildi o. fl.

68. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þessi lagaákvæði:

Lög nr. 44, 10. nóv. 1905, að því leyti, sem þau eru eigi áður úr gildi feld.

Lög nr. 33, 20. október 1913.

Lög nr. 61, 27. júní 1921.

Lög nr. 13, 20. júní 1923.

Ennfremur eru úr gildi numin öll önnur ákvæði gildandi laga, þau er koma í bága við lög þessi.

69. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1928.

Ed. **107. Breytingartillögur**

við frv. til laga um iðju og iðnað.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. Við 14. gr.
   1. tölulið skal orða svo:
      1. a. hefir sveinsbrjef í iðn sinni, eða

b. hefir fjelagarjettindi í sveinafjelagi iðnar sinnar, ef slíkt fjelag er til.

2. Við 23. gr.
   a. Í stað »500,00« komi: 50,00.
   b. Í stað »50,00« komi: 5,00.
   c. Í stað »100,00« komi: 10,00.

Nd. **108. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Fyrir »er ætlaður til útflutnings . . . . . er matshæfur« í 4. málsgr. 1. gr. laganna komi: er ætlaður til útflutnings í óbreyttu ástandi.

Fyrir »Yfirmatsmennirnir skulu einnig hafa« í 5. málsgr. sömu greinar komi: Yfirmatsmenn skulu hafa.

2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, þannig:

Ráðherra skipar hæfan mann til að samræma fiskimatið í öllum landsfjórðungum, og fer hann eftirlitsferðir í því skyni, eftir fyrirmælum ráðherra, til leiðbeiningar yfirfiskimatsmönnum. Þóknun fyrir eftirlitsstarfið og ferðir ákveður ráðherra, og telst það með ferðakostnaði yfirfiskimatsmanna.

Greinargerð.

4. málsgrein 1. gr. fiskimatslaganna frá 1922 hefir sumstaðar valdið ágreiningi og verið misjafnlega skilin. Þykir þar tvímælis orka um það, hvort matsskyldur sje sá fiskur, sem að vísu gengur kaupum og sölum innanlands og ætlaður er til útflutnings, en ekki fyr en löngu eftir skiftin eða í breyttu ástandi. Nefndin telur nauðsynlegt að gera þessi ákvæði skýr, en hinsvegar eigi rjett að íþyngja framleiðendum með matskostnaði um skör fram. Þess vegna leggur hún til, að matsskyldan við kaup og sölu innanlands taki aðeins til þess fiskjar, sem í óbreyttu ástandi á að flytja úr landi.

Vegna kvartana, sem fram hafa komið um ósamræmi í mati fiskjar frá einum landshluta til annars, telur nefndin nauðsynlegt, að skipaður sje maður til eftirlits og samræmingar matinu, sem ferðist um landið í því skyni.

Ed. **109. Breytingartillögur**

við frv. til laga um iðnaðarnám.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. Við 8. gr. Í stað »60« komi: 48.
2. Við 9. gr. 2. málsgrein skal orða svo:
   Lærimeistari skal skyldur að gefa nemanda að minsta kosti 8 daga sumarfrí á tímabilinu frá 1. júní til 15. september, eftir samkomulagi við nemanda. Eigi má draga kaup af nemanda fyrir þann tíma, er hann er í sumarleyfi.

Nd. **110. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

Við 1. gr., staflið 2. Orðið »olíufóðurkökum« falli burt.

Við 1. gr., niðurlagsákvæðin á eftir staflíðunum. Á eftir orðunum »tilbúin áburðarefni« komi: olíukökur.

Greinargerð.

Á nýafstöðnu Búnaðarþingi var samþykt í einu hljóði, samkvæmt tillögu frá skólastjóranum á Hvanneyri, að óska þess af Alþingi, að þessi breyting yrði samþykt af Alþingi. Ástæður felast í greinargerð, sem hjer fer á eftir og samin er af búfjárræktarnefnd Búnaðarþingsins.

»Frumvarpið fer fram á, að afnuminn sje tollur á olíukökum, sem nú er 1 kr. á hverjum 50 kg.

Þetta er bygt á því, að hjer á landi vantar oft eggjahvítu í fóður búfjárins, og fæst hún ekki í öðru heppilegra og betra fóðri en olíukökum. Einhver kynni að benda á síldarmjöl, sem hjer er framleitt, og það að tolla olíukökur, sje því gert til þess að styðja að því að síldarmjöl sje keypt, en sparað að kaupa fóður frá öðrum löndum. En þetta er ekki heppilegt. Það er sannað, að allar skepnur þurfa að hafa fleiri tegundir eggjahvítu, til að geta lifað og framleitt afurðir, en í síldarmjöli er einhæf eggjahvíta, og getur það þegar af þeirri ástæðu ekki komið í stað olíukaka, heldur eingöngu sem liður í góðri fóðurblöndu.

Að oft vanti eggjahvítu í fóðrið má sanna, þó það verði ekki gert hjer, en benda skal á, að hana vantar ætíð þegar kýr mjólka mikið, hversu góð sem

taðan er. Hana vantar líka oft þó kýrin mjólki lítið, ef taðan er hrakin, og svo vill oft verða í misjöfnum sumrum, og svo er nú í vetur. Loks vantar oft eggjahvítu í fóður ánna þegar líður á meðgöngutímann, ef hey er hrakið, og gætir þessa oft á vorin eftir harða vetur, og hrakin hey. Af öllu þessu er auðsætt, að til þess að bændur geti fóðrað rjett fjenað sinn, þurfa þeir að eiga aðgang að því að kaupa olíukökur, án þess að þær sjeu gerðar dýrari með tollum, sem ríkissjóð munar litlu, en einstaka kaupendur miklu«.

Nd. **111. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

a-liður 2. flokks 2. gr. laganna orðist svo:

a. Dansleikar allir, hvort sem einstök fjelög eða dansskólar stofna til þeirra eða þeir eru haldnir fyrir allan almenning, ennfremur dansæfingar, er standa fram yfir kl. 11 að kvöldi. Haldi fjelag dansleik og sje aðganga ókeypis, er lögreglustjóra heimilt að ákveða skattinn.

2. gr.

Orðin »er njóta opinbers styrks« í b-lið 1. flokks falli burt.

Orðin »og sjónleikar, er ekki teljast til 1. flokks«, í d-lið 2. flokks falli burt.

3. gr.

Aftan við 3. gr. bætist nýr liður:

d. Dansleikar skóla, annara en dansskóla, og skólafjelaga, enda fari þeir fram í herbergjum hlutaðeigandi skóla og sjeu fyrir nemendur og kennara eina, ásamt gestum þeirra.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 40, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Nd. **112. Frumvarp**

til laga um innflutningsgjald af bensíni til viðhalds vegum.

Flutningsm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Auk vörutolls skal greiða innflutningsgjald af bensíni, er nemi kr. 2,50 af hverjum 50 kg.

2. gr.

Af innflutningsgjaldinu samkvæmt lögum þessum skal stofna sjerstakan sjóð, sem landsstjórnin geymir. Heimilt er að verja fje úr sjóðnum, samkvæmt tillögum vegamálastjóra, til þess að greiða aukakostnað, er af því stafar að gera slitlag á vegum utan kaupstaða úr grjótmulningi, tjörusteypu eða öðru efni, er hæfir umferð bifreiða, þegar slíkir vegir eru endurbygðir eða endurnýja þarf slitlag þeirra. Skulu þeir vegir ganga fyrir, þar sem mest er umferð bifreiða.

Um innheimtu innflutningsgjaldsins fer eftir lögum um vörutoll.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 27. júní 1921, um bifreiðaskatt.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Greinargerð.

Þegar bifreiðum fjölgaði hjer á landi, kom það brátt í ljós, hve mjög þær slitu akvegum. Það þótti því sanngjarnt, að bifreiðaeigendur ljetu eitthvað af mörkum til þess að bæta skemdirnar og halda við vegunum.

Með lögum nr. 56, 27. júní 1921, var lagður skattur á bifreiðar, og var skatturinn miðaður við hestorku vjelarinnar. Mönnum er nú orðið ljóst, að mælikvarði þessi er skakkur, því það liggur í augum uppi, að það er ekki hestorka vjelarinnar, heldur aðallega hitt, hve mikið bifreiðinni er ekið, sem gefur bendingu um það slit, sem bifreiðin orsakar á vegunum.

Bensíneyðslan segir sæmilega til um notkun bifreiðarinnar, og virðist því, sem það sje heppileg leið til að ná af bifreiðaeigendum gjaldi til viðhalds veganna, að leggja nýjan innflutningstoll á bensín, enda sje þá bifreiðaskatturinn úr lögum numinn.

Það hefir þótt hæfilegt að stinga upp á, að innflutningsgjald þetta nemi

2,50 kr. á hver 50 kg. af bensíni, og má áætla, að það jafngildi fyllilega bifreiðaskattinum samkv. l. nr. 56, 27. júní 1921.

Frv. þetta er flutt samkv. áskorun fjölda bifreiðaeigenda.

Nánara í framsögu.

Nd. 113. Breytingartillögur

við frv. til fátækralaga.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. Við 20. gr.
   Fyrir »og heldur þá . . . . sveitarfjelagi hans« komi: og fylgir þá framfærsluskyldan þeirri sveit, er maður verður í við skiftinguna.
2. Við 21. gr. Greinin orðist svo:
   Eftir 16 ára aldur á hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem hann á lögheimili, eða sannanlega átti síðast lögheimili.
3. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
   Þeirri sveitfesti, er þurfamenn eiga, þá er lög þessi ganga í gildi, halda þeir á meðan þeir standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Að öðru leyti fer um sveitfesti manna, er þeir eiga nú, svo sem segir í 21. gr.
   Þeirri framfærslusveit, er maður á, sem orðinn er 60 ára gamall, heldur hann síðan.
4. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
   Rjettur til framfærslu telst frá þeim degi, að honum meðtöldum, er innflytjandi eignaðist lögheimili í sveitinni, til þess dags, er hann fær lögheimili í annari sveit.
5. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
   Eigi ávinnur maður framfærslurjett með dvöl í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða þesskonar stofnun, eða fangahúsi. Slík dvöl slítur eigi sveitfesti í þeirri sveit, er maður átti lögheimili áður.
6. Við 25. gr. Burt falli niðurlag annarar málsgreinar: »er þeir ... annarsstaðar«.
7. Við 26. gr. Greinin orðist svo:
   Kona gift á framfærslurjett þar, sem maður hennar á sveit, og heldur ekkja sveitfesti þeirri, er maður hennar átti á deyjanda degi, þangað til hún öðlast framfærslurjett í annari sveit. Svo heldur og kona, er skilin er að lögum við mann sinn, þeirri sveit, er hann átti, er þau skildu, þangað til hún fær framfærslurjett í annari sveit.
8. Við 29. gr.
   Fyrir »vinnur sjer sveit« komi: öðlast framfærslurjett í annari sveit.
9. Við 31. gr.
   Fyrir »vinnur sjer sveit« komi: öðlast framfærslurjett.

Nd. **114. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 14, 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Ráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast reikningslán það, sem Landsbanki Íslands tekur á þessu ári hjá The National City Bank of New-York, auk þeirra lána, sem ríkisstjórnin hefir þegar ábyrgst fyrir bankann. Heimilt er ráðherra einnig að endurnýja ábyrgðina frá ári til árs fyrir þau af þessum lánum, sem veitt eru til eins árs í senn.
2. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast lán fyrir Landsbanka Íslands.

Nd. **115. Breytingartillögur**

við frumv. til fátækralaga.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

1. Fyrirsögnin á II. kafla »Um framfærslusveit« breytist í: Um framfærslurjett.
2. 20. gr. orðist svo:
   Ríkið alt er sameiginlegt framfærslufjelag, og á hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, framfærslurjett í dvalarsveit sinni.
3. 21. gr., 22. gr., 23. gr. og 24. gr. falli burt og greinatalan breytist samkvæmt því.
4. Á eftir 20. gr., komi ný grein, er verður 21. gr., svo hljóðandi:
   Danskir ríkisborgarar heimilisfastir hjer á landi eiga sama framfærslurjett sem íslenskir ríkisborgarar meðan þeir dvelja hjer.
   Aðrir utanríkismenn eignast framfærslurjett hjer á landi, þegar þeir fá íslenskan ríkisborgararjett.
5. 26. gr., 27. gr., 28. gr., 29. gr. og 30. gr. falla burt og greinatalan breytist samkvæmt því.
6. 31. gr., er verður 22. gr., orðist svo:
   Maður, sem eftir framansögðu hefir öðlast framfærslurjett á Íslandi, missir hann, þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á meðan hann að lögum getur eigi notið þeirra rjettinda, sem bundin eru við ríkisborgararjett. En öðlist hann aftur ríkisborgararjett, þá á hann framfærslu í þeirri sveit, er hann kýs að dvelja í.
7. 32. gr., er verður 23. gr., orðist svo:

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurjett hjer á landi samkvæmt framanskráðum ákvæðum, þurfandi fátækrastyrks hjer, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í dvalarsveit hans.

Nú er þess krafist frá útlöndum, að tekið verði hjer við framfærslu íslensks ríkisborgara, og ráðherra álítur, að ekki verði komist hjá því að veita manni þeim viðtöku, og er þá rjett, að ráðherra vísi honum, með fjölskyldu, ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er hann til þess kýs.

8. 2. málsgr. 41. gr., er verður 32. gr., orðist svo:

Sveitarstyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í fjelagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en því foreldri, sem er á lífi, ef annað er dáið, og því foreldri, sem það er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

9. 43. grein, er verður 34. grein, breytist svo:

a. Í staðinn fyrir orðin »ef 2 ár . . . . . þáði af sveit« í 3. málsgr. komi: hvenær sem er.

b. Á eftir 3. málsgrein komi 3 nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Styrkur, sem veittur er styrkþega, sem er fullra 60 ára að aldri, telst ekki sem sveitarstyrkur.

Styrkur, sem veittur er vegna ómegðar þiggjanda, og styrkþegi á minst 4 heimilisföst börn framfærsluskyld, ef karlmaður á í hlut, en minst 2 börn, ef kona á í hlut, telst ekki sem sveitarstyrkur.

Styrkur, sem veittur er vegna slysa eða heilsuleysis þiggjanda, og styrkþegi sannar með vottorði læknis, að hann hafi þess vegna verið ófær til vinnu minst 3 mánuði í senn, telst ekki sem sveitarstyrkur.

10. Við 48. gr., er verður 39. gr.

a. Orðin »eða látið . . . 20 daga fangelsi« í 2. málsgr. falli burt.

b. 3. málsgr. falli burt.

11. Fyrirsögnin á V. kafla »Viðskifti sveitarstjórna« breytist í:

Um styrkveitingar og niðurjöfnun fátækrakostnaðar.

12. 52. gr., er verður 43. gr., orðist þannig:

Nú þarfnast maður sveitarstyrks, og skal hann þá veittur honum af dvalarsveit hans.

13. Á eftir 52. gr. komi ný grein, er verður 44. grein, svo hljóðandi:

Í lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en 1. febrúar næsta ár, sendir sveitarstjórn til atvinnumálaráðuneytisins yfirlit yfir framfærslukostnað þann, sem hún hefir haft á árinu, sannað með nægum skilríkjum. Atvinnumálaráðuneytið jafnar síðan niður samanlögðum fátækrakostnaði allra sveita landsins á hverja sveit, að hálfu eftir samanlögðu skattmati fasteigna í sveitinni, í samanburði við samanlagt skattmat allra fasteigna í landinu, að hálfu eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausra eigna og tekna af eign og atvinnu í sveitinni, í samanburði við samanlagðar tilsvarandi fjárhæðir á öllu landinu. Atvinnumálaráðuneytið innheimtir síðan eftirstöðvar fátækrakostnaðar hjá þeim sveitum, sem greitt hafa minna en þeim ber samkvæmt þessari niður-

jöfnuð, og endurgreiðir þeim sveitum mismuninn, sem hafa greitt of mikið. Skal þeim innheimtum og endurgreiðslum lokið fyrir 1. júlí vegna undanfarandi árs.

14. Við 53. gr., sem verður 45. gr.
    a. 1. liður orðist þannig: Nafn, fæðingarstað og aldur þurfamannsins.
    b. 2. liður falli burt og breytist liðatalan samkvæmt því.
15. 54. gr., 55. gr., 56. gr., 57. gr., 58. gr., 59. gr., 60. gr., 61. gr., 62. gr., 63. gr. og 64. gr. falli burt og greinatalan breytist samkvæmt því.

Ed. 116. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um rannsókn á akvegarstæði milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og Fljótsdalshjeraðs.

Flutningsm.: Jóh. Jóhannesson.

Í stað orðanna í fyrri málsgrein tillögunnar: »milli Seyðisfjarðarkaupstaðar . . . . að Eiðum«, komi: yfir Fjarðarheiði milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og Fljótsdalshjeraðs.

Nd. 117. Breytingartillögur

við frv. til fátækralaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 7. gr. 2. mgr. falli burt.
2. — 11. — Fyrir »1 kr.« í 2. mgr.: komi: 2 kr.
3. — 47. — Fyrir »sýslumanns eða bæjarfógeta« komi: lögreglustjóra.
4. — 55. — Fyrir »sýslumanni sínum eða bæjarfógeta« komi: yfirvaldi sínu.

Ed. 118. Nefndarálit

um frumvarp til laga um laun skipherra og skipverja á varðeimskipum ríkisins.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir rætt þetta frv. á nokkrum fundum án þess samkomulag hafi fengist um það.

Meiri hlutinn fellst á þá leið, sem farin er með frv., þá, að ákveða laun skipherra og skipverja við landhelgisvarnirnar með lögum, í stað þess að ráða þá eftir þeim reglum, sem tíðkast um fiskiskip og flutningaskip.

Lítilsháttar breytingar vill meiri hlutinn samt gera á launakjörum stýrimannanna, annara en 1. stýrimanns, og fullgildra háseta.

Meiri hlutinn álítur, að yfirmenn skipanna, og ef til vill fullgildir hásetar, sjeu líklegri til að verða á skipunum að staðaldri en aðrir, og verði að taka tillit til þess, þegar ákveðin eru laun skipverja.

Samanborið við laun vjelamanna og annara yfirmanna virðast laun 2. og 3. stýrimanns vera nokkuð lág, og vill meiri hlutinn hækka þau lítilsháttar. Sama er að segja um laun fullgildra háseta. Þá telur meiri hlutinn sanngjarnt, að þeim af skipverjum varðskipanna, sem stöðugt voru á björgunar- og eftirlitsskipinu »Þór« áður en hann varð eign ríkisins, sje talinn sem starfstími í þjónustu ríkisins sá tími, er þeir voru á nefndu skipi, og hækkun launanna, sú er miðast við tveggja ára frest, sje miðuð við það.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. 2. málslið.
   a. Í stað »2900 kr.« komi: 3100 kr.
   b. Í stað »3300 kr.« komi: 3500 kr.
2. Við 2. gr. 3. málslið.
   a. Í stað »2300 kr.« komi: 2500 kr.
   b. Í stað »2700 kr.« komi: 2900 kr.
3. Við 5. gr.
   a. Í stað »1800 kr.« komi: 2000 kr.
   b. Í stað »2000 kr.« komi: 2200 kr.
4. Á eftir 10. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Starfstími þeirra af skipverjum, sem áður voru að staðaldri í þjónustu Björgunarfjelags Vestmannaeyja, telst frá þeim tíma, er þeir lögskráðust í fyrsta skifti á björgunar- og eftirlitsskipið »Þór«, og reiknast kauphækkun þeirra eftir því.

Alþingi, 5. mars 1927.

Björn Kristjánsson, form.	Jónas Kristjánsson.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrifari og frsm.

Ed. **119. Nefndarálit**

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá meiri hl. stjórnarskrárnefndar.

Nefnd sú, er háttv. Ed. kaus til þess að athuga ofannefnt frv., hefir athugað það og rætt á nokkrum fundum.

Öll nefndin fellst á þá breytingu frv., að reglulegt Alþingi skuli eftirleiðis aðeins háð annaðhvert ár. Aðalástæðan fyrir þessari breytingu er sparnaður sá,

em af henni hlýtur að leiða. Sú hefir síst orðið raunin á, að þingin hafi verið styttri síðan farið var að heyja þing á hverju ári en áður var, og alþingiskostnaðurinn hefir verið gífurlegur síðustu árin, frá 384 þúsund krónum árið 1921 niður í 202 þúsund krónur árið 1924. Hjer er því ekki um óverulegan sparnað að ræða, jafnvel þótt gengið sje út frá því, að fjárlagaþingin verði heldur lengri en nú eru þau, að þingkostnaðurinn fari lækkandi vegna minkandi dýrtíðar og að aukaþing verði haldið annað slagið þau árin, sem reglulegt Alþingi verður ekki háð, því þau verða þó ætíð styttri en fjárlagaþing, þar sem þau munu aðeins kölluð saman þegar einhver knýjandi ástæða er til þess, og málamergðin ekki verða nærri eins mikil og á reglulegum fjárlagaþingum.

Það er enginn vafi á því, að mikill meiri hluti kjósenda landsins krefst þess, og það með rjettu, að þingum verði fækkað og til muna dregið úr alþingiskostnaðinum.

Þá er og öll nefndin sammála um, að gera eigi leiðrjettingar þær á tölum í 26. gr. stjórnarskrárinnar, sem felast í 3. gr. frv.

Loks er öll nefndin sammála um breytingu þá á stjórnarskránni, sem felst í 5. gr. frv., og telur það ekki mega koma fyrir aftur, að stofnað sje til kosninga um land allt, þótt svo vilji til, að landskjörinn þingmaður og varamaður hans deyi báðir á kjörtímabilinu.

Hinsvegar eru 2 nefndarmanna (I. P. og J. J.) mótfallnir lengingu þeirri á kjörtímabili kjördæmakjörinna þingmanna og breytingu þeirri á landskjörinu, sem í frv. felast, og ætla að færa ástæður fyrir í sjerstöku nefndaráliti.

Meiri hluti nefndarinnar getur hinsvegar einnig fallist á þessar breytingar og á ástæður þær, sem fyrir þeim eru færðar í athugasemdunum við frv. Sjerstaklega leggur hann áherslu á það, að óumflýjanlegt virðist að breyta núgildandi ákvæðum um landskjörið svo, að það komi ekki í bága við hátíðahöldin í tilefni af 1000 ára afmæli Alþingis árið 1930, og að nauðsynlegt er að gera þá breytingu nú á þessu síðasta þingi kjörtímabilsins, til þess að forðast aukakosningar og hinn mikla kostnað, sem af þeim leiðir.

Meiri hluti nefndarinnar leyfir sjer því að leggja það til við háttv. deild, að hún samþykki frv. óbreytt.

Alþingi, 7. mars 1927.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Ingibjörg H. Bjarnason, ritari.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. **120. Frumvarp**

til laga um viðurlög við ölvan embættismanna, skipstjóra o. fl.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Hver sá embættismaður eða sýslunarmaður, sem er ölvaður, þegar hann

er að gegna embætti sínu eða sýslan, sæti refsingu, í fyrsta sinn sektum frá 50—500 kr., í annað sinn sektum frá 100—1000 kr. Verði slíkt oftar, skal auk hinnar síðarnefndu sektar svifta hinn brotlega embætti sínu eða sýslan um stundarsakir, eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt ekki sje hann embættismaður, sem er ölvaður þegar hann er að gegna læknisstörfum sínum, og kemur þá missir lækningaleyfis, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, í stað embættis- eða sýslunarmissis.

2. gr.

Sömu viðurlög liggja og við því, ef skipstjórar eða stýrimenn, bátaformenn eða vjelstjórar eru ölvaðir við störf sín á skipi því, sem þeir eiga að stjórna eða annast á vjelgæslu. Kemur þá missir rjettar til skipstjórnar og stýrimensku eða vjelgæslu, eftir því sem við á, í stað embættis- eða sýslunarmissis.

3. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara sem með opinber lögreglumál.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram eftir ósk nokkurra bindindis- og bannvina hjer í bænum.

Nd. **121. Nefndarálit**

um frv. til laga um varnir gegn vörtupest í kartöflum og annari sýkingu nytjajurta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta hefir nefndin athugað gaumgæfilega og orðið sammála um að gera á því nokkrar orðabreytingar og eina efnisbreytingu.

Nefndin telur betur fara og fullnægjandi að nefna aðeins jurtasjúkdóma án þess að skordýr, kvikindi o. fl. sje þar upp talið. Tilætlun nefndarinnar er því, að í orðinu »jurtasjúkdómar« í öllum föllum og beygingum, sem fyrir koma í frv., felist alt, er sjúkdómnum veldur. Orðalag fjögra fyrstu greina frv. breytist eftir því.

Þegar svo stendur á, að nauðsyn ber til að eyðileggja uppskeru vegna almennrar hættu, sem stafar af sýkingu nytjajurta, virðist sanngjarnt, að eigandi fái hæfilegt verð fyrir og alfallalaust. Það er einnig í samræmi við hliðstæð lagaákvæði, sbr. lög nr. 24, 16. nóv. 1907, 8. gr. Hjer er því farið fram á breytingu á 6. gr. frv.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:

Stjórnarráðinu er heimilt að gera þær ráðstafanir, er það álítur nauðsynlegar til að hindra það, að hættulegir jurtasjúkdómar berist til landsins, og sömuleiðis til að hindra útbreiðslu slíkra sjúkdóma, hvar og hvenær, sem þeirra verður vart innanlands.

2. 2. gr. orðist svo:

Stjórnarráðið ákveður, hvaða sjúkdóma beri að skoða svo hættulega, að varnarráðstafanir skuli gera samkvæmt lögum þessum, og setur reglugerð um þær.

3. 3. gr. orðist svo:

Stjórnarráðinu er heimilt að skipa einn eða fleiri menn til eftirlits og rannsókna, þar sem hætta getur verið á skaðlegum sjúkdómum fyrir nytjajurtir. Er eftirlitsmönnum heimilt að framkvæma þær rannsóknir eftir þörfum, hvort heldur er í sölubúðum, geymslustöðum, matjurtagörðum eða öðrum gróðurreitum. Þeim er og heimilt að taka nauðsynleg sýnishorn án endurgjalds til rannsókna og gera þær bráðabirgðaráðstafanir, er þeir telja nauðsynlegar.

4. 4. gr. orðist svo:

Hver sá, sem hefir til eignar eða umráða jurtir eða jurtahluta, er hann hefir ástæðu til að ætla, að geti verið sjúkar eða geti sýkst, t. d. vörtupest í kartöflum, er skyldur að tilkynna það samkvæmt reglugerðarákvæðum, og má hann ekkert flytja burt af þeim hlutum nje af hendi láta fyr en leyfi er til þess fengið.

5. 5. gr. orðist svo:

Ákveða má í reglugerð, að vottorð um, að kartöflur sjeu heilbrigðar, og lausar við vörtupest sjerstaklega, og umbúðir ósóttnæmar, skuli fylgja hverri kartöflusendingu þaðan, sem hætta er á, að skæðir jurtasjúkdómar geti borist til landsins.

6. 1. og 2. málsliður 6. gr. orðist svo:

Ákveði stjórnarráðið, að uppskeru skuli eyðileggja, fær eigandi hæfilegt verð uppskerunnar greitt úr ríkissjóði, eftir mati dómkvaddra manna.

Kostnaður við varnarráðstafanir samkv. lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Eigendum vara, ahalda, garða eða gróðurreita ber þó að láta í tje nauðsynlega vinnu við framkvæmd varnarráðstafana endurgjaldslaust.

7. Fyrirsögnin verði:

Frv. til laga um varnir gegn vörtupest í kartöflum og sýkingu annara nytjajurta.

Alþingi, 7. mars 1927.

Pjetur Þórðarson, form. og frsm.	Árni Jónsson, fundaskrifari.

Jörundur Brynjólfsson. Halldór Stefánsson. Hákon Kristófersson.

Nd. **122. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að rannsaka hag bátaútvegsins og gera tillögur til tryggingar honum.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

1. Í fyrstu málsgr. breytist orðið »bátaútvegsins« í: sjávarútvegsins.
2. Í 1. lið komi í staðinn fyrir orðið »bátaútvegsins«: sjávarútvegsins.
3. Í staðinn fyrir orðin »þessum atvinnuvegi« komi: sjávarútveginum.
4. Í fyrirsögn tillögunnar breytist orðið »bátaútvegsins« í: sjávarútvegsins.

Nd. **123. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. gr.

Í stað 10. greinar, er falli burtu, komi ný grein, er orðist svo:

Til að framkvæma matið skulu skipaðar þrjár matsnefndir á þann hátt, er hjer segir:

Fyrir kaupstaði, sem hafa sjerstök bæjarrjettindi, skal skipa eina nefnd. Skipar stjórnarráðið 1 mann, bæjarstjórnir kjósa 2 menn hver, sem með þeim stjórnskipaða manni eiga sæti í matsnefnd, hverjir tveir fyrir fasteignir innan sins kaupstaðar.

Fyrir kauptún, sem eru sjerstök hreppsfjelög, og fyrir hreppa, þar sem eru fjölmenn kauptún innan hrepps, skal skipuð önnur nefnd. Skipar stjórnarráðið 1 mann, hlutaðeigandi sýslunefnd kýs 1 mann, sem á sæti í nefndinni fyrir öll slík kauptún innan sýslunnar. Loks kjósa hreppsnefndir þriðja manninn, er hver á sæti í nefndinni fyrir sitt kauptún.

Fyrir alla aðra hreppa skal skipa þriðju nefndina. Skipar stjórnarráðið 1 mann í nefndina, hlutaðeigandi sýslunefnd kýs 1 mann, er sæti á í nefndinni fyrir alla hreppana innan sýslunnar, og loks kýs hreppsnefnd hver 1 mann, er sæti á í nefndinni hver fyrir sinn hrepp.

Á sama hátt skal skipa 3 varanefndarmenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir reglum þeim, sem settar eru í reglugerð.

Stjórnarráðið ákveður nánar, hvernig hreppunum skal skift á milli matsnefnda, svo að verksvið þeirra verði sem jafnast.

Hinir stjórnskipuðu menn eru formenn nefndanna.

Í yfirmatsnefnd fyrir allar fasteignir í landinu kýs sameinað Alþingi 2 menn. Sje sá formaður nefndarinnar, sem fleiri atkvæði fær. Þriðja sætið í

nefndinni skipa formenn undirmatsnefndanna, hver fyrir þann flokk fasteigna, sem hann í undirmatsnefnd hefir átt þátt í að meta.

2. gr.

Í stað 11. greinar, er falli burtu, komi ný grein, er orðist svo:

Formenn undirmatsnefnda skulu skipaðir æfilangt. Aðrir nefndarmenn skulu skipaðir til 10 ára. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá af öðrum ástæðum áður en starfstími hans er liðinn, tekur varamaður hans sæti í nefndinni þann tíma, sem hann átti eftir.

Enginn, sem verið hefir 10 ár eða lengur í nefnd, er skyldur til að taka skipun að nýju. Sextugur maður er ekki skyldur til að taka á móti endurskipun.

Greinargerð.

Þegar frummatinu var lokið á árunum 1916—19, þá þótti það augljóst, að ósamræmi væri svo mikið á verðmæti fasteigna á milli hinna ýmsu sýslna og kaupstaða, að matið væri óviðunandi grundvöllur til að byggja á svo verulegan skatt sem fasteignaskatturinn er. Til þess að ráða nokkra bót á þessu og samræma matið svo sem frekast væri unt, var þá skipuð yfirmatsnefnd fyrir land alt með bráðabirgðalögum. Þó að hún hafi eflaust jafnað nokkuð mestu misfellurnar, þá eru engar líkur til, að það hafi tekist viðunanlega eins og matið var undirbúið, þ. e. án allrar samvinnu og samanburðar á milli hinna mörgu algerlega staðlega skipuðu nefnda.

Við næsta mat horfir til hins sama, að óbreyttri tilhögun um matsnefndirnar. Með frv. þessu er stungið upp á þeirri tilhögun á skipun matsnefndanna, sem líkleg er til þess, að betra yfirlit og samræmi fáist í matið, svo að það verði rjettlátari skattstofn til að byggja á.

Nd. **124. Lög**

um viðauka við námulög, nr. 50, 30. júlí 1909.

(Afgreidd frá Nd. 7. mars).

1. gr.

Nú hefir maður fengið málmgraftrarbrjef á svæði, sem ríkið hefir ekki látið gera uppdrátt af og enginn fullkominn uppdráttur er til yfir, og er honum þá heimilt að fresta að senda lögreglustjóra beiðni um útmælingu þangað til ríkissjóður hefir látið gera slíkan uppdrátt af námusvæðinu eða uppdrátturinn er fenginn á annan hátt.

Áður ár er liðið frá því er uppdráttur var gerður samkvæmt 1. málsgr. og allir eiga kost á að fá hann, skal sá, er málmgraftrarbrjef hefir, hafa beiðst

útmælingarinnar, að viðlögðum missi finnandarjettarins. Þegar slíkur uppdráttur er fyrir hendi, er lögreglustjóra heimilt að láta af hendi útmælingarbrjef eftir uppdrættinum, án þess að fara á staðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **125. Lög**

um uppkvaðningu dóma og úrskurða.

(Afgreidd frá Nd. 7. mars).

1. gr.

Kveða skal hinn reglulegi hjeraðsdómari upp dóma, bæði í einkamálum og opinberum málum, í skrifstofu sinni eða í þinghúsi heimilisþinghár sinnar, enda þótt utan þinghár sje, þar sem mál var flutt.

2. gr.

Nú skal setudómari kveða upp dóm í máli, sbr. 1. gr., og skal hann þá segja dóm upp í kaupstað þeim eða kauptúni, þar sem hann á heima, eða á heimili sínu, þótt það sje utan þinghár eða lögsagnarumdæmis, þar sem með málið var farið.

3. gr.

Ef kveða skal upp úrskurð í dómsmáli, sbr. 1. gr., þá skal svo með fara sem í 1. og 2. gr. segir.

4. gr.

Ávalt er dómara skylt að veita aðiljum vitneskju um uppsögn dóms eða úrskurðar, þegar er þess er kostur, ef uppkvaðning fer fram utan þinghár eða lögsagnarumdæmis, þar sem mál er eða var flutt eða dómsathöfn skyldi fram fara.

5. gr.

Nú á dómari samtímis öðrum störfum að gegna á þeim stað, er mál var eða er flutt eða dómsathöfn skyldi fram fara, eða hann á þar leið um, og ber honum þá að kveða þar upp dóm sinn eða úrskurð. Sama er og, ef aðili krefst þess, að þar verði dómur eða úrskurður upp kveðinn, en bera skal aðili þá allan þann kostnað, sem af kröfu hans leiðir, hver sem málsúrslit verða og hvort sem hann hefir haft gjafsókn eða gjafvörn, að einhverju leyti eða öllu, eða ekki.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Nd. **126. Breytingartillögur**

við frumvarp til fátækralaga.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

Við 36. gr.

1. Aftan við fyrstu málsgrein komi: Þó þarf fátækrastjórn leyfi foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema heimilislíf foreldranna megi teljast siðspillandi fyrir börnin eða þeir fari illa með þau.
2. Á eftir 2. málsgr. komi ný 3. málsgr., svo hljóðandi:
   Ekki má fátækrastjórn skilja hjón samvistum nema með leyfi þeirra.

Ed. **127. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um útflutningsgjald, nr. 70, frá 27. júní 1921, og lögum nr. 11, 29. maí 1925, um breyting á þeim lögum o. fl.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 70, frá 27. júní 1921, orðist svo:

Af öllum íslenskum afurðum, sem fluttar eru til útlanda, nema landbúnaðarafurðum, hverju nafni sem nefnast, síld, fóðurmjöli, fóðurkökum og áburðarefnum skal greiða í ríkissjóð 1% af verði afurðanna.

2. gr.

1. gr. laga nr. 11, 29. maí 1925, um breyting á lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald o. fl., orðist svo: Fyrir »1%« í 1. gr. laganna komi: 1½%, nema af útfluttum landbúnaðarafurðum.

Greinargerð.

Íslenskur landbúnaður á nú við svo mikla erfiðleika að stríða, að óhyggilegt verður að telja að þvinga hann með útflutningstolli. Á síðastliðnu þingi var ljett af sjávarútveginum skatti af olíu, kolum, salti og síldartunnum, en af einhverri óaðgæslu hefir forgöngumönnum þeirrar breytingar láðst að veita landbúnaðinum þá sjálfsögðu rjettarbót, sem hjer er farið fram á. Að því leyti, sem útflutningsgjaldið gengur um stund til ræktunarsjóðs, er það þó bygt á misrjetti, þar sem þau hjeruð, sem selja afurðir sínar á útlendan markað, bera þennan skatt fyrir þau hjeruð, er njóta innlenda markaðsins fyrir framleiðsluvörur sínar.

Nd. 128 Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefir íhugað þetta mál allrækilega.

Meiri hluti nefndarinnar er á einu máli um það, að brýna nauðsyn beri til að endurskoða búnaðarlöggjöf landsins.

Má og nokkuð sjá, að þess muni ekki vera vanþörf, eftir þeim mörgu og margvíslegu breytingum, sem nú er farið fram á, að gerðar sjeu.

Leggur nefndin því til, að háttvirt deild samþykki tillöguna með þessari

BREYTINGU:

Tillögugreinina skal orða svo:

Alþingi ályktar að kjósa tvo menn í milliþinganefnd í sameinuðu þingi, með hlutfallskosningu, til þess að athuga og endurskoða alla landbúnaðarlöggjöf vora og gera tillögur um að samrýma hana, og ennfremur að gera tillögur um nýja löggjöf í ýmsum greinum landbúnaðarins, er miklu máli skifta.

Þriðja mann í milliþinganefndina skipar atvinnumálaráðherra.

Verkefni nefndarinnar er meðal annars:

1. Lög um æðstu stjórn búnaðarmála.
2. — um not á erfðafestulöndum og leigulóðum.
3. — um stofnun nýbýla og skifting jarða í því skyni.
4. Athuga, hvort ekki muni rjett að breyta lögunum um búnaðarskólana í þá átt, að nemendum verði gert að skyldu að stunda verklegt nám í skólunum eða í sambandi við þá.
5. Endurskoða jarðræktarlögin samkv. 43. gr. nefndra laga.
6. Endurskoða lög um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 1884.
7. Gera tillögur um alt það, er nefndinni líst geti orðið til að auka og flýta fyrir ræktun landsins og landbúnaðinum yrði til styrktar og eflingar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði. Útgjöld fyrir aðstoð við nefndarstörfin og til þess að útvega upplýsingar skal telja til nefndarkostnaðar.

Alþingi, 7. mars 1927.

Pjetur Þórðarson, form. Halldór Stefánsson. Jörundur Brynjólfsson, framsögumaður.

Hákon Kristófersson, með fyrirvara. Árni Jónsson, fundaskrifari.

Nd. **129. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40, 15. júní 1926, um fræðslu barna.

Flutningsm.: Jón Guðnason og Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Aftan við 2. málsgrein 4. gr. laganna komi:

Þó geta tveir eða fleiri hreppar gengið saman í eitt skólahjerað um eitt ár í senn, án þess að samþykki hreppsnefndar eða hreppsfundar komi til, ef hlutaðeigandi skólanefndir koma sjer saman um það og fræðslumálastjórnin leyfir.

2. gr.

Aftan við 24. gr. laganna komi:

Þegar tvö eða fleiri skólahjeruð ganga saman í eitt um eitt ár í senn (sbr. 4. gr. 2. málsgr.), þá hafa skólanefndir beggja eða allra hjeraðanna í sameiningu skólanefndarstörfin á hendi.

Greinargerð.

Í fámennum hreppum kemur það oft fyrir, að ekki er nægilegt verkefni til fyrir kennara í 24 vikur, en hins vegar hagar þó svo til, að sameining fleiri hreppa í eitt skólahjerað til frambúðar þykir ekki heppileg. Fer þá oft svo, að kensla fellur niður eða notast verður við ófullkominn kennara, af því að betri kennarar eru eðlilega tregir til að takast á hendur kenslustörf um styttri tíma en 24 vikur.

Frumvarp þetta miðar að því að gera samliggjandi hreppum hægara fyrir en nú er um að halda uppi kenslu, með því að sameinast um einn kennara.

Nd. **130. Frumvarp**

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast lán fyrir Landsbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast reikningslán það, sem Landsbanki Íslands tekur á þessu ári hjá The National City Bank of New-York, auk þeirra lána, sem ríkisstjórnin hefir þegar ábyrgst fyrir

bankann. Heimilt er ráðherra einnig að endurnýja ábyrgðina frá ári til árs fyrir þau af þessum lánum, sem veitt eru til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **131. Frumvarp**

til laga um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson, Ásgeir Ásgeirsson og Halldór Stefánsson.

1. gr.

Leita skal stöðvunar á verðgildi íslenskra peninga á þeim grundvelli, að gengi þeirra gagnvart erlendum peningum sje í samræmi við kaupmátt þeirra innanlands — með því markmiði að festa endanlega verðgildi peninganna á þeim grundvelli.

2. gr.

Skipa skal nefnd, sem hafi á hendi skráning á gengi íslenskra peninga og annist aðrar framkvæmdir samkvæmt lögum þessum. Í nefndinni eiga sæti 5 menn. Skipar fjármálaráðherra einn, og sje hann formaður nefndarinnar, tveir skulu tilnefndir af bönkunum, sinn af hvorum, einn af stjórn Fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda í Reykjavík, og einn af stjórn Sambands íslenskra samvinnufjelaga. Nefndin er bundin þagnarskyldu.

3. gr.

Gengisnefnd skal láta fara fram ítarlega rannsókn á því, hvert sje hið raunverulega verðgildi peninganna í viðskiftum innanlands. Skal nefndin því næst, innan hæfilegs tíma, færa verð krónunnar til samræmis við niðurstöðu þeirrar rannsóknar, og skal genginu haldið þar föstu. Skal nefndin síðan birta skýrslu um rannsókn sína.

4. gr.

Lögreglustjóri lætur nefndinni í tje nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru jafnskjótt og skip það, er vöruna flytur, er lagt frá landi. Ennfremur getur nefndin, með samþykki fjármálaráðherra, krafist þess, að sjerhvert fjelag, stofnun eða einstaklingur, sem á erlendan gjaldeyri, þar með talin verðbrjef, þegar lög þessi öðlast gildi, eða eignast hann síðar, gefi nefndinni upplýsingar um, hve mikill hann sje og hvernig honum sje fyrir komið.

5. gr.

Kostnað við nefndarstörfin greiðir ríkissjóður að $^{3}/_{5}$, en Landsbanki Íslands og Íslandsbanki að $^{1}/_{5}$ hvor. Fjármálaráðuneytið úrskurðar þá reikninga.

6. gr.

Lög nr. 9, 27. maí 1925, um framlenging á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun og breyting á þeim lögum, eru úr gildi numin.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er samhljóða frv. því um sama efni, sem borið var fram í Nd. í fyrra, með þeim breytingum, sem á því voru gerðar við aðra umræðu. Um ástæðurnar vísast til greinargerðar þeirrar, er þá fylgdi frv., og til álits minni hluta fjárhagsnefndar, en að breyttum ástæðum verður vikið í framsögu.

Nd. **132. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Upphaf 18. gr. orðist svo:
Konungur stefnir saman Alþingi annaðhvert ár.

2. gr.

Upphaf 31. gr. orðist svo:
Reglulegt Alþingi skal koma saman annaðhvert ár.

3. gr.

Fyrir orðið »fjárhagsár« í 38. gr. komi: fjárhagstímabil.

Greinargerð.

Tvö frv. hafa verið borin fram á þessu þingi um breytingar á stjórnarskránni. Bæði fara fram á margvíslegar breytingar, sem líklegar eru til að vefja málið og jafnvel alveg hindra framgang þess. En sú stjórnarskrárbreytingin, sem bæði mun hafa alment fylgi hjá þjóðinni og er líkleg til að hafa í för með sjer eigi lítinn sparnað, er fækkun þinganna. Er hjer farið fram á þá eina breytingu.

Nd. **133. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 1. gr.

Í stað orðanna »á lóð Hins almenna mentaskóla heimavistahús« komi: heimavistahús fyrir Hinn almenna mentaskóla.

Nd. **134. Tillaga**

til þingsályktunar um breyting á reglugerð ræktunarsjóðs Íslands.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson, Árni Jónsson, Jón Kjartansson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ráðherra að breyta reglugerð ræktunarsjóðsins þannig, að lán til rafmagnsstöðva í sveitum megi veita til 20 ára og alt að $^{3}/_{5}$ virðingarverðs stöðvanna, og ennfremur, að ofangreind lánskjör megi taka til þeirra rafmagnsstöðvalána, sem þegar eru veitt.

Greinargerð.

Ræktunarsjóðurinn er hin eina lánsstofnun, er telur sjer skylt að lána til rafmagnsstöðva á sveitabýlum, en lánskjör þau, er sett hafa verið í reglugerð sjóðsins, eru nokkuð þröng hvað lánstíma og lánsupphæð snertir. Tillaga þessi, ef samþykt verður, ræður nokkra bót á því.

Nd. **135. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ákveða einkasölu á tilbúnum áburði o. fl.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að frá 1. jan. 1928 hafi Búnaðarfjelag Íslands einkasölu á allskonar tilbúnum köfnunarefnisáburði.

Þegar Búnaðarfjelag Íslands hefir öðlast þessi rjettindi, er engum öðrum leyfilegt að flytja hingað til landsins tilbúinn köfnunarefnisáburð.

Búnaðarfjelag Íslands getur, í samráði við atvinnumálaráðherra, með samningi fyrir 1 ár í senn falið öðrum sölu og afhending áburðarins. Í samningnum skal tiltekið hámark sölukostnaðar.

2. gr.

Heimild þessa skal ekki nota, ef Búnaðarfjelag Íslands hefir 1. jan. 1928 fengið aftur í sínar hendur einkaumboð hjer á landi fyrir sölu á Noregssaltpjetri eða öðrum jafngóðum kalksaltpjeturstegundum.

3. gr.

Á árunum 1928—32, að báðum árum meðtöldum, skulu skip ríkissjóðs annast allan flutning tilbúins áburðar endurgjaldslaust, bæði frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem þau annars koma við á. Að svo miklu leyti, sem flutningi verður ekki komið við á skipum ríkisins, heimilast ríkisstjórninni að semja við Eimskipafjelag Íslands um ókeypis flutning áburðarins. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Búnaðarfjelag Íslands skal gefa út nákvæman leiðarvísi um notkun tilbúins áburðar og annast útbýting hans til bænda.

5. gr.

Ríkisstjórnin setur, í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum, alt að 5000 kr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Mál þetta hefir legið fyrir tveim undanförnum þingum, og er því ástæðulaust að láta sjerstaka greinargerð fylgja því nú. Að því er snertir einkasöluheimildina er frv. orðrjett, að breyttu ártali, eins og það var samþykt í Nd. í fyrra. Ákvæðin um flutningshlunnindin eru úr upprunalega frumvarpinu.

Nd. **136. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 53, frá 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

1. gr.

Fyrri málsgrein 2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu, skal jafnan skifta sólarhringnum í 3 vökur. Skulu $^2/_3$ hlutar háseta skyldir að vinna í einu, en $^1/_3$ hluti þeirra eiga hvíld, og skal svo skifta vökum, að hver háseti hafi að minsta kosti 8 klst. óslitna hvíld í sólarhring hverjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Greinargerð.

Lögin um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum hafa nú verið í gildi rúm 5 ár. Reynsla sú, sem komin er af lögum þessum, er sú, að þau hafi verið mjög hagkvæm fyrir útgerðina, jafnframt því, sem þau hafa trygt hásetunum ákveðna hvíld í hverjum sólarhring. Sú mótstaða, sem í fyrstu var gegn lögunum, er nú að mestu horfin, og er það nokkur viðurkenning á því, að þau hafi verið rjettmæt, svo langt sem þau ná. Næstum undantekningarlaust tala skipstjórarnir um lögin sem þörf og nauðsynleg.

En reynslan hefir jafnframt sýnt, að hvíld sú, sem hásetum er ætluð eftir lögunum, er ófullnægjandi. Hinn eiginlegi hvíldartími þeirra verður oftast ekki nema 4—5 klst. á sólarhring. Matartími er oft innifalinn í hvíldartímanum, og ennfremur sá tími, sem fer hjá hásetum til þvottar, áður en þeir leggjast til hvíldar. Sú regla mun einnig almenn, að hásetum sje haldið á þilfari í 18 tíma samfleytt, þótt ekki sje vegna mikilla aflabragða. Nú er alltítt, að skip er stöðugt við veiðar alt að 10 sólarhringum, og stundum jafnvel lengur. Það er því augljóst, að 4—5 tíma hvíld og svefn á sólarhring hverjum er alt of lítið fyrir hvern meðalmann á svo löngum tíma. Hásetar hafa oft og einatt kvartað undan ofþreytu og svefnleysi, þegar veðrátta og aflabrögð hafa haft í för með sjer stöðugt framhald vinnunnar.

Breyting sú, sem frv. fer fram á, er að tryggja hásetum 8 tíma hvíld, eða eins og það verður í framkvæmd 6—7 tíma svefn á hverjum sólarhring.

Með því á að tryggja það, að vinnuorku háseta sje ekki misboðið, og mundi það að jafnaði hafa í för með sjer, að vinnan gengi betur en nú, svo að samskonar reynsla mundi eftir nokkurn tíma fást af þessum lögum eins og fengist hefir hingað til af hvíldarlögunum.

En þess ber jafnframt að gæta, að líf, heilsa og vinnuorka togaraháseta endist skemur en flestra manna annara, og bera reyndir læknar hjer í bæ það. Löggjöfin á að ráða bót á slíkum meinsemdum. Ýmsir atvinnurekendur meðal stórþjóðanna fallast á lengingu hvíldartímans, og það langt fram yfir það, sem hjer er farið fram á. Nægir í þessu efni að benda á Ford, stóriðjuhöld í Bandaríkjunum, sem fyrir nokkru er farinn að reka skipaútgerð og hefir ákveðið 8 tíma vinnudag á skipum sínum. Nokkur ríki hafa þegar lögboðið 8 tíma vinnudag á sjónum fyrir farmenn sína. Siglinganefnd Þjóðabandalagsins vinnur kappsamlega að því að fá ríkin, sem í bandalaginu eru, til að ákveða 8 tíma vinnu-

dag á sjónum. En frv. fer aðeins fram á 8 tíma vinnu*hvíld* fyrir íslenska sjómenn, sem beita orku sinni til að auka fiskiframleiðslu landsins.

Frv. þetta er fram komið vegna óska Sjómannafjelags Reykjavíkur, og fylgja því áskoranir frá á 5. hundrað starfandi háseta á togurunum um, að það verði að lögum.

Ed. **137. Nefndarálit**

um frv. til laga um laun skipherra og skipverja á varðeimskipum ríkisins.

Frá öðrum minni hluta fjárhagsnefndar.

Frv. stjórnarinnar gerir ráð fyrir að skapa milli 40 og 50 föst embætti á varðskipunum tveimur. Er það út af fyrir sig varhugavert, sjerstaklega þegar þess er gætt, að með því eru allir starfsmenn skipanna festir á landssjóðslaunum alla æfi, og yrðu ekki höfð mannaskifti, nema sannanlegar stórsakir væru. En það er mesta mein allra landa, sem binda hin opinberu störf æfilangt við einstaka menn, að þá geta miður hæfir þjónar þjóðfjelagsins setið í skjóli æfilangrar ráðningar, án þess að verðleikar sjeu til.

Mjög hættulegt væri, ef á varðskipum ríkissjóðs festust yfirmenn, sem ekki væru nógu óháðir íslenskum útgerðarmönnum. Ekkert væri eðlilegra en að útgerðarmenn, sem búist gætu við, að skip þeirra yrðu í landhelgi, reyndu, með vinboðum og veislufagnaði að draga yfirmenn skipanna inn í góðkunningskap, sem lamaði árvekni yfirmannanna. Þó að þetta hafi ekki komið fyrir enn, getur það vel orðið í framtíðinni. Vafalaust myndi það ekki þykja formleg átylla til að skifta um yfirmenn á varðskipum landsins, þó að þeir tengdu veislu- og vináttubönd við eigendur og aðstandendur brotlegra skipa. En ef skipstjórar og stýrimenn væru ekki ráðnir öðruvísi en gerist hjá Eimskipafjelaginu, þá vissu þeir, að ekki þyrfti nema vitneskju um misfellur á framkomu yfirmannanna til þess að breyting gæti orðið á stöðu þeirra. Yfirleitt er það eitt af mestu vandamálum samtíðarinnar, að gera embættisvjel ríkjanna ljettfærari, varna því, að stirðnaðir embættismenn lami heilar starfsgreinar þjóðfjelagsins með atorkuleysi sínu. Því meir sem er aukin hin óhreyfanlega þjónastjett þjóðfjelagsins, því erfiðara er að gera nauðsynlegar umbætur í þessu efni.

Frv. stjórnarinnar gerir ráð fyrir, að núverandi skipstjórar haldi miklu hærri launum en eiga að fylgja embættinu í framtíðinni. Nú munu þeir báðir vera tiltölulega ungir menn, og er ekki hægt að segja, að hagsýni hafi verið beitt við ráðningu þeirra.

Á báðum skipunum eru nú um 15 hásetar, og er kaup þeirra áætlað nær 40 þús. kr. árlega. Þennan útgjaldalið mætti spara að miklu leyti. Jeg bar fram frv. um að breyta lögum og reglugerð stýrimannaskólans þannig, að í stað þess að nemendum skólans er nú gert að skyldu að vinna á algengum eimskipum í 3 ár, áður en þeir koma í skólann, þá skyldu þeir framvegis vinna helming þess

tíma sem hásetar á varðskipunum og nema þar sjómensku, en hafa ekki kaup, nema vasapeninga, eins og títt er að borga dátum, er inna af hendi herskyldu í sjóher nágrannaþjóðanna. Í báðum tilfellunum leggur landið til fæði og nauðsynlegan fatnað. Nú er kaup hvers háseta í frv. ákveðið 1500—2000 kr., með dýrtíðaruppbót. Ef stýrimannaefnin ynnu á varðskipunum eins og skólaskipi, mætti telja sanngjarnt að spara 2000 kr. á hverjum háseta, eða alls um 30 þús. kr. á ári. Ef frv. gengur fram, er um leið hindrað, að hægt verði að koma við þessum sparnaði í framtíðinni, jafnvel þó að fjárhagur landsins kunni að verða þannig, að mikils sparnaðar væri þörf.

Þar sem svo er ástatt um mál þetta, er lagt til, að deildin afgreiði málið með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem samþykt frv. virðist útiloka í bráð og lengd, að hægt verði, til bóta fyrir stýrimannaefnin og til stórmikils sparnaðar árlega fyrir landssjóð, að nota varðskipin til verklegrar kenslu í sjómensku, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. mars 1927.

Jónas Jónsson.

Nd. **138. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

Frá samgöngumálanefnd.

Samgöngumálanefndin hefir athugað frv. þetta á mörgum fundum og komist að þeirri niðurstöðu að leggja það til, að frumvarpið verði samþykt.

Komist mannvirki þau á, sem frv. ætlast til, að framkvæmd verði, mundu þau hafa afarmikla þýðingu fyrir hið stóra og frjósama Suðurlandsundirlendi. Ágætt samgöngutæki, sem um marga áratugi hefir verið notað um allan heim, mundi tengja Árnes-, Rangárvalla- og jafnvel Vestur-Skaftafellssýslu líka við höfuðstaðinn og þar með ljetta undir flutning manna og muna þangað og þaðan. Það mundi spara sveitamönnum mikinn tíma og gera alla flutninga ljettari og vafalaust talsvert ódýrari en nú á sjer stað með bílum. Annars er óþarfi að fjölyrða frekar um nauðsyn og gagn það, sem leiða mundi af járnbraut austur að Þjórsá. Það hefir svo oft verið rætt á þingi áður, og það á síðasta þingi, Það, sem hefir valdið því, að málið hefir ekki komist áfram, er hinn gífurlegi kostnaður, sem er samfara slíkri járnbrautarlagningu, því svo háa upphæð hefir Alþingi ekki sjeð fært að leggja fram til samgöngubóta, er aðeins kæmi sjer-

stökum landshluta að gagni. Nú er þessum þröskuldi rutt úr vegi, þar sem ríkissjóður á að leggja fram aðeins þriðjung kostnaðarins við járnbrautarlagninguna, þó ekki yfir 2 milj. króna, sem skiftist á 4 ár, og svo ætlast til, að sú upphæð sje fengin með láni að nokkru eða öllu leyti, eins og alveg sjálfsagt er.

Samkomulag hefir fengist í nefndinni um að leggja til, að frv. verði samþykt með nokkrum breytingum, er henni virðast til bóta.

Eftir 5. gr. frv. á ráðherra að ákveða skiftingu sveitarsjóðshlutans af afgjaldinu, ef fyrirtækið verður útsvarsskylt í fleirum en einu sveitarfjelagi. Nú er það tilætlun fjelagsins »Titan« að byggja orkuverið fyrir vestan Þjórsá í Villingaholtshreppi, og verður það útsvarsskylt þar, en það er vel hugsanlegt, að einhverjir af verkamönnum við orkuverið mundu vilja búa austan við ána, t. a. m. í Kálfholtslandi í Ásahreppi, og þótt þeir að sjálfsögðu sjeu útsvarsskyldir þar, gæti það auðveldlega komið fyrir, að sá hreppur þættist verða fyrir átroðningi eða usla af þeim, er meiru næmi en útsvarinu. Stafaði þetta þá beint af fyrirtækinu. Nefndinni virðist því rjett að gefa ráðherra heimild til að miðla þeim sveitarfjelögum, er sannað gætu, að þau biðu usla eða átroðning af fyrirtækinu, einhverjum hluta af afgjaldinu, en það var tekið til rækilegrar yfirvegunar í nefndinni, hvort ekki væri rjett að heimta einhverja tryggingu af fjelaginu fyrir því, að sjerleyfið yrði notað og mannvirkin unnin. En þar sem Alþingi í fyrra vildi ekki fallast á slíka tryggingu í sambandi við virkjunarleyfi Dynjandisár, sbr. lög nr. 48, 15. júní 1926, og þar sem fjelagið Titan hefir þegar lagt afarmikið fje fram til kaupa á vatnsrjettindum, mælinga m. m., svo að það hefir sjálft fyllstu hvöt til að hefja framkvæmdir sem allra fyrst, og að minsta kosti innan þess tíma, sem til er tekinn í 10. gr., þótti nefndinni ekki ástæða til að heimta geymslufje af sjerleyfishafa til tryggingar framkvæmdum. Hins vegar vildi nefndin þó leggja nokkurt aðhald á fjelagið, og leggur hún því til, að verði ekki byrjað á lagningu járnbrautar 1. maí 1929 og henni haldið áfram með hæfilegum hraða, eða stöðvist verkið á 1. eða 2. ári, falli sjerleyfið úr gildi í árslok 1931, en þá verði unnin mannvirki eign ríkisins án nokkurs endurgjalds. Með þessu ákvæði er lagt sterkt aðhald að sjerleyfishafa að halda verkinu áfram, að viðlögðum missi alls þess fjár, er þeir kunna að hafa lagt í járnbrautina, og eru það mjög ströng viðurlög, einkum er litið er til þess, hve mikið fjelagið hefir þegar lagt í sölurnar, og að engin viðurlög voru lögð fyrir sjerleyfishafa til virkjunar Dynjandi-fossanna.

Fyrir öðrum breytingum verður gerð nánari grein í framsögunni. Að öðru leyti treystir nefndin því, að ráðherra við útgáfu sjerleyfis fylgi ekki aðeins ákvæðum sjerleyfislaga, sbr. 11. gr., heldur sjái einnig um, að hann hafi jafnan rjett til að gera allar öryggisráðstafanir, er þurfa þykir, til þess að fyrirtæki þau, er frumvarpið gerir ráð fyrir, geti náð sínum fulla tilgangi.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 2. Fyrir »heimild til . . . gera vatnsrásir« komi: heimild til þess

að gera uppistöðu í ánni ofan við fossinn og strengi þá, sem að honum liggja, hækka eða lækka vatnsborð eða farveg, gera vatnsrásir o. s. frv.

2. Við 1. gr. 4. Fyrir orðin »er best þykir henta« komi: er henta þykir og nánar skal fram tekið í sjerleyfisbrjefi.
3. Við 1. gr. 5. Fyrir orðin »eða til« komi: og.
4. Við 3. gr. Fyrir »skilyrðum 2. gr.« komi: öllum settum skilyrðum sjerleyfis.
5. Við 5. gr. Fyrir »Ef fyrirtækið væri . . . . . ákvörðun ráðherra« komi: Sveitarsjóðshlutinn skiftist eftir ákvörðun ráðherra milli sveita þeirra, er hlut eiga að máli, eða verða fyrir átroðningi og usla af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum.
6. Við 8. gr. d. Aftan við liðinn bætist: Fjeð greiðist eftir á, eftir því, sem verkinu miðar áfram, á þann hátt, er sjerleyfið tiltekur.
7. Við 10. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Verði eigi byrjað á lagningu járnbrautar 1. maí 1929 og henni haldið áfram með hæfilegum hraða, eða stöðvist verkið á fyrsta eða öðru ári, fellur sjerleyfið úr gildi í árslok 1931, og verða unnin mannvirki ríkiseign án nokkurs endurgjalds til sjerleyfishafa.

Alþingi, 8. mars 1927.

Kl. Jónsson, form., frsm.	Sveinn Ólafsson, með fyrirvara.	Hákon Kristófersson, fundaskrifari.

Jón Ólafsson. Pjetur Þórðarson.

Nd. 139. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast lán fyrir Landsbanka Íslands.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Við 1. gr. Á eftir orðunum: »ábyrgst fyrir bankann«, komi: enda sje hið nýja lánsfje eingöngu notað í eigin þarfir Landsbankans.

Nd. 140. Viðaukatillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4, júní 1924 [Vegalög].

Flutningsm.: Klemens Jónsson.

Framan við frumvarpsgreinina komi:

Í stað orðsins »Landeyjar« í 2. gr. A. 1. komi: Frá Garðsauka inn Fljótshlíð að Teigi, þaðan yfir Þverá og Aurana austur yfir Markarfljót.

Ed. **141. Breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Flutningsmaður: Halldór Steinsson.

I. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

26. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Á Alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Alþingi skiftist í 2 deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 24 þingmenn, en 12 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Þingmenn skulu kosnir óhlutbundnum kosningum. Þó má með lögum ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum.

Í efri deild eiga sæti 12 þingmenn, er sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, þá er Alþingi kemur saman í fyrsta sinn eftir almennar kosningar. Hinir eiga sæti í neðri deild.

II. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

27. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Þingmenn skulu kosnir til sex ára. Deyi þingmaður á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

III. Á eftir 4. grein komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. 28. gr. stjórnarskrárinnar skal falla burt.
2. a. Orðin »í sjerstökum kjördæmum« í 29. gr. skulu falla burt.
   b. 3. málsgrein sömu greinar skal orða þannig:
   Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningar til Alþingis.
3. a. Orðin »í sjerstökum kjördæmum« í fyrri málsgr. 30. gr. skulu falla burt.
   b. Orðin »Með sömu skilyrðum . . . . . um land alt« í sömu málsgr. skulu falla burt.

IV. Við 9. gr. Greinin orðist þannig:

Í stað 2. ákvæðis um stundarsakir komi:

Kosning þeirra 8 kjördæmakosinna þingmanna, er kosnir hafa verið til efri deildar á næsta þingi áður en stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, skal ekki ná lengra en til þess þings. Í byrjun næsta þings, sem háð er eftir aðalþing 1928, skal kjósa þá 12 þingmenn, er efri deild skipa, fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

V. Á eftir 10. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928, og falla þá um leið niður umboð landskjörinna þingmanna.

Nd. **142. Frumvarp**

til laga um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta reisa heimavistahús fyrir Hinn almenna mentaskóla handa 40—50 nemendum skólans og búa það nauðsynlegustu húsgögnum, hvorttveggja á kostnað ríkissjóðs. Í húsinu skal vera íbúð handa kennara.

2. gr.

Heimavistanemendur fá húsnæðið ókeypis ásamt ljósi og hita. Í húsinu skal ætla rúm og nauðsynleg áhöld sameiginlegu mötuneyti heimavistanemenda, en að öðru leyti tekur ríkissjóður ekki þátt í þeim kostnaði, er af mötuneytinu leiðir.

3. gr.

Skólameistari velur, í samráði við fasta kennara skólans, þá nemendur, er heimavistanna eiga að njóta. Ef fleiri sækja en húsrúm leyfir, skulu utanbæjarnemendur ganga fyrir, enda sjeu þeir efnilegir og stundi nám sitt vel. Ef ekki er húsrúm fyrir þá utanbæjarnemendur, sem heimavista óska, ganga þeir fyrir, sem fátækari eru, ef þeir annars teljast hlunnindanna maklegir.

4. gr.

Kenslumálaráðherra setur reglur um heimavistirnar, að fengnum tillögum skólameistara. Í reglum þessum skulu vera fyrirmæli, er tryggi góða reglu í heimavistahúsinu, um þjónustufólk og annað, er þurfa þykir.

Nd. **143. Frumvarp**

til laga um sorphreinsun og salernahreinsun á Akureyri.

Flutningsmaður: Björn Líndal.

1. gr.

Bæjarstjórnin getur tekið að sjer sorphreinsun og salernahreinsun í öllum bænum, eða nokkrum hluta hans.

Til þess að standa straum af kostnaði þeim, sem af hreinsuninni leiðir, skal bæjarstjórn heimilt að leggja gjald á hús þau, sem hreinsað er fyrir, og íbúa húsanna, eftir reglugerð, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og sje gjaldið miðað við það, hve oft er hreinsað.

Húseigandi greiðir gjaldið.

2. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki sem önnur gjöld til bæjarsjóðsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir bæjarstjórn Akureyrar samþykt á fundi sínum 27. jan. þ. á., og er það flutt samkvæmt ósk hennar. Verður gerð nánari grein fyrir því í framsögu.

Ed. **144. Frumvarp**

til laga um friðun hreindýra.

Flutningsm.: Einar Árnason og Guðm. Ólafsson.

1. gr.

Hreindýr skulu alfriðuð til 1. janúar 1935.

2. gr.

Fyrir hvert dýr skal sá, er brotlegur verður, gjalda 100 kr. sekt, sem tvöfaldast við ítrekun brotsins, alt að 400 kr.

3. gr.

Mál þau, er rísa út af lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál. Sektirnar renna að helmingi í sveitarsjóð, þar sem brotið var framið, en hinn helmingur ber uppljóstrarmanni.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

1. janúar 1926 voru lögin um friðun hreindýra gengin úr gildi. Hafa hreindýrin síðan verið ófriðuð. Að friðunarlögin voru ekki framlengd á þinginu 1925, og heldur ekki endurnýjuð 1926, mun stafa af gleymsku, en ekki af því, að ekki sje full nauðsyn á að friða þessi dýr enn um stund.

Ed. **145. Frumvarp**

til laga um að stofna nýbýli.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal leita samninga við landeigendur og ábúendur í Ölfushreppi í Árnessýslu og Holtahreppi í Rangárvallasýslu um að selja eða láta af hendi land meðfram þjóðveginum, er nægi handa 25 nýbýlum í hvorum þessara hreppa. Í Ölfushreppi skal ætla hverju nýbýli eigi meira land en 10 ha. af ræktuðu landi og í Holtahreppi eigi meira en 20 ha.

2. gr.

Þegar ríkisstjórnin hefir fengið nægilegt land undir nýbýlin, skal hún láta velja bæjarstæði eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands. Skal reynt að haga þannig til, að bæir standi sem flestir saman og sem næst þjóðveginum.

3. gr.

Þegar valin hafa verið bæjarstæði, skal ríkisstjórnin gefa byggingarmeisturum kost á því að gera uppdrætti að nauðsynlegum byggingum á nýbýlum. Má heita alt að 5 þús. króna verðlaunum fyrir bestu og hentugustu uppdrætti, er gerðir verða, að dómi Búnaðarfjelags Íslands.

4. gr.

Þegar uppdrættir hafa verið gerðir að byggingum og öðrum undirbúningi undir tilhögun verksins er lokið, skal ríkisstjórnin láta reisa byggingar á þeim 50 nýbýlum, er í 1. gr. getur.

5. gr.

Í land það, er ætlað er nýbýlunum til ræktunar, skal, á kostnað ríkissjóðs, gera aðalskurði og holræsi, eftir því sem með þarf til að þurka alt að 5 ha. af landi hvers nýbýlis. Ennfremur skal alt að 5 ha. af landi hvers býlis búið undir ræktun á þann hátt, er Búnaðarfjelag Íslands telur hentugast.

6. gr.

Nýbýli þau, er reist verða samkvæmt lögum þessum, skal ríkissjóður leigja með þeim kjörum, er ákveðin verða í reglugerð, er ráðherra setur samkvæmt tillögum Búnaðarfjelags Íslands. Fyrstu 5 árin skal leiga þó eigi vera hærri en 4 af hundraði á ári af byggingarverði húseigna. Síðan skal leiga miðuð við meðalnytjar nýbýlis, þó aldrei hærra en 6 af hundraði af fje því, er lagt hefir verið í býlin.

7. gr.

Í reglugerð skal setja ákvæði um það, hvernig meta skuli umbætur á

nýbýli, þegar leiguliði fer burt, svo og um skyldu leigjanda til að halda við byggingum og ræktun lands, að viðlagðri riftingu leigumála.

8. gr.

Eigi skal leigjanda heimilt að framselja leigumála á nýbýlum þeim, er ræðir um í lögum þessum.

9. gr.

Fje það, er þarf til framkvæmda lögum þessum, skal ríkissjóður leggja fram, og hefir ríkisstjórnin heimild til þess að taka alt að 1 miljón og 200 þús. kr. lán í þessu skyni.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa komið fram margar tillögur í þá átt að efla ræktun landsins og fjölga býlum í sveitum. Árlega er miklu fje varið úr ríkissjóði til eflingar landbúnaði, og ber það vafalaust nokkurn árangur, en þó hefir eigi tekist að stöðva fólksstrauminn úr sveitunum til sjávarbjeraðanna. Enda hefir lítið eða ekkert verið til þess gert að fjölga býlum í sveitum, en til þess að sveitirnar taki sjálfar við fólksfjölgun þeirri, er þar verður, þá þarf að gera mönnum kleift að stofna heimili í sveitinni. Þær tillögur, er fram hafa komið í nýbýlamálinu, gera heldur ráð fyrir hægvirkri fjölgun býla, að minsta kosti fyrst í stað. En af því lengi hefir dregist að undirbúa þetta mál, og þörfin um fjölgun býla aðkallandi, þá þykir rjett að bera fram frv. þetta. Gerir það ráð fyrir því, að ríkissjóður taki lán til þess að koma upp sem allra fyrst 50 nýbýlum í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Til þess er ætlast, að ríkisstjórnin kaupi land undir býlin af eigendum jarða á svæði því, er í frv. getur. Á báðum þessum svæðum, í Ölfusi og í Holtum, eru meðfram þjóðvegunum stórar landspildur hentugar til ræktunar. Sjeu landssjóðsjarðir á svæðinu, þyrfti að semja við ábúendur um að láta land af hendi.

Kostnaður við hvert býli er gert ráð fyrir, að verði nálægt 25 þús. kr. Þar af mundu byggingar verða um 20 þús. kr. Byggingar eru hugsaðar þessar: íbúðarhús, fjós og hlaða og safnþró. Til hliðsjónar er haft býli það, er »Freyr« flutti mynd af árið 1926, og er af nýbýli, er reist hefir verið í Sogamýri við Reykjavík. Hefir uppdráttur sá verið gerður af Jóhanni Kristjánssyni húsagerðarmeistara, og er uppdrátturinn mjög smekklegur. Þó er ekki loku skotið fyrir, að enn kunni að finnast betra, smekklegra og hentugra byggingarfyrirkomulag, og því er í frv. gert ráð fyrir verðlaunum fyrir bestu teikningar á byggingum á nýbýlunum.

Ríkissjóði er ætlað að eiga þessi býli og leigja þau, en eigi selja. Er ætlast til, að um leigumála verði síðar settar reglur, en þó sett hámark leigu í frv., sem fyrstu árin er aðeins miðuð við lága vexti af byggingunum, nokkurskonar húsaleiga.

Tekið er fram í frv., að um nokkur atriði eigi að fara eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, en vafalaust verða allar framkvæmdir eftir frv. gerðar í samráði við stjórn þess.

Um málið í heild verður gerð nánari grein í framsögu.

Ed. **146. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 24, 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um, að frumvarpið geri nauðsynlega breytingu eða viðauka við lögin um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, og leggur til, að það verði samþykt með þessari

BREYTINGU:

Við frvgr. Orðin »eða grunaður um að vera haldinn af« falli burt.

Alþingi, 8. mars 1927.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskr. og frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **147. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefndin hefir ekki getað orðið ásátt um frumvarp þetta, og leggur minni hlutinn til, að það verði felt.

Sú takmarkaða heimild, sem ríkisstjórnin hafði til að veita undanþágur frá lögum um atvinnu við siglingar, samkvæmt 16. gr. laga 3. nóv. 1915, var skýlaust úr gildi numin með lögum nr. 40, 19. júní 1922, og hefir ríkisstjórnin síðan enga heimild haft til að veita slíkar undanþágur. Ástæðan til þess, að undanþáguheimildin var afnumin, var sú, að hennar þótti ekki lengur með þurfa.

Frumvarp stjórnarinnar fer fram á enn víðtækari heimild fyrir atvinnu-

málaráðherra heldur en þektist hjer fyr, þar sem ráðherra eigi ekki einungis að geta veitt þeim, sem vilja fá rjettindi sem fiskiskipstjórar og fiskistýrimenn eða skipstjórar og stýrimenn í utanlandssiglingum, ótakmarkaða undanþágu frá prófkröfum og undanþágu frá tíma þeim, er lögin heimta, að þeir skuli áður hafa siglt, alt niður í hálfan tímann, jafnvel án þess að forstöðumaður stýrimannaskólans telji það forsvaranlegt, heldur einnig hverjar þær aðrar undanþágur viðvíkjandi prófkröfum og skilyrðum að því er sjómensku snertir, sem ráðherra óskar, ef forstöðumaður stýrimannaskólans álítur þær forsvaranlegar.

Í athugasemdunum við lagafrumvarpið eru einu ástæðurnar fyrir því, að þessi undanþáguheimild sje gefin, þær, að undanfarið hafi þrafaldlega ekki verið unt að fá stýrimenn og skipstjóra — einkum á fiskiskip — sem hafi haft lögskipaðan siglingatíma, og hafi ráðuneytið því oft orðið að grípa til þess að slá eitthvað af kröfunum, einkum að því er siglingatímann snertir, þar eð annars oft hefði viljað bera við, að skip yrðu ekki gerð út að sinni, vegna skorts á hæfum mönnum.

Minni hlutinn getur ekki sjeð, að ráðuneytið hafi haft neina heimild til að slá af þessum kröfum, sem lög fyrirskipa, með því að veita undanþágur frá þeim. Til þess hefði þurft bráðabirgðalög, en þau hafa ekki verið gefin út.

Í öðru lagi telur minni hlutinn það með öllu rangt, að skortur hafi verið á hæfum mönnum. Skipastóll Íslendinga er aðeins 80 skip yfir 60 smálestir, en fullan rjett, með nægum stýrimannaskólalærdómi og siglingatíma samkvæmt gildandi lögum, til að vera stýrimenn á þessum flota hafa hátt á fimta hundrað manns, svo að skipastóllinn gæti þess vegna orðið alt að þrefalt stærri. Nú sigla um 200 af þessum mönnum sem hásetar. Á hverjum togara eru venjulega 6—17 menn, sem eiga full rjettindi til að vera stýrimenn. Það er viðurkent, að þessir menn yfirleitt eru mjög duglegir og áhugasamir, og væri þeim einhvers áfátt sem yfirmönnum, væri það ekki dugnaðurinn, heldur frekar bókleg eða verkleg sjófræði, svo að síst væri ástæða til að taka fram yfir þá menn, sem ver væru að sjer í sjófræðunum. Stýrimaður á skipi og skipstjóri þarf að vera nákunnugur allri skipstjórn, og hann þarf að geta verið verkstjóri á þilfari, en til hvorstveggja þessa þarfnast hann mikillar æfingar á samskonar skipum og þeim, sem hann á að stjórna. Erlendis er siglingatíminn miklu lengri en hjer, og er þó nú farið fram á hjer á landi að leyfa að stytta hann alt að helmingi, í stað þess að lengja hann. Meðal þessara fulllærðu stýrimannaskólamanna er fjöldi, sem hefir stundað hverskonar veiðiaðferðir og úr öllum landshlutum, nákunnugir fiskimiðunum. Það er því með öllu óþarft að taka aðra menn en þá, sem fullnægja kröfum laganna.

Minni hlutinn vill benda á þá miklu ábyrgð, sem á slíkum mönnum hvílir, bæði vegna mannslífa á sjónum og verðmætis skipa og farma. Það virðist ekki nema sjálfsagt að gera miklar kröfur til þessara manna, þar sem þeir eru flestir tiltölulega vel launaðir, og nauðsynlegt vegna álits þeirra hjá skipshöfn og vátryggjendum. Minni hlutinn álítur því, að frekar ætti að stuðla að því að auka kröfurnar til þekkingar og reynslu yfirmanna á skipunum heldur en að slá af þeim, og stendur sjómannastjettin íslenska, eins og kunnugt er, sem einn maður á bak við þær kröfur.

Minni hlutinn vill að síðustu benda á, hversu varhugavert það væri að

hafa siglingaatvinnulög, sem á flestum sviðum væri hægt að gera undanþágur frá, þar sem hætt er við, að menn mundu þá síður leggja tíma sinn, vinnu og peninga í það að afla sjer sem mestrar þekkingar og reynslu á þessum sviðum. Hægara væri að fá undanþágur, og jafnvel um þær undanþágur, sem heimtað væri, að stýrimannaskólastjóri áliti þær forsvaranlegar, er þess að gæta, að sá embættismaður mundi hafa örðuga aðstöðu gagnvart ríkisstjórn, sem vildi veita undanþágur og hefir lítil skilyrði til að dæma um verklega kunnáttu manna. Fá lög munu vera til, sem jafnvarhugavert er að veita undanþágur frá eins og siglingaatvinnulögin, og hefir þingið 1922 skilið það rjettilega.

Af framangreindum ástæðum leggjum við til, að frumvarpið verði felt.

Skipstjóra- og stýrimannafjelögin í Reykjavík og Hafnarfirði hafa mótmælt lagafrumvarpi þessu, og hafa eins og kunnugt er sent þinginu ítarlega greinargerð um málið.

Einnig skal þess getið, að vátryggingarfjelögin, sem hjer starfa, eru yfirleitt andvíg efni frumvarpsins.

Alþingi, 7. mars 1927.

Hjeðinn Valdimarsson, frsm. Bernh. Stefánsson.

Nd. 148. Breytingartillögur

við frv. til laga um afnám kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

1. Á eftir 1. gr. kemur ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:
   Störfum þeim, sem fræðslumálastjóri hefir á hendi, skal gegna, ásamt sínu eigin embætti, einhver fastakennari kennaraskólans, skólastjóri eða aðrir, eftir því, sem dóms- og kirkjumálaráðherra ákveður. Skal hann og ákveða borgun fyrir störf þessi, en eigi má hún fara fram úr hálfum byrjunarlaunum fræðslumálastjóra samkv. 31. gr. l. nr. 71, 1919, með dýrtíðaruppbót.
   Ef ráðherrann nær eigi samkomulagi við einhvern þeirra, sem nú eru fastir kennarar við kennaraskólann, um að taka að sjer þessi störf með framangreindum skilmálum, getur ráðherra falið einhverjum öðrum hæfum manni að fara með störfin uns kennaraembætti losnar við skólann og unt er að gera það að skilyrði fyrir veitingu, að kennarinn gangi undir ákvæði þessara laga.
   Greinatalan breytist samkvæmt þessu.
2. Við fyrirsögnina bætist: og um ráðstöfun á störfum fræðslumálastjóra.

Nd. **149. Frumvarp**

til laga um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Sauðár.

Flutningsmaður: Jón Sigurðsson.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að selja Sauðárkrókshreppi þjóðjarðarinnar Sauðá í Skagafjarðarsýslu, að undanskilinni verslunarlóðinni eins og hún er ákveðin með lögum nr. 51, 28. nóv. 1919, fyrir það verð, sem dómkvaddir óvilhallir menn meta, og með þeim borgunarskilmálum, sem gilda um aðrar þjóðjarðir.

Greinargerð.

Sauðárkrókskauptún er bygt úr eða í landi þjóðjarðarinnar Sauðár. Kauptún þetta er nú orðið allfjölment, og með því að sjávarútvegur verður ekki rekinn þar nema tiltölulega skamman hluta af árinu, má teljast ógerningur fyrir verkamenn að ætla sjer að lifa á sjávarútvegi eingöngu. Almenningur verður því að afla sjer tekna á annan hátt, en þar er ekki um margt að velja. Að sönnu er nokkur vinna við afgreiðslu skipa, en að því fráskildu er um lítið annað að gera en einhverskonar landsnytjar eða jarðarafnot. Þetta hefir orðið til þess, að fjölmargir íbúar kauptúnsins hafa komið sjer upp litlum fjárstofni og margir hafa 1—2 kýr, en ef kauptúnsbúar eiga ekki ráð á umræddri jörð, er mjög erfitt fyrir þá að framfleyta þessum fjenaði. Sauðá er ekki stór jörð, en sauðbeit er þar góð, engi og kúahagar sæmilegir. Fyrir löngu hefir verið skift á ítökum milli Sauðár og Sjávarborgar, þannig að Sauðá fjekk engjaeyju nokkra í Hjeraðsvötnum í stað rekarjettar fyrir Sauðárlandi. Rekaítak þetta er nú sama og einskis virði, vegna þess að það er fyrir landi því, sem verslunarlóð Sauðárkróks nær yfir. Að þannig vöxnu máli virðist rjett, að í söluheimild Sauðár liggi einnig heimild til þess að gera út um, hversu fara skuli um ítök þessi.

Ed. **150. Þingsályktun**

um rannsókn á akvegarstæði milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og Fljótsdalshjeraðs.

(Afgreidd frá Ed. 9. mars).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar á næsta sumri framkvæma nákvæma rannsókn á akvegarstæði yfir Fjarðarheiði milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og Fljótsdalshjeraðs.

Niðurstaða rannsóknа, svo og áætlun kostnaðar við vegagerð þessa, leggist fyrir næsta Alþingi.

Ed. **151. Nefndarálit**

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Nefnd sú, er Ed. kaus til þess að athuga frv. það, er að ofan getur, hefir ekki getað orðið sammála um niðurstöður í málinu. Mun meiri hl. leggja til, að frv. verði samþykt óbreytt, en við undirritaðir nefndarmenn getum ekki fallist á það, að frv. verði samþykt, nema þá með allmiklum breytingum, sem við með þessu áliti viljum gera nokkra grein fyrir.

Breytingar þær, er frv. fer fram á að gerðar verði á stjórnarskránni, eru aðallega í 1. og 4. gr. frv. Hinar aðrar breytingar, er felast í frv., eru flestar ýmist leiðrjettingar eða afleiðingar af 1. og 4. gr.

Minni hl. fellst á breytingu þá, er 1. gr. frv. fer fram á, um að reglulegt Alþingi verði háð annaðhvert ár. Þó telur hann síðustu málsgrein ekki vel við eigandi.

2. gr. er afleiðing af 1. gr. og verður henni að fylgja.

3. gr. er leiðrjetting, sem rjett er að taka upp, ef nokkur breyting verður samþykt.

4. gr. er allyfirgripsmikil, þótt stutt sje. Felur hún í sjer tvær mikilvægar breytingar, sem eru lenging kjörtímabils allra kjördæmakosinna þingmanna og alger breyting á skipun hinna 6 landskjörnu þingmanna.

Minni hl. getur ekki fallist á lenging kjörtíma hinna kjördæmakosnu þingmanna úr 4 árum í 6 ár. Lítur minni hl. svo á, að með þessu ákvæði sje íhlutunarrjettur kjósenda um stjórnmál skertur alltilfinnanlega og stórt spor stigið aftur á bak, er bendi til þess, að hjer sje á ferð fullkomin stefnubreyting um stjórnskipulag ríkisins, er miði að því að draga valdið úr höndum kjósenda og veita Alþingi og landsstjórn meiri einræðisrjett yfir málum þjóðarinnar en verið hefir, og má jafnvel ætla, að þetta sje fyrsta sporið, fleiri eigi að koma á eftir. Slíkri breytingu er minni hl. nefndarinnar algerlega mótfallinn, enda er ekki kunnugt, að breyting þessi eigi nokkurt fylgi hjá þjóðinni. Má því ætla, að hún leiði aðeins til þess eins að hindra, að sú eina breyting á stjórnarskránni, er nokkur hluti þjóðarinnar hefir óskað eftir, — fjárlagaþing annaðhvert ár — næði fram að ganga.

Breytingu þeirri, er felst í 4. gr. frv. um það, að landskjörnir þingmenn skuli kosnir til 6 ára allir í einu, og að þeir skuli einnig háðir þingrofi, er minni hl. einnig algerlega mótfallinn. Lítur hann svo á, að með þessari breytingu sje hinu upphaflega hlutverki hinna landskjörnu þingmanna, sem óneitanlega virðist hafa verið það að vera kjölfesta Alþingis, kastað fyrir borð, og þeir eigi að mestu að verða háðir hinum pólitísku sveiflum sem hinir kjördæmakosnu þingmenn. Virðist þá komið nærri því að athuga, hvort ekki væri þá eins rjett að afnema landskjörið og þar með að fækka þingmönnum um 6. Það væri óneitanlega spor til sparnaðar. En þar sem stjórnarskrárbreyting var á Alþingi 1924

feld í Ed., eftir að inn í hana var komið ákvæði um niðurlagningu landskjörinna þingmanna, þá telur minni hl. víst, að slík breytingartillaga yrði frv. nú að falli þótt hún annars kynni að vera nær sanni heldur en sú breyting, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. um skipun hinna landskjörnu þingmanna.

Að því er kemur til breytingar þeirrar, er 5. gr. frv. ræðir um, þá er minni hl. ekki mótfallinn henni að því er snertir varamenn hinna landskjörnu þingmanna, en þar sem ákvæðum greinarinnar er einnig ætlað að ná til þingmanna Reykjavíkur, þá getur hann ekki aðhyllst frvgr. eins og hún er. Lítur minni hl. svo á, að Reykjavík eigi í þeim efnum að hlíta sömu reglum og önnur kjördæmi landsins, þótt kosningaaðferð sje þar önnur.

Þar sem minni hl. telur, að samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar megi ákveða í kosningalögum, á hvern hátt og í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna, þá álítur hann, að greinarinnar sje ekki þörf.

Það verður því niðurstaða minni hl., að þá einu breytingu eigi að gera á stjórnarskránni, að fjárlagaþing sjeu háð aðeins annaðhvert ár. Það er sú eina breyting, er aðalflokkar þingsins hafa altaf verið sammála um í þau þrjú skifti, er stjórnarskrárbreyting hefir komið fram á undanförnum þingum, og sú eina breyting, sem nokkur hluti þjóðarinnar virðist óska eftir.

Minni hluti stjórnarskrárnefndarinnar leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. Greinin falli niður.
2. Við 5. gr. Greinin falli niður.
3. Við 6. gr. Greinin falli niður.
4. Við 9. gr. Greinin falli niður.
5. Við 10. gr. Greinin falli niður.

Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 9. mars 1927.

Jónas Jónsson. Ingvar Pálmason, frsm. minni hl.

Nd. **152. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Við 1. gr.

Í stað orðanna »Landsstjórninni er heimilt að láta« komi: Þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, lætur landsstjórnin.

Ed. **153. Breytingartillögur**

við frv. til laga um iðju og iðnað.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum »en handiðn« komi: og heimilisiðnað.
2. Við 8. gr. Á eftir orðunum »og getur hann þá« komi: innan þriggja mánaða.
3. Við 10. gr. Fyrir orðin »eða framhaldi hans« komi: eða til breytingar á honum samkvæmt fyrri málsgr. 9. gr.
4. Við 13. gr. Á eftir orðunum í 1. málsgr. »reka iðnað (sbr. 1. gr.)« komi: annan en heimilisiðnað.
5. Við 13. gr. Fyrir »16 ára« undir staflið 1. komi: 21 árs.
6. Við 14. gr. Síðustu málsgrein skal orða svo: Nú vill fjelag eða stofnun reka iðnað í kaupstað, og skal þá forstöðumaður hafa iðnbrjef.
7. Við 15. gr. Greinina skal orða þannig:

   Rjett er ekkju að halda áfram iðnaði látins manns síns, enda hafi hún forstöðumann, er sveinsbrjef hafi í iðninni. Með sama skilyrði má erfingi, 16 ára eða eldri, reka iðnað arfleifanda þar til hann er fjárráður.

   Bú aðilja, er rak iðnað, má og halda þeim rekstri áfram að því leyti, sem hann er þáttur í skiftameðferð búsins.
8. Við 17. gr. Málsliður 2. orðist þannig:

   Hafa unnið að minsta kosti 3 ár samtals hjá meistara og sem iðnaðarrekandi með iðnbrjefi.
9. Á eftir 17. gr. komi ný grein, er verður 18. gr., þannig:
   1. Nú er í einhverjum kaupstað enginn sá fyrir, er rekur tiltekna grein iðnaðar, og getur þá lögreglustjóri veitt umsækjanda iðnbrjef í þeirri grein, þótt ekki hafi hann sveinsbrjef, ef umsækjandi færir þær sönnur, er lögreglustjóri telur nægja, á kunnáttu sína.
   2. Nú eru ekki í kaupstað nægilega margir, að dómi bæjarstjórnar, er reka tiltekna grein iðnaðar með iðnbrjefi samkv. 14. gr., og getur lögreglustjóri þá veitt umsækjanda iðnbrjef í þeirri grein, ef bæjarstjórn mælir með því, þótt ekki hafi hann sveinsbrjef, ef umsækjandi færir þær sönnur, er lögreglustjóri telur nægja, á kunnáttu sína.
   3. Veita má lögreglustjóri þeim, er iðnbrjef hefir fengið, heimild til að taka nemendur til verklegs náms, ef bæjarstjórn mælir með því.

      Greinatalan breytist samkvæmt þessu.
10. Við 18. gr. Greinin orðist þannig:

    Í byggingarsamþyktum kaupstaða má ákveða, að enginn megi veita húsabyggingum forstöðu, nema hann hafi til þess löggildingu byggingarnefndar. Ef aðrir taka að sjer framkvæmd slíkra verka, þá skulu þeir hafa á vinnustaðnum fyrir sína hönd mann, sem fullnægir þessu skilyrði.
11. Við 23. gr. Fyrir »500 kr.« komi: 100 kr.
12. Við 26. gr. Orðin »Þó er þeim óheimilt að reka eftir þann tíma iðju fleiri tegunda en þeir hafa áður rekið« falli burt.

Nd. **154. Frumvarp**

til laga um varnir gegn vörtupest í kartöflum og annari sýkingu nytjajurta.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að gera þær ráðstafanir, er það álítur nauðsynlegar til að hindra það, að hættulegir jurtasjúkdómar berist til landsins, og sömuleiðis til að hindra útbreiðslu slíkra sjúkdóma, hvar og hvenær, sem þeirra verður vart innanlands.

2. gr.

Stjórnarráðið ákveður, hvaða sjúkdóma beri að skoða svo hættulega, að varnarráðstafanir skuli gera samkvæmt lögum þessum, og setur reglugerð um þær.

3. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að skipa einn eða fleiri menn til eftirlits og rannsókna, þar sem hætta getur verið á skaðlegum sjúkdómum fyrir nytjajurtir. Er eftirlitsmönnum heimilt að framkvæma þær rannsóknir eftir þörfum, hvort heldur er í sölubúðum, geymslustöðum, matjurtagörðum eða öðrum gróðurreitum. Þeim er heimilt að taka nauðsynleg sýnishorn án endurgjalds til rannsókna og gera þær bráðabirgðaráðstafanir, er þeir telja nauðsynlegar.

4. gr.

Hver sá, sem hefir til eignar eða umráða jurtir eða jurtahluta, er hann hefir ástæðu til að ætla, að geti verið sjúkar eða geti sýkst, t. d. vörtupest í kartöflum, er skyldur að tilkynna það samkvæmt reglugerðarákvæðum, og má hann ekkert flytja burt af þeim hlutum nje af hendi láta fyr en leyfi er til þess fengið.

5. gr.

Ákveða má í reglugerð, að vottorð um, að kartöflur sjeu heilbrigðar, og lausar við vörtupest sjerstaklega, og umbúðir ósóttnæmar, skuli fylgja hverri kartöflusendingu þaðan, sem hætta er á, að skæðir jurtasjúkdómar geti borist til landsins.

6. gr.

Ákveði stjórnarráðið, að uppskeru skuli eyðileggja, fær eigandi hæfilegt verð uppskerunnar greitt úr ríkissjóði, eftir mati dómkvaddra manna.

Kostnaður við varnarráðstafanir samkv. lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Eigendum vara, áhalda, garða eða gróðurreita ber þó að láta í tje nauðsynlega vinnu við framkvæmd varnarráðstafana endurgjaldslaust.

Hafi sá, sem fyrir tjóninu verður, orðið þess valdandi með því að vanrækja fyrirskipaðar varnarráðstafanir, ber honum einum að greiða allan kostnaðinn, sem af því leiðir.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 100—5000 kr.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi ganga í gildi um leið og þau hafa verið undirskrifuð.

Nd. **155. Nefndarálit**

um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta, sem lagt var fyrir háttv. Ed. og sætti lítilsháttar breytingu þar, hefir nefndin athugað.

Enda þótt þetta frv. sje í öllum aðalatriðum eins og gildandi lög, þá álítur nefndin, að þær breytingar, sem frv. fer fram á, sjeu fremur til bóta.

Um ákvæði 3. gr., um að skifta hreppi, sameina hreppa og breyta hreppamörkum, vill nefndin taka það fram, að hún telur að enga slíka breyting megi gera, nema allar hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, sjeu breytingunni samþykkar.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 10. mars 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form. og frsm. Hjeðinn Valdimarsson.

Árni Jónsson. Jón Guðnason, fundaskrifari. Jón Kjartansson.

Sþ. **156. Skýrslur**

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

A.

Skýrsla um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“ frá 1. janúar 1925 til 31. desember 1926.

Tekjur:

				Kr.	a.
1.	Eign í árslok 1924:				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	7700 00		
	b. Veðskuldabrjef	—	3600 00		
	c. Í Landsbankanum	—	9842 93	21142	93
2.	Vextir:				
	a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	544 50		
	b. — veðskuldabrjefum	—	360 00		
	c. — fje í Landsbankanum	—	1078 28	1982	78
			Kr.	23125	71

Gjöld:

				Kr.	a.
1.	Verðlaun greidd:				
	a. Eggert Briem frá Viðey	kr.	400 00		
	b. Bókmentafjelaginu	—	400 00		
	c. Sögufjelaginu	—	1000 00	1800	00
2.	Auglýsingakostnaður			74	40
3.	Eign í árslok 1926:				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	5100 00		
	b. Veðskuldabrjef	—	3600 00		
	c. Í Landsbankanum	—	12551 31	21251	31
			Kr.	23125	71

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. janúar 1927.

F. h. r.
G. Sveinbjörnsson.

Sigfús M. Johnsen.

B.

Skýrsla frá verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Hinn 8. janúar 1926 gaf nefnd sú, er kosin var á Alþingi 1925, til þess, að meta rit til verðlauna af Gjöf Jóns Sigurðssonar, út auglýsingu um það, að

þeir, sem til verðlauna hygðu, skyldu gefa sig fram fyrir lok desembermánaðar 1926.

Á hinum setta fresti bárust nefndinni þessar fjórar ritgerðir:

1. »Nýtt landnám«, með einkunnarorðum: »Aukist og margfaldist og uppfyllið jörðina og gerið ykkur hana undirgefna«.

2. »Rjettarstaða Grænlands«, með einkunnarorðum: »Nefni eg í það vætti að eg vinn eið að baugi, lögeið. Hjálpi mjer svo Freyr og Njörður og hinn almátki Ás, sem eg mun svo sök þessa sækja eða verja eða vitni bera eða kviðu eða dóma, sem eg veit sannast og rjettast og helst með lögum, og öll lögmæt skil af hendi leysa þau er undir mig koma meðan eg er á þessu þingi«.

3. »Búfje manna til forna«, með einkunnarorðum: »Fátt er of vel athugað«.

4. »Sjálfstæði Íslands 1809«, með einkunn: »P«.

Dómur um ritgerðir þessar fjell þannig:

Um 1. var samþykt í einu hljóði svofeld ályktun: Ritgerð þessi er safn af ýmsum smærri ritgerðum og blaðagreinum um landafundi Íslendinga í Vesturheimi, um nýtt landnám Íslendinga á Grænlandi og í Labrador og um landskosti í löndum þessum. Er bæði frágangur ritgerðarinnar og meðferð höfundarins á efninu svo gölluð, m. a. altof einstrengingsleg og altof fjarri vísindalegri óhlutdrægni, að ritgerðin verður eigi talin verðlaunaverð.

Um 2. var svofeld ályktun samþykt í einu hljóði: Enda þótt allmikil vinna liggi í ritgerðinni og ýmsum fróðleik sje þar safnað, er allri efnisskipun, meðferð heimilda og ályktunum höfundarins svo áfátt, að eigi þykir þess kostur að verðlauna hana.

Um 3. var svofeld ályktun samþykt í einu hljóði: Höfundur ritgerðar þessarar tekur til rannsóknar búfjáreign landsmanna að fornu, og leitast við að skýra það mál, aðallega eftir skýrslum þeim, sem til eru, í kirknamáldögum og öðrum fornbrjefum, um búfjáreign kirkna, klaustra og einstakra manna á ýmsum tímum. Hefir hann safnað allmiklum gögnum til þessa máls, en þó eigi til hlítar, og honum hefir eigi tekist að vinna svo úr efni því, er hann hefir safnað, sem við hefði mátt búast og æskilegt hefði verið. Af þessum ástæðum þykir ekki fært að sæma ritgerðina verðlaunum, enda þótt telja megi hana virðingarverða tilraun til að leysa úr þessum spurningum.

Um 4. var svofeld ályktun samþykt í einu hljóði: Þó að röksemdaleiðsla höfundar hefði sumstaðar mátt vera greinilegri og ritgerðin í heild sinni þurfi nokkurra umbóta, ber hún á hinn bóginn vott um svo góða þekkingu og skarpa hugsun, og er svo merkileg tilraun til að skoða þennan þátt Íslandssögu í ljósi erlendra samtíðarviðburða, að nefndin hikar ekki við að telja hana verðlauna verða og ákveður verðlaunin 500 krónur. Höfundur ritgerðar þessarar reyndist að vera Helgi P. Briem stud. polit.

Einn nefndarmanna, Ólafur Lárusson, taldi sjer eigi rjett að taka þátt í dómi um ritgerð 2., með því að þar væri deilt á skoðanir, er hann hefði haldið fram. Í hans stað dæmdi Einar prófessor Arnórsson um ritgerð þessa, með hinum nefndarmönnunum og að beiðni þeirra.

Með því að meiri verðlaunum var eigi útbýtt á þessu ári samþykti nefnd-

in, samkvæmt heimild í 2. gr. í Reglum frá 16. okt. 1912, að veita hinu íslenska bókmenntafjelagi 1200 kr. af vöxtum sjóðsins, með því skilyrði að fjelagið gefi út á þessu ári ekki minna en 5 arkir af Íslenskum annálum, II. bindi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og hlutaðeigendum voru tilkyntar samþyktir nefndarinnar.

Þetta leyfum vjer oss að tilkynna hinu háa Alþingi.

Reykjavík 10. marts 1927.

Hannes Þorsteinsson. Sigurður Nordal. Ólafur Lárusson.

Til Alþingis.

Nd. **157. Breytingartillögur**

við frv. til laga um varnir gegn vörtupest í kartöflum og annari sýkingu nytjajurta.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað »Stjórnarráðinu« komi: Atvinnumálaráðuneytinu.
2. Í stað »stjórnarráðið«, »stjórnarráðinu« í 2., 3. og 6. gr. frv. komi: ráðuneytið, ráðuneytinu.
3. 9. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
4. Fyrirsögnin orðist svo:
   Frumv. til laga um varnir gegn sýkingu nytjajurta.

Ed. **158. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 24, 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Á eftir 9. gr. komi ný grein, sem verður 10. gr., svo hljóðandi:

Nú er maður smitberi eða grunaður um að vera smitberi einhvers þess sjúkdóms, er getur um í 2. gr., og er heilbrigðisstjórninni þá heimilt, þegar henni þykir ástæða til, að fara með hann eins og hann væri haldinn af þeim sjúkdómi.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Nd. **159. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 56, frá 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd er sammála um að mæla með því, að frumvarpið nái fram að ganga, en vill á því gera þær breytingar, að frumvarpsgreinin verði feld inn í 4. gr. l. nr. 56 frá 1926, að atvinnumálaráðherra ráði því, hvort skipaður sje einn skoðunarmaður bifreiða, sem hafi þetta að aðalatvinnu, eða fleiri, sem hafi það að aukaatvinnu, að inn í sje bætt ákvæði um takmörkun farþegatölu í bifreiðum til mannflutninga.

Ennfremur vill nefndin hækka ábyrgðartrygginguna í 17. gr. allverulega, þar sem sýnt þykir, að hún sje alt of lág, og fer nefndin þó ekki lengra en svo, að tilsvarandi tryggingarupphæð í Noregi er helmingi hærri.

Einn nefndarmaður (J. Kj.) hefir nokkra sjerstöðu; einkum telur hann sig vera mótfallinn hækkun ábyrgðartryggingarinnar.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Frumvarpsgreinin verði 1. grein og orðist þannig:

4. gr. laganna skal orða svo:

Sjerhver bifreiðareigandi skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynning um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Skal lögreglustjóri síðan láta fara fram skoðun á vagninum. Ef vagninn samkvæmt skoðuninni fullnægir ákvæðum þessara laga og þeirra reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, skal lögreglustjóri skrásetja vagninn og afhenda eiganda merki, sem setja skal aftan á vagninn og má ekki taka af honum meðan hann er notaður. Verði eigendaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra. Flytjist bifreiðareigandi búferlum úr einu lögsagnarumdæmi í annað með bifreið sína, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal lögreglustjóri lögsagnarumdæmis þess, er hann flytst í, ákveða merki það, er bifreið hans þá skal hafa, og afhenda honum það.

Atvinnumálaráðherra löggildir skoðunarmann eða skoðunarmenn bifreiða fyrir Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu og er heimilt að löggilda skoðunarmann í hverju öðru umdæmi, þar sem bifreiðar ganga. Skulu skoðunarmenn vera reyndir bifreiðastjórar, er rjett hafa til að stýra leigubifreiðum til mannflutninga. Þeim skal skylt fyrirvaralaust öðru hverju, og ekki sjaldnar en einu sinni á ársfjórðungi hverjum, að skoða allar bifreiðar í umdæm-

inu og athuga ökuskírteini bifreiðarstjóra. Skoðunarvottorð bifreiðarinnar skal fest upp í henni, og áritar skoðunarmaður það eftir hverja skoðun. Í skoðunarvottorði skal ákveða, hversu margir farþegar megi vera í bifreið til mannflutninga. Bifreiðareigandi greiðir 10 kr. árlegt gjald fyrir skoðanir til lögreglustjóra, og gengur sú upphæð til skoðunarmanna, þar sem þeir eru, eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur. Atvinnumálaráðherra gefur skoðunarmanni erindisbrjef, sem ákveður nánar um valdsvið hans og skyldur.

Þar sem ekki er löggiltur neinn skoðunarmaður bifreiða, getur lögreglustjóri, hve nær sem ástæða er til, látið fara fram nýja skoðun á bifreið á kostnað eiganda, og komi það þá í ljós, að hún fullnægi ekki lengur ákvæðum laga og reglugerða, getur hann bannað notkun bifreiðarinnar og tekið merki af henni.

2. Á eftir frvgr. kemur ný gr., sem verður 2. gr., svo hljóðandi:

Tölunum í 1. málsgr. 17. gr. laganna skal breyta svo:

Í staðinn fyrir »3000 kr.« komi: 10000 kr., í staðinn fyrir »1000 kr.« komi: 3500 kr., og í staðinn fyrir »1500 kr.« komi: 5000 kr.

Alþingi, 11. mars 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Hjeðinn Valdimarsson, frsm.	Jón Guðnason, fundaskrifari.
Árni Jónsson.	Jón Kjartansson, með fyrirvara.	

Sþ. 160. Tillaga

til þingsályktunar um stúdentspróf við Akureyrarskóla.

Flutningsm.: Jónas Kristjánsson, Bernh. Stefánsson, Jakob Möller og Einar Árnason.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram stúdentspróf við skólann á Akureyri nú í vor fyrir þá af nemendum þess skóla, er notið hafa þar framhaldsnáms, er svarar til náms í lærdómsdeild mentaskólans.

Ástæður.

Nokkrir nemendur Akureyrarskólans ætla að ganga undir stúdentspróf nú í vor. Er það eindregin ósk skólameistara og nemendanna sjálfra, að þeir fái að taka prófið á Akureyri, enda mundi ferð til Reykjavíkur, til að taka þar próf, verða mikill kostnaðarauki fyrir fátæka nemendur og hafa ýms fleiri óþægindi í för með sjer.

Nd. **161. Frumvarp**

til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 26, 15. júní 1926, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til þess að gefa út nýja flokka (seríur) banka-vaxtabrjefa.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Heimilt skal, að 7. flokkur veðdeildarinnar nemi alt að 1 milj. króna.

2. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis, alt að 4¾ milj. króna. Lánsfjenu má verja til þess að kaupa veðdeildarbrjef og jarðræktarbrjef, enda sje kaupverði og vöxtum brjefanna hagað svo, að ríkissjóður verði skaðlaus af kaupunum, miðað við gengi íslenskrar krónu á lántökudegi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjárhagsnefnd hefir tekið að sjer flutning á frumvarpi þessu samkvæmt ósk fjármálaráðherra, eftir að hafa athugað allnákvæmlega þörfina fyrir þeirri lánsheimild, sem hjer er farið fram á að veita ríkisstjórninni til lántöku erlendis.

Þegar ríkisstjórninni var á síðasta þingi veitt heimild til að taka 3 milj. króna lán erlendis til veðdeildarbrjefakaupa, þá bjuggust sumir við því, að þessi upphæð mundi nægja fyrst um sinn ásamt hinum innlenda markaði fyrir slík brjef. Þess var þó varla að vænta, þar sem menn höfðu dregið það árum saman að taka veðdeildarlán, vegna hinna gífurlegu afFalla veðdeildarbrjefa 4. fl., í von um, að úr rættist um sölu brjefanna eða að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að koma betra skipulagi á fasteignalánastarfsemina. Var því þörf slíkra lána orðin geysimikil. Hjer við bættist það, að jafnframt og veðdeildin tók til starfa á síðasta ári, þá var orðinn tilfinnanlegur veltufjárskortur í landinu, og vextir bæði af þeim ástæðum og öðrum ærið háir. Af þessu hlaut að leiða mjög mikil eftirspurn eftir veðdeildarlánum og jafnframt lítill markaður innanlands fyrir brjefin.

Eins og sjá má af brjefi Landsbankastjórnarinnar, er óhjákvæmilegt, að brjefin lækka í verði frá því, sem nú er, og kjör lánþega þrengjast, ef ekkert er gert til þess að útvega markað fyrir þau.

Sem stendur sjer nefndin engin önnur ráð til þess að bæta úr þessu en þau, sem frumv. gerir ráð fyrir.

Ræktunarsjóðurinn. Eins og sjá má af brjefi bankastjórnar Landsbankans, er ekki gert ráð fyrir, að hærri lántöku þurfi til veðdeildarbrjefakaupa en alt að

3 milj. króna, en nú er svo komið, að fyrirsjáanleg hætta er á því, að brjef ræktunarsjóðs seljist ekki affallalaust nema ríkisvaldið hjálpi.

Fyrir því hefir fjármálaráðherra óskað, að lánsheimild verði gefin fyrir alt að 4¾ milj. króna, og hefir nefndin, eftir því sem atvik liggja til, fallist á, að það verði gert.

Jafnvel þó fjárhagsnefndarmenn telji, að varlega beri að fara í erlendum lántökum, þá virðist svo, sem ekki verði hjá því komist að þessu sinni að taka það lán eða svipað því, sem hjer er farið fram á heimild til að taka. Þess ber og að gæta, að ekki virðist, að til þess geti komið, að ríkissjóði verði íþyngt með þessari lántöku.

Hjer fer á eftir brjef Landsbankastjórnarinnar.

Fylgiskjal

LANDSBANKI ÍSLANDS
Reykjavík, 24. febr. 1927

Eins og hinu háa fjármálaráðuneyti mun kunnugt, var lokið útlánum úr 4. flokki veðdeildarinnar í ársbyrjun 1926. Með lögum nr. 26, 15. júní 1926, var veðdeildinni veitt heimild til þess að gefa út bankavaxtabrjef alt að 10 milj. kr. Í október síðastliðnum var byrjað að veita lán úr 5. flokki. Er þeim flokki nú að heita má lokið (aðeins eftir óveitt lán fyrir um 25 þús. kr.), og hefir ríkisstjórnin keypt öll bankavaxtabrjef þess flokks. Í desember sl. var 6. flokkur opnaður, og er alls búið að veita úr honum lán að upphæð 910400 kr. Af þessari upphæð liggur Landsbankinn með bankavaxtabrjef, er nema 680000 kr. Óafgreiddar liggja enn fyrir um 260 lánbeiðnir, er nema samtals um 4 milj. kr., og má búast við, ef allar þessar lánbeiðair koma til greina, að endanleg lánaupphæð muni nema nálægt 2½ milj. kr. Ennfremur verður að taka til greina, að sífelt berast að nýjar lánbeiðnir, og búast má við talsverðri viðbót síðari hluta ársins út á nýbyggingar, sem gerðar verði á komandi sumri.

Af framangreindu er augljóst, að engar líkur eru til þess, að núverandi söluverði brjefanna (89 kr.) verði haldið nema sjerstakar ráðstafanir verði gerðar. Það er með öllu óhjákvæmilegt, að gengi brjefanna lækki, þ. e. a. s. að vextir lánanna hækki, ef innlendi markaðurinn er látinn einn um að taka við brjefunum; og gengislækkunin getur vel orðið það mikil, að algerlega taki fyrir útlán úr veðdeildinni.

Leyfum vjer oss því að mælast til þess, að ráðuneytið afli sjer heimildar hjá Alþingi til þess að taka alt að 3 milj. kr. lán erlendis, til þess að kaupa fyrir bankavaxtabrjef.

Í þessu sambandi vildum vjer vekja athygli ráðuneytisins á því, að heppilegt væri, að lögunum um þessa nýju veðdeildarflokka yrði breytt þannig, að heimilt sje, að væntanlegur 7. flokkur megi vera alt að 4 milj. kr. Samkvæmt lögunum, eins og þau eru, verða flokkarnir að vera tveir (2 milj. kr. + 2 milj.

kr., eða 3 milj. kr. + 1 milj. kr.), og er það aðeins til óhagræðis og kostnaðarauka.

Virðingarfyllst.
Landsbanki Íslands.
Georg Ólafsson. Magnús Sigurðsson.

Til fjármálaráðuneytis Íslands.

Nd. **162. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

Flutningsm.: Þórarinn Jónsson og Benedikt Sveinsson.

1. Við 8. gr. d-liður falli niður.
2. Við 9. gr. Greinin verður svo:
   Sjerleyfishafi framkvæmir járnbrautarlagninguna og rekur fyrirtækið á sinn kostnað, enda tekur hann tekjur af því. Ráðherra skal samþykkja öll flutningsgjöld og hafa eftirlit með rekstri brautarinnar.

Ed. **163. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 20. júní 1923, um sandgræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir haldið 3 fundi um þetta mál og athugað það eftir föngum. Er nefndin á einu máli um það, að í flestum tilfellum muni landeigendum ofvaxið að leggja fram helming kostnaðar við sandgræðslugirðingar og síkt ákvæði muni einatt draga úr girðingaframkvæmdum þar, sem efnalitlir menn eiga hlut að máli, en þörfin getur þó verið einna mest. Með öðrum orðum getur svo farið, að sandsvæðin, sem allra mest er nauðsyn á að vernda sem fyrst, sjeu látin afskiftalaus vegna efnaskorts landeiganda, en önnur svæði tekin, sem minni hætta stafar af, ef þar á í hlut efnaðri maður, sem telur sjer fært að leggja fram helming kostnaðar.

Með sandgræðslulögunum 1914 var eigi fastákveðið tillag frá landeiganda til sandgræðslugirðinga, og mun það hafa verið tíðast, að ríkissjóður hafi greitt mestallan girðingarkostnað, að $^3/_4$ og sýslusjóður að $^1/_4$, þangað til lög nr. 45, 20. júní 1923, gengu í gildi og skylda landeiganda til að greiða helming kostnaðarins.

Þá eru ákvæðin um hlið og vegi gegnum girðingar í lögunum frá 1923 eiga áður viðfangs en áður var, enda kemur það beint í bága við vegalögin 1924, 37. gr., að girða af og loka alfaravegum. Báðum þessum aðalatriðum frv. leggur nefndin til, að verði komið í það horf, sem frv. fer fram á, og telur víst, að með því komist meiri skriður á framkvæmdir girðinga þar, sem þörfin er mest.

Nefndin fjekk sandgræðsluvörð hr. Gunnlaug Kristmundsson á fund með sjer, og tjáði hann sig breytingunum hlyntan.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað »$^{3}/_{4}$ úr ríkissjóði, en $^{1}/_{4}$ af landeiganda« komi: $^{2}/_{3}$ úr ríkissjóði, en $^{1}/_{3}$ af landeiganda.

Alþingi, 12. mars 1927.

Einar Jónsson, form. og frsm.	Jónas Kristjánsson.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.

Ed. **164. Nefndarálit**

um frv. til laga um laun skipherra og skipverja á varðeimskipum ríkisins.

Frá öðrum minni hluta fjárhagsnefndar.

Jeg álít ekki þörf á lagasetningu um þetta efni og legg því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 12. mars 1927.

Jón Baldvinsson.

Ed. **165. Frumvarp**

til laga um varnir gegn sýkingu nytjajurta.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að gera þær ráðstafanir, er það álítur nauðsynlegar til að hindra það, að hættulegir jurtasjúkdómar berist til

landsins, og sömuleiðis til að hindra útbreiðslu slíkra sjúkdóma, hvar og hvenær, sem þeirra verður vart innanlands.

2. gr.

Ráðuneytið ákveður, hvaða sjúkdóma beri að skoða svo hættulega, að varnarráðstafanir skuli gera samkvæmt lögum þessum, og setur reglugerð um þær.

3. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að skipa einn eða fleiri menn til eftirlits og rannsókna, þar sem hætta getur verið á skaðlegum sjúkdómum fyrir nytjajurtir. Er eftirlitsmönnum heimilt að framkvæma þær rannsóknir eftir þörfum, hvort heldur er í sölubúðum, geymslustöðum, matjurtagörðum eða öðrum gróðurreitum. Þeim er heimilt að taka nauðsynleg sýnishorn án endurgjalds til rannsókna og gera þær bráðabirgðaráðstafanir, er þeir telja nauðsynlegar.

4. gr.

Hver sá, sem hefir til eignar eða umráða jurtir eða jurtahluta, er hann hefir ástæðu til að ætla, að geti verið sjúkar eða geti sýkst, t. d. vörtupest í kartöflum, er skyldur að tilkynna það samkvæmt reglugerðarákvæðum, og má hann ekkert flytja burt af þeim hlutum nje af hendi láta fyr en leyfi er til þess fengið.

5. gr.

Ákveða má í reglugerð, að vottorð um, að kartöflur sjeu heilbrigðar, og lausar við vörtupest sjerstaklega, og umbúðir ósóttnæmar, skuli fylgja hverri kartöflusendingu þaðan, sem hætta er á, að skæðir jurtasjúkdómar geti borist til landsins.

6. gr.

Ákveði ráðuneytið, að uppskeru skuli eyðileggja, fær eigandi hæfilegt verð uppskerunnar greitt úr ríkissjóði, eftir mati dómkvaddra manna.

Kostnaður við varnarráðstafanir samkv. lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Eigendum vara, áhalda, garða eða gróðurreita ber þó að láta í tje nauðsynlega vinnu við framkvæmd varnarráðstafana endurgjaldslaust.

Hafi sá, sem fyrir tjóninu verður, orðið þess valdandi með því að vanrækja fyrirskipaðar varnarráðstafanir, ber honum einum að greiða allan kostnaðinn, sem af því leiðir.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 100—5000 kr.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **166. Breytingartillaga**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 24, 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Frá allsherjarnefnd.

Við fyrirsögn frumvarpsins:

Fyrir »breyting á lögum« komi: viðauka við lög.

Nd. **167. Nefndarálit**

um frv. til laga um rjett erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Með frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, er takmarkaður rjettur einstakra manna, fjelaga og stofnana til þess að nota erlendan verkalýð við atvinnufyrirtæki á landi og í landhelgi. Einnig er atvinnumálaráðherra veitt heimild til þess að vísa út landi þeim erlendum mönnum, er hingað koma í atvinnuleit. Sjávarútvegsnefnd er á einu máli um, að nauðsynlegt sje að fá skýrari lagaákvæði en áður eru til í þessu efni. Mælir nefndin því með, að háttv. deild samþykki þetta frumvarp.

Hinsvegar hefir nefndin klofnað um breytingartillögur, er einstakir nefndarmenn hafa borið fram í nefndinni. Minni hluti nefndarinnar (Hjeðinn Valdimarsson og Bernh. St.) munu koma fram með sjerstakar breytingartillögur.

Meiri hluta nefndarinnar (Sv. Ól., Ól. Th. og Sigurj. J.) þykir vanta inn í frv. ákvæði um, að sveitabændum sje heimilt að ráða til sín erlend vinnuhjú. Verður ekki talið, að slík heimild geti orsakað neinn verulegan innflutning erlends verkalýðs, nje að af þeim innflutningi geti stafað aukin hætta fyrir hollustuhætti, tungu vora eða þjóðerni. Hinsvegar er oft miklum erfiðleikum bundið að fá nægan vinnukraft til algengrar sveitavinnu. Vill meiri hl. nefndarinnar því ráða háttv. deild til að samþykkja frv. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Á eftir 3. tölulið bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

4. Erlend vinnuhjú mega sveitabændur ráða til sín í 2 mánuði eða lengur.

4. og 5. liður verði 5. og 6. liður.

Alþingi, 9. mars 1927.

Sveinn Ólafsson, form. Sigurj. Jónsson, frsm. Bernh. Stefánsson. Ólafur Thors.

Hjeðinn Valdimarsson.

Nd. **168. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 15. júní 1926, um vörutoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin telur frv. ekki verulegu máli skifta, hvorki fyrir ríkissjóð nje kaupendur þessarar fóðurtegundar, en sjer þó ekki ástæðu til að leggja á móti því, að það nái fram að ganga.

Alþingi, 11. mars 1927.

Kl. Jónsson, form. Ásgeir Ásgeirsson. Jón A. Jónsson, fundaskrifari. Magnús Jónsson.

Jakob Möller. Björn Líndal. Halldór Stefánsson, frsm.

Nd. **169. Breytingartillaga**

við frv. til laga um rjett erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Flutningsm.: Bernh. Stefánsson, Hjeðinn Valdimarsson.

Síðari másgrein 10. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Nd. **170. Breytingartillögur**

við frv. til laga um rjett erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Frá Hjeðni Valdimarssyni.

1. Við 2. gr. Orðin »annari en fæði og húsnæði« falli burtu.
2. Við 4. gr. Á eftir orðunum »... án hnekkis atvinnuvegum landsins.« komi: Atvinnumálaráðherra leitar álits Alþýðusambands Íslands þegar umsóknir berast um innflutning erlendra verkamanna.

Ed. **171. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 24, 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Orðin »sem verður 10. gr.« í 1. málsgr. falli niður.
2. Síðasta málsgr. falli niður.

Nd. **172. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 24, 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Á eftir 9. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú er maður smitberi eða grunaður um að vera smitberi einhvers þess sjúkdóms, er getur um í 2. gr., og er heilbrigðisstjórninni þá heimilt, þegar henni þykir ástæða til, að fara með hann eins og hann væri haldinn af þeim sjúkdómi.

Nd. **173. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög]. (Þskj. 98).

Frá Benedikt Sveinssyni.

Aftan við frvgr. komi:

Aftan við 2. gr. C. komi:

4. Kópaskersvegur frá Kópaskeri að Norðurlandsvegi við Klifshaga.

Nd. **174. Nefndarálit**

um frv. til laga um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir klofnað um málið. Meiri hlutinn fellst á frumv. Hafnarfjörður hefir nú um 3000 íbúa og um 1300 kjósendur, og yrði því fyrir ofan meðaltal kjördæma í landinu að mannfjölda. Akureyri hefir sömu íbúatölu,

en hinir kaupstaðirnir allir, nema Reykjavík, hafa færri íbúa. Hafnfirðingar hafa hvað eftir annað sent Alþingi áskoranir um, að kjördæminu yrði skift, og virðist nú, þegar almennar kjördæmakosningar standa fyrir dyrum, rjetti tíminn til að taka tillit til þessarar óskar þeirra. Þótt mannfjöldinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu sje nokkru meiri heldur en í Hafnarfirði, þá er sá munur minkandi, enda minni heldur en áður hefir átt sjer stað, er öðrum kjördæmum hefir verið skift, en atvinnuhættir eru töluvert mismunandi í sýslunni og í kaupstaðnum.

Leggur því meiri hluti nefndarinnar til, að frumv. nái fram að ganga.

Alþingi, 14. mars 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Hjeðinn Valdimarsson, frsm. meiri hl.	Jón Guðnason, fundaskrifari.

Nd. **175. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

2. gr. skal orða svo:

Aftan við 7. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

a. Yfirmatsmenn skulu eiga fund með sjer einu sinni á ári til þess að ræða um endurbætur og samræming fiskimatsins í öllu landinu, og skal atvinnumálaráðherra boða til fundarins og ákveða fundarstað.
b. Að minsta kosti annaðhvert ár skal einn yfirfiskimatsmannanna, er ráðherra nefnir til þess í hvert sinn, eða tveir þriðja hvert ár, fara til Miðjarðarhafslanda til þess að kynna sjer kröfur neytendanna um verkun fiskjarins og alla meðferð.
c. Kostnað þann, er af ferðum þessum leiðir og fundahöldum, skal greiða úr ríkissjóði samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.

Ed. **176. Frumvarp**

til laga um stofnun húsmæðraskóla á Hallormsstað.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Húsmæðraskóla skal stofna á Hallormsstað (Ormsstöðum), þegar skilyrði þau eru fengin, sem í 6. gr. getur. Skal hann veita konum þá fræðslu, sem húsmæðrum er nauðsynleg. Kúabú skal rekið í sambandi við skólann.

2. gr.

Skólahús skal úr steinsteypu gert eða öðru haldgóðu efni, og rúmi það kenslustofur fyrir 40 nemendur og að minsta kosti 30 heimavistir, auk íbúðar fyrir forstöðukonu og þjónustufólk, eldhús, þvottarúm og geymslu.

Nauðsynleg útihús teljast einnig til stofnunarinnar.

3. gr.

Skólanum stýrir forstöðukona, er ráðherra skipar eftir tillögum sýslunefnda Múlasýslna. Ræður hún aðstoðarkennara með samþykki skólanefndar, sem sýslunefndirnar velja til þriggja ára í senn. Forstöðukona hefir að launum 2000 krónur á ári.

4. gr.

Kenna skal: Matreiðslu, og sje einkum lögð áhersla á matreiðslu úr innlendum efnum. Framreiðslu matar og drykkjar. Ræstun og þvott. Vefnað, saum, prjón og hirðing fata. Íslensku. Búreikning. Efnafræði, einkum um efnasambönd fæðunnar. Heilsufræði og algeng hjúkrunarstörf. Meginatriði uppeldisfræðinnar. Söng og leikfimi.

Nánari ákvæði um námsgreinar og tilhögun skólans setur ráðherra með reglugerð.

5. gr.

Ríkissjóður leggur fram $^{2}/_{3}$ stofnkostnaðar, gegn $^{1}/_{3}$ annarsstaðar að. Rekstur skólans og skólabús annast ríkissjóður að öðru leyti.

6. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þegar hlutaðeigandi hjeruð eru viðbúin að leggja fram sinn hluta stofnkostnaðar.

Greinargerð.

Lengi hefir verið að því unnið austanlands að koma þar upp kvennaskóla, og hefir í því skyni verið safnað nokkurri fjárupphæð. Ýmsar tillögur um skólasetur og tilhögun skólans hafa komið fram, en engin fengið neina festu fyrr en nú á síðasta ári. Hefir búnaðarsamband Austurlands og kvenfjelög þar eystra leitað hófanna um þetta, og er álit þeirra eindregið í þá átt að koma upp húsmæðraskóla, og virðist öllum koma saman um, að hann sje best settur á Hallormsstað. Leitað hefir verið álits skógarvarðar um þetta, og hefir hann fallist á að sleppa ábúðarnotum af skógarhjáleigunni Ormsstöðum með túni hennar og nauðsynlegri hagbeit, ef þetta yrði notað í þarfir húsmæðraskólans.

Undanfarið hefir lítill vísir húsmæðraskóla verið haldinn í Mjóanesi, litlu neðar með Leginum, af frú Sigrúnu Blöndal, og hefir starf hennar í þá átt glætt áhugann á skólastofnuninni, enda má telja víst, að hún fremur flestum öðrum konum væri sjálfkjörin til að taka að sjer stjórn húsmæðraskólans, ef til kemur.

Nd. **177. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Frá Sigurjóni Jónssyni.

Framan við frumvarpsgreinina komi:
Aftan við 2. gr. B. 4. komi:

5. Vestfjarðavegur frá Ísafirði um Breiðdalsheiði að Veðrará, um Bjarnardal, um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð.

Nd. **178. Nefndarálit**

um frv. til laga um iðnaðarnám.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta, sem felur í sjer endurskoðun á lögum nr. 15, 16. sept. 1893, um iðnaðarnám, hefir verið samþykt í Ed. með litlum breytingum frá frv. stjórnarinnar. Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykt.

Alþingi, 15. mars 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jón Guðnason, fundaskrifari og frsm.	Hjeðinn Valdimarsson, með fyrirvara.

Jón Kjartansson. Árni Jónsson.

Sþ. **179. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um rannsókn á kostnaði við að byggja fullkomna síldarverksmiðju á Siglufirði.

Flutningsm.: Björn Líndal.

Í stað orðanna á »Siglufirði« í 1. lið og fyrirsögninni komi: á hentugum stað á Norðurlandi.

Ed. **180. Tillaga**

til þingsályktunar um að kaupa eða leigja flugvjel til póstflutninga á Íslandi.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að kaupa eða leigja hentuga flugvjel til póstflutninga hjer á landi, svo og að fá hæfan erlendan flugmann til að starfrækja þessa flugvjel. Skulu tilraunir hefjast nú á sumri komandi.

Greinargerð.

Ísland hefir lakastar samgöngur af öllum löndum í álfunni og á við meiri erfiðleika að stríða í því efni en flestar aðrar þjóðir, sökum landsstærðar og fámennis. Póstflutningarnir gjalda samgangnanna og eru með fullkomnum miðaldablæ, til mesta tjóns fyrir fólkið í hinum dreifðu bygðum. Nú er notkun flugvjela mjög að fara í vöxt erlendis. Má heita, að nú sjeu fastar flugferðir milli allra helstu borga í Evrópu, til að flytja póst, farþega og vörur. Hjer er auðveldast og mest þörf að bæta póstflutninginn. Þess vegna er gert ráð fyrir, að byrjað verði á tilraunum í þeirri grein.

Nd. **181. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar telur þrjár ástæður til þess, að samþykkja beri frumvarp þetta. Hin fyrsta er sú, að Hafnarfjörður eigi heimtingu á þessari breytingu vegna fólksfjölda, hin önnur, að vegna mismunandi atvinnuhátta innan kjördæmisins eigi þessi skifting fram að fara. Hin þriðja, að Hafnfirðingar óski sjálfir þessarar breytingar.

Um fyrsta atriðið er það að segja, að fólksfjöldinn út af fyrir sig rjettlætir ekki skiftinguna. Skiftingin yrði hjer sem annarsstaðar, þar sem kaupstaðir hafa verið gerðir að sjerstökum kjördæmum, að byggjast á því aðallega, að atvinnuhættir kaupstaðarins væru allir aðrir en annarsstaðar í kjördæminu. En að því er kemur til Gullbringu- og Kjósarsýslu er slík skilgreining ekki allskostar rjett, því mikill þorri kjósenda í kjördæminu á við að búa samskonar eða náskylda atvinnuhætti þeim, sem tíðkast í Hafnarfirði. Önnur ástæðan er því líka úr sögunni.

Um þriðju ástæðuna er þetta að segja: Engin ósk liggur fyrir um skift-

ingu kjördæmisins frá öðrum hlutum þess, heldur þvert á móti skýlaus mótmæli frá sýslunefndum Gullbringu og Kjósarsýslu. Og að því er snertir Hafnarfjörð, er óskin fyrst og fremst komin frá sjerstökum stjórnmálaflokki, án þess nokkrar upplýsingar liggi fyrir um það, að jafnvel hafnfirskir kjósendur standi almennt að þessari kröfu. Ef löggjafarvaldið færi að hlaupa þannig eftir kröfum ákveðinna stjórnmálaflokka um skiftingu kjördæma, yrði það ærið hæpinn grundvöllur á að byggja, því vitanlega getur enginn um það sagt, hve lengi slíkur flokkur kann að vera í meiri hluta á þessum og þessum stað. Engin trygging er heldur fyrir því, að kröfur stjórnmálaflokks sjeu á rjettlæti bygðar. Þar er ávalt hættan á, að flokkshagsmunirnir sitji í fyrirrúmi.

Hjer hafa þá allar þær ástæður, sem fram hafa verið bornar til stuðnings frumvarpinu, verið hraktar, og leggur minni hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði felt.

Alþingi, 15. mars 1927.

Árni Jónsson, frsm. Jón Kjartansson.

Ed. **182. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast lán fyrir Landsbanka Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og eigi orðið allskostar sammála.

Leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykt, með því hann telur hættu á, að það mundi geta bakað atvinnuvegunum allmikið tjón, ef þingið synjar um ábyrgð ríkissjóðs fyrir láni þessu.

Síðan árið 1921 hefir ríkissjóðurinn aftur og aftur orðið að ganga í ábyrgðir fyrir bankana fyrir stórlánum, þar á meðal lánum, sem segja má upp með stuttum fyrirvara. Þykir meiri hlutanum sýnt, að eftir því sem hleðst meira af ábyrgðum á ríkissjóðinn fyrir bankana, hljóti stjórn og þing að sjá bönkunum fyrir öruggara og raunverulegra eftirliti en þeir hafa hingað til orðið aðnjótandi.

Með þeirri athugasemd leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 15. mars 1927.

Björn Kristjánsson, form. og frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrifari. Jónas Kristjánsson.

Ed. **183. Nefndarálit**

um frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á jörð í nágrannahreppi.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir haldið nokkra fundi og athugað þetta mál eftir föngum. Var öll nefndin sammála um það, að hverju kauptúni bæri nauðsyn til þess að ná eignarhaldi á nokkru eigi alllitlu nærtæku landi til ræktunar, slægna og beitar, svo að íbúum kauptúnanna sje unt að fá bletti til ræktunar og mjólkurframleiðslu. Lengra náði samkomulagið ekki. Meiri hluti nefndarinnar taldi, að þetta frv. mundi lítið bæta úr þessari þörf kauptúnanna. Gæti frv. jafnvel orðið til þess, ef að lögum yrði, að eitt kauptún sölsaði undir sig meiri hluta jarðanna í einum hreppi, eða að einstakir menn gætu notað sjer lögin til þess að koma nærliggjandi jörðum í óeðlilega hátt verð og verða þannig valdandi að óeðlilegri og óhollri samkepni á þessu sviði. Telur meiri hluti nefndarinnar sennilegt, að kauptúnum muni ekki verða skotaskuld úr því að ná eignarhaldi á nærliggjandi jörðum, ef þess er kostur á annað borð að fá þær keyptar og kauptúnin leggja kapp á það. Frumvarpið gæti auðveldlega fremur orðið til þess að hækka jarðir í verði fyrir kauptúni en til hins gagnstæða, ef það yrði að lögum.

Að öllu athuguðu getur meiri hluti nefndarinnar ekki mælt með frumvarpinu, og leggur til, að það verði felt.

Alþingi, 16. mars 1927.

Einar Jónsson, form.	Jónas Kristjánsson, frsm.

Ed. **184. Fyrirspurn**

til ríkisstjórnarinnar um starf fiskifulltrúans á Spáni.

Frá Ingvari Pálmasyni.

1. Hvern árangur hefir starf fulltrúans á Spáni borið fyrir íslenskan sjávarútveg?
2. Hvað hefir fulltrúinn gert til þess að afla íslenskum saltfiski álits utan Spánar og vinna nýjan markað eða færa út áður þekta markaði?

Ed. **185. Fyrirspurn**

til ríkisstjórnarinnar um yfirsíldarmatsstarfið á Austurlandi.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Eftir hvaða heimildum var yfirsíldarmatsstarfið á Seyðisfirði sameinað yfirsíldarmatsstarfinu á Akureyri síðastliðið sumar?

Hve lengi á sú ráðstöfun að standa?

Ed. **186. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 45, 20. júní 1923, um sandgræðslu.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Við 4. gr. Í stað »1/3 úr ríkissjóði, en að 1/3 af landeiganda« í 4. gr. laganna komi: 2/3 úr ríkissjóði, en 1/3 af landeiganda.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo: Eigi má girða fyrir alfaravegi, ef af því orsakast bagalegur krókur eða ófær leið. Skal sandgræðslan, þegar svo stendur á, annast um hlið, traðir eða upphleypta vegi gegnum girðinguna, og skal kostnaður af því greiddur af sömu aðiljum sem sandgræðslukostnaður, eftir sömu hlutföllum.

Öllum vegfarendum er skylt að loka hliðum í hvert sinn og um þau er farið, en sæta sektum ella, alt að 50 kr., er uppvíst verður, að hlið er skilið eftir opið, enda skal svo frá hliðum gengið, að auðvelt sje að opna og loka.

Nd. **187. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Flutningsm.: Magnús Torfason, Jörundur Brynjólfsson.

Framan við frumvarpsgreinina komi:

Á eftir 2. gr. A. 4. komi nýr liður:

5. Skeiðabraut frá vegamótum Suðurlandsvegar norðan Flatholts upp Skeið, að Sandlæk.

Liðatalan á eftir breytist samkvæmt þessu.

Ed. **188. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 20. júní 1923, um sandgræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Orðin »Við 4. gr.« fremst í greininni falli burt.
2. Á eftir 2. gr. komi ný (3.) grein, svo hljóðandi:

Á eftir orðunum »50—1000 kr.« í 15. gr. laganna komi: (sbr. þó 9. gr. síðari málsgr.).

Nd. **189. Breytingartillögur**

við frv. til laga um landnámssjóð Íslands.

Frá Jóni Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Í stað »100 þús.« komi: 200 þús.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað »fjölga« komi: endurreisa og fjölga.
   b. Fyrir orðin »á landi ... einkaeign« komi: á landi, sem er í einkaeign eða í eign sveitar- eða bæjarfjelaga.
   c. Við bætist liður c: að lána fje til byggingar á býlum, sem eru að leggjast í eyði vegna húsaleysis.
3. Við 3. gr.
   a. Í stað »framlagi« komi: láni.
   b. Á eftir orðinu »nýbýla« komi: eða byggingar.
   c. Á undan a-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:
      a. að umsækjandi hafi fulla eignarheimild á landinu eða erfðafestuheimild.
   d. Aftan við orðið »fjölskyldu« í a-lið komi: eftir kringumstæðum.
      Liðatalan breytist samkvæmt atkvgr.
   e. Við bætist nýr liður, svo hljóðandi:
      d. að viðkomandi búnaðarsamband mæli með lánbeiðninni.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lán til nýbýla og bygginga skulu vera afborgunar- og vaxtalaus fyrstu 10 árin. Síðan skal lánsupphæðin endurgreidd á 42 árum með jöfnum afborgunum og 4% ársvöxtum, þannig, að afgjaldið sje jafnt öll árin. Mannvirki þau, sem lánað er til, skulu vera að veði fyrir láninu með 1. veðrjetti, svo og landið. Þó má sjóðsstjórnin, er ástæður þykja til, taka að veði 2. veðrjett í landinu.
5. Við 5. gr.
   a. Fyrri málsliður orðist svo:
      Lánbeiðnum einstakra manna samkv. 4. gr. skal, eftir því sem ástæður leyfa, sint á undan lánsþörf til jarðeigna ríkis, sveitar- eða bæjarfjelaga.
   b. Síðari málsliður (»Sjeu umsóknir« o. s. frv.) falli niður.
6. Við 6. gr.
   a. Í stað »framlagi« komi: láni.
   b. Á eftir orðunum »úr landnámssjóði« komi: á jarðeignum ríkisins skulu seld. Um greiðslu kaupverðs fer samkvæmt lögum um sölu þjóðjarða.
      Orðin »skulu seld« o. s. frv. falli niður.
7. Við 7. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Upphæð lána samkvæmt lögum þessum má nema til bygginga o. s. frv.
8. Við 8. gr. Greinin falli niður. Greinatalan breytist samkvæmt því.
9. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Vextir og afborganir lána, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, sem og andvirði seldra nýbýla, nema jarðarverðið, renna í landnámssjóð.

10. Við 10. gr.
a. Fyrir »Þjóðbanka Íslands« komi: Landsbanka Íslands.
b. Orðin »eða í jarðræktarbrjefum« falli burt.

11. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Stjórn sjóðsins og reikningshald skal falið ræktunarsjóði Íslands, og hefir stjórn ræktunarsjóðsins sjer til aðstoðar við lánveitingar þriggja manna nefnd, sem skipuð sje búnaðarmálastjóra, ráðunaut stjórnarinnar um bygging sveitabæja og þriðja manni, er atvinnumálaráðherra nefnir til. Skal ekkert lán veitt úr sjóðnum nema nefndin mæli með því.

12. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
Nánari reglur um sjóðinn setur atvinnumálaráðherra, og hefir hann yfirstjórn sjóðsins á hendi.

Nd. **190. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 113 og 126 [Fátækralög].

I. Frá *Halldóri Stefánssyni.*
Brtt. 113, 8. orðist svo:
29. gr. falli niður.

II. Frá *Hjeðni Valdimarssyni* og *Birni Líndal.*
Við brtt. 126, 1. Fyrir orðin »þeir fari illa með þau« komi: þar fari illa um þau.

Ed. **191. Frumvarp**

til fátækralaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 106 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Framfærslumaður á rjett á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rjett og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sjer, eða ráða verustað þess.

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að fram-

færa hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

11. gr. hljóðar svo:

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs eða húsbónda þess, og greiðir það þá sjálft kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sjerstakri hjúkrun, en húsbónda þess er skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sjerstakt sjúkrafæði — í alt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann.

Ef hjú sýkist eða slasast í fjarlægð frá heimili sínu, án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kent, og verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í alt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann og ekki yfir 2 kr. um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjúi er komið burt af heimili sínu til lækninga eftir læknisráði, hvort heldur í sjúkrahús eða annað, enda sje hvorki því nje húsbónda þess um leguna að kenna.

36. gr. hljóðar svo:

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum yngri en 16 ára, og má þá fátækrastjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum. Þó þarf fátækrastjórn leyfi foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema heimilislíf foreldranna megi teljast siðspillandi fyrir börnin eða þar fari illa um þau.

Engu síður skal kosta kapps um að velja slík heimili handa munaðarlausum sveitarbörnum.

Ekki má fátækrastjórn skilja hjón samvistum nema með leyfi þeirra.

43. gr. hljóðar svo:

Skylt er sveitarstjórn, er hún veitir styrk úr sveitarsjóði, að kveða svo á, að styrkurinn skuli ekki afturkræfur af styrkþega, ef hún telur það sanngjarnt vegna elli þiggjanda, ómegðar hans, veikinda hans eða þeirra, sem hann hefir á skyldufamfæri, eða vegna annara óhappa hans. Eigi styrkþegi ekki framfærslusveit þar, sem hann fær styrkinn, má þó sveitarstjórn dvalarsveitar ekki ákveða, að styrkurinn skuli teljast óafturkræfur, nema sveitarstjórn framfærslusveitar samþykki.

Ákvæðum 1. málsgr. má einnig beita um sveitarstyrk, sem veittur hefir verið 2 síðustu árin áður en lög þessi öðlast gildi, ef styrkþegi óskar.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk, ef 2 ár eru liðin frá því, er þurfamaðurinn þáði af sveit.

Styrkur, sem veittur er styrkþega, sem er fullra 60 ára að aldri, telst ekki sem sveitarstyrkur.

47. gr. hljóðar svo:

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða eftirgefinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra, svifta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviftur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sje endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviftur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

55. gr. hljóðar svo:

Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 52. gr., og skal þá fátækrastjórnin, áður en hálfur mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda yfirvaldi sínu áskorun um að útvega svo fljótt sem við verður komið viðurkenning fyrir sveitfesti þurfamanns, eða sönnun fyrir, hvar hann sje sveitlægur, svo framarlega sem þetta er eigi þegar fullvíst. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sje endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal send skýrsla sú, er um er rætt í 53. gr. Vanræki sveitarstjórnin að gera það, sem fyrir er mælt í grein þessari, missir sveitarsjóður rjett til endurgjalds á hinum veitta sveitarstyrk.

Ed. **192. Breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá Einari Jónssyni.

Á undan 1. gr. komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. 11. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Konungur skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Ráðherrar skulu vera tveir, og skiftir konungur með þeim störfum.

b. Síðasta málslið 12. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Ríkisráðsfund getur konungur haldið með öðrum ráðherranna utan Íslands.

c. Í stað orðana »einhver ráðherranna« í 13. gr. komi: annar ráðherranna.

d. 14. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Nú er konungur ekki staddur hjer á landi, og ber forsætisráðherra þá að jafnaði málin upp fyrir konungi, einnig fyrir hönd hins ráðherrans, ef hann er ekki viðstaddur. Þá er annar ráðherranna ber upp fyrir konungi mál, sem hinn hefir undirritað, o. s. frv. til enda greinarinnar.

Ed. **193. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast lán fyrir Landsbanka Íslands.

Frá öðrum minni hluta fjárhagsnefndar.

Stjórnin hefir beðið fjárhagsnefnd Nd. að flytja þetta mál fyrir sig. Í fyrstu var það brtt. við lög Landsbankans frá 18. sept. 1885, og var breytingin í því fólgin, að landsstjórnin mætti alveg ótakmarkað ganga í ábyrgð fyrir lántökur. Á fundi í fjárhagsnefnd Ed., þar sem fjármálaráðherra talaði fyrir frv., var honum af tveim nefndarmönnum bent á, að þessi ótakmarkaða ábyrgðarheimild væri tvímælalaust stjórnarskrárbrot. Með því ætti þingið að afsala fjármálavaldinu, sem því er trúað fyrir vegna borgara landsins, í hendur landsstjórnarinnar. Stjórnin mun hafa sjeð missmíði á þessu ráði sínu og fjell um stund frá kröfunni um ótakmarkaða heimild, í samráði við fjárhagsnefnd Nd. Þó stóð það ekki lengi, og kom fjármálaráðherra þá enn með breytingartill. Var þá hætt við að breyta landsbankalögunum, en í stað þess beðið um heimild fyrir landsstjórnina að ábyrgjast lán, sem taka skyldi í tilteknum banka í New-York. Lánsupphæðin er enn ekki nefnd, en fjármálaráðherra kvað hafa skriflega skuldbundið sig til að fara ekki í lántöku þessari yfir einhverja tiltekna upphæð. En hvernig sem að hefir verið farið, hefir stjórnin ekki fengist til að nefna í þinginu upphæð lánsins. Hafa menn því ekki annað að halda sjer við en það, að einn þm. í Nd. hefir í þingræðu haldið því fram, að lánsupphæðin myndi vera 9 miljónir kr., vextir $5^1/_2\%$ og framlengingargjald $^1/_4\%$. Með þeim kostnaði, er leiðir af að breyta dollurum í enska mynt og enskri mynt í dollara, sem gera þarf, yrði lánið um 6%, en ekki nema til eins árs í einu. Stjórnin hefir ekki opinberlega mótmælt þessari skýrslu 4. þm. Reykv., og má því telja sannað með þögn fjármálaráðherra, að ekki sje hallað máli, stjórninni í óhag. Verður því þar til annað sannast að gera ráð fyrir, að landsstjórnin sje hjer að undirbúa stórfelda lántöku, hið næststærsta lán, sem þjóðin hefir tekið.

Meðferð þvílíks stórmáls hefir verið með öllu óviðunandi. Stjórnin leitar gestrisni þingnefndar til að bera það fram, þó að einn nefndarmanna (H. Stef., 1. þm. N.-M.) væri því mótfallinn. Í Nd. var málið knúið áfram með afbrigðum frá þingsköpum, og myndi hafa farið með ótrúlegum hraða og athugunarlítið gegnum þingið, ef Ed. hefði ekki tekið í taumana og veitt málinu þinglega meðferð. Fjárhagsnefnd hefir nú tekið það til meðferðar og fengið alla bankastjóra við báða bankana til viðtals, og auk þess báða ráðherrana, til að fá sem greinilegasta skýrslu um ástandið.

Af rannsókn þessari er auðið að fá nokkurn veginn ljósa hugmynd um málið. Stjórnin hefir lagt mikinn hug á að fá þetta lán. Landsbankinn hefir að svo stöddu ekki þörf fyrir erlendan gjaldeyri, meiri en hann hefir ráð á. Íslandsbanki er orðinn aðkreptur sökum afleiðinga gengishækkunarinnar og hefir beðið landsstjórnina um nokkra fyrirgreiðslu, líklega ábyrgð fyrir alt að 2 miljónum

kr. Stjórnin gat leitað til þingsins um þessa ábyrgð, en það hefir hún ekki gert, heldur hlynt að því, að Landsbankinn tæki lán, og þá boðist til að ábyrgjast, en jafnframt haldið því að Landsbankanum að lána a. m. k. eina miljón kr. þegar í stað til Íslandsbanka til að ljetta þörf hans erlendis. Óvíst er, hvort þetta hálfa úrræði er nóg fyrir Íslandsbanka. Enn síður víst, hvort það er afsakanlegt, að landsstjórnin noti vald sitt yfir Landsbankanum til að reyna að hafa áhrif á lánveitingar bankans.

Landsstjórnin hafði í fyrstu ætlað að framkvæma þessa lántöku bak við þingið, og má það teljast undarleg tiltekt. Ef nokkur hundruð kr. fjárveiting í fjárlögum þarf vegna öryggis að ganga gegnum sex umræður í þinginu, mundi mega telja sennilegt, að stjórnin leyfði sjer ekki að ráðstafa 9 miljónum að Alþingi fornspurðu.

Lánveitendurnir virðast hjer hafa borið vit fyrir stjórninni. Þeir virðast hafa vitað, að stjórnin ætlaði að gera það, sem hana brast heimild til. Þeir heimta ábyrgð frá hinum rjetta aðilja, og það er Alþingi. Það er þess vegna að þakka varfærni hinna erlendu peningamanna, að lánið var ekki tekið á ábyrgð landsins, að þjóð og þingi fornspurðu.

Í ræðum, sem núverandi fjármálaráðherra flutti á Austurlandi vorið 1924, og sem flokksblað hans skýrði frá, hjelt því fram sem stefnu sinni, að landið ætti að vera skuldlaust 1943, á þeim tímamótum, þegar þjóðin á að skera úr, hvort hún vill vera algerlega frjáls og óháð þjóð. Stjórnin hefir talið það hlutverk sitt að »reisa við« fjárhag landsins. Því miður sýnast verkin vera í ósamræmi við hin fögru orð. Þjóðin sýnist vera að sökkva í botnlausa skuldahít gagnvart útlöndum, með atvinnuvegina lamaða af hækkun krónunnar og stöðugan tekjuhalla á miklum hluta framleiðslunnar bæði til lands og sjávar. Bankarnir reyna að halda uppi hinu sjúka atvinnulífi, en skuldirnar vaxa ár frá ári, og töpin eru nú þegar orðin meiri en dæmi eru til áður í sögu landsins. Til að halda skútunni flótandi eru tekin ný og ný lán, flest á ábyrgð landsmanna allra, en þau hverfa jafnskjótt í tekjuhalla framleiðslunnar. Húsaleigan í Reykjavík og gengishækkun stjórnarinnar eru aðalorsakir þessarar hörmulegu afkomu landsmanna. En hve lengi á að taka lán á lán ofan erlendis? Og hvenær verður þjóðin búin að borga þessi lán? Og hvað verður um frelsi og fullveldi þeirrar þjóðar, sem erlendir lánardrotnar geta hnept í varanlega fjárhagsfjötra?

Raunasaga íslenskra fjármála byrjar með því, að á stríðstímanum og fyrst eftir stríðið var erlendur maður, búinn litlum fjármálahæfileikum, bankastjóri við Íslandsbanka. Hann fjekk gefna út seðla eftir vild sinni og skapaði í einu ótrúlega mikla dýrtíð, verðhækkun og fjárbrask í landinu, en þessi sjúkdómur fjármálalífsins leiddi aftur af sjer hrun krónunnar og afarmikla kreppu í atvinnulífinu frá 1920—24.

Þegar kreppan byrjaði 1920, var Íslandsbanki samkvæmt lögum og samningum skyldur til að annast greiðslur allar (»yfirfæra«) fyrir landið út á við, enda var hann seðlabanki landsins. Vorið 1920 hætti hann að geta staðið við þessa skyldu sína. Landsbankinn varð þá alt í einu að taka á sig skyldur þjóðbanka, og var þó á engan hátt undir það búinn. En nú byrjaði hin mikla lántökuöld, og hefir staðið síðan. Hefir hvert stórlánið rekið annað. Má segja, að Íslandsbanka

hafi verið hjálpað til að lifa, en Landsbankanum til að halda atvinnulífinu við. Skal nú litið yfir lántökur og skuldir bankanna út á við.

1. Árið 1921 tekur Magnús Guðmundsson hið nafntogaða enska lán. Samkvæmt skýrslu um efnahag bankanna frá 30. sept. síðastl. skuldaði Íslandsbanki þá af enska láninu nálega 6 miljónir króna, en Landsbankinn tæpar 2 miljónir.
2. Hjer um bil frá sama tíma stafar lán Íslandsbanka við póstsjóðinn danska, sem Sig. Eggerz samdi um í fyrra og mun vera fram undir 5 miljónir danskra kr. Það var fje, sem borgað var inn í bankann hjer, en hann gat ekki greitt erlendis, af því að það sat þá fast í atvinnufyrirtækjum landsins.
3. Enska lánið mun að því leyti sem það fór í Íslandsbanka aðeins hafa gengið upp í gamlar skuldir utanlands. Vegna veltufjárþarfar í atvinnuvegina fær Magnús Guðmundsson sjerstaka heimild í fjáraukalögum 1921 (11. gr.) til að ábyrgjast eftir vild rekstrarlán handa Landsbankanum. Aðferð þings og stjórnar var í þessu efni mjög ámælisverð. Ótakmörkuð ábyrgðarheimild og gefin í fjáraukalögum. En út á þessa ábyrgð fjekk Landsbankinn lán í tveim bönkum í Englandi, sem nam rúmlega 4 miljónum kr. Þetta hefir verið notað sem reikningslán fyrir viðskifti landsins alls, borgað upp öðruhverju og í góðæri jafnvel innieign.
4. Á þingi 1923 bera Jakob Möller og Bjarni frá Vogi fram frv. um gjaldeyrislántöku, vegna lausaskulda Íslandsbanka, annara en skulda við póstsjóð Dana. Mátti lánið vera alt að 4 milj. kr. og ekki afturkræft á minna en 5—10 árum. Fjárhagsnefnd Nd. svæfði málið, en flutti dagskrá, er var samþykt, þess efnis, að stjórnin ætti í fórum sínum lántökuheimild frá 1921, sem ekki þótti hafa verið fulltæmd með enska láninu (10 milj.), og mætti nota hana, ef á lægi. Magnús Guðmundsson var frsm. nefndarinnar og áleit, að lán yrði að taka, ef á lægi, til að stöðva miklar sveiflur á genginu. Þegar kreppan ágerðist og öngþveiti atvinnuveganna var sem mest, tók Landsbankinn fast lán til 20 ára í Englandi, með ábyrgð ríkissjóðs. Þáverandi fjármálaráðherra Kl. Jónsson fetar þar í spor fyrirrennara síns Magnúsar Guðmundsonar og ábyrgist lán það, er Landsbankinn færir í reikningi sínum í haust sem tæpar 4 miljónir króna. Þetta var fast lán og gekk þegar í stað í að halda atvinnuvegunum fljótandi. Síðan voríð 1920 hafði Íslandsbanki meir og meir þrengt starfssvið sitt, ekki síst með skifti út á við, og varð því Landsbankinn að taka á sitt bak þunga þeirra viðskifta.

Þingið hafði veitt stjórninni heimild til lántöku, en hún tók ekki lán sjálf, heldur ábyrgðist fyrir Landsbankann, með skírskotun til bankalaganna frá 18. sept. 1885, þ. e. að landið ætti bankann og mætti þess vegna ganga í ábyrgð fyrir hann. Síðar hefir komið í ljós, að erlendir fjármálamenn telja ekki þessa skýringu rjetta. En 1924 hafði stjórnin bak við sig hina óformlegu lántökuskýringu Magnúsar Guðmundssonar frá 1923. En engu að síður verður að telja, að gengið hafi verið á sjálfsagðan rjett Alþingis, er það var ekki beðið um samþykki til ábyrgðar fyrir breska láninu.

5. Langsamlega mestur hluti þeirra lána, sem nú hafa verið talin, höfðu gengið til að standa straum af útgerð togara og vjelbáta. Mjög lítið af því fje, sem festist fyrir bönkunum á þessum umræddu árum, gekk til landbúnaðar eða

í fasteignalán. En vorið 1926 tók fjármálaráðherra 3 miljóna kr. ríkislán erlendis handa veðdeildinni. Á nokkrum mánuðum var sú upphæð öll horfin á þann hátt, að um 95% fór í kaupstaðarhús, en 5% í lán út á fasteignir í sveit.

6. Allar þessar miklu lántökur nægðu þó ekki handa þeim fjármálaráðherra, sem hafði talið það takmark sitt að vinna að því, að landið yrði skuldlaust við önnur lönd á frelsisdegi sínum 1943. Nú um áramótin virðist ráðherra hafa áformað að taka enn nýtt lán til að mæta tekjuhalla atvinnuveganna. Það er þetta lán, þar sem stjórnin vill ekki nefna upphæðina, en hefir með þögninni viðurkent 9 miljónir. Þetta lán ætlaði stjórnin að taka að Alþingi fornspurðu nú í vetur. Og af þessu láni hefir hún, að því er virðist mega ályktа af umræðum í Nd., nú þegar gert sitt til að ráðstafa 1 miljón upp í gamlar skuldir Íslandsbanka erlendis. Þar sem nú Landsbankanum er ætlað að hafa þetta lán til umráða fyrir stjórnina (því að Landsbankinn þyrfti ekki með nýrrar lántöku, ef Íslandsbanki gæti annast gjaldeyrisverslunina út á við af þeim hluta viðskiftanna, sem fara um hans hendur) og um leið að endurkaupa útgerðarvíxla Íslandsbanka, þá er hjer með opnuð leið til að koma skuldum Íslandsbanka yfir á bak allra landsmanna.

Síðastliðið ár hefir að einu leyti verið mjög erfitt Íslandsbanka. Innieignir hans hafa minkað um 6 miljónir króna, en eftirstandandi innieignir munu nema um 4 miljónum kr. Forráðamenn bankans munu að vísu telja víst, að úttekt á innieignum sje stöðvuð, en ef kreppan heldur áfram, þá mega allar lánsstofnanir búast við, að sparifjeð verði tekið út, einkum hjer, þar sem hin stöðuga uppspretta fjárkreppunnar er viðvarandi, þar sem framleiðslan virðist kosta meira en nemur andvirði hennar á erlendum markaði. Hjer er þess vegna ástæða til að óttast, að atvinnulífið, og þá fyrst og fremst hin dýrari framleiðslutæki, sem líf kauptúnanna byggist á, muni halda áfram að soga í sig veltufje bankanna, bæði innlánsfje sparisjóðs og hin sívaxandi erlendu lán.

7. Auk þessara lána virðist af reikningi Íslandsbanka svo sem hann muni enn skulda um 5 miljónir króna erlendis, og það þá að líkindum við banka þá í Danmörku og Englandi, er hann hefir haft skifti við. Sennilega ætlar fjármálaráðherra með þeim hluta amerísku lánsins, er hann nú þegar vill úthluta Íslandsbanka, að gera honum auðvelt að borga eitthvað í þessum skuldum, til að gæta sem best lánstrausts síns þar. En sje þetta rjett tilgáta, þá færir landsstjórnin þegar í stað nokkuð af erlendri skuld hlutabankans, sem nú er á ábyrgð hluthafanna, yfir á herðar allra landsmanna.

8. Ekki eru enn fulltaldar þær ábyrgðir fyrir erlendum skuldum, sem landsstjórnin vill unna borgurum landsins. Alveg nýlega hefir þingnefnd í Nd. borið fram frv. fyrir ráðuneytið, þar sem landsstjórnin má taka 4¾ miljón króna að láni erlendis, til fasteignalána. Má telja sennilegt, að sú lántaka verði líka samþykt, þó að gengismálinu sje ekki enn ráðið til lykta.

Samkvæmt þessu eru góðar horfur á, að lánsstofnanir landsins muni innan skamms skulda yfir 40 miljónir króna erlendis, þannig að langsamlega mestur hluti skulda þessara verði á ábyrgð ríkissjóðs. Fyrir utan þessar miklu viðurkendu skuldir eru því miður sennilega ýmsar minni skuldbindingar, sem geta

orðið til þyngsla síðar. Þannig er talið, að Íslandsbanki sje í ábyrgð fyrir uppskipunartæki við Reykjarvikurhöfn, sem kostar nokkur hundruð þúsund krónur.

Nú mun landsstjórnin segja, að lán það, sem nú á að taka, muni ekki verða eyðslueyrir. Það sje reikningslán, sem borgað verður upp árlega. En svo hefir átt að vera með nokkuð mikið af hinum lánunum, t. d. póstsjóðslánið og reikningslán, sem nú eru fullnotuð snemma árs. Þar að auki hefir landsstjórnin gefið slæmt fordæmi með því að ráðstafa fyrstu miljóninni upp í gamla skuld Íslandsbanka ytra. Munu ekki fleiri eftir fara, þó að í fyrstu sje talað um að fara varlega um meðferð fjárins? Þegar engin lánsstofnun hefir gjaldeyri utanlands, svo að heitið geti, nema Landsbankinn, þá munu flestir snúa sjer þangað með kröfur sínar og bænir um »yfirfærslur«, er menn vita um hið nýfengna lán, og munu margir þeir skuldendur í landinu, er telja sig hafa þörf fjár til að grynna á gömlum skuldum erlendis.

Aðalhættan við lántökur eins og þá, sem hjer um ræðir, liggur í því, að fullkomið ósamræmi er milli framleiðslukostnaðar og verðlags á framleiðslunni. Fyrir stríð fjekk dugandi húsasmiður 35 aura í kaup á kl.stund hjer í Reykjavík. Nú fær sami maður 1,80 kr. Sje tekið tillit til verðfalls krónunnar og verðfalls gullsins síðan 1914, ætti kaup smiðsins nú að vera 60 aurar, ef fylgt væri rjettum verðhlutföllum við vinnuverðlag í stríðsbyrjun. Smiðurinn hefir nú þrefalt hærra kaup en hann má hafa í hlutfalli við verð íslenskra afurða á heimsmarkaðinum. Þetta eina dæmi sýnir, hvar meinsemdin er fólgin. Framleiðslukostnaðurinn í landinu byggist á pappírskrónu-verðlagi stríðsáranna, en verð afurðanna miðast við framleiðslukostnað í öðrum betur settum löndum.

Meðan svo er ástatt hlýtur að vera tekjuhalli á þjóðarbúskapnum og skuldir að safnast. Og þessi tekjuhalli á atvinnurekstrinum kemur fram síðan 1920 í hinum sívaxandi erlendu lánum.

Ef krónan hefði verið stöðvuð litlu eftir að hún byrjaði að hækka 1924, myndi ástandið hafa verið alt annað en það er nú. Gengishækkunin gerði margfalt tilfinnanlegri þann mun, sem áður var á framleiðslukostnaði og söluverði. Gengishækkunin hefir sorfið svo fast að framleiðendum landsins, að útgerðarmaður í Reykjavík hefir í blaði stjórnarinnar lýst því yfir, að stærsta fiskiveiðafjelag landsins hafi ekki verið fært um að greiða eignar- eða tekjuskatt fyrir hið góða veiðiár 1925, vegna krónuhækkunarinnar. Annað fiskiveiðafjelag hjer í bænum, sem landið hefir þurft að greiða ábyrgð fyrir, skaðaðist árið 1925 um 80 þús. kr. á gengisráðstöfunum landsstjórnarinnar. Kjör bænda í landinu, sem lentu í skuldum á fyrstu kreppuárunum, eru svo erfið vegna gengishækkunarinnar, að margir þeirra virðast vera að gefast upp, af því þeir sjá fram á, að hinar litlu afurðir búa þeirra, seldar í stór-krónum, vega lítið móti daglegum þörfum og í vexti og afborganir af lánum, sem guldust þeim í smá-krónum. Gengishækkunarstefnan á þess vegna höfuðsök á hinu bágborna ástandi atvinnulífsins og því, að bankarnir verða fyrir svo óvenjulegum töpum og vanskilum, sem raun ber vitni um.

Úrræði stjórnarinnar er að taka lán erlendis, án þess að laga grundvöllinn, sem fjárhagslíf þjóðarinnar byggist á. Á þann hátt má fljóta um stund. En þegar eitt lánið er uppjetið, kemur þörfin fyrir hið næsta í eyðslu og afborganir.

Tveir vegir eru til, og ekki nema tveir, að lækna meinsemd þá, sem hjer

hefir verið lýst. Aðra leiðina hafa Þjóðverjar farið. Þeir ljettu gömlu innlendu skuldabyrðinni af þjóðinni með falli marksins. Síðan gerðu þeir nýja mynt, komu skipulagi á atvinnuvegina, tóku stórt erlent lán til að styðja hina nýju mynt og atvinnulífið. Þessi lækning var ekki sársaukalaus fyrir þjóðfjelagið. En hún dugði. Þjóðverjar komu framleiðslukostnaðinum niður í jafnhæð við markaðsverðið. Og nú keppa þeir á heimsmarkaðinum, með góðum árangri, við þær þjóðir, sem best voru settar áður. Hjer kom að vísu ekki til mála að fylgja fordæmi Þjóðverja, nema í því að reyna ekki að klífa brattann með *deflation*, heldur stöðva gengið í samræmi við hentugleika atvinnulífsins.

Þá leið, sem Þjóðverjar fóru, getur ekki farið nema viljasterk þjóð, sem vön er að hlíta skipulagi. Það munu verða skiftar skoðanir um, hvort íslenska þjóðin hafi nú sem stendur þá eiginleika til að bera, sem þarf til að geta í þessu efni fylgt fordæmi Þjóðverja.

Hin leiðin er að horfast í augu við kreppuna. Taka ekki eyðslulán, heldur venja þjóðina við að eyða ekki meira en hún aflar. Miljónalán geta frestað reikningsskilunum fyrir þjóðinni, en ekki forðað frá þeim.

Ef landsstjórnin hefði skilið sinn vitjunartíma, myndi hún hafa unnið að því að festa verðgildi krónunnar 1924, í stað þess að hækka. Samhliða hefði hún beitt sjer fyrir að þrýsta niður húsaleigunni í Reykjavík og öðrum þáttum hinnar óeðlilegu verðhækkunar. Ef stjórnin hefði haft þá framsýni, sem með þurfti til að fara þá leið, myndi vafalaust hafa verið auðfengið samþykki Alþingis til að ábyrgjast nokkurt erlent lán, er notað hefði verið til að koma fótum undir hið endurfædda atvinnulíf.

Það er sama, frá hvaða sjónarmiði litið er á lán það, er hjer ræðir um, þá verðskuldar það mótmæli. Stjórnin hefir byrjað þessa lántöku án nokkurrar heimildar frá þinginu, og ætlað að taka það á ábyrgð landsmanna, án vitundar rjettra aðilja. Þegar stjórnin sá, að hún varð að leita til Alþingis, vildi hún lokka þingið til að afsala sjer rjettindum, sem ekki varð gert nema með því að brjóta stjórnarskrána. Þegar það tókst ekki, af því þingið stóð á verði um rjett sinn, reynir stjórnin að hraða langstærsta þingmálinu með afbrigðum frá þingsköpum gegnum hina fjárveitandi deild, og leynir jafnframt borgara landsins, hver sje upphæð lánsins. Af skýrslum í málinu kemur það í ljós, að Íslandsbanki hefir beðið um 2 miljónir, en í stað þess að hjálpa honum beinlínis ýtir landsstjórnin þjóðbankanum fram fyrir sig, til þess að taka lán, handa Íslandsbanka fyrst og fremst og síðan til að mæta ókominni eyðsluþörf. Að Landsbankinn þurfti ekki þvílíks láns með, sjest best á því, að hann á enn nokkurn varaforða af gjaldeyri, sem myndi hafa enst fram á vor, er afurðir þessa árs tóku að seljast, ef Íslandsbanki hefði ekki fengið þá hjálp, er hann bað um. Svo sem til fullkomnunar á allri fjármálamenskunni hefir landsstjórnin við umræður um málið í Nd. lýst því yfir, að hún ætlaði enn, þrátt fyrir alt skuldabaslið og eyðslulánin, að vinna að því að hækka krónuna um 20%. Með því fyrirheiti var atvinnuvegunum lofað þeim viðbótarófarnaði, sem mestur gat orðið af mannavöldum.

Þegar þess er ennfremur gætt, að stjórnin ábyrgist hjer lán til eins árs, sem óhætt er að fullyrða, að auðveldlega getur orðið að föstu láni, þá er hjer svo af stað farið frá hálfu stjórnarinnar, að hún verðskuldar mótstöðuna eina

saman. En vera má, að landsstjórninni verði það nokkur huggun, ef einhverjir af þeim þingmönnum, sem sjá þetta, vilja enn bera mykju að hinu rotna trje, í von um, að það kraftaverk geti gerst enn, að slík trje beri blóm og aldin.

En í hugum þeirra manna, sem ekki búast við slíku kraftaverki, heldur að náttúrulögmál tekjuhallaframleiðslu muni enn ná til þessa láns, er aðeins ein von eftir, og hún er sú, að stjórn Landsbankans geri betra úr óhappamáli en stjórnin hefir til unnið. Ef landsbankastjórnin lánar engan eyri af þessu nýja ameríska fje í neitt fyrirtæki, nema það, sem full vissa er fyrir, að getur borgað hvern eyri aftur með vaxtavöxtum fyrir lok þessa árs, þá hefði sú barátta, er orðið hefir um þessa lántöku, orðið til nokkurs gagns. Þá mundi þjóðin vakna til meðvitundar um það, að hún hefir verið á glötunarbarminum fjárhagslega og að ekkert getur bjargað henni, nema að skifta um stefnu, hverfa frá vegum hóflausrar eyðslu og botnlausra skulda erlendis og leitast við að finna aftur það jafnvægi, sem um nokkurt skeið hefir horfið úr þjóðarbúskapnum, en það er að láta tekjur og gjöld standast á. En um leið og þjóðin snýr við, ef þess er auðið, fer vel á, að hún athugi heilindi þeirra leiðtoga, sem segjast ætla að gera hana að eina skuldlausa ríkinu í álfunni, en hafa síðan 1921 komið henni í skuldir við útlönd, sem nú í vor verða milli 40 og 50 miljónir króna.

Alþingi, 16. mars 1927.

Jónas Jónsson.

Nd. **194. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson og Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Verkafólki, sem vinnur daglaunavinnu í landi, svo sem við verksmiðjur, verslanir, byggingar, ístöku og útgerð og ennfremur við fermingu og affermingu skipa og báta, skal greitt út verkkaupið að minsta kosti vikulega, enda sje það ekki með samningi ráðið fast starfsfólk.

Ákvæði þetta nær þó ekki til venjulegrar sveitavinnu, þar sem verkafólkið fær húsnæði og fæði sem hluta verkkaupsins.

2. gr.

Nú vinnur verkafólk slík verk, sem um getur í 1. gr. fyrstu málsgrein, í ákvæðisvinnu, og skal þá verkkaupið greitt út að minsta kosti vikulega, ef verkinu, sem kauptaxtinn eða umsamið verkkaup miðast við, er lokið á þeim tíma, en ella, sje ekki öðruvísi um samið, þegar verkinu er lokið.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Víða um land tíðkast það enn þann dag í dag, að verkkaup fyrir venjulega daglaunavinnu sje ekki gert upp nje greitt verkafólkinu fyr en eftir langan tíma. Lög nr. 4 frá 1902 voru samþykt í þeim tilgangi, að verkkaup skyldi ávalt fást greitt í peningum og ekki skyldi komið við skuldajöfnuði, nema sjerstaklega væri um samið, en þau lög hafa ekki komið að fullum notum, fyrst og fremst vegna þess, að ekki hefir jafnframt verið lögákveðið, að verkkaupið skuli greitt þeim, sem unnið hefir, innan tiltekins tíma. Það er lífsnauðsyn fyrir daglaunamenn, sem flestir eru fátækir og hafa mikinn hluta tekna sinna af ýmiskonar lausavinnu, að fá kaupgjald sitt reglulega greitt. Það hefir og ekki sjaldan borið við, að verkafólk við sjávarsíðuna fái alls ekki kaup sitt greitt, þegar atvinnan gengur þar illa. Auðveldasta lausnin á því máli, að tryggja greiðslu vinnulauna, er að ákveða, að greiðslan fari fram nokkurnveginn jafnóðum og verkin eru unnin, eða vikulega, svo að sem minst upphæð vinnulauna sje ógreidd á hverjum tíma. Virðist og engin saungirni í því, að verkafólk skuli þurfa að gefa atvinnurekendum langan gjaldfrest á vinnulaununum.

Um 1. gr.

Hjer er átt við hverskonar venjulega daglaunavinnu í landi, auk upp- og útskipunar. Þó er sveitavinnan tekin undan, þar sem hún virðist nokkurs annars eðlis, þegar verkafólkið fær húsnæði og fæði, eins og venjulegast er, á meðan á henni stendur, því að þá er ekki sama þörfin á að fá greiðslu kaupsins jafnóðum vikulega eins og þegar menn þurfa sjálfir að kosta sig að öllu leyti.

Um 2. gr.

Algengt er, að verkafólk vinni í ákvæðisvinnu við fiskþvott, síldarsöltun o. fl., en venjulega er hægt að gera upp reikningana yfir vinnulaunin jafnóðum, sje t. d. kauptaxtinn miðaður við tunnufjölda eða hundruð fiskjar, og er því samskonar ákvæði um vikulegar greiðslur sett hjer. Standi verkið aftur á móti lengri tíma, þykir rjett að tiltaka að greiðsla skuli fram fara undir eins og verkinu er lokið, nema sjerstakir samningar sjeu um, að eitthvað af andvirðinu greiðist fyrir fram, jafnóðum eða tilteknum tíma eftir á.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. **195. Breytingartillögur**

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 25. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
   Fyrir 15. janúarmánaðar ár hvert skal reikningshaldari einnig gera reikning fjallskilasjóðs hreppsins síðastliðið almanaksár. Skal öll hreppsnefndin og rannsaka þann reikning og bera ábyrgð á, að hann sje rjettur. Um yfirskoðun þess reiknings og úrskurðun skulu gilda öll hin sömu fyrirmæli sem um reikning hreppsins.
2. Við 39. gr.
   Á eftir »ársreikninga allra hreppa í sýslunni« í fyrsta málslið komi: og fjallskilareikninga (sbr. 25. gr.).

Nd. **196. Frumvarp**

til laga um sauðfjárbaðanir.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir yfirumsjón og úrskurðarvald um framkvæmd sauðfjárbaðana. Það gefur út reglur og leiðbeiningar, hvernig þeim skuli haga.

2. gr.

Sauðfjárböðun skal á hverjum vetri fram fara á öllu sauðfje á landinu, á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. febrúar.

3. gr.

Skyldur er hver fjáreigandi að framkvæma böðun á öllu því sauðfje, er hann hefir undir höndum, og hlíta því eftirliti, sem lög þessi ákveða.

4. gr.

Hreppstjórar í sveitum, með aðstoð hreppsnefnda, og lögreglustjórar í bæjum, með aðstoð bæjarstjórna, skulu, hver í sínu umdæmi, hlutast til um, að allir fjáreigendur hafi trygt sjer næg baðlyf á sauðfje sitt, með nægilegum fyrirvara, til þess að böðun geti farið fram samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga þessara. Sömu stjórnarvöldum er skylt að hvetja menn til að koma upp svo mörgum sundþróm, er hæfilegt má telja til þess að böðun geti farið fram hvenær sem er að vetrarlagi.

5. gr.

Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í bæjum skulu, hver í sínu umdæmi, skipa einn eða fleiri menn sjer til aðstoðar til eftirlits með því, að allir baði, blöndun baðlyfja og hvernig baðað er.

Eftirlitsmenn skulu og skoða alt sauðfje kláðaskoðun í hvert skifti, áður en baðað er, og gefa skýrslu um skoðun og böðun samkvæmt 9. gr.

6. gr.

Nú hefir sauðfjárböðun einhversstaðar ekki farið fram eftir ákvæðum 2. og 3. gr., og er um að kenna hirðuleysi eða mótþróa fjáreiganda. Skal þá hlutaðeigandi eftirlitsmaður tilkynna það hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra, og skal hann þá tafarlaust sjá um, að böðun verði framkvæmd á kostnað fjáreiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

7. gr.

Nú verður vart fjárkláða í hreppi eða kaupstað, og er þá skylt að tvíbaða alt sauðfje kláðaböðun á því svæði, er fje gengur saman, á þann hátt, er hreppstjóri eða lögreglustjóri ákveða.

Verði þá enn vart fjárkláða, skulu gerðar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til útrýmingar á honum.

8. gr.

Lítist atvinnumálaráðuneytinu, samkv. skýrslum þeim, er í 9. gr. getur, að fjárkláði sje að breiðast út, getur það fyrirskipað svo víðtæka kláðaböðun, sem það telur ástæður til.

9. gr.

Hreppstjóri og lögreglustjóri skulu, hver í sínu umdæmi, sjá um, að lögum þessum sje framfylgt, leiðbeina eftirlitsmönnum við skýrslugerð, heimta skýrslur frá þeim og semja árlega aðalskýrslu, eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðherra setur.

Skýrslan skal sýna glögt yfirlit um skoðun, útbreiðslu kláða, böðun, hver baðlyf voru notuð og hvernig blönduð, og alt það, sem snertir fjárbaðanir. Skýrslan skal send atvinnumálaráðuneytinu fyrir 1. júlí ár hvert.

10. gr.

Þóknun til eftirlitsmanna greiðist úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði.

Andvirði baðlyfja, eins og þau kosta á næsta verslunarstað, sem notuð eru til endurböðunar samkv. 7. og 8. gr., greiðist úr ríkissjóði.

11. gr.

Hver sá, er verður var við óþrif í sauðfje, eða verður þess var, að lög þessi eru ekki haldin, skal skyldur að tilkynna það hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—200 krónum, er renna í sveitar- eða bæjarsjóð þar, sem brotið er framið.

Skal fara með þau mál sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

14. gr.

Ákvæði tilskipunar 5. jan. 1866 og tilskipunar 4. mars 1871, lög nr. 40, 8. nóv. 1901, og lög nr. 58, 30. nóv. 1914, eru úr gildi numin, svo og öll önnur lagafyrirmæli, er kunna að koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Á síðastliðnu þingi samþykti neðri deild Alþingis frv. til laga um útrýming fjárkláða, og var það frv. í öllum aðalatriðum samhljóða frv. því, er stjórnin lagði fyrir þetta þing og vísað var til landbúnaðarnefndar þessarar deildar.

Eins og kunnugt er, urðu úrslit málsins á síðasta þingi þau, að efri deild vísaði því til stjórnarinnar með þeim tilmælum, að hún leitaði álits sýslunefnda um málið. Samkvæmt þessari ákvörðun efri deildar skrifaði stjórnarráðið öllum sýslumönnum og bæjarfógetum og lagði fyrir þá að útvega skýrslur frá hreppstjórum um útbreiðslu kláðans síðastliðin 5 ár. Skýrslur hafa komið til stjórnarinnar úr öllum sýslum landsins, og hefir landbúnaðarnefnd athugað þær nákvæmlega, en álit sýslunefnda um málið vantar enn, eins og við er að búast, þar sem allflestar sýslunefndir hafa ekki haldið fund síðan málið var afgreitt frá Ed. til stjórnarinnar.

Þó nú svo sje, eins og þegar er bent til, að ekki hafi tekist að fá umsögn sýslunefnda máli þessu viðkomandi, teljum vjer þó, að með þeirri skýrslusöfnun, sem fram hefir farið, þá hafi fengist allgott heildaryfirlit yfir útbreiðslu fjárkláðans.

Samkvæmt skýrslum þessum virðist mega ætla, að kláðinn sje ekki svo magnaður yfirleitt, að ókleift megi teljast að útrýma honum, eða a. m. k. að varna útbreiðslu hans, án þess að horfið sje að því ráði að fyrirskipa allsherjar útrýmingarböðun um land alt, með þremur böðunum á öllu sauðfje á sama vetri.

Þótt þannig sje ástatt að okkar dómi, að fengið sje heildaryfirlit yfir útbreiðslu kláðans, þá verðum við að líta svo á, að þar með sje ekki fengið álit sýslunefnda um málið, eða hverskonar meðferð það skuli sæta, en það mun hafa vakað fyrir efri deild í fyrra, að slíkt væri nauðsynlegt, áður en nokkuð verulegt yrði ákveðið viðvíkjandi útrýmingarböðun, og kemur þetta glögglega í ljós af meðferð þeirrar deildar á málinu, bæði í umræðum og nefndaráliti landbúnaðarnefndar þeirrar deildar, svo og seinustu afgreiðslu málsins út úr deildinni. Það er því

álit okkar, að áður en horfið sje að því ráði að lögbjóða allsherjar útrýmingarböðun um land alt, að fengin sje vissa fyrir því, að á bak við þá ráðstöfun standi vilji mikils meiri hluta þeirra landsmanna, er mál þetta nær mest til, sem við teljum að sjeu bændurnir. Til þessa ber því meiri nauðsyn, þar sem nú má telja sæmilega upplýst, að fjárkláðinn er mjög í rjenun í ýmsum sveitum og í mjög mörgum alls enginn, en hins vegar afarkostnaðar- og fyrirhafnarmikið að framkvæma útrýmingarböðun, og ýms vandkvæði á slíkri framkvæmd að öðru leyti.

Glögg vitneskja er og fengin nú um það, að bændur eru yfirleitt mjög andvígir því, að nú þegar sje tekin ákvörðun um allsherjar útrýmingarböðun. Eru margir þeirrar skoðunar, að enn um skeið sje rjettara að láta sitja við rækilegar þrifabaðanir, er framkvæmdar sjeu eftir föstu skipulagi, þar sem öll vandvirkni sje viðhöfð og kláðaböðun fari jafnan fram þar, sem kláðans verður vart og sýkingarhættu geti verið um að ræða. Er það álit mjög margra manna, að með þessu móti einu megi takast að útrýma kláðanum algerlega úr landinu á ekki mjög löngum tíma, ef allir, sem hlut eiga að máli, vilji vinna að því með trúmensku, og hæpið sje, jafnvel þó fje verði í eitt sinn þríbaðað, að takast megi með því móti að útrýma fjárkláðanum algerlega, og er þá ver af stað farið en heima setið. Einn sjerfræðing í þessum efnum vitum vjer líka um, er hefir þessa skoðun.

Að vísu er oss kunnugt um, að til eru þó nokkrir bændur hjer á landi, er telja allsherjar útrýmingarböðun hið eina ráð, sem muni duga til algerðrar útrýmingar á kláðanum. En þó svo sje, að til sjeu bændur, sem svona líti á, þá mun óhætt að fullyrða, að hinir eru margfalt fleiri, er vilja fara þá leið, er meiri hluti landbúnaðarnefndar þessarar deildar leggur til, að farin sje að þessu sinni.

Með skírskotun til þess, er vjer höfum þegar bent á hjer að framan, verðum vjer að ráða algerlega frá því, að Alþingi lögskipi útrýmingarböðun um land alt að þessu sinni, þvert ofan í vilja meiri hluta bænda. Ef sú ráðstöfun á að koma að tilætluðum notum, verður að minsta kosti allur þorri bænda að vera fús á að framkvæma hana og hafa trú á gagnsemi hennar. Og það verður að tryggja bændum það, að sá mikli kostnaður og fyrirhöfn, sem þeim með þeirri ráðstöfun væri gert að inna af hendi, kæmi að fullkomnum notum. En eins og nú er ástatt um þetta mál, er enginn vegur til að ábyrgjast neitt um það.

Rannsókn á því, hvaða baðlyf skuli notuð við útrýmingarböðun, hefir enn sem komið er engin farið fram, svo oss sje kunnugt. En það verðum vjer að telja mjög nauðsynlegt; en fullkomin rannsókn á því tekur langan tíma, sennilega 3—4 ár. Þá er og víða í sveitum, að sundþrær eru enn þá ekki til nema á tiltölulega fáum heimilum. En böðun í þeim verðum vjer að telja miklu tryggari en í baðkerum, auk þess sem böðun í þeim fer miklu betur með fjeð en böðun á annan hátt.

Er því af þeim sökum meðal margs annars miklu rjettara að vorum dómi að gefa mönnum tóm til að byggja sundþrær, helst á hverju heimili, áður en algerð útrýmingarböðun væri lögboðin.

En eins og áður er að vikið, þá er sjálfsagt, að sem best sje vandað til hinna árlegu sauðfjárbaðana framvegis, þó ekki sje nú þegar horfið að því ráði að stíga stærra spor í áttina til útrýmingar fjárkláðanum en þetta frv. gerir ráð

fyrir. En til þess að örugt megi telja, að árlegar sauðfjárbaðanir verði framkvæmdar á fulltryggilegan hátt, virðist oss vanta lagafyrirmæli. Úr því er ætlast til, að þetta frv. bæti, ef það verður að lögum.

Með því að bera fram þetta frv. hefir meiri hluti nefndarinnar tekið afstöðu til frv. þess um útrýmingu fjárkláða, sem til hennar hefir verið vísað, og mun því ekki koma fram með sjerstakt nefndarálit um það. Einn nefndarmanna (Á. J.) hefir sjerstöðu í málinu.

Nd. **197. Nefndarálit**

um frv. til laga um samskóla Reykjavíkur.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Efni frv. er það, að koma upp unglingaskóla fyrir Reykjavík og setja iðnskóla, verslunarskóla og vjelstjóraskóla í samband við hann.

Stærsta eyðan í skólakerfi landsins er vöntunin á unglingaskólum og föstu skipulagi um unglingafræðsluna yfirleitt. Eftir manntalinu frá 1920 voru á landinu 9714 börn milli 10 og 14 ára; 6068 af þeim nutu skólakenslu. Á sama tíma voru ungmenni á aldrinum 15—19 ára alls 8998; af þeim munu vart fleiri en um 7% hafa sótt eins til þriggja ára ungmennaskóla, og eru þó gagnfræðaskólarnir taldir þar með. Nokkur aukning hefir að vísu orðið á unglingafræðslu síðan, en því fer fjarri, að þörfunum sje enn fullnægt.

Þjettbýlustu hjeruðin, svo sem Suðurlandsundirlendið og Reykjavík, hafa enn ekki bætt úr ungmennaskólaþörfinni. Í Árnes- og Rangárvallasýslum hefir ungmennaskólamálið tafist vegna deilu um skólastaðinn. Í Reykjavík hefir nú komist hreyfing á málið, og er bæjarstjórn Reykjavíkur fyrir sitt leyti samþykk aðalatriðum þess frumvarps, sem hjer er fram borið. Í Reykjavík voru árið 1920 1692 unglingar á aldrinum 15—19 ára. Helstu ungmennaskólar í Reykjavík eru kvennaskólinn og ungmennaskólinn í Bergstaðastræti 3. En þeir hafa hrokkið skamt til að fullnægja þörfunum, enda er annar sjerskóli fyrir stúlkur, en hinn einkaskóli, sem býr við þröng húsakynni.

Vöntunin á almennum unglingaskóla hefir einkum gert vart við sig á þann hátt, að aðsóknin að hinum almenna mentaskóla hefir orðið óeðlilega mikil. Fyrir marga, sem þó hafa ekki ætlað sjer þá leiðina, hefir ekki verið í annað hús að venda. Það væri að vísu ákjósanlegt, að sem flestir færu til stúdentsprófs, ef leiðirnar skiftust þá þar til ýmsra greina atvinnu- og viðskiftalífsins, auk þess sem ýmsir gengju háskólaleiðina. En meðan sú erfðavenja er ríkjandi, að stúdentinn eigi að sjálfsögðu að verða kandídat og kandídatinn embættismaður, þá er þörf þjóðfjelagsins fyrir stúdenta takmörkuð. Það er ekki síst aðsóknin að mentaskólanum og útlitið fyrir aukningu hans og vöxt, sem vakið hefir til umhugsunar um nauðsyn almennrar ungmennafræðslu fyrir Reykjavík. Reykjavíkurbæ nægir

ekki hinn almenni mentaskóli sem hinn eini framhaldsskóli, er taki við af barnafræðslunni. Enda hefir aldrei verið til þess ætlast, að mentaskólinn væri ungmennaskóli fyrir Reykjavík, þó færst hafi í þá áttina hin síðari árin.

Það er á allra vitorði, að ungmennafræðslan í Reykjavík er í hinu megnasta ólagi. Ríkið og bæjarfjelagið hafa enn ekki bætt úr hinni brýnu þörf.

Eftir að barnaskólanum sleppir reyna margir foreldrar að sjá börnum sínum fyrir framhaldsmentun með stundakenslu, en það er bæði dýrt og stopult. Störf er fremur örðugt að fá á vetrum, og fer sá tími oft til lítils fyrir unglingum hjer í bæ, sem best hefði verið varið til framhaldsnáms. Framtíðin heimtar meiri fræðslu en hægt er að veita í barnaskólunum, og er það skoðun meiri hlutans, að hvergi sje brýnni þörf endurbóta á þessu sviði en í Reykjavíkurbæ. Nú hefir ungmennaskólamálið verið undirbúið allrækilega í vetur af Jóni Ófeigssyni yfirkennara og nefnd manna, kosinni af bæjarstjórn, og öðrum aðiljum þeirra skóla, sem samkomulag hefir náðst um, að gengju í samband það, sem hjer um ræðir, — og er þá ekki nema skylt, að Alþingi taki ákvörðun um þau kjör, sem slíkur skóli ætti að sæta af ríkisins hálfu.

Í sambandi við ungmennafræðslu fyrir Reykjavík koma til athugunar ýms atriði, er varða kjör ungmennaskólanna í landinu yfirleitt. Skal sjerstaklega bent á ákvæðin um stofnkostnað og rekstrarkostnað skólans. Í frv. er ríkinu ætlað að greiða $^{2}/_{5}$ hluta af stofnkostnaði, en það hefir verið reglan um ríkisstyrk til ungmennaskóla hin síðari árin, og má líta svo á, að hefð sje komin á það hlutfall milli ríkisstyrks og hjeraðstillags. Um rekstrarkostnað er svo ákveðið, að $^{3}/_{4}$ hlutar kenslukaups skuli greiddir af ríkinu, en bæjarfjelagið greiði fjórðung; allur annar kostnaður greiðist úr skólasjóði, en í hann renna skólagjöld nemenda. Um það má auðvitað deila, í hvaða hlutföllum kostnaður af ungmennafræðslu skuli skiftast milli ríkis og hjeraðs; meiri hlutinn mun þó engar tillögur gera um breytingu frá því, sem í frv. er ákveðið. En það liggur í hlutarins eðli, að þær reglur, sem settar verða um ríkistillag til ungmennafræðslu í Reykjavík, muni innan skamms verða lögteknar fyrir alt landið. Um ungmennafræðsluna eiga allir landshlutar að njóta jafnrjettis.

Ungmennaskólinn fyrir Reykjavík er höfuðatriði frumvarpsins. En auk hans er ætlast til, að teknir verði í samband við hann þrír aðrir skólar, en það er vjelstjóraskólinn, iðnskólinn og verslunarskólinn. Vjelstjóraskólinn er ríkisskóli, og mundi sparnaður að því fyrir ríkið, að hann gengi í þetta samband. Ríkið greiðir þá kenslukostnaðinn einan saman, auk þess hluta byggingarkostnaðarins, sem það leggur fram. Hefir bæjarstjórnin fallist á að leggja þar fram fje á móti ríkinu vegna sambandsins við ungmennaskólann, þótt ekki hefði ella komið til að gera slíka kröfu. Iðnskólinn hefir til þessa verið einkaskóli, en um það munu flestir vera sammála, að hið opinbera eigi að hlynna að honum svo sem unt er. Hann þarf að vaxa og aukast frá því, sem nú er, og laga sig eftir þörfum atvinnulífsins, en þær eru nú mjög breyttar frá því, sem áður var. Það er bersýnilegt, að styrkur til iðnskólans hlyti mjög að aukast á næstu árum, og lítur meiri hlutinn svo á, að best verði að skólanum hlynt með því að taka hann upp í þetta skólasamband. Um verslunarskólann og samvinnuskólann, sem ekki er tekinn upp í skólasambandið, og afstöðu þeirra til þessa máls er meiri hlutinn ekki sammála,

og verður gerð nánari grein fyrir þeim ágreiningi í framsögu. Höfuðkostirnir við þessa skólasamsteypu eru þeir, að samvinna getur tekist um kensluna, sem annars væri illkleif (sbr. 7. gr.), og að með því verður bætt úr húsnæðisvandræðum þeirra skóla, sem í samtökunum eru, með ódýrara móti og hagkvæmlegra en ella væri kostur.

Húsameistari hefir gert lauslegt riss af skólahúsi og vinnustofu, sem fullnægja mundi skólunum, og komist að þeirri niðurstöðu, að hvorttveggja mundi kosta um 870 þús. kr. Er það nokkru hærra en upphaflega var áætlað. Mundi ríkissjóðshlutinn þá nema 348 þús. kr., sem ekki verður talið ýkja mikið, þegar um það er að ræða að reisa hús fyrir vjelstjóraskólann, en það er nú mjög aðkallandi, og fullnægjandi kenslu- og vinnustofur fyrir ungmennaskóla handa Reykjavík, en það munu allir sammála um, að ríkinu beri að greiða stofnkostnað þess skóla í hlutfalli við ríkisstyrk til annara ungmennaskóla. En það er ekki fjárhagsatriði þessa máls, sem nú liggur fyrir að útkljá til fullnustu. Fjárveitingar þarf að leita áður en kemur til framkvæmda, og mun ekki til þess koma, að krafa verði gerð um, að ríkissjóður leggi fram sinn hluta fyr en sæmilega árar, því að aðrir aðiljar munu ekki fremur en ríkissjóður geta lagt fram sinn skerf á örðugum tímum.

Um rekstrarkostnaðinn vísar meiri hlutinn til fskj. I. Kemst Jón Ófeigsson yfirkennari þar að þeirri niðurstöðu, að árlegt tillag ríkissjóðs muni hin fyrstu árin ekki aukast frá því, sem nú er, öllu meir en um 5868 kr. Meiri hlutinn gerir að vísu ráð fyrir því, að ungmennaskólinn verði fljótt stærri en þar er gert ráð fyrir, en það þarf engan að fæla, því þar er aðeins um rjettmæta þörf að ræða, sem þjóðfjelaginu ber skylda til að fullnægja. Ungmennafræðslan er þess eðlis, að nokkur þúsund krónur frá eða til geta ekki ráðið úrslitum um afstöðu manna til frumvarpsins.

Meiri hlutinn lítur svo á, að það sje því betur farið, því fyr sem tekin er ákvörðun um þetta mál. Ekkert verður að vísu sagt um það með vissu að svo stöddu, hvenær slík lög sem þessi kæmu til framkvæmda. En nú hefir náðst samkomulag við þá aðilja, sem hlut eiga að þessu máli.

Frv. sjálft er almenns efnis og þau atriði, sem taka þarf afstöðu til, í sjálfu sjer ljós og einföld og heimta ekki langan umhugsunartíma. Skólunum er ætlað mikið frjálsræði og sjálfstæði, og er það vel farið; hin uppeldislega hlið þessa máls er fengin í hendur skólamönnunum; í þeirra höndum verður hvort sem er altaf það, sem mestu skiftir, sjálf framkvæmdin. Skólar eins og ungmennaskólinn og iðnskólinn verða að skapa sig sjálfir, sníða sig eftir umhverfinu og þörfum nemendanna. Margt, er snertir daglegt starf skólanna og reglugerðir þeirra, er enn lítt rætt, en það þarf ekki að tefja fyrir hinni almennu löggjöf. Hin almennu lög munu aftur verða til þess að gefa umræðum um hina uppeldislegu hlið málsins byr undir báða vængi, og skapa þannig betri skilyrði fyrir góðri byrjun en ella. Þá vill meiri hlutinn og telja það kost, að samþykt þessa frv. muni flýta fyrir löggjöf um unglingafræðslu í sveitum; með þessu frv., ef það verður að lögum, er stigið svo stórt spor, að meiri hlutinn telur trygt, að ekki verði lengra að bíða almennrar löggjafar um sveitaskólana en til næsta þings.

Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykt með nokkrum breytingum. Um brtt. skal þetta tekið fram:

1. brtt. Orðabreyting, en bendir þó til, að ungmennaskólinn (gagnfræðaskólinn) skuli sniðinn eftir þörfum nemenda, umhverfis og undirbúnings undir sjerskólanám, en ekki miðaður við undirbúning undir stúdentspróf, en rás viðburðanna í okkar landi, og þó einkum í Reykjavík, hefir orðið sú, að gagnfræðaskólahéitið er orðið fullmikið tengt stúdentsmentuninni.

3. brtt. a. Það er ekki fullskýrt í frv., að nemendur í undirbúningsdeild teljist til fastanemenda, en þó mun það tilætlunin.

3. brtt. b. Rjett er að heimila undanþágur fyrir fasta nemendur ungmennaskólans, þegar sjerstakar ástæður mæla með. Brtt. þessi er í samræmi við 1. brtt.

4. brtt. b. Brtt. gæti stutt að því að varðveita sambandið milli skóla og skólaaðilja, en það verður að teljast æskilegt.

4. brtt. c. Leiðrjetting.

5. brtt. a. Leiðrjetting.

5. brtt. b. Rjett þykir að veita iðnskólanum sama rjett til fastra kennara og hinum skólunum. Sbr. fskj. II. Aukakensla verður eigi minni en þarfir skólanna, og þá sjerstaklega iðnskólans, heimta, þó þessi till. verði samþykt.

5. brtt. c. Leiðrjetting.

5. brtt. d. Rjettara þykir að taka ákvæðið upp í frv. en að vitna til annara laga á þessum eina stað.

6. brtt. a. Leiðrjetting.

7. brtt. Leiðrjetting á prentvillu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Í stað »Gagnfræðaskóli« komi: Ungmennaskóli.
2. Við 2. gr. Í stað »Gagnfræðaskólinn« komi: Ungmennaskólinn.
3. Við 5. gr.
   a. Aftan við fyrri málslið bætist: eða undirbúningsdeild.
   b. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
      Undanþágu má skólastjóri ungmennaskólans veita nemendum skólans í einni eða fleiri námsgreinum, eftir því, sem áhugi og hæfileikar benda til.
4. Við 6. gr.
   a. Fyrir »gagnfræðaskólann« í fyrri málslið komi: ungmennaskólann.
   b. Aftan við fyrsta málslið bætist: enda hafi hver aðili tillögurjett um stjórn og rekstur síns skóla.
   c. Á eftir orðunum »ákvæði um« í öðrum málslið komi: inntökuskilyrði.
5. Við 9. gr.
   a. Fyrir »Fastakennarar« í fyrstu málsgrein komi: Fastir kennarar.
   b. Fyrir »einskipaða bekki dagskólanna« í fyrstu málsgrein komi: einskipaða fasta námsbekki skólanna.

c. Fyrir »stundakenslufjölda« í þriðju málsgrein komi: kenslustundafjölda.
d. Í stað síðustu málsgreinar komi:

Enginn getur fengið veitingu fyrir kennaraembætti við samskólana, nema hann hafi verið settur til að þjóna embættinu að minsta kosti 1 ár. Hafi hann ekki fengið veitingu fyrir embættinu innan tveggja ára, má hann ekki gegna því lengur.

6. Við 11. gr.
a. Fyrir »fastanámi skólanna« komi: fastanámi í skólunum.
b. Fyrir »gagnfræðaskólann« komi: ungmennaskólann.
7. Við 13. gr. Fyrir »Úr ríkissjóði« komi: Úr skólasjóði.

Alþingi, 16. mars 1927.

Ásgeir Ásgeirsson, form. og frsm. | Magnús Jónsson. | Jón Kjartansson.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 2. mars 1927.

Samkvæmt beiðni háttvirtrar mentamálanefndar neðri deildar Alþingis skal jeg leitast við að gera áætlun um kostnað ríkissjóðs af fyrirhuguðum samskólum Reykjavíkur. Jeg mun svo til samanburðar benda á, hversu mikil útgjöld ríkissjóðs eru nú af þeim skólum, sem verða mundu í skólasambandinu.

Jeg miða alla útreikninga við fjárlögin fyrir árið 1927.

1. Stofnkostnaður.

Enn er ekki fullsjeð, hversu mikið hið fyrirhugaða skólahús og vjela- og vinnustofuhús munu kosta. Samkvæmt lauslegri áætlun, er gerð var í upphafi, var talið að allur stofnkostnaður mundi verða um 600 þús. krónur. Þá kæmi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins á ríkissjóð 240 þús. krónur. Við nánari rannsókn þykir líklegt, að upphæðin verði nokkru hærri, þó varla yfir 280 þús. En þar sem þessi útreikningur er miðaður við núverandi verðlag, sem frekar ætti að lækka en hækka á næstu árum, tel jeg að *250 þús.* sje nærri sanni. Nú verður í skólasambandi þessu, ef til kemur, einn núverandi ríkisskóli, vjelstjóraskólinn, sem er húsnæðislaus. Ríkið mundi vafalaust innan skamms verða að reisa honum bæði skóla- og vjelahús, og mundi það og lóð varla kosta minna en 150 þús. kr. Framlög ríkisins til framhaldsskóla bæjarins yrðu samkvæmt þessu í rauninni ekki mikið yfir *100 þús. kr.*

2. Rekstrarkostnaður.

Skólar þeir, sem ráðgert er að verði í skólasambandinu, hafa þessa *fastakenslu*:

Iðnskólinn: 4 bekkir (12 + 12 + 17 + 18 st.) ... ... = 59 stundir.
4 aukadeildir (4 × 12 st.) ... ... = 48 —
Verslunarskólinn: 3 bekkir (3 × 36 st.) ... ... = 108 —
Vjelstjóraskólinn: 2 bekkir ... ... = 70 —
Gagnfræðaskólinn er óstofnaður, en mundi innan fárra ára að líkindum hafa 3 bekki tvískipaða ... ... = 216 —

Kostnaðaráætlun.

1. *Gagnfræða- og undirbúningsnám.*
3 einskipaðir gagnfræðabekkir (108 st.) og 2 undirbúningsdeildir (2 × 18 st.)[1] þurfa þessa fasta kennara:

Skólastjóra (15 st.)[2]	kr. 3.200	
4 fasta kennara (4 × 27 st.)	— 12.000	
Dýrtíðaruppbót af hvorutveggja (60%)	— 9.120	
Stundakensla (21 + 108 st.) á 3,50[3]	— 14.448	
	Kr. 38.768	
Þar af greiðir ríkissjóður 3/4		kr. 29.076

2. *Aðrir skólar:*

Iðnskólastjóri (15 st.)[4]	kr. 3.200	
Verslunarskólastjóri (15 st.)[2]	— 4.400	
Vjelskólastjóri (15 st.)[2]	— 4.400	
7 fastir kennarar (7 × 27)[5]	— 21.000	
Dýrtíðaruppbót af þessum launum	— 19.800	
		kr. 52.800
Stundakensla (3 + 48 st.)		— 5.712
		Alls kr. 87.588

Skýringar:

1) Jeg hef gert ráð fyrir að í hvorri undirbúningsdeildinni sje kent 18 st. á viku.
2) Kensluskyldur skólastjóra hef jeg áætlað að meðaltali 15 st.
3) Stundakenslukaup er nú kr. 3 og kr. 3,75; hjer er áætlað að meðaltali kr. 3,50.
4) Iðnskólastjóri á að gegna öðrum starfa aukreitis framan af, því hef jeg áætlað laun hans lægri en hinna skólastjóranna.
5) Jeg hef gert ráð fyrir föstum kennurum í iðnskólanum eins og hinum skólunum, þótt varla sje heimild til þess í frv. Sjeu þar allir stundakennarar, verður kostnaðurinn nokkru minni. Jeg hef hins vegar slept að reikna þóknun skólaráðsformanns og þóknun fyrir umsjónarstörf og reikningshald til gagnfr.skólastjóra, af því að erfitt er að áætla þau útgjöld, en þau breyta engu verulegu.

Við þessa áætlun mun það eitt að athuga að talin eru aðeins byrjunarlaun skólastjóra og fastra kennara, því að ekkert verður um það sagt, hvort einhver kynni að flytjast að skólunum með hærri launarjetti, eða hve margir.

Samanburður.

Vert er að gera sjer grein fyrir, hversu mikið samskonar kensla eins og sú, sem hjer er ráðgert, kostar ríkissjóð nú, og verða þá til samanburðar útgjöld

ríkissjóðs af gagnfræðadeild Mentaskólans og Akureyrarskóla, en að öðru leyti fjárveitingar til hinna skólanna, eins og þær eru í fjárlögunum. Útgjöld Mentaskólans alls eru áætluð í fjárlögum 1927 kr. 142.100. Þar frá dragast um 15.000 kr., sem teljast ekki til árlegra útgjalda. Eftir verða um 127.000 kr. Í skólanum eru 15 bekkir og koma þá á hvern bekk kr. 8473, en 6 (gagnfræða-)bekkir kosta samkvæmt því um kr. 50800. — Á Akureyri kosta 6 bekkir um kr. 52000. Í áætlun minni miða jeg við lægri töluna:

6 gagnfræðabekkir	kr. 50.800
Vjelstjóraskólinn	— 20.700
Iðnskólinn	— 6.600
Verslunarskólinn	— 6.000
	Alls kr. 84.100

Af þessu sjest, að reksturskostnaður samskólanna verður ekki nema tæpum kr. 3.500 meiri (kr. 87,588—84.100 = kr. 3.488) en varið er til samskonar kenslu nú. Og þó er í samskólafrumvarpinu gert ráð fyrir, að tveir skólar verði ríkisskólar með föstum kennurum, sem nú njóta aðeins lítils styrks. Þessi hagstæða útkoma stafar af því aðallega, að ríkið greiðir ekki alla gagnfræðakensluna og engan annan reksturskostnað en kenslu, ef samskólahugmyndin kemst í framkvæmd.

En með þessu er ekki sagt, að hin fyrirhugaða breyting hafi engan aukinn kostnað í för með sjer fyrir ríkissjóð og skal nú sú hliðin athuguð að lokum. Ef gagnfræðadeild Mentaskólans flyttist öll yfir í hinn nýja skóla, þá yrði kostnaðaraukinn þessar 3.500 kr. + þeim skólagjöldum, sem ríkissjóður misti af við breytinguna. En að þetta verði gert, getur ekki komið til mála fyrir þá sök, að þá væri engu rýmra um gagnfræðanámið í bænum en áður. Gagnfræðadeild Mentaskólans (tvískipuð þriggja bekkja deild) er nú svo ofhlaðin, að til vandræða horfir. Það er óumflýjanlegt að hefja þar þrískiftingu, ef til vill þegar á þessu ári, þótt ekkert verði annað gert til umbóta í framhaldsskólamáli bæjarins. Setjum nú svo, að samskólarnir kæmust ekki á og hugsað væri til að hafa þessa nýju þriggja bekkja deild í Mentaskólanum, eins og hinar. Þá er sá hængur á, að húsakynni skólans eru of lítil fyrir það, sem nú er í honum, svo að engu mætti þar við bæta. Þá yrði annaðhvort að reisa hús yfir deildina í sambandi við skólann eða útvega henni húsnæði annarsstaðar, og yrði þá að láta hana hafa sjerstakan stjórnanda og sjerstök áhöld. Af þessu leiðir, að þessi nýja deild yrði dýrari en meðaldeild í skólanum, jeg giska á kr. 35.000 í stað kr. 25.400, og mun það síst of í lagt.

Verði hins vegar tvískipuð gagnfræðadeild í samskólunum, má hafa einskipaða deild í Mentaskólanum án nokkurra örðugleika. Þá er í báðum skólum samanlagt þrískipaðir þrír bekkir, og er þá fengin sú aukning á gagnfræðanámi, sem er óumflýjanleg og nægja mundi fyrst um sinn.

Þegar nú skal gera lokasamanburðinn er rjett að taka tillit til þess, svo að rjett verði og óyggjandi, að ríkissjóður mundi missa af skólagjöldum í þeim gagnfræðabekkjum sem yrðu í samskólunum, því að þeim er ætlað að renna í skólasjóð. Upphæð þessi mun nú vera alt að 2000 kr. af bekk í Mentaskólanum og eitthvert lítilræði í Vjelstjóraskólanum.

Samanburðurinn á reksturskostnaði verður þá á þessa leið:

Núverandi fyrirkomulag			*Nýja fyrirkomulagið*		
Gagnfræðad. Mentaskólans	kr.	50 800	Samskólarnir	kr.	87.588
Nýja deildin	—	35.000	Einskipuð deild í Menta-		
Vjelstjóraskólinn	—	20.700	skólanum	—	25.400
Iðnskólinn	—	6.600		kr.	112.988
Verslunarskólinn	—	6.000			
	kr.	119.100			
÷ skólagjöld um		12.000			
	kr.	107.100			

Reksturskostnaðaraukinn nemur þá alls:

	112.988
÷	107.100
kr.	5.888

Jón Ófeigsson.

Til Mentamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SÍMI 1261

28. febr. 1927.

Að gefnu tilefni leyfi jeg mjer hjermeð að senda háttvirtri mentamálanefnd Neðri deildar Alþingis eftirfarandi skýrslu:

Veturinn 1926—'27 er kensla í iðnfræði (sjerfræðigreinum) sem hjer segir:

Í undirbúnings flatarteikningu	12	st.	í	viku	að	jafnaði
í — rúmteikningu	12	-	-	—	—	—
í — fríhendisteikningu	12	-	-	—	—	—
í framhalds fríhendisteikningu	6	-	-	—		
í vjelteikningu	6	-	-	—		
í burðarþolsfræði	2	-	-	—		
í áhaldafræði	2	-	-	—		
í efnisfræði	4	-	-	—		
Samtals	56	st.	í	viku,	og	auk þess
í húsateikningu	6	-	-	—		
í húsgagnateikningu	6	-	-	—		
Samtals	68	st.	í	viku.		

Til þess að kenna húsateikningu þarf húsameistara, og góðan húsgagnasmið til að kenna húsgagnateikningu. Til þess að kenna vjelteikningu, burðarþolsfræði, áhaldafræði og efnisfræði þarf helst verkfræðing, og annaðhvort verkfræðing eða æfðan teiknara til að kenna hitt alt, enda hefir það verið svo síðustu árin. Við þessa kenslu þyrfti því að vera 1 fastur kennari auk skólastjóra, og tímakennarar í húsa- og húsgagnateikningu.

Kensla í Iðnskólanum fer nú fram 28 tíma í viku, 4 tíma á dag 5 daga vikunnar og 8 tíma á laugardögum.

Virðingarfylst.

H. H. Eiríksson.

Til mentamálanefndar Neðri deildar Alþingis 1927, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

Útdráttur
úr gjörðabók fjárhagsnefndar bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

Ár 1926, þriðjudaginn 14. desember, hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Nefndin hefir athugað tillögu Jóns Ófeigssonar um samskólann og mælir með, að bæjarstjórnin samþykki tillögu þá, er lá fyrir síðasta bæjarstjórnarfundi útaf málinu, svohljóðandi:

Bæjarstjórn Reykjavíkur lýsir yfir því, að hún aðhyllist skólahugmynd þá, sem Jón Ófeigsson hefir borið fram, og tjáir sig samþykka aðalatriðum frumvarpa þeirra til laga og sameiginlegrar reglugerðar fyrir Skólasamband Reykjavíkur, sem fulltrúaráð aðilja hefir fallist á og borið fram.

Þetta samþykt á fundi bæjarstjórnar 21. desember 1926.

Fylgiskjal IV.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS

Reykjavík, 27. nóvember 1926.

Afrit.

Að gefnu tilefni lýsir Verslunarráðið því yfir, að það aðhyllist skólahugmynd þá, sem Jón Ófeigsson aðalkennari hefir borið fram, og tjáir sig samþykt aðalatriðum frumvarpa þeirra til laga og sameiginlegrar reglugerðar fyrir Skólasamband Reykjavíkur, sem fulltrúanefnd aðilja hefir fallist á og borið fram, og mun gera sitt ítrasta til þess, á sínum tíma, að afla með samskotum meðal kaupsýslumanna þess fjár, sem gert er ráð fyrir, að verslunarstjettin leggi af mörkum.

Garðar Gíslason.

C. Proppé. Ól. Johnson.

Jón Björnsson. Jón Brynjólfsson.

Samhljóða frumritinu

Sig. Guðmundsson.

Fylgiskjal V.

IÐNAÐARMANNAFJELAGIÐ Í REYKJAVÍK

»Iðnaðarmannafjelagið í Reykjavík lýsir yfir því, að það aðhyllist skólahugmynd þá, sem Jón Ófeigsson hefir borið fram, og tjáir sig samþykt aðalatriðum frumvarpa þeirra til laga og sameiginlegrar reglugjörðar fyrir Samskóla Reykjavíkur, sem fulltrúanefnd aðilja hefir fallist á og borið fram. Er í þeim frumvörpum ákveðið, að tillag Iðnaðarmannafjelagsins skuli vera $^1/_{10}$ stofnkostnaðar, en hann er áætlaður kr. 600000,00 — sex hundruð þúsund —, og ákveður fjelagið að sínu leyti að leggja fram kr. 60,000,00 — sextíu þúsund«.

Tillaga þessi var samþykt á fundi Iðnaðarmannafjelagsins 10 febr. 1927.

Ed. **198. Breytingartillögur**

við frv. til laga um iðju og iðnað.

Frá Einari Árnasyni.

Við 23. gr.

a. Fyrir »50,00« komi: 25,00.
b. Fyrir »100,00« komi: 50,00.

Nd. **199. Frumvarp**

til laga um iðju og iðnað.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. kafli.

Um iðju.

1. gr.

Iðja merkir í lögum þessum allan annan iðnað en handiðn og heimilisiðnað, hvaða efni eða orka, vjelar eða önnur tæki sem notuð eru og hvaða vörur eða efni sem framleidd eru. Ekki ná þó lög þessi til iðju að því leyti sem fyrirmæli laga um vatnsorkusjerleyfi láta um mælt.

2. gr.

Enginn má reka nokkurskonar iðju á Íslandi eða í íslenskri landhelgi nema hann hafi til þess fengið leyfi lögum þessum samkvæmt.

3. gr.

Hver maður, karl sem kona, getur fengið iðjuleyfi, ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi þegar leyfi er veitt og hefir verið það síðasta árið.
2. Er fjárráður.
3. Hefir forræði á búi sínu. Ekki má veita þeim iðjuleyfi, sem tvisvar hefir orðið gjaldþrota, nema komist hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur hans milli hans og lánardrotna hans.
4. Hefir ekki verið dæmdur sekur um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti. Ekki má veita manni iðjuleyfi, ef ráðin hefir verið höfðun opinbers máls á hendur honum fyrir slíkt brot, fyr en hann hefir verið sýknaður með dómi.
5. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru eða sett kunna að verða lögum samkvæmt til þess að mega reka iðju.

Iðjuleyfi má ekki veita embættis- eða sýslunarmönnum, nje maka þeirra, ef hjónin búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að iðjureksturinn megi samrýma stöðu þeirra.

4. gr.

Nú vill fjelag eða stofnun reka hjer iðju, og skal þá svo með fara:

1. Ef nokkrir fjelagar eða allir bera ábyrgð á skuldbindingum fjelags, þá skulu þeir allir. sem fulla ábyrgð bera, vera þeim kostum búnir, sem í 3. gr. segir.
2. Ef enginn fjelaga ber fulla ábyrgð á skuldum fjelags, þá skal það eiga heimilisfang og varnarþing á landi hjer, enda fullnægi framkvæmdarstjórar, stjórnendur fjelags og fulltrúar skilyrðum 3. gr. Ef fjelag er hlutafjelag, þá skal enn fremur meira en helmingur hlutafjárins vera eign manna búsettra á Íslandi, enda sje ekkert það í samþyktum fjelags, er brjóti í bága við íslensk lög. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðunum um heimilisfang stjórnenda eða fulltrúa og hlutafjáreign, enda standi sjerstaklega á.

5. gr.

Iðjuleyfi glatast, ef leyfishafi missir einhver þeirra skilyrða, sem í 3. gr. 1.—3. tölulið, eða í 1. málslið 4. töluliðs segir, eða þeirra skilyrða, sem annars eru sett eða kunna að verða sett til að halda rjettinum (5. tölul. 3. gr.).

Nú missir stjórnandi, fulltrúi eða framkvæmdarstjóri fjelags skilyrða þeirra, er í 4. gr. 2. segir, eða fjelag eða stofnun missir íslensks heimilisfangs eða hlutafje verður eign erlendis búsettra manna framar en lögmætt er, og skal aðili þá hafa komið málinu í löglegt horf innan 3 mánaða frá því er

breyting varð. Hafi ella fyrirgert leyfi sínu. Ráðherra getur þó lengt frestinn um 3 mánuði, ef sjerstaklega stendur á.

6. gr.

Iðjuleyfi er bundið við nafn. Iðjuleyfi fjelags, þar sem einn eða fleiri fjelaga bera fulla ábyrgð, skal hljóða á nafn þeirra allra. Annars kostar hljóðar það á nafn fjelags. Nú fer fjelagi, sem fulla ábyrgð ber, úr fjelagi eða slíkur nýr fjelagi bætist við, og þarf fjelag þó ekki að leysa nýtt leyfi meðan einn fjelaga er eftir, þeirra er leyfi hljóðaði á nafn hans í öndverðu.

Enginn má framselja iðjuleyfi nje leyfa öðrum að reka iðju í skjóli síns leyfis.

Rjett er ekkju að halda áfram iðju látins manns síns án nýs leyfis, enda fullnægi hún lögmæltum skilyrðum.

Bú aðilja, er iðjuleyfi hafði, má og reka iðjuna að því leyti sem sá rekstur er þáttur í skiftameðferð þess. Erfingi 16 ára eða eldri má og reka iðju arfleifanda án nýs leyfis, þar til er hann er fjárráður, ef hann að öðru leyti fullnægir skilyrðum 3. gr.

7. gr.

Lögreglustjóri, þar sem beiðandi á lögheimili, veitir iðjuleyfi. Þó ákveður ráðherra um veitingu iðjuleyfis, ef:

1. Iðjan er líkleg til að baka einstökum mönnum, hjeraði eða ríkinu tjón eða óhagræði að ráði, þar á meðal aukin sveitarþyngsli.
2. Iðjan telst sjerstaklega hættuleg mönnum, sem hana stunda.
3. Iðjan er annars svo vaxin, að hættulegt er eða varhugavert að leyfa hana.

8. gr.

Nú hefir lögreglustjóri veitt iðjuleyfi, en ráðherra telur sig hafa átt að úrskurða málið, og getur hann þá innan þriggja mánaða ónýtt leyfi lögreglustjóra að öllu leyti eða leyft iðjurekstur gegn því, að iðjuhöldur fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur að viðlögðum leyfismissi, alt án þess að aðili eigi kröfu til bóta á hendur ríkinu fyrir leyfismissi eða tap, er honum hlýst af ákvörðunum ráðherra.

9. gr.

Nú verður svo vaxin breyting á iðju eða svo löguð breyting er fyrirhuguð á henni, að málið hefði borið undir úrskurð ráðherra, ef svo hefði verið ástatt í öndverðu, og má iðjuhöldur þá ekki halda áfram iðjurekstri þeim eða gera breytingu, nema ráðherra leyfi. Fer um málið samkvæmt 8. gr., svo sem við á.

Skylt er iðjuhöld að veita lögreglustjóra og ráðherra allar upplýsingar um þau atriði, er varða skilyrði til að halda atvinnuheimild eða fullnægju settra skilyrða, svo og að veita aðgang að bókum atvinnunnar í sama skyni. En skylt er að leyna alla óviðkomandi menn því, er rannsóknarmaður kemst að um hagi aðilja fyrir rannsókn sína eða upplýsingar hans.

10. gr.

Ef nauðsyn þykir, getur ráðherra sett þau skilyrði fyrir leyfi til iðjurekstrar í öndverðu eða til breytingar á honum samkvæmt fyrri málsgr. 9. gr., að iðjuhöldur:

1. Sjái verkamönnum sínum fyrir sæmilegum húsakynnum, hjúkrun í veikindum, hæfilegu bókasafni og lesstofu.
2. Geri þær heilbrigðisráðstafanir, er nauðsynlegar þykja.
3. Kosti aukna löggæslu, er leiða kann af atvinnurekstrinum.
4. Kosti viðhaldsauka á vegum og öðrum almenningstækjum, sem atvinna hans veldur.
5. Sjái um eða setji tryggingu fyrir umsjá erlendra verkamanna, sem verða í þjónustu hans, og þeirra, sem þeim verkamönnum er eða verður skylt að framfæra hjer á landi.
6. Þoli almenningsafnot af vegum, höfnum og öðrum mannvirkjum og samgöngutækjum, er iðjuhöldur kann að gera, að svo miklu leyti sem það má vera án verulegs baga fyrir hann, enda úrskurði ráðherra, ef ágreiningur verður.
7. Sæti öðrum þeim skilyrðum, er ráðherra telur þurfa að setja.

11. gr.

Greina skal í iðjuleyfi, hverskonar iðju heimilt sje að reka samkvæmt því, og hvar hana megi reka. Ekki veitir leyfi heimild til að reka iðju annarar tegundar en þá, sem nefnd er í leyfi, ásamt því, er venju samkv. eða eðli málsins heyrir þeirri iðju til.

Veita má sama aðilja leyfi til að reka fleiri en einskonar iðju, og leyfi til að reka iðju á fleiri en einum stað (kaupstað, þinghá).

12. gr.

Nú er iðjuleyfi synjað eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi fyrirgert iðjuheimild sinni, og er honum þá rjett að bera málið undir dómstóla, enda skal stefna lögreglustjóra, ef hann hefir úrskurðað málið, en ráðherra ella. Skal mál það höfða fyrir gestarjetti á heimilisvarnarþingi varnaraðilja.

II. kafli.

Um iðnað.

13. gr.

Í kaupstöðum landsins mega þeir einir reka iðnað (sbr. 1. gr.), annan en heimilisiðnað, sem iðnbrjef hafa fengið. Iðnbrjef þurfa þó ekki:

1. Þeir, sem iðnað reka einungis með aðstoð maka síns og barna undir 21 árs aldri.

2. Hegningarhús, spítalar, skólar og þesskonar stofnanir, enda vinni fangarnir, sjúklingarnir, nemendurnir o. s. frv. að iðninni.

14. gr.

Hver maður, karl sem kona, á rjett á að fá iðnbrjef, ef hann:

1. a. hefir sveinsbrjef í iðn sinni, eða
   b. hefir fjelagarjettindi í sveinafjelagi iðnar sinnar, ef slíkt fjelag er til.
2. Fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í 1.—5. tölul. 3. gr.

Nú vill fjelag eða stofnun reka iðnað í kaupstað, og skal þá forstöðumaður hafa iðnbrjef.

15. gr.

Rjett er ekkju að halda áfram iðnaði látins manns síns, enda hafi hún forstöðumann, er sveinsbrjef hafi í iðninni. Með sama skilyrði má erfingi, 16 ára eða eldri, reka iðnað arfleifanda þar til hann er fjárráður.

Bú aðilja, er rak iðnað, má og halda þeim rekstri áfram að því leyti, sem hann er þáttur í skiftameðferð búsins.

16. gr.

Geta skal þess í iðnbrjefi, hverskonar iðnpróf aðili hafi leyst af hendi. Iðnbrjef veitir aðilja heimild til að reka þá iðn, sem sveinsbrjef hans greinir, hvar sem er á landi hjer, hvort sem það er frá fastri atvinnustöð eða ekki, svo og rjett til að ráða sjer aðstoðarmenn eftir þörfum.

Rjett er að veita sama aðilja iðnbrjef til að stunda iðn fleiri en eina, ef hann fullnægir skilyrðum um hverja einstaka þeirra.

17. gr.

Meistarabrjef geta þeir einir fengið, sem:

1. Eru þeim kostum búnir, er í 14. gr. segir, og
2. Hafa unnið að minsta kosti 3 ár samtals hjá meistara og sem iðnaðarrekandi með iðnbrjefi.

Meistarabrjef veitir samsvarandi rjett sem iðnbrjef.

Í kaupstöðum er meisturum einum heimilt að taka nemendur til verklegs náms í iðn sinni.

Þeir, sem hafa að afloknu námi rekið sjálfstætt iðn sína 3 ár eða lengur, geta fengið meistarabrjef næstu 3 árin eftir að lög þessi öðlast gildi.

18. gr.

1. Nú er í einhverjum kaupstað enginn sá fyrir, er rekur tiltekna grein iðnaðar, og getur þá lögreglustjóri veitt umsækjanda iðnbrjef í þeirri grein, þótt ekki hafi hann sveinsbrjef, ef umsækjandi færir þær sönnur, er lögreglustjóri telur nægja, á kunnáttu sína.
2. Nú eru ekki í kaupstað nægilega margir, að dómi bæjarstjórnar, er reka tiltekna grein iðnaðar með iðnbrjefi samkv. 14. gr., og getur lögreglustjóri þá veitt umsækjanda iðnbrjef í þeirri grein, ef bæjarstjórn mælir

með því, þótt ekki hafi hann sveinsbrjef, ef umsækjandi færir þær sönnur, er lögreglustjóri telur nægja, á kunnáttu sína.

3. Veita má lögreglustjóri þeim, er iðnbrjef hefir fengið, heimild til að taka nemendur til verklegs náms, ef bæjarstjórn mælir með því.

19. gr.

Í byggingarsamþyktum kaupstaða má ákveða, að enginn megi veita húsabyggingum forstöðu, nema hann hafi til þess löggildingu byggingarnefndar. Ef aðrir taka að sjer framkvæmd slíkra verka, þá skulu þeir hafa á vinnustaðnum fyrir sína hönd mann, sem fullnægir þessu skilyrði.

20. gr.

Sá hefir fyrirgert rjetti sínum samkvæmt iðnbrjefi eða meistarabrjefi, sem:

1. Missir einhvers þeirra skilyrða, er í 1.—3. tölul. og 1. málsl. 4. tölul. 3. gr. segir.
2. Missir þeirra annara skilyrða (sbr. 5. tölul. 3. gr.), er sett eru annars eða sett kunna að verða til þess að halda rjettinum.

Ef fjelag á hlut að máli, þá skal svo með fara sem í 2. málsgr. 5. gr. segir.

21. gr.

Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi iðnbrjef og meistarabrjef.

Nú synjar lögreglustjóri um iðnbrjef eða meistarabrjef, eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi mist rjett sinn, og er aðilja þá rjett að bera málið undir ráðherra. Ennfremur getur hann leitað úrlausnar dómstóla um það mál, enda skal þá stefna lögreglustjóra fyrir gestarjett á varnarþingi hans.

III. kafli.

Almenn ákvæði.

22. gr.

Halda skal skrá yfir öll leyfi, sem veitt eru lögum þessum samkvæmt. Ráðherra setur fyrirmæli um þessi efni.

23. gr.

Óskert skal atvinnuheimild þegna annara ríkja hjer í landi, að því leyti sem þeir kunna að eiga rýmri atvinnurjett hjer samkvæmt samningum en lög þessi greina.

24. gr.

Gjalda skal ríkissjóði fyrir:
Iðjuleyfi kr. 100,00.

Iðnbrjef kr. 25,00.
Meistarabrjef kr. 50,00.

Ráðherra er heimilt að færa gjaldið niður alt að helmingi, ef sjerstök þörf þykir á þeim atvinnurekstri, sönnuð er fátækt aðilja, en jafnframt nauðsyn hans á því að koma upp atvinnunni til framfæris sjer og sínum o. s. frv.

25. gr.

Það varðar sektum, frá 100—5000 kr., ef maður byrjar á iðju án leyfis eða heldur áfram iðju án þess að fullnægja settum skilyrðum eða eftir að hann hefir mist lögmælt skilyrði, eða leyfir öðrum að reka iðju í skjóli iðjuleyfis síns.

Það varðar sektum, alt að kr. 500, ef maður:

1. Rekur iðnað, sem iðnbrjef þarf til, án þess að hafa fengið það eða eftir að hann hefir mist heimildina.
2. Leyfir öðrum að reka iðn í skjóli iðnbrjefs síns.
3. Tekur að sjer verk, er í 19. gr. segir, án þess að fullnægja skilyrðum þeirrar greinar.
4. Tekur nemendur til verklegs náms, enda þótt hann eigi ekki rjett til þess, eða tekur nemendur til náms í annari iðn en þeirri, sem hann er meistari í eða hefir rjettindi meistara.

26. gr.

Sektir samkvæmt 25. gr. renna í ríkissjóð. Dæma skal aðilja til að greiða gjöld þau fyrir leyfi, er honum hefði borið að gjalda, ef hann hefir rekið iðju eða iðnað ranglega leyfislaust.

Mál vegna brota þeirra, er í 25. gr. getur, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1928.

Þeir, er þá reka iðju með heimild samkvæmt eldri lögum, halda henni.

Þeir, er 1. janúar 1928 reka iðn samkv. eldri lögum, eða hafa nemendur, halda þeim rjetti.

Nd. **200. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Flutningsm.: Ingólfur Bjarnarson.

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

Lína frá Ljósavatni að Þóroddsstað. Lína frá Breiðumýri að Máskoti í Reykjadal. Lína frá Ytrafjalli að Grenjaðarstað. Lína frá Reykjahlíð að Skútu-

stöðum. Lína frá Ytritungu að Tjörnesi að Hallbjarnarstöðum. Lína frá Laxamýri að Hveravöllum í Reykjahverfi.

Greinargerð.

Á sýslufundi Suður-Þingeyjarsýslu s. l. vetur var tekið til athugunar og rannsóknar, samkvæmt framkomnum óskum úr hjeraðinu, hvar brýnust væri þörf nýrra símalína um hjeraðið. Er frumvarp þetta flutt í samræmi við tillögur þær og samþyktir, er sýslunefndin gerði í þessu máli.

Nd. **201. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Flutningsm.: Árni Jónsson og Halldór Stefánsson.

Aftan við frv. bætist:

Lína frá Fossvöllum um Hofteig að Skjöldólfsstöðum á Jökuldal.

Ed. **202. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast lán fyrir Landsbanka Íslands.

Frá öðrum minni hluta fjárhagsnefndar.

Jeg gat ekki fylgt hinum nefndarmönnum í máli þessu og geri grein fyrir afstöðu minni í umræðunum.

Alþingi, 18. mars 1927.
Jón Baldvinsson.

Nd. **203. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 15. júní 1926, um fræðslu barna.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin er því meðmælt, að frv. þetta verði samþykt. Um ástæðurnar fyrir frv. vísast til greinargerðarinnar á þskj. 129.

Alþingi, 18. mars 1927.

Ásgeir Ásgeirsson, form. Jón Guðnason, fundaskrif. og frsm. Bernh. Stefánsson.
Jón Kjartansson. Magnús Jónsson.

Nd. **204. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Framan við frumvarpsgreinina bætist:
Við 2. gr. B. 1. Við töluliðinn bætist:

Frá Ísafirði að Gemlufalli við Dýrafjörð, frá Þingeyri að Rafnseyri við Arnarfjörð, frá Bíldudal um Fossheiði póstleiðina til Þorskafjarðar.

Til vara:

Frá Ísafirði að Gemlufalli við Dýrafjörð.

Til þrautavara:

Frá Ísafirði að Veðrará í Önundarfirði.

Nd. **205. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:
Lína frá Holti í Önundarfirði að Kirkjubóli í Korpudal.
Lína frá Holti í Önundarfirði að Þorfinnsstöðum í Valþjófsdal.
Lína frá Núpi í Dýrafirði að Hrauni á Ingjaldssandi.
Lína frá Rafnseyri við Arnarfjörð að Álftamýri.

Nd. **206. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

Við 1. gr. Fyrri málsgr. skal orða svo:
Fjórðu málsgrein 1. gr. laganna skal orða svo:

Áður en verkaður eða óverkaður saltfiskur gengur kaupum og sölum innanlands, skal meta hann og flokka eftir gæðum, ef hann er ætlaður til útflutnings í óbreyttu ástandi. Nú er saltfiskur keyptur til útflutnings af erlendu skipi, og skal hann þá ávalt metinn.

Nd. **207. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 45, 20. júní 1923, um sandgræðslu.

(Eftir 3. umr. Ed.).

1. gr.

Í stað »1/3 úr ríkissjóði, en að 1/3 af landeiganda« í 4. gr. laganna komi: 2/3 úr ríkissjóði, en 1/3 af landeiganda.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo: Eigi má girða fyrir alfaravegi, ef af því orsakast bagalegur krókur eða ófær leið. Skal sandgræðslan, þegar svo stendur á, annast um hlið, traðir eða upphleypta vegi gegnum girðinguna, og skal kostnaður af því greiddur af sömu aðiljum sem sandgræðslukostnaður, eftir sömu hlutföllum.

Öllum vegfarendum er skylt að loka hliðum í hvert sinn og um þau er farið, en sæta sektum ella, alt að 50 kr. er uppvíst verður, að hlið er skilið eftir opið, enda skal svo frá hliðum gengið, að auðvelt sje að opna og loka.

3. gr.

Á eftir orðunum »50—1000 kr.« í 15. gr. laganna komi: (sbr. þó 9. gr. síðari málsgr.).

Ed. **208. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20 júní 1923.

Frá samgöngumálanefnd.

Þegar farið var að nota lögin um samþyktir um sýsluvegasjóði, þau er getur um hjer að ofan, komu í ljós ýmsar misfellur á þeim, t. d. að skatturinn kom óhæfilega þungt niður á sumum, en aðrir sluppu alveg við hann.

Með frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, er reynt að jafna þessar misfellur, svo skatturinn komi sem jafnast niður.

Nefndin hefir gert nokkrar breytingar á frv. Miða þær að mestu leyti til þess að gera frv. ljósara og skýrara, en eru ekki verulegar efnisbreytingar.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrsta málsgrein falli burt.
   b. 1. málsliður 2. málsgreinar orðist svo:

Skatt þann til sýsluvegasjóðs, er 3. gr. laga nr. 10, 20. júní 1923, ræðir um, er hreppsfjelagi heimilt að greiða úr sveitarsjóði, sje það samþykt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi, og sje tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl.

c. Á eftir orðunum »Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni« í þriðju málsgrein komi: aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta.

2. Á eftir 1. gr. komi ný 2. grein, svo hljóðandi:

Nú er lagt fje til akvega samkvæmt síðari málsgrein 5. gr., og greiðist þá framlag úr ríkissjóði móts við þá upphæð í sama hlutfalli og ákveðið er móts við vegaskattinn.

3. 2. gr. verður 3. grein.

Alþingi, 18. mars 1927.

Jónas Kristjánsson, form. og frsm. | Einar Árnason, fundaskrifari. | Björn Kristjánsson.

Einar Jónsson. M. J. Kristjánsson.

Nd. **209. Frumvarp**

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita hlutafjelaginu »Titan« sjerleyfi til:

1. Að leggja járnbraut frá Reykjavík um Hellisheiði, yfir Ölfusá og að Þjórsá í nánd við Urriðafoss.
2. Að virkja Urriðafoss í Þjórsá. Leyfið felur í sjer heimild til þess að gera vatnsmiðlunarvirki í ánni og vötnum, sem hún er í sambandi við, hækka eða lækka vatnsbotn, farveg eða vatnsyfirborð, gera vatnsrásir ofan jarðar eða neðan eftir þörfum, þar á meðal brottrás handa vatni frá orkuveri, og yfir höfuð að fara með vatnið eftir því, sem nauðsyn krefur til þess að ná úr því orku þess og svo sem samrýmast má landslögum. Gert er ráð fyrir, að virkjaðar verði alt að 160000 hestorkum.
3. Að reisa orkuver í nánd við Urriðafoss, í því skyni að breyta vatnsorku þeirri, sem í 2. tölul. segir, í raforku, og starfrækja það eða þau.
4. Að leiða raforku frá orkuveri eða orkuverum þeim, er í 3. tölul. greinir, til staðar í nánd við Reykjavík, um þá staði og með þeim hætti, er henta

þykir og nánar skal fram tekið í sjerleyfisbrjefi, til afnota í iðjuveri eða iðjuverum, sbr. 5. tölul.

5. Að reisa iðjuver til saltpjetursvinslu og annarar iðju til hagnýtingar raforkunni.
6. Að gera vegi eða önnur samgöngutæki, sem nauðsynleg eru að áliti ráðherra vegna virkjunarinnar, orkuvinslunnar eða orkunýtingarinnar.
7. Að taka lögnámi land og rjettindi yfir landi, svo og að leggja kvaðir á land, að því leyti sem nauðsynlegt er til þess að koma fyrirtækjum þeim í framkvæmd, sem 1.—6. tölul. greinir.

2. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa varnarþing á Íslandi, enda hafi hann hjer búsettan umboðsmann, er birta megi stefnu og svari til sakar fyrir dómi í málum á hendur leyfishafa, en að minsta kosti $^2/_3$ hlutar stjórnarmanna skulu vera búsettir á Íslandi.

3. gr.

Ekki má framselja sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ráðherra komi til, enda fullnægi nýr leyfishafi öllum settum skilyrðum sjerleyfis.

4. gr.

Sjerleyfistími má vera alt að 70 árum.

5. gr.

Sjerleyfishafi skal vera undanþeginn eignarskatti, tekjuskatti til ríkissjóðs, útsvari og hærra útflutningsgjaldi en nú er, eða öðrum samskonar gjöldum, er á kunna að verða lögð. Í stað þess skal hann gjalda af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum 3 kr. árlega af hverri nýttri hestorku fyrstu 10 árin, en síðan 5 kr. árlega af hverri nýttri hestorku. Gjald þetta skiftist þannig milli ríkissjóðs og sveitarsjóðs, að ríkissjóður hlýtur $^2/_3$ hluta, en sveitarsjóður þriðjung. Sveitarsjóðshlutinn skiftist eftir ákvörðun ráðherra milli sveita þeirra, er hlut eiga að máli eða verða fyrir átroðningi og usla af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum.

Sú raforka, sem seld er til almennings samkvæmt sjerleyfislögum, skal þó undanþegin þessu árgjaldi.

6. gr.

Um sölu á raforku til almennings fer eftir sjerleyfislögum. Þó skal verð árshestorkunnar ekki fara fram úr 55 krónum.

7. gr.

Járnbrautina milli Reykjavíkur og Þjórsár skal gera eftir fyrirmælum ráðherra, og ber að greina í sjerleyfi nánari ákvæði þar að lútandi. Ráðherra ákveður einnig, hvar og hve margar járnbrautarstöðvar skuli vera, og telst kostnaður af byggingu þeirra til lagningarkostnaðar brautarinnar.

8. gr.

Kostnaðurinn við járnbrautina skal greiðast þannig:

a. Reykjavíkurkaupstaður kostar land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning vestan afrjettar eða almennings á Hellisheiði.
b. Árnessýsla kostar á sama hátt land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning austan afrjettar eða almennings á Hellisheiði, þar með talin stöð austan eða vestan Ölfusár.
c. Rangárvallasýsla kostar á sama hátt land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning frá stöð við Ölfusá að Þjórsá.
d. Ríkissjóður leggur fram þriðjung kostnaðar af járnbrautargerðinni að öðru leyti, þar með taldir brautarvagnar og annað það, er samkvæmt venju tilheyrir slíku mannvirki, eftir ákvörðun ráðherra, þó ekki yfir 2 milj. kr., og er ríkisstjórninni heimilt að taka það fje að láni að nokkru eða öllu leyti. Fjeð greiðist eftir á, eftir því, sem verkinu miðar áfram, á þann hátt, er sjerleyfið tiltekur.
e. Sjerleyfishafi leggur fram allan annan kostnað við brautargerðina.

9. gr.

Sjerleyfishafi framkvæmir járnbrautarlagninguna og rekur fyrirtækið á sinn kostnað, enda tekur hann tekjur af því. Ráðherra skal samþykkja öll flutningsgjöld og hafa eftirlit með rekstri brautarinnar. Ríkissjóður á ekki tilkall til vaxta af framlagi sínu fyr en hreinar rekstrartekjur brautarinnar nægja til þess að leyfishafi fái 6% ársvexti af framlagi sínu. Verði rekstrartekjurnar meiri, fær ríkissjóður vexti af framlagi sínu, alt að 6%. Sje þá enn afgangur af rekstrartekjum, skiftist hann milli ríkissjóðs og leyfishafa í hlutfalli við framlög þeirra til járnbrautarinnar.

Ríkissjóði er heimilt, hvenær sem er á leyfistímanum, að taka við járnbrautinni með öllu tilheyrandi til umsjár og eignar, gegn því að greiða sjerleyfishafa framlag hans, eftir nánari ákvæðum í sjerleyfinu.

Umboðsmaður ráðherra á hvenær sem er aðgang að öllum bókum járnbrautarfyrirtækisins, og ráðherra getur sett allar nauðsynlegar reglur um eftirlitið með rekstri og reikningsfærslu þess.

10. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa byrjað á lagningu járnbrautarinnar eigi síðar en 1. maí 1929 og verkinu skal lokið eigi síðar en 1. júlí 1933.

Á mannvirkjum, er lúta að virkjun Urriðafoss, skal byrjað eigi síðar en 1. júlí 1934.

Verði eigi byrjað á lagningu járnbrautar 1. maí 1929 og henni haldið áfram með hæfilegum hraða, eða stöðvist verkið á fyrsta eða öðru ári, fellur sjerleyfið úr gildi í árslok 1931, og verða unnin mannvirki ríkiseign án nokkurs endurgjalds til sjerleyfishafa.

11. gr.

Rjettindi og skyldur sjerleyfishafa og skifti hans og ríkisstjórnar fara samkvæmt landslögum, þ. á. m. sjerleyfislögum, að svo miklu leyti sem ekki er um mælt í lögum þessum.

Nú skilur aðilja á um það, hvort atriði skuli sæta úrlausn eftir þessum lögum eða öðrum landslögum, og skal þá hæstirjettur einn dæma um það. Sjerleyfisdómur samkvæmt sjerleyfislögum sker annars úr, ef ágreiningur verður um efndir á ákvæðum sjerleyfisins, með þeim hætti, sem segir í sjerleyfislögum.

Nd. **210. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 56 frá 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Sjerhver bifreiðareigandi skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynning um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Skal lögreglustjóri síðan láta fara fram skoðun á vagninum. Ef vagninn samkvæmt skoðuninni fullnægir ákvæðum þessara laga og þeirra reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, skal lögreglustjóri skrásetja vagninn og afhenda eiganda merki, sem setja skal aftan á vagninn og má ekki taka af honum meðan hann er notaður. Verði eigendaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra. Flytjist bifreiðareigandi búferlum úr einu lögsagnarumdæmi í annað með bifreið sína, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal lögreglustjóri lögsagnarumdæmis þess, er hann flytst í, ákveða merki það, er bifreið hans þá skal hafa, og afhenda honum það.

Atvinnumálaráðherra löggildir skoðunarmann eða skoðunarmenn bifreiða fyrir Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu og er heimilt að löggilda skoðunarmann í hverju öðru umdæmi, þar sem bifreiðar ganga. Skulu skoðunarmenn vera reyndir bifreiðarstjórar, er rjett hafa til að stýra leigubifreiðum til mannflutninga. Þeim skal skylt fyrirvaralaust öðru hverju, og ekki sjaldnar en einu sinni á ársfjórðungi hverjum, að skoða allar bifreiðar í umdæminu og athuga ökuskírteini bifreiðarstjóra. Skoðunarvottorð bifreiðarinnar skal fest upp í henni, og áritar skoðunarmaður það eftir hverja skoðun. Í skoðunarvottorði skal ákveða, hversu margir farþegar megi vera í bifreið til mannflutninga. Bifreiðareigandi greiðir 10 kr. árlegt gjald fyrir skoðanir til lögreglustjóra, og gengur sú upphæð til skoðunarmanna, þar sem þeir eru, eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur.

Atvinnumálaráðherra gefur skoðunarmanni erindisbrjef, sem ákveður nánar um valdsvið hans og skyldur.

Þar sem ekki er löggiltur neinn skoðunarmaður bifreiða, getur lögreglustjóri, hve nær sem ástæða er til, látið fara fram nýja skoðun á bifreið á kostnað eiganda, og komi það þá í ljós, að hún fullnægi ekki lengur ákvæðum laga og reglugerða, getur hann bannað notkun bifreiðarinnar og tekið merki af henni.

2. gr.

Tölunum í 1. málsgr. 17. gr. laganna skal breyta svo:

Í staðinn fyrir »3000 kr.« komi: 10000 kr., í staðinn fyrir »1000 kr.« komi: 3500 kr., og í staðinn fyrir »1500 kr.« komi: 5000 kr.

Nd. **211. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Aftan við frv.greinina bætist:

Við 1. gr., niðurlagsákvæðin á eftir stafliðunum. Á eftir orðunum »til aðgerðar« í niðurlagi fyrri málsgreinar komi: endursendar umbúðir um útfluttar iðnaðarvörur.

Nd. **212. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Benedikt Sveinssyni.

Aftan við greinina komi nýr málsliður:

Lína frá Kópaskeri að Leirhöfn.

Ed. **213. Nefndarálit**

um frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á jörð í nágrannahreppi.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Jeg undirritaður hefi ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum mínum um að leggja til, að frv. þetta verði felt. Get jeg ekki fallist á röksemda-

færslu meiri hl. um áhrif frv., ef að lögum yrði. Tel jeg, að forkaupsrjettur á nágrannajörð sje kaupstöðum og kauptúnum til hagsbóta, og legg því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Fyrir orðin »í hreppi, er liggur að kaupstað« komi: er liggur að landi kaupstaðar.

Alþingi, 19. mars 1927.

Ingvar Pálmason.

Nd. **214. Breytingartillaga**

við till. til þingsályktunar um breyting á reglugerð Ræktunarsjóðs Íslands.

Frá Jóni A. Jónssyni og Pjetri Ottesen.

Fyrir »20« komi: 25.

Ed. **215. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að kjósa tvo menn í milliþinganefnd í sameinuðu þingi, með hlutfallskosningu, til þess að athuga og endurskoða alla landbúnaðarlöggjöf vora og gera tillögur um að samrýma hana, og ennfremur að gera tillögur um nýja löggjöf í ýmsum greinum landbúnaðarins, er miklu máli skifta. Þriðja mann í milliþinganefndina skipar atvinnumálaráðherra.

Verkefni nefndarinnar er meðal annars:

1. Lög um æðstu stjórn búnaðarmála.
2. — um not á erfðafestulöndum og leigulóðum.
3. — um stofnun nýbýla og skifting jarða í því skyni.
4. Athuga, hvort ekki muni rjett að breyta lögunum um búnaðarskólana í þá átt, að nemendum verði gert að skyldu að stunda verklegt nám í skólunum eða í sambandi við þá.
5. Endurskoða jarðræktarlögin samkv. 43. gr. nefndra laga.

6. Endurskoða lög um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 1884.
7. Gera tillögur um alt það, er nefndinni líst geti orðið til að auka og flýta fyrir ræktun landsins og landbúnaðinum yrði til styrktar og eflingar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði. Útgjöld fyrir aðstoð við nefndarstörfin og til þess að útvega upplýsingar skal telja til nefndarkostnaðar.

Nd. **216. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

Flutningsm.: Pjetur Þórðarson.

1. gr.

35. gr. þingskapanna breytist svo:

a. Fyrir »þrisvar« komi: fjórum sinnum.
b. Fyrir »ekki tala oftar en tvisvar« komi: tala þrisvar.
c. Fyrir »Þó er jafnan« komi: Auk þess er heimilt að gera athugasemd um málið í heild eða einstök atriði þess, þó svo, að ekki nemi lengri tíma en 30 mínútum í senn. Ennfremur er.

Greinargerð.

Þegar athugaður er umræðupartur Alþingistíðindanna síðastliðin 8—10 ár, kemst maður að raun um, hve 35. gr. þingskapanna hlýtur að vera ófrjálslegur hemill á málfrelsi þingmanna og óþægilegur, bæði forseta og ræðumönnum; má oft sjá, að sannast hið fornkveðna, að »nauðsyn brýtur lög«.

Það virðist auðvelt að sníða lögin við hæfi nauðsynar í þessu efni, og til þess er frumvarp þetta flutt.

Nánara í framsögu.

Nd. **217. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 56, frá 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. síðustu málsgrein.

Í staðinn fyrir orðin: »Þar sem ekki er löggiltur neinn skoðunarmaður bifreiða, getur lögreglustjóri« komi: Lögreglustjóri getur.

Nd. 218. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Pjetri Þórðarsyni og Pjetri Ottesen.

1. Greinin verði 1. gr. og hljóði svo:
   Aftan við fyrstu grein laganna bætist:
   Lína frá Stóra-Ási um Húsafell að Kalmanstungu. Lína frá Arnarstapa í Mýrasýslu um Hrafnkelsstaði að Laxárholti. Lína frá Langárfossi um Smiðjuhól að Hofsstöðum í Álftaneshreppi. Lína frá Ljósavatni að Þóroddsstað. Lína frá Breiðumýri að Máskoti í Reykjadal. Lína frá Ytrafjalli að Grenjaðarstað. Lína frá Reykjahlíð að Skútustöðum. Lína frá Ytritungu á Tjörnesi að Hallbjarnarstöðum. Lína frá Laxamýri að Hveravöllum í Reykjahverfi. Lína frá Brúarfossi að Staðarhrauni.
2. Á eftir orðunum »fram Lundarreykjadal« í 1. gr. laganna komi:
   og þaðan að Fitjum í Skorradal.

Nd. 219. Nefndarálit

um frumv. til laga um útrýming fjárkláða.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Á síðasta Alþingi bar landbúnaðarnefnd neðri deildar fram frv. til laga um útrýming fjárkláða. Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er samhljóða því frv. eins og neðri deild gekk frá því.

Nú hefir meiri hluti landbúnaðarnefndar lagst á móti málinu, en ber fram frv. um sauðfjárbaðanir, sem byggist á alt öðrum grundvelli en frv. það, sem hjer liggur fyrir. Þykir ekki þörf á að ganga inn á efni þess hjer, með því að mál þetta var svo ítarlega rætt á síðasta þingi.

Minni hlutinn leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 19. mars 1927.

Árni Jónsson,
fundaskrifari.

Nd. **220. Nefndarálit**

um frumv. til laga um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndarmenn eru ekki að öllu sammála um meginstefnuna í þessu frv.

Sumir telja, að ekki beri að gefa innlendum iðnaði neina tollvernd; tollvernd leiði aðeins til þess að halda uppi dýrtíð í landinu.

Aðrir telja, að eins og tilhagar hjer, iðnaður sáralítill í landinu, innlendi markaðurinn mjög takmarkaður og á, af þeim orsökum og fleiri, erfitt í samkepninni við erlenda vöru, þá sje vel forsvaranlegt að gefa innlendum framleiðendum nokkra ívilnun í tollgreiðslu, einkum meðan fyrirtækin eru á byrjunarstigi, og það því fremur, sem telja verður mikla þörf á því, að hjer í landi komi á fót smærri iðnaðarfyrirtæki.

Af þessum ástæðum, svo og þeim, að öll þessi iðnaðarfyrirtæki, sem hjer er um að ræða, eru á byrjunarstigi, þykir nefndinni ekki ástæða til að setja tollinn háan nú þegar, en vill leggja til, að hann hækki verulega á næstu árum.

Sum þessara fyrirtækja, svo sem ölgerðin, veita þegar talsverða atvinnu — hún mun borga um 70 þús. kr. á ári í vinnulaun — auk þess hefir miklu fje verið til hennar kostað einmitt nú á allra síðustu tímum, enda er framleiðslan orðin svo góð, að lítt stendur að baki besta erlendu öli sömu tegundar.

Öll þau fyrirtæki, sem hjer eru nú og lögin ná til, eiga í harðri samkepni við innfluttar vörur sömu tegunda, en eru þó smám saman að ná hylli neytenda.

Mun hærri tollur en sá, sem nefndin stingur upp á í breytingartill. sínum, myndi algerlega kollvarpa þessum fyrirtækjum.

Í athugasemdum við frumv. er gert ráð fyrir því, að undanþáguákvæði verðtollslaganna verði beitt að því er snertir verðtoll af innfluttum efnivörum til þessa iðnaðar. Nefndin telur, að rjettara sje að setja ákvæði um undanþágu frá verðtollinum í lögin sjálf.

Ekki þykir ástæða til að skattleggja sódavatnsframleiðsluna, því síður, sem ætla má, að sódavatn geti orðið útflutningsvara og vitanlegt er, að varan er fullkomlega eins góð og erlend vara og samkepni svo mikil, að varan er seld mjög vægu verði.

Nefndin fellst á, að rjett sje að setja lög um gjald af innlendum tollvörutegundum og mælir með, að frumv. verði samþ. með þessum

BREYTINGUM:

A. Við 2. gr. b. Á eftir »konfekt« komi: óáfeng vín.

B. Við 2. gr. c. Liðinn skal orða svo:

Fyrir ávaxtasafa, kaffibæti og fyrir öl, limonade og aðra samskonar drykki, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, 1/6 hluta aðflutningsgjalds.

Gjaldið af þessum vörum hækkar annaðhvert ár upp í 1/5, 1/4 og loks 1/3 aðflutningsgjaldsins. Af sódavatni greiðist ekkert gjald.

C. Við 2. gr. d. Liðurinn falli niður.

D. Við 2. gr. Á eftir c.-lið komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Efnivörur til framleiðslu innlendrar tollvörugerðar skulu undanþegnar verðtolli.

Alþingi, 18. mars 1927.

Kl. Jónsson, formaður.	Jón A. Jónsson, fundaskr., frsm.	Halldór Stefánsson.

Jakob Möller.	Magnús Jónsson, með fyrirvara.	Ásg. Ásgeirsson, með fyrirvara.	Björn Líndal.

Nd. 221. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

Frá Jakob Möller.

I. Við 3. gr. Greinin falli niður.

II. Við 7. gr. Fyrri málsliður greinarinnar orðist svo:

Járnbrautin milli Reykjavíkur og Þjórsár skal gerð úr nýju, völdu efni og að öllu leyti eftir fyrirmælum ráðherra, en nánari ákvæði þar að lútandi ber að greina í sjerleyfi.

III. Við 9. gr. 2. málsliður fyrstu málsgreinar orðist svo:

1. Ráðherra ákveður öll flutningsgjöld og hefir eftirlit með rekstri brautarinnar.
2. Fyrir orðin »framlag hans« í niðurlagi annarar málsgreinar komi: matsverð hennar.
3. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Verði ágreiningur milli sjerleyfishafa og ráðherra, eða umboðsmanns ráðherra, út af rekstri járnbrautarinnar, skal sjerleyfishafi hlíta úrskurði ráðherra, en að öðrum kosti, og sömuleiðis ef sjerleyfishafi hættir að reka fyrirtækið án samþykkis ráðherra, skal járnbrautin með öllu tilheyrandi verða eign ríkissjóðs endurgjaldslaust.

IV. Við 10. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Verði eigi byrjað á mannvirkjum, er lúta að virkjun Urriðafoss, 1. júlí 1934, eða stöðvist verkið síðar um átta mánaða skeið, án þess að hafin sje nokkur iðja í sambandi við virkjunina, fellur sjerleyfið þegar úr gildi og verða þá öll unnin mannvirki, fasteignir og vatnsrjettindi sjerleyfishafa hjer á landi eign ríkissjóðs án nokkurs endurgjalds.

Nd. **222. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Á eftir 6. gr. komi ný grein:

7. gr.

Ef þess er óskað af ríkisstjórninni, í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, er sjerleyfishafa skylt, fyrstu fimm árin eftir að hann hefir byrjað atvinnurekstur sinn, að láta af hendi við ríkisstjórnina köfnunarefnisáburð sem svarar 1000 smálestum af Noregssaltpjetri á ári. Áburðurinn afhendist í Reykjavík í umbúðum til flutnings og við verði, sem sje 25% lægra en á tilsvarandi köfnunarefnismagni Noregssaltpjeturs í stórsölu frá verksmiðju í Noregi. Með sömu kjörum skal sjerleyfishafa skylt að afhenda ríkisstjórninni næstu fimm árin þar á eftir köfnunarefnisáburð sem svarar alt að 2000 smálestum af Noregssaltpjetri á ári, og síðan, meðan sjerleyfistíminn stendur, sem svarar 3000 smálestum á ári.

Ed. **223. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 56, frá 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

(Eftir 3 umr. í Nd.).

1. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Sjerhver bifreiðareigandi skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynning um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Skal lögreglustjóri síðan láta fara fram skoðun á vagninum. Ef vagninn samkvæmt skoðuninni fullnægir ákvæðum þessara laga og þeirra reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, skal lögreglustjóri skrásetja vagninn og afhenda eiganda merki, sem setja skal aftan á vagninn og má ekki taka af honum meðan hann er notaður. Verði eigendaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra. Flytjist bifreiðareigandi búferlum úr einu lögsagnarumdæmi í annað með bifreið sína, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal lögreglustjóri lögsagnarumdæmis þess, er hann flytst í, ákveða merki það, er bifreið hans þá skal hafa, og afhenda honum það.

Atvinnumálaráðherra löggildir skoðunarmann eða skoðunarmenn bifreiða fyrir Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu og Rangárvalla-

sýslu og er heimilt að löggilda skoðunarmann í hverju öðru umdæmi, þar sem bifreiðar ganga. Skulu skoðunarmenn vera reyndir bifreiðarstjórar, er rjett hafa til að stýra leigubifreiðum til mannflutninga. Þeim skal skylt fyrirvaralaust öðru hverju, og ekki sjaldnar en einu sinni á ársfjórðungi hverjum, að skoða allar bifreiðar í umdæminu og athuga ökuskírteini bifreiðarstjóra. Skoðunarvottorð bifreiðarinnar skal fest upp í henni, og áritar skoðunarmaður það eftir hverja skoðun. Í skoðunarvottorði skal ákveða, hversu margir farþegar megi vera í bifreið til mannflutninga. Bifreiðareigandi greiðir 10 kr. árlegt gjald fyrir skoðanir til lögreglustjóra, og gengur sú upphæð til skoðunarmanna, þar sem þeir eru, eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur. Atvinnumálaráðherra gefur skoðunarmanni erindisbrjef, sem ákveður nánar um valdsvið hans og skyldur.

Lögreglustjóri getur, hve nær sem ástæða er til, látið fara fram nýja skoðun á bifreið á kostnað eiganda, og komi það í ljós, að hún fullnægi ekki lengur ákvæðum laga og reglugerða, getur hann bannað notkun bifreiðarinnar og tekið merki af henni.

2. gr.

Tölunum í 1. málsgr. 17. gr. laganna skal breyta svo:

Í staðinn fyrir »3000 kr.« komi: 10000 kr., í staðinn fyrir »1000 kr.« komi: 3500 kr., og í staðinn fyrir »1500 kr.« komi: 5000 kr.

Nd. **224. Frumvarp**

til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen, Tryggvi Þórhallsson og Jón Sigurðsson.

1. gr.

Bannað er öllum að flytja hingað til lands frá útlöndum lifandi spendýr. Þó má atvinnumálaráðuneytið, með ráði dýralæknisins í Reykjavík, veita undanþágu frá banni þessu, ef sjerstaklega stendur á, enda setji þá reglur í hvert sinn, er öruggar sjeu til varnar því, að hingað berist alidýrasjúkdómar með dýrum þeim, sem hingað kynni að verða leyfður innflutningur á.

2. gr.

Frá löndum þeim og landshlutum, þar sem næmir alidýrasjúkdómar ganga eða eru orðnir landlægir í, er bannaður allur innflutningur á fuglum, heyi, hálmi, alidýraáburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, hverju nafni sem nefnast, ósoðinni mjólk, smjöri, ostum, eggjum og þureggjum, hverskonar fóðurvörum frá mjólkurbúum, brúkuðum fóðurmjölssekkjum, tuskum allskonar, ull, brúkuðum fatnaði, fiðri, fjöðrum og dúni.

Frá sömu löndum og landshlutum er ennfremur bannaður innflutningur á stráteppum, körfum úr strái, dýrahári og vörum, sem gerðar eru úr því, svo sem burstavörum allskonar, penslum, kústum og hrosshársborðum.

Innflutningsbann á vörum þeim, sem upp eru taldar í annari málsgr., kemur þó ekki til framkvæmda, ef vörurnar hafa verið sótthreinsaðar áður en þær voru fluttar í skip og vottorð um það fylgir farmskrá.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt, með ráði dýralæknisins í Reykjavík, að banna einnig með auglýsingu innflutning frá sömu löndum og landshlutum á öðrum þeim vörum, sem hætta telst á, að sóttnæmi geti borist með.

4. gr.

Hver sá maður, sem kemur hingað til lands frá útlöndum, skal á fyrstu höfn, sem skipið hafnar sig á, áður en hann stígur af skipsfjöl gefa lögreglustjóra eða sóttvarnarlækni yfirlýsingu, að viðlögðum drengskap, um það, hvort hann hafi á síðustu þrem mánuðum áður en hann lagði í haf frá útlöndum, dvalið í sveit, þar sem gin- og klaufaveiki eða aðrir næmir alidýrasjúkdómar hafa gengið síðastliðið ár.

Hafi slíkur farþegi dvalið í sýktu hjeraði á síðustu þremur mánuðum, má hann ekki fara neitt burtu út um sveitir eða þangað, sem búpeningur er, fyr en þrír mánuðir eru liðnir frá því hann ljet í haf frá útlöndum, nema hann og farangur hans hafi verið rækilega sótthreinsaður, enda leyfi lögreglustjóri för hans. En ef hann hefir dvalið á sýktu heimili, skal hann og farangur hans sótthreinsaður þegar eftir að hann stje á land.

5. gr.

Brot gegn 1. og 2. gr. og auglýsingum, sem atvinnumálaráðuneytið gefur út samkv. 3 gr., varða sektum, frá 100—1000 kr., fyrir skipstjóra þann, er dýrin eða bannvöruna flutti inn, og jafnháum fyrir eigandann, og skulu dýrin og bannvaran gerð upptæk, dýrunum lógað, en varan ónýtt, að tilhlutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft í skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borga allan kostnað, er af því leiðir.

Brot gegn reglum þeim, sem settar eru samkvæmt 1. gr., varða eiganda 100—1000 kr. sektum, enda bæti hann að auki allan skaða, er af þeim dýrum hlýst, er hann flutti inn án leyfis eða hirti ekki samkv. reglum ráðuneytisins.

Brot gegn 4. gr. varða sektum, frá 100—1000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sá, sem brotlegur verður, skal auk þess bæta alt það tjón, er hljótast kann af óhlýðni hans.

Sektir allar skulu renna í ríkissjóð.

Mál, er rísa kunna út af brotum gegn lögum þessum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22, 15. júní 1926, um innflutningsbann á dýrum o. fl.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nú er svo komið, að sá alidýrasjúkdómurinn, sem ægilegastur er allra dýrasjúkdóma, þeirra, sem hingað til hafa þekst, gin- og klaufaveikin, hefir þegar borist til allra nærliggjandi landa, og má telja nokkurn veginn víst, að hann sje orðinn þar landlægur.

Af nágrannalöndunum var það Noregur, sem gin- og klaufaveikin barst síðast til, en þangað barst veikin á síðastl. hausti, og eru öllum í fersku minni frásagnirnar um það, hvílíku geysitjóni veikin hefir valdið þar í landi.

Undanfarið hefir gin- og klaufaveiki geysað í Svíþjóð, Danmörku, Hollandi, og einnig hafa nokkur brögð verið að henni í Englandi og Skotlandi.

Ekki alls fyrir löngu kom út skýrsla um kostnað þann, er Svíar hafa haft vegna gin- og klaufaveikinnar, og er hann talinn vera 17 milj. króna. Í Danmörku er talið, að kostnaðurinn vegna veikinnar 1924—1925 hafi numið alt að 7 milj. króna, og er talið víst, að hann hafi orðið síst minni árið sem leið. Í þessum upphæðum felst einungis sá kostnaður, sem leitt hefir af þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið til þess að hefta útbreiðslu veikinnar. Hjer er ótalið alt það geysilega eigna- og atvinnutjón, sem lönd þessi hafa beðið af völdum hennar.

Af þessu má sjá, hvílíkur voðavágestur gin- og klaufaveikin er.

Að undanförnu hefir verið hjer allmikill uggur í mönnum um það, að veiki þessi bærist til landsins.

Á síðasta þingi voru afgreidd lög, þar sem stjórninni var heimilað að banna um stundarsakir innflutning frá löndum og landshlutum, þar sem næmir húsdýrasjúkdómar ganga, á vörum, sem sjerstök hætta telst á, að sóttnæmi geti borist með.

Strax eftir að lög þessi höfðu verið staðfest, bannaði stjórnin innflutning frá Svíþjóð og Danmörku á þeim vörutegundum, sem upp eru taldar í þessum heimildarlögum.

Þegar gin- og klaufaveikin barst til Noregs á síðastl. hausti og sýnt var, að hún mundi breiðast þar út, var ákveðið, að innflutningsbann þetta skyldi einnig ná til Noregs, og auk þess gerðar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja það, að tjón hlytist af, þó veikin bærist með mönnum til landsins.

Í löggjöf þeirri, sem nú gildir um þetta efni og getið er um hjer að framan, er einungis gert ráð fyrir bráðabirgðaráðstöfunum um þessa hluti, en þar sem nú er svo komið, að gin- og klaufaveikin hefir borist til allra nærliggj-

andi landa og gera má ráð fyrir, að hún sje orðin þar landlæg, þá leiðir af sjálfu sjer, að hjer getur ekki verið um neinar bráðabirgðaráðstafanir að ræða lengur, heldur ráðstafanir til frambúðar, og með það fyrir augum er frv. þetta borið fram.

Ed. **225. Frumvarp**

til laga um rannsókn banameina og kenslu í meina- og líffærafræði.

Flutningsmaður: Jónas Kristjánsson.

Stjórnarráðið getur ákveðið, að sjerfræðingur skuli rannsaka banamein sjúklinga, sem deyja í sjúkrahúsum, sem ríkið rekur, og skrá stutta skýrslu um þau. Það setur og reglur um, að hverju leyti nota megi sjúk eða heilbrigð líffæri við kenslu læknaefna.

Greinargerð.

Frv. þetta er komið fram eftir ósk læknadeildar háskólans. Það hefir mikla vísindalega þýðingu að vita með fullri vissu um banamein sjúklinga, og jafnframt tekur það af öll tvímæli um það, hvort sjúkdómurinn hafi verið sá, sem spítalalæknir taldi hann vera, og hvort meðferðin var rjett eða röng. Að þessu leyti er þetta þýðingarmikið fyrir allan almenning. Nú er það oft sjálfsagt að sýna læknaefnum, hverjum breytingum sjúkdómurinn hefir valdið, útlit líffæra o. þvíl., þegar engar sjerstakar ástæður mæla móti því. Ætlast er til, að kennarinn í meinafræði við háskólann annist rannsóknir þessar án sjerstaks endurgjalds.

Ed. **226. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um friðun hreindýra.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og fellst að öllu leyti á ástæður þær, sem fyrir því eru færðar í greinargerð þess. Hún ræður því háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 22. mars 1927.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Guðm. Ólafsson, fundaskrifari og frsm.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **227. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

Frá samgöngumálanefnd.

Við 1. gr. 2. Fyrir »heimild til ... gera vatnsrásir« komi: heimild til þess að gera uppistöðu í ánni ofan við fossinn og strengi þá, sem að honum liggja, hækka eða lækka vatnsborð eða farveg, gera vatnsrásir o. s. frv.

Ed. **228. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Skatt þann til sýsluvegasjóðs, er 3. gr. laga nr. 10, 20. júní 1923, ræðir um, er hreppsfjelagi heimilt að greiða úr sveitarsjóði, sje það samþykt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi, og sje tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþyktin er úr gildi numin með sama hætti. Jafnar þá hreppsnefnd skattinum niður með útsvörum, og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá hreppsnefnd heimilt að krefja eiganda um vegarskattinn sem þúsundgjald af eigninni, eftir því, sem hann er ákveðinn að lögum.

Gjald þetta hefir lögtaksrjett.

2. gr.

Nú er lagt fje til akvega samkvæmt síðari málsgrein 5. gr., og greiðist þá framlag úr ríkissjóði móts við þá upphæð í sama hlutfalli og ákveðið er móts við vegaskattinn.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22, 4. júní 1924, um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

Nd. **229. Breytingartillögur**

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Hákoni Kristóferssyni.

1. Við 23. gr. Fyrir »5 krónur« komi: 3 krónur.
   Til vara: 4 krónur.
2. Við 28. gr.
   a. Fyrsta málsgrein orðist svo:
      Samþykki lögmæts sveitarfundar, með $^3/_4$ hlutum atkvæða fundarmanna, útheimtist til þess, að ályktun hreppsnefndar sje gild í þessum greinum.
   b. Síðasta málsgrein orðist svo:
      Það er lögmætur sveitarfundur, er hreppsnefnd kveður til með skriflegu fundarboði og að minsta kosti með 8 daga fyrirvara, enda sje þar tiltekið, hver aðalmál komi til umræðu og atkvæða á fundinum.
3. Við 30. gr. Greinin falli niður.
   Til vara: »Sektir þessar ... ... sem áfátt var (9. gr.)« falli niður.
4. Við 46. gr. Fyrir »7 krónur« komi: 6 krónur.

Ed. **230. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og aðhyllist fyrir sitt leyti þá breytingu, sem það fer fram á að gerð sje á núgildandi lögum, að sjúkrahúsum landsins verði heimiluð bein viðskifti við lyfjaverslun ríkisins og fái lyfin með kostnaðarverði án álagningar, þó svo, að heimild þessi nái ekki til vína og ómengaðs vínanda.

Hins vegar getur nefndin ekki felt sig við 2 aðrar breytingar, er frv. fer fram á, að gerðar sjeu á núgildandi löggjöf, nefnilega það, *að* öllum læknum sjeu heimiluð bein viðskifti við lyfjaverslunina, í stað þess, að nú hafa aðeins þeir læknar, er rjett hafa til lyfjasölu, þá heimild, og *að* felt sje niður það ákvæði í 4. gr. laga nr. 62 1921, að nánari reglur um starfssvið forstöðumanns lyfjaverslunarinnar verði settar í erindisbrjefi, er ráðherra gefi út.

Það virðist ekki nauðsynlegt og ekki sanngjarnt gagnvart lyfsölunum, að læknar á stöðum, þar sem lyfjabúðir eru, hafi sjálfir á hendi lyfjasölu til þeirra sjúklinga, sem ekki leggjast í sjúkrahús.

Nefndin hefir ekki getað fundið, að forstöðumanni lyfjaverslunarinnar hafi verið fengið erindisbrjef það, sem gert er ráð fyrir í hinni tilvitnuðu lagagrein, en telur hins vegar rjett, að það verði gert, ef það hefir ekki þegar verið gert, og að í það verði meðal annars tekið upp ákvæði um það, að lyfsölustjórinn takmarki útlán svo sem verða má.

Nefndin leyfir sjer því að leggja það til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

4. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita verslun þessari forstöðu. Hann skal hafa lyfsalapróf og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Honum skal og skylt að útvega frá útlöndum, eftir beiðni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rjett hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni. Sjúkrahúslæknir annast um útvegun á þessum vörum handa sjúkrahúsunum. Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín nje ómengaðan spíritus.

Nánari reglur um starfssvið og starfsemi forstöðumanns verslunarinnar verða settar í erindisbrjefi, er ráðherra gefur út.

2. Við fyrirsögn frv.:

Í stað orðsins »breytingar« komi: breyting.

Alþingi, 22. mars 1927.

Jóh. Jóhannesson, form. og frsm.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **231. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Við 1. gr., staflið 2. Orðið »olíufóðurkökum« falli burt.

Við 1. gr., niðurlagsákvæðin á eftir staflíðunum. Á eftir orðunum »tilbúin áburðarefni« komi: olíukökur.

Við 1. gr., niðurlagsákvæðin á eftir staflíðunum. Á eftir orðunum »til aðgerðar« í niðurlagi fyrri málsgreinar komi: endursendar umbúðir um útfluttar iðnaðarvörur.

Nd. **232. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

Frá Hjeðni Valdimarssyni.

Við 10. gr. síðustu málsgrein.

Fyrir orðin »unnin mannvirki ..... til sjerleyfishafa« komi: mannvirki, fasteignir og vatnsrjettindi sjerleyfishafa ríkiseign án nokkurs endurgjalds.

Til vara:

Á eftir 3. málsgr. 10. gr. komi: Ennfremur skal sjerleyfishafi setja ríkisstjórninni tryggingu fyrir 100000 kr. greiðslu, er falli til ríkissjóðs, ef ekki er byrjað á verkinu 1. maí 1929. Tryggingin má vera veð, er ríkisstjórnin tekur gilt, í fasteignum eða vatnsrjettindum sjerleyfishafa.

Nd. **233. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1928.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	2. gr.	21. (Víneinkasala): Fyrir »500000« kemur	450000
2.	—	10. —	III. 1. a.—c. (Sendiráðið í Kaupmannahöfn): Liðirnir falla niður.	
3.	—	10. —	III. 3. (Ríkisráðskostnaður): Fyrir »6000« kemur	4000
4.	—	11. —	A. 1. b. (Annar kostnaður við hæstarjett): Fyrir »8000« kemur	5000
5.	—	11. —	A. 6. (Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta): Fyrir »100000« kemur	96000
6.	—	11. —	A. 13. (Borgun til setu- og varadómara): Fyrir »6000« kemur	5000
7.	—	12. —	13. B. 1. (Laun starfsmanna holdsveikraspítalans): Fyrir »14260« kemur	13000
8.	—	12. —	14. B. 1. (Starfsmenn á Kleppi): Fyrir »14000« kemur	13500
9.	—	12. —	14. B. 2. (Fæðispeningar á Kleppi): Fyrir »1,45« kemur: 1,40.	
10.	—	12. —	15. B. 1. (Starfsmenn á Vífilsstöðum): Fyrir »37000« kemur	33000

11. Við 12. gr. 16. d. (Sjúkraskýli og læknisbústaðir):
Fyrir »20000« kemur 27000

12. — 12. — 16. d. Nýr liður:
Til Heilsuhælisfjelags Norðurlands, lokastyrkur til byggingar heilsuhælis í Kristsnesi, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að, alt að 56000

13. — 13. — B. VII. 1. (Akfærir sýsluvegir):
Fyrir »30000« kemur 40000

14 — 13. — B. IX. (Vörubifreiðaferðir):
Orðin »til vörubifreiðaferða, sjerstaklega« falla niður.

15. — 13. — D. II. Liðinn skal orða svo:
Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi hjeruð.

16. — 13. — D. III. 7.—9. (Ritsímastöðvarnar á Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði):
Orðin »ásamt bæjarsímakerfinu« falla niður.

17. — 13. — D. III. 17. Nýr liður:
Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors 600

18. — 13. — E. V. a. (Hornstrandaviti):
Liðurinn fellur niður.

19. — 13. — E. V. b. (Til leiðarljósa):
Fyrir »10000« kemur 15000

20. — 14. — A. b. 7. Nýr liður:
Álag á Langholtskirkju í Meðallandi, enda taki söfnuðurinn við henni í núverandi ástandi hennar 5000

21. — 14. — B. II. c. (Markús Kristjánsson):
Liðurinn fellur niður.

22. — 14. — B. V. 4. Nýr liður:
Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara 1500

23. — 14. — B. VIII. 2. c. 4. (Ýmisleg gjöld við Hvanneyrarskóla):
Fyrir »2500« kemur 11500

24. — 14. — B. XII. 2. b. (Blönduósskóli). Nýr liður:
Til raflýsingar 6000

25. — 14. — B. XIII. 6. Liðinn skal orða svo:
Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða samkvæmt skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, alt að.

26. — 14. — B. XIV. 2. (Unglingaskólar):
Fyrir »38000« kemur 45000

27. — 14. — B. XV. (Kvenfjel. Ósk):
a. Fyrir »3000« kemur 5000
b. Liðurinn verður 1. liður.

28 — 14. gr. B. XV. (Húsmæðrafræðsla). Nýr liður (2):
Til húsmæðradeildar við alþýðuskóla Þingeyinga, byggingarstyrkur, $^3/_5$ kostnaðar, alt að 11000

29. Við 14. gr. B. XVI. (Daufdumbraskólinn):
2. mgr. athugasemdarinnar fellur niður.
30. — 15. — 14. Nýir liðir:
a. Til Færeyjafjelagsins »Grímur Kambans« 300
b. Til dr. Jóns Stefánssonar, vegna mynda í hina ensku Íslandssögu hans 1500
31. — 15. — 17. a. (Listamannastyrkur):
Fyrir »1000« kemur: 500.
32. — 15. — 17. b. (Sveinbjörn Sveinbjörnsson):
Liðurinn fellur niður.
33. — 15. — 32. (Veðurathuganir):
Liðurinn fellur niður.
34. — 16. — 10. c. (Dýralækninganám):
Liðurinn fellur niður.
35. — 16. — 13. Nýr liður:
Til veðurstofu Íslands:
a. Laun forstöðumanns og fulltrúa 15650
b. Til aðstoðar 13000
c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl. 8000
d. Til veðurskeyta o. fl. 11150
e. Til loftskeytatækja 800
f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting 3000
g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl. 1400
36. — 16. — 15. (Fiskifjelagið):
Fyrir »65000« kemur 70000
37. — 16. — 16. (Yfirmatsmenn):
a. Við c-lið: Fyrir »2320« kemur 9280
b. — d-lið: — »580« — 2320
c. — e-lið: — »870« — 4350
38. — 16. — 18. (Bryggjugerðir og lendingarbætur):
Fyrir »20000« kemur 15000
39. — 16. — 18. Nýr liður:
Til að dýpka Snepilrásina við Stokkseyri, helmingur kostnaðar (endurveiting), alt að 5400
40. — 16. — 19. Nýr liður:
Til brimbrjóts í Bolungarvík, gegn að minsta kosti jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá, alt að 20000
41. — 16. — 21. Nýr liður:
Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, 1,50 kr. fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún býr til, alt að 6000
42. — 16. — 27. (Kvenfjelag Hvammshrepps):
Fyrir »450« kemur 600
43. — 16. — 32. Liðinn skal orða svo:

Styrkur til að kynnast nútímafyrirkomulagi og starfrækslu erlendra kaupþinga 2000

44. Við 16. gr. 33. (Silfurbergsnáman í Helgustaðafjalli):
Liðurinn fellur niður.

45. — 16. — 36. Nýr liður:
Til þess að gera Lagarfoss laxgengan, 1/3 kostnaðar, alt að 3000

46. — 16. — 38. (Skipulag bæja og sjávarþorpa):
Fyrir »6000« kemur 4000

47. — 16. — 40. Nýir liðir:
a. Til flugnáms 2000
b. Styrkur til Stokkseyrarhrepps vegna brunatjóns (til endurgreiðslu á viðlagasjóðsláni) 10000

48. — 17. — 9. Liðinn skal orða svo:
Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi 10000

49. — 18. — II. a. 2. (Sigvaldi Stefánsson Kaldalóns):
Liðurinn fellur niður.

50. — 18. — II. b. 16. Nýr liður:
Til Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju 400

51. — 18. — II. c. 6. Nýir liðir:
a. Til Björns Þorlákssonar 208
b. Til Stefáns Jónssonar 370

52. — 18. — II. d. 26. Nýr liður:
Til Helgu Skúladóttur 230

53. — 18. — II. f. 5. Nýr liður:
Til Vigdísar Steingrímsdóttur 300

54. — 18. — II. f. 20. Nýir liðir:
a. Til Hans Hannessonar pósts 300
b. — Steindórs Hinrikssonar pósts... 200
c. — Ólafs Ólafssonar pósts 200

55. — 18. — II. g. 8. Nýr liður:
Til Einars Benediktssonar 4000

56. — 18. — II. i. 8. Nýir liðir:
a. Til Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður 300
b. — Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður 300
c. — Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður 200

57. — 18. — II. i. 18. (Steinunn Sigurðardóttir):
Fyrir »400« kemur 600

Nd. **234. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1928.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir fylgt sömu starfsháttum eins og að undanförnu við athugun fjárlagafrv. Lagt alla áherslu á að flýta störfum, þó ekki fram yfir það, að rækileg rannsókn hafi ekki verið framkvæmd þar, sem rannsóknarvert þótti. Sjerstaklega var það þó athugað, er nefndinni þótti áður hafa orðið útundan og ekki náð því að samræmast þeim breyttu kringumstæðum, er orðið hafa síðan byltingatímarnir gengu yfir. Má þar nefna laun verkafólks við opinberar stofnanir. Hefir nefndin haft mikið starf. Samhliða ýmsum athugunum hafa henni borist um 250 erindi, sem eins og líklegt má þykja mjög hafa tekið upp tíma hennar. Og enn hefir það tafið starfið, að hún hefir fengið fjölda heimsókna, eins og æfinlega hefir átt sjer stað.

Þegar nefndin leit yfir fjárlagafrumvarpið og erindi þau, sem fyrir henni lágu, og bar það saman við útlit yfirstandandi tíma, varð það alt til þess að marka greinilega þá stefnu, er nefndin ætti að taka, sem sje þá, að vinna eindregið og samhuga að því að takmarka útgjöld ríkissjóðs.

Allir þessir leiðarvísar urðu að ástæðum. Fjárlagafrumvarpið þoldi ekki að setja inn í það nýja útgjaldaliði nema lækka annarsstaðar, einkum þegar lækka þurfti tekjurnar. Fjárbeiðnirnar voru svo takmarkalausar, að þar varð ekkert úrræði annað en ganga fram hjá þeim að nær öllu leyti. Og loks varð fjárhagsútlitið til þess að setja stimpil sinn á þessa stefnu nefndarinnar, því fjárlög með tekjuhalla taldi hún ekki rjett að þingið afgreiddi.

Breytingartillögur nefndarinnar miðast því við þessa stefnu, og vill hún æskja þess og vona, að hv. þingdeild fylgi henni í þessum góða ásetningi.

Niðurstaða af breytingartillögum nefndarinnar er þannig:

Tekjuafgangur frv.		kr. 103091,67
Lækkunartillögur nefndarinnar		— 143030,00
	Samtals	kr. 246121,67
Hækkunartill. nefnd.	kr. 188608,00	
Lækkuð tekjuáætl.	— 50000,00	
		— 238608,00
	Tekjuafgangur	kr. 7513,67

TEKJUBÁLKURINN.

Það er álit fjárveitinganefndar eins og að undanförnu, að aðalstyrkur öruggrar fjármálastjórnar liggi í gætilegri áætlun fjárlaganna, sjerstaklega tekjuhliðarinnar. Nefndin hefir því enn viljað rannsaka eftir föngum tekjuáætlunina að þessu leyti. Niðurstaða hennar hefir orðið sú, að leggja til, að lækkaður verði einn liður, vínsala, um 50 þús. kr.

Þó að nefndin hafi ekki gert fleiri breytingar, telur hún þó dálítið vafasamt um öryggi einstakra liða, sjerstaklega tekju- og eignarskattsins. Aftur á móti telur nefndin, að ugglaus vinningur sje á ýmsum liðum, svo að í heild sje áætlunin ekki óvarleg með þeirri breytingu, sem nefndin gerir. Hvað viðvíkur tekju- og eignarskattinum, þá má segja um hann eins og flesta skatta ríkissjóðs, að ómögulegt sje að færa rök að því til hlítar, hver útkoma skattsins verður. Þó er því svo varið um hann frekar en marga aðra skatta, að yfirstandandi útlit, eða útlitið á þessu ári, sem skatturinn byggist á, gefur nokkra hugmynd um útkomu hans að því leyti, sem það verður ráðið. Nú dylst engum, að útlitið er óglæsilegt, ef ekki ræðst betur úr en á horfist, og því má naumast betur verða en skatturinn nái þessari áætluðu upphæð. Ófært sýndist annað en lækka vínineinkasöluna, þar sem síðastliðið ár hefir orðið tekjuminna en búist var við og sama útlit á yfirstandandi ári. Þó má líta á það, að þar sem vínineinkasalan liggur nú með miklar birgðir, verði innflutningur lítill á þessu ári, en lendi aftur meiri á árinu 1928, og þar af leiðandi komi inn mikill tollur á því ári. En þrátt fyrir þetta telur nefndin ekki varlegt annað en lækka þennan lið, eins og áður segir, einkum líka þegar til þess er litið, að innheimta við verslun þessa sýnist vera í megnu ólagi.

GJALDABÁLKURINN.

10. gr.

Þar er lagt til, að niður falli til sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn:

Laun	kr.	20000
Húsaleiga	—	5000
Kostnaður við embættið ...	—	20000
Samtals ...	kr.	45000

Verður hjer ekki frekari grein gerð fyrir tillögu þessari, en bíður framsögu.

Ríkisráðskostnaður þykir nefndinni fullhár og leggur til, að hann lækki um 2000 kr. Eftir því, sem nefndin þekkir best til, er það lítið starf, sem fje þetta er greitt fyrir, og virðist vera vel launað með 4000 kr.

11. gr.

Nefndin leggur til, að »annar kostnaður« við hæstarjett lækki um 3000 kr. Samkvæmt lögum nr. 37, 4. júní 1924, um breyting á lögum um hæstarjett, er ákveðið, að þóknun til hæstarjettarritara skuli ákveðin í fjárlögum. Nefndin hefir borið sig saman við stjórnina um þetta atriði og orðið ásátt um, að þóknun þessi sje hæfilega ákveðin 2500 kr. Aðrar greiðslur samkvæmt þessum lið virðast ekki þurfa að fara fram úr 2500 kr., og sje því liðurinn hæfilega áætlaður með 5000 kr.

Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta er í núgildandi fjárlögum 92000 kr. Var hann allmikið hækkaður á síðasta þingi. Nú hefir stjórnin lagt til, að hann verði 100000 kr. Færir hún þá ástæðu fyrir hækkuninni, að

störf þessara embættismanna aukist stöðugt og sje því ekki fært annað en hækka liðinn.

Nefndin fjekk upplýsingar um, að hækkun þessi væri sjerstaklega miðuð við Vestmannaeyjar og Ísafjörð, þó ef til vill væri nokkur þörf að bæta víðar upp. — Á þessum nefndu stöðum hefðu störfin aukist frekar en annarsstaðar, og einkanlega þó í Vestmannaeyjum, sem liggur í því, að umsjón á leigulóðum ríkissjóðs þar í Eyjum hefir verið í ólagi, er þarf að ráða bót á, og þess utan mikil ný lóðaútmæling til ræktunar. Eykur þetta allmjög störf sýslumannsins. Nefndin áleit þó, eftir því sem hún kynti sjer þetta og aukna erfiðleika á hinum stöðunum, að nægja mundi til sæmilegrar uppbótar 4000 kr., og lækkar því liðinn um þá upphæð, eða niður í 96000 kr.

Þar sem nú er að verða að lögum í þinginu frumvarp til laga um uppkvaðning dóma og úrskurða, sem hefir í för með sjer talsverðan sparnað í því efni, telur nefndin tiltækilegt að lækka liðinn »borgun til setu og varadómara« um 1000 kr., úr 6000 kr. niður í 5000 kr.

Þá vill nefndin beina þeirri áskorun til stjórnarinnar að fá metna upp húsaleigu hjá bæjarfógeta og lögreglustjóra, og ennfremur að fá annarsstaðar setta niður húsaleigu ríkisins, sem virðist vera ósanngjarnlega há.

12. gr.

Nefndin hefir rannsakað launakjör starfsfólks í sjúkrahúsum ríkisins: Holdsveikaspítalanum, Kleppi og Vífilsstöðum. Álítur hún, að laun starfsfólksins sjeu mjög há og ólík því, sem annarsstaðar á sjer stað á búum. Hafa launin ekkert lækkað undanfarið, að því er sjeð verður, og eru því í mesta ósamræmi við annað verðlag. Vill nefndin leggja ríka áherslu á það, að stjórnin geri sjer far um að fylgjast með í þessari kaupgreiðslu og koma henni í sem mest samræmi við annað verðlag. Leggur nefndin til, að þessir liðir sjeu lækkaðir þannig:

Á holdsveikraspítalanum	um kr.	1260.00
- Kleppi	— -	500.00
- Vífilsstöðum	— -	4000.00

Væntir nefndin þess, að enn frekari lækkun geti þó átt sjer stað á árinu 1928.

Framlagið til sjúkraskýla og læknabústaða leggur nefndin til, að hækki um 7000 kr. Liggur þessi hækkun í því, að sumum þessum sjúkraskýlum, sem á árinu sem leið höfðu lokið við byggingar sínar, ýmist að nýju eða viðbætur, varð ekki greiddur hinn venjulegi styrkur að fullu, og reikningar þeirra ekki fullgerðir fyr en á þessu ári.

Greiðsluheimildin í fjárlögunum 1926 hrökk þá ekki til, og upphæðin í núgildandi fjárlögum er ætluð sjúkrahúsinu á Siglufirði, sem væntanlega verður bygt á þessu ári. — Einnig má gera ráð fyrir, að nýtt sjúkraskýli og læknisbústaður verði bygður í Hofsóshjeraði á árinu 1928.

Kostnaður þessi skiftist þannig niður:

Til sjúkraskýlisins á	Hvammstanga	kr.	7000.00
— —»—	- Hjaltastað	-	5000.00
— —»—	- Norðfirði	-	4000.00
— —»—	- Hofsósi	-	11000.00
		Samtals kr.	27000.00

Enn má geta þess, að í fleiri læknahjeruðum eru óbygð sjúkraskýli, sem þegar hefir verið gerð teikning af, og máske nokkur frekari undirbúningur, en nefndin lítur svo á, að hvergi sje þó undirbúningnum svo langt komið, að sjeð verði, að þau verði bygð á árinu 1928.

Nefndinni hefir borist erindi frá Heilsuhælisfjelagi Norðurlands, þar sem það fer fram á að fá 56000 kr. lokastyrk til byggingar heilsuhælisins, gegn jöfnu framlagi annarsstaðar frá.

Nefndin viðurkennir, að síðasta þing hafi gefið fyrirheit um styrk þennan, þar sem þá lá fyrir ákveðin áætlun um byggingarkostnaðinn. Nú er byggingin það á veg komin, að fullvíst má telja, að henni verði að öllu lokið í næstkomandi septembermánuði. Leggur nefndin því til, að þessi lokastyrkur verði veittur.

13. gr.

Nefndin leggur til, að hækkað verði tillag til akfærra sýsluvega um 10 þús. kr. Byggist þessi hækkun á því, að hvaðanæfa eru háværar kröfur um fje til vegagerðar á sýsluvegum, svo eru 5 þús. kr. af fje þessu ætlaðar til ákveðins vegarkafla sem aukatillag. Vegarspotti þessi er frá Vatnshorni í Vesturhópi í Húnavatnssýslu að hreppamörkum milli Kirkjuhvamms- og Þverárhreppa. Hann er tengilína milli sýsluvegarins í Þverárhreppi og þjóðvegarins, sem nú liggur um svo nefndan Múlaveg hjá Vatnshorni.

Vegarspotti þessi er $4^1/_2$ km. á lengd og áætlaður að kosti um 18 þús. kr. Ber ríkissjóði að greiða þar af helminginn, eða 9 þús. kr. Hinn helminginn, 9 þús. kr., leggur vegamálastjóri til, að ríkissjóður greiði 5 þús. kr. og sýslusjóður 4 þús. kr.

Vegur þessi, sem liggur í Kirkjuhvammshreppi, er sýsluvegur, en aðeins 1 býli í þeim hreppi, er gæti haft not vegarins. Sá hreppur leggur því ekki fje í þennan veg til að gera hann akfæran, en aftur á móti er þessi kafli hindrun fyrir Þverárhrepp að komast á þjóðveginn. Og þegar þess er gætt, að Þverárhreppur verður að bera uppi að sínum hluta 100 þús. kr. dýran sýsluveg austan Vatnsnesfjalls, þar sem búa aðeins um 200 menn, þá sýnist það vera óhæfu ranglæti að leggja þess utan á hann ósanngjarnar byrðar.

Nefndin fellst því á tillögur vegamálastjóra, að ríkissjóður leggi 5000 kr. aukatillag til þessa vegarkafla.

Þá leggur nefndin til, að styrkurinn til vöruflutninga austur yfir Hellisheiði verði einungis veittur til þess að halda uppi vetrarferðum.

Bendir vegamálastjóri rjettilega á það, að samkepni sje orðin svo mikil um flutninga austur að sumarlagi og flutningsgjöld svipuð, að ekki sje verulegt ástæða að styrkja einn fremur öðrum. Aftur á móti telur hann nú tíma-

bært að snúa sjer að vetrarferðunum, þar sem fyrirhugað sje að halda leiðinni yfir Hellisheiði færri bifreiðum. Hinsvegar sje enn lítill flutningur og áhættusamt að halda uppi reglubundnum ferðum að vetrinum.

Athugasemdin við liðinn D. II. er sett eftir ósk Forbergs sál. landssímastjóra. Vildi hann tryggja það, að fult samkomulag næðist við hlutaðeigandi hjeruð um framlag til símalagninganna, með því að láta þær vera bundnar því skilyrði. Er nefndin þessu fyllilega samþykk.

Bæjarsímakerfin á Akureyri, Siglufirði og Ísafirði heyra ekki undir kostnaðinn við ritsímastöðvarnar á þessum stöðum, heldur er kostnaðurinn við þau innifalinn í liðnum D. V., »viðbót og viðhald stöðvanna«. Því er lagt til, að þetta falli niður.

Persónuleg launaviðbót til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff er sett eftir ósk Forbergs sál. landssímastjóra. Hafa þau starfað við símann í 20 ár samfleytt, eða alla tíð frá því hann tók til starfa. Gat nefndin því frekar gengið inn á þetta, þar sem launakjör þessara starfsmanna hafa altaf verið lág og hún vissi jafnframt, að þetta myndi verða einhver síðasta ósk þessa merka starfsmanns landsins.

Nefndin leggur til, að niður sje felt framlag til Hornstrandavitans. Jafnvel þó nefndinni sje það ljóst, hve mikilsvert það er fyrir siglingar með ströndum landsins, að sem víðast verði bygðir vitar, þá varð það þó niðurstaða hennar, þegar nauður rak til að fresta nauðsynlegum framkvæmdum vegna iskyggilegs fjárhags, að slá á frest þessari vitabyggingu. Hjer kom einnig til greina sú stóra ástæða, að nú er mjög að ryðja sjer til rúms meðal annara þjóða ný tegund vita, hinir svo nefndu radio-vitar, sem taldir eru að hafa mikla yfirburði og gagnsemi fram yfir þá vita, er við nú höfum. Ætlast nefndin til þess, að í framtíðinni, þegar reynslan hefir enn frekar staðfest það álit, sem nú er á vitum þessum, og fjárhagurinn jafnframt leyfir, að þessari nýju vitategund verði sýndur maklegur stuðningur í fjárframlögum, jafnframt því sem aðrir nýir vitar verði bygðir eftir föngum.

Vitamálastjóri hefir farið fram á það við nefndina að hækka liðinn til leiðarljósa um 5000 kr. Er ástæðan til þess sú, að þar sem hann telur mesta þörf fyrir leiðarljós, á Kópsnesi við Grindavík, kosti það 14—15 þús. kr. Nefndin fellst á þessar tillögur vitamálastjóra. Viðvíkjandi rekstrarkostnaði vitanna vill nefndin taka það fram, að eftir upplýsingum frá vitamálastjóra munu alls ekki nægja þær 80 þús. kr., er frumvarpið gerir ráð fyrir. Telur vitamálastjóri, að kostnaður þessi verði ekki innan við 110 þús. með sama fyrirkomulagi og nú er. Þessi gífurlegi kostnaður álítur nefndin, að liggi í úthaldi þess skips, er notað er til flutninga á efni til vitanna. Vill nefndin beina því til stjórnarinnar, að hún athugi þetta fyrirkomulag og fái því breytt í ódýrara horf, og í von um, að það takist, leggur nefndin ekki til að hækka liðinn til rekstrarkostnaðar vitanna.

14. gr.

Eins og að undanförnu lágu fyrir nefndinni tillögur frá biskupi um styrk til húsabóta á prestssetrum, og ennfremur fjekk nefndin munnlegar til-

lögur biskups nú, vegna breyttrar aðstöðu. Nefnir biskup einkum til fimm prestssetur, sem mjög bráðlega þurfi að húsa: Ofanleiti í Vestmannaeyjum, Hofteig á Jökuldal, Kvennabrekku í Dölum, Háls í Fnjóskadal og Laufás við Eyjafjörð, og áætlar 8 þús. kr. til hvers, auk 5 þús. kr. prestakallaláns. Ennfremur telur hann fram þrjú prestssetur, sem áður hafa fengið styrk, en kostnaður við húsin hefir orðið svo mikill, að nauðsynlegt er að bæta við. Eru staðirnir þessir: Staður í Steingrímsfirði, Mosfell í Grímsnesi og Skeggjastaðir í Norður-Múlasýslu. Áætlar biskup 4000 kr. í stað. — Nefndin treysti sjer ekki til að bera fram tillögu um hækkun þá á styrknum, sem nauðsynleg hefði verið til að fullnægja öllum þessum þörfum á næsta ári. En ef bætt yrði við þrem hinum fyrst töldu af prestssetrunum, sem húsa þarf að nýju og þörfin kallar allra mest að, og bætt við hin samkvæmt tillögu biskups, lætur sú upphæð mjög nærri þeim 35 þús. kr., sem veittar eru í frumvarpinu. Við þá tillögu vill nefndin halda sjer. — Loks skal það tekið fram, að biskup ljet svo um mælt, að framlögum ríkissjóðs til húsabóta á prestssetrum, í svipuðum stíl og nú hefir verið um hríð, ætti að geta verið lokið á 3—4 árum.

Fyrir 25 árum voru sett lög um, að umsjón og fjárhald nokkurra landssjóðskirkna skuli fengið hlutaðeigandi söfnuðum í hendur. Meðal þeirra var Langholtskirkja í Meðallandi, og var þá gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiddi söfnuðinum 3200 kr. álag á kirkjuna. Ekki varð þó úr því, að kirkjan yrði afhent, og er Langholtskirkja nú önnur af tveim landssjóðskirkjum, sem eftir eru í Skaftafellssýslum. — Ber söfnuðurinn nú fram kröfu um ofn og orgel í kirkjuna. Myndi hvorttveggja ekki kosta undir 1200 kr. og vart hægt að neita. Þá hvílir og endurbyggingarskyldan á ríkissjóði, eins og stendur, en vel getur svo farið, að þá og þegar verði að flytja kirkjuna vegna hættu bæði af vötnum og sandfoki. Hinsvegar hefir söfnuðurinn gert kost á að taka við umsjón og fjárhaldi kirkjunnar, með 5—6 þús. kr. álagi. Virðist nefndinni einsætt að taka hinn síðari kostinn, enda eru það og tillögur biskups og kirkjumálaráðherra. Leggur nefndin til, að veittar sjeu 5000 kr. í þessu skyni.

Nefndinni bárust mjög margar umsóknir um námsstyrki, en treysti sjer ekki til að sinna neinni þeirra. Í samræmi við það leggur nefndin til, að feldur sje niður hinn sjerstaki námsstyrkur til Markúsar Kristjánssonar.

Skólastjóri kennaraskólans lagði það til mjög fastlega, að aftur yrði farið að veita nokkurn styrk til vornámsskeiða við kennaraskólann fyrir barnakennara. Var veitt fje til þeirra námsskeiða árlega áður, en hefir fallið niður síðustu árin. Kenslukrafta þarf enga að kaupa að vegna námsskeiða þessara. Styrkurinn gengur mestallur til þeirra, sem námsskeiðin sækja. Leggur nefndin til, að 1500 kr. sjeu veittar í þessu skyni.

Í frv. leggur stjórnin til, að varið sje nokkrum þúsundum króna af liðnum »ýmisleg gjöld« til að endurreisa fjárhús á bændaskólanum á Hólum, og er nefndin samþykk þeirri fjárveitingu. En eftir að frv. var samið æskti skólastjórinn á Hvanneyri samskonar fjárveitingar til að stækka fjósið og reisa nýja hlöðu. Er fjósþakið orðið ónýtt og kostar skólastjórinn aðgerð á því, sem annað viðhald, en jafnframt er fjósið orðið altof lítið, vegna stækkandi bús, og má í því sambandi geta þess, að skólastjórinn hefir mjög merkilega bætt

kúakynið á skólabúinu, en nú sem stendur er ekki einu sinni rúm fyrir fullorðnu kýrnar í fjósinu. Jafnframt er hlöðurúmið orðið altof lítið. Er það ekki til fyrirmyndar á bændaskóla, að undanfarin ár hefir orðið að hafa mörg hundruð hesta af heyi úti, undir torfi. Áætlun um stækkun fjóssins og hina nýju hlöðu, frá húsameistara ríkisins, fylgdi umsókninni og hljóðar upp á 18 þús. kr. Leggur nefndin til, að helmingurinn, 9 þús. kr., sje nú veittur, en hitt bíði næsta árs, og sje liðurinn »ýmisleg gjöld« hækkaður sem því nemur.

Nefndin varð ásátt um að hlynna meir en áður að húsmæðrafræðslunni í landinu, því að hún álítur, að á því sviði sje um að ræða einhverja hina þörfustu fræðslustarfsemi. Bera eftirfarandi tillögur vott um þessa stefnu nefndarinnar. — 1) Nefndin leggur til, að 6000 kr. styrkur sje veittur til raflýsingar kvennaskólanum á Blönduósi. Getur sá skóli sjer hið besta orð árlega, enda aðsókn að honum sívaxandi og kenslukraftar ágætir. Reynist hið nýja fyrirkomulag skólans prýðilega. Er nefndinni mjög kært að leggja til, að styrkur sje veittur til að gera skólahúsið bjartara og vistlegra. — 2) Þá vill nefndin leggja til, að styrkurinn til kvenfjelagsins Óskar á Ísafirði sje hækkaður úr 3000 í 5000 kr. Hefir fjelagið haldið uppi húsmæðraskóla undanfarin ár, sem hefir getið sjer hið besta orð. Hann hefir fengið nokkurn styrk frá bæjarsjóði Ísafjarðar og fjelagið sjálft lagt fram mikið fje vegna skólahaldsins, en engu að síður hafa skólagjöldin orðið að vera óeðlilega há. — 3) Þá lá fyrir nefndinni erindi frá kvenfjelagi Suður-Þingeyinga um styrk til að reisa húsmæðraskóla á Litlu-Laugum í Reykjadal, og yrði sá skóli húsmæðradeild við alþýðuskóla Þingeyinga. Hefir fjelagið hafið fjársöfnun til skólastofnunarinnar. Er aðstaða á þessum stað hin allra besta, svo sem alkunnugt er, enda ætti húsmæðradeildin kost á aðstöðu til ræktunar á landi og skilyrði hin allra bestu til garðræktar við laugarnar. Það virðist og í alla staði mjög heppilegt að hafa báða þessa skóla á einum stað. Lá áætlun fyrir nefndinni frá Jóhanni Fr. Kristjánssyni húsameistara. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að veittur sje byggingarstyrkur til þessa skóla í sömu hlutföllum sem til hjeraðsskólanna, alt að 11 þús. kr.

Orðalagi liðsins »til að reisa barnaskóla utan kaupstaða« vill nefndin breyta samkvæmt tillögu fræðslumálastjóra. Sendi hann nefndinni skýrslu um umsóknir til þessa, komnar og væntanlegar. Væri, eftir þeim að dæma, að vísu þörf fyrir allmiklu hærri fjárveitingu en er í frv., en nefndin treysti sjer ekki til að bera fram tillögu um það.

Aftur á móti virðist nefndinni með öllu óhjákvæmilegt að hækka liðinn til unglingaskóla utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar. Hinn myndarlegi og mjög sótti alþýðuskóli Þingeyinga hefir bæst við, og unglingaskólinn á Ísafirði hefir orðið of hart úti um styrk. Fræðslumálastjóri leggur til, að veittar sjeu 50 þús. kr. Nefndin treystir sjer ekki til að fara hærra en að hækka styrkinn úr 38 þús. kr. í 45 þús. kr.

Síðari málsgreinin um daufdumbraskólann hefir óvart prentast með frá því í fyrra. Húsið, sem um er talað, er þegar reist.

15. gr.

Færeyjafjelagið »Grímur Kambans«, nýlega stofnað, vill vinna að því að »efla menningarsamband Færeyinga og Íslendinga« og sækir um ríkisstyrk til þess. Taldi nefndin meir um það vert, að Alþingi viðurkendi starf fjelagsins með því að veita því nokkurn styrk heldur en hitt, að sú upphæð væri sjerlega há.

Dr. Jón Stefánsson hefir enn á ný sótt um nokkurn fjárstyrk til útgáfu sögu Íslands, er hann ritar á ensku, í þetta sinn einkum til þess að geta lagt í þann kostnað að hafa alt að 200 myndir í bókinni. Fanst nefndinni sem dr. J. St. hafi enn sem fyr gert myndarlega grein fyrir máli sínu í brjefi til forsætisráðherra og að það »að kynna Ísland og Íslendinga málsmetandi mönnum í Bretaveldi sje þarfara og hafi meiri þýðingu fyrir alla afstöðu Íslands í heiminum en að kynna landið nokkurri annari þjóð«, og leggur því til, að veittar sjeu í þessu skyni 1500 kr.

Samkvæmt ósk dómsmálaráðherra leggur meiri hluti nefndarinnar það til nú, að styrkurinn til skálda og listamanna megi að nokkru bútast niður í 500 kr. til hvers, en í fyrra var ákveðið 1000 kr. lágmark. Jafnframt leggur nefndin áherslu á, að Jakob Thorarensen og Stefán frá Hvítadal fái sama styrk og áður.

Veðurathugunarstöðina telur nefndin rjettara að flytja í 16. gr. og leggur jafnframt til, að fjárveiting til hennar sje sundurliðuð, samkvæmt tillögum forstöðumanns, að óbreyttri niðurstöðu.

16. gr.

Fjárhagsnefnd búnaðarþingsins kom á fund nefndarinnar og átti tal við atvinnumálaráðherra og nefndina um fjárveitingu til Búnaðarfjelags Íslands, bæði á yfirstandandi ári og næsta. Var gerð grein fyrir starfsemi fjelagsins í einstökum liðum og óskað nokkurrar hækkunar. Með tilliti til hins erfiða fjárhagsútlits annarsvegar og hins, að Búnaðarfjelag Íslands átti allverulega fúlgu í sjóði um síðustu áramót, treysti nefndin sjer ekki til að hækka fjárveitinguna, en leggur til, að hún haldist eins og er í frv.

Það varð að ráði að fresta til 3. umr. að gera grein fyrir tillögum um fjárveitingu til sandgræðslunnar.

Liðinn til dýralækninganáms erlendis telur nefndin fært að fella niður. Lýkur sá prófi í ár, sem notið hefir styrksins undanfarið, og nefndin taldi enga þörf á að halda slíkri styrkveitingu áfram.

Í frv. er styrkurinn til Fiskifjelagsins lækkaður um 5 þús. kr. frá því sem var í fyrra. Kom forseti fjelagsins á fund nefndarinnar og taldi lækkun þessa mjög bagalega fyrir starfsemi fjelagsins. Fjellst nefndin á ástæður hans og leggur til, að styrkurinn verði ákveðinn sami og í fyrra.

Laun síldar-, ullar- og kjötmatsmanna hafa misprentast í frv. Eru þar aðeins talin laun eins.

Þrjár umsóknir bárust nefndinni um styrk til bryggjugerðar og lend-

ingarbóta, með hinum venjulegu skilyrðum, að $^2/_3$ kostnaðar komi annarsstaðar frá. Allar umsóknirnar virtust vera rjettmætar. 1) Frá Breiðdalsvík til bryggjugerðar. Hefir þar hver bryggjan eftir aðra laskast af vetrarbrimum, vegna þess að þær hafa allar verið af vanefnum gerðar. Nú er áformað að reisa vandaða bryggju, sem áætlað er, að kosti a. m. k. 6000 kr. — 2) Var veittur í fyrra 3000 kr. byrjunarstyrkur til bryggjugerðar í Búðardal. Áætlar vegamálastjóri, að bryggjan muni kosta a. m. k. 26000 kr., en hún er hið mesta nauðsynjafyrirtæki og verður lokið við hana sennilega á þessu ári. Vantar þá alt að 6000 kr. til viðbótar þar. — 3) Loks voru veittar í fyrra 13 þús. kr. til bryggjugerðar í Lambhússundi á Akranesi, og vantar þó enn 1000 kr. til að þriðjungsframlag sje komið frá ríkinu á móti því, sem kauptúnið hefir lagt fram. Hefir þessi bryggjugerð nú þegar reynst hin þarfasta, jafnvel fram yfir bestu vonir, svo að telja má nálega víst, að eftirleiðis geti Akurnesingar gert út heiman að frá sjer um vetrarvertíðina, en hingað til hafa þeir orðið að leita burt. En einmitt þessa vegna er nú ráðið að lengja enn hina nýju bryggju, og er þriðjungur kostnaðar við þetta áætlaður 6000 kr. Gerir nefndin því ráð fyrir, að alls þurfi að veita til þessa liðs: 2000 + 6000 + 1000 + 6000 = 15 þús. kr., og leggur til, að liðurinn sje lækkaður um 5 þús. kr. — En jafnframt vill nefndin bera fram tillögu um sjerstaka fjárveitingu til að dýpka Snepilrásina við Stokkseyri. Hafa áður verið veittar til þess 10 þús. kr., en af þeim hafa ekki verið notaðar nema 4600. Eru þá eftir 5400 kr., sem óskað er endurveitingar á. Ennfremur er þess óskað, að ekki sje krafist nema helmingsframlags á móti, annarsvegar vegna þess, að einn aðalþátttakandi í kostnaði (Ingólfur) getur ekki greitt þann styrk, sem honum var ætlað að greiða, og hinsvegar vegna þess, að kostnaðurinn verður hlutfallslega meiri við sprengingarnar þegar dýpkar. Fellst nefndin á, eftir atvikum, að bera þessa tillögu fram. — Í þessu sambandi vill nefndin beina því til landsstjórnarinnar, út af því, að styrkur til hafnarbóta í Ólafsvík er veittur án þess að krafist sje nokkurs framlags á móti, að hún gangi eftir því, að þorpsbúar komi á hjá sjer lendingarsamþykt samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, 7. gr.

Enn einu sinni hefir hreppsnefnd Hólshrepps orðið að leita til Alþingis um styrk til brimbrjótsins í Bolungarvík. Reynist ófullnægjandi það, sem enn hefir verið gert, enda vafasamt, að það, sem bygt hefir verið, standi til frambúðar nema meira verði aðhafst. Er nú brotið upp á því ráði að kaupa steinnökkva einn mikinn og koma honum fyrir við enda garðsins. Hefir þetta verið borið undir vitamálastjóra, sem telur, að þetta »sje langsamlega ódýrasta og tryggasta leiðin til að binda enda á þetta vandræðamál«. Áætlar hreppsnefndin, að kostnaður af þessu verði 70 þús. kr., en vitamálastjóri áætlar allmiklu hærra. Er farið fram á helming kostnaðar úr ríkissjóði. Verður fjárveitinganefnd að líta svo á, að þó að svo væri að orði kveðið af hennar hálfu í hitteðfyrra um leið og lagt var til að gefa eftir lán vegna brimbrjótsins, að það væri lokastyrkur, og þó að enn væri veittur viðbótarstyrkur í fyrra, þá sje um svo mikið nauðsynjamál að ræða, og ennfremur hafi þorpsbúar lagt á sig svo miklar byrðar í þessu skyni, að enn verði að teljast rjett að styrkja

þetta fyrirtæki. Leggur nefndin til, að veittar verði nú 20 þús. kr., en beinir því jafnframt mjög ákveðið til landsstjórnarinnar, að fult eftirlit verði haft með framkvæmd verksins.

Mjólkurniðursuðuverksmiðjan Mjöll í Borgarfirði er nú aftur tekin til starfa og er í núgildandi fjárlögum styrkt með 2 kr. fyrir hvern kassa mjólkur, sem hún framleiðir, alt að 8000 kr. Leggur nefndin til, að þessi liður verði aftur tekinn í fjárlögin, 1/4 lægri en áður.

Styrkurinn til kvenfjelagsins í Vík í Mýrdal til heimilisiðnaðarkenslu, hefir verið lækkaður um 1/4. Þar sem nefndin annarsvegar telur, að þessi starfsemi muni hafa verið styrks mætavel makleg og hinsvegar mun það tilætlunin að færa út kvíarnar, með því að bæta við vefnaðarnámsskeiði, vill nefndin hækka styrkinn aftur í sama og var.

Jón Sívertsen verslunarskólastjóri sótti um 3000 kr. utanfararstyrk til þess að kynna sjer nútímafyrirkomulag og starfrækslu erlendra kaupþinga, og fylgdu þeirri umsókn eindregin meðmæli verslunarráðsins. Verður nefndin að fallast á, að allmikil nauðsyn væri á, að stofnað yrði hjer fullkomnara kaupþing en sá vísir, sem verslunarráðið hefir komið á fót, bæði vegna afurðasölunnar og eigi síður vegna sölu og kaupa á hlutabrjefum og verðbrjefum. Vill nefndin leggja til, að veittar verði 2000 kr. í þessu skyni, fremur en til að greiða kostnað af símskeytum um markaðsverð og horfur, sem fremur virðist eiga að koma til greina síðar, eftir að kaupþingið væri stofnað.

Silfurbergsnáman í Helgustaðafjalli hefir ekki reynst ríkissjóði nein fjeþúfa hin síðari árin. Má sjá útkomuna meðal annars af landsreikningum 1925, bls. 91—92. Hafa allar vonir brugðist um árangur af þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru með ráði forstöðumanns um ný námugöng o. fl. Verður nefndin að vera fjármálaráðuneytinu sammála um, að engin von sje um, að náman endurgreiði 70 þús. kr. lánið, sem tekið var til hennar. Leggur nefndin eindregið til, að hætt sje alveg þessari framleiðslu, og það þegar á þessu ári. Vill nefndin því fella alveg niður fjárveitingu til forstöðu námunnar og leggur til, að landsstjórnin fái sjer einhverja aðstoð við sölu á því silfurbergi, sem til er, og ætti sá óverulegi kostnaður, sem af því hlytist, að geta borgast af söluverði silfurbergsins.

Tvívegis áður, að undangenginni rannsókn og fenginni áætlun, hefir Alþingi veitt styrk, þriðjung kostnaðar, til þess að gera fossa laxgenga. Nú hefir Búnaðarsamband Austurlands sótt um slíkan styrk til þess að gera Lagarfoss laxgengan. Eftir rannsókn hins þýska vatnafræðings verður það að teljast víst, að fá mætti lax til að ganga í Lagarfljót, ef fossinn yrði gerður laxgengur, og vegamálastjóri hefir áætlað kostnað við það 10 þús. kr. Þar sem um er að ræða möguleika til að bæta lífsskilyrði í mjög stóru hjeraði, vill nefndin, með áður settum skilyrðum, veita til þessa alt að 3000 kr.

Framlag ríkissjóðs til að gera skipulagsuppdrætti fyrir bæi og sjávarþorp vill nefndin leggja til, að verði lækkað um 2000 kr., enda verði þá ekki unnið meira en sem því svarar, en annað látið bíða.

Tvær umsóknir lágu fyrir nefndinni um utanfararstyrk til flugnáms,

en nefndin treysti sjer ekki til að taka neinn einstakan mann upp á sína arma til þessa. Hinsvegar telur nefndin rjett, að landsstjórnin megi ráða yfir og ráðstafa nokkurri upphæð í þessu skyni, því að á þessu sviði telur nefndin víst, að einhverjar framkvæmdir verði að hefja hjer á landi sem fyrst.

Alkunnugt er, að bátaeigendur á Stokkseyri urðu fyrir mjög tilfinnanlegu tjóni vegna brunans 9.—10. des. síðastl. Var tjónið metið á 37½ þús. kr. En þó stóðu þessir menn mjög höllum fæti áður. Frá Fiskifjelaginu hafa þeir fengið 5 þús. kr. styrk, og í janúar síðastliðnum veitti landsstjórnin þeim 10 þús. kr. lán úr viðlagasjóði. Sækir hreppsnefndin um eftirgjöf á því láni. Verður meiri hluti nefndarinnar, eftir atvikum, að fallast á að bera fram þá tillögu.

Í sambandi við fjárveitinguna til framhalds landmælinga vill nefndin beina því til landsstjórnarinnar, að hún taki til athugunar, hvort ekki geti komið til greina, að innlendir menn geti int það starf af hendi.

17.—18 gr.

Styrkurinn til bindindisstarfsemi er lækkaður í frv. um 1000 kr. frá því í fyrra. Vill nefndin hækka hann aftur í sama og er nú og um leið breyta orðalagi liðsins samkvæmt ósk stórstúkunnar.

Um hina einstöku styrki í 18. gr. þykir ekki ástæða að fjölyrða. Sigvaldi Stefánsson læknir hefir nú fengið veitingu fyrir læknishjeraði, og endist heilsa hans vonandi til að þjóna því. — Ekkjum Ólafs læknis Gunnarssonar, sjera Pjeturs Jónssonar á Kálfafellsstað og Þorvalds Arasonar póstafgreiðslumanns á Víðimýri telur nefndin sjálfsagt að veita styrk, sambærilegan við aðra. — Nefndin leggur til, að tveim uppgjafaprestum sje veitt sú viðbót við lögmælt eftirlaun, að þau verði 1000 kr. hjá hvorum. — Póstmeistari mælti með, að þeim þrem póstum, sem nefndin ber fram tillögur um, yrði veittur eftirlaunastyrkur. Fleiri umsóknir bárust til nefndarinnar, en hlutaðeigendur höfðu ekki verið svo lengi í opinberri þjónustu, að póstmeistari gæti mælt með eftirlaunum, og fjellst nefndin á það. — Kennarar heimspekideildar háskólans og forseti Bókmentafjelagsins báru fram erindi um það, að Einari Benediktssyni skáldi yrðu veitt árleg skáldalaun, »er ekki sjeu lægri en hæstu laun háskólakennara, og sje heimilað að greiða þau einnig fyrir árið, sem nú er að líða«. Leggur nefndin til, að honum sjeu ákveðin 4000 kr. skáldlaun, með dýrtíðaruppbót, og er því samþykk fyrir sitt leyti, að þau laun, sem Alþingi kann nú að samþykkja að greiða, verði einnig greidd á yfirstandandi ári. — Ekkja Magnúsar Vigfússonar dyravarðar hefir undanfarið fengið greidda fyrir sig leigu í Landsbankahúsinu samkvæmt ádrætti, sem henni var veittur um það af fyrverandi forsætisráðherra (S. E), er hún flutti úr dyravarðarhúsinu. Nú verður sú húsaleiga ekki lengur greidd, og samkvæmt tillögu núverandi forsætisráðherra leggur nefndin til, að styrkurinn til hennar sje hækkaður um 200 kr. — Þrem ljósmæðrum, sem allar hafa gegnt ljósmóðurstörfum í meira en hálfan fjórða tug ára, vill nefndin veita ellistyrk. Fleiri beiðn-

ir slíkar höfðu borist, en þar var um svo stuttan þjónustualdur að ræða, að ekki þótti ástæða til að sinna umsóknunum.

Alþingi, 22. mars 1927.

Þorleifur Jónsson, formaður.	Tryggvi Þórhallsson, fundaskr. og frsm. síðari hluta.	Þórarinn Jónsson, frsm. fyrri hluta.

Jón Sigurðsson. Pjetur Ottesen. Ing. Bjarnarson. Magnús Torfason.

Ed. **235. Lög**

um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast lán fyrir Landsbanka Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 21. mars.).

1. gr.

Ráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast reikningslán það, sem Landsbanki Íslands tekur á þessu ári hjá The National City Bank of New-York, auk þeirra lána, sem ríkisstjórnin hefir þegar ábyrgst fyrir bankann. Heimilt er ráðherra einnig að endurnýja ábyrgðina frá ári til árs fyrir þau af þessum lánum, sem veitt eru til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **236. Tillaga**

til þingsályktunar um lögnám landinu til handa á umráðum og notarjetti vatnsorku allrar í Sogi.

Flutningsm: Jörundur Brynjólfsson, Benedikt Sveinsson, Hjeðinn Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að landið nái fullum umráðum og notarjetti á allri vatnsorku í Soginu, alt frá upptökum þess og þar til er það fellur í Hvítá, ásamt nauðsynlegum rjettindum á landi til hagnýtingar vatnsorkunni.

Til framkvæmda þessu er ríkisstjórninni heimilt að verja fje úr ríkissjóði, eftir því sem nauðsyn krefur.

Nd. **237. Tillaga**

til þingsályktunar um vantraust á núverandi ríkisstjórn.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn.

Nd. **238. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um breyting á reglugerð Ræktunarsjóðs Íslands.

Frá Sveini Ólafssyni.

Tillagan orðist þannig:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ráðherra að breyta reglugerð Ræktunarsjóðs Íslands svo:

1. Að lán verði veitt úr sjóðnum til varnar gegn landsspjöllum, svo sem vatnagangi og skriðum, með sömu kjörum og til túnræktar.
2. Að lán til rafmagnsstöðva í sveitum megi veita til 20 ára og þau nema alt að $^3/_5$ stofnkostnaðar. En jafnan sje fyrir augum haft, að samvirkjun geti orðið fyrir svo mörg býli á hverjum stað, sem haganlegt álist eftir stærð orkugjafa og vegalengdum milli býla.

Nd. **239. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um breyting á reglugerð Ræktunarsjóðs Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað tillöguna og vill eindregið mæla með því, að hún verði samþykt.

Jafnframt hefir nefndin athugað bendingar þær, er fram komu við fyrri hluta umræðu frá 1. þm. S.-M. um þörf á víðtækari breytingum.

Þótt nefndin viðurkenni, að ástæða geti verið til slíkra eða annara breytinga — þar á meðal þeirrar, sem getið var við framsögu, að lán mætti veita til rafmagnsstöðva, eins og ýmsra annara framkvæmda, jafnótt og verkinu miðar áfram, — þá þykir nefndinni ýmist, að tillögur um það falli ekki við efni og form tillögunnar, eða gætu valdið því, að hún næði ekki samþykki. Hinsvegar mun nefndin ekki leggjast á móti því, að fram verði bornar breytingar eða við-

aukar við tillöguna, ef það verður gert í því formi, að tillögunni stafi engin hætta af, og hafa þá nefndarmenn óbundnar hendur um afstöðu til slíkra tillagna.

Alþingi, 23. mars 1927.

Pjetur Þórðarson, form.	Halldór Stefánsson, frsm.	Árni Jónsson, fundaskr.

Jörundur Brynjólfsson. Hákon J. Kristófersson.

Nd. **240. Frumvarp**

til laga um rjett erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í lögum þessum er maður talinn »erlendur«, ef hann á heimilisfang utan Íslands, enda sje eigi skylt að leyfa honum landsvist á Íslandi samkvæmt landslögum eða þjóðrjettarreglum.

Í lögum þessum telst sá maður »stunda atvinnu« hjer á landi, sem vinnur einhverja vinnu fyrir reikning annars aðilja, enda sje sá eigi fullábyrgur fjelagi hans um þann atvinnurekstur eða það fyrirtæki, sem fyrir er unnið. Ef fullábyrgir fjelagar eru fleiri en 3, teljast þó þeir, sem um fram eru, stunda atvinnu hjá hinum.

»Á Íslandi« merkir í lögum þessum bæði á landi og í landhelgi Íslands.

2. gr.

Óheimilt skal hverjum þeim, einstökum manni, fjelagi eða stofnun, sem hjer á landi rekur atvinnu, stofnsetur eða starfrækir eitthvert fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að taka erlenda menn í þjónustu sína hjer á landi gegn kaupgreiðslu, annari en fæði og húsnæði, hvort sem það er um langan tíma eða skamman.

Þó er aðilja heimilt að taka í þjónustu sína:

1. Erlenda sjerfræðinga við allskonar iðju.
2. Aðra erlenda kunnáttumenn, enda sje eigi kostur slíkra manna hjerlendra, og skýri aðili atvinnumálaráðherra þegar frá ráðningunni.
3. Frændur sína að feðgatali eða niðja, kjörbörn, fósturbörn og systkin.
4. Erlend vinnuhjú mega sveitabændur ráða til sín í 2 mánuði eða lengur.

Ennfremur mega:

5. Íslensk skip ráða erlenda skipverja innan þeirra takmarka, sem í lögum segir, og
6. Sendimenn annara ríkja hafa erlenda menn í einkaþjónustu sinni.

3. gr.

Erlendum mönnum, sem hingað eru komnir í atvinnuleit eða teknir eru að stunda hjer atvinnu, getur atvinnumálaráðherra vísað úr landi innan ákveðins tíma. Binda má hann og landsvist þessara manna þeim skilyrðum og takmörkunum, sem hann telur þurfa vegna hagsmuna almennings eða ríkis.

Fyrirmæli undanfarandi málsgreinar taka þó ekki til:

1. Erlendra manna, er stunda nám í hjerlendum skólum, sem ríkið á eða styrkir.
2. Erlendra manna, sem hjer dveljast til rannsókna eða vísindastarfa eða sendir eru af stjórn síns lands til kenslustarfa.
3. Þeirra manna erlendra, sem hjer hafa aðsetur, þegar lög þessi koma til framkvæmda.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, ef sjerstakar ástæður þykja mæla með því, að veita undanþágu frá ákvæðum 2. gr., svo sem ef fáir atvinnuþiggjendur eiga í hlut, eigi þykir unt að koma atvinnu á fót eða fyrirtæki í tækan tíma eða reka það án erlends vinnukrafts, enda þótt notaður sje sá hjerlendur vinnukraftur, sem kostur er á, án hnekkis atvinnuvegum landsins. Leyfi má binda öllum þeim skilyrðum um löggæslu, hollustuhætti, framfærslu, skólahald verkamanna og sjerhvað annað, sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.

5. gr.

Nú hefir aðili hjer á landi erlenda verkamenn í þjónustu sinni gagnstætt fyrirmælum 2. gr. og án þess að heimild sje til þess fengin eftir 4. gr., og kveður atvinnumálaráðherra þá upp, svo fljótt sem við verður komið, úrskurð, þar sem aðilja sje bannað að hafa hinn erlenda mann eða erlendu menn í þjónustu sinni.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra á fullnaðarúrskurð um heimild aðilja til að ráða sjer og hafa í þjónustu sinni erlenda menn, um heimild aðilja til að stunda hjer atvinnu og um skilning á undanþágum samkvæmt 4. gr. laga þessara.

7. gr.

Brot gegn úrskurðum samkvæmt 1. mgr. 3. gr. og 5. gr., þar sem aðilja er bannað að hafa erlenda menn í þjónustu sinni eða að stunda hjer atvinnu, varða sektum, frá 40—10000 kr., til ríkissjóðs. Auk þess ber aðilja að hafa flutt ólöglega innflutta verkamenn sína úr landi eða sjeð þeim fyrir flutningi innan þess tíma, er ráðherra tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu. Ennfremur er heimilt að stöðva með lögbanni, án þess að trygging sje sett, þær framkvæmdir, er nota skyldi hinn erlenda vinnukraft til, ef byrjað er á þeim, þar til hinir erlendu verkamenn eru farnir úr landi eða trygt þykir, að þeir verði farnir innan ákveðins tíma.

8. gr.

Rjett er atvinnumálaráðherra að láta flytja þá erlenda menn, ásamt skylduliði, af landi brott, er hann hefir óheimilað að stunda atvinnu hjer lögum þessum samkvæmt, hvort sem þeir eru á sínum vegum eða annara, og skal sá flutningur vera á kostnað þess, er hefir ráðið þá til sín, en ella á eiginn kostnað þeirra.

9. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara. Svo má þar og kveða á um sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð á málum vegna þeirra brota.

10. gr.

Taka skulu fyrirmæli gildandi laga um eftirlit með útlendingum til þeirra erlendra manna, er í lögum þessum getur, að því leyti sem samrýmast má lögum þessum.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1927.

Nd. **241. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað frumvarpið allrækilega. Einn nefndarmanna (J. Kj.) er frumvarpinu mótfallinn, en meiri hluti nefndarinnar telur, að breytingar þær, sem frv. fer fram á, sjeu til bóta. Leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr.

1. Aftan við 3. málsgr. bætist: að því er lækningakostnaðinn snertir.
2. Á eftir »lögsagnarumdæminu« í 4. málsgr. komi: Ennfremur greiði sjúkrasamlag fyrir meðlimi sína áskilið gjald. Sbr. 2. gr.
3. Aftan við 6. málsgr. bætist: Nú á sjúklingur ekki lögheimili hjer á landi, og skal þá efnahagsskýrsla hans gefin út af hreppsnefnd eða bæjarstjórn þeirrar sveitar, sem hann dvelur í, þegar hann verður styrksþurfi.

Alþingi, 23. mars 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jón Guðnason, frsm. og fundaskr.
Hjeðinn Valdimarsson.	**Árni Jónsson.**

Nd. **242. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1926.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 5. gr. 3. (Kálfafellsstaðarkirkja):
Fyrir »2500« kemur 3500

Alþingi, 26. mars 1927.

Þorleifur Jónsson, form. Tryggvi Þórhallsson, frsm. Þórarinn Jónsson.

Magnús Torfason. Ingólfur Bjarnarson. Jón Sigurðsson. Pjetur Ottesen.

Nd. **243. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

Frá atvinnumálaráðherra.

3. málsgr. 10. greinar orðist svo:
Verði járnbrautarlagningunni ekki haldið áfram með þeim hraða, að henni geti orðið lokið á tilsettum tíma, eða stöðvist verkið algerlega, fellur sjerleyfið úr gildi og verða unnin mannvirki ríkiseign án endurgjalds til sjerleyfishafa.

Nd. **244. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 221 [Járnbrautarlagning og virkjun Urriðafoss].

Frá Jakob Möller.

1. Við II. Á eftir orðunum »völdu efni« komi: með að minsta kosti 1,067 m. sporvídd.
2. Við III. 2. Aftan við orðin »matsverð hennar« bætist: að frádregnum hluta ríkissjóðs.

Nd. **245. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Kostnaðurinn vegna berklavarnalaganna er nú orðinn svo mikill, að óhjákvæmilegt virðist að endurskoða lögin og reyna á einhvern hátt að draga úr kostnaðinum. Frv. það, sem hjer liggur fyrir, mun, ef að lögum verður, fremur verða til þess að auka kostnaðinn en minka, og get jeg þess vegna ekki fylgt því. En þar sem það eru svo mörg ákvæði í berklavarnalögunum, sem þörf er á að endurskoða, er enginn kostur að gera það á þessu þingi, enda heppilegast, að stjórnin undirbúi málið og leggi svo tillögur sínar fyrir næsta þing. Með þessum formála er það tillaga mín, að máli þessu verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 24. mars 1927.

Jón Kjartansson.

Nd. **246. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 222 [Járnbrautarlagning og virkjun Urriðafoss].

Flutningsm.: Klemens Jónsson, Hákon Kristófersson, Sveinn Ólafsson, Pjetur Þórðarson og Jón Ólafsson.

Tillögugreinin orðist svo:

Skylt skal sjerleyfishafa, þegar komin er á fót vinsla köfnunarefnisáburðar, að láta ríkisstjórninni í tje, eftir ósk Búnaðarfjelags Íslands, alt að 3000 smálestum áburðarins árlega við verði, sem ekki má fara meira en 5% fram úr vinslukostnaði og ætíð skal vera 5% undir heildsöluverði samkynja áburðar í Noregi. Áburðurinn afhendist í Reykjavík í útflutningsumbúðum.

Sþ. **247. Þingsályktun**

um rannsókn á kostnaði við að byggja fullkomna síldarverksmiðju á hentugum stað á Norðurlandi.

(Afgreidd frá Sþ. 24. mars).

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta á næsta sumri rannsaka, hvað kosta muni að stofnsetja nýtísku

síldarbræðslustöð á hentugum stað á Norðurlandi, sem geti unnið úr alt að 2000 tunnum síldar á sólarhring.

2. Að gera ráðstafanir til þess, að nægilegt land, með fulltryggum lóðarrjettindum, verði fyrir hendi, þegar til byggingar slíkrar stöðvar kæmi.

Ed. **248. Tillaga**

til þingsályktunar um styrk handa stúdentaefnum frá gagnfræðaskólanum á Akureyri.

Flutningsm.: Jónas Kristjánsson.

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að greiða úr ríkissjóði ferðastyrk þeim nemendum gagnfræðaskólans á Akureyri, sem hafa í hyggju að taka stúdentspróf við hinn almenna mentaskóla í Reykjavík á næstkomandi vori.

Ástæður.

Sameinað Alþingi hefir felt tillögu um að skora á stjórnina að láta stúdentspróf fram fara í gagnfræðaskólanum á Akureyri á næsta vori, enda kom það fram í umræðunum, að það hefði verið tilgangslaust, vegna afstöðu háskólaráðsins til málsins. Til þess að ráða bót á þessu fyrir fátæk stúdentaefni er tillaga þessi borin fram, en ekki er ætlast til, að hún nái til annara en þeirra, sem stundað hafa framhaldsnám við gagnfræðaskólann á Akureyri.

Nd. **249. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 24, 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með svo látandi

BREYTINGU:

Frumvarpsgreinin orðist þannig:

Nú er maður smitberi eða grunaður um að vera smitberi einhvers þess sjúkdóms, er getur um í 2. gr. laga nr. 24, 16. nóv. 1907, og er heilbrigðisstjórn-

inni þá heimilt, þegar henni þykir ástæða til, að fara með hann eins og hann væri haldinn af þeim sjúkdómi.

Alþingi, 25. mars 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jón Guðnason, fundaskrifari. Jón Kjartansson, frsm.

Árni Jónsson. Hjeðinn Valdimarsson.

Nd. **250. Breytingartillaga**

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 23. gr.

Á eftir »hreppsbúa« komi: og auk þess 1% af innheimtum útsvörum.

Nd. **251. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 10. nóv. 1913 [Landskiftalög].

Frá landbúnaðarnefnd.

Landskiftalögin frá 10. nóvember 1913 eru í 15 greinum og að mörgu leyti vel úr garði gerð, enda gerir frumvarp þetta aðeins breytingar á 5 fyrstu greinum laganna.

Efni frv. er að langmestu leyti tekið upp úr lögunum, með breyttu og hagkvæmara skipulagi í sambandi við þær fáu en nauðsynlegu efnisbreytingar, sem í frv. eru fólgnar.

Það er sameiginlegt við þessar efnisbreytingar, að þær gera ákvæði laganna víðtækari heldur en þau nú eru. Engin setning í lögunum er feld niður, svo að eigi komi önnur hagkvæmari eða víðtækari í staðinn, og að sumu leyti eru ný viðbótarákvæði sett inn.

Þetta skal skýrt nokkru nánar, með upptalningu þeirra efnisbreytinga, er í frv. felast, og hliðsjón af því, er breyta þarf í lögunum eða inn í þau þarf að auka.

1. (í 1. gr.). Að aukið er nokkru í upptalningu þeirra landsnytja, er til skifta geta komið, þar á meðal hlunnindum.

Í lögunum eru skifti hlunninda bundin við samþykki eigenda að meiri hluta þess lands, er þau fylgja. Að þessu verður vikið síðar.

2. (í 1. gr.). Að land, sem hlunnindi fylgja, getur komið til skifta á sama hátt og hvert annað óskift land.

Í lögunum (3. gr.) stendur: »Eigi skal þó, nema með samþykki eigenda að meiri hluta landsins, skifta því landi, er sjerstök hlunnindi fylgja ... ... svo sem eggver, laxveiði ... ... o. s. frv.«.

Þetta ákvæði er ekki í samræmi við aðrar skiftaheimildir í lögunum og það er auðsætt, að sanngirni mælir *ekki* með því, að nokkur eigenda geti synjað um skifti á slíku landi, fremur en á öðrum landspildum. Öðru máli er að gegna um hlunnindi ýmiskonar og sjerstakar landsnytjar. Sjá síðar.

3. (í 1. gr.). Að skifti, sem eigi hafa verið staðfest eftir ákvæðum þessara laga, enda þótt þau megi telja viðurkend eða gildi þeirra verði ekki vjefengt, þá megi taka þau upp að nýju og gera á þeim annað skipulag, að því tilskildu, að ekki megi raska hlutföllum ræktaðs lands.

Um þetta vantar heimild í lögin, en oft er mikil nauðsyn á að bæta úr óhentugu skipulagi í þessu efni, og sjálfsagt að óvilhallir menn sjeu til þess kvaddir, eigi síður en til annara landskifta.

4. (í 2. gr.). Að skifti skuli miðuð við lögmæt eignahlutföll þess lands og landsnytja, sem eigi hefir verið áður skift.

Eftir ákvæðum laganna (3. gr.) á að miða landskifti við stærð jarðar eða jarðarparts eftir jarðamati. Nú er það vitanlegt, að hlutföll jarðamats á hinum einstöku býlum sameignarjarða hafa breyst meira og minna við síðasta jarðamat og munu breytast við endurmat framvegis, vegna mismunandi umbóta, ræktunar eða niðurníðslu á túni eða annari sjereign býlanna, og eru þá og verða jarðamatshlutföll önnur en eignahlutföll sameignarlandsins. Það er því augljóst, að landskifti *eftir jarðamati* mundu í ýmsum tilfellum verða hraparlega ranglát. Til þess að útiloka slíkt ranglæti og alla óvissu um það, á hverju landskifti eiga að byggjast, vill nefndin breyta ákvæðum frumvarpsins um þetta og gera þau ákveðnari og að miklum mun víðtækari. Eins og áður er fram tekið, segir í 2. gr. frv., að skifti skuli »miðuð við lögmæt eignahlutföll þess lands og landsnytja, sem eigi hefir verið áður skift«. Í sumum tilfellum mundu þessi eignahlutföll ekki vera auðsæ þegar í stað, t. d. ef skifta á landi jarðar, sem metin er 60 hundruð í jarðamatinu frá 1861, en þegar síðasta jarðamat var undirbúið, er jörðin lengi búin að vera í eign þriggja manna og 3 býli með skiftum túnum, sáðreitum og engjum, eignahlutföll eru þá $^1/_2$, $^1/_4$ og $^1/_4$ eða $^{10}/_{20}$, $^5/_{20}$ og $^5/_{20}$. Við síðasta jarðamat hafa svo þessi býli verið metin, auk húsa, 22 þús., 10 þús. og 8 þúsund kr., eða $^{11}/_{20}$, $^5/_{20}$ og $^4/_{20}$ hluta úr heildinni. Hjer hafa þá *jarðamats*hlutföllin breyst til hækkunar 1. býli og til lækkunar 3. býli. Slík breyting á hlutföllum jarðamats er venjulega bein afleiðing af *mismunandi ræktun eða umbótum á skifta landinu*, og eru þá alveg óviðkomandi *eignahlutföllum* óskifts landsins; þau eru *hin sömu* eftir sem áður, og fara skiftin þá eftir þeim Brtt. nefndarinnar við 2. gr. c. fyrri málsgr. á að útiloka misskilning í þessu efni.

Þá hafa komið fyrir og geta komið fyrir einstök dæmi þess, að eignahlutföll eru óviss sökum ófullnægjandi eignaheimilda. Slíka rjettaróvissu mætti sjálfsagt stundum útkljá með samkomulagi fyrir íhlutun matsmanna, og því rjett að heimila það í lögunum; að öðrum kosti verður ekki endir bundinn á slík mál nema með dómi.

Að þessu lýtur brtt. nefndarinnar við 2. gr. c síðari málsgrein.

5. (í 2. gr.). Að ákveðin hlunnindi og fasteignarjettindi eru undanþegin skiftum, nema samþykki *allra* aðilja komi til.

Í lögunum er þetta bundið við samþykki eigenda að meiri hluta landsins, er hlunnindin fylgja. Rjettara þykir, að allir aðiljar hafi sama rjett í þessu efni.

6. (í 5. gr.). Að sýslumanni sje heimilt að kveðja annan mann í sinn stað við yfirmat.

Þessi heimild er ekki í lögunum. Notkun hennar mundi oft verða hagkvæm aðiljum.

7. (í 5. gr.). Hækkuð þóknun yfirmatsmanna.

Í lögum nr. 64, 14. nóv. 1917, er þóknun til landskiftamanna (úttektarmanna) hækkuð úr 3 kr. í 5 kr. á dag, en þóknun til yfirmatsmanna hefir ekki verið breytt frá því, sem ákveðið er í landskiftalögunum. Hjer er hún hækkuð í svipuðu hlutfalli og þóknun til hinna.

8. (í 5. gr.). Að sá, sem skifta beiðist, greiði einn kostnað, ef skiftatilraun verður árangurslaus vegna þess, að heimild til skifta er ekki fyrir hendi.

Þetta ákvæði er ekki í lögunum, en er alveg hliðstætt því ákvæði laganna, að sá, sem biður um yfirmat, greiði einn kostnaðinn, ef engin breyting verður á skiftum.

Nefndin telur allar þessar breytingar, er með frv. er ætlast til, að gerðar verði á landskiftalögunum, ganga í rjetta átt og frumvarpið í heild sinni verulega umbót á þeim, ef að lögum verður.

Hún ræður því hv. deild til að samþykkja frumvarpið með þessum

BREYTINGUM:

I. Við 1. gr. Á eftir »heimalönd sveitajarða« komi: og afrjettarlönd, sem jöfnum höndum eru notuð til vetrarbeitar.

II. Við 2. gr.

a. Á eftir »miðuð við« málslið á enda orðist svo: viðurkend og á lögmætan hátt staðfest eignahlutföll lands og landsnytja, er skifta á.

b. Á eftir »námarjetti« komi: þar með talið mótak.

c. Á eftir 1. málsgr. komi 2 nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú hafa eignahlutföll á sameignarjörð breyst við jarðamat (endurmat) fyrir misjafna ræktun eða aðrar verklegar framkvæmdir eiganda eða ábúanda, og breytast þá eigi fyrir það eignahlutföll óskifts lands eða landsnytja.

Nú er ágreiningur um eignahlutföll óskifts lands eða landsnytja og næst ekki samkomulag, verður þá eigi úr því skorið nema með dómi.

Alþingi, 25. mars 1927.

Pjetur Þórðarson, form. og frsm. Árni Jónsson, fundaskrifari. Hákon J. Kristófersson.

Jörundur Brynjólfsson. Halldór Stefánsson.

Nd. **252. Lög**

um iðnaðarnám.

(Afgreidd frá Nd. 25. mars).

1. gr.

Þegar iðnaðarmenn taka nemendur til þess að kenna þeim iðn sína, eru þeir skyldir að gera skriflegan námssamning. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri rita á samninginn vottorð sitt, um að hann sje samkvæmur fyrirmælum laga þessara. Sje brotið á móti þessu ákvæði, er samningurinn ógildur.

Lögreglustjórar skulu, eftir ráðstöfun ráðherra, hafa í höndum eyðublöð til námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr.

Í kaupstöðum mega ekki aðrir taka nemendur til iðnkenslu en meistarar í þeirri iðn, og utan kaupstaða þeir iðnaðarmenn einir, sem hafa iðnbrjef eða rjett til þess að fá það.

Þeim, sem tvisvar hefir rofið námssamning í verulegum atriðum að ófyrirsynju, er óheimilt að taka iðnnema.

3. gr.

Í samningnum skal tekið fram, hve langur kenslutíminn skal vera. Skal atvinnumálaráðherra gefa út reglugerð, er ákveði kenslutímabilið í hverri iðn fyrir sig, að fengnum tillögum hlutaðeigandi meistarafjelags og sveinafjelags, ef slík fjelög eru til í landinu.

Nú eru þessi fjelög ekki til, og skal þá stjórn Iðnaðarmannafjelags Reykjavíkur kalla þá meistara og sveina í iðninni, sem hægt er að ná til með tveggja mánaða fyrirvara, á fund, til þess að gera tillögur um málið. Þeir, sem fjarri búa, geta sent tillögur sínar skriflega.

4. gr.

Það skal greinilega tekið fram í námssamningnum, hvort sá, sem annan tekur til kenslu, skuli láta honum í tje húsnæði, fæði, klæði, þjónustu og

annan aðbúnað eða kaup, meðan á námstímanum stendur, svo og hvernig kaupgreiðsla skuli fara fram, sje hún ákveðin.

5. gr.

Þrjá fyrstu mánuðina af kenslutímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða. Þegar í stað að þeim tíma liðnum hafa bæði lærimeistari og nemandi, sje hann þá orðinn 16 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamaður fyrir hans hönd, rjett til að heimta, að samningnum sje slitið, án þess að tilgreina nokkra ástæðu. Þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum frá hinum.

6. gr.

Nú tekur maður iðnnema, sem áður hefir stundað nám í sömu iðn hjá öðrum, en námssamningi verið slitið, án þess að hann hafi átt sök á, og skal þá sá tími, er hann var við nám hjá hinum fyrri, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari.

7. gr.

Nemandi skal sýna lærimeistara sínum trúmensku og hlýðni við öll þau verk, er snerta iðn þá, sem hann er að nema. Hann skal fylgja lærimeistaranum að vinnu hans eftir því, sem vinnukraftar hans og kunnátta leyfa.

8. gr.

Vinnutími iðnnema má ekki fara fram úr 60 stundum á viku, þar með taldar 6 kenslustundir í teikningu eða bóklegum greinum.

Frá kl. 6 að kvöldi til kl. 6 að morgni má ekki fá iðnnemum, sem ekki hafa verið full tvö ár við nám, neina aðra vinnu en kenslustundir.

Eigi má taka nemanda til náms, sem er yngri en 15 ára.

9. gr.

Á sunnudögum og helgidögum þjóðkirkjunnar má ekki fá nemendum neina vinnu.

Tiltekið skal í námssamningi, hvernig sumarleyfi skuli vera háttað.

10. gr.

Lærimeistari má ekki fá nemanda neina vinnu, sem honum er um megn eða sem skaðleg er fyrir heilsu hans. Hann skal vaka yfir siðferði hans og hegðun. Hann skal kenna honum iðnina svo vel sem unt er, sjá um, að nemandinn að afloknu námi hafi náð leikni í að nota öll verkfæri, sem að iðninni lúta, og að hann kunni öll verk, sem fyrir geta komið í iðninni, svo vel, að hann geti talist fullkominn sveinn. Þá er lærimeistari skyldur að láta nemandann ganga í iðnskóla, sje slíkur skóli til á staðnum, en ella sjá honum fyrir kenslu í öllum þeim greinum, sem iðninni eru nauðsynlegar. Allan kostnað af slíkri kenslu skal lærimeistari greiða.

Geti lærimeistari ekki uppfylt þessi skilyrði, er honum óheimilt að taka nemendur.

11. gr.

Námstímanum skal þannig varið, að nemandi læri iðn sína svo fljótt sem unt er.

Þegar kenslutíminn er á enda, skal nemandi hjálparlaust leysa af hendi prófsmíð, eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni, að hann sje fullnuma í iðn sinni. Ef lærisveini hefir verið kend iðnteikning í iðnskóla, skal nemandi fyrst gera teikning að prófsmíðinni.

Prófdómendurnir ákveða í samráði við lærimeistara, hver prófsmíðin skuli vera. Nú taka prófdómendur teikninguna eigi gilda, og getur nemandi þá ekki fengið að leysa af hendi prófsmíði. Sá, sem fellur á sliku prófi, getur ekki fengið að ganga undir próf aftur fyr en að 3 mánuðum liðnum. Standist nemandi prófið, á hann heimtingu á prófskírteini, er sje undirskrifað af lærimeistara hans og prófdómendum, og heitir það prófskírteini sveinsbrjef.

Standist nemandi eigi prófið fyrir þá sök, að lærimeistari hefir ekki látið sjer nægilega ant um kensluna, á nemandi kröfu til skaðabóta, sem fari eftir áliti gerðardóms.

Þrír samiðnaðarmenn skulu vera prófdómendur, tilnefndir af lögreglustjóra á þeim stað, er prófið er tekið. Nánari ákvæði um prófið og umsjón með því setur ráðherra í reglugerð.

12. gr.

Um framfærsluskyldu lærimeistara gagnvart nemanda fer eftir ákvæðum fátækralaga.

13. gr.

Nú hefir nemandi að ástæðulausu yfirgefið nám sitt, og má þá með aðstoð lögreglustjóra flytja hann aftur til lærimeistarans, ef hann beiðist þess af lögreglustjóra áður en 2 vikur eru liðnar. Vilji nemandinn, eða foreldrar hans eða fjárráðamaður fyrir hans hönd, höfða mál til þess að fá samningnum slitið eða leggja það í gerð, skal það gert innan sömu 2 vikna. Sje mál höfðað eða í gerð lagt áður en frestur þessi er liðinn, má lögreglustjóri ekki flytja nemanda aftur til meistarans fyr en dómur er fallinn eða úrskurður feldur af gerðardómi, enda hafi úrslitin verið meistara í vil.

14. gr.

Námssamningur verður ógildur:

1. Þá er lærimeistari deyr.
2. Þá er nemandi hefir hlaupið brott frá náminu og lærimeistari hefir ekki gert þær ráðstafanir til þess að fá hann aftur til námsins, sem tilteknar eru í 13. gr., innan þess tíma, sem þar er ákveðinn.

15. gr.

Lærimeistari getur slitið námssamningnum:

1. Fyrir sjúkleika sakir nemanda samkvæmt því, er segir í fátækralögum.

2. Ef nemandi gerir sig sekan í verulegu broti á skyldum þeim, sem á honum hvíla samkvæmt námssamningnum.
3. Ef nemandi er dæmdur sekur um brot, sem er svívirðilegt að almenningsáliti.

16. gr.

Nemandi, foreldrar hans eða fjárráðamaður fyrir hans hönd getur slitið námssamningnum:

1. Ef lærimeistari misþyrmir nemanda eða gerir sig sekan í öðru verulegu broti á skyldum, sem á honum hvíla samkvæmt námssamningnum.
2. Ef lærimeistari skiftir um bústað eða vinnustað, þannig, að breytingin hefir það í för með sjer, að nemandi þarf að fara óhæfilega langan veg til vinnu sinnar.
3. Ef lærimeistari er burtu frá atvinnu sinni fulla 2 mánuði, nema vinnan fari fram undir umsjón annars manns í hans stað, er fullnuma sje í iðninni.
4. Ef nemandi sakir sjúkdóms eða annara orsaka vegna verður óhæfur til þess að geta unnið iðn þá, sem um var samið og hann þá var hæfur til, eða ef það að áliti læknis er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að halda áfram að nema iðnina.
5. Ef námsstúlka giftist.

17. gr.

Nú hættir lærimeistari að reka iðn sína sökum þess, að hann verður gjaldþrota eða annara orsaka vegna, eða hann er með dómi sekur orðinn um afbrot, sem svívirðilegt er að almennings áliti, og getur nemandi þá krafist skaðabóta, er fari eftir áliti gerðardóms.

18. gr.

Auk þess, er segir í 15.—17. gr., er báðum aðiljum heimilt að slíta námssamningi, ef þeir koma sjer saman um það.

19. gr.

Fyr en námssamningi er löglega slitið, má enginn taka nemanda annars manns til kenslu eða nota aðstoð hans í sömu iðn.

20. gr.

Nú verður ágreiningur milli nemanda og lærimeistara um þau atriði, er um ræðir í 11. gr., 15. gr. 2. lið, 16. gr. 1., 2. og 4. lið og 17. gr. laga þessara, og skulu þau mál koma í gerð, nema málsaðiljar komi sjer saman um annað. Í gerðardómi skulu sitja lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem ágreiningurinn rís, og er hann oddviti, og 2 menn aðrir, og tilnefna málsaðiljar sinn hvor.

Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sjer til oddvita, og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðilja til að sækja þann fund, ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi.

Skal á þeim fundi leggja fullnaðarúrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Báðir málsaðiljar eru algerlega bundnir við þann úrskurð.

Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftar en þrisvar sinnum og ekki lengur en 8 daga í hvert sinn, enda hafi einhver gerðarmanna tjáð honum lögleg forföll, eða oddvita þykir nauðsyn til bera til þess að rjettur úrskurður verði á lagður.

Nú sækir annarhvor gerðarmanna ekki fund og hefir ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið. Með gerðardómi má slíta samningi og dæma þeim skaðabætur, er tjón beið.

21. gr.

Lærimeistari, sem brýtur gegn reglunum í 1., 2., 8.—10. og 19. gr., skal sæta sektum alt að 1000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

Nú brýtur nemandi verulega gegn skyldum þeim, er á honum hvíla samkvæmt 7. gr., eða hverfur ástæðulaust frá náminu, og skal hann þá, eða foreldrar hans eða fjárráðamaður, greiða lærimeistara skaðabætur samkvæmt úrskurði gerðardóms.

22. gr.

Mál út af brotum gegn ákvæðunum í 1., 2. og 19. gr. eru almenn lögreglumál. Mál milli lærimeistara og nemanda, er snerta námið, eru einkalögreglumál.

23. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 15, 16. sept. 1893, um iðnaðarnám, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi feld, þegar lokið er öllum námssamningum, er gerðir hafa verið eftir þeim.

24. gr.

Lög þessi ná aðeins til þeirra námssamninga, sem gerðir eru eftir að þau hafa öðlast gildi.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1928.

Ed. **253. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita verslun þessari forstöðu. Hann skal hafa lyfsalapróf og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Honum skal

og skylt að útvega frá útlöndum, eftir beiðni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rjett hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni. Sjúkrahúslæknir annast um útvegun á þessum vörum handa sjúkrahúsunum. Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín nje ómengaðan spíritus.

Nánari reglur um starfssvið og starfsemi forstöðumanns verslunarinnar verða settar í erindisbrjefi, er ráðherra gefur út.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 25—75% miðað við verð þess komið í hús hjer á landi að meðtöldum tolli.

Lyfjaáfengi, svo og önnur lyf, er verslunin útvegar læknum og sjúkrahúsum, seljast án hagnaðar.

Nd. **254. Breytingartillaga**

við frv. til laga um samskóla Reykjavíkur.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein:

Samvinnuskólinn hefir rjett til að ganga í samband við samskólana, þegar stjórn Sambands íslenskra samvinnufjelaga óskar þess, enda sje þá kensla í almennum verslunarfræðum sameiginleg. Þar til slík sameining kemst á, skal samvinnuskólinn njóta eigi minni styrks úr ríkissjóði en hann nú hefir.

Nd. **255. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þskj. 250 [Sveitarstjórnarlög].

Frá Jóni A. Jónssyni.

Á eftir »auk þess« komi: minst.

Ed. **256. Frumvarp**

til sveitarstjórnarlaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 1, með þessum breytingum:

23. gr. hljóðar svo:

Oddviti skal hafa að launum um árið 5 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

25. gr. hljóðar svo:

Fyrir 15. janúarmánaðar ár hvert skal reikningshaldari gera reikning yfir tekjur og útgjöld hreppsins næstliðið almanaksár, og skal hann gerður eftir fyrirmynd, er ráðherra býr til.

Öll hreppsnefndin skal rannsaka reikninginn. En auk þess skal hann endurskoðaður af manni, sem til þess er kjörinn á hausthreppskilaþingi ár hvert. Undan þeirri kosningu getur enginn skorast, sá er hefir kosningarrjett og kjörgengi til hreppsnefndar.

Oddviti skal senda yfirskoðara reikninginn með fylgiskjölum fyrir 20. janúarmánaðar, og skal yfirskoðun hans lokið fyrir 5. febrúarmánaðar. Fyrir 10. febrúarmánaðar næst á eftir sendir oddviti sýslunefndinni reikninginn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara og svörum reikningshaldara. Sýslunefndin rannsakar svo reikninginn og úrskurðar eins og segir í 39. gr.

Öll hreppsnefndin hefir ábyrgð á því, að reikningurinn sje rjettur. Hún ábyrgist einnig innstæðufje, skuldabrjef og aðrar eigur hreppsins.

Fyrir 15. janúarmánaðar ár hvert skal reikningshaldari einnig gera reikning fjallskilasjóðs hreppsins síðastliðið almanaksár. Skal öll hreppsnefndin og rannsaka þann reikning og bera ábyrgð á, að hann sje rjettur. Um yfirskoðun þess reiknings og úrskurðun skulu gilda öll hin sömu fyrirmæli sem um reikning hreppsins.

30. gr. hljóðar svo:

Nú vanrækir hreppsnefnd að inna af hendi lögboðnar greiðslur, eða svara fyrirspurnum æðri stjórnarvalda, og getur sýslumaður þá lagt dagsektir við, ef ekki er bætt úr innan ákveðins tíma, því er áfátt var. Slíkar sektir má tiltaka í ábyrgðarbrjefi til oddvita, en ekki mega þær falla á fyr en svo langur tími er liðinn frá dagsetningu brjefsins, að hæfilegt sje til þess að bæta úr því, sem átalið var. Sektir þessar má taka lögtaki í eignum oddvita eða þess hreppsnefndarmanns, sem sjerstaklega hafði verið falið að annast það starf, sem áfátt var (9. gr.), ef hann á sök á drættinum.

Ákvörðun sýslumanns um sektir eftir þessari grein má skjóta til ráðherra, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið.

36. gr. hljóðar svo:

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita.

Hver nefndarmaður, sem eigi er samdóma hinum, á heimting á, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina, og skulu allir nefndarmenn, sem við voru staddir, rita nöfn sín undir hana, þegar fundi er slitið.

38. gr. hljóðar svo:

Sýslunefnd hefir yfirstjórn sveitarmála í öllum hreppum sýslunnar og leggur fullnaðarúrskurð á mál þau, er samkvæmt 15., 25. og 28. gr. laga þessara og lögum um kosningar í málefnum sveita og lögum um útsvör liggja undir hana, svo og á þær ályktanir hreppsnefnda, er skotið er undir úrskurð hennar samkvæmt löggiltum reglugerðum sýslunefndar. Hún hefir yfir höfuð umsjón með því, að hreppsnefndirnar hegði sjer í sveitarstjórnarathöfnum sínum eftir lögum og löglegum fyrirskipunum.

Ef sýslunefnd virðist, að hreppsnefnd hafi látið greiða ólögmæt gjöld, eða leitt hjá sjer að framkvæma einhverja ráðstöfun, sem hún er skyld til og ekki fellur undir 30. gr., eða að hún hafi á annan hátt farið fram yfir það, sem hún hefir vald til, skal sýslunefndin sjá um, að þessu sje kipt í lag, og, ef nauðsyn ber til, getur hún falið oddvita sínum að beita þvingunarsektum, til þess að boðum hennar verði framfylgt, og auk þess komið fram ábyrgð á hendur einstökum hreppsnefndarmönnum við dómstólana.

39. gr. hljóðar svo:

Sýslunefnd kýs á ári hverju mann eða menn úr sínum flokki til að yfirskoða ársreikninga allra hreppa í sýslunni og fjallskilareikninga (sbr. 25. gr.). Endurskoðari skal, ef honum þykir ástæða til, senda hreppsnefndaroddvita athugasemdir sínar fyrir 10. dag marsmánaðar, og ber oddvita að svara þeim fyrir 31. mars næst á eftir. Síðan skal úrskurða reikningana á aðalfundi nefndarinnar; semur sýslumaður síðan eftir þeim yfirlit yfir efnahag hreppanna og sendir hagstofunni.

Yfirskoðara þessara reikninga má veita þóknun úr sýslusjóði, eftir því sem nefndin ákveður.

44. gr. hljóðar svo:

Sýslunefnd skal á aðalfundi semja áætlun fyrir yfirstandandi reikningsár um tekjur og gjöld sýslusjóðs. Að því leyti, sem lögskipuð gjöld og aðrar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum, skal jafna því, sem á vantar, niður á hreppsfjelög sýslunnar, að þriðjungi eftir samanlögðu skattmati fasteigna, að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmanna og að þriðjungi eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausrar eignar og tekna af eign og atvinnu, alt í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjald það, er þannig kemur á hvert hreppsfjelag, skal greitt úr

sveitarsjóði, og skal hreppsnefndaroddviti greiða sýslumanni það á næsta manntalsþingi.

53. gr. hljóðar svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau lög, sem hjer segir:

Sveitastjórnarlög nr. 43, 10. nóv. 1905, að því leyti, sem þau eru ekki áður úr gildi feld.

Lög nr. 16, 26. okt. 1917, um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Lög nr. 67, 27. júní 1921, um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Lög nr. 29, 19. júní 1922, 2. og 3. gr.

Nd. 257. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á hafnarbótum í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu og vörnum gegn snjóflóðum á sama stað.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka þegar á komandi vori:

1. Á hvern hátt bæta megi höfnina í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu, svo trygg verði vjelbátum, svo og nauðsynlegar lendingarbætur þar.
2. Á hvern hátt heppilegast og tryggast sje að setja varnir gegn skemdum af snjóflóðum í Hnífsdal.

Greinargerð.

Hnífsdalur við Ísafjarðardjúp er eitt af stærstu sjóþorpum á Vesturlandi og sjósókn þar mjög mikil, enda hafa þar verið um langt skeið hinir mestu sægarpar. Í þorpinu búa nú frek 300 manna, sem lifa því nær eingöngu af fiskiveiðum, sem nálega eingöngu eru stundaðar á mótorbátum 4—8 smálesta að stærð.

Höfnin í Hnífsdal er nú svo ljeleg, að bátar geta ekki legið þar næturlangt, nema yfir hásumarið. Sjómenn þar á staðnum verða að lokinni sjóferð að færa báta sína til Ísafjarðar og sækja þá þangað að nóttu til, þá er á sjó er farið.

Frá Hnífsdal er langt að sækja á djúpmið, 3 til 5 kl.stunda ferð hvora leið, úr landi og í.

Þetta hafnleysi veldur því, að sjómenn á þessum stað tapa oft af sjóferð vegna þess, að þegar veður batnar seinni hluta nætur, þá er ekki nægur tími til sjóferðar, af því að þá er eftir að fara tveggja tíma leið til þess að sækja bátana til Ísafjarðar. Auk þess eru svo miklir erfiðleikar á að sækja bátana, að menn gera það ekki að jafnaði nema fult útlit sje fyrir, að á sjó gefi, en við það getur og hefir mörg sjóferð farist fyrir.

Annað atriðið, sem þingsályktunartillagan fer fram á, að rannsakað sje, eru varnir gegn snjóflóðum í Hnífsdal.

Öllum mun í fersku minni hið hörmulega slys, sem varð í Hnífsdal 18. febr. 1911, þegar snjóflóðið hljóp úr Búðargili og banaði yfir tuttugu manns og slasaði marga fleiri. Auk þess urðu þorpsbúar fyrir um 80 þúsund króna tapi í missi húsa, skipa, búpenings, útgerðaráhalda og annara muna.

Síðan hefir það þráfaldlega komið fyrir, að þorpsbúar hafa flúið, dögum og jafnvel vikum saman, úr þeim húsum, sem eru í mestri hættu af snjóflóði. Það má nærri geta, hver áhrif slík yfirvofandi hætta hefir á þá, sem við slíkt eiga að búa árum eða jafnvel áratugum saman.

Alt kák til varnar þessum vágesti er fánýtt og aðeins til þess að kasta fje á glæ. Fyrir því er það, að þorpsbúar óska þess mjög eindregið, að sendur verði verkfræðingur til þess að rannsaka og gera tillögur um það, á hvern hátt heppilegast sje að framkvæma nauðsynlegar varnir.

Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir, að verkfræðingur sá, er þessi verkefni fær til rannsókna, geri og áætlun yfir kostnaðinn við framkvæmd þeirra.

Nd. 258. Nefndarálit

um frumvarp til laga um samskóla Reykjavíkur.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um frv. þetta. Minni hlutinn er því mótfallinn, að það verði að lögum.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, er stofnað til hinna stórfeldustu framkvæmda, sem enn hafa átt sjer stað í skólamálum landsins. Er vart útlit fyrir, að ríkissjóður geti í bráð tekið á sig þau útgjöld, sem af þessu frv. leiðir. Áætlun um stofnkostnaðinn er mjög á reiki og því ekki hægt að gera sjer ábyggilega grein fyrir, hve mikill hann muni reynast. Í fyrstu upplýsingum, sem nefndinni voru gefnar, var áætlað, að hús yfir skólana mundu kosta um 750 þús. kr., og var þá ríkissjóðshlutinn 250 þús. kr. Samkvæmt nál. meiri hl. hefir þessi áætlun hækkað allríflega, og er nú ríkissjóðshlutinn orðinn 348 þús. kr., eða nálega 100 þús. kr. hærri en upphaflega var gert ráð fyrir. Enn er þó ekki nein vissa fengin um hinn sanna áætlunarkostnað, því að fullkomin teikning liggur alls ekki fyrir, heldur aðeins »lauslegt riss«. Má alt eins búast við, að stofnkostnaðurinn verði miklu meiri en nú er áætlað. Lítur minni hlutinn svo á, að undirbúningurinn sje í þessu efni alt of skamt á veg kominn til þess, að forsvaranlegt sje að samþykkja frv. að sinni. Það er og ástæða til að óttast, að alt hvað stofnkostnaðurinn fer fram úr hinni upphaflegu áætlun, þá lendi öll sú viðbót á ríkissjóði. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir að vísu tjáð sig samþykka aðalatriðum frumvarpsins, en ekki frekar en aðrir aðiljar átt kost á að taka afstöðu til fullgerðrar

kostnaðaráætlunar, sem þó hefði virst vera nauðsynlegt, einkum þar sem bærinn hefir annað stórfyrirtæki á prjónunum, barnaskólann nýja. Verslunarráðið hefir, að því er sjeð verður, ekki yfir neinni upphæð að ráða til að leggja fram til stofnkostnaðarins, en hefir góð orð um að leita »á sínum tíma« samskota meðal kaupsýslumanna. Iðnaðarmannafjelagið bindur sig við hina upphaflegu, lauslegu áætlun og lofar að leggja fram 60 þús. kr. — Minni hl. telur eigi óhugsandi, að byggingarkostnaðurinn kynni að hlaupa upp í eina miljón kr., eða meira, og að ríkissjóðshlutinn yrði þá nálægt $^1/_2$ milj. kr. Það hefir sýnt sig, að teygst getur úr kostnaði við stór mannvirki, stórum meira en lauslegar áætlanir gera ráð fyrir.

Með þessa hlið málsins fyrir augum telur minni hlutinn það alveg ótímabært að samþykkja frv. þetta. En hjer við bætist, að telja verður afaróheppilegt að setja upp slíka stofnun sem samskólarnir eru, meðan enn eru ekki til lög um skipulag ungmennafræðslunnar í landinu, sem tryggi öðrum landshlutum sama rjett og Reykjavík á að njóta samkv. frumvarpinu. Með frv. þessu er gengið inn á nýja braut um stofnun og rekstur ungmennaskóla, þar sem til þess er ætlast, að ríkið láti reisa skólahúsið og að kennarar sjeu skipaðir af ríkisstjórninni og fái laun sín úr ríkissjóði, er svo á endurgjaldskröfu hjá bæjarsjóði Reykjavíkur, en um ungmennaskóla í sveitum (Laugum, Núpi, Hvítárbakka) hefir allur vegur og vandi af skólastofnun og rekstri hvílt á hjeruðunum sjálfum eða forgöngumönnum skólanna, sem svo hafa átt og eiga enn undir högg að sækja hjá fjárveitingavaldinu um styrk til skólanna. Þarf ekki að útskýra það nánar, hvílíkt misrjetti er fólgið í þessum aðstöðumun. Það er ekki fullrannsakað mál, hvor leiðin sje heillavænlegri, að gera ungmennaskólana að opinberum stofnunum eða reka þá sem einkafyrirtæki hjeraðanna, með opinberum styrk og undir opinberu eftirliti. Vitanlega verður sama reglan að gilda alstaðar, eftir því sem við verður komið, en fyrir því er ekki trygging fengin, þó að þetta frv. verði að lögum.

Hinu vill minni hl. ekki neita, að þörf sje á aukinni ungmennafræðslu í Reykjavík og mun fyrir sitt leyti styðja skynsamlegar og framkvæmanlegar tillögur til umbóta í því efni.

Af sjerskólum þeim, sem frv. gerir ráð fyrir, að teknir verði inn í samskólana, er einn núverandi ríkisskóli, vjelstjóraskólinn; en tveir eru einkaskólar, verslunarskólinn, sem nú hefir 6 þús. kr. styrk úr ríkissjóði, og iðnaðarmannaskólinn, sem hefir 6600 kr. styrk. Vjelstjóraskólinn á við ófullnægjandi húsnæði að búa, en um einkaskólana er minni hl. ekki kunnugt, að rekstur þeirra hafi farið svo illa úr hendi, að mjög aðkallandi þörf sje á, að ríkið taki þá upp á arma sína. En mjög furðar minni hl. sig á því, að ekki skuli hafa verið leitað um þetta mál álits þeirra, sem að samvinnuskólanum standa, nje á neinn hátt tekið tillit til samvinnuskólans við samningu þessa frv., þar sem sá skóli starfar þó að miklu þjóðnýtara markmiði en verslunarskóli kaupmanna. Verði þetta frv. að lögum, hljóta allir þeir, sem unna starfsemi samvinnuskólans, að gera þá kröfu og fylgja henni fast fram, að hann fái frá ríkinu hlutfallslega sömu framlög til stofnkostnaðar og rekstrar, sem þeir sjerskólar, er teknir verða inn í samskóla Reykjavíkur.

Að öðru leyti sjer minni hl. ekki ástæðu til að rekja nánar mótbárur

sínar gegn þessu frv., en væntanlega verður tækifæri til þess þegar málið kemur til umræðu í deildinni.

Alþingi, 26. mars 1927.

Jón Guðnason, fundaskrifari og framsm. Bernh. Stefánsson.

Nd. **259. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Flutningsm : Jón Guðnason.

Aftan við greinina komi:
Lína frá Staðarfelli um Ormsstaði að Skarði.
Lína frá Harrastöðum yfir Bröttubrekku að Dalsmynni.
Lína frá Búðardal að Leikskálum.
Lína frá Stórholti að Tjaldanesi.

Ed. **260. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv., og lítur hún svo á, að þótt breyting sú, sem það gerir á nýlegum lögum um þetta efni, skifti ekki miklu máli, þá sje hún til bóta.

Háttvirt Nd. hefir haft frv. til meðferðar og að áliti nefndarinnar nokkuð spilt því með því að fella niður 3. málsgr. 1. gr., þótt við svo búið verði látið sitja.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr.

Aftan við orðin »aldur barna« í niðurlagi 3. málsl. bætist inn í: hinn sama á öllu landinu.

Alþingi, 25. mars 1927.

Jóh. Jóhannesson, form. Guðm. Ólafsson, fundaskrifari og frsm.
Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **261. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 243 [Járnbrautarlagning og virkjun Urriðafoss].

Frá Sveini Ólafssyni.

Tillagan orðist svo:

Sjerleyfið fellur þegar úr gildi, ef ekki verður byrjað á lagningu járnbrautar 1. maí 1929. Sömu skulu viðurlög, ef verkið dregst svo, að eigi er hálfnað í árslok 1931, og verða þá jafnframt öll unnin mannvirki ríkiseign án endurgjalds til sjerleyfishafa.

Nd. **262. Varatillaga**

við breytingartillögu á þskj. 221 [Járnbrautarlagning og virkjun Urriðafoss].

Frá Jakob Möller.

Við III. 3, við 9. gr.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef sjerleyfishafi hættir að reka fyrirtækið án samþykkis ráðherra, skal járnbrautin með öllu tilheyrandi verða eign ríkissjóðs endurgjaldslaust.

Nd. **263. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 220 [Gjald af innlendum tollvörutegundum].

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við B. Við 2. gr. c. Í stað orðanna »Gjaldið ... ... aðflutningsgjaldsins« komi: Gjaldið af þessum vörum hækkar þriðja hvert ár upp í $^1/_3$ og loks $^1/_4$ aðflutningsgjaldsins.

Ed. **264. Frumvarp**

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita hlutafjelaginu »Titan« sjerleyfi til:

1. Að leggja járnbraut frá Reykjavík um Hellisheiði, yfir Ölfusá og að Þjórsá í nánd við Urriðafoss.
2. Að virkja Urriðafoss í Þjórsá. Leyfið felur í sjer heimild til þess að gera uppistöðu í ánni ofan við fossinn og strengi þá, sem að honum liggja, hækka eða lækka vatnsborð eða farveg, gera vatnsrásir ofan jarðar eða neðan eftir þörfum, þar á meðal brottrás handa vatni frá orkuveri og yfir höfuð að fara með vatnið eftir því, sem nauðsyn krefur til þess að ná úr því orku þess og svo sem samrýmast má landslögum. Gert er ráð fyrir, að virkjaðar verði alt að 160000 hestorkum.
3. Að reisa orkuver í nánd við Urriðafoss, í því skyni að breyta vatnsorku þeirri, sem í 2. tölul. segir, í raforku, og starfrækja það eða þau.
4. Að leiða raforku frá orkuveri eða orkuverum þeim, er í 3. tölul. greinir, til staðar í nánd við Reykjavík, um þá staði og með þeim hætti, er henta þykir og nánar skal fram tekið í sjerleyfisbrjefi, til afnota í iðjuveri eða iðjuverum, sbr. 5. tölul.
5. Að reisa iðjuver til saltpjetursvinslu og annarar iðju til hagnýtingar raforkunni.
6. Að gera vegi eða önnur samgöngutæki, sem nauðsynleg eru að áliti ráðherra vegna virkjunarinnar, orkuvinslunnar eða orkunýtingarinnar.
7. Að taka lögnámi land og rjettindi yfir landi, svo og að leggja kvaðir á land, að því leyti sem nauðsynlegt er til þess að koma fyrirtækjum þeim í framkvæmd, sem 1.—6. tölul. greinir.

2. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa varnarþing á Íslandi, enda hafi hann hjer búsettan umboðsmann, er birta megi stefnu og svari til sakar fyrir dómi í málum á hendur leyfishafa, en að minsta kosti $^2/_3$ hlutar stjórnarmanna skulu vera búsettir á Íslandi.

3. gr.

Ekki má framselja sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ráðherra komi til, enda fullnægi nýr leyfishafi öllum settum skilyrðum sjerleyfis.

4. gr.

Sjerleyfistími má vera alt að 70 árum.

5. gr.

Sjerleyfishafi skal vera undanþeginn eignarskatti, tekjuskatti til ríkissjóðs, útsvari og hærra útflutningsgjaldi en nú er, eða öðrum samskonar gjöldum, er á kunna að verða lögð. Í stað þess skal hann gjalda af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum 3 kr. árlega af hverri nýttri hestorku fyrstu 10 árin, en síðan 5 kr. árlega af hverri nýttri hestorku. Gjald þetta skiftist þannig milli ríkissjóðs og sveitarsjóðs, að ríkissjóður hlýtur $^2/_3$ hluta, en sveitarsjóður þriðjung. Sveitarsjóðshlutinn skiftist eftir ákvörðun ráðherra milli sveita þeirra, er hlut eiga að máli eða verða fyrir átroðningi og usla af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum.

Sú raforka, sem seld er til almennings samkvæmt sjerleyfislögum, skal þó undanþegin þessu árgjaldi.

6. gr.

Um sölu á raforku til almennings fer eftir sjerleyfislögum. Þó skal verð árshestorkunnar ekki fara fram úr 55 krónum.

7. gr.

Skylt skal sjerleyfishafa, þegar komin er á fót vinsla köfnunarefnisáburðar, að láta ríkisstjórninni í tje, eftir ósk Búnaðarfjelags Íslands, alt að 3000 smálestum áburðarins árlega við verði, sem ekki má fara meira en 5% fram úr vinslukostnaði og ætíð skal vera 5% undir heildsöluverði samkynja áburðar í Noregi. Áburðurinn afhendist í Reykjavík í útflutningsumbúðum.

8. gr.

Járnbrautin milli Reykjavíkur og Þjórsár skal gerð úr nýju, völdu efni og að öllu leyti eftir fyrirmælum ráðherra, en nánari ákvæði þar að lútandi ber að greina í sjerleyfi. Ráðherra ákveður einnig, hvar og hve margar járnbrautarstöðvar skuli vera, og telst kostnaður af byggingu þeirra til lagningarkostnaðar brautarinnar.

9. gr.

Kostnaðurinn við járnbrautina skal greiðast þannig:

a. Reykjavíkurkaupstaður kostar land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning vestan afrjettar eða almennings á Hellisheiði.
b. Árnessýsla kostar á sama hátt land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning austan afrjettar eða almennings á Hellisheiði, þar með talin stöð austan eða vestan Ölfusár.
c. Rangárvallasýsla kostar á sama hátt land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning frá stöð við Ölfusá að Þjórsá.
d. Ríkissjóður leggur fram þriðjung kostnaðar af járnbrautargerðinni að öðru leyti, þar með taldir brautarvagnar og annað það, er samkvæmt venju tilheyrir slíku mannvirki, eftir ákvörðun ráðherra, þó ekki yfir 2 milj. kr., og er ríkisstjórninni heimilt að taka það fje að láni að nokkru eða öllu leyti. Fjeð greiðist eftir á, eftir því, sem verkinu miðar áfram, á þann hátt, er sjerleyfið tiltekur.
e. Sjerleyfishafi leggur fram allan annan kostnað við brautargerðina.

10. gr.

Sjerleyfishafi framkvæmir járnbrautarlagninguna og rekur fyrirtækið á sinn kostnað, enda tekur hann tekjur af því. Ráðherra ákveður öll flutningsgjöld og hefir eftirlit með rekstri brautarinnar. Ríkissjóður á ekki tilkall til vaxta af framlagi sínu fyr en hreinar rekstrartekjur brautarinnar nægja til þess að leyfishafi fái 6% ársvexti af framlagi sínu. Verði rekstrartekjurnar

meiri, fær ríkissjóður vexti af framlagi sínu, alt að 6%. Sje þá enn afgangur af rekstrartekjum, skiftist hann milli ríkissjóðs og leyfishafa í hlutfalli við framlög þeirra til járnbrautarinnar.

Ríkissjóði er heimilt, hvenær sem er á leyfistímanum, að taka við járnbrautinni með öllu tilheyrandi til umsjár og eignar, gegn því að greiða sjerleyfishafa matsverð hennar, að frádregnum hluta ríkissjóðs, eftir nánari ákvæðum í sjerleyfinu.

Umboðsmaður ráðherra á hvenær sem er aðgang að öllum bókum járnbrautarfyrirtækisins, og ráðherra getur sett allar nauðsynlegar reglur um eftirlitið með rekstri og reikningsfærslu þess.

11. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa byrjað á lagningu járnbrautarinnar eigi síðar en 1. maí 1929 og verkinu skal lokið eigi síðar en 1. júlí 1933.

Á mannvirkjum, er lúta að virkjun Urriðafoss, skal byrjað eigi síðar en 1. júlí 1934.

Verði járnbrautarlagningunni ekki haldið áfram með þeim hraða, að henni geti orðið lokið á tilsettum tíma, eða stöðvist verkið algerlega, fellur sjerleyfið úr gildi og verða unnin mannvirki ríkiseign án endurgjalds til sjerleyfishafa.

12. gr.

Rjettindi og skyldur sjerleyfishafa og skifti hans og ríkisstjórnar fara samkvæmt landslögum, þ. á. m. sjerleyfislögum, að svo miklu leyti sem ekki er um mælt í lögum þessum.

Nú skilur aðilja á um það, hvort atriði skuli sæta úrlausn eftir þessum lögum eða öðrum landslögum, og skal þá hæstirjettur einn dæma um það. Sjerleyfisdómur samkvæmt sjerleyfislögum sker annars úr, ef ágreiningur verður um efndir á ákvæðum sjerleyfisins, með þeim hætti, sem segir í sjerleyfislögum.

Ed. **265. Nefndarálit**

um frv. til laga um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fellst í öllum aðalatriðum á það fyrirkomulag, sem ríkisstjórnin vill hafa viðvíkjandi varðskipunum samkvæmt þessu frumvarpi.

Árum saman hefir verið að því unnið utan þings og innan, að Íslendingar tækju í sínar hendur landhelgisvarnirnar að nokkru eða öllu leyti, og er nú svo komið, að landhelgin er varin á íslenskum skipum að miklu leyti.

En um leið og ríkið þannig gerir út skip með fullkomnum áhöldum til að hafa löggæsluna á hendi innan landhelgi vorrar, verður að sjá fyrir því, að þeir, sem löggæsluna hafa á hendi, sjeu starfi sínu vaxnir og þeir hafi þá að-

stöðu, sem gerir þeim fært að leysa það af hendi á sem svipaðastan hátt því, er hjá öðrum þjóðum tíðkast.

Hjá nágrannaþjóðum vorum er eftirlit landhelginnar ýmist framkvæmt af sjóliðinu (Marine militaire) eingöngu eða af því og sjólögreglunni (Police maritime) í sameiningu.

Samkvæmt frumvarpinu svara löggæslumenn þeir, sem hafa eiga eftirlit með landhelgi vorri, til hinnar síðarnefndu.

Þó að nefndin fallist í öllum aðalatriðum á frv., eins og áður segir, þykir henni rjett að gera á því nokkrar breytingar, aðallega til að tryggja rjett þeirra manna, sem á skipunum verða, í líkingu við það, sem gert er annars í siglingalögunum, þar eð þau ná ekki til sýslunarmanna þessara.

Nefndinni virðist sjálfsagt, að allir skipverjar á varðskipunum sjeu slysatrygðir á líkan hátt eða engu ver en skipverjar á öðrum skipum ríkisins, þar eð telja verður, að starf þeirra fyrnefndu sje engu hættuminna en hinna. Ákvæði 3. gr. um frávikning sýslunarmanna þessara vill nefndin orða þannig, að um þá gildi í því efni sömu reglur og um aðra sýslunarmenn ríkisins.

Það mun venja, að kyndarar sjeu ávalt ráðnir með ráði vjelameistara, og álítur nefndin rjett, að svo sje einnig hjer.

Ákvæði um það, að hve miklu leyti siglingatími skipverja á varðskipunum skuli tekinn til greina, samanborið við siglingatíma þeirra, sem búa við siglingalögin, virðist vanta í frv., og hefir nefndin því komið með tillögu þar að lútandi.

Það leiðir af sjálfu sjer samkvæmt frv., að reglur siglingalaganna gilda ekki um skipverja á varðskipunum, og virðist síðustu málsgrein 5. gr. frv. því vera ofaukið. Vill nefndin því fella hana burtu.

Með því líklegt er, að sumir skipverja kunni að verða á skipunum aðeins um stundarsakir og að þeir fari úr þjónustu ríkisins eftir því, sem siglingatími þeirra og önnur atvik kunna að opna þeim leið að öðrum stöðum, virðist sanngjarnt, að ákvæði sjeu um það, að þeir undir þeim kringumstæðum eigi rjett á endurgreiðslu á iðgjöldum þeim í lífeyrissjóð, sem þeir hafa greitt meðan þeir voru á varðskipunum, og ætlast nefndin til, að þá sje farið eftir reglum laga nr. 51 frá 1921.

Þetta ákvæði ætlast nefndin þó til, að nái eigi til skipherra, 1. stýrimanns nje 1. vjelstjóra, þar sem búast má við, að þeir skifti sjaldnar um stöðu.

Samkvæmt framansögðu vill nefndin leggja til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
   og skulu slysatrygðir eftir svipuðum reglum og hliðstæðir starfsmenn á öðrum skipum ríkisins og skipum Eimskipafjelags Íslands eru nú.
2. Við 3. gr. Síðari málsgrein falli burt, í stað hennar komi:
   Um frávikning sýslunarmanna á varðskipunum, hvort heldur er um

stundarsakir eða fyrir fult og alt, gilda sömu reglur og um aðra sýslunarmenn ríkisins.

3. Við 4. gr. 1. málsgr.
   Á eftir orðunum »í umboði ráðuneytisins« komi: Þó skulu kyndarar ávalt ráðnir í samráði við 1. vjelstjóra.
4. Við 5. gr. 2. málsgr. Málsgr. orðist þannig:
   Siglingatími sýslunarmanna á varðskipunum skal tekinn til greina sem siglingatími skráðra manna á öðrum eimskipum sömu stærðar í utanlandssiglingum.
5. Við 5. gr. Síðasta málsgrein falli burt.
6. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:
   Sýslunarmenn þessir, aðrir en skipherra, 1. stýrimaður og 1. vjelstjóri, fá að öðru leyti endurgreiðslu iðgjalda úr lífeyrissjóði eftir reglum laga nr. 51, 1921, 4. gr.

Alþingi, 28. mars 1927.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.	Jóhann Þ. Jósefsson, framsögum.

Nd. 266. Frumvarp

til laga um atkvæðagreiðslu utan kjörstaðar kjósenda við alþingiskosningar.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. gr.

Alþingiskjósendur, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá þegar kosning fer fram, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis á þann hátt, sem hjer segir, samkvæmt reglum þeim, er settar eru í lögum þessum:

1) Á hverjum þeim kjörstað, sem þeir eru staddir á þegar kosning fer fram.
2) Á íslensku skipi.
3) Á þann hátt, að þeir senda hreppstjóra eða bæjarfógeta í því umdæmi, þar sem þeir standa á kjörskrá, atkvæðaseðil.

2. gr.

Ráðuneytið annast um, á kostnað ríkissjóðs, útvegun kjörseðla, svo og fylgibrjefa þeirra og umslaga, er þar til heyra, og gætir þess, að yfirkjörstjórnir hafi jafnan í sínum vörslum nægar birgðir af kjörgögnum þessum. Kjörgögn þessi skulu vera komin hæfilegum tíma á undan hverri kosningu í hendur öllum bæjarfógetum, sýslumönnum, umboðsmönnum þeirra og hreppstjórum og einnig vera nægar birgðir til af þeim hjá skipstjóra á hverju íslensku skipi.

Ennfremur skulu kjörgögnin fást á kjördegi hjá hverri kjörstjórn. Skal yfirkjörstjórn í tæka tíð senda kjörgögn þessi, svo mörg sem henni þykir þurfa, til allra framannefndra aðilja í kjördæminu og bóka, hve mikið hún sendir á hvern stað. Nú er skipaskráningarumdæmi tvö eða fleiri kjördæmi, og er lögreglustjóra þá skylt að láta hvorri (hverri) yfirkjörstjórn í tje nægilega fljótt skrá um öll skráð skip, sem eiga heimilisfang í kjördæmi hennar.

Eyðublöð undir kjörseðla skulu vera úr haldgóðum hvítum pappír og á þau prentað við efri rönd orðið »Kjörseðill«. Engin önnur einkenni sjeu á seðlinum. Umslögin um þá skulu vera ógagnsæ og hæfilega stór og prentað á þau orðið »Atkvæði«.

Eyðublöð undir fylgibrjefin með kjörseðlunum (og vottorð þau, sem heimtuð eru) semur ráðuneytið. Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessum lögum er því aðeins gild, að notaðir sjeu hinir fyrirskipuðu atkvæðaseðlar, umslög og fylgibrjef.

3. gr.

Kosning fer svo fram, að kjósandi ritar á atkvæðaseðilinn nafn þess þingmannsefnis eða þeirra þingmannaefna, ef fleiri en einn á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa, af þeim sem í kjöri eru.

Þar sem hlutbundnar kosningar eru lögteknar, skulu þær kosningar fara svo fram, að kjósandi ritar bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

Þeir kjósendur, er neyta kosningarrjettar síns samkvæmt þessum lögum, mega ekki greiða atkvæði fyr en framboðsfrestur þingmannaefna — eða lista — samkvæmt kosningalögunum er liðinn, og telst atkvæðið greitt þann dag, er fylgibrjefið er dagsett.

Enginn má við sömu kosningar senda frá sjer nema einn kjörseðil. Kjörseðillinn gildir við þá kosningu, er fer fram næst á eftir að fylgibrjefið er dagsett.

4. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal í einrúmi og án þess að nokkur sjái rita atkvæði sitt — nafn þingmannsefnis eða þingmannaefna, ef fleiri en einn á að kjósa, eða listabókstaf, ef hlutbundin kosning er, með ákvæðum um röð, ef hann vill — á kjörseðilinn, leggja hann því næst inn í þar til gert umslag og líma það aftur. Hann útfyllir því næst og undirskrifar fylgibrjefið, en kjörseðilinn má hann ekki undirskrifa.

Í fylgibrjefinu skal kjósandinn gefa nákvæmar upplýsingar um nafn sitt, stöðu og heimili í hreppnum eða kaupstaðnum, svo og um þau atvik, er því valda, að hann getur ekki mætt sjálfur á kjörstaðnum til að greiða atkvæði, og skal hann jafnframt staðfesta með drengskaparvottorði, að hann þvingunarlaust, í einrúmi og án þess nokkur maður hafi sjeð hafi útfylt kjörseðilinn, lagt hann í umslagið og límt það aftur.

Á fylgibrjefið skal vera ritað vottorð um, að undirskrift og dagsetning sje rjett og að kjörseðillinn sje útfyltur í einrúmi. Vottorð þetta á að vera

undirritað af skipstjóra á íslensku skipi ásamt einum manni af skipshöfninni sem tilkvöddum vitundarvotti, ef kjósandi er sjómaður, eða af sýslumanni, umboðsmanni hans eða hreppstjóra. Þar, sem hreppi hefir verið skift í kjördeildir, getur og formaður kjörstjórnar í hlutaðeigandi kjördeild undirritað vottorðið.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði og getur ekki náð til sýslumanns, umboðsmanns hans eða hreppstjóra, og skal þá vottorðið gefið af þeim, er í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

Þá er vottorðið er gefið af skipstjóra eða þeim, er í hans stað gengur á skipinu, skal geta um atkvæðagreiðsluna í dagbók skipsins; þar skal skýrt frá fullu nafni kjósandans, í hvaða umdæmi hann stendur á kjörskrá og hver hafi verið til kvaddur sem vitni að undirskrift hans.

Umslagið með kjörseðlinum og fylgibrjefið skal kjósandinn því næst láta í sjerstakt þar til gert umslag, sbr. 2. gr., loka því og rita utan á það til yfirkjörstjórnarinnar eða hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta í því kjördæmi, þar sem hann stendur á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðaseðill, og skal kjósandi undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjörumdæmi.

5. gr.

Hreppstjóri eða bæjarfógeti innfærir í sjerstaka skrá brjef þau, er hann veitir móttöku, í áframhaldandi töluröð. Skal geta þess við hvert brjef, hvenær tekið hafi verið á móti því, og rita á það tilsvarandi tölunúmer. Skrá þessa með kvittunum (sbr. þriðju málsgr.), ásamt brjefunum og skriflegum kjörgögnum, ógildum og ónotuðum, sendir bæjarfógeti eða hreppstjóri síðan hlutaðeigandi undirkjörstjórn svo tímanlega, að hún sje komin í hendur henni áður en kjörfundur er settur. Skrá þessi sendist yfirkjörstjórn að kosningu lokinni.

Undirkjörstjórn skal athuga, hvort talan á skránni (skriflegu atkvæðin), að viðbættum ógildum og ónotuðum seðlum, kemur heim við tölu skriflegra kjörgagna, er yfirkjörstjórn hefir sent.

Þeir kjósendur, sem óska að greiða atkvæði fyrir kjördag og senda sjálfir atkvæði sitt, skulu kosta sendingu brjefsins og gefa kvittun fyrir mótteknum kjörgögnum, og sendir hreppstjóri eða bæjarfógeti kvittun þá til undirkjörstjórnar, ásamt skránni yfir útlátin kjörgögn.

Skrifleg atkvæði, sem greidd eru á kjörfundi, skulu innfærð á sjerstaka skrá, og sendir undirkjörstjórn hana ásamt ónotuðum og ógildum skriflegum kjörgögnum til yfirkjörstjórnar.

Undirkjörstjórnir skulu á kjördegi leyfa manni að kjósa skriflega, er telur sig á kjörskrá annarsstaðar, nema þær viti með vissu, að sá, er atkvæði vill greiða, standi hvergi á kjörskrá.

Undirkjörstjórn ber að senda hlutaðeigandi yfirkjörstjórn skrá yfir nöfn þeirra kjósenda, er kosningarrjettar hafa neytt, í útskrift úr kjörskránni, staðfesta af kjörstjórn og umboðsmönnum.

6. gr.

Áður en atkvæðagreiðsla byrjar, opnar kjörstjórnin fylgibrjef þeirra manna, er telja sig á kjörskrá hreppsins eða kaupstaðarins og henni hafa borist, rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo reynist, setja meðkjörstjórarnir merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

Komi það í ljós, að hlutaðeigandi standi ekki á kjörskrá, eða að hann sje búinn að greiða atkvæði eða hafi afsalað sjer kosningarrjetti í því umdæmi, eða kjörstjórnin hafi fengið vitneskju um, að hann hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórnin umslagið með atkvæðaseðlinum og fylgibrjefið aftur inn í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er annað en fylgibrjefið og eitt umslag, eða ef sjáanlegt er, að ekki hafi verið notuð þau umslög og eyðublöð, er stjórnarráðið hefir látið gera, eða ekki hefir verið farið eftir þeim reglum við atkvæðagreiðsluna, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Þau atkvæðaumslög, sem tekin eru gild, eru því næst lögð í atkvæðakassann um leið og atkvæðagreiðsla byrjar.

Þau umslög, sem kjörstjórninni eru afhent eftir að atkvæðagreiðsla er byrjuð, eru rannsökuð á sama hátt öll í einu, og þau, sem gild eru tekin, lögð í kjörkassann áður en atkvæðagreiðslu er lokið.

Brjefleg atkvæði utansveitarmanna skal undirkjörstjórn senda yfirkjörstjórn þess kjördæmis, þar sem þeir telja sig á kjörskrá samkvæmt fyrirmælum 9. gr.

7. gr.

Atkvæði þau, sem greidd eru samkvæmt þessum lögum, eru ógild:

1) Þegar ekki verður sjeð með vissu, hvort nafn það, sem stendur á atkvæðaseðlinum, á við nokkurt af þingmannaefnum þeim, sem í kjöri eru í kjördæminu, eða, þá er um hlutbundna kosningu er að ræða, hvaða listi er kosinn.
2) Þegar í atkvæðaumslaginu er annað en einn atkvæðaseðill.
3) Þegar ekki hefir verið notaður við atkvæðagreiðsluna atkvæðaseðill sá, sem stjórnarráðið hefir látið gera, eða annað er ritað á hann en það, sem ákveðið er í 3. gr., eða á seðilinn eru sett strik eða merki, er ætla má að sjeu sett til þess að gera hann þekkjanlegan. Þó verður atkvæðaseðill við hlutbundnar kosningar ekki ógildur, þótt á honum standi auk listabókstafsins orðið »listabókstafur«, ef ekki verður álitið, að það sje gert til að gera seðilinn auðkennilegan.

8. gr.

Sjerhverjum skipstjóra á íslensku skipi er skylt að hafa vakandi auga á því og veita yfirkjörstjórninni til þess nauðsynlega aðstoð, að komnar sjeu í hans hendur í tæka tíð fyrir hverja kosningu nægar birgðir af eyðublöðum undir kosningarseðla og fylgibrjef með tilheyrandi umslögum, og í híbýlum skipshafnarinnar á skipinu skal vera uppfestur

útdráttur af gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslu þeirra manna, er í lögum þessum greinir, og semur stjórnarráðið útdráttinn. Ennfremur er það skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru nýjar kosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna, og mega þeir ekki neita skipshöfninni um aðstoð við atkvæðagreiðsluna eða neita sjómanni um landgönguleyfi til að greiða atkvæði hjá íslenskum stjórnarvöldum, nema því aðeins, að nauðsynleg störf á skipinu, sem ekki þola bið, hindri. Brot gegn þessu varða alt að 100 kr. sektum, er renna í landssjóð. Að kjördegi liðnum, svo fljótt sem unt er, skal skipstjóri senda hin brjeflegu atkvæði, hafi hann ekki áður sent þau, til yfirkjörstjórnar þess kjördæmis, þar sem kjósandi telur sig á kjörskrá. Skrá, er um getur í 5. gr., yfir brjefleg atkvæði, ógild og afgangs kjörgögn skal skipstjóri senda hlutaðeigandi yfirkjörstjórn.

9. gr.

Brjefleg atkvæði utankjördæmismanna skulu undirkjörstjórnir og skipstjórar senda í innsigluðum ábyrgðarpóstsendingum til yfirkjörstjórna. Kostnaðinn við sending hinna brjeflegu atkvæða skal undirkjörstjórn eða skipstjóri greiða og fá endurgreiddan úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði.

10. gr.

Fyrir afhending kjörseðla og vottorð, þau er ræðir um í þessum lögum, greiðast engin gjöld.

11. gr.

Ráðuneytið semur leiðarvísi samkvæmt lögum þessum og sendir yfirkjörstjórn í hverju kjördæmi, en hún annast síðan úthlutun þeirra til undirkjörstjórna, hreppstjóra, bæjarfógeta og skipstjóra.

12. gr.

Að öðru leyti gilda reglur kosningalaganna um kosningar þær, er í lögum þessum getur, að því leyti, sem þær geta við átt.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 50, 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi fallin, svo og önnur lagaákvæði, er í bága kunna að koma við lög þessi.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndinni hefir borist frv. til laga um breyting á kosningalögunum í þá átt að færa kjördag til almennra óhlutbundinna kosninga til 1. júlí. Nefndin telur

þessa breytingu nauðsynlega til að tryggja kjósendum víðsvegar um land örugga aðstöðu til að geta sótt kjörfund. Í mörgum kjördæmum landsins hagar svo til, að ill veðrátta og yfirfærð getur hamlað þorra kjósenda frá að sækja kjörfund í vetrarbyrjun.

En til frekari tryggingar fyrir því, að sem flestir kjósendur geti neytt kosningarrjettar síns, vill meiri hl. nefndarinnar gera þá breytingu á núgildandi lögum, að menn megi kjósa á kjörstað á kjördegi hvar sem þeir eru staddir. Með þessu móti er full trygging fengin fyrir því, að allir þeir kjósendur geti neytt kosningarrjettar síns, er nokkurn vilja hafa á því.

Að þessu miða breytingar þær á kosningalögunum, sem gerðar eru með frv. þessu.

Nánar í framsögu.

Nd. **267. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 24, 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Nú er maður smitberi eða grunaður um að vera smitberi einhvers þess sjúkdóms, er getur um í 2. gr. laga nr. 24, 16. nóv. 1907, og er heilbrigðisstjórninni þá heimilt, þegar henni þykir ástæða til, að fara með hann eins og hann væri haldinn af þeim sjúkdómi.

Ed. **268. Nefndarálit**

um frv. til laga um varnir gegn sýkingu nytjajurta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og komist að þeirri niðurstöðu að leggja til, að það verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna »Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að« í upphafi greinarinnar komi: Atvinnumálaráðuneytið skal.
2. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Ráðuneytið getur kvatt garðyrkjustjóra, meðan hann er launaður af

opinberu fje, til aðstoðar við framkvæmd þessara laga, svo og alla þá, er starfa að ræktun landsins og að einhverju leyti eru launaðir af opinberu fje. Er þessum aðstoðarmönnum ráðuneytisins heimilt að framkvæma þær rannsóknir, er þurfa þykir, hvort heldur er í sölubúðum, geymslustöðum, matjurtagörðum eða öðrum gróðrarreitum. Þeim er og heimilt að taka nauðsynleg sýnishorn til rannsókna án endurgjalds og gera þær bráðabirgðaráðstafanir, er nauðsynlegar teljast.

3. Við 5. gr. Fyrir orðin »Ákveða má í reglugerð« í upphafi greinarinnar komi: Í reglugerð skal ákveða.

Alþingi, 28. mars 1927.

Einar Jónsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Jónas Kristjánsson.

Nd. **269. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar á Litla Árskógssandi við Eyjafjörð.

Flutningsm.: Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Á Litla Árskógssandi í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndarinnar í Árskógshreppi.

Ed. **270. Frumvarp**

til laga um laun skipherra og skipverja á varðeimskipum ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Skipherrar hafa að byrjunarlaunum 6000 kr. á ári, en launin hækka á þriggja ára fresti um 400 kr. upp í 7200 kr. á ári.

2. gr.

Yfirstýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3500 kr., en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 3900 kr. á ári.

Annar stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3100 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 3500 kr. á ári.

Þriðji stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 2900 kr. á ári.

3. gr.

Yfirvjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir yfir 700 hestöfl, hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 5400 kr. á ári.

Yfirvjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir 200 til 700 hestöfl, hefir að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 4900 kr. á ári.

Annar vjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir yfir 700 hestöfl, hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 4400 kr. á ári.

Annar vjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir 200 til 700 hestöfl, og þriðji vjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir yfir 700 hestöfl, hefir að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 3400 kr. á ári.

4. gr.

Loftskeytamaður 1. flokks hefir að byrjunarlaunum 2300 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr., upp í 2700 kr. á ári.

Loftskeytamaður 2. flokks hefir að byrjunarlaunum 2100 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 2500 kr. á ári.

5. gr.

Fullgildur háseti hefir að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 50 kr. upp í 2200 kr. á ári. Enginn getur orðið skipaður fullgildur háseti, nema hann hafi siglt 24 mánuði, þar af að minsta kosti 6 mánuði sem viðvaningur á varðeimskipi eða verslunareimskipi.

6. gr.

Yfirkyndari hefir að byrjunarlaunum 2100 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 50 kr. upp í 2300 kr. á ári.

Fullgildur kyndari hefir að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 50 kr. upp í 2200 kr. á ári.

Enginn getur orðið skipaður yfirkyndari, nema hann hafi verið fullgildur kyndari í 12 mánuði. Fullgildur kyndari skal hafa siglt að minsta kosti 6 mánuði sem óvanur kyndari.

7. gr.

Matsveinn hefir að byrjunarlaunum 2300 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 50 kr. upp í 2500 kr. á ári.

8. gr.

Auk hinna föstu launa, sem talin eru í 1.—7. gr., njóta starfsmenn þessir dýrtíðaruppbótar á þau laun eftir sömu reglum, sem gilda eða settar kunna að verða fyrir starfsmenn ríkisins alment. Ennfremur hafa þeir ókeypis fæði fyrir sjálfa sig á skipinu.

Starfsmenn þessir greiða iðgjöld í lífeyrissjóð embættismanna og öðlast rjett til lífeyris fyrir sig og ekkjur sínar samkvæmt lögum nr. 51, 27. júní 1921.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn mánaðarkaup án dýrtíðaruppbótar fyrir viðvaninga, óvaninga og vikadrengi, sem ráðnir kynnu að verða á skipin. Svo er honum og heimilt að gera samning við bryta um borgun fyrir fæði skipshafnar fyrir eitt ár í senn.

10. gr.

Launaákvæði 1. gr. skulu eigi vera því til fyrirstöðu, að núverandi skipherrar haldi þeim launum, er um var samið þá er þeir rjeðust í þjónustu ríkisins.

11. gr.

Starfstími þeirra af skipverjum, sem áður voru að staðaldri í þjónustu Björgunarfjelags Vestmannaeyja, telst frá þeim tíma, er þeir lögskráðust í fyrsta skifti á björgunar- og eftirlitsskipið »Þór«, og reiknast kauphækkun þeirra eftir því.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Nd. **271. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 26, 15. júní 1926, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til þess að gefa út nýja flokka bankavaxtabrjefa.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Eftir 2. gr. komi nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. 3. gr.

Ef gildi íslenskra peninga hækkar aftur og kemst svo nálægt hinu gamla gullverði, að vanti minna en 5%, skal á næsta gjalddaga allra lána í 5., 6. og

7. flokki veðdeildarinnar, svo og á næsta gjalddaga allra lána í ræktunarsjóði, sem veitt hafa verið eftir að lög nr. 14, 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, gengu í gildi, lækka ógreiddan höfuðstól lánanna um 20 af hundraði. Lengd lánstíma breytist ekki þessa vegna, en árlegar afborganir lækka í sama hlutfalli.

b. 4. gr.

Komi ákvæði 3. gr. til framkvæmda, skal samtímis greiða úr ríkissjóði til veðdeildar og ræktunarsjóðs jafnháa upphæð og þarf til þess að lækka lánin um 20%.

Ed. **272. Breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

1. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   27. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:
   Þingmenn kosnir í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir til 4 ára, nema þegar Alþingi er rofið, þá skulu þeir kosnir aðeins til þess tíma, sem eftir er af því kjörtímabili. Þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum um land alt skulu kosnir til 8 ára, og fer helmingur þeirra frá fjórða hvert ár. Ætíð skulu fara saman hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar, nema þingrof geri annað nauðsynlegt.
   Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt.
2. Við 6. gr. Á eftir greininni komi ný gr., svo hljóðandi:
   Síðari málsgrein 30. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:
   Dómarar í hæstarjetti, bæjarfógetar, sýslumenn, bankastjórar og útibússtjórar bankanna eru þó ekki kjörgengir.
3. Við 7. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:
   33. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:
   Samkomustaður Alþingis er í Reykjavík. Eftir 1929 má þó með einföldum lögum ákveða, að samkomustaður Alþingis skuli vera á Þingvöllum.
4. Við 8. gr. Eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:
   40. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:
   Ekkert lagafrumvarp, nema fjárlög, má samþykkja til fullnaðar fyr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri deild. Fjárlög skal ræða í sameinuðu þingi með þrem umræðum.
5. Við 9. gr. Greinin falli niður.
6. Við 10. gr. Greinin falli niður.
   Greinatala frumvarpsins breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Nd. **273. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um vantraust á núverandi ríkisstjórn.

Flutningsmenn: Þorleifur Jónsson, Tryggvi Þórhallsson, Bernharð Stefánsson, Jón Guðnason, Ingólfur Bjarnarson.

I. Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að lýsa yfir, að með því að vitanlegt er, að núverandi stjórn er í minni hluta í neðri deild og án meirihlutastuðnings í sameinuðu þingi, sem og vegna þess, að eigi er sjáanlegt, að meirihlutastjórn verði hægt að mynda á þessu þingi, en kosningar fara í hönd, verði að svo stöddu að líta á stjórnina sem starfandi til bráðabirgða.

II. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar viðvíkjandi núverandi landsstjórn.

Nd. **274. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um hvalveiðar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Á Alþingi 1925 var frumvarp um þetta efni borið fram í neðri deild. Náði það samþykki þeirrar deildar, en var í efri deild vísað til stjórnarinnar. Frumvarp það, er hjer liggur fyrir, er eins og það var þá samþykt við 3. umr. í neðri deild.

Þrír nefndarmanna (Bernh. St., Ól. Thors og Sigurj. J.) mæla með því, að háttv. deild samþykki frumvarp þetta óbreytt. Tveir nefndarmanna (Sv. Ól. og H. V.) hafa óbundið atkvæði sitt um málið.

Þykir að öðru leyti mega nægja að vísa til umræðna þeirra, er urðu um málið 1925.

Alþingi, 28. mars 1927.

Sveinn Ólafsson, form. Sigurjón Jónsson, frsm.

Hjeðinn Valdimarsson. Bernh. Stefánsson. Ólafur Thors.

Nd. **275. Tillaga**

til þingsályktunar um uppbót til starfsmanna ríkisins.

Flutningsm.: Magnús Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson, Jakob Möller.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða opinberum starfsmönnum, sem dýrtíðaruppbót fá úr ríkissjóði, dýrtíðaruppbót frá 1. jan. 1927, er nemi 66% af öllum þeim launum, sem dýrtíðaruppbót er reiknuð af.

Til vara:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða opinberum starfsmönnum, sem dýrtíðaruppbót fá úr ríkissjóði, uppbót, er nemi 200 krónum með hverju barni, sem er á þeirra framfæri. Uppbót þessi reiknast frá 1. jan. 1927.

Greinargerð.

Dýrtíðaruppbót opinberra starfsmanna er nú orðin svo lág og ósanngjörn, að ekki er hægt við að una. En með því að endurskoðun á launalögunum á að fara fram á næsta Alþingi þykir ekki heppilegt að fara nú fram á beina breyting á þeim lögum, heldur virðist mega nægja að fela ríkisstjórninni það með ályktun þingsins að bæta úr þessu á þessu ári. Annars koma ástæður fyrir máli þessu vel fram í brjefi því frá sambandi starfsmanna ríkisins, sem hjer er birt sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

SAMBAND EMBÆTTISMANNA
OG STARFSMANNA RÍKISINS.

Reykjavík, 10. febr. 1927.

Á almennum fundi embættismanna og starfsmanna ríkisins, er haldinn var í Reykjavík 15. des. f. á., voru samþyktar eftirfarandi tillögur:

Aðaltillagan, er samþykt var í einu hljóði, var sú að fara þess á leit við þing og stjórn, að *dýrtíðaruppbót yrði þegar frá ársbyrjun 1927 reiknuð af öllum launum.*

En *til vara:*

a. að reyna að fá ómagauppbót.
b. að fá staðaruppbót fyrir Reykjavík.

Þá voru ennfremur samþyktar tvær tillögur, er koma skyldu til greina, þá er launalögin yrðu endurskoðuð:

c. að fá dýrtíðaruppbótinni breytt, ef henni yrði haldið áfram, þannig og til greina kæmi húsaleiga, ljós, hiti, fatnaður, skattar o. fl.

d. að dýrtíðaruppbót yrði reiknuð út oftar en einu sinni á ári.

Því næst voru tillögur þessar bornar upp í einstökum deildum Sambandsins, fjelagi skóla- og safnamanna, prestafjelaginu, fjelagi lögfræðinga og hagfræðinga, póstmannafjelaginu og fjelagi símamanna og samþyktar undantekningalítið, en allar deildir Sambandsins voru samhuga um að skora á fulltrúaráðið og framkvæmdanefnd þess að halda aðaltillögunni fram við þing og stjórn, að reyna nú þegar að fá uppbót á öllum laununum frá byrjun þessa árs.

Nú hafði formaður framkvæmdanefndar þegar leitað ásjár stjórnarinnar um launamálið, undireins og uppvíst varð í októbermánuði síðastliðnum, að verðstuðulsuppbótin fjelli úr $67^1/_3\%$ niður í 44%, en fjekk þá það svar frá forsætisráðherra, að þetta mál yrði að bíða, þangað til þing kæmi saman og skyldi framkvæmdanefndin þá leita til þingnefndanna um það.

Nú er þing komið saman og fastanefndir kosnar. Leyfum vjer oss því nú að snúa oss til fjárveitinganefnda og fjárhagsnefnda beggja deilda um það að líta nú á nauðsyn vora, embættismanna og starfsmanna ríkisins.

Dýrtíðaruppbót flestra vor hefir nú um áramótin verið feld niður um alt að 1000 kr. fyrir hvern starfsmann, eða úr $67^1/_3\%$ niður í 44%, sakir þess, að reiknað hefir verið eftir hinum gamla matvörugrundvelli, þótt aðrar lífsnauðsynjar manna, eins og t. d. kolin, hafi frekar hækkað en lækkað, og þótt búreikningsvísitala Hagstofunnar sýni, að vjer ættum að rjettu lagi að fá sem svarar fullri uppbót á öllum laununum, $65^1/_3\%$ eða jafnvel meira.

Hin upprunalega ástæða til þess að veita að eins dýrtíðaruppbót á $^2/_3$ launanna og reikna hana út eftir matvöruverði var sú, að þegar launalögin voru samþykt, þótti handhægast að reikna hana út eftir hækkun og lækkun matvæla. En á þessu tímabili höfðu einmitt matvörur hækkað meira í verði en aðrar vörur, svo að þá samsvaraði það nokkurn veginn fullri dýrtíðaruppbót, ef veitt var uppbót á $^2/_3$ launanna. Þetta má sjá í Alþingistíðindum 1919, A. I. Fskj. II. við þingskj. 26, sjerstaklega á bls. 298. Nú er þessi ástæða, að matvörur hafi hækkað meira í verði frá stríðsbyrjun en aðrar vörur, burtu fallin og meira en það. Eftir búreikningstölu Hagstofunnar í október 1926 er nefnilega vísitalan fyrir matvöru að eins 236, en fyrir aðrar vörur 258 og meðaltal af hvorutveggja 247.

Ef veitt væri dýrtíðaruppbót af öllum laununum, þá ættum vjer nú að fá 66% í stað 44%. En ef farið væri eftir búreikningsvísitölu Hagstofunnar í október f. á., þá ættum vjer að fá $65^1/_3\%$ eða sem næst fullri dýrtíðaruppbót af öllum laununum — skeikar að eins um $^2/_3\%$, sem á vantar í fulla dýrtíðaruppbót. — Búreikningstala Hagstofunnar var nefnilega, eins og þegar er tekið fram, í okt. 1926 247. Ef gengið er út frá 125 í stað 100, eins og þingið ætlast til um embættislaun, þá yrði þessi vísitala 198 og uppbótin 98%, ef miðað væri við öll laun, en $65^1/_3\%$, ef miðað er við $^2/_3$ launanna. En nú er vitanlega búreikn-

ingsvísitala Hagstofunnar of lág, því að húsaleiga er þar áætluð eftir byggingarkostnaði, en samsvarar ekki raunverulegri húsaleigu í Reykjavík. Samkvæmt henni ætti búreikningstalan að vera 275 í stað 247.

Þetta sýnir nú best sanngirnina í kröfum vorum, að ekki skuli skeika nema um $^2/_3$% frá búreikningsvísitölu Hagstofunnar, þótt vjer fengjum uppbót á öllum launum vorum. Því eftir búreikningsvísitölunni fengjum vjer $65^1/_3$% — sem þó er of lágt reiknað — í stað 66%, sem oss að rjettu lagi *ber* að fá.

Vjer höfum ástæðu til að ætla, að landsstjórnin líti líkt á þetta mál og vjer, af því að hún hefir fyrir sitt leyti samþykt, að uppbót á launum aðalgjaldkera og aðalbókara Landsbankans skuli þetta ár vera 65%, eins og annara starfsmanna bankans. En ef svo er með starfsmenn Landsbankans, stofnunar, sem ríkið á, þá er engin sanngirni í því, að allir aðrir embættismenn og starfsmenn ríkisins sjeu settir á neðsta þrep launastigans og fái ekki nema 44%.

Vjer leyfum oss því fyrir hönd Sambands embættismanna og starfsmanna ríkisins að fara þess á leit við þing og stjórn:

1. að oss verði veitt *full dýrtíðaruppbót af öllum launum vorum fyrir yfirstandandi ár* eða 66%.
2. til vara, að oss verði veitt uppbót eftir búreikningsvísitölu Hagstofunnar í okt. 1926 eða $65^1/_3$%, miðað við $^2/_3$ launanna.

Aðrar kröfur höfum vjer ekki ástæðu til að gera að svo stöddu, hvorki um ómagauppbót nje staðaruppbót fyrir Reykjavík, sem bæði mundi valda miklum útreikningum og ef til vill þykja órjettlát. En vjer áskiljum oss að mega koma fram með ýmsar aðrar tillögur um það bil, sem launalögin í heild sinni verða endurskoðuð, sbr. brjef vort til stjórnarinnar, dags. 10. apríl f. á.

Framkvæmdanefnd Sambands embættismanna og starfsmanna ríkisins

Virðingarfylst.

Agúst H. Bjarnason. Skúli Skúlason. Gísli Bjarnason. Guðm. Bergsson.
S. Dahlmann.

Til Alþingis.

Ed. **276. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

26. gr. ofannefndra laga orðist svo:

Sje barnsfúlga sú, er barnsföður (meðlagsskyldum) er skylt að borga

með óskilgetnu barni samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni, ekki greidd á rjettum gjalddaga, og eigi móðir þess rjett til framfærslu hjer á landi, þá er henni heimilt, áður en eitt ár er liðið frá gjalddaga, að krefjast þess, að fúlgan verði greidd henni af sveitarfje í dvalarsveit hennar, þó eigi meira en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, er barnið dvelur í. En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveður atvinnumálaráðuneytið, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, fyrir hvert sveitarfjelag um 3 ár í senn, og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna, hinn sama á öllu landinu. Beiðni barnsmóður til dvalarsveitar skal fylgja meðlagsúrskurður valdsmanns, löglega birtur, eða samningur, staðfestur af honum og löglega birtur, og lífsvottorð barnsins, enda láti móðirin uppi þá skýrslu um framfærslusveit barnsföður (meðlagsskylds), sem hún er fær um.

Meðlagið skal talinn sveitarstyrkur til handa barnsföður (meðlagsskyldum) frá dvalarsveit móður, og fer um endurgjald á honum sem öðrum sveitarstyrk.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1928.

Ed. **277. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

Frá Einari Jónssyni.

Við 9. gr. c. Liðurinn orðist svo:

Rangárvallasýsla kostar á sama hátt, að hálfu leyti móti Árnessýslu, land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning frá stöð við Ölfusá að Þjórsá.

Nd. **278. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 254 [Samskóli Reykjavíkur].

Frá Sigurjóni Jónssyni.

Síðari málsliður »Þar til slík sameining ... ... « til enda greinarinnar falli niður.

Nd. **279. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1926.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1926, eru veittar samkv. 2.—8. gr. hjer á eftir kr. 289407,68.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

1.	Til aðgerðar á ráðherrabústaðnum	35000,00	
2.	Til sendiherra í Kaupmannahöfn, laun o. fl.	22500,00	
			57500,00

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

1.	Læknisvitjunarstyrkur Suðureyrarhrepps fyrir 1924 (endurveiting)	200,00	
2.	Styrkur upp í legukostnað Bjarna Jónssonar frá Vogi ..	2500,00	
3.	Til byggingar starfsmannabústaðar á Vífilsstöðum ...	15000,00	
4.	Til kostnaðar við mænusóttarsjúklinga	4600,00	
			22300,00

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

	Til kaupa á snjóbíl	25000,00

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

1.	Styrkur til húsabyggingar á prestssetrinu Höskuldsstöðum	14000,00	
2.	Til íbúðarhúsbyggingar á Bergþórshvoli	30000,00	
3.	Álag á kirkjuna á Kálfafellsstað	3500,00	
4.	Álag á Auðkúlukirkju	1000,00	
5.	Til síra Bjarna Jónssonar og síra Friðriks Rafnars upp í kostnað við að sækja kirkjuþing í Stokkhólmi 1925, 500 kr. til hvors	1000,00	
6.	Til miðstöðvar á Hólum í Hjaltadal...	6550,29	
7.	Til aðgerðar á húsinu nr. 12 í Kirkjustræti, rannsóknarstofu háskólans	10500,00	
8.	Utanfararstyrkur til skólastjóra Halldórs Vilhjálmssonar	1500,00	
9.	Til gagnfræðaskólans á Akureyri, málning o. fl.	6700,00	
10.	Til viðbótarbyggingar við daufdumbraskólann	45000,00	
11.	Til aðgerðar á stýrimannaskólanum	3300,00	
			123050,29
		Flyt	**227850,29**

		Flutt	227850,29

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1.	Tillag til Bureau International de Statistique Commerciale, Bruxelles	967,55	
2.	Til landsbókasafnshússins, málning o. fl.	3500,00	
3.	Aðstoð á Þjóðskjalasafninu	900,00	
4.	Landsbókavörður Guðm. Finnbogason: Launabót... ...	1125,00	
5.	Til Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará, til þjóðsagnasöfnunar (Endurveiting)	500,00	
6.	Til að sækja sagnfræðingamót erlendis	1500,00	
7.	Til að sækja blaðamannafund í Málmey og Genf	1000,00	
8.	Til að sækja bindindisþing í Dorpat	500,00	
9.	Til minningarrits um Eggert Ólafsson	2000,00	
		———	11992,55

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1.	Aðgerð á varnargarði fyrir Holtsá undir Eyjafjöllum ...	1321,55	
2.	Til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki	35000,00	
3.	Til skógræktar- og sandgræðslunáms	200,00	
4.	Magnús Einarson dýralæknir: Utanfararstyrkur	1500,00	
5.	Til varnargarðs fyrir Þverá í Öngulsstaðahreppi	3000,00	
6.	Til endurbótar sjóvarnargörðum í Selvogi	1042,41	
7.	Til aðstoðarmanns í efnarannsóknarstofunni, Bjarna Jósefssonar cand. polyt., frá 1. júlí	2100,00	
		———	44163,96

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

1.	Til frú Kristínar Jacobson, ekkju Jóns Jacobson landsbókavarðar, frá 1. júlí 1925...	1538,00	
2.	Til frú Kristbjargar Marteinsdóttur, ekkju Sig. Jónssonar, fyrv. ráðherra, frá 1. febr. 1926	920,34	
3.	Til fyrv. póstafgreiðslumanns Kristjáns Blöndals, frá 1. maí 1926	1115,55	
4.	Til frú Kirstínar P. Blöndal, ekkju fyrv. hjeraðslæknis Ásgeirs Blöndals, frá 1. febr. 1926	460,17	
5.	Til frú Ragnheiðar Torfadóttur, ekkju fyrv. skólastjóra Hjartar Snorrasonar, frá 1. sept. 1925	906,66	
6.	Til frú Guðlaugar Magnúsdóttur, ekkju Bjarna Jónssonar frá Vogi, og barna hennar, frá 1. okt. 1926	460,16	
		———	5400,88
			kr. 289407,68

Nd. **280. Þingsályktun**

viðvíkjandi núverandi landsstjórn.

(Afgreidd frá Nd. 29. mars).

Neðri deild Alþingis ályktar að lýsa yfir, að með því að vitanlegt er, að núverandi stjórn er í minni hluta í neðri deild og án meirihlutastuðnings í sameinuðu þingi, sem og vegna þess, að eigi er sjáanlegt, að meirihlutastjórn verði hægt að mynda á þessu þingi, en kosningar fara í hönd, verði að svo stöddu að líta á stjórnina sem starfandi til bráðabirgða.

Ed. **281 Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til sveitarstjórnarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er nú komið aftur frá háttv. Nd., er hefir gert eina óverulega breyting á því, nefnil. þá, að sömu ákvæði eru tekin upp í frv. um endurskoðun fjallskilasjóðsreikninga í þeim hreppum, er eiga fjallskilasjóði, og sveitarsjóðsreikninganna.

Nefndin lítur svo á, að þessi breyting sje til skýringar, það sem hún nær, en vill taka það fram, að um fleiri sjóði getur verið að ræða, sem eru undir umsjón hreppsnefnda.

Að sjálfsögðu er ætlast til, að um endurskoðun ársreikninga slíkra sjóða, hverju nafni sem nefnast, fari eins og um endurskoðun sveitarsjóðsreikninganna, og sú mun hafa verið venja, þótt engin ákvæði um það hafi staðið í sveitarstjórnarlögunum.

Að svo mæltu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt.

Alþingi, 30. mars 1927.

Jóh. Jóhannesson, form.	Guðm. Ólafsson, fundaskr. og frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **282. Frumvarp**

til laga um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Enginn má reka tilbúning á vörutegund, sem toll ber af að greiða samkvæmt tolllögum, ef hún er flutt til landsins frá útlöndum, nema hann

hafi fengið leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem framleiðslan fer fram. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr. til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs.

2. gr.

Fyrir tollvörutegundir sem tilbúnar eru hjer á landi, skal greiða gjald í ríkissjóð, er miða skal við aðflutningsgjaldið á hverri tollvörutegund eftir tolllögum þeim, er gilda hverju sinni, þannig:

a. Fyrir tóbaksvindla og vindlinga: hálft aðflutningsgjald.
   Með vindlingum skal greiða gjald af umbúðum þeim, pappír, öskjum eða dósum, sem þeir eru seldir í.
b. Fyrir brjóstsykur og konfekt og óáfeng vín: þriðjung aðflutningsgjalds.
c. Fyrir ávaxtasafa, kaffibæti og fyrir öl, limonade og aðra samskonar drykki, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, 1/6 hluta aðflutningsgjalds. Gjaldið af þessum vörum hækkar þriðja hvert ár upp í 1/5 og loks 1/4 aðflutningsgjaldsins. Af sódavatni greiðist ekkert gjald.
   Efnivörur til framleiðslu innlendrar tollvörugerðar skulu undanþegnar verðtolli.

3. gr.

Vörugerðarmaður skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en varan er látin burt frá honum, seld eða send til umboðssölu. Nær þetta ákvæði til allrar þeirrar vöru, sem er látin burt, seld eða send til umboðssölu eftir að lög þessi öðlast gildi.

4. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar verða eftir lögum þessum, er vörugerðarmaður lætur þær af hendi, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og fyrir sektum. Sjeu rjett skil ekki gerð, getur lögreglustjóri selt þær birgðir af tilbúinni gjaldskyldri vöru, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til gjaldskyldrar vöru eða efni í hana, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

5. gr.

Ráðherra setur reglugerð um vörugerðina, um afhendingu og sölu varanna, um bókhald vörugerðar og eftirlit með því og um annað það, er þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtuna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, þar á meðal dagsektir.

Í reglugerðinni má heimila lögreglustjóra að veita vörugerðarmanni gjaldfrest, gegn tryggingu, er lögreglustjóri telur gilda, þó aldrei lengur en svo, að allt áfallið gjald sje að fullu greitt í lok hvers ársfjórðungs.

Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samviskuvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

6. gr.

Brot gegn fyrirmælum laga þessara, eða gegn reglugerð, er sett verður samkvæmt 5. gr. þeirra, varða sektum, alt að 500 krónum. Nú verður vörugerðarmaður uppvís að því að hafa sagt rangt til um vörugerð sína eða birgðir, eða selt af birgðum í heimildarleysi án þess að gjaldið sje greitt, og varðar það þann, sem brotið hefir, sektum frá 100 til 1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefir reynt að draga undan.

7. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða gegn reglugerð, sem sett er samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir allar renna í ríkissjóð.

8. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt þeim reglum, er gilda um opinber reikningsskil.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31, 28. nóv. 1919. Leyfisbrjef til vörugerðar, er gefin hafa verið út samkvæmt þeim lögum, halda gildi sínu.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Ed. **283. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 30. mars 1924.

Björn Kristjánsson, form. Jónas Kristjánsson. Jón Baldvinsson.

Jónas Jónsson. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og framsm.

Nd. **284. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1928 og við breytingartillögur á þskj. 233.

I. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 2. gr. 9. (Skólagjöld).
Liðurinn fellur niður.

II. Frá *Birni Lindal.*
Við 12. gr. 5. a. Nýr liður:
Styrkur til augnlæknis á Akureyri 1500
Til vara 1000

III. Frá *Jakob Möller.*
Við 12. gr. 11. (Jón Kristjánsson).
Við liðinn kemur svo hljóðandi athugasemd:
Stjórninni er heimilt að láta falla niður vexti og afborganir af viðlagasjóðsláni Jóns Kristjánssonar fyrir árin 1924—1926.

IV. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 12. gr. 16. d. (Sjúkraskýli og læknisbústaðir).
a. Fyrir »20000« kemur 28000
b. Athugasemd á eftir:
Þar af til kvenfjelagsins »Gleym mjer ei« á Flatey á Breiðafirði 2000 kr.

V. Frá *Birni Lindal.*
Við 12. gr. 16. p. Nýr liður:
Til Jóns Kristjánssonar, veitingamanns á Akureyri, til þess að bæta honum að nokkru skaða, er hann beið af sóttvarnaráðstöfunum 1924 1000

VI. Frá *Jóni Guðnasyni.*
Við 13. gr. B. II. a. 4. Nýr liður:
Vesturlandsvegur [frá Dalsmynni að Fellsenda] 25000

VII. Frá *Bernharði Stefánssyni.*
Við 13. gr. B. II. a. 7. (Þelamerkurvegur).
Fyrir »10000« kemur 20000

VIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 13. gr. B. VIII. Nýr liður:
Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá 300

IX. Frá *sjávarútvegsnefnd.*
Við 13. gr. E. V. a. Nýr liður:
Til þriggja radio-vita á Suður- og Vesturlandi, eftir nánari ákvörðun vitamálastjóra 75000

X. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Jóni Guðnasyni.*
Við 14. gr. A. b. 4. Athugasemd á eftir:
Ef fje sparast á þessum lið, vegna þess að prestaköll eru laus, er kirkjustjórninni heimilt, samkvæmt tillögu prestastefnu, að verja alt að einum prestslaunum með dýrtíðaruppbót til þess að greiða ferðakostnað handa prestvígðum manni, einum eða fleirum, til eflingar andlegri samvinnu meðal presta og kristilegra áhrifa á söfnuði úti um land.

XI. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 14. gr. A. b. 4. Athugasemd á eftir:
Greiða má Kjartani prófasti Helgasyni í Hruna full prestslaun með dýrtíðaruppbót, ef hann tekur við stjórn Suðurlandsskólans og lætur þess vegna af prestskap.

XII. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 14. gr. A. b. 7. (Húsabætur á prestssetrum).
Fyrir »35000« kemur 42000

XIII. Frá *mentamálanefnd.*
Við 14. gr. B. I. c. Nýir liðir:
a. Til kennara í grísku 2000
b. Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hjer halda fyrirlestra í háskólanum, alt að 2000

XIV. Frá *Jakob Möller.*
Við 14. B. II. c. Nýr liður:
Til Valgarðs Thoroddsens, námsstyrkur 1200

XV. Frá *Jóni Guðnasyni.*
Við 14. gr. B. II. c. Nýir liðir:
a. Til Sigurkarls Stefánssonar, til háskólanáms (lokastyrkur) 2000
Til vara 1500
b. Til Kristjáns Einarssonar, til að nema rafmagnsfræði í Þýskalandi 2000

XVI Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 14. gr. B. VII.
Athugasemdin (um skólagjöld) fellur niður.

XVII. Frá *Jóni Guðnasyni* og *Jóni A. Jónssyni.*
Við 14. gr. B. VIII. 3. (Staðarfellsskóli).
Fyrir »3000« kemur 4000

XVIII. Frá *Birni Líndal.*
Við 14. gr. B. IX. c. (Iðnaðarmannafjel. á Akureyri).
Fyrir »500« kemur... 1000

XIX. Frá *Sigurjóni Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 2. (Unglingaskólar).
Á undan athugasemdinni kemur ný málsgr.:
Þar af til unglingaskólans á Ísafirði 7500 krónur.

XX. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 4. (Flensborgarskólinn).
Athugasemdin fellur niður.

XXI. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 14. gr. B. XV. Nýr liður:
Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi.. 1500

XXII. Frá *Bernharði Stefánssyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. 4. (Sundlaugar).
Fyrir »4000« kemur: 5000

XXIII. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 14. gr. B. XIX. (Ríkarður Jónsson). Nýr liður:
Til sama, ferðakostnaður til að kynnast þjóðlegri húsgagnalist í Noregi og Svíþjóð 3000

XXIV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 14. Nýr liður:
Til Þorsteins M. Jónssonar, til þess að gefa út »Lýðmentunu«, 75 krónur á örk, enda sjeu bækurnar seldar við verði, sem ekki sje yfir 40 aura hver örk með sömu leturmergð sem er í þeim bókum »Lýðmentunar«, sem út eru komnar, alt að.. 2250

XXV. Frá *Sigurjóni Jónssyni.*
Við 15. gr. 16. Nýr liður:
Til Leikfjelags Ísafjarðar, gegn að minsta kosti 500 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað 800
Til vara:
Til Leikfjelags Ísafjarðar, gegn að minsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað 600

XXVI. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 17. c. (Hljómsveit Reykjavíkur).
Fyrir »1800« kemur 2500

XXVII. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 15. gr. 17. d. Nýr liður:
Til Þórarins Jónssonar tónlistarnema í Berlín ... 1200

XXVIII. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 17. d. Nýir liðir:
a. Til Freymóðs Jóhannssonar, til að fullnuma sig í leiktjaldamálun 2500
b. Til Friðfinns Guðjónssonar leikara, til utanfarar 2500
c. Til Hallgríms Bachmanns Jónssonar, til að kynna sjer ljósaútbúnað og ljósbreytingakerfi í leikhúsum erlendis ... 1800
d. Til Einars Markans söngmanns... 2000

XXIX. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 15. gr. 38. Nýr liður:
Til Sigurðar Skúlasonar stud. mag., til framhaldsnáms í íslenskum fræðum erlendis 2500
Til vara 2000

XXX. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 39. Nýr liður:
Til Einars Ó. Sveinssonar, til að ljúka námi í norrænum fræðum við Hafnarháskóla 2500

XXXI. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 16. gr. 9. c. Nýr stafliður:
Til húsabóta á Hallormsstað 6000

XXXII. Frá *Jóni Guðnasyni.*
Við 16. gr. 10. c. Nýr liður:
Til Eggerts Magnússonar, til dýralækninga 700

XXXIII. Frá *Jakob Möller.*
Við 16. gr. 29. Nýr liður:
Til kvenrjettindafjelags Íslands 500

XXXIV. Frá *Jakob Möller.*
Við 16. gr. 36. Nýr liður:
Til Jóns Eyjólfssonar, til sölutilrauna á söltum og reyktum rauðmaga 1500

XXXV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 16. gr. 36. Nýr liður:
Til Guðmundar Guðjónssonar, til lokanáms í húsgerðarlist 2000
Til vara 1500

XXXVI. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 16. gr. 40. Nýr liður:
Til Byggingarfjelags Reykjavíkur... 5000

XXXVII. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 16. gr. 40. Nýr liður:
Eftirgjöf á viðlagasjóðsláni Patrekshrepps... 20000

XXXVIII. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 17. gr. 3. Nýr liður:
Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík 3500

XXXIX. Frá *Hjeðni Valdimarssyni, Jóni Ólafssyni* og *Jakob Möller.*
Við 17. gr. 3. Nýr liður:
Til sjúkrasamlags Reykjavíkur, til að vinna að því að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga í landinu og stofna ný sjúkrasamlög... 3000

XL. Frá *Birni Líndal, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Árna Jónssyni.*
Við 18. gr. II. e. 10. (Páll J. Árdal).
Fyrir »600« kemur... 1500

XLI. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við brtt. 233, 50. (Ragna Gunnarsdóttir).
Fyrir »400« kemur... 800
Til vara 600

XLII. Frá *Halldóri Stefánssyni.*
Við brtt. 233, 51. a. (Björn Þorláksson).
Fyrir »208« kemur... 408

XLIII. Frá *Jakob Möller.*
Við brtt. 233, 54. a. (Hans Hannesson).
Fyrir »300« kemur... 1000

XLIV. Frá *Birni Líndal.*
Við brtt. 233, 56. a. (Sigurfljóð Einarsdóttir).
Fyrir »300« kemur 500

XLV. Frá *Jakob Möller.*

Við brtt. 233, 57. (Steinunn Sigurðardóttir).

Fyrir »600« kemur 800

XLVI. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*

Við 22. gr. 5. Nýr liður:

Alt að 10000 kr. til Jóns Stefánssonar listmálara, til þess að reisa sjer vinnustofu í Reykjavík, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin tekur gildar.

XLVII. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Jörundi Brynjólfssyni.*

Við 22. gr. 5. Nýr liður:

Alt að 20000 kr. til Böðvars Magnússonar á Laugarvatni, til þess að byggja upp bæjarhús á jörðinni. Lánið er veitt gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, ávaxtast með 6% og endurborgast með jöfnum afborgunum á 25 árum.

Nd. **285. Frumvarp**

til laga um samskóla Reykjavíkur.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í samskólum Reykjavíkur skulu vera fyrst um sinn þessir framhaldsskólar: Ungmennaskóli, iðnskóli, verslunarskóli og vjelstjóraskóli.

2. gr.

Ungmennaskólinn skal annast almenna framhaldsfræðslu, en hinir skólarnir sjerfræðslu, hver á sínu sviði.

3. gr.

Í skólum þessum skulu kendar þessar greinir:

1. *Tungumálagreinir:* íslenska, danska, enska, þýska;
2. *Sagnfræðigreinir og atvinnumál:* sagnfræði, þjóðfjelagsfræði, atvinnu- og viðskiftafræði, samvinnufræði, verslunarrjettur, iðnlöggjöf, atvinnuskipulag;
3. *Náttúru- og eðlisfræðigreinir:* náttúrusaga og náttúrufræði, mannfræði og heilsufræði, efnafræði, eðlisfræði, landafræði;
4. *Talnagreinir:* reikningur, verslunar- og iðnreikningur, stærðfræði, bókfærsla;
5. *Verklegar greinir:* teikning, vjelfræði, smíðar, skrift og vjelritun, efnis- og áhaldafræði, varningsfræði;
6. *Söngur, líkamsæfingar* og *íþróttir.*

Heimilt er, með samþykki eða eftir fyrirmælum kenslumálaráðuneytisins, að breyta námsgreinaskrá skólanna frá því, sem hjer er talið, fjölga eða fækka námsgreinum eftir þörfum.

4. gr.

Samskólarnir halda uppi sameiginlegri eins árs undirbúningsdeild í almennum námsgreinum fyrir nemendur, er vilja búa sig undir inngöngu í einhvern af sjerskólunum. Deild þessari stjórnar skólastjóri ungmennaskólans.

5. gr.

Fastanemendur skólanna eru þeir, er stunda nám í öllum þeim námsgreinum, sem ákveðnar eru til fullnaðarprófs í þeim skóla eða undirbúningsdeild. En auk þessa fastanáms skal leyfa þátttöku í einni námsgrein eða fleirum og einnig stofna til námsskeiða um skamman eða langan tíma, þegar ástæður eru til. Undanþágu má skólastjóri ungmennaskólans veita nemendum skólans í einni eða fleiri námsgreinum, eftir því, sem áhugi og hæfileikar benda til.

6. gr.

Kenslumálaráðuneytið setur sjerreglugerð fyrir hvern þessara skóla, að fengnum tillögum skólaaðilja, en það eru bæjarstjórn Reykjavíkur fyrir ungmennaskólann, stjórn Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík fyrir iðnskólann og Verslunarráð Íslands fyrir verslunarskólann, enda hafi hver aðili tillögurjett um stjórn og rekstur síns skóla. Í reglugerðunum skulu vera ákvæði um inntökuskilyrði, námsgreinir, stundafjölda námsgreina, námsárafjölda, kensluna og kröfur til fullnaðarprófs. Kenslumálaráðuneytið skipar prófdómendur, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð.

7. gr.

Nú krefst skóli til fullnaðarprófs þekkingar í öðru en því, sem heyrir undir sjernám skólans, og skulu þá nemendur fá þá fræðslu í þeim skóla eða skólum stofnunarinnar, sem hafa á hendi kenslu í þeim greinum. Þegar nemendur af þessari ástæðu sækja kenslu í annan skóla en sinn eiginn, skulu þeir, eftir því, sem við verður komið, njóta þar kenslunnar ásamt fastanemendum þess skóla.

Kenslumálaráðuneytið setur reglugerð um þetta og annað samstarf skólanna og öll sameiginleg atriði, að fengnum tillögum skólaráðs.

8. gr.

Hverjum skólanna stýrir skólastjóri, en hinum sameiginlegu málefnum skólanna stjórnar skólaráð, og skulu eiga í því sæti skólastjórar allra skólanna og oddamaður, sem kenslumálaráðuneytið skipar til 4 ára í senn. Hann er fulltrúi ríkisstjórnarinnar og formaður skólaráðs, enda skal honum greidd þóknun úr ríkissjóði, sem ráðuneytið ákveður.

Skólastjóri ungmennafræðaskólans skal hafa á hendi allar fjárreiður skólanna og reikningshald og sjá um eignir þeirra, alt undir umsjón skólaráðs.

Skólastjóra skipar kenslumálaráðuneytið, að fengnum tillögum aðilja, en kennara að fengnum tillögum skólaráðs.

9. gr.

Fastir kennarar skulu vera svo margir sem þörf er á í tvískipaða undirbúningsdeild og einskipaða fasta námsbekki skólanna, en stundakensla að auki eftir þörfum. Skólastjórar teljast í þessu sambandi til fastra kennara.

Þegar bekkir einhvers skólans hafa verið tvískipaðir eða meira um þriggja ára skeið, skulu skipaðir fastir kennarar, sem svarar alt að $^3/_4$ þeirrar fastakenslu, sem er umfram það, er segir í 1. málsgr. þessarar greinar.

Fastir kennarar eru skyldir til að kenna 27 stundir í viku, en í reglugerð skal kveða á um kenslustundafjölda hvers skólastjóra.

Enginn getur fengið veitingu fyrir kennaraembætti við samskólana, nema hann hafi verið settur til að þjóna embættinu að minsta kosti eitt 1 ár. Hafi hann ekki fengið veitingu fyrir embættinu innan tveggja ára, má hann ekki gegna því lengur.

10. gr.

Skólastjóri ungmennaskólans hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári auk dýrtíðaruppbótar lögum samkvæmt, en launin hækka á tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4200 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði í skólahúsinu, ljós og hita. Ennfremur má ráðuneytið ákveða honum þóknun fyrir reikningshald og umsjón.

Skólastjórar verslunarskólans, vjelstjóraskólans og iðnskólans hafa að byrjunarlaunum 4400 kr. auk dýrtíðaruppbótar eftir lögum, og hækka þau á tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 5400 kr. Meðan ekki er fastur dagskóli í iðnskólanum auk kveldskóla, er skólastjórinn skyldur til þess að gegna öðrum starfa aukreitis, er kenslumálaráðuneytið kann að fela honum, gegn þóknun, ef ráðuneytið telur það sanngjarnt.

Fastir kennarar skólanna skulu hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári auk dýrtíðaruppbótar, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4200.

11. gr.

Laun þau, er ræðir um 10. gr., og kostnaður af stundakenslu, er leiðir af fastanámi í skólunum (sbr. 5. gr.) greiðist úr ríkissjóði, en endurgjaldskröfu á hann hjá bæjarsjóði Reykjavíkur á $^1/_4$ hluta þess kenslukostnaðar, sem fastanáminu fylgir í undirbúningsdeild og ungmennaskólanum.

12. gr.

Fyrir alla nemendur skólanna skal greiða skólagjald, er rennur í skólasjóð. Kenslumálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum skólaráðs, hversu há skólagjöld fastanemenda skuli vera, en skólaráð gjöld aukanemenda. Skólagjöldin skal ákveða svo há, að skólasjóður fái staðist þau gjöld, er á honum hvíla. Í skólasjóðinn rennur einnig það fje annað, sem stofnuninni kann að áskotnast, nema öðruvísi sje fyrir mælt.

13. gr.

Úr skólasjóði skal greiða allan kostnað við skólahaldið, sem ekki er lagður á aðra eftir lögum þessum, þar á meðal kostnað af viðhaldi skólahússins, aukningu áhalda, kostnað af námsskeiðum, borgun til kennara, sem ekki falla undir 11. gr., o. fl. Fyrir skólahúsið greiðist engin leiga.

14. gr.

Landsstjórnin lætur reisa handa stofnuninni hæfilega stórt skólahús, vjelahús og vinnustofur með nauðsynlegum áhöldum og útbúnaði, þegar allir aðiljar, en það eru Alþingi, bæjarstjórn Reykjavíkur, Iðnaðarmannafjelagið í Reykjavík fyrir iðnaðarmenn og Verslunarráð Íslands fyrir verslunarmenn, leggja fram nauðsynlegt fje til þess. Stofnkostnaður þessi skiftist þannig milli aðilja, að ríkissjóður leggur fram $^2/_5$, bæjarsjóður Reykjavíkur $^2/_5$ og lóð, er kenslumálaráðuneytið tekur gilda, iðnaðarmenn $^1/_{10}$ og verslunarmenn $^1/_{10}$.

15. gr.

Stofnunin tekur til starfa 1. október næstan eftir að lokið er undirbúningi þeim öllum, sem um er rætt í 14. gr.

Nd. **286. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Sauðár.

Frá landbúnaðarnefnd.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir einróma mælt með því, að Sauðárkrókshreppur fengi keypta þjóðjörðina Sauðá. Hreppsbúum er hin mesta nauðsyn að fá umráð yfir slægjum og haglendi þessarar jarðar. Er Sauðárkrókur talinn að tiltölu við fólksfjölda með fjárflestu kauptúnum á landinu, en hefir hingað til orðið að fá land leigt með erfiðum kjörum.

Samskonar söluheimildir hefir Alþingi veitt á undanförnum þingum, sbr. lög nr. 40, 4. júní 1924, um sölu á kirkjujörðinni Leyningi til Siglufjarðarkaupstaðar, og lög nr. 44, um sölu þjóðjarðanna Ögurs og Sellóns til Stykkishólms, 28. nóv. 1919.

Nefndin hefir orðið einhuga um að fylgja frumvarpinu, en vill þó taka það fram, að hún ætlast til, að mat jarðarinnar miðist við það, að engjahólmi sá, er um getur í greinargerð frumvarpsins, fylgi Sauðárlandi.

Alþingi, 31. mars 1927.

Pjetur Þórðarson, form.	Árni Jónsson, fundaskrifari og frsm.

Halldór Stefánsson. Jörundur Brynjólfsson. Hákon Kristófersson.

Nd. **287. Breytingartillögur**

við frv. til laga um friðun hreindýra.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Greinin verði þannig:
   Hreindýr skulu hvarvetna á landi hjer friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivjelum til 1. janúar 1935. Heimilt skal þó að handsama dýr til eldis.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Brot gegn 1. gr. varða 100 kr. sektum í fyrsta sinn fyrir hvert dýr, sem veitt er, en sektir tvöfaldast við hverja ítrekun brots, alt að 400 kr.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Fara skal með mál, er rísa af brotum á lögum þessum, sem almenn lögreglumál. Sektir skulu hálfar falla til uppljóstrarmanns, en hálfar í sveitarsjóð heimilissveitar hans.

Ed. **288. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun opinberra nefnda.

Flutningsm.: Ingibjörg H. Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá svo um, að færar konur fái sæti í hinum ýmsu nefndum, sem skipaðar kunna að verða í ýms mikilsvarðandi mál, er varða almenning, hvort sem það eru milliþinganefndir eða aðrar fastar nefndir, t. d. í öll fræðslumál, heilbrigðismál, byggingarmál (opinberra bygginga, svo sem skóla, sjúkrahúsa o. fl.), fátækramál, atvinnumál, tollmál, móttökunefndir við hátíðleg tækifæri o. s. frv.

Greinargerð.

Tillaga þessa efnis var samþykt með öllum atkvæðum á almennum kvennafundi, er haldinn var í Reykjavík 4. mars 1927. Nú er konur hafa sömu þjóðfjelagsleg rjettindi sem karlar, ætti það að vera sjálfsagt, að kraftar þeirra væru og teknir í þjónustu þjóðfjelagsins, t. d. til þess að starfa í opinberum nefndum.

Á öllum sviðum þjóðfjelagsmálanna hafa konur nú reynslu og þekkingu, og vegna þess, að konur þekkja ýms mál frá nokkuð öðrum hliðum en karlar, eru þær líklegar til að verða góðir starfsmenn í nefndum og hafa heillavænleg áhrif á úrslit mála.

Nd. **289. Breytingartillögur**

við frv. til laga um friðun hreindýra.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson og Árni Jónsson.

I. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Hreinar eru friðhelgir 1. jan. til 20. ágúst ár hvert. Á öðrum tímum má veiða hreina að fengnu sjerstöku leyfi, sbr. 4. og 5. gr.

II. Á eftir 1. gr. komi 5 nýjar greinar, svo hljóðandi:

2. gr.

Ráðuneytið skipar menn til umsjónar með hreinum og hreinaveiðum, svo marga sem þörf álíst, einn fyrir hvert tiltekið svæði.

3. gr.

Umsjónarmenn skulu gera sjer far um að kynna sjer alt, er við kemur lifnaðarháttum og lífsskilyrðum hreina, viðhaldi hreinastofnsins — fjölgun eða fækkun og orsökum þess. Þeir skulu og hafa sjerstaka gæslu á, að lögum þessum sje hlýtt.

4. gr.

Umsjónarmönnum er heimilt að gefa leyfi til hreinaveiða, ef þeir álíta það óhætt vegna viðhalds og þróunar hreinastofnsins. Leyfi sjeu skrifleg og gilda til einnar veiðiferðar aðeins. Á leyfið skulu skráðar þær reglur og þau takmörk, sem veiðinni eru sett.

Fyrir veiðileyfi greiðist 50 kr. og auk þess 10 kr. fyrir hvert dýr, sem veitt er.

Umsjónarmaður getur sett sjerstakan mann til eftirlits með hverri veiðiför, að reglum veiðileyfis sje hlýtt. Leyfishafi kostar för hans, enda er honum skylt að aðstoða við veiðina.

5. gr.

Veiðileyfi gilda fyrir fullorðin dýr aðeins, og skal til tekið, hversu mörg dýr má veiða og hversu margt af hvoru kyni. Þó má aldrei leyfa að skjóta fleiri en eina kú á móti hverjum tveim törfum.

Bann skal lagt við að skjóta í hreindýrahópa.

6. gr.

Gjöld fyrir veiðileyfi og gjöld fyrir dýr, sem veidd eru samkvæmt veiðileyfi, renna í ríkissjóð.

III. 2. gr., er verður 7. gr., orðist svo:

Fyrir hvert dýr, sem drepið er án leyfis, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 100 kr. sekt. Við ítrekun brots tvöfaldast sektin, alt að 400 kr.

IV. Við 3. gr., er verður 8. gr. Fyrir orðin »í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið« komi: til umsjónarmanns þess umdæmis, er brot er framið í.
V. 4. gr. verður 9. gr.

Nd. **290. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fjórðu málsgrein 1. gr. laganna skal orða svo:

Áður en verkaður eða óverkaður saltfiskur gengur kaupum og sölum innanlands, skal meta hann og flokka eftir gæðum, ef hann er ætlaður til útflutnings í óbreyttu ástandi. Nú er saltfiskur keyptur til útflutnings af erlendu skipi, og skal hann þá ávalt metinn.

Fyrir »Yfirmatsmennirnir skulu einnig hafa« í 5. málsgr. sömu greinar komi: Yfirmatsmenn skulu hafa.

2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, þannig:

Ráðherra skipar hæfan mann til að samræma fiskimatið í öllum landsfjórðungum, og fer hann eftirlitsferðir í því skyni, eftir fyrirmælum ráðherra, til leiðbeiningar yfirfiskimatsmönnum. Þóknun fyrir eftirlitsstarfið og ferðir ákveður ráðherra, og telst það með ferðakostnaði yfirfiskimatsmanna.

Ed. **291. Sveitarstjórnarlög**

(Afgreidd frá Ed. 31. mars.).

1. kafli.

Umdæmi.

1. gr.

Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru, sömuleiðis sýslnamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk.

2. gr.

Sýslum má eigi fækka nje fjölga, nje heldur breyta takmörkum þeirra, nema með sjerstökum lögum.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir heimild til að skifta hreppi, sameina hreppa og breyta hreppamörkum. Eigi má neina slika breyting gera, nema eftir beiðni hreppsnefnda þeirra, er hlut eiga að máli, og meðmælum sýslunefndar, nema þegar svo stendur á sem í 4. gr. segir.

4. gr.

Nú hefir kauptún eða þorp 300 íbúa eða fleiri, og hefir það þá rjett til að fá sjerstaka sveitarstjórn og verða hreppur fyrir sig með þeim ummerkjum, er ráðherra ákveður eftir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar. Ráðherra kveður á sama hátt á um fjárskifti og skulda með hinu nýja hreppsfjelagi og hinum hluta þess hrepps, er það áður var í, og skal við skiftingu þessa farið eftir því, hvernig byrði viðkomandi hrepps hefir verið skift 5 árin næstu á undan, nema samkomulag fáist.

2. kafli.

Stjórn.

5. gr.

Stjórn sveitarmálefna í hreppi hverjum skal á hendi hafa hreppsnefnd og í sýslu hverri sýslunefnd.

A. Hreppsnefndir.

a. Skipun hreppsnefnda o. fl.

6. gr.

Um tölu hreppsnefndarmanna, kosningarrjett og kjörgengi í hreppsnefndir, kjörtímabil og annað, sem lýtur að kosningu í hreppsnefndir, fer eftir lögum um kosningar í málefnum sveita.

7. gr.

Nú er hreppi skift eða hreppar sameinaðir, og ákveður þá ráðherra eftir tillögum sýslunefndar, hve margir menn skuli vera í hreppsnefnd hinna nýju hreppa, og skipar fyrir um kosningar, er af skiftingunni eða sameiningunni leiða.

8 gr.

Þegar hreppsnefnd er kosin, hvort heldur öll eða meiri eða minni hluti (deild) hennar, skal elsti nefndarmaðurinn kveðja alla nefndarmennina á fund, til að kjósa *oddvita*. Kjörtími oddvita er jafnan til næstu almennra hreppsnefndarkosninga (deilda kosninga). Ef oddviti deyr eða gengur úr

nefndinni áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa oddvita í stað hans fyrir það, sem eftir er af oddvitakjörtímanum.

Elsti nefndarmaður stjórnar jafnan oddvitakosningu.

Hver nefndarmaður er skyldur til að taka á móti kosningu til að verða oddviti, eða til að framkvæma önnur sjerstök störf, er nefndin felur honum á hendur. Þó getur sá, sem verið hefir oddviti í 3 ár eða lengur, eða haft önnur sjerstök störf á hendi fyrir nefndina, skorast undan kosningu til þess starfs um jafnlangan tíma og hann hefir verið oddviti þeirrar nefndar, eða haft starfið á hendi.

Hreppsnefnd hver skal kjósa *varaoddvita*, til að gegna störfum oddvita í forföllum hans. Kjörtími varaoddvita er sami og kjörtími oddvita. Enginn nefndarmaður getur skorast undan þeirri kosningu. Oddviti stjórnar kosningu varaoddvita.

Sá er rjett kosinn oddviti eða varaoddviti, er fengið hefir meira en helming þeirra atkvæða, er viðstaddir hreppsnefndarmenn hafa greitt. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa af nýju. Fái þá eigi heldur neinn yfir helming atkvæða, skal fara fram bundin kosning milli þeirra tveggja, er við kosninguna á undan fengu flest atkvæði. Ef atkvæði eru jöfn við síðari óbundnu kosninguna, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli velja, er bundna kosningin fer fram. Sömuleiðis ræður hlutkesti, ef atkvæði eru jöfn við hana.

Hinn nýkosni oddviti tilkynnir þegar sýslumanni kosning oddvita og varaoddvita.

9. gr.

Oddviti kveður nefndarmenn til fundar, stjórnar umræðum og sjer um, að fundargerðir og allar ályktanir nefndarinnar sjeu rjett og nákvæmlega bókaðar og ályktanir hennar framkvæmdar. Hann sjer um, að öll störf, sem nefndin á að annast um, sjeu tilhlýðilega unnin. Hann er fjehirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og brjefaviðskifti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufje hreppsins, verðbrjef og öll önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Hreppsnefndin getur þó falið hverjum nefndarmanni, sem hún vill, á hendur einhver ákveðin störf (sbr. 8. gr.), t. d. að sjá um gjaldheimtu, fjallskil, annast brjefagerð um einstök mál eða einhverjar greinir mála og annað, er að þeim lýtur o. s. frv. Að öðru leyti annast oddviti um alt slíkt.

Í forföllum oddvita á varaoddviti að annast hlutverk hans að öllu leyti (8. gr.).

10. gr.

Hreppsnefndin skal halda að minsta kosti 2 nefndarfundi ár hvert, og auk þess svo oft, sem oddvita þykir þörf á, eða þegar að minsta kosti helmingur nefndarmanna krefst þess.

Fundarstað ákveður nefndin, ef hún vill. Að öðrum kosti ræður oddviti honum, og hann ákveður fundardag og stund.

11. gr.

Hreppsnefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur hennar sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita. Sje um einhverja kosning að ræða, og 2 nefndarmenn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti. Þó fer um kosning oddvita og varaoddvita eftir 8. gr.

Hver nefndarmaður, sem er eigi samdóma hinum, getur heimtað, að ágreiningsálit hans verði ritað með fám orðum í gerðabókina. Allir nefndarmenn, sem eru viðstaddir, rita nöfn sín undir hana.

b. Verksvið hreppsnefnda og laun.

12. gr.

Hreppsnefnd stjórnar fátækramálum í hreppi sínum samkvæmt fátækralögum, undir yfirstjórn sýslunefndar.

Fela má hreppsnefnd einum manni eða tveimur úr sínum flokki að hafa sjerstaka umsjón með framfærslu þurfalinga hreppsins og að annast störf, er að því lúta (8. og 9. gr.).

13. gr.

Hreppsnefnd hefir þau afskifti af útsvarsmálum, sem lög um útsvör ákveða.

14. gr.

Hreppsnefnd hefir umsjón yfir þinghúsi hreppsins og öllum fasteignum, sem hann á eða hefir not af (t. d. kristfjárjörðum), og á hún að sjá um, að þetta sje haft í góðu lagi. Hún annast um, að landamerki afrjettar hreppsins og jarða hans sjeu ákveðin og jafnan glögg.

15. gr.

Hreppsnefnd á að sjá um notkun afrjetta hreppsins og um fjallskil og rjettir, smalanir afrjetta og heimalanda á haustum til fjárskila, og á vorum til rúningar og fráfærna, og gera ráðstafanir til að eyða refum, alt eftir því sem reglugerðir um fjallskil, refaveiðar o. s. frv. nánara ákveða.

16. gr.

Hreppsnefnd á að hvetja hreppsbúa til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fjenaði sínum, þeim er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því að láta fjenað sinn verða horaðan eða horfalla.

17. gr.

Hreppsnefnd er skylt að leitast við að koma í veg fyrir flakk og húsgang, og hún á eftir mætti að stuðla að því, að góð regla haldist í sveitinni.

18. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til án milligöngu sýslumanns að halda

undirboðsþing á vegastörfum og viðhaldi á þinghúsi, og ennfremur á því, að fá til verk og varning í þarfir sveitarinnar.

19. gr.

Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sjerstaka sveit, til lykta ráðið fyr en álits hreppsnefndar þar hefir verið leitað um það. Hreppsnefnd má einnig að fyrra bragði senda ráðherra tillögur um hvað eina, er verða má sveitinni til gagns eða miðar til að afstýra tjóni eða hallæri.

20. gr.

Tekjur sveitarsjóðs eru:

1. Útsvör.
2. Afgjöld af fasteignum hrepps og upprekstrargjald.
3. Vextir af innstæðufje og leigufje.
4. Hundaskattur.
5. Endurgjald á veittum sveitarstyrk frá þurfalingi sjálfum eða ættingjum hans.
6. Frá öðrum hreppum:
   a. endurgjald á veittum þurfamannastyrk;
   b. endurgjald fyrir önnur viðskifti.
7. Óskilafjárverð.
8. Sektir eftir sættum eða dómum.
9. Gjald af síldarveiði og upsa með nót.
10. Gjafir eða aðrar óvæntar tekjur.

21. gr.

Hreppsnefndin skal halda saman Stjórnartíðindum þeim, er henni eru send, ganga eftir, ef í þau vantar, láta binda þau inn og geyma þau vel. Kostnaður við það greiðist úr sveitarsjóði.

22. gr.

Útgjöld til skriffæra, brjefasendinga og sendiferða í þarfir hreppsins skal endurgjalda oddvita eftir reikningi.

Alt það, sem oddviti á að fá úr hreppssjóði, skulu hinir hreppsnefndarmennirnir ávísa honum skriflega.

23. gr.

Oddviti skal hafa að launum um árið 5 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

24. gr.

Hreppsnefnd hver heldur þessar bækur:

1. *Sveitarbók*. Í hana skal rita:
   a. skýrslu um það, er gerist á nefndarfundum, mál þau, er nefndin tekur fyrir, og ályktanir um þau,

b. ársreikninga hreppsins með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurðum sýslunefndar; ennfremur aðra reikninga hreppsins, svo og niðurjöfnunarskrár, og um ráðstöfun ómaga og meðlag með þeim, þurfamannastyrk og annað, er að þessu lýtur, og allar skýrslur.

2. *Brjefabók*, sem rita skal í orðrjett þau brjef, er nefndin (oddvitinn) ritar öðrum.
3. *Kassabók*, sem rita skal í allar peningaupphæðir, sem sveitarsjóður fær eða geldur út.
4. *Dagbók* yfir innkomin brjef, eftir fyrirmynd, er sýslunefnd býr til.
5. *Kjörbók*, til að rita í atkvæði til hreppsnefndarkosningar.

Bækur þessar skulu vera löggiltar af sýslumanni, og rannsakar hann þær árlega. Andvirði þeirra greiðist úr sveitarsjóði.

25. gr.

Fyrir 15. janúarmánaðar ár hvert skal reikningshaldari gera reikning yfir tekjur og útgjöld hreppsins næstliðið almanaksár, og skal hann gerður eftir fyrirmynd, er ráðherra býr til.

Öll hreppsnefndin skal rannsaka reikninginn. En auk þess skal hann endurskoðaður af manni, sem til þess er kjörinn á hausthreppskilaþingi ár hvert. Undan þeirri kosningu getur enginn skorast, sá er hefir kosningarrjett og kjörgengi til hreppsnefndar.

Oddviti skal senda yfirskoðara reikninginn með fylgiskjölum fyrir 20. janúarmánaðar, og skal yfirskoðun hans lokið fyrir 5. febrúarmánaðar. Fyrir 10. febrúarmánaðar næst á eftir sendir oddviti sýslunefndinni reikninginn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara og svörum reikningshaldara. Sýslunefndin rannsakar svo reikninginn og úrskurðar eins og segir í 39. gr.

Öll hreppsnefndin hefir ábyrgð á því, að reikningurinn sje rjettur. Hún ábyrgist einnig innstæðufje, skuldabrjef og aðrar eigur hreppsins.

Fyrir 15. janúarmánaðar ár hvert skal reikningshaldari einnig gera reikning fjallskilasjóðs hreppsins síðastliðið almanaksár. Skal öll hreppsnefndin og rannsaka þann reikning og bera ábyrgð á, að hann sje rjettur. Um yfirskoðun þess reiknings og úrskurðun skulu gilda öll hin sömu fyrirmæli sem um reikning hreppsins.

26. gr.

Án samþykkis nefndarinnar má eigi borga nein útgjöld af sveitarsjóði, nema þau, sem ákveðin eru í lögum, eða sýslunefndin hefir samþykt.

27. gr.

Um kosningar í hreppsmálefnum, ungmennafræðslu, heilbrigðismál, vegi, ellistyrktarsjóð, skattamál, verðlagsskrár, þurrabúðir, nýbýlisleyfi, alþingiskosningar, sauðfjárbaðanir og annað, er hreppinn varðar og eigi er sjerstaklega talið í lögum þessum, hefir hreppsnefnd það hlutverk, er lög ákveða.

28. gr.

Samþykki sýslunefndarinnar útheimtist til þess að ályktun hreppsnefndarinnar sje gild í þessum greinum:

1. til þess að hækka á ári því, sem yfir stendur, upphæðir þær, sem eru á niðurjöfnunarskránni.
2. til þess að sveitin takist á hendur nokkra skuldbinding til langframa, er eigi hvílir beinlínis á henni samkvæmt lögum.
3. til þess að nokkuð verði borgað úr sveitarsjóðnum fyrir aðstoð við sveitarstjórnarstörf, sem einhverjum ber að leysa af hendi, af því að hann er kjörinn til þess, að launum oddvita undanteknum (23. gr.).
4. til þess að á nokkru ári verði að samtöldu lögð á hreppsbúa meiri útsvör en svo, að nemi fimtungi fram yfir útgjaldaupphæð sama hrepps að meðaltölu um næstu þrjú ár á undan. Upphæð sú, sem eitthvert ár kann að verða lögð á með samþykki sýslunefndarinnar, má eigi teljast með, þegar síðar meir á að finna áðurgreinda meðaltalsupphæð.
5. til þess að selja megi eða veðsetja fasteignir sveitarinnar eða til að kaupa nýjar fasteignir handa henni.
6. til þess að eyða innstæðufje sveitarinnar.
7. til þess að taka lán handa sveitinni, sem nemi meira eða sje fyrir lengri tíma en að það verði borgað aftur fyrir lok næsta reikningsárs, eða endurnýja slíkt lán eða lengja borgunartíma þess.

Nú synjar sýslunefnd um samþykki sitt til einhverrar þeirrar ráðstöfunar, sem getur um í þessari grein, og er þá hreppsnefnd rjett að bera málið á lögmætum sveitarfundi undir atkvæði allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrjett hafa til hreppsnefndar, og fallist þá $^3/_4$ gjaldenda á ráðstöfunina, skal hún gild án samþykkis sýslunefndar. Það er lögmætur sveitarfundur, er hreppsnefnd kveður til með skriflegu fundarboði og að minsta kosti 8 daga fyrirvara, enda sje þar tiltekið, hver aðalmál komi til umræðu og atkvæða á fundinum.

29. gr.

Ef sýslumaður kemst að því, að einhver ályktun hreppsnefndarinnar fer fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða er að öðru leyti lögum gagnstæð, eða miðar til að gera einhverja ráðstöfun, sem sveitin getur haft tjón af, eða skorast undan að gegna þeirri skyldu, er á sveitinni hvílir, getur hann með brjefi til oddvita hreppsnefndarinnar ónýtt ályktunina fyrst um sinn, ef eigi er enn búið að framkvæma hana. Síðan leggur hann málið fyrir næsta sýslunefndarfund, sem kveður upp fullnaðarúrskurð um það.

30. gr.

Nú vanrækir hreppsnefnd að inna af hendi lögboðnar greiðslur, eða svara fyrirspurnum æðri stjórnarvalda, og getur sýslumaður þá lagt dagsektir við, ef ekki er bætt úr innan ákveðins tíma, því er áfátt var. Slíkar sektir má tiltaka í ábyrgðarbrjefi til oddvita, en ekki mega þær falla á fyr en svo langur tími er liðinn frá dagsetningu brjefsins, að hæfilegt sje til þess að bæta úr

því, sem átalið var. Sektir þessar má taka lögtaki í eignum oddvita eða þess hreppsnefndarmanns, sem sjerstaklega hafði verið falið að annast það starf, sem áfátt var (9. gr.), ef hann á sök á drættinum.

Ákvörðun sýslumanns um sektir eftir þessari grein má skjóta til ráðherra, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið.

B. Sýslunefndir.

a. Skipun sýslunefnda.

31. gr.

Um tölu sýslunefndarmanna, kosningarrjett og kjörgengi í sýslunefndir, kjörtímabil, og annað, sem lýtur að sýslunefndarkosningu, fer eftir lögum um kosningar í málefnum sveita.

Sýslumaður er oddviti sýslunefndar.

32. gr.

Nú er sýslunefndarmaður forfallaður, svo að hann getur ekki sótt sýslufund, og skal hann þá tilkynna varasýslunefndarmanni forföll sín svo tímanlega, að hann geti sótt fund.

Varasýslunefndarmaður hefir sömu skyldur og rjettindi sem sýslunefndarmaður.

33. gr.

Ef sýslunefndarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr nefndinni, áður en kjörtími hans er liðinn, skal á næsta manntalsþingi kjósa mann í nefndina í stað hans, aðeins til þess tíma, er eftir var af kjörtíma hans. Sama er um varasýslunefndarmann.

34. gr.

Um skyldu til þess að taka við kosningu í sýslunefnd gilda sömu reglur og um skyldu til þess að taka sæti í hreppsnefnd.

35. gr.

Sýslunefndin skal eiga að minsta kosti einn fund á ári, eftir því sem oddviti ákveður nákvæmar. Auk þess má hann kveðja til aukafundar, þegar honum þykir þess þörf, og hann er skyldur til þess, ef helmingur nefndarmanna heimtar það. Nefndin ræður fundarstað, þegar hún vill, ella oddviti.

36. gr.

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita.

Hver nefndarmaður, sem eigi er samdóma hinum, á heimting á, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina, og skulu allir nefndarmenn, sem við voru staddir, rita nöfn sín undir hana, þegar fundi er slitið.

37. gr.

Oddviti stjórnar umræðum og sjer um, að fundargerðir og allar ályktanir nefndarinnar sjeu rjett og nákvæmlega bókaðar og ályktanir hennar framkvæmdar. Hann sjer um, að öll störf, sem nefndin á að annast um, sjeu tilhlýðilega unnin. Hann er fjehirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og brjefaviðskifti. Hann geymir bækur nefndarinnar og annað, er henni við kemur. Hann geymir innstæðufje sýslunnar, skuldabrjef og aðrar eignir sýslusjóðsins.

Sýslunefndin getur falið hverjum nefndarmanni, er hún vill, ákveðin störf, er hún á að annast, eða kosið nokkra af nefndarmönnum í undirnefnd, til að leysa þau af hendi, eða að starfa að einhverju málefni til undirbúnings milli funda. Fyrir þesskonar störf má hún veita hæfilega þóknun úr sýslusjóði.

Öll sýslunefndin hefir ábyrgð á þeim störfum.

b. Verksvið sýslunefnda og laun.

38. gr.

Sýslunefnd hefir yfirstjórn sveitarmálefna í öllum hreppum sýslunnar, og leggur fullnaðarúrskurð á mál þau, er samkvæmt 15., 25. og 28. gr. laga þessara og lögum um kosningar í málefnum sveita og lögum um útsvör, liggja undir hana, svo og á þær ályktanir hreppsnefnda, er skotið er undir úrskurð hennar samkvæmt löggiltum reglugerðum sýslunefndar. Hún hefir yfir höfuð umsjón með því, að hreppsnefndirnar hegði sjer í sveitarstjórnarathöfnum sínum eftir lögum og löglegum fyrirskipunum.

Ef sýslunefnd virðist, að hreppsnefnd hafi látið greiða ólögmæt gjöld, eða leitt hjá sjer að framkvæma einhverja ráðstöfun, sem hún er skyld til og ekki fellur undir 30. gr., eða að hún hafi á annan hátt farið fram yfir það, sem hún hefir vald til, skal sýslunefndin sjá um, að þessu sje kipt í lag, og, ef nauðsyn ber til, getur hún falið oddvita sínum að beita þvingunarsektum, til þess að boðum hennar verði framfylgt, og auk þess komið fram ábyrgð á hendur einstökum hreppsnefndarmönnum við dómstólana.

39. gr.

Sýslunefnd kýs á ári hverju mann eða menn úr sínum flokki til að yfirskoða ársreikninga allra hreppa í sýslunni og fjallskilareikninga (sbr. 25. gr.). Endurskoðari skal, ef honum þykir ástæða til, senda hreppsnefndaroddvita athugasemdir sínar fyrir 10. dag marsmánaðar, og ber oddvita að svara þeim fyrir 31. mars næst á eftir. Síðan skal úrskurða reikningana á aðalfundi nefndarinnar; semur sýslumaður síðan eftir þeim yfirlit yfir efnahag hreppanna og sendir hagstofunni.

Yfirskoðara þessara reikninga má veita þóknun úr sýslusjóði, eftir því sem nefndin ákveður.

40. gr.

Sýslunefnd stjórnar öllum sveitarmálum, er varða sýsluna í heild sinni. Eftir tillögum hreppsnefnda gerir hún, þegar svo ber undir, ráðstöfun til að afstýra hallæri í sýslunni, enda skýri hún ráðherra ýtarlega frá gerðum sínum í því efni. Hún ræður, hvar lögferjur skuli vera og annast um, að þær sjeu jafnan í góðu lagi og að lögferjumenn gæti skyldu sinnar. Þá er skipa skal hreppstjóra, stingur hún upp á 3 mönnum til þess, og af þeim skipar sýslumaður einn. Einnig gerir hún tillögu um, hvort hreppstjóri skuli vera einn í hreppi eða tveir. Hún annast um, að prentaðar sjeu eigi sjaldnar en 10. hvert ár nákvæmar skrár yfir fjármörk og, ef ástæður eru til, einnig yfir hestamörk í allri sýslunni.

41. gr.

Sýslunefnd semur reglugerð um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimalanda á haustum til fjárskila, og sömuleiðis á vorum til rúningar og fráfærna, og ráðstafanir til að eyða refum, svo og aðrar reglugerðir þær, er hún hefir heimild til að semja samkvæmt lögum. Þá er nefndin hefir á fundi með meiri hluta atkvæða samþykt einhverja slíka reglugerð, skal senda hana ráðherra, sem getur veitt henni lagagildi.

42. gr.

Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sýslu sjerstaklega, til lykta ráðið fyr en álits sýslunefndar þar hefir verið leitað um það. Sýslunefnd má og að fyrra bragði senda ráðherra tillögur um hvað eina, er verða má sýslunni til gagns, eða til að afstýra hallæri.

43. gr.

Reikningsár sýslusjóðs er almanaksárið.

44. gr.

Sýslunefnd skal á aðalfundi semja áætlun fyrir yfirstandandi reikningsár um tekjur og gjöld sýslusjóðs. Að því leyti, sem lögskipuð gjöld og aðrar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum, skal jafna því, sem á vantar, niður á hreppsfjelög sýslunnar, að þriðjungi eftir samanlögðu skattmati fasteigna, að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmanna og að þriðjungi eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausrar eignar og tekna af eign og atvinnu, alt í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjald það, er þannig kemur á hvert hreppsfjelag, skal greitt úr sveitarsjóði, og skal hreppsnefndaroddviti greiða sýslumanni það á næsta manntalsþingi.

45 gr.

Oddvita sýslunefndarinnar skal endurgjalda, eftir reikningi hans það, sem hann hefir borgað fyrir ritföng, sendiferðir o. fl., og skal öll nefndin ávísa honum fjeð.

46. gr.

Hver sýslunefndarmaður fær í fæðispeninga og ferðakostnað úr sýslusjóði 7 krónur hvern dag frá því er hann fer að heiman á sýslufund til þess er hann kemur heim aftur.

47. gr.

Ekkert gjald má greiða úr sýslusjóði, nema heimild sje fyrir því í lögum eða það sje ákveðið af sýslunefndinni.

48. gr.

Sýslunefndin kýs árlega á aðalfundi mann úr sínum flokki til þess að yfirskoða næsta reikning sýslusjóðsins.

49. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal oddviti sýslunefndarinnar gera reikning yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins næstliðið ár og senda yfirskoðara hann fyrir lok sama mánaðar. Yfirskoðari skal fyrir lok næsta febrúarmánaðar senda oddvita aftur reikninginn með athugasemdum sínum. Á næsta aðalfundi þar á eftir rannsakar sýslunefndin reikninginn í sambandi við athugasemdirnar og svör reikningshaldara við þeim, og úrskurðar síðan reikninginn.

Reikninginn á að semja eftir áætlun þeirri, sem nefnd er í 44. gr., og skal honum fylgja skrá yfir eignir sýslunnar og yfirlitsreikningur yfir eigur og skuldir hennar. Þetta ásamt reikningnum sjálfum sendir oddviti ráðherra til yfirlits með næsta pósti eftir að reikningurinn var úrskurðaður.

Fyrir lok júnímánaðar skal senda hverri hreppsnefnd í sýslunni ágrip af sýslufundargerðinni ásamt reikningnum, prentað eða á annan hátt margfaldað, svo mörg eintök, er hæfa þykir. Nú eru eigi tök til þess að áliti sýslunefndar, og skal þá fyrir sama tíma senda í hvern hrepp til oddvita eitt skrifað eftirrit af sýslufundargerðinni ásamt reikningnum, og skal oddviti sjá um, að hreppsbúar fái að lesa það. Fyrir eftirrit þessi fær sýslumaður 1 kr. fyrir hverja örk, og skal það og allur kostnaður við prentun og útsending goldið úr sýslusjóði.

Öll sýslunefndin hefir ábyrgð á, að reikningurinn sje rjettur. Hún ábyrgist einnig innstæðufje, skuldabrjef og aðrar eigur sýslufjelagsins.

50. gr.

Um mentamál, heilbrigðismál, ljósmæður, vegi, ellistyrktarsjóði, alþingiskosningar, verslunarleyfi, nýbýli, laxveiði og ýmsar aðrar greinir atvinnumála o. fl. hefir sýslunefnd hlutverk eftir því sem lög ákveða.

51. gr.

Þyki oddvita einhver ályktun nefndarinnar fara fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða sje að öðru leyti lögum gagnstæð, eða hún miði til að gera einhverja ráðstöfun, sem sýslufjelagið geti haft tjón af, eða skorast undan að gegna skyldu, sem hvílir á því, skal honum heimilt að fella ályktunina

úr gildi, og ber honum þá að senda ráðherra tafarlaust skýrslu um það. Jafnframt skal hann senda sýslunefndinni eftirrit af skýrslunni. Ráðherra sker úr ágreiningnum.

52. gr.

Með næsta pósti eftir sýslunefndarfund skal oddviti senda ráðherra endurrit af gerðabókinni til athugunar.

3. kafli.

Um það hver lög sjeu numin úr gildi með lögum þessum og hvenær lög þessi komi í gildi.

53. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau lög, sem hjer segir:

Sveitarstjórnarlög nr. 43, 10. nóv. 1905, að því leyti, sem þau eru ekki áður úr gildi feld.

Lög nr. 46, 26. okt. 1917, um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Lög nr. 67, 27. júní 1921, um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Lög nr. 29, 19. júní 1922, 2. og 3. gr.

54. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Sþ. 292. Tillaga

til þingsályktunar um smíði brúa og vita hjer á landi.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson og Hjeðinn Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta smíða hjer á landi brýr og vita, sem fyrirhugað er að byggja.
2. Að nota áhaldasmiðju ríkissjóðs til nýsmíða og aðgerða, er landið þarf að láta framkvæma.

Greinargerð.

Sá orðrómur hefir komið upp, að smíða eigi erlendis brýr þær, sem nú eru fyrirhugaðar. Slíkt væri alveg óforsvaranlegt, að áliti flutningsmanna, því það dregur vinnu og fje úr landi, en nógir hæfir menn til að vinna þetta hjer. Hafa og eigi allfáar brýr verið smíðaðar í smiðju ríkissjóðs hjer í Reykja-

vík og hafa eigi heyrst kvartanir um, að þær væru ver gerðar en brýr þær, sem erlendis hafa verið smíðaðar. Annar liður tillögunnar lýtur að því að nota sem mest áhaldasmiðju ríkissjóðs, bæði til nýsmíði og aðgerða, en misbrestur nokkur á því sagður, að þangað fari til aðgerða alt það, er þar væri hægt að vinna jafnvel og jafnódýrt eða ódýrara en annarsstaðar.

Nd. 293. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Með þá staðreynd fyrir augum, að ár frá ári fer þeim stúlkum fækkandi, sem stunda nám í ljósmæðraskólanum, og fjölgandi þeim umdæmum, sem lærðar ljósmæður fást ekki í, verður meiri hluti fjárhagsnefndar að fallast á það, að óhjákvæmilegt sje að bæta kjör þeirra. Að öðrum kosti er augljóst, að að því muni reka innan skams, að lærðar ljósmæður verði með öllu ófáanlegar í öll hin fámennari umdæmi, og það því fremur, sem þá verður óhjákvæmilegt beinlínis að skipa ólærðar konur í ljósmæðrastöðurnar og gjalda þeim laun eins og lærðum ljósmæðrum. Mun jafnvel þegar svo komið, að þess sjeu dæmi. En þegar það færi að tíðkast, mundi að öllum líkindum bráðlega þvertaka fyrir það, að stúlkur legðu á sig þann kostnað og fyrirhöfn að nema ljósmóðurfræði í því skyni að setjast að í fámennum umdæmum. Það getur því varla dulist nokkrum manni, að hjer sje hætta á ferðum.

Það er öllum vitanlegt, hve miklu það varðar, að ljósmæður sjeu vel að sjer og hverja þýðingu ljósmæðrafræðslan hefir, ekki síður en læknafræðslan. Að sjálfsögðu ber líka að stefna að því að auka mentun þeirra hjer á landi eins og í öðrum löndum, þar sem lögboðinn námstími þeirra er alt að 2 árum, og að banna ólærðum konum að stunda ljósmóðurstörf. En eins og nú horfir, stefnir hjer í þveröfuga átt, í þá átt, að gera að engu framfarir síðustu áratuga. Og til þess að bæta úr því, verður að gera ljósmóðurstöðurnar eftirsóknarverðari en nú er, með því að hækka launin. Þetta var líka viðurkent af meiri hluta Alþingis í fyrra. Efri deild samþykti þá frumvarp um hækkun ljósmæðralaunanna, sem meiri hluti neðri deildar gat þó að vísu ekki fallist á að samþykkja, en sá meiri hluti skoraði hins vegar á stjórnina að greiða ljósmæðrum dýrtíðaruppbót á laun þeirra, að sínum hluta, og beindi því til sýslunefnda og bæjarstjórna að gera slíkt hið sama. En þessi ráðstöfun hefir ekki borið tilætlaðan árangur. Í ljósmæðraskólanum munu nú vera færri nemendur en nokkru sinni áður, og ljósmæðraeklan fer því enn vaxandi.

Meiri hluti nefndarinnar telur því óhjákvæmilegt að gera meiri bætur á launakjörum ljósmæðranna, og leggur því til, að frumvarp þetta verði samþykt

með þeim breytingum, sem efri deild gerði á því í fyrra, að því viðbættu, að laun ljósmæðra í sveitaumdæmum verði greidd að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði. Hækka þá byrjunarlaun ljósmæðra í umdæmum, sem hafa færri en 1000 íbúa, úr 200 kr. upp í 300 kr., en þeim er ætlað að hækka um 50 kr. þriðja hvert ár upp í 500 kr. Auk þess fá ljósmæður í fjölmennari umdæmum 30 kr. fyrir hverja 100 íbúa, sem fram yfir eru 1000, alt að 1500 kr. En dýrtíðaruppbót greiðist aðeins á fastákveðnu launin, 300—500 kr.

Meiri hlutinn er þeirrar skoðunar, að launin megi alls ekki lægri vera en þetta. Það liggur í augum uppi, að ljósmæður í fámennum umdæmum geta ekki lifað á þessum launum einum saman, og verður að gera ráð fyrir því, að þær stundi aðra atvinnu að meira eða minna leyti, en sjálfum sjer ráðandi verða þær þó að sjálfsögðu að vera, og geta því ekki fastráðið sig til nokkurrar vinnu. Hinsvegar eru þau föstu laun, sem hjer er stungið upp á, jafnvel lægri en vinnukonukaup gerist nú á tímum, án þess að talið sje fæði og húsnæði, sem ljósmæðurnar verða þá að vinna fyrir aukreitis, svo að kjör þeirra verði jafngóð. En til þess, að ljósmóðurstöðurnar verði eftirsóknarverðari, yrðu þó kjörin að vera nokkru betri. Og jafnvel húsfreyjur í sveitum mundu varla geta tekið að sjer ljósmóðurstöðu án þess að hafa af því beinan kostnað, sem jafnvel svaraði alt að því til föstu launanna. Meiri hluti nefndarinnar verður því að vera þeirrar skoðunar, að meiri hætta sje á því, að tillögur hans fari of skamt en of langt. En samkvæmt þessum tillögum mundu útgjöld ríkissjóðs, samkvæmt þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið, aukast um 40 þús. kr. frá því, sem nú er.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, leggur meiri hluti nefndarinnar þá til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi:

Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í sveitum að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveim þriðju hlutum úr ríkissjóði. Greiðsla þeirra utan kaupstaða fari fram einu sinni á ári, á manntalsþingum, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Laun yfirsetukvenna skulu vera 300 krónur á ári og hækka 3. hvert ár um 50 krónur, upp í 500 krónur.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.

Auk launa þeirra, sem áður getur, fá yfirsetukonur í þeim umdæmum, sem hafa yfir 1000 íbúa, 30 krónur fyrir hverja 100 íbúa, sem fram yfir eru, þó svo, að öll launin, án dýrtíðaruppbótar, fari eigi fram yfir 1500 krónur.

Í kaupstöðum, þar sem eru tvær yfirsetukonur eða fleiri, skal deila íbúatölunni millum þeirra og reikna þeim launaviðbótina eftir því.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1928.

3. Aftan við frumv. bætist ný grein, sem verði 3. gr., svo hljóðandi:
Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 76, 28. nóv. 1919, og gefa þau út svo breytt.

Alþingi, 30. mars 1927.

Jakob Möller, frsm. Ásgeir Ásgeirsson. Björn Líndal. Magnús Jónsson.

Nd. 294. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1928 og brtt. á þskj. 284.

I. Frá *Magnúsi Torfasyni*:
Við brtt. 284, VIII. (Hrosshylur).
Í stað »300« kemur 200

II. Frá *Pjetri Þórðarsyni:*
1. Við 15. gr. 17. d. Nýir liðir:
a. Til Guðmundar Kristjánssonar, til sönglistarnáms 1500
b. Til Ásgeirs Bjarnþórssonar málara, náms- og utanfararstyrkur 800

2. Við 16. gr. 36. Nýr liður:
Til Jóns Helgasonar, til þess að gera vindknúinn þrýstiloftsumbúnað til raforkuframleiðslu 8000

3. Við 22. gr. 5. Nýr liður:
Alt að 20000 kr. Borgarneshreppi, til endurbyggingar raforkustöðvar. Lánið veitist gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar, ávaxtast með 6% og endurborgast með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Nd. 295. Nefndarálit

um frv. til laga um byggingu og rekstur strandferðaskips.

Frá meiri hluta samgöngumálanefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um meðferð þessa frv. 2 nefndarmenn, H. K. og J. Ól., telja málið ekki tímabært og leggja á móti því. Meiri hlutinn á-

lítur hins vegar, að svo mikilvæg samgöngubót, sem fengist getur með rekstri skipsins, megi ekki dragast lengi, og ræður því deildinni til að samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi, 31. mars 1927.

Kl. Jónsson, form.	Pjetur Þórðarson.	Sveinn Ólafsson, frsm.

Ed. **296. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta, sem er stjórnarfrv., hefir allsherjarnefnd haft til athugunar.

Þótt nefndin sje mjög mótfallin fjölgun embætta, virðist henni ekki hægt að komast hjá því, að Mosfellsprestakall í Mosfellssveit, með sömu ummerkjum og það hafði áður, verði endurreist sem sjerstakt prestakall.

Þessi skoðun nefndarinnar er þegar staðfest af reynslunni. Sjest það best á því, að síðustu árin, eða síðan 1924, hefir settur prestur þjónað Mosfellsprestakalli, með því að ekki hefir reynst mögulegt að framkvæma viðunandi prestsþjónustu þar eftir fyrirmælum gildandi laga frá 1907 um skipun prestakalla.

Þegar þannig er komið, skiftir litlu eða engu máli hvað kostnað ríkissjóðs snertir við prestsþjónustu í nefndu prestakalli, hvort frv. verður samþykt eða ekki.

Nefndin vill gera þá breytingu á frv., að ef svo fer, að nauðsynlegt verður álitið að leggja Þingvelli niður sem sjerstakt prestakall, þá sje presturinn á Mosfelli skyldur að taka að sjer prestsþjónustu í Þingvallasókn.

Nefndin leggur svo til, að frv. verði samþykt með svofeldri

BREYTINGU:

Við 1. gr.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verður 2. gr. og orðist svo:

Skyldur skal Mosfellsprestur að taka að sjer prestsþjónustu í Þingvallasókn, ef Þingvellir verða lagðir niður sem sjerstakt prestakall.

Alþingi, 1. apríl 1927.

Jóh. Jóhannesson, form.	Guðm. Ólafsson, fundaskrif. og frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson, með fyrirvara.

Ed. **297. Framhaldsnefndarálit**

um frumv. til laga um rjett erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta hefir tekið þeirri einni breytingu í háttv. Nd., að aftan við 3. tölulið 2. gr. hefir verið bætt þessum orðum:

»4. Erlend vinnuhjú mega sveitabændur ráða til sín í 2 mánuði eða lengur«.

Nefndin getur fallist á þessa breytingu, og leggur því til, að frumvarpið verði samþykt.

Alþingi, 1. apríl 1927.

Björn Kristjánsson, form. Jón Baldvinsson, með fyrirvara. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Ed. **298. Frumvarp**

til laga um varnir gegn sýkingu nytjajurta.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal gera þær ráðstafanir, er það álitur nauðsynlegar til að hindra það, að hættulegir jurtasjúkdómar berist til landsins, og sömuleiðis til að hindra útbreiðslu slíkra sjúkdóma, hvar og hvenær, sem þeirra verður vart innanlands.

2. gr.

Ráðuneytið ákveður, hvaða sjúkdóma beri að skoða svo hættulega, að varnarráðstafanir skuli gera samkvæmt lögum þessum, og setur reglugerð um þær.

3. gr.

Ráðuneytið getur kvatt garðyrkjustjóra, meðan hann er launaður af opinberu fje, til aðstoðar við framkvæmd þessara laga, svo og alla þá, er starfa að ræktun landsins og að einhverju leyti eru launaðir af opinberu fje. Er þessum aðstoðarmönnum ráðuneytisins heimilt að framkvæma þær rannsóknir, er þurfa þykir, hvort heldur er í sölubúðum, geymslustöðum, matjurtagörðum eða öðrum gróðrarreitum. Þeim er og heimilt að taka nauðsynleg sýnishorn til rannsókna án endurgjalds og gera þær bráðabirgðaráðstafanir, er nauðsynlegar teljast.

4. gr.

Hver sá, sem hefir til eignar eða umráða jurtir eða jurtahluta, er hann hefir ástæðu til að ætla, að geti verið sjúkar eða geti sýkst, t. d. vörtupest í kartöflum, er skyldur að tilkynna það samkvæmt reglugerðarákvæðum, og má hann ekkert flytja burt af þeim hlutum nje af hendi láta fyr en leyfi er til þess fengið.

5. gr.

Í reglugerð skal ákveða, að vottorð um, að kartöflur sjeu heilbrigðar, og lausar við vörtupest sjerstaklega, og umbúðir ósóttnæmar, skuli fylgja hverri kartöflusendingu þaðan, sem hætta er á, að skæðir jurtasjúkdómar geti borist til landsins.

6. gr.

Ákveði ráðuneytið, að uppskeru skuli eyðileggja, fær eigandi hæfilegt verð uppskerunnar greitt úr ríkissjóði, eftir mati dómkvaddra manna.

Kostnaður við varnarráðstafanir samkv. lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Eigendum vara, áhalda, garða eða gróðurreita ber þó að láta í tje nauðsynlega vinnu við framkvæmd varnarráðstafana endurgjaldslaust.

Hafi sá, sem fyrir tjóninu verður, orðið þess valdandi með því að vanrækja fyrirskipaðar varnarráðstafanir, ber honum einum að greiða allan kostnaðinn, sem af því leiðir.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 100—5000 kr.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **299. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 265. [Varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim].

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 1. brtt. Í stað »svipuðum« komi: sömu.

Ed. **300. Frumvarp**

til laga um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Varðskipin skulu eiga heimili í Reykjavík. Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal vera á skipunum. Allir starfsmenn skipa þessara eru sýslunarmenn ríkisins og skulu slysatryggðir eftir svipuðum reglum og hliðstæðir starfsmenn á öðrum skipum ríkisins og skipum Eimskipafjelags Íslands eru nú.

2. gr.

Skipherrar á varðskipunum eru löggæslumenn ríkisins á landhelgissvæðinu. Stýrimenn eru aðstoðarmenn þeirra við löggæsluna.

3. gr.

Skipherrar, stýrimenn, vjelstjórar og loftskeytamenn skulu skipaðir af ráðuneytinu. Það skipar og bryta og semur við hann um borgun fyrir fæði skipverja, þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár í senn.

Ráðuneytið getur hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, sjerhverjum sýslunarmanni á skipunum.

Um frávikning sýslunarmanna á varðskipunum, hvort heldur er um stundarsakir eða fyrir fult og alt, gilda sömu reglur og um aðra sýslunarmenn ríkisins.

4. gr.

Aðra sýslunarmenn en þá, er getur um í 3. gr., skipa skipherrar í umboði ráðuneytisins. Þó skulu kyndarar ávalt ráðnir í samráði við 1. vjelstjóra. Þessum mönnum geta skipherrar hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, en skýra skal þá þegar ráðuneytinu frá málavöxtum.

Nú telur skipherra, sem staddur er á varðskipi utan Reykjavíkur, nauðsynlegt, að einhverjum þeirra starfsmanna, er ræðir um í 3. gr., sje þegar vikið frá sýslan, og má hann þá víkja sýslunarmanninum frá um stundarsakir, en skýra verður hann tafarlaust frá því ráðuneytinu, er síðan leggur úrskurð á málið.

5. gr.

Laun sýslunarmanna skulu ákveðin í launalögum. Skráning manna á skipin fyrir skráningarstjórum skal ekki fara fram.

Siglingatími sýslunarmanna á varðskipunum skal tekinn til greina

sem siglingatími skráðra manna á öðrum eimskipum sömu stærðar í utanlandssiglingum.

6. gr.

Sje sýslunarmanni vikið frá um stundarsakir, tekur hann ekki laun á meðan. Sje honum vikið frá fyrir fult og alt, og það er ekki gert vegna elli eða vanheilsu, ákveður ráðuneytið, hvort honum eftir atvikum skuli endurgoldin iðgjöld þau, er hann hefir greitt samkvæmt launalögunum í lífeyrissjóð embættismanna, eða ekki. Sýslunarmenn þessir, aðrir en skipherra, 1. stýrimaður og 1. vjelstjóri, fá að öðru leyti endurgreiðslu iðgjalda úr lífeyrissjóði eftir reglum laga nr. 51, 1921, 4. gr.

7. gr.

Ráðuneytið setur reglur um löggæslustarfið og um einkennisbúninga sýslunarmanna. Það getur og sett reglur um tilhögun alls á skipunum, eftir því, sem þurfa þykir.

8. gr.

Nú brýtur sýslunarmaður gegn skyldum sínum eftir reglum þeim, sem settar eru samkvæmt lögum þessum, eða að öðru leyti, og varðar það þá ábyrgð sem brot í embættisfærslu, nema brotið sje þannig vaxið, að ábyrgð varði samkvæmt siglingalögunum og eigi liggi þyngri hegning við því sem broti í embættisfærslu.

9. gr.

Lög þessi ná aðeins til þeirra varðskipa, sem eru eign ríkisins og ráðuneytið telur aðalvarðskip.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **301. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 18, 4. nóvember 1887, um veð.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna komi:

Svo er og útgerðarmanni heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörsluveði afla af skipi sínu til tryggingar lánum, er hann tekur til útgerðarinnar hjá stofnunum þessum.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrargjöld fyrir skuldabrjef, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir nefndinni borist frá atvinnumálaráðherra með tilmælum um, að nefndin flytti það. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Högum útgerðarinnar hjer á landi er þannig farið, að flestir útgerðarmenn þurfa á lánsfje að halda til atvinnurekstrar sins. Lánsfje þetta leggja bankar og sparisjóðir til að langmestu leyti. Eftir núgildandi lögum geta lánveitendurnir eigi hlotið tryggingu í afla skipanna. Samkv. 2. lið 4. gr. l. nr. 18, 4. nóv. 1887, er óheimilt að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum, sem eru samkynja og einkendir með einu almennu nafni. Nær bann þetta til sjálfsvörsluveðs í afla, en handveðsetningu á slíkum munum er að jafnaði ómögulegt að koma við. Hinsvegar er það oft og einatt svo, að aflavonin er eina eða a. m. k. aðaltryggingin fyrir lánum þessum, og það, að eigi skuli vera hægt að veita löglegt veð í aflanum, eykur áhættu lánveitanda til muna. Úr þessu á frumvarp þetta að bæta. Er hjer farið fram á álika undantekningarreglu í þágu þess, er fje lánar til útgerðar, sem þá, er gerð er í 3. lið 4. gr. veðlaganna í þágu landsdrottins, og mun varla verða um það deilt, að eigi sje minni þörf á undantekningu þeirri, er hjer er farið fram á, en hinni. Undantekningunni er ætlað að ná einungis til lána, er bankar eða sparisjóðir veita, og aðeins til lána, er tekin eru til útgerðarinnar. Fyrri takmörkunin er gerð til þess, að síður verði hætta á, að þessi veðsetning verði misbrúkuð, en hin síðari með það fyrir augum, að því aðeins er ástæða til að veita lánveitanda þau forrjettindi, er veðið veitir, að hann hafi lánað fjeð til að afla þess verðmætis, er veðsetja á, og með því að nokkru leyti tekið á sig áhættuna af rekstri útgerðarinnar.

Með því að veðsetningar þær, er hjer er um að ræða, gilda venjulega mjög stuttan tíma, 1—12 mánuði, og endurtaka sig árlega, er sjerstök ástæða til þess að hafa þinglestrargjöldin á skuldabrjefunum mjög lág, til þess að þau verði ekki sjerstaklega þungur viðbótarskattur á ári hverju á útgerð landsins.

Ed. **302. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 56 frá 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin getur fallist á frv. þetta eins og hv. neðri deild hefir gengið frá

því, nema að því leyti, er tryggingarnar snertir. Þar vill nefndin gera nokkra breytingu.

Neðri deild hefir með samþykt frv. lagt til, að tryggingarfjárhæðirnar væru hækkaðar margfalt á við það, er upphaflega var til ætlast, og er þó ekki lengra um liðið en eitt ár síðan lög þau voru sett, er hjer á að breyta. Þó nefndin vilji ekki gera þetta að ágreiningsatriði að því er snertir fyrstu bifreið eða nokkrar hinar næstu, þykir henni þeim, sem eiga fjöldamargar bifreiðar, vera lögð óþarflega þung tryggingarskylda á herðar með þeirri stighækkun tryggingarinnar, er frv. gerir ráð fyrir, og þykir því hlýða, að sett sjeu nokkur takmörk.

Skaðabótaskyldan hvílir eftir sem áður á slíkum bifreiðaeigendum, og auk tryggingarfjárhæðarinnar má ganga að eignum bifreiðaeigenda til greiðslu á skaðabótakröfum, en hjá bifreiðaeigendum, sem eiga t. d. 20—30 bifreiðar, er um miklar eignir að ræða og því síður þörf á, að þeir hafi hverja einstaka bifreið trygða jafnt að tiltölu og þeir, sem aðeins hafa fáar bifreiðar.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Tölunum í 1. málsgr. 17. gr. laganna skal breyta svo:

Í staðinn fyrir »3000 kr.« komi: 10000 kr. Í staðinn fyrir »1000 kr.« komi: 3500 kr. og í staðinn fyrir »1500 kr.« komi: 5000 kr.

Aftan við málsgreinina bætist:

Tryggingarupphæð hvers einstaks bifreiðaeiganda eða fjelags þarf þó ekki að vera hærri en 45000 kr.

Alþingi, 2. apríl 1927.

Jóh. Jóhannesson,	Guðm. Ólafsson,	Jóhann Þ. Jósefsson,
form.	fundaskrifari.	frsm.

Ed. **303. Nefndarálit**

um frumv. til laga um rannsókn banameina og kenslu í meina- og líffærafræði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með því, að háttv. deild samþykki frumvarpið.

Alþingi, 2. apríl 1927.

Jóh. Jóhannesson,	Guðmundur Ólafsson,	Jóhann Þ. Jósefsson.
form.	fundaskr. og frsm.	

Nd. **304. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1928.

Frá Sveini Ólafssyni.

Við 16. gr. 26. (Hannyrðakensla).
Liðurinn falli niður.

Nd. **305. Nefndarálit**

um frv. til laga um iðju og iðnað.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og telur, að lagasetning um þetta efni sje nauðsynleg. Leyfir nefndin sjer að mæla með því við háttvirta deild, að hún samþykki frumvarpið með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 18. gr. 2. Á eftir orðunum »getur lögreglustjóri þá« komi: í næstu 5 ár o. s. frv.
2. Við 18. gr. 3. Á eftir orðunum »hefir fengið« komi: samkv. þessari grein o. s. frv.

Alþingi, 2. apríl 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form. og frsm. Jón Guðnason, fundaskrifari. Jón Kjartansson.

Árni Jónsson. Hjeðinn Valdimarsson.

Ed. **306. Lög**

um rjett erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

(Afgreidd frá Ed. 2. apríl).

1. gr.

Í lögum þessum er maður talinn »erlendur«, ef hann á heimilisfang utan Íslands, enda sje eigi skylt að leyfa honum landsvist á Íslandi samkvæmt landslögum eða þjóðrjettarreglum.

Í lögum þessum telst sá maður »stunda atvinnu« hjer á landi, sem vinnur einhverja vinnu fyrir reikning annars aðilja, enda sje sá eigi fullábyrgur fjelagi hans um þann atvinnurekstur eða það fyrirtæki, sem fyrir er unnið. Ef fullábyrgir fjelagar eru fleiri en 3, teljast þó þeir, sem um fram eru, stunda atvinnu hjá hinum.

»Á Íslandi« merkir í lögum þessum bæði á landi og í landhelgi Íslands.

2. gr.

Óheimilt skal hverjum þeim, einstökum manni, fjelagi eða stofnun, sem hjer á landi rekur atvinnu, stofnsetur eða starfrækir eitthvert fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að taka erlenda menn í þjónustu sína hjer á landi gegn kaupgreiðslu, annari en fæði og húsnæði, hvort sem það er um langan tíma eða skamman.

Þó er aðilja heimilt að taka í þjónustu sína:

1. Erlenda sjerfræðinga við allskonar iðju.
2. Aðra erlenda kunnáttumenn, enda sje eigi kostur slíkra manna hjerlendra, og skýri aðili atvinnumálaráðherra þegar frá ráðningunni.
3. Frændur sína að feðgatali eða niðja, kjörbörn, fósturbörn og systkin.
4. Erlend vinnuhjú mega sveitabændur ráða til sín í 2 mánuði eða lengur.

Ennfremur mega:

5. Íslensk skip ráða erlenda skipverja innan þeirra takmarka, sem í lögum segir, og
6. Sendimenn annara ríkja hafa erlenda menn í einkaþjónustu sinni.

3. gr.

Erlendum mönnum, sem hingað eru komnir í atvinnuleit eða teknir eru að stunda hjer atvinnu, getur atvinnumálaráðherra vísað úr landi innan ákveðins tíma. Binda má hann og landsvist þessara manna þeim skilyrðum og takmörkunum, sem hann telur þurfa vegna hagsmuna almennings eða ríkis.

Fyrirmæli undanfarandi málsgreinar taka þó ekki til:

1. Erlendra manna, er stunda nám í hjerlendum skólum, sem ríkið á eða styrkir.
2. Erlendra manna, sem hjer dveljast til rannsókna eða vísindastarfa eða sendir eru af stjórn síns lands til kenslustarfa.
3. Þeirra manna erlendra, sem hjer hafa aðsetur, þegar lög þessi koma til framkvæmda.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, ef sjerstakar ástæður þykja mæla með því, að veita undanþágu frá ákvæðum 2. gr., svo sem ef fáir atvinnuþiggjendur eiga í hlut, eigi þykir unt að koma atvinnu á fót eða fyrirtæki í tækan tíma eða reka það án erlends vinnukrafts, enda þótt notaður sje sá hjerlendur vinnukraftur, sem kostur er á, án hnekkis atvinnuvegum landsins. Leyfi má binda öllum þeim skilyrðum um löggæslu, hollustuhætti, framfærslu, skólahald verkamanna og sjerhvað annað, sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.

5. gr.

Nú hefir aðili hjer á landi erlenda verkamenn í þjónustu sinni gagnstætt fyrirmælum 2. gr. og án þess að heimild sje til þess fengin eftir 4. gr., og kveður atvinnumálaráðherra þá upp, svo fljótt sem við verður komið, úrskurð, þar sem aðilja sje bannað að hafa hinn erlenda mann eða erlendu menn í þjónustu sinni.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra á fullnaðarúrskurð um heimild aðilja til að ráða sjer og hafa í þjónustu sinni erlenda menn, um heimild aðilja til að stunda hjer atvinnu og um skilning á undanþágum samkvæmt 4. gr. laga þessara.

7. gr.

Brot gegn úrskurðum samkvæmt 1. mgr. 3. gr. og 5. gr., þar sem aðilja er bannað að hafa erlenda menn í þjónustu sinni eða að stunda hjer atvinnu, varða sektum, frá 40—10000 kr., til ríkissjóðs. Auk þess ber aðilja að hafa flutt ólöglega innflutta verkamenn sína úr landi eða sjeð þeim fyrir flutningi innan þess tíma, er ráðherra tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu. Ennfremur er heimilt að stöðva með lögbanni, án þess að trygging sje sett, þær framkvæmdir, er nota skyldi hinn erlenda vinnukraft til, ef byrjað er á þeim, þar til hinir erlendu verkamenn eru farnir úr landi eða trygt þykir, að þeir verði farnir innan ákveðins tíma.

8. gr.

Rjett er atvinnumálaráðherra að láta flytja þá erlenda menn, ásamt skylduliði, af landi brott, er hann hefir óheimilað að stunda atvinnu hjer lögum þessum samkvæmt, hvort sem þeir eru á sínum vegum eða annara, og skal sá flutningur vera á kostnað þess, er hefir ráðið þá til sín, en ella á eiginn kostnað þeirra.

9. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara. Svo má þar og kveða á um sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð á málum vegna þeirra brota.

10. gr.

Taka skulu fyrirmæli gildandi laga um eftirlit með útlendingum til þeirra erlendra manna, er í lögum þessum getur, að því leyti sem samrýmast má lögum þessum.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1927.

Ed. **307. Lög**

um viðauka við lög nr. 24, 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

(Afgreidd frá Ed. 2. apríl).

Nú er maður smitberi eða grunaður um að vera smitberi einhvers þess sjúkdóms, er getur um í 2. gr. laga nr. 24, 16. nóv. 1907, og er heilbrigðisstjórninni þá heimilt, þegar henni þykir ástæða til, að fara með hann eins og hann væri haldinn af þeim sjúkdómi.

Nd. **308. Breytingartillögur**

við frv. til laga um löggilding verslunarstaðar á Litla-Árskógssandi við Eyjafjörð.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

1. 1. gr. orðist svo:
   Á Litla-Árskógssandi í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu og Drangsnesi við Steingrímsfjörð í Strandasýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.
2. Við 2. gr. Fyrir »verslunarlóðarinnar« komi: verslunarlóðanna.
3. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um löggilding verslunarstaða.

Ed. **309. Frumvarp**

til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Til dýpkunar og umbóta á höfninni í Vestmannaeyjum veitist ½ kostnaðar, alt að 100 þúsund krónur, úr ríkissjóði, gegn jafnmiklu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Tillagið úr ríkissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á komandi sumri er í ráði, að fengið verði skip hingað til lands til dýpkunar nokkurra hafna, sem nauðsynlegt er að dýpka.

Óvíða mun þörfin fyrir slíkar hafnarbætur vera eins brýn og hún er nú orðin í Vestmannaeyjum. Þar hafa lengi verið miklir erfiðleikar við höfnina, og horfir nú til enn meiri vandræða sökum þess, hve höfnin er grunn.

Flutningaskip þau, er færa nauðsynjar að og flytja afurðir frá Eyjunum, verða oftlega fyrir skaða sökum ástands hafnarinnar að þessu leyti, og kemur þetta aftur niður á farmeigendum í auknum farmgjöldum, auk þess sem það er með hverju ári, er líður, erfiðara að fá leigð flutningaskip til Vestmannaeyja, sökum þess hve höfnin er grunn. Með hinni sívaxandi flutningaþörf stafa af þessu hinir mestu örðugleikar fyrir þá, sem búa í Vestmannaeyjum og reka atvinnu sína þar.

Hjer er nú ætlast til, eins og sjest á meðfylgjandi áætlun vitamálastjórans, að dýpka fyrst og fremst innsiglinguna og svæði á innri höfn, sem ætlað er fyrir legupláss handa flutningaskipum. Eins og nú er ástatt, er ekki hægt að vetrarlagi að hafa nema eitt slíkt skip inni í einu, og kemur þetta sjer afarilla. T. d. í vetur urðu skip að bíða á aðra viku við Eyjarnar eftir því að fá að komast inn í höfnina, og eitt jafnvel að hörfa alla leið til Reykjavíkur. Er það auðsætt, hver bagi og kostnaður af slíku leiðir. Jafnvel fyrir vjelbátaflotann, sem telur nú orðið um 100 báta, auk aðkomubátanna á vetrarvertíð, er höfnin alt of lítil vegna þess, hve grunn hún er víða. Leiða af þessu þrengsli og iðulegar skemdir á bátum á vetrum, sökum þrengslanna innan hafnar.

Á síðastliðnum 15 árum hefir ábyrgðarfjelag Vestmannaeyja greitt í skaðabætur fyrir tjón á bátum *innan* hafnar eingöngu kr. 59647, og samábyrgin á sama tíma kr. 33578,85, líka fyrir tjón, er orðið hafa *innan* hafnar, og er þó hjer aðeins um $^4/_5$ hluta skaðanna að ræða. Er þetta hjer nefnt til að sýna, hve mikil tjón hafa orðið á þessum tíma, en þau stafa nær eingöngu af því, hve grunt er víðast á höfninni, og bátarnir því of nálægir hver öðrum þar sem dýpra er.

Það má telja óframkvæmanlegt nú orðið að afgreiða utan hafnar að vetrarlagi öll þau flutningaskip, sem þarf til vöruflutninga að og frá Vestmannaeyjum, en þrengslin innan hafnar og það, hve höfnin er grunn, gera það með ári hverju erfiðara að fá þessi skip á innri höfnina. Eru því umbætur þær, sem hjer er farið fram á, alveg bráðnauðsynlegar.

Að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir máli þessu í framsögu, en uppdrættir, kostnaðaráætlanir og aðrar upplýsingar því viðkomandi munu verða lagðar fram fyrir nefndir þær, er málið fá til meðferðar í þinginu.

Fylgiskjal.

1. apríl 1927.

Að gefnu tilefni leyfi jeg mjer hjer með að tjá hinu háa ráðuneyti, að jeg hef gert eftirfylgjandi áætlun um dýpkun Vestmannaeyjahafnar á komandi sumri, og má telja það verk fyrsta þáttinn að fullkominni dýpkun hafnarinnar og annara umbóta á henni.

Jeg tel þetta verk mjög nauðsynlegt, sjerstaklega þar sem innsiglingin er orðin of grunn og áríðandi að hún verði dýpkuð sem allra fyrst. Hafnarbakkinn vil jeg leggja til að verði gerður að öllu leyti í sumar til þess að geta tekið við uppmokstrinum. Vitanlega er varla þörf á að gera hann allan nú þegar, en samt vil jeg mæla með að hann verði gerður allur í einu, því að annars verður að gera bráðabirgða fyrirslátt til þess að halda fyllingunni, en það hleypir kostnaðinum tiltölulega of mikið fram. Jeg geri ráð fyrir að það sem grafið er upp úr innsiglingunni verði flutt út fyrir, en uppmokstri fyrir innan Hörgeyrargarðinn verði dælt inn fyrir Hafnarbakkann. Dýpið er ákveðið 4 m. um venjulega fjöru. Reiknað er með að dýpkunin nái h. u. b. 200 m. inn fyrir Hörgeyrargarð.

Kostnaðaráætlun:

Hafnarbakki:			
	245 m langur veggur á 320	78400	
Steinveggur	að fyllingunni að austan	2200	
—	að fyllingunni að vestan	11400	92000
Dýpkun:			
	Dýpkun á innsiglingaleið inn fyrir Hörgeyrargarð 13000 ten.m á 2,70	35100	
	Dýpkun á innhöfninni 43000 ten.m á 1,65...	70950	106050
			Kr. 198050

Ef byrjað verður nú þegar, hygg jeg að tími verði til þess að vinna þetta verk í sumar.

Th. Krabbe.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

Nd. **310. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 28. nóv. 1919, um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi.

Flutningsm.: Þórarinn Jónsson.

Aftan við 5. gr. laganna bætist:
Sömuleiðis má greiða framlög þessi úr sveitarsjóði eða sveitarsjóðum

á samþyktarsvæðinu, sje það samþykt með $^2/_3$ atkvæða á lögmætum sveitarfundi eða sveitarfundum. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþyktin er úr gildi feld með sama hætti. Jafnar þá hreppsnefnd eða hreppsnefndir skattinum niður með aukaútsvörum.

Greinargerð.

Á þinginu 1924 var breytt lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923. Er breyting sú efnislega hin sama og hjer er farið fram á. Þetta er flutt eftir áskorun frá sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu og eindregnum meðmælum vegamálastjóra.

Ed. **311. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaða.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á Litla-Árskógssandi í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu og Drangsnesi við Steingrímsfjörð í Strandasýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðanna samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **312. Lög**

um breyting á lögum nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl).

1. gr.

26. gr. ofannefndra laga orðist svo:

Sje barnsfúlga sú, er barnsföður (meðlagsskyldum) er skylt að borga með óskilgetnu barni samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni, ekki greidd á rjettum gjalddaga, og eigi móðir þess rjett til framfærslu hjer á landi, þá er henni heimilt, áður en eitt ár er liðið frá gjalddaga, að krefjast þess, að fúlgan verði greidd henni af sveitarfje í dvalar-

sveit hennar, þó eigi meira en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, er barnið dvelur í. En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveður atvinnumálaráðuneytið, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, fyrir hvert sveitarfjelag um 3 ár í senn, og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna, hinn sama á öllu landinu. Beiðni barnsmóður til dvalarsveitar skal fylgja meðlagsúrskurður valdsmanns, löglega birtur, eða samningur, staðfestur af honum og löglega birtur, og lífsvottorð barnsins, enda láti móðirin uppi þá skýrslu um framfærslusveit barnsföður (meðlagsskylds), sem hún er fær um.

Meðlagið skal talinn sveitarstyrkur til handa barnsföður (meðlagsskyldum) frá dvalarsveit móður, og fer um endurgjald á honum sem öðrum sveitarstyrk.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1928.

Nd. 313. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hlutinn hefir ekki getað fallist á, að rjett sje, að öllum ástæðum athuguðum, að samþykkja frv., nje heldur með bitt. meiri hlutans, þó að hann telji það þá sýnu aðgengilegra.

Ástæðan fyrir frv. er talin yfirvofandi ljósmæðraskortur vegna of lágra launa ljósmæðra.

Þó svo væri, að skortur sje venju fremur á ljósmæðrum og nemendum í ljósmæðraskólann, þá er engin fullnaðarsönnun fyrir því færð, að lág launakjör ein sjeu orsök þess. Ýmsar aðrar orsakir geta verið þar meðverkandi, þar á meðal málfærsla sú og kapp, sem haldið hefir verið uppi um þetta mál.

Síðasta þing bætti nokkuð kjör ljósmæðra, með því að áskilja þeim dýrtíðaruppbót af ríkissjóðshluta launa þeirra. Slíkt hið sama geta sýslunefndir og bæjarstjórnir gert að sínum hluta, ef þeim sýnist, enda munu hafa gert sumar nú þegar. Var sú og tilætlun þingsins. Á meðan því hefir ekki fengist framgengt til fulls, verður að ætla, að rökin sjeu ekki svo skýlaus og þörfin ekki svo brýn, sem af er látið. Þar er sá vettvangur, sem ljósmæðrum ber að sækja mál sitt á áður en þær krefjast frekari launabóta úr ríkissjóði.

Laun embættismanna og opinberra starfsmanna eiga að endurskoðast á næsta þingi. Virðist því eigi brýn þörf á nje rjett að taka þennan flokk launamanna út úr einan sjer, þar sem svo stutt er til þess, að launamálið alt verður tekið til sjerstakrar athugunar.

Það er nú kunnugra en frá þurfi að segja, að launamenn vorir flestir þykjast mjög vanlaunaðir og hafa bæði fyr og nú borið fram kröfur um launabætur. — Af fjárhagsástæðum hefir þótt þurfa að synja þessum kröfum alt til þessa. Og óvíst má telja enn, hversu auðvelt verður að taka slíkar kröfur til greina framvegis. Með þeim starfsmannafjölda sem er, og að óbreyttum tekjulindum ríkissjóðs, verður ekki sjeð, að hægt verði að launa starfsmenn ríkisins svo vel sem þeim sjálfum þykir hæfa. Því órjettmætara er það, að taka þennan einstaka flokk út úr nú, sem draga verður í efa, að launin sjeu lægri en ýmsra annara launamanna, þegar rjett eru metnar ástæður allar.

Minni hlutinn getur því ekki aðhylst frv., en leggur til, að það sje felt.

Alþingi, 4. apríl 1927.

Kl. Jónsson, form. Halldór Stefánsson, frsm.

Nd. **314. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um mál þetta. Meiri hlutinn (Jör. B., H. V. og J. G.) telur rjett, að sett verði með lögum ákvæði um, hvenær greiðsla verkkaups fyrir algenga daglaunavinnu skuli síðast fram fara, þar sem það hefir ekki sjaldan sýnt sig, að þörf væri á slíkum ákvæðum. Telur meiri hlutinn því frumvarpið til bóta, en vill jafnframt setja þau takmörk fyrir því, hvað fast starfsfólk skuli teljast samkvæmt lögum þessum, að ráðning þess nái til sex mánaða eða lengur. Er þetta sjerstaklega gert með síldarvinnuna fyrir augum, þar sem menn eru oft ráðnir til algengrar erfiðisvinnu í 2—3 mánuði, en verkkaup þeirra ætti að greiðast vikulega. Ennfremur telur meiri hlutinn æskilegt að gera málarekstur út af greiðslu verkkaups auðveldari og ódýrari en nú er, og vill því láta slík mál sæta meðferð einkalögreglumála. Að öðru leyti verður grein gerð í framsögu fyrir áliti meiri hluta nefndarinnar.

Meiri hlutinn leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Aftan við fyrri málsgrein komi: sex mánuði eða lengur.
2. Við 2. gr. Í staðinn fyrir orðin »umsamið verkkaup« komi: umsamin upphæð verkkaups.

3. Á eftir 2. gr. kemur ný grein, er verður 3. gr.:
Heimilt er verkafólki að krefjast þess, að mál út af greiðslu verkkaups samkvæmt lögum þessum sæti meðferð einkalögreglumála. Má þá reka mál í þeirri þinghá, þar sem verkið hefir verið unnið, og skoðast atvinnurekandi eða umboðsmaður hans þar sem aðili, þótt þeir eigi heimilisvarnarþing annarsstaðar.
Rjettargjöld skulu ekki greidd í málum þessum.
4. 3. gr. verði 4. gr.

Alþingi, 4. apríl 1927.

Jörundur Brynjólfsson,	Hjeðinn Valdimarsson,	Jón Guðnason,
form.	frsm.	fundaskrifari.

Nd. **315. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir haft mál þetta til meðferðar og rætt það ítarlega. Hafa fjórir af fimm nefndarmönnum orðið einhuga um að fylgja frv. fram. Einn nefndarmanna (H. V.) er mótfallinn þeirri breytingu, sem farið er fram á í frv. þessu. Í sambandi við frv. þetta hefir verið borið fram frv. til laga um atkvæðagreiðslu utankjörstaðar-kjósenda við alþingiskosningar. Hefir það frv. þegar verið til umræðu í hv. deild.

Vegna þess að kjörskrá sú, er kosið verður eftir, gengur ekki í gildi fyr en 1. júlí, er óhjákvæmilegt að breyta því ákvæði frv., að kosið verði næsta virkan dag á undan, ef 1. júlí ber upp á sunnudag, í þá átt, að kosið verði næsta virkan dag á eftir, þegar svo stendur á.

Þá er og óhjákvæmilegt að fresta upptalningu atkvæða, vegna ákvæðanna í frv. um atkvæðagreiðslu utankjörstaðar-kjósenda við alþingiskosningar. Þykir hæfilegt að ákveða þann frest 5 vikur.

Með skirskotun til framanritaðs leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Í stað orðanna »hinn fyrsti vetrardagur« í 23. gr. laganna komi: hinn 1. júlí. Ef 1. júlí ber upp á sunnudag, skal kosið næsta virkan dag á eftir.

2. Ný grein, sem verður 2. gr.
Aftan við 46. gr. bætist: Talning atkvæða skal þó ávalt frestað, þar til er 5 vikur eru liðnar frá kjördegi.

Alþingi, 4. apríl 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Árni Jónsson, frsm.	Jón Guðnason, fundaskrifari.

Nd. **316. Frumvarp**

til laga um sölu á prestssetrinu Hesti í Ögurþingum.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

1. gr.

Heimilt er kirkju- og kenslumálaráðherra að selja jörðina Hest í Súðavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, sem útlögð hefir verið sem prestssetur í Ögurþingaprestakalli, fyrir 2000 — tvö þúsund — krónur.

2. gr.

Andvirði jarðarinnar skal á sínum tíma varið til þess að kaupa annað hentugra býli, eða hús, handa prestinum í Ögurþingum.

3. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Greinargerð.

Prestssetrið Hestur hefir aldrei, svo sjeð verði, verið notað af sóknarprestinum í Ögurþingum til ábúðar. Einn prestur mun þó hafa búið þar frá því síðari hluta sumars og fram á þorra.

Lega þessarar jarðar er sú, að hún er í eyðifirði og lítt kleift að ná til prestsins, nema með miklum kostnaði fyrir sóknamenn. Jörðin er smákot eitt og erfitt að gera þar jarðabætur.

Ábúandinn leitar nú kaupa á jörðinni, og er aðalástæðan sú, að óhjákvæmilegt er að gera allstóra girðingu, sem ábúandi vill ekki kosta nema hann nái kaupum á kotinu.

Sýslunefnd, sóknarprestur og biskup leggja eindregið með kaupunum við því verði, sem hjer er sett, enda er það fyllsta verð. Öllum er vitanlegt, að þetta kot verður aldrei notað sem prestssetur eða skólajörð.

Það eru tilmæli biskups, að andvirði jarðarinnar verði á sínum tíma notað til þess að kaupa hentugra býli handa prestinum í Ögurþingum.

Nd. **317. Frumvarp**

til laga um sölu á nokkrum hluta úr kirkjueigninni Mosfellsheiðarlandi.

Flutningsm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Mosfellshreppi í Kjósarsýslu Mosfellsheiðarland í Mosfellshreppi, að undanteknu hinu svo nefnda Jónsseli.

2. gr.

Um mat á landinu fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða. Kaupverðinu skal varið til ræktunar á heimajörð prestssetursins Mosfells, samkvæmt nánari ákvæðum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndar Mosfellshrepps, og hefir hún látið fylgja því svo hljóðandi greinargerð:

Afrjettarland Mosfellshrepps er lítið og hrjóstrugt, og vafa undirorpið á suma vegu, með því að ekki hefir náðst samkomulag um merki. Sveitinni er því þörf meira afrjettarlands, og er Mosfellskirkjulandið á Mosfellsheiði best til þess fallið.

Það liggur áfast og samsíða við afrjett sveitarinnar. Gengur afrjettarfje jafnan í því.

Mosfellsprestur (eða ábúandi Mosfells) hefir lítil not landsins. Sum ár, þegar grasvexti er svo háttað, að heiðin sprettur betur en mýrar í bygð, hefir lítið eitt fengist fyrir slægjur þar, sum ár ekkert. Það af kirkjulandinu, sem er næst bygðinni og fyrrum var notað frá Mosfelli sem selstaða og stundum haft þar fje á vetrum, hefir nú um nokkurra ára skeið verið bygt býli, nú með ákveðnu afmörkuðu landi, býlið Bringur í Mosfellshreppi. Til þess tekur söluheimild ekki.

Eins og nú er komið og útlit fyrir að stefni með búnaðarhætti, má telja miklu hagkvæmara presti, eða ábúanda Mosfells, að verð heiðarlandsins væri lagt í ræktunina á heimajörðinni. En með því að sveitin hlýtur að nota landið óbeinlinis, og verður að annast fjallskil á því m. m., er eðlilegt, að hún sje eigandi þess.

Fylgiskjal.

MOSFELLSPRESTAKALL
Mosfelli, 31. mars 1927

Út af frumvarpi því til laga um sölu Mosfellsheiðarlands, sem hreppsnefnd Mosfellshrepps í Kjósarsýslu hefir beðið yður, herra alþingismaður, um að flytja nú á þessu þingi, skal jeg, eftir ósk yðar og tjeðrar hreppsnefndar, sem ábúandi og umráðamaður Mosfellsjarðar, taka það fram sem hjer segir:

Eins og tekið er fram í ástæðunum fyrir frumvarpi þessu, er hreppnum brýn nauðsyn á að fá meira afrjettarland til eignar og umráða en honum hefir gefist kostur á til þessa. Hinsvegar er hjer um nokkurn tekjumissi að ræða fyrir mig sem ábúanda Mosfells, þareð jeg, eins og fyrirrennarar mínir, hefi leigt bæði innan- og utansveitarmönnum nokkuð af heiðarlandinu til slægna, og er af ýmsum ástæðum frekar von um, að þær tekjur aukist er fram líða stundir, heldur en hitt. En þareð 2. grein frumvarpsins kveður svo á, að andvirði lands þessa skuli varið til ræktunar á heimajörðinni, sem mjög þarfnast endurbóta, þá tel jeg, að mjer sje skaðinn bættur að fullu með því, og að það sje jörðinni til góðs eins, að frumvarpið nái fram að ganga. Þessvegna tjái jeg mig fullkomlega samþykkan frumvarpinu í þeirri mynd, sem háttvirt hreppsnefnd Mosfellshrepps hefir afgreitt það í yðar hendur.

Virðingarfyllst.

Hálfdan Helgason,
settur.

Til
2. þingmanns Gullbringu- og Kjósarsýslu,
Alþingi.

Ed. **318. Lög**

um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

(Afgreidd frá Ed. 4. apríl).

Við 1. gr., staflið 2. Orðið »olíufóðurkökum« falli burt.

Við 1. gr., niðurlagsákvæðin á eftir staflíðunum. Á eftir orðunum »tilbúin áburðarefni« komi: olíukökur.

Við 1. gr., niðurlagsákvæðin á eftir staflíðunum. Á eftir orðunum »til aðgerðar« í niðurlagi fyrri málsgreinar komi: endursendar umbúðir um útfluttar iðnaðarvörur.

Nd. **319. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1928.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1928 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	240000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	950000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1230000
4.	Aukatekjur	350000	
5.	Erfðafjárskattur	40000	
6.	Vitagjald	300000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	300000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	30000	
			1045000
11.	Útflutningsgjald		850000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	650000	
13.	Tóbakstollur	800000	
14.	Kaffi- og sykurtollur	1000000	
15.	Annað aðflutningsgjald	150000	
	Flyt ...	2600000	3125000

		kr.	kr.
	Flutt ...	2600000	3125000
16.	Vörutollur	1000000	
17.	Verðtollur	850000	
			4450000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykursgerð ...		20000
19.	Pósttekjur	475000	
20.	Símatekjur	1500000	
			1975000
21.	Vínsinkasala		450000
	Samtals ...	... ...	10020000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		1000
4.	Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar		3500
	Samtals ...	... ...	34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

		kr.	kr.
1.	Tekjur af bönkum		50000
2.	Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	28000	
3.	Væntanlega útdregið af þeim brjefum	24000	
			52000
	Flyt ...	... ...	102000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	102000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5. Vextir af viðlagasjóði		65000
6. Aðrir vextir...		140000
Samtals ...	... ...	315000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		15000
Samtals ...	... ...	75000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1928 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	165713	
2. Dönsk lán, danskar kr. 205095 á 1/20	246114	
Flyt ...	411827	

	kr.	kr.
Flutt ...	411827	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8517:6:7 á $^{22}/_{0}$	187381	
		599208
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	264598	
2. Dönsk lán, danskar kr. 313113 á $^{1}/_{20}$	375736	
3. Enska lánið 1921, £ 2097:0:5 á $^{22}/_{00}$	46134	
		686468
III. Framlag til Landsbankans, 15 greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1385676

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins..		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	215000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4350	
		219350
Samtals ...	... ...	219350

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	36075		
b. Til risnu	4000		
		40075	
2. Til utanferða ráðherra		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		72285	
4. Annar kostnaður		25000	
5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		26500	
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900		
b. Til pappírs og prentunar	9000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000		
		10900	
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		4000	
			184760
II. Hagstofan:			
1. Laun		13100	
2. Pappír, prentun og hefting hagskýrsina		10000	
3. Prentun eyðublaða.		1800	
4. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		4000	
5. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		17600	
6. Til að gefa út manntalið 1703...		1000	
			47500
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra	20000		
b. Húsaleiga...	5000		
c. Kostnaður við embættið	20000		
d. Til skrifstofuhalds...	17000		
		62000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála		12000	
3. Ríkisráðskostnaður		4000	
4. Kostnaður við sambandslaganefnd		2500	
			80500
	Samtals ...	... ...	312760

11. gr.

Til dómgæslu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	32075	
b. Annar kostnaður, alt að	5000	
		37075
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		139140
3. Laun hreppstjóra		29000
4. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
a. Laun	25926	
b. Húsaleiga	3240	
c. Hiti, ljós og ræsting	2100	
d. Ýms gjöld, alt að	2400	
		33666
5. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 4 skrifara	19720	
b. Laun 6 tollvarða	26825	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	1800	
e. Ionheimtukostnaður	7500	
f. Ýms gjöld, alt að	11000	
Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
		71345
6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		96000
7. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		500
8. Til landhelgisgæslu, gegn 135000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		300000
9. Framlag til landhelgissjóðs		20000
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
11. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
12. Borgun til sjódómsmanna		2000
13. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A ...	... ...	761026

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	30000	
b. Fyrir embættisskeyti	40000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		18000
3. Til embættiseftirlitsferða		5000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar ... ... — ...		45000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		11000
Samtals B ...	... ...	149000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		265965
Þar af viðbót við lögmælt laun núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði 1700 kr. með verðstuðulsuppbót.		
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		7450
Styrkurinn skiftist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til		
Flyt ...	... ...	275415

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	275415
	Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sljettu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. — 17. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 2600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.		
4.	Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5.	Til augnlækninga:		
	a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
	b. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
	Styrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknanna Guðmundar Guðfinnssonar og Helga Skúlasonar, enda skifti þeir landinu á milli sín til yfirferðar, eftir fyrirmælum landlæknis, og hafi dvöl á að minsta kosti einni eða tveim höfnum í hverri sýslu.		
			2000
6.	Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
	Styrkurinn til augnlæknis og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
8.	Til geislalækningastofu ríkisins..		11000
9.	Til sömu stofnunar, til áhaldakanpa		2500
10.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
11.	Til nuddlækningastofu Jóns Kristjánssonar...		2500
	Stjórninni er heimilt að láta falla niður vexti og afborganir af viðlagasjóðsláni Jóns Kristjánssonar fyrir árin 1924—1926.		
12.	Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar		2000
	Flyt ...	... ...	301415

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	301415
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
13.	Holdsveikraspítalinn		77115
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	8035	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna	13000	
	2. Viðurværi 55 manna (ca. 140 a. á dag)	28000	
	3. Klæðnaður	1800	
	4. Lyf og sáraumbúðir	1800	
	5. Eldsneyti	9000	
	6. Ljósmeti	2400	
	7. Húsbúnaður og áhöld	2000	
	8. Viðhald á húsum	3000	
	9. Þvottur og ræsting	1800	
	10. Greftrunarkostnaður	500	
	11. Skemtanir	600	
	12. Skattar o. fl.	3680	
	13. Ýmisleg gjöld	1500	
		69080	
		77115	
14.	Geðveikrahælið á Kleppi		59860
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	7035	
	B. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna	13500	
	2. Viðurværi 94 manna (ca. 140 a. á dag)	48000	
	3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500	
	4. Lyf og sáraumbúðir	500	
	5. Ljós og hiti	10000	
	6. Viðhald og áhöld	10000	
	7. Þvottur og ræsting	3000	
	8. Skemtanir	750	
	Flyt ...	89250	7035	438390

		kr.	kr.
Flutt ...	89250	7035	438390
9. Skattar m. m.	2500		
10. Óviss gjöld	1400		
		93150	
		100185	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum; kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
Mismunur ...		59860	
15. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			2035
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7035	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	33000		
2. Viðurværi	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting	5500		
6. Viðhald húsa	4800		
7. Viðhald vjela	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld	11000		
9. Flutningskostnaður	4000		
10. Óviss gjöld	2640		
		228140	
		235175	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000		
		233140	
Mismunur ...		2035	
Flyt ...		... ...	440425

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	440425
16. Önnur gjöld:		
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík, samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands	150000	
b. Til viðbótarbyggingar við geðveikrahælið á Kleppi	100000	
c. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að utanhjeraðssjúklingar, sem borgað er fyrir af almannafje, njóti sömu kjara sem innanhjeraðssjúklingar.	18000	
d. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði	27000	
e. Til Heilsuhælisfjelags Norðurlands, lokastyrkur til byggingar heilsuhælis í Kristsnesi, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá, alt að	56000	
f. Bólusetningarkostnaður	2500	
g. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
h. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	3000	
i. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
j. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	
k. Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	3500	
l. Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna	700	
m. Til kvenfjelagsins á Hellissandi, til hjúkrunarstarfsemi	400	
n. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_5$ annarsstaðar að	2000	
o. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
p. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
q. Til Elínar Sigurðardóttur, 90 kr. á mánuði, sje hún ekki í sjúkrahúsi, alt að	1080	
r. Til Jóns Kristjánssonar, veitingamanns á Akureyri, til þess að bætu honum að nokkru skaða, er hann beið af sóttvarnaráðstöfunum 1924	1000	
		388680
17. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		38000
Samtals ...	... ...	867105

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Póstmál.		
1.	Laun:		
	a. Eftir launalögum	99460	
	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	75000	
	c. Brjefhirðingamenn	22000	
			196460
2.	Póstflutningur		165000
3.	Annar kostnaður:		
	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	10000	
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	23000	
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	14000	
	d. Önnur gjöld	63500	
			110500
	Samtals A. ...	... ...	471960
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	8250	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5850	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	16000	
	5. Skrifstofukostnaður, alt að	8000	
			43100
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjalarnesvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 25000		
	2. Stykkishólmsvegur 10000		
	Flyt ... 35000	... ...	43100

		kr.	kr.
	Flutt ...	35000	 43100
3.	Hvítárbraut	10000	
4.	Norðurárdalsvegur	60000	
5.	Húnavatnssýsluvegur	30000	
6.	Vallhólmsvegur	20000	
7.	Þelamerkurvegur...	10000	
8.	Vaðlaheiðarvegur	50000	
9.	Vopnafjarðarvegur	10000	
10.	Hróarstunguvegur	25000	
11.	Um Skaftáreldhraun í V.-Skaftafellss.	10000	
12.	Biskupstungnabraut	25000	
			285000
b.	Viðhald og umbætur		200000
			485000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum		225000
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)		30000
V.	Fjallvegir		15000
VI.	1. Til áhalda, alt að		20000
	2. Til bókasafns verkamanna		300
			20300
VII.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		40000
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923 . ..		30000
			70000
VIII.	Til dragferjuhalds:		
	1. Á Lagarfljóti		300
	2. - Skjálfandafljóti		300
	3. - Blöndu		300
			900
IX.	Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá		300
X.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði		10000
XI.	Styrkir til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn . ... Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskektum bæjum við þjóðbraut.		3000
	Samtals B. ...		 902600

		kr.	kr.
	C.		
	Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Ríkissjóðs	180000	
	b. Eimskipafjelags Íslands	60000	
			240000
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...		100000
	Samtals C. ...	... ...	340000
	D.		
	Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseignum á Seyðisfirði o. fl....		35000
II.	Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi hjeruð		275000
III.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Laun samkvæmt launalögum	305000	
	2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna ...	15000	
	3. Ritsímastöðin í Reykjavík	36000	
	4. Loftskeytastöðin í Reykjavík	11000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	200000	
	6. Áhaldahúsið	2500	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	13000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	16000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði...	9000	
	10. Símastöðin á Borðeyri	8500	
	11. Símastöðin í Hafnarfirði	7500	
	12. Símastöðin í Vestmannaeyjum	6500	
	13. Símastöðin á Siglufirði	6000	
	14. Til aukaritsímaþjónustu	5000	
	15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	100000	
	16. Til uppbótar á launum:		
	a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, alt að 14100		
	Flyt ... 14100	741000	310000

		kr.	kr.
	Flutt ... 14100	741000	310000
	b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927.. 9500		
		23600	
17.	Til Steindórs Björnssonar	1200	
18.	Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
			766400
IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		40000
V.	Viðbót og viðhald stöðvanna		50000
VI.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		10000
VII.	Viðhald landssímanna		160000
VIII.	Áframhaldsgjald		25000
IX.	Til kenslu fyrir símamenn		3000
X.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
	Samtals D. ...	... ...	1365900
	E.		
	Vitamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vitamála:		
1.	Laun vitamálastjóra	8025	
	Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.		
2.	Laun aðstoðarverkfræðings	5945	
3.	Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	3500	
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1750	
			19220
II.	Laun vitavarða..		23400
	Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		
III.	Rekstrarkostnaður vitanna		80000
IV.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V.	Til þess að reisa nýja vita:		
a.	Til uppsetningar leiðarljósa	15000	
	Flyt ...	15000	132620

	kr.	kr.
Flutt ...	15000	132620
b. Ljós og hljóðdufl á Valhúsgrunni, 1/2 kostnaður	10000	
c. Ljós og hljóðdufl á Hellisboða, 1/2 kostnaður ...	10000	
		35000
VI. Ýmislegt		12000
Samtals E. ...	... ...	179620

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsembættið:		
1. Laun biskups	9025	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		11025
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	406	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
7. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	35000	
8. Álag á Langholtskirkju í Meðallandi, enda taki söfnuðurinn við henni í núverandi ástandi hennar.	5000	
		324156
Samtals A. ...	... ...	335181

B. Kenslumál.	kr.	kr.
I. Háskólinn:		
a. Laun	96875	
b. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d. Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hjer halda fyrirlestra í háskólanum, alt að	2000	
e. Námsstyrkur	13000	
Fjárveiting þessari skal skift í 20 skamta 400 kr. og 20 skamta 250 kr., og má að jafnaði ekki veita neinum stúdenti meira eða minna en 1 skamt; þó má leggja saman alt að 8 skamta 250 kr. og gera úr helmingi færri 500 kr. skamta og veita þessa stærri skamta fátækum stúdentum, sem sýna sjerstakan dugnað við námið. Engum má veita styrk fyrsta námsárið í háskólanum.		
f. Húsaleigustyrkur	9000	
g. Til kensluáhalda læknadeildar	1000	
h. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði	1800	
i. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	4000	
j. Önnur gjöld:		
1. Til ritara:		
a. Laun 1000		
b. Dýrtíðaruppbót 500		
1500		
2. Til dyravarðar:		
a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið... 1600		
b. Dýrtíðaruppbót 800		
2400		
3. Ýms gjöld 5000		
	8900	
k. Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta	750	
l. Byggingarstyrkur til stúdentagarðsins ... ... enda sje ekki byrjað á byggingunni fyr en lög hafa verið sett um hana.	50000	
		189325
Flyt ...	... ...	189325

		kr.	kr.
Fluttar ...		... ...	189325
II. Námsstyrkur erlendis:			
a. Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum		24000	
b. Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að		2500	
c. Til Markúsar Kristjánssonar, til háskólanáms erlendis		1200	
			27700
III. Mentaskólinn almenni:			
a. Laun		78100	
b. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	400		
2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	5500		
3. Til skólahússins utan og innan ...	3000		
4. Til stundakenslu og til prófdómenda, alt að.	29500		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	2900		
7. Læknisþóknun	500		
8. Til vísindalegra áhalda	800		
9. Til þess að gefa út kenslubækur handa skólanum	2000		
10. Ýmisleg gjöld	3500		
11. Til verðlaunabóka	100		
12. Húsaleiga	1250	51250	
			129350
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		25520	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakenslu .	9500		
2. Til framhaldsnáms fyrir nemendur, sem lokið hafa gagnfræðaprófi ...	4500		
Flyt ...	14000	25520	346375

		kr.	kr.
Flutt ...	14000	25520	346375
3. Til bóka og kensluáhalda	1000		
4. Til eldiviðar og ljósa	6500		
5. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
7. Til skólahússins utan og innan ...	1500		
8. Til ýmislegra gjalda	3000		
		27600	
V. **Kennaraskólinn:**			53120
a. Laun		20010	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakensla	5000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	1000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		15500	
VI. Stýrimannaskólinn:			35510
a. Laun		14210	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu.	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	1750		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
		6050	
			20260
Flyt ...		... ...	455265

			kr.	kr.
		Flutt ...	... ...	455265
VII.	Vjelstjóraskólinn:			
	a. Laun		9280	
	b. Önnur gjöld:			
	1. Til stundakenslu	840		
	2. Húsnæði	4200		
	3. Ljós og hiti	1300		
	4. Ýms gjöld	2000		
			8340	
	Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			17620
VIII.	Bændakensla:			
	1. Til bændaskólans á Hólum:			
	a. Laun	10150		
	b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu...	1450		
	c. Önnur gjöld:			
	1. Til verklegs náms, alt að 1000			
	2. Til kensluáhalda.. ... 800			
	3. Til eldiviðar og ljósa... 4000			
	4. Ýmisleg gjöld 9000			
		14800		
			26400	
	2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
	a. Laun	8990		
	b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
	c. Önnur gjöld:			
	1. Til verklegs náms, alt að 1000			
	2. Til kensluáhalda... ... 800			
	3. Til eldiviðar og ljósa ... 2500			
	4. Ýmisleg gjöld 11500			
	5. Miðstöðvarhitun í íbúðarhúsið 7000			
		22800		
			33090	
		Flyt ...	59490	472885

	kr.	kr.
Fluttar ...	59490	472885
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.		
Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.		
3. Til húsmæðraskóla á Staðarfelli, enda samþykki atvinnumálaráðherra reglugerð hans...	4000	
		63490
IX Iðnfræðsla:		
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	500	
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	500	
Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.		
Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
d. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis	4000	
		11000
X. Verslunarskólar:		
a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	5500	
b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ..	5500	
		11000
Flyt ...	... ...	558375

		kr.	kr.
	Fluttar ...	... ...	558375
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	1. Laun forstöðumanns	1000	
	2. Til verklegrar kenslu:		
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
	b. Annar kostnaður, alt að 400		
		1300	
	3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	6700	
	4. Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			10500
XII.	Kvennaskólar:		
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 5000		
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 19000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
		29000	
	2. Til kvennaskólans á Blönduósi:		
	a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 14000		
	b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
	c. Til raflýsingar 6000		
		22000	
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
			51000
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
	1. Umsjón fræðslumála:		
	a. Laun fræðslumálastjóra 5800		
	b. Skrifstofukostnaður hans 1200		
	c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
		8000	
	Flyt ...	8000	619875

		kr.	kr.
	Flutt ...	8000	619875
2.	Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót	280000	
3.	Laun farkennara og dýrtíðaruppbót	27000	
4.	Til farkenslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að	6000	
5.	Til prófdómara við barnapróf	4000	
6.	Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkvæmt skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, alt að	25000	
7.	Til fræðslumálarits...	800	
			350800
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:		
	a. Laun 11020		
	b. Til aðstoðarkenslu 600		
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til búnaðarnáms ... 600		
	Alt að helmingi fjárins má verja til verðlauna handa nemendum.		
	2. Til kensluáhalda.. ... 800		
	3. Til eldiviðar og ljósa ... 4000		
	4. Ýmisleg gjöld 2500		
	6. Til að mála gamla íbúðarhúsið, alt að 2600		
	———— 10500		
	———— ————	22120	
2.	Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar	45000	
	Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
3.	Til þess að reisa nýja hjeraðsskóla í sveitum, alt að $^2/_5$ kostnaðar	20000	
	Flyt ...	87120	970675

	kr.	kr.
Flutt ...	87120	970675
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.		
4. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg. Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.	16000	
5. Til unglingaskólans í Bergstaðastræti	1000	
		104120
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að. Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum...	5000	
2. Til húsmæðradeildar við alþýðuskóla Þingeyinga, byggingarstyrkur, $^2/_5$ kostnaðar, alt að	11000	
3. Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi...	1500	
		17500
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m. ... ... Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		20000
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
XVIII. Sundkensla o. fl.:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.	300	
Flyt ...	300	1113295

	kr.	kr.
Flutt ..	300	1113295
2. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1500	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar ... ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	3000	
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar, enda sjeu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, 1/5 kostnaðar, alt að	4000	
		8800
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og tíjeskurði í þjóðlegum stíl		1800
Samtals B. ...	... ...	1123895

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	19270	
b. Launauppbót til 1. og 2. bókavarðar, 500 kr. til hvors.	1000	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	11000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	2500	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	500	
j. Ýmisleg gjöld	600	
		41530
Flyt ...	... ...	41530

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	41530
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6525	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	6000	
c. Ýms gjöld	1000	
		13525
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	7525	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1200	
d. Til áhalda og aðgerða	600	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	600	
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		12475
4. Náttúrufræðifjelagið		3000
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 2000 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	7000	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		9000
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7. Aukastyrkur til amtsbókasafnsins á Akureyri ... ... að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu, með a. m. k. 2000 kr. launum, auk verðstuðulsuppbótar.		3000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3400
11. Til Þjóðvinafjelagsins		1800
12. Til Fornleifafjelagsins		800
Flyt ...	... ...	91730

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	91730
13.	Til Sögufjelagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14.	Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (jarðalýsing Húnavatnsþings)		2000
15.	Til Færeyjafjelagsins »Gríms Kambans«		300
16.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		5500
17.	Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		800
18.	Til Leikfjelags Ísafjarðar, gegn að minsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		600
19.	a. Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers	8000	
	b. Til hljómsveitar Reykjavíkur	1800	
	c. Til þess að kaupa listaverk.	3500	
	d. Til Friðfinns Guðjónssonar leikara, til utanfarar	2500	
			15800
20.	Til sjera Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til þess að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins, 4500 kr. með verðstuðulsuppbót		6525
21.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sje safnið eign ríkisins		1000
22.	Til þess að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót		7025
23.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
24.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2900
25.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	7025	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1500	
			8525
26.	Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
27.	Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1500
	Flyt ...	... ..	150905

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	150905
28.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
29.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		800
30.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		800
31.	Til Boga Th. Melsteds, til þess að rita Íslandssögu ...		800
32.	Til Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenska miðaldamenningarsögu		1000
33.	Til landsskjálftarannsókna ... ... Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
34.	Til Íþróttasambands Íslands		1800
35.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		3500
36.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	7025	
	b. Til sama, til aðstoðar	1200	
			8225
37.	Til þess að kaupa grasasafn dr. Helga Jónssonar, þriðji fjórðungur andvirðis		2500
38.	Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		3500
39.	Til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins í Reykjavík .. ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi, en 400 kr. skal varið til fyrirlestra í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungum, 200 kr. á hvorum stað.		1500
40.	Til Sigurðar Skúlasonar stud. mag., til framhaldsnáms í íslenskum fræðum erlendis		2000
41.	Ferðastyrkur til útlanda		6000
	Samtals ...	... ...	184930

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands		200000
2. Til sandgræðslu		40000
Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		
3. Til búnaðarfjelaga		15000
4. Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, alt að		15000
Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfjelag Íslands.		
5. Gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna		50000
6. Til Skeiðaáveitunnar upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, 3. greiðsla		6000
7. Til vegalagningar í Vestmannaeyjum, $^2/_3$ kostnaðar, alt að		20000
8. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
Laun garðyrkjustjóra		4000
9. Til skógræktar:		
a. Laun	11910	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
b. Til skóggræðslu	20000	
c. Styrkur til Hákonar Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms	1200	
		33110
10. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	18995	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
		19695
11. Til fjárkláðalækninga		6000
12. Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
Flyt ...	... ...	409805

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	409805
13. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	5075	
b. Til aðstoðar	4000	
c. Húsaleiga	3000	
d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
e. Til áhaldakaupa	500	
		13775
14. Til veðurstofu Íslands:		
a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	15650	
b. Til aðstoðar	13000	
c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	8000	
d. Til veðurskeyta o. fl.	11150	
e. Til loftskeytatækja	800	
f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3000	
g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
		53000
15. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
16. Til Fiskifjelagsins		70000
Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimanna-almanaks.		
17. Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a. 5 fiskiyfirmatsmanna	17400	
b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.		
c. Laun 4 síldarmatsmanna	9280	
d. — 4 ullarmatsmanna	2320	
e. — 5 kjötmatsmanna	4350	
f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
		49550
18. Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		8000
19. Til bryggjugerða og lendingabóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun		15000
Flyt ...	... ...	625130

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	625130
20. Til að dýpka Snepilrásina við Stokkseyri, helmingur kostnaðar (endurveiting), alt að		5400
21. Til hafnarbóta í Ólafsvík		15000
22. Til brimbrjóts í Bolungarvík, gegn að minsta kosti jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá, alt að		20000
23. Til þess að leitast fyrir um markað fyrir íslenskar afurðir erlendis		5000
24. Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
25. Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, 1,50 kr. fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún býr til, alt að		6000
26. Til gerlarannsókna		2000
27. Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		4700
28. Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og heimilisiðnaði		800
29. Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
30. Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal í Mjóanesi og Þórdísar Ólafsdóttur á Fellsenda, styrkur til kenslu í hannyrðum og vefnaði og annari handavinnu kvenna, einkum þjóðlegum hannyrðum, 450 kr. til hvorrar		900
31. Til Kvenfjelags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kenslu í handavinnu kvenna ...		600
32. Til sambands norðlenskra kvenna...		450
33. Til Bandalags kvenna		450
34. Til vörumerkjaskrásetjara		2000
35. Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		4500
36. Styrkur til að kynnast nútímafyrirkomulagi og starfrækslu erlendra kauphinga		2000
37. Laun húsagerðarmeistara...	*	7625
38. Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita: a. Laun leiðbeinanda, 4000 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra	5800	
Flyt ...	5800	714355

	kr.	kr.
Flutt ..	5800	714355
manna, skal greiða fult gjald fyrir, er rennur í ríkissjóð.		
b. Ferðakostnaður og skrifstofufje...	1000	
		6800
39. Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
40. Til þess að gera Lagarfoss laxgengan, 1/3 kostnaðar, alt að		3000
41. Til Guðmundar Guðjónssonar, til lokanáms í húsgerðarlist		1500
42. Til vatnsrenslismælinga		2000
43. Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		6000
44. Til framhalds landmælinga		40000
45. Til ræktunarsjóðs:		
a. Afgjöld þjóðjarða	30000	
b. Tillag til kostnaðar við sjóðinn	10000	
c. Hluti af útflutningsgjaldi	62500	
		102500
46. Til flugnáms		2000
47. Styrkur til Stokkseyrarhrepps vegna brunatjóns (til endurgreiðslu á viðlagasjóðsláni)		10000
Samtals ...	... ...	889955

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga		500000
2. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61, 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga		7000
4. Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík...		3500
Flyt ...	... ...	570500

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	570500
5. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
6. Til slysatryggingar		10000
7. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
8. Til bjargráðasjóðs		24000
9. Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
10. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		10000
11. Til Rauðakrossfjelags Íslands		2000
12. Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
13. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
Samtals ...	... ...	663700

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			
a. Embættismenn		26057,55	
b. Embættismannaekkjur og börn		16353,02	
c. Uppgjafaprestar		635,28	
d. Prestsekkjur		5483,81	
e. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49, 1923		2500,00	
			51029,66
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Til Þorvalds Pálssonar læknis ...	300,00		
2. — Sigurðar Magnússonar læknis ...	169,87		
3. — Halldórs Briems bókavarðar ...	960,00		
		1429,87	
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Til Magneu Ásgeirsson	200		
2. — Ólivu Guðmundsson	175		
3. — Theodóru Thoroddsen	800		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
Flyt ...	1575	1429,87	51029,66

			kr.	kr.
	Flutt ...	1575	1429,87	51029,66
5.	Til Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6.	— Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
7.	— Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8.	— Ágústu Jóhannsdóttur	300		
9.	— Rannveigar Tómasdóttur	300		
10.	— Önnu Gunnlaugsson	900		
11.	— Kristbjargar Marteinsdóttur	600		
12.	— Kristínar Jacobson	600		
13.	— Guðnýjar Jónsdóttur	400		
14.	— Kirstínar Þ. Blöndal	300		
15.	— Guðlaugar Magnúsdóttur...	800		
16.	— 3 barna hennar	300		
17.	— Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju	400		
			8125,00	
c.	Uppgjafaprestar:			
1.	Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2.	— Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3.	— Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4.	— Sig. prófasts Gunnarssonar	662,25		
5.	— Guttorms Vigfússonar...	600,00		
6.	— Jóns Ó. Magnússonar...	600,00		
7.	— Björns Þorlákssonar	208,00		
8.	— Stefáns Jónssonar	370,00		
			4045,25	
d.	Prestsekkjur:			
1.	Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2.	— Auðar Gísladóttur	300,00		
3.	— Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4.	— Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6.	— Guðrúnar Ólafsdóttur...	100,00		
7.	— Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8.	— Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9.	— Ingunnar Leftsdóttur	300,00		
10.	— Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11.	— Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
12.	— Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
	Flyt ...	3830,00	13600,12	51029,66

		kr.	kr.
	Flutt ...	3830,00	13600,12	51029,66
13.	Til Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
14.	— Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
15.	— Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
16.	— Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
17.	— Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
18.	— Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
19.	— Valgerðar Gísladóttur kr. 176,50 og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	284,83		
20.	— Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
21.	— Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
22.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
23.	— Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
24.	— Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
25.	— Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
26.	— Önnu Stefánsdóttur	200,00		
27.	— Helgu Skúladóttur	230,00		
			7363,30	
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3.	— Magnúsar Einarssonar	500,00		
4.	— Elínar Briem Jónsson	300,00		
5.	— Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6.	— Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7.	— Guðmundar Björnssonar	150,00		
8.	— Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
9.	— Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
10.	— Páls J. Árdals	600,00		
			3760,00	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1.	Til Guðm. Kristjánssonar	300		
2.	— Böðvars Jónssonar	200		
3.	— Hallgríms Krákssonar	200		
4.	— Jóhanns Jónssonar	200		
5.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
6.	— Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
7.	— Daníels Jónssonar	200		
	Flyt ...	1700	24723,42	51029,66

			kr.	kr.
	Flutt ...	1700	24723,42	51029,66
8.	Til Jens Þórðarsonar	300		
9.	— Friðriks Möllers	1200		
10.	— Kristínar Jóelsdóttur	200		
11.	— Eliesers Eirikssonar	200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
14.	— Guðmundar Jónssonar fyrrum bæjarpósts á Akureyri	200		
15.	— Guðm. Kristjánssonar	200		
16.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
17.	— Friðriks Klemenssonar	2000		
18.	— Þorsteins Jakobssonar	200		
19.	— Kristjáns Blöndals	1000		
20.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ...	300		
21.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ...	200		
22.	— Hans Hannessonar pósts	300		
23.	— Steindórs Hinrikssonar pósts ...	200		
24.	— Ólafs Ólafssonar pósts	200		
			9600,00	
g.	Ritböfundar:			
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Valdimars Briems	1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar	1200		
7.	— dr. Helga Pjeturss	4000		
8.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu...	1000		
9.	— Einars Benediktssonar	4000		
			20400,00	
h.	Ekkjur og börn skálda og ritböfunda:			
1.	Til Jakobínu Pjetursdóttur	200,00		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur	300,00		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur	300,00		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	300,00		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur	300,00		
6.	— 2 barna hennar	200,00		
7.	— Valgerðar Arnljótsdóttur	300,00	1900,00	
	Flyt ...		56623,42	51029,66

		kr.	kr.
	Flutt ...	56623,42	51029,66
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400	
2.	— Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500	
3.	— Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður	500	
4.	— Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður	500	
5.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður	500	
6.	— Jakobínu Sveinsdóttur jubilljósmóður	500	
7.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500	
8.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ...	300	
9.	— Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður	300	
10.	— Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300	
11.	— Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200	
12.	— Hólmfríðar Bjórnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar	300	
13.	— Páls Erlingssonar	1200	
14.	— Erlends Zakaríassonar	300	
15.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300	
16.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300	
17.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar	400	
18.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400	
19.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300	
20.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	300	
21.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600	
22.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300	
	Flyt ...	9200	56623,42	51029,66

		kr.	kr.
Flutt ...	9200	56623,42	51029,66
23. Til Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
24. — Sigrúnar Gestsdóttur, ekkju Stefáns Eirikssonar.	600		
25. — Halldóru Pjetursdóttur Briem ...	600		
26. — Kristjönu Benediktsdóttur	400		
27. — Bjargar Guðmundsdóttur	400		
28. — Hjálmars Lárussonar	1000		
29. — Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
		12900,00	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara		1200,00	
k. — ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar		1000,00	
l. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000,00	
			74723,42
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			54248,89
Samtals ...		... ...	180001,97

19. gr.

Til óvissra gjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Til gjalda árið 1928 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.				1385676,00
—	8. —				60000,00
—	9. —				219350,00
—	10. —				312760,00
—	11. — A.		761026,00		
—	11. — B.		149000,00		
				910026,00	
			Flyt ...		2887812,00

			Flutt ...	2887812,00	
Samkvæmt	12. gr.			867105,00	
—	13. — A.	471960,00			
—	13. — B.	902600,00			
—	13. — C.	340000,00			
—	13. — D.	1365900,00			
—	13. — E.	179620,00			
				3260080,00	
—	14. — A.	335181,00			
—	14. — B.	1123895,00			
				1459076,00	
—	15. —			184930,00	
—	16. —			889955,00	
—	17. —			663700,00	
—	18. —			180001,97	
—	19. —			100000,00	
—	20. —			10000,00	
					kr. 10502659,97
	En tekjur eru áætlaðar:				
Samkvæmt	2. gr.			10020000,00	
—	3. —			34600,00	
—	4. —			315000,00	
—	5. —			75000,00	
					kr. 10444600,00
			Tekjuhalli	kr.	58059,97

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 100 þús. kr. til þess að reisa íshús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánin eru veitt sýslufjelögum, gegn tryggingum þeim, er landsstjórnin tekur gildar, þó ekki hærri en $^3/_5$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.
   c. Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
   d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu svo greidd með jöfnun afborgunum á 30 árum.
2. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu

afborgunarlaus fyrstu 4 árin, en greiðast síðan með jöfnu afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.

3. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda. og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Alt að 35000 kr. til Mjólkurfjelags Reykjavíkur til þess að koma upp kornmylnu. Lánið er veitt gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, ávaxtast með 6% og endurborgast með jöfnum afborgunum á 5 árum.
6. Alt að 10000 kr. til Jóns Stefánssonar listmálara, til þess að reisa sjer vinnustofu í Reykjavík, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin tekur gildar.

23. gr.

Stjórninni er heimilt að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1928, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1927 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **320. Breytingartillögur**

við frv. til laga um samskóla Reykjavíkur

Frá minni hluta mentamálanefndar.

1. Á undan 1. gr. komi fyrirsögn, svo hljóðandi:
I. Samskólar Reykjavíkur.

2. Aftan við fyrirsögnina bætist:
II. Ungmennaskólar utan Reykjavíkur.

a. 16. gr.

Ungmennaskólar utan Reykjavíkur, sem um ræðir í lögum þessum, eru:
1. Flensborgarskóli í Hafnarfirði.
2. Hvítárbakkaskóli í Borgarfirði.
3. Núpsskóli í Dýrafirði.
4. Ungmennaskóli á Ísafirði.
5. Laugaskóli í Þingeyjarsýslu.
6. Ungmennaskóli á Suðurlandi, austan fjalls.

b. 17. gr.

Ríkissjóður leggur fram $^2/_5$ af nauðsynlegum byggingar- og stofnkostnaði allra þeirra skóla, er um ræðir í 16. gr., gegn $^3/_5$ annarsstaðar frá.

c. 18. gr.

Kenslumálaráðuneytið skipar skólastjóra og kennara við ungmennaskólana, að fengnum tillögum þeirra aðilja, er lögðu fram stofnkostnaðinn.

d. 19. gr.

Fastir kennarar, auk skólastjóranna, við ungmennaskólana skulu vera svo margir, sem þörf er á eftir aðsókn, þannig, að miðað sje við 25 nemendur í bekk.

e. 20. gr.

Skólastjórar ungmennaskóla hafa að byrjunarlaunum 2500 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar, en launin hækka á tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 3500 kr. Auk þess hafa þeir ókeypis húsnæði, ljós og hita.

Fastir kennarar hafa að byrjunarlaunum 2200 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar, en launin hækka á þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Laun þessi og kostnaður af stundakenslu greiðist úr ríkissjóði, en hann á endurgjaldskröfu á $^1/_4$ hluta kenslukostnaðarins hjá þeim hjeruðum, sem komið hafa skólunum á fót eða tekið að sjer hlutdeild í rekstri þeirra.

f. 21. gr.

Rekstrarkostnaður skólanna greiðist að öðru leyti af skólagjöldum nemenda eða með tillögum frá hlutaðeigandi hjeruðum, er ákveða hæð skólagjaldsins í samráði við kenslumálaráðuneytið.

g. 22. gr.

Námsgreinar í skólunum skulu vera hinar sömu og í ungmennaskóla Reykjavíkur, með þeim breytingum, eftir staðháttum, sem gerðar kunna að verða í reglugerð hvers skóla, er staðfest skal vera af kenslumálaráðuneytinu.

h. 23. gr.

Ákvæði þessara laga um framlög ríkissjóðs til stofnkostnaðar og kenslu við ungmennaskóla þessa skulu koma til framkvæmda þegar í stað við þá af þessum skólum, sem nú eru starfandi, en um hina jafnskjótt og þeir verða stofnaðir.

3. *III. Samvinnuskólinn.*

a. 24. gr.

Ríkissjóður leggur þegar í stað fram til samvinnuskólans til stofnkostnaðar $^3/_5$ af þeirri fjárhæð, sem húsameistari ríkisins áætlar handa verslunarskólanum (sbr. 14. gr.), gegn því að Sambandið leggi fram $^2/_5$ af stofnkostnaðinum.

b. 25. gr.

Við samvinnuskólann skulu vera, auk skólastjóra, tveir fastir kennarar. Laun þeirra skulu vera hin sömu og skólastjóra og kennara verslunarskólans (sbr. 10. gr.) og greiðast að öllu úr ríkissjóði.

c. 26. gr.

Kenslumálaráðuneytið setur reglugerð fyrir samvinnuskólann, eftir tillögum stjórnar Sambands íslenskra samvinnufjelaga.

4. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:
Frumvarp til laga um ungmennaskóla og sjerskóla.

Nd. **321. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

14. grein skal orða svo:
Berklaveikur sjúklingur getur fengið ókeypis vist í heilsuhælum, sjúkra-

húsum eða sumarhælum barna, ef hann eða sá, sem framfærsluskyldan hvilir á, er svo efnum búinn, að ætla má, að hann mundi líða mikið tjón á efnahag sínum eða jafnvel verða öreigi, ætti hann að standa straum af kostnaði þeim, er af slíkri vist leiðir. Til þessa kostnaðar telst einnig lyf og læknishjálp.

Nú getur sjúklingur ekki fengið vist í sjúkrahúsi eða hæli, en er komið fyrir á öðru heimili samkvæmt fyrirmælum 10. eða 13. greinar, og getur hann þá fengið ókeypis vist, sje efnahag hans varið sem að ofan greinir. Sömu reglum skal fylgt um meðgjöf barna, ef þau eru tekin heilbrigð að heiman samkvæmt fyrirmælum 13. greinar.

Stjórnarráðið getur ákveðið, að berklasjúklingar í hressingarhælum fái ókeypis vist þar. Það getur og eftir ástæðum ákveðið, að ljóslækningasjúklingar og aðrir berklasjúklingar, er dvelja utan sjúkrahúss, njóti sömu hlunninda að því er lækningakostnaðinn snertir.

Allur sá kostnaður, er hjer er greindur, greiðist úr ríkissjóði, en sjerhvert sýslufjelag og bæjarfjelag greiði upp í hann gjald til ríkissjóðs, er nemi 2 krónum fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu. Ennfremur greiði sjúkrasamlag fyrir meðlimi sína áskilið gjald, sbr. 2. gr. Eindagi gjaldsins er 15. ágúst ár hvert.

Stjórnarráðið getur ákveðið hámark daggjalds sjúklinga þeirra, er að framan greinir, ef ástæða þykir til. Það getur og sett reglur um sundurliðun þeirra reikninga, er ríkissjóður greiðir.

Það er skilyrði fyrir því, að berklaveikir sjúklingar geti orðið aðnjótandi styrks úr ríkissjóði, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn dvalarsveitar sjúklingsins sendi stjórnarráðinu skýrslu um efnahag hans. Skal hjeraðslæknir staðfesta skýrslu þessa eftir bestu vitund og jafnframt votta, að vist utan heimilis sje nauðsynleg. Nú á sjúklingur ekki lögheimili hjer á landi, og skal þá efnahagsskýrsla hans gefin út af hreppsnefnd eða bæjarstjórn þeirrar sveitar, sem hann dvelur í, þegar hann verður styrksþurfi.

Úrskurðar stjórnarráðið síðan eftir þessum gögnum, hvort sjúklingurinn sje styrkhæfur og að hve miklu leyti.

2. gr.

15. grein orðist svo:

Nú er sjúklingur fjelagi í sjúkrasamlagi, er nýtur styrks úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, og skal þá samlagið greiða upp í meðlagskostnaðinn $^{2}/_{3}$ hluta hans, þó ekki yfir 2 kr. á dag meðan meðlagstíminn varir, og ekki lengur en sjúklingur hefir rjett til styrks samkvæmt lögum fjelagsins, enda láti samlagið berklaveika sjúklinga njóta sömu rjettinda og aðra sjúklinga.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þess, ef um kostnað af ráðstöfun samkvæmt 10. eða 13. gr. er að ræða.

3. gr.

Lög nr. 44, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1928.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 43, 27. júní 1921, og gefa þau út svo breytt.

Ed. **322 Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í staðinn fyrir málsgreinarnar: »39. Reykjavík: Reykjavíkur, Lágafells og Viðeyjarsóknir. 40. Reynivellir: Reynivalla, Saurbæjar og Brautarholtssóknir« komi: »39. Reykjavík: Reykjavíkursókn. 40. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells, Brautarholts og Viðeyjarsóknir. 41. Reynivellir: Reynivalla og Saurbæjarsóknir«.

2. gr.

Skyldur skal Mosfellsprestur að taka að sjer prestsþjónustu í Þingvallasókn, ef Þingvellir verða lagðir niður sem sjerstakt prestakall.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **323. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

Í stað »til ársloka 1927« í 2. málsgr. 1. gr. laganna komi: til ársloka 1928.

Athugasemdir.

Þar sem fyrirsjáanlegt er, að efnahagur ríkissjóðs á næsta ári eigi má við því að missa tekjuauka þann, sem umrædd lög heimila að innheimta til ársloka 1927, þykir rjett, að heimildin verði framlengd til ársloka 1928, og í því skyni er frumvarp þetta fram borið.

Nd. **324. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 43, 10. nóv. 1913 [Landskiftalög].

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Eftir lögum þessum geta komið til skifta að nokkru eða öllu leyti heimalönd sveitajarða og afrjettarlönd, sem jöfnum höndum eru notuð til vetrarbeitar, tún, sáðreitir, engi, landsnytjar aðrar og hlunnindi, svo og mannvirki, sem tvö eða fleiri býli hafa til samnota og ekki hefir verið áður skift til eignar eða afnota, svo sannað verði eða viðurkent af öllum eigendum.

Nú er túni, sáðreitum, slægjum eða öðrum landsnytjum á sameignarjörð áður skift, og hafa skiftin ekki verið staðfest samkvæmt 10. eða 13. gr. þessara laga, og má þá krefjast skifta að nýju, að svo miklu leyti, sem þau geta gert hagkvæmara skipulag á hverri eign fyrir sig og eru í samræmi við ákvæði 6. gr. 2. málsl., 7. gr. og 8. gr.; þó skal þess gætt að raska ekki hlutföllum ræktaðs lands, nema samþykki aðilja komi til.

2. gr.

2. grein laganna orðist svo:

Hver einstakur eigandi eða umráðamaður jarðar, jarðarparts eða landsnytja getur krafist skifta samkvæmt lögum þessum. Skiftin skulu vera til fullrar eignar og ætið miðuð við viðurkend og á lögmætan hátt staðfest eignahlutföll lands og landsnytja, er skifta á. Skal ekki aðeins farið eftir stærð lands að flatarmáli, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Eigi má þó staðbundin skifti gera á námarjetti, þar með talið mótak, veiði í vötnum eða sjó, selveiði, fuglaveiði með háf eða skotum, reka, vergögnum, lóðagjöldum, beitutekju, þörungum föstum og lausum og fjörubeit, nema samþykki allra eigenda komi til.

Nú hafa eignahlutföll á sameignarjörð breyst við jarðamat (endurmat) fyrir misjafna ræktun eða aðrar verklegar framkvæmdir eiganda eða ábúanda, og breytast þá eigi fyrir það eignahlutföll óskifts lands eða landsnytja.

Nú er ágreiningur um eignahlutföll óskifts lands eða landsnytja og næst ekki samkomulag, verður þá eigi úr því skorið nema með dómi.

Um umráð og notkun vatns og fallvatna, svo og um girðingar, fer eftir almennum lögum.

3. gr.

3. grein laganna orðist svo:

Úttektarmenn skulu vera matsmenn og gera skiftin hver í sínu umdæmi. Ef úttektarmaður er hindraður, við málið riðinn eða nákominn aðilj-

um, kveður sýslumaður annan í hans stað. Sýslumaður skal og kveðja oddamann til skiftagerða. Skal hann vera formaður matsmanna, stýra skiftum og annast bókun skiftagerðar. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum.

Matsmenn fá þóknun fyrir skifti eftir 6. og 7. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917. Oddamaður fær þó 1/6 hlut hærri þóknun að öllu samlögðu en hinir.

4. gr.

4. grein orðist svo:

Þegar skifta skal landi eða landsnytjum, skal bjóða öllum eigendum og öðrum þeim, er notkunarrjett hafa á því, er til skifta getur komið, að vera við skiftin og gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki fyrir það lengur en nauðsyn krefur. Hið sama gildir og við yfirmat, en ekki skulu þeir þó viðstaddir, er matsmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín úrslit skiftanna eða ráða þeim til lykta.

Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiftin, getur heimtað yfirmat. Rjett til að heimta yfirmat hefir einnig hver veðhafi í eign þeirri, er skift er, um eitt ár frá því að sýslumaður hefir tilkynt honum skiftin.

5. gr.

5. grein orðist svo:

Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður þeirra og stýra matinu. Heimilt er honum þó að kveðja annan í sinn stað. Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 7 krónur og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar sýslumaður reikninga yfirmatsmanna; þó má skjóta úrskurði hans undir fullnaðarúrskurð dómsmálaráðuneytisins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs.

Kostnað við skifti greiði sá, er þeirra beiðist, ef skiftatilraun verður árangurslaus sökum vanheimilda, svo og við yfirmat, ef engin breyting er gerð á skiftum; ella skiftist allur kostnaður á eigendur að tiltölu við eignahlutföll þess, er skiftin ná til.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og þau hafa hlotið konunglega staðfestingu. Skal þá jafnframt meginmál þeirra fært inn í aðallögin og þau þannig gefin út í einni heild sem lög frá Alþingi.

Nd. **325. Nefndarálit**

um flóabátaferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndinni hafa borist nokkur erindi um nýjan styrk eða hækkun á styrk til flóabáta, og hefir hún athugað þau og flótabátaferðirnar alment. Hefir hún þar lagt til grundvallar álit og tillögur efri deildar á síðasta þingi (þskj. 414), því við þær eru ákvæði fjárlaganna fyrir yfirstandandi ár bundnar.

Skal nú minst á þær breytingar, er nefndin leggur til.

Djúpbátnum eru ætlaðar í ár 17000 krónur. Á þing- og hjeraðsmálafundi Vestur-Ísafjarðarsýslu á síðastliðnum vetri var samþykt að skora á Alþingi að hækka styrkinn til Djúpbátsins, í því skyni og með því skilyrði, að hann færi 3—4 reglubundnar ferðir á ári á helstu viðkomustaði í vestursýslunni á þeim tíma, sem sýslunefnd ákveður í samráði við stjórn bátsins. Með tilliti til þess, að bátur þessi, sem flytur allan póst um Ísafjarðardjúp, hefir átt mjög örðugt uppdráttar, og með því það verður að teljast nauðsynlegt fyrir viðskifti Djúpmanna og Vestur-Ísfirðinga, að báturinn fari nokkrar ferðir vestur í sýsluna, vill nefndin hækka styrk til bátsins upp í 22000 kr., með því skilyrði, að hann fari minst 5 ferðir árlega á helstu viðkomustaði vestursýslunnar, með þeim skilyrðum, er fyr segir.

Flateyjarbátur. Barðstrendingar eru nú að afla sjer nýs báts, um 20 tonn að stærð, og ætla að hafa hann í förum á Breiðafirði. Þar sem Barðstrendingar hafa sama sem alls enga vegi á landi, virðist ástæða til að styrkja þá ríflega, er þeir eru að koma bátnum á stað, og er því styrkurinn til þess báts hækkaður upp í 8000 krónur.

Nefndinni hefir þótt rjett að taka 100 krónur af Rauðasandsbát, og hækka styrkinn til Mýrabáts um sömu upphæð.

Útgerð Lagarfljótsbáts hefir áformað að láta bátinn ganga lengra en áður út eftir Lagarfljóti, svo þeir, sem meðfram því búa, í Hróarstungu, Hjaltastaðaþinghá og út Eiðaþinghá, geti haft not af honum. Nefndin telur þetta geta orðið til mikils hagnaðar fyrir íbúa þessara hjeraða, og vill því hækka styrkinn um 200 krónur.

Til *Eyjafjarðarbáts*, með viðkomum á Siglufirði, Húsavík og Sauðárkróki, hafa verið veittar 8000 kr. í ár. Bátur þessi flytur allan póst út með Eyjafirði beggja megin og hefir fyrir það 5000 kr. árlega, og hefir sú upphæð áður verið greidd úr póstsjóði, en nú er lagt til, að tillagið sje tilfært hjer, enda eru útgjöld til póstflutninga lækkuð í fjárlagafrv. um þessa upphæð, svo hjer er ekki um hækkun að ræða að því er þessa upphæð snertir. Þar sem bátnum er ætlað að fara bæði vestur á Skagafjörð og norður á Húsavík, er lagt til, að honum verði veittur 6000 króna styrkur.

Nefndinni hefir borist erindi um það, að veittar yrðu 3000 krónur til vjelbátaferða fram með ströndum Austur-Skaftafellssýslu, og til flutningaferða frá Hornafirði í Lón, Hvalsneskrók, Bæjarós og Papós og til Suðursveitar. Þá er og Öræfingum nauðsynlegt að geta komið frá sjer kjöti að haustinu til. Allar þessar ferðir ætti báturinn að annast, og vill nefndin leggja til, að veittar verði í þessu skyni 2000 krónur, þar af 600 kr. til Öræfaferða.

Samkvæmt framansögðu leyfir nefndin sjer að leggja til, að flóabátastyrknum verði árið 1928 skift þannig niður:

1.	Borgarnesbátur, með 7—9 ferðir til Breiðafjarðar	kr.	35000
2.	Djúpbátur, með nokkrum viðkomustöðum í Vestur-Ísafjarðarsýslu	—	22000
3.	Skaftfellingur, með viðkomum á Stokkseyri og Eyrarbakka, auk þess sem áður var..	—	20000
4.	Flateyjarbátur	—	8000

5.	Hornafjarðarbátur	kr.	7000
6.	Millilandaskip til Skaftafells- og Rangárvallasýslu	—	4000
7.	Rangársandsferðir	—	1200
8.	Hvalfjarðarbátur	—	1500
9.	Grímseyjarbátur	—	800
10.	Rauðasandsbátur	—	300
11.	Mýrabátur	—	500
12.	Lagarfljótsbátur, enda sigli hann niður fyrir brúna	—	1000
13.	Til flutningaferða innan sýslu í Austur-Skaftafellssýslu (þar af til Öræfinga 600 kr.)	—	2000
14.	Eyjafjarðarbátur, með viðkomu á Siglufirði, Sauðárkróki og Húsavík	—	6000
		kr.	109300

Ber því nefndin fram tillögu um, að liðurinn 13. gr. C. 2. í fjárlagafrv. fyrir 1928 verði hækkaður um kr. 9300.

Alþingi, 6. apríl 1927.

Kl. Jónsson, form. og frsm.	Hákon Kristófersson, fundaskrifari.

Sveinn Ólafsson. Jón Ólafsson. Pjetur Þórðarson.

Ed. **326. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 56, frá 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Sjerhver bifreiðareigandi skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynning um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Skal lögreglustjóri síðan láta fara fram skoðun á vagninum. Ef vagninn samkvæmt skoðuninni fullnægir ákvæðum þessara laga og þeirra reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, skal lögreglustjóri skrásetja vagninn og afhenda eiganda merki, sem setja skal aftan á vagninn og má ekki taka af honum meðan hann er notaður. Verði eigendaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra. Flytjist bifreiðareigandi búferlum úr einu lögsagnarumdæmi í annað með bifreið sína, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal lögreglustjóri lögsagnarumdæmis þess, er hann flytst í, ákveða merki það, er bifreið hans þá skal hafa, og afhenda honum það.

Atvinnumálaráðherra löggildir skoðunarmann eða skoðunarmenn bif-

reiða fyrir Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu og er heimilt að löggilda skoðunarmann í hverju öðru umdæmi, þar sem bifreiðar ganga. Skulu skoðunarmenn vera reyndir bifreiðarstjórar, er rjett hafa til að stýra leigubifreiðum til mannflutninga. Þeim skal skylt fyrirvaralaust öðru hverju, og ekki sjaldnar en einu sinni á ársfjórðungi hverjum, að skoða allar bifreiðar í umdæminu og athuga ökuskírteini bifreiðarstjóra. Skoðunarvottorð bifreiðarinnar skal fest upp í henni, og áritar skoðunarmaður það eftir hverja skoðun. I skoðunarvottorði skal ákveða, hversu margir farþegar megi vera í bifreið til mannflutninga. Bifreiðareigandi greiðir 10 kr. árlegt gjald fyrir skoðanir til lögreglustjóra, og gengur sú upphæð til skoðunarmanna, þar sem þeir eru, eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur. Atvinnumálaráðherra gefur skoðunarmanni erindisbrjef, sem ákveður nánar um valdsvið hans og skyldur.

Lögreglustjóri getur, hve nær sem ástæða er til, látið fara fram nýja skoðun á bifreið á kostnað eiganda, og komi það í ljós, að hún fullnægi ekki lengur ákvæðum laga og reglugerða, getur hann bannað notkun bifreiðarinnar og tekið merki af henni.

2. gr.

Tölunum í 1. málsgr. 17. gr. laganna skal breyta svo:

Í staðinn fyrir »3000 kr.« komi: 10000 kr., í staðinn fyrir »1000 kr.« komi: 3500 kr., og í staðinn fyrir »1500 kr.« komi: 5000 kr.

Aftan við málsgreinina bætist:

Tryggingarupphæð hvers einstaks bifreiðaeiganda eða fjelags þarf þó ekki að vera hærri en 45000 kr.

Sþ. **327. Tillaga**

til þingsályktunar um, að Landsbanki Íslands setji á fót útibú í Vestmannaeyjum.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson og Jón Baldvinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um við Landsbanka Íslands, að bankinn komi á fót útibúi í Vestmannaeyjum ekki síðar en 1. jan. 1928.

Greinargerð.

Íslandsbanki hefir útibú í Vestmannaeyjum, en Landsbanki Íslands hefir, þrátt fyrir almennar óskir Vestmannaeyinga, ekki enn komið þar upp útibúi. Þetta er til mikils óhagræðis fyrir þá eyjarskeggja, sem hafa aðalviðskifti sín við Landsbankann, en hinsvegar er svo mikil viðskiftavelta í þessum kaupstað, að nægilegt verkefni ætti að vera fyrir útibú frá Landsbankanum.

Ed. **328. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun húsmæðraskóla á Hallormsstað.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leitað álits dóms- og kirkjumálaráðherra í málinu, en ekki getað orðið á eitt sátt um úrslit þess.

Meiri hluti nefndarinnar getur ekki mælt með frv., meðal annars sökum þess, að hann telur ekki ráðlegt að stofna fleiri húsmæðraskóla en þegar er gert, áður en skipulag er fengið, og leyfir sjer því að leggja til, að frv. sje vísað til ríkisstjórnarinnar með tilmælum um, að hún taki húsmæðrafræðsluna í landinu til íhugunar og leggi fyrir Alþingi ákveðnar tillögur um fyrirkomlag hennar svo fljótt sem verða má.

Leyfir meiri hlutinn sjer því að ráða háttv. deild til þess að afgreiða mál þetta með því að samþykkja svo hljóðandi

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin taki húsmæðrafræðslumálið til rækilegrar yfirvegunar og leggi svo fljótt sem verða má fyrir Alþingi tillögur sínar um skipun þess, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. apríl 1927.

Ingibjörg H. Bjarnason, form. og frsm. Jóh. Jóhannesson.

Ed. **329. Nefndarálit**

um frumv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir haft frumv. þetta til athugunar, og virðist henni rjett, að kaupstöðunum og kauptúnum, sem eru sjerstök hreppsfjelög, sje tryggður forkaupsrjettur á lóðum og enda mannvirkjum, þar sem svo hagar til, að almenningi er það nauðsynlegt, að hið opinbera hafi eignarumráð yfir viðkomandi lóð eða hafnarmannvirki.

Þó nefndin þannig fallist á aðalatriði frv., vill hún reyna að draga sem mest úr því óhagræði, sem þessar ráðstafanir kynnu að geta bakað hlutaðeig-

andi lóðar- eða fasteignareigendum. T. d. með því að fyrirskipa birtingu á samþyktum um forkaupsrjett í Stjórnartíðindunum, og með því að stytta frest þann, sem í frv. er ætlaður aðilja til að neyta forkaupsrjettar, og ennfremur með því að lengja gildi yfirlýsingar aðilja um afsal forkaupsrjettar úr 6 mánuðum í eitt ár. Þá vill nefndin láta drátt á svari frá bæjar- eða hreppsfjelagi við því, hvort neytt verði forkaupsrjettar — fram yfir hinn ákveðna frest — gilda sem afsal forkaupsrjettarins og heimild handa lóðar- eða fasteignareiganda til að ráðstafa eigninni á annan hátt.

Nefndin leggur því til, að frumv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. 2. málsgr. Orðið »lögsagnarumdæmi« falli burt.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins »stjórnarráðið« komi: atvinnumálaráðherra.
   b. Aftan við greinina bætist:
      Og skal hún birt B-deild Stjórnartíðinda.
3. Við 3. gr. 1. málsgr. Í stað »kaupstað eða kauptúni« komi: bæjarstjórn eða hreppsnefnd.
4. Við 3. gr. 2. málsgr. Í stað »eins mánaðar« í upphafi málsgreinarinnar komi: tveggja vikna.
5. Við 3. gr. síðustu málsgr. Í stað »6 mánuði« í niðurlagi greinarinnar komi: eitt ár.
6. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:
   Nú svarar bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi boði um að neyta forkaupsrjettar innan ákveðins tíma, og skal þá líta svo á, sem hún hafi hafnað boðinu.
7. Við 4. gr. Í stað orðanna »kaupstað eða hreppsfjelagi« komi: bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Alþingi, 6. apríl 1927.

Jóh. Jóhannesson,	Guðm. Ólafsson,	Jóhann Þ. Jósefsson,
form.	fundaskr.	frsm.

Ed. **330. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

Frá Birni Kristjánssyni og Einari Árnasyni.

1. Við 9. gr. d. Fyrir orðin »eftir því sem verkinu miðar áfram« til enda málsgreinarinnar komi: alt að 1½ miljón króna, er járnbrautin er fullgerð,

með stöðvarhúsum frá Reykjavík að Ölfusá, og alt að $^1/_2$ miljón króna þegar brautin er fullgögð að Þjórsá, með stöðvarhúsum, vögnum og öðrum áhöldum, er fylgja eiga brautinni.

2. Við 11. gr. Aftan við greinina bætist:

Járnbrautin öll með stöðvarhúsum, eimvögnum og öðrum vögnum og áhöldum skal jafnan standa að veði fyrir því, að sjerleyfishafi reki járnbrautina og haldi henni vel við, samkvæmt því, sem um semst milli atvinnumálaráðherra og sjerleyfishafa.

Nd. **331. Breytingartillögur**

við frv. til laga um iðju og iðnað.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 18. gr. 2. Á eftir orðunum »getur lögreglustjóri þá« komi: til 5 ára í senn o. s. frv.
2. Við 18. gr. 3. Á eftir orðunum »hefir fengið« komi: samkv. þessari grein o. s. frv.

Ed. **332. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir orðið ásátt um að leggja til, að þingsályktunartillagan verði samþykt.

Alþingi, 7. apríl 1927.

Einar Jónsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Jónas Kristjánsson.

Nd. **333. Nefndarálit**

um frumv. til laga um atkvæðagreiðslu utan kjörstaðar kjósenda við alþingiskosningar.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Eins og fyrirfram var vitað, klofnaði allsherjarnefnd um þetta mál. Meiri hluti nefndarinnar, sem flutti þetta frumv., leggur til við háttv. deild, að frumv.

verði samþykt. Einn nefndarmaðurinn (H. V.) er frumvarpinu fylgjandi með breytingum, er hann flytur á sjerstöku þingskjali; en einn nefndarm. (J. K.) er algerlega á móti því, að málið nái fram að ganga. Meiri hlutinn væntir þess, að háttvirt deild sjái nauðsyn þessa máls og fylgi því eindregið fram til sigurs.

Alþingi, 5. apríl 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form. og frsm.	Jón Guðnason, fundaskr.	Árni Jónsson.

Nd. **334. Lög**

um varnir gegn sýkingu nytjajurta.

(Afgreidd frá Nd. 7. apríl).

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal gera þær ráðstafanir, er það álítur nauðsynlegar til að hindra það, að hættulegir jurtasjúkdómar berist til landsins, og sömuleiðis til að hindra útbreiðslu slíkra sjúkdóma, hvar og hvenær, sem þeirra verður vart innanlands.

2. gr.

Ráðuneytið ákveður, hvaða sjúkdóma beri að skoða svo hættulega, að varnarráðstafanir skuli gera samkvæmt lögum þessum, og setur reglugerð um þær.

3. gr.

Ráðuneytið getur kvatt garðyrkjustjóra, meðan hann er launaður af opinberu fje, til aðstoðar við framkvæmd þessara laga, svo og alla þá, er starfa að ræktun landsins og að einhverju leyti eru launaðir af opinberu fje. Er þessum aðstoðarmönnum ráðuneytisins heimilt að framkvæma þær rannsóknir, er þurfa þykir, hvort heldur er í sölubúðum, geymslustöðum, matjurtagörðum eða öðrum gróðrarreitum. Þeim er og heimilt að taka nauðsynleg sýnishorn til rannsókna án endurgjalds og gera þær bráðabirgðaráðstafanir, er nauðsynlegar teljast.

4. gr.

Hver sá, sem hefir til eignar eða umráða jurtir eða jurtahluta, er hann hefir ástæðu til að ætla, að geti verið sjúkar eða geti sýkst, t. d. vörtupest í kartöflum, er skyldur að tilkynna það samkvæmt reglugerðarákvæðum, og má hann ekkert flytja burt af þeim hlutum nje af hendi láta fyr en leyfi er til þess fengið.

5. gr.

Í reglugerð skal ákveða, að vottorð um, að kartöflur sjeu heilbrigðar, og lausar við vörtupest sjerstaklega, og umbúðir ósóttnæmar, skuli fylgja hverri kartöflusendingu þaðan, sem hætta er á, að skæðir jurtasjúkdómar geti borist til landsins.

6. gr.

Ákveði ráðuneytið, að uppskeru skuli eyðileggja, fær eigandi hæfilegt verð uppskerunnar greitt úr ríkissjóði, eftir mati dómkvaddra manna.

Kostnaður við varnarráðstafanir samkv. lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Eigendum vara, ahalda, garða eða gróðurreita ber þó að láta í tje nauðsynlega vinnu við framkvæmd varnarráðstafana endurgjaldslaust.

Hafi sá, sem fyrir tjóninu verður, orðið þess valdandi með því að vanrækja fyrirskipaðar varnarráðstafanir, ber honum einum að greiða allan kostnaðinn, sem af því leiðir.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 100—5000 kr.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **335. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og orðið ásátt um, þrátt fyrir nokkurn skoðanamun innan nefndarinnar, að greiða fyrir málinu til annarar umræðu.

Þrír nefndarmenn, sem ritað hafa undir álit þetta án fyrirvara, telja mál þetta svo mikilsvert, að æskilegt sje, að það nái fram að ganga á þessu þingi, enda nú svo undirbúið, að við það megi una.

Hinsvegar álíta tveir nefndarmanna, að nokkur ákvæði frv. hefðu mátt betur fara, og áskilja þeir sjer, með fyrirvara, rjett til að koma fram með breytingartillögur við þau.

Það hefir verið fundið að 9. gr., að orðalagið um það, hvenær og á hvern hátt ríkissjóðstillagið yrði greitt, væri óljóst og ekki tekið fram, hve mikið

verk fjelagið yrði að inna af hendi, áður en til fjárframlags kæmi úr ríkissjóði, og kemur því fram breytingartillaga við nefnda grein til þess að bæta úr því.

Ennfremur þykir ástæða til að bæta aftan við 11. gr., að mannvirki öll skuli vera til tryggingar því, að járnbrautarrekstrinum verði haldið áfram hindrunarlaust og verkinu fram haldið með hæfilegum hraða og að öllu leyti svo frá því gengið, að það verði að tilætluðum notum.

Það virðist tilgangslítið að fjölyrða hjer um hina almennu þýðingu málsins, þar sem það hefir áður verið svo margsinnis athugað og rætt frá öllum hliðum.

Nefndin mun gera nokkru nánari grein fyrir skoðun sinni við umræðurnar.

Alþingi, 7. apríl 1927.

Jónas Kristjánsson, form. Magnús J. Kristjánsson, frsm. Einar Jónsson.

Björn Kristjánsson, með fyrirvara. Einar Árnason, með fyrirvara.

Nd. **336. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1928.

I. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 2. gr. 9. (Skólagjöld).
Liðurinn fellur niður.

II. Frá *Birni Lindal* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 2. gr. 9. (Skólagjöld).
Fyrir »15000« kemur 10000

III. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 5. gr. 3. (Endurgreidd lán).
Fyrir »15000« kemur 22000

IV. Frá *fjárhagsnefnd.*
Við 10. gr. I. 5. (Ríkisfjehirðir).
Fyrir »26500« kemur 27500

V. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 12. gr. 5. a. Nýr liður:
Styrkur til augnlæknis á Akureyri 1200

2. Við 12. gr. 5. b. (Augnlækningaferðir).
Athugasemdina skal orða svo:
Ferðastyrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi Suður- og Vesturland, og augnlæknisins á Akureyri, er hafi Norður- og Austurland til yfirferðar, enda hafi þeir dvöl að minsta kosti á einni eða tveim höfnum í hverri sýslu.

VI. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 12. gr. 12. Nýr liður:
Utanfararstyrkur til Magnúsar bæjarlæknis Pjeturssonar, til þess að kynna sjer berklavarnir og millilandasóttvarnir 50

VII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 12. gr. 12. Nýr liður:
Til Símonar Jónssonar, til að leita sjer lækninga í Danmörku í heilsuhæli fyrir taugaveiklað fólk 1000

VIII. Frá *Halldóri Stefánssyni* og *Árna Jónssyni.*
Við 12. gr. 12. Nýr liður:
Til Evu Hjálmarsdóttur, til framhaldsdvalar í heilsuhæli í Danmörku 1500
Til vara 1000

IX. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 12. gr. 15. Nýr liður:
Heilsuhælið í Kristsnesi (rekstrarkostnaður) 4000
2. Við 12. gr. 16. d. (Sjúkraskýli og læknisbústaðir).
Fyrir »27000« kemur 42000

X. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 12. gr. 16. d. Nýr liður:
Til kvenfjelagsins »Gleym mjer ei«, styrkur til þess að reisa sjúkraskýli í Flatey á Breiðafirði, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að 1500

XI. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 12. gr. 16. p. (Halldór Arnórsson).
Fyrir »2200« kemur 2400

XII. Frá *Jakob Möller.*
Við 12. gr. 16. r. Nýir liðir:
a. Til Halldórs Briems, fyrv. bókavarðar, til að leita sjer lækningar á augnveiki 2000

Til vara 1500

b. Til Steindórs Gunnarssonar prentsmiðjustjóra, styrkur til útgáfu bókarinnar »Barnið«, eftir D. Sch. Thorsteinsson 1500

Til vara 1000

XIII. Frá *Halldóri Stefánssyni.*

Við 12. gr. 16. r. Nýr liður:

Til styrktar mönnum, sem þurfa að fá sjer gervilimi, alt að 8000

Til vara 6000

XIV. Frá *Benedikt Sveinssyni.*

Við 13. gr. A. 3. Nýr liður:

Uppbót til Friðriks pósts Jónssonar á Helgastöðum, vegna langvinnrar heilsubilunar, er hann hefir hlotið af ofreynslu í póstferðum 3000

XV. Frá *Jóni Guðnasyni.*

Við 13. gr. B. II. a. 4. Nýr liður:

Vesturlandsvegur [frá Dalsmynni að Fellsenda] ... 15000

XVI. Frá *Sveini Ólafssyni.*

Við 13. gr. B. II. a. 12. Nýr liður:

Til vegar á Hólmahálsi, gegn $^1/_4$ annarsstaðar að ... 9000

XVII. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*

Við 13. gr. B. VII. 2. Nýr liður:

Til vegalagningar í Vestmannaeyjum, $^2/_3$ kostnaðar, alt að 20000

XVIII. Frá *samgöngumálanefnd.*

Við 13. gr. C. 2. (Flóabátar).

Fyrir »100000« kemur 109300

XIX. Frá *Jakob Möller.*

Við 13. gr. C. 2. Nýr liður:

Til Odds Valentínussonar, hafnsögumanns í Stykkishólmi, styrkur til að kaupa vjelbát, gegn 500 kr. framlagi úr hafnarsjóði Stykkishólmskauptúns 1500

XX. Frá *sjávarútvegsnefnd.*

Við 13. gr. E. V. Nýr stafliður á undan a.:

Til þriggja miðunarvita (radio-vita) austan, sunnan og vestan lands, eftir nánari ákvörðun vitamálastjóra 60000

XXI. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 13. gr. E. V. a. Liðinn skal orða svo:
   Til nýrra vita og leiðarljósa 50000
2. Við 13. gr. E. V. b. (Dufl á Valhúsgrunni):
   Liðurinn fellur niður.

XXII. Frá *Jóni A. Jónssyni* og *Sigurjóni Jónssyni.*

Við 14. gr. A. b. 5. Nýr liður:
Húsaleigustyrkur til sóknarprestsins í Ísafjarðarprestakalli 900
Til vara: 600

XXIII. Frá *Jóni Guðnasyni.*

1. Við 14. gr. A. b. 7. Athugasemd á eftir:
   Eftirgjald prestssetra vegna húsabóta, sem fje hefir verið veitt til í fjárlögum, mega prestar vinna af sjer með jarðabótum, samkvæmt þeim reglum, er greinir í V. kafla jarðræktarlaganna.
2. Við 14. gr. A. b. 8. Nýr liður:
   Til safnaðarstarfsemi meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn (sjera Haukur Gíslason) 1000

XXIV. Frá *Pjetri Ottesen.*

Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Bjarna Sigurðssonar, til húsagerðarnáms í Stokkhólmi 1200

XXV. Frá *Magnúsi Torfasyni* og *Jakob Möller.*

Við 14. gr. B. II. c. Nýr liður:
Til Jakobs Gíslasonar, til framhaldsnáms í rafmagnsfræði 1000

XXVI. Frá *Jakob Möller.*

Við 14. gr. B. II. c. Nýr liður:
Til Valgarðs Thoroddsens, til háskólanáms 1000

XXVII. Frá *Jóni Guðnasyni.*

Við 14. gr. B. II. c. Nýr liður:
Til Sigurkarls Stefánssonar, til háskólanáms, lokastyrkur 1800
Til vara 1200

XXVIII. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*

Við 14. gr. B. VII.
Athugasemdin (um skólagjöld) fellur niður.

XXIX. Frá *Birni Líndal* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 14. gr. B. VII.
Í stað »150 kr.« í athugasemdinni (um skólagjöld) kemur: 100 kr.

XXX. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. X. a. (Verslunarskólinn).
Fyrir »5500« kemur 7500

XXXI. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
1. Við 14. gr. B. XIV. 2. (Unglingaskólar).
Fyrir »45000« kemur 50000
2. Við 14. gr. B. XIV. 3. Nýr liður:
Til Núpsskólans, til húsabóta og miðstöðvarhitunar 3000

XXXII. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 4. (Flensborgarskólinn).
Athugasemdin fellur niður.

XXXIII. Frá *Birni Líndal.*
Við 14. gr. B. XV. 1. (Húsmæðrafræðsla). Nýr liður:
Til húsmæðraskóla Norðurlands, samkvæmt lögum nr. 37, 26. okt. 1917, $^2/_3$ byggingarkostnaðar. Fyrri fjárveiting 35000
Til vara:
2. liður (húsmæðradeild Laugaskóla) orðist þannig:
Til húsmæðraskóla Norðurlands, samkvæmt lögum nr. 37, 26. okt 1917, $^2/_3$ byggingarkostnaðar. Fyrri fjárveiting 35000

XXXIV. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 15. gr. 1. d. (Bókakaup og bókband Landsbókasafnsins):
Fyrir »11000« kemur 12000
2. Við 15. gr. 1. f. (Handritaskrá Landsbókasafnsins).
Fyrir »2500« kemur 3000

XXXV. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 15. gr. 3. e. (Þjóðmenjasafnið). Nýr liður:
Til þess að kaupa listaverk 3500

XXXVI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 15. gr. 14. (Fræðafjelagið).
Fyrir »Húnavatnsþings« kemur: Hegranesþings.

XXXVII. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. 14. Nýr liður:

Til Þorsteins M. Jónssonar, til þess að gefa út »Lýðmentun«, 75 krónur á örk, enda sjeu bækurnar seldar við verði, sem ekki sje yfir 40 aura hver örk með sömu leturmergð, sem er í þeim bókum »Lýðmentunar«, sem út eru komnar, alt að 1500

XXXVIII. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 16. (Leikfjelag Reykjavíkur).
Fyrir »5500« kemur 6000

XXXIX. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 15. gr. 19. c. (Listaverkakaup).
Liðurinn fellur niður.

XL. Frá *Jakob Möller* og *Birni Lindal.*
Við 15. gr. 19. d. Nýr liður:
Til Freymóðs Jóhannssonar málara, til að fullnuma sig í leiktjaldamálun 2000

XLI. Frá *Jakob Möller.*
1. Við 15. gr. 19. d. Nýr liður:
Til Þórðar Kristleifssonar, til söngnáms 1500
2. Við 15. gr. 19. d. Nýr liður:
Til Bjargeyjar Pálsdóttur, til hljómlistarnáms 1000

XLII. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 15. gr. 19. d. Nýr liður:
Til Þórarins Jónssonar tónlistarnema í Berlin ... 1000

XLIII. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*
Við 15. gr. 19. d. Nýr liður:
Til Guðmundar Kristjánssonar, til sönglistarnáms ... 500

XLIV. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 15. gr. 19. d. Nýr liður:
Til Sveins Þórarinssonar, til þess að ljúka námi í málaralist við listaháskólann í Kaupmannahöfn 1000

XLV. Frá *Jóni Guðnasyni.*
Við 15. gr. 19. d. Nýr liður:
Til Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara, til Rómaferðar 2000

XLVI. Frá *atvinnumálaráðherra.*
Við 15. gr. 24. Nýr liður:
Til frú Bjargar Þorlákssson, til ritstarfa 3000

XLVII. Frá *Jakob Möller.*

1. Við 15. gr. 36. Nýr liður:
   Til þess að kaupa málverk af Ásgrími Jónssyni málara 5000
   Til vara 3500
2. Við 15. gr. 40. Nýr liður:
   Til Hrafnkels Einarssonar stúdents, til að ljúka hagfræðinámi og til að semja doktorsritgerð við háskólann í Vín um íslenskar fiskveiðar 2000

XLVIII. Frá *Birni Líndal* og *Tryggva Þórhallssyni.*

Við 15. gr. 40. Nýr liður:
Til Barða Guðmundssonar, til lokanáms í íslenskri sögu 2000

XLIX. Frá *Jakob Möller* og *Jóni Kjartanssyni.*

Við 15. gr. 40. Nýr liður:
Til Einars Ó. Sveinssonar, til að ljúka námi í norrænu við Hafnarháskóla 2000

L. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 16. gr. 5. (Gjöld samkv. II. kafla jarðræktarlaganna).
Fyrir »50000« kemur 150000

LI. Frá *Sveini Ólafssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*

Við 16. gr. 7. (Vestmannaeyjavegur).
Liðurinn fellur niður.

LII. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*

Við 16. gr. 7. (Vestmannaeyjavegur).
Liðurinn fellur niður.

LIII. Frá *Sveini Ólafssyni.*

Við 16. gr. 9. c. Nýr liður:
Til húsabóta á Hallormsstað 6000

LIV. Frá *Jóni Guðnasyni.*

Við 16. gr. 19. (Til bryggjugerða og lendingabóta).
Fyrir »15000« kemur 17000
[Bryggja við Salthólma á Gilsfirði].

LV. Frá *sjávarútvegsnefnd.*

Við 16. gr. 20. Liðinn skal orða svo:
Til markaðsleitar:

a. Til fisksölutilrauna í Suður-Ameríku	12000	
b. Til síldarsölu í Mið-Evrópu og Finnlandi	10000	
c. Til sölutilrauna annarsstaðar	8000	
		30000

LVI. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 16. gr. 30. (Hannyrðakensla).
Liðinn skal orða svo:
Til Þórdísar Ólafsdóttur á Fellsenda, styrkur til kenslu í hannyrðum og vefnaði... 450

LVII. Frá *Jakob Möller.*
Við 16. gr. 33. Nýr liður:
Til Fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna, til að standast kostnað af heimsókn fulltrúa frá hjúkrunarkvennafjelögum á Norðurlöndum 1200
Til vara 800

LVIII. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 16. gr. 35. Nýr liður:
Til Verslunarráðs Íslands, kostnaður af símskeytum um markaðsverð og markaðshorfur erlendis 2000

LIX. Frá *Jakob Möller.*
Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til Ísaks Jónssonar bakara, styrkur til að læra kexgerð í Englandi 1000

LX. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 16. gr. 47. Nýr liður:
Til Byggingarfjelags Reykjavíkur... 5000

LXI. Frá *Jakob Möller, Magnúsi Jónssyni, Jóni Ólafssyni* og *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 16. gr. 47. Nýr liður:
Til sundlaugar í Reykjavík, gegn jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur 50000

LXII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 16. gr. 47. Nýr liður:
Styrkur til Ostagerðarfjelags Önfirðinga (til endurgreiðslu á viðlagasjóðsláni) 9000

LXIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 17. gr. 3. (Sjúkrasamlög).
Við liðinn kemur svo hljóðandi athugasemd:
Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafjelags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.

LXIV. Frá *Hjeðni Valdimarssyni, Jóni Ólafssyni, Jakob Möller* og *Magnúsi Jónssyni.*

Við 17. gr. 3. Nýr liður:

Til sjúkrasamlags Reykjavíkur, til að vinna að því að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga á landinu og til að stofna ný sjúkrasamlög 2000

Til vara 1500

LXV. Frá *Jakob Möller.*

Við 18. gr. II. b. 15. (Guðlaug Magnúsdóttir).

Fyrir »800« komi 2000

Til vara 1500

LXVI. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 18. gr. II. b. 17. Nýr liður:

Til Jenny Forberg 600

LXVII. Frá *Birni Líndal, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Árna Jónssyni.*

Við 18. gr. II. e. 10. (Páll J. Árdal).

Fyrir »600« kemur 1200

Til vara 1000

LXVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 18. gr. II. f. 14. (Guðmundur Jónsson).

Liðurinn fellur niður.

2. Við 18. gr. II. h. 7. Nýr liður:

Til Eleanor Sveinbjörnsson 1200

3. Við 18. gr. II. i. 29. Nýr liður:

Til Henriette Kjær 600

LXIX. Frá *Bernharði Stefánssyni* og *Klemens Jónssyni.*

Við 18. II. i. 29. Nýr liður:

Til Eggerts Stefánssonar, símritara á Akureyri, þar til honum verður veitt starf við landssímann með eigi lægri launakjörum en hann hafði áður 1800

Til vara 1500

LXX. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*

Við 22. gr. 4. Nýir liðir:

a. Alt að 8000 kr. til læknisbústaðar í Flatey á Breiðafirði. Lánið skal veitt gegn ábyrgð sýslunefndar, ávaxtað með 6% og endurgreitt með jöfnum afborgunum á 15 árum.

b. Alt að 8000 kr. til læknisbústaðar í Reykhólahjeraði. Lánið skal veitt gegn ábyrgð sýslunefndar, ávaxtað með 6% og endurgreitt með jöfnum afborgunum á 15 árum.

LXXI. Frá *Klemens Jónssyni.*
Við 22. gr. 6. Nýr liður:
Alt að 3000 kr. til Túbals Karls Magnússonar í Múlakoti í Fljótshlíð, til byggingar á gistiskála. Lánið veitist til 20 ára, gegn 6% vöxtum og þeirri tryggingu, sem ríkisstjórnin tekur gilda.

LXXII. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*
Við 22. gr. 6. Nýr liður:
Alt að 19500 kr. Borgarneshreppi, til endurbyggingar raforkustöð. Lánið veitist gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, ávaxtast með 6% og afborgast með jöfnum greiðslum á 15 árum.

LXXIII. Frá *Jóni A. Jónssyni* og *Tryggva Þórhallssyni.*
Við 22. gr. 6. Ný málsgrein:
Af hallærislánum Grunnavíkurhrepps og Árneshrepps skal veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana árin 1926—1928, að báðum meðtöldum.

LXXIV. Frá *Ólafi Thors.*
Við 22. gr. 6. Ný málsgrein:
Af hallærislánum Gerðahrepps í Gullbringusýslu skal veita uppgjöf vaxta 1927—1928 og greiðslufrest afborgana 1926—1928.

LXXV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.* (Varatillaga við brtt. LXII.).
Við 22. gr. 6. Ný málsgrein:
Af viðlagasjóðsláni Ostagerðarfjelags Önfirðinga skal veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana árin 1926—1928.

LXXVI. Frá *Birni Líndal.*
Við 22. gr. 6. Nýr liður:
Alt að 75000 kr. til hafnarbóta á Akureyri. Lánið er veitt til 15 ára, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda, ávaxtast með 6%, er afborgunarlaust fyrstu 3 árin, en endurborgast síðan með jöfnum afborgunum á 12 árum.

LXXVII. Frá *atvinnumálaráðherra.*
Við brtt. LXXVIII, I. (Eimskipafjelag Íslands).
Fyrir »60000« kemur 85000

LXXVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 23. gr. Greinina skal orða svo:
Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

II. Að greiða halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufjelaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1927, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

LXXIX. Frá *atvinnumálaráðherra.*

Við brtt. LXXVIII. Nýr rómv. liður:

Að kaupa hús sýslumannsins á Sauðárkróki fyrir 27000 kr. Þar af greiðast 7000 kr. um leið og kaup fara fram, en að öðru leyti greiðist kaupverðið með því, að ríkissjóður taki að sjer áhvílandi 20000 kr. skuld við sparisjóð Sauðárkróks, enda taki sýslumaður húsið á leigu með þeim skilmálum, að hann ávaxti og afborgi áhvílandi skuld, haldi húsinu við og greiði skatta alla og skyldur.

LXXX. Frá *Benedikt Sveinssyni.*

Við brtt. LXXVIII. Nýr rómv. liður:

Að kaupa jörðina Byrgi (Ásbyrgi) í Kelduhverfi, ásamt skika þeim í byrginu, sem áður hefir fylgt jörðinni Meiðavöllum, fyrir alt að 4500 kr.

Ed. **337. Frumvarp**

til laga um iðju og iðnað.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 199, með breytingunum (tölul. 1—2) á þskj. 331.

Nd. **338. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu á prestssetrinu Hesti í Ögurþingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti allsherjarnefndar getur fallist á, að frumv. þetta nái fram að ganga, þó með nokkrum breytingum. Einn nefndarmanna (H. V.) er mótfallinn frumvarpinu, en annar nefndarmanna (J. G.) vill samþykkja frumvarpið óbreytt. Þær breytingar, er meiri hluti nefndarinnar vill gera á frumvarpinu, er, að verð jarðarinnar sje ekki tiltekið í frumvarpinu, heldur fari

um söluna samkvæmt þeirri venju, er tíðkast hefir og lög nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða, ákveða.

Þá getur nefndin heldur ekki fallist á ákvæði 2. gr. Nefndin telur ekki rjett, að á þennan hátt sje verið að ráðstafa andvirði jarðarinnar. Telur nefndin, að með þessu móti geti verið skapað fordæmi, sem leitt gæti til óheppilegra ráðstafana á andvirði seldra kirkjujarða.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Heimilt er kirkju- og kenslumálaráðherra að selja jörðina Hest í Súðavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, sem útlögð hefir verið sem prestssetur í Ögurþingaprestakalli. Um söluna fer samkvæmt lögum nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.
2. Við 2. gr. Greinin falli burt.
3. 3. gr. verði 2. gr.

Alþingi, 8. apríl 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form. og frsm. — Jón Guðnason, fundaskrifari.

Arni Jónsson. — Jón Kjartansson.

Nd. **339. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á prestssetrinu Hesti í Ögurþingum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um þetta mál, og vill minni hlutinn (H. V.) leggja það til, að frumvarpið sje felt, þar sem þegar sje alt of langt gengið um sölu kirkjujarða og þjóðjarða og fleiri jarðir megi alls ekki selja, hvort sem þær eru stórar eða smáar og hvar sem þær liggja á landinu, nema ef vera skyldi til sveitar- og bæjarfjelaga, er sjerstaklega stendur á.

Alþingi, 8. apríl 1927.

Hjeðinn Valdimarsson.

Ed. **340. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1926.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 8. apríl 1927.

Jóh. Jóhannesson, form. Einar Jónsson, skrifari og frsm. Ingibjög H. Bjarnason.

Einar Árnason. Guðm. Ólafsson.

Ed. **341. Frumvarp**

til laga um samskóla Reykjavíkur.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 285, með þeirri breytingu, að
1. gr. hljóðar svo:

Í samskólum Reykjavíkur skulu vera fyrst um sinn þessir framhaldsskólar: Ungmennaskóli, iðnskóli, verslunarskóli og vjelstjóraskóli.

Samvinnuskólinn hefir rjett til að ganga í samband við samskólana, þegar stjórn Sambands íslenskra samvinnufjelaga óskar þess, enda sje þá kensla í almennum verslunarfræðum sameiginleg. Þar til slík sameining kemst á, skal samvinnuskólinn njóta eigi minni styrks úr ríkissjóði en hann nú hefir.

Ed. **342. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 26, 15. júní 1926, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til þess að gefa út nýja flokka (seriur) bankavaxtabrjefa.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. Nd., flutt af fjárhagsnefnd þar eftir tilmælum fjármálaráðherra, en til hans hafði stjórn Landsbankans snúið sjer í þessu

efni, sbr. brjef bankastjórnarinnar, dags. 24. febr. þ. á., sem prentað er aftan við greinargerð frv.

Nefndin telur rjett, eftir þeim upplýsingum, sem liggja fyrir um útlit á gengi veðdeildarbrjefanna og lánsfjárþörfina, að leggja til, að frumvarpið verði samþykt.

Alþingi, 8. apríl 1927.

Björn Kristjánsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og frsm.
Jón Baldvinsson.	Jónas Kristjánsson.

Jónas Jónsson
áskilur sjer rjett til að koma með breytingartillögu viðvíkjandi gengishlið málsins

Nd. **343. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um byggingu og rekstur strandferðaskips.

Frá minni hluta samgöngumálanefndar.

Við höfum ekki getað orðið samdóma háttvirtum meðnefndarmönnum okkar um bráða nauðsyn aðgerða í þessu máli, svo sem frv. á þingskjali 72 gerir ráð fyrir, með því að ætla sliku skipi að taka til starfa eigi síðar en 1. maí 1928.

Þegar athugaðar eru samgöngur þær, er þjóðin í heild og einstakir landshlutar eiga við að búa á landi, verður eigi annað sjeð en að samgöngur með ströndum fram sjeu í viðunanlegu lagi, samanborið við efni þjóðarinnar, enda hefir háttvirt Alþingi lagt töluvert ríflega til samgangna á sjó hin síðari árin, svo sem með byggingu e/s Esju, fjárveitingu til byggingar e/s Brúarfoss, ásamt allríflegum styrk til flóabátaferða og Eimskipafjelags Íslands.

Þegar svo ennfremur er athugað, hve árleg útgjöld ríkissjóðs í þessari grein aukast hröðum skrefum, vegna tekjuhalla á rekstri skipa þeirra, sem ríkissjóður hefir haft með að gera, þá virðist okkur full ástæða til að fara gætilega í frekari aukningar á þessu sviði, og ráðum því háttvirtri deild til að fella frumvarpið.

Alþingi, 9. apríl 1927.

Jón Ólafsson, framsögumaður.	Hákon Kristófersson.

Nd. **344. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 41, 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Fyrstu málsgrein 15. gr. laganna skal orða svo:

Merkjadómi má skjóta til hæstarjettar. Hæstirjettur gerir annaðhvort að staðfesta merkjadóm eða fella hann úr gildi, sbr. þó 9. gr. síðustu málsgr., og skal málinu þá vísað heim og merkjadómur skyldaður til að taka málið upp af nýju. Hæstirjettur kveður á um greiðslu kostnaðar af málskotinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndinni hafði borist þetta frumvarp, með tilmælum um, að hún flytti það. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Hjer er farið fram á það, að fella niður úr 15. gr. landamerkjalaganna það ákvæði, að áfrýjunarleyfi í landamerkjamálum megi ekki veita eftir að liðnir eru 12 mánuðir frá dómsuppsögn, og veita þannig aðiljum merkjamála sama rjett og aðrir aðiljar einkamála hafa, að geta fengið uppreistarleyfi hjá dómsmálaráðherra, samkv. 28. gr. hæstarjettarlaganna, nr. 22, 1919, þótt liðnir sjeu meira en 12 mánuðir frá dómsuppsögn, »ef aðilja hefir eigi verið unt að áfrýja máli sínu fyrr, enda verði sjálfum honum eigi um kent«.

Bæði þessi lög, sem hjer hafa verið nefnd, voru sett á sama þingi. Landamerkjalögin voru samin fyrr og ákvæði 15. gr. voru sett til þess, að »merkjavafi skuli enginn lengur vera en nauður rekur til«. Þegar þau lög voru samin, giltu aðrar reglur en nú um uppreistarleyfi. Eftir að frumvarp til hæstarjettarlaganna kom fram í þinginu, var engin ástæða til þess að halda þeim sjerákvæðum um áfrýjun landamerkjamála, sem með frumvarpi þessu er farið fram á að fella burtu, því að þau fólust í 26. og 28. gr. hæstarjettarlaganna. Það mátti ekki veita uppreistarleyfi í einkamálum samkv. frumvarpi hæstarjettarlaganna, eftir að 12 mánuðir voru liðnir frá dómsuppsögn, nema alveg sjerstaklega stæði á. Það mun hafa verið gleymska hjá þinginu 1919, að samræma ekki þessi tvenn lög, því að það getur ekki hafa vakað fyrir þinginu að svifta sjerstaklega aðilja í landamerkjamálum rjetti til að fá mál sitt prófað fyrir æðra dómi, ef þeim var eigi unt að áfrýja innan 12 mánaða og þeim sjálfum var eigi um að kenna, einkum þegar þess er gætt, að það sama þing leiðir í lög það nýmæli, í 30. gr. hæstarjettarlaganna, að jafnvel hæstarjettarmál geti orðið tekin til meðferðar af nýju.

Reynslan hefir sýnt, að ákvæðið í 15. gr. landamerkjalaganna hefir

valdið því, að aðili í landamerkjamáli hefir ekki fengið prófaðan merkjadóm, sem *hann* átti enga sök á, að eigi var tekinn til meðferðar af hæstarjetti.

Nd. **345. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1928 og við brtt. á þskj. 336.

I. Frá *Tryggva Þórhallssyni.*
1. Við 13. gr. D. II. (Nýjar símalagningar).
Fyrir »275000« kemur 286000
2. Við brtt. 336, XXIII, 1. Tillagan orðist svo:
Eftirgjald prestssetra vegna húsabóta, sem fje hefir verið veitt til í fjárlögum, mega prestar vinna af sjer með jarðabótum, svo og afgjald eftir varp og veiði og önnur hlunnindi, þó að sjerstaklega sjeu metin, samkvæmt reglum þeim, er settar eru í V. kafla jarðræktarlaganua.

II. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Jakob Möller.*
1. Við 14. gr. B. X. a. (Verslunarskólinn).
Fyrir »5500« kemur 6000
2. Við 14. gr. B. X. b. (Samvinnuskólinn).
Fyrir »5500« kemur 6000

III. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 19 d. Nýr liður:
Til Einars Markans, til söngnáms 1500

IV. Frá *Jóni Ólafssyni.*
Við 16. gr. 9. Nýr liður:
Til fjelagsins Landnáms í Reykjavík, til þess að vinna að stofnun nýbýlafjelaga víðsvegar á landinu 3000

V. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 18. gr. II. e. 10. Nýr liður:
Til Nikulásar Þórðarsonar 300
Til vara: 200

VI. Frá *Jakob Möller.*
Við 18. gr. II. i, 11. Nýr liður:
Til Kristínar Guðmundsdóttur ljósmóður 200

VII. Frá *Bernh. Stefánssyni, Birni Lindal* og *Jakob Möller.*
Við 22. gr. 6. Nýr liður:

70000 kr. til Bræðranna Esphólín á Akureyri, til að koma á fót tunnuverksmiðju á Siglufirði og endurbæta tunnuverksmiðju á Akureyri. Lánið er veitt til 15 ára, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda, ávaxtast með 6%, er afborgunarlaust fyrstu 3 árin, en endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 12 árum.

Nd. **346. Tillaga**

til þingsályktunar um sameining póststöðva og simstöðva.

Flutningsm.: Magnús Torfason og Tryggvi Þórhallsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að láta rannsaka, að hve miklu leyti unt muni vera að sameina rekstur síma og pósts.

Greinargerð.

Erlendis eru slík mál sameinuð, almenningi til hagræðis og til sparnaðar á mannahaldi. Er eigi ósennilegt, að þessu megi koma við hjer á landi, frekar en verið hefir.

Nd. **347. Tillaga**

til þingsályktunar um yfirsíldarmatsmann á Seyðisfirði.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að skipa eða setja þegar í vor sjerstakan síldaryfirmatsmann á Seyðisfirði.

Greinargerð.

Næstliðið vor ljest síldaryfirmatsmaðurinn á Seyðisfirði, eftir langvinna vanheilsu, og hafði þá um langt skeið annar maður, þar búsettur, annast matsstörfin fyrir hann.

Við fráfall matsmannsins var svo settur yfirsíldarmatsmaður á Akureyri til að gegna starfinu, en gengið fram hjá þeim, sem það hafði annast.

Hinn setti síldaryfirmatsmaður frá Akureyri fór snögga ferð um Aust-

firði í byrjun síldveiðitímans næstl. sumar og gerði einhverjar ráðstafanir til eftirlits, en hvarf svo með öllu á braut.

Síldveiði var með meira móti eystra í júlí og ágúst, en er kom til mats á síldinni, sýndi það sig, að sumstaðar vantaði síldarmatsmenn með öllu, en annarstaðar höfðu þeir svo óljósar fyrirsagnir um matið, að úr því varð handahóf. Salan á síldinni, sem á veiðitímanum hækkaði í verði, gekk illa, og sumstaðar varð mat ekki framkvæmt. Nokkuð af síldinni mun óselt enn.

Einn aðalagnhnúinn á matinu virðist sá, að síldin var eigi flokkuð eftir stærð, en sumstaðar varð ekki fullnægt fyrirmælum 1. gr. laga nr. 56 1919, um skoðun á síld, af því að matsmenn voru ekki til.

Ómetanlegt tjón og erfiðleikar hafa af því leitt og geta af því leitt að vanrækja þannig eftirlit og skoðun síldar á langviðlendasta síldarmatsumdæmi landsins og fella niður lögskipaðan starfa yfirsíldarmatsmannsins á Austurlandi.

Fyrir því er tillaga þessi flutt og þess vænst, að bætt verði úr nefndri vanrækslu.

Ed. **348. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 56, frá 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

Frá allsherjarnefnd.

Við 2. gr.

Aftan við greinina bætist: Á eftir orðunum »1. málsgr.« í 3. málsgr. sem verður 4. málsgr., komi: sbr. 2. málsgr.

Ed. **349. Frumvarp**

til laga um bann gegn áfengisauglýsingum.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Enginn má festa upp auglýsingar í búð sinni eða veitingasölum, sýna opinberlega, kunngera í rituðu eða prentuðu máli eða á annan hátt birta almenningi, að hann hafi til sölu áfengisvökva, sem ekki hefir verið gerður óhæfur til drykkjar. Þó nær þetta ekki til þeirra auglýsinga, sem birtar eru að tilhlutun ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða 500—5000 kr. sekt. Ef brotið er

gert í stærri stíl eða gróðaskyni, má hegna hlutaðeiganda með fangelsi, alt að ári.

Ábyrgðarmaður blaðs þess, er flytur auglýsingar um áfengi til drykkjar, skal sekur um 100—1000 kr. fyrir hverja slíka auglýsingu í blaði sínu. Sje enginn ábyrgðarmaður, ber prentsmiðjan ábyrgð á því.

Ef auglýsandi sjálfur er ekki búsettur hjer á landi, skal sá, er birt hefir auglýsinguna hjer, auk sektar sinnar, svara að öllu til sakar fyrir hönd auglýsanda.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú eins og áður borið fram eftir óskum manna úr framkvæmdarnefnd stórstúku Íslands. Vísast til þeirrar greinargerðar, er áður hefir fylgt frv.

Nd. **350. Nefndarálit**

um frv. til laga um landnámssjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir haft frv. til athugunar á nokkrum fundum, og fellst meiri hl. hennar á stefnu þess í meginatriðum, en einn nefndarmaður (H. J. K.) er óbundinn um fylgi við frv.

Jafnframt hefir nefndin haft til athugunar brtt. á þskj. 189, frá 4. þm. Reykv. Fellst nefndin einnig að sömu hlutföllum (4:1) á þá hækkun á framlagi til sjóðsins, sem þar er stungið upp á. Með auknu framlagi til sjóðsins er þá og hægt að færa út verksvið hans til þess að viðhalda bygðum býlum, þar sem þess er brýnust þörf, en vegna fjárskorts þarf þó að setja fyrir því allþröng takmörk.

Með slíkri útfærslu á tekjum og verksviði sjóðsins þarf að gera ýmsar breytingar og viðauka við frv. Hefir meiri hl. nefndarinnar unnið að þeim breytingum á grundvelli bæði frv. og breytingartillagnanna.

Nefndin hugsar sjer framlög sjóðsins til nýbýla og til viðhalds bygðra býla sitt með hvoru móti. Framlög til nýbýla hugsar nefndin sjer á grundvelli 4. gr. frv., sem stofnfje, er ríkið leggi fram og eigi í býlinu þangað til ef eigandi landsins eða ábúandi býlisins leysir framlögin til sín, sbr. 4. gr. frv. En framlög til að endurreisa hús á bygðum býlum hugsar nefndin sjer, að veitt verði sem löng lán með lágum vöxtum, eftir því sem gerist nú á tímum, á grundvelli 4. brtt. á þskj. 189.

Til þess að frv. liggi sem skýrast fyrir með þessum umgetnu breytingum og viðaukum og ýmsum orðabreytingum, er nefndin vill gera, þykir nefndinni nauðsynlegt að setja þær inn í meginmál frv. og orða það upp í heild sinni eins og hún hugsar sjer það, og fer það hjer á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Af tekjum ríkissjóðs skal leggja árlega 200 þúsund krónur í sjóð, er nefnist landnámssjóður Íslands.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Tilgangur sjóðsins er að viðhalda og fjölga sjálfstæðum býlum í landinu, með því:
   a. að leggja fram fje til að byggja upp nýbýli á landi, sem er í einkaeign, eða í eign sveitar- eða bæjarfjelaga.
   b. að byggja upp nýbýli á landi, sem ríkið á eða kaupir í því skyni.
   c. að lána fje til að endurbyggja hús á sveitabýlum.
   Nýbýli í lögum þessum táknar hvert það býli, sem reist er að nýju, hvort sem er á gömlum eyðijörðum eða á landi, sem skift er út úr jörðum, sem eru í ábúð, og hvort sem í upphafi fylgir þeim nokkurt ræktað land eða ekki.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Skilyrði fyrir framlagi úr sjóðnum til nýbýla eru:
   a. að landið, sem býlið er reist á, sje lagt því til æfinlegra nota með fyrirfram ákveðnum landsnytjum.
   b. að það geti, að dómi þar til kvaddra hæfra manna, veitt fjölskyldu sæmileg skilyrði til framfærslu, þegar það er komið í viðunandi rækt.
   c. að byggingar samsvari landinu að stærð og dýrleika og sjeu gerðar úr varanlegu efni og í þjóðlegum stíl.
   d. að hlutaðeigandi sveitarstjórn, eða hreppstjóri, ef sveitarstjórn á í hlut, mæli með umsókninni.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Framlög, er veitt verða til nýbýla á landi, sem ekki er ríkiseign, skulu veitt gegn ævarandi afgjaldskvöð af býlinu, er svari til 2% vaxta af framlaginu, og sje býlið með óskertum fyrsta veðrjetti að veði fyrir skilvísri greiðslu afgjaldskvaðarinnar og kostnaði, er leiða kann af vanskilum. Framlög til býla, sem reist eru á óræktuðu eða lítt ræktuðu landi, skulu vera afgjaldslaus 10 fyrstu árin, en til býla, sem reist eru á ræktuðu landi, í 5 ár.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Framlög til að reisa nýbýli skulu sitja fyrir lánum til að endurreisa sveitabæi, og skulu þá beiðnir einstakra manna sitja fyrir framlögum til jarðeigna ríkisins og sveitar- eða bæjarfjelaga.
6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Nýbýli, sem reist verða með framlagi úr landnámssjóði og ekki komast þegar í sjálfsábúð, skulu seld á leigu með hæfilegri landskuld til lífstíðar, eða á erfðaábúð, sje þess óskað.
7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Upphæð framlags til bygginga á nýbýlum, sem reist verða á landi,

sem ekki er ríkiseign, og upphæð lána til að endurreisa hús á bygðum býlum má nema alt að $^4/_5$ af áætluðu verði bygginganna, eftir áætlun, sem stjórn sjóðsins samþykkir.

8. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Eigandi eða ábúandi lands, sem nýbýli hefir verið reist á með framlagi úr landnámssjóði, á jafnan rjett á að innleysa afgjaldskvöðina með 50-faldri upphæð hennar. Samskonar innlausnarrjett á ábúandi nýbýlis, sem að öllu er ríkiseign, með þeim kjörum, að afgjaldið sje reiknað til stofnfjár með 25-földu afgjaldinu.

9. Á eftir 8. gr. komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. 9. gr.

Nú er nýbýli, sem reist hefir verið með framlagi úr landnámssjóði, komið í einkaeign (sbr. 8. gr.), og má þá söluverð slíkra býla aldrei fara fram úr 25-földu eftirgjaldi þess eins og það er þá metið af skattanefnd.

b. 10. gr.

Lán til að endurreisa hús á bygðum býlum skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sje 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

c. 11. gr.

Lán til að endurreisa hús á bygðum býlum má veita því aðeins, að býlin sjeu innan takmarka bygðra sveita og að efnahagur eigenda sje þannig, að þeir geti ekki álitist færir um, efnahagsins vegna, að leggja fram fje til að reisa bæinn að nýju, svo að viðunandi sje.

Rjett til lána úr sjóðnum að öðru leyti hafa býli því aðeins, að sannað sje:

a. með vottorði hreppstjóra, að bæjarhús sjeu svo fallin eða að falli komin, að búast megi við, að býlin leggist í eyði af þeim ástæðum, eða
b. með vottorði hjeraðslæknis, að heilsu heimilisfólksins sje hætta búin af smitun næmra sjúkdóma, svo sem berklaveiki, eða af öðrum ástæðum.

Lánbeiðnir, þar sem svo er ástatt sem segir undir staflið b, skulu sitja fyrir að öðru jöfnu.

d. 12. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

a. gegn ábyrgð sýslufjelaga eða hreppsfjelaga, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda.
b. gegn afgjaldskvöð af býlum þeim, er lán er veitt til, enda sje býlið ekki veðsett með fyrsta veðrjetti.
c. gegn hverju því fasteignaveði, er stjórn sjóðsins tekur gilt.

10. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Greiddar árlegar afgjaldskvaðir, svo og andvirði seldra afgjaldskvaða og nýbýla, sbr. 8. gr., og ennfremur vextir og afborganir lána samkv. 10. gr. renna í landnámssjóð.

11. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
Handbært fje sjóðsins skal jafnan standa á vöxtum í Landsbanka Íslands eða í jarðræktarbrjefum.

12. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Stjórn sjóðsins og reikningshald skal falið ræktunarsjóði Íslands, og hefir stjórn ræktunarsjóðsins sjer til aðstoðar við lánveitingar þriggja manna nefnd, sem skipuð sje búnaðarmálastjóra, ráðunaut stjórnarinnar um bygging sveitabæja og þriðja manni, er atvinnumálaráðherra nefnir til. Skal ekkert lán veitt úr sjóðnum, nema nefndin mæli með því.

13. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn sjóðsins, og setur hann nánari reglur um sjóðinn með reglugerð.

Alþingi, 8. apríl 1927.

Pjetur Þórðarson, form. Árni Jónsson, fundaskrifari. Jörundur Brynjólfsson.

Halldór Stefánsson, frsm. Hákon Kristófersson, með fyrirvara.

Ed. **351. Frumvarp**

til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórn í kaupstað að gera samþykt um það, að áskilja bæjarfjelagi forkaupsrjett á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmisins, svo og öðrum fasteignum, er bæjarstjórn telur nauðsyn að tryggja bæjarfjelaginu forkaupsrjett á.

Kauptún, sem er sjerstakt hreppsfjelag, getur einnig gert samþykt um forkaupsrjett kauptúns á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan hreppsins, svo og öðrum fasteignum, er hreppstjórn telur nauðsyn að tryggja hreppsfjelagi forkaupsrjett á.

2. gr.

Samþyktir samkvæmt 1. grein skulu gerðar til 5 ára í senn, og skulu í þeim taldar fasteignir þær, er kaupstaður eða kauptún áskilur sjer forkaups-

rjett á. Samþykt öðlast gildi, þegar atvinnumálaráðherra hefir staðfest hana, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Eigendur fasteigna þeirra, er samþyktir taka til, skulu skyldir að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrjett að eignum fyrir það verð, er í raun og veru stendur til boða hjá öðrum, enda sjeu borgunarkjör og aðrir skilmálar eigi gerðir erfiðari.

Innan tveggja vikna frá því, er forkaupsrjettur var boðinn, skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd skylt að segja til, hvort hún ætlar að nota forkaupsrjett eða eigi.

Yfirlýsing bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um það, að hún afsali sjer forkaupsrjetti, gildir eigi lengur en eitt ár. Nú svarar bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi boði um að neyta forkaupsrjettar innan ákveðins tíma, og skal þá líta svo á, sem hún hafi hafnað boðinu.

4. gr.

Nú er eigi gætt fyrirmæla laga þessara um að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrjett, og getur þá aðili, er forgangsrjettur hans er fyrir borð borinn, krafist þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sje ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rjett á að ganga inn í kaupin, enda sje lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fjekk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rjetthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

Ed. 352. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta ásamt uppdráttum og áætlunum viðvíkjandi hinum fyrirhuguðu umbótum á höfninni í Vestmannaeyjum, þar eð framkvæmdir þær, sem frv. á við, eru fyrsti þátturinn af fullkominni dýpkun og öðrum umbótum á höfninni.

Að athuguðum málavöxtum virðist nefndinni hinar fyrirhuguðu umbætur nauðsynlegar, en með tilliti til fjárhags ríkissjóðs álítur meiri hluti nefndarinnar, að tillag ríkissjóðs til þessara mannvirkja verði að miðast við 1/3 hluta kostnaðar, í stað þess, er frv. fer fram á.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr.

a. Í stað »1/2 kostnaðar, alt að 100 þúsund krónur« komi: 1/3 kostnaðar, alt að 70 þúsund krónur.

b. Í stað »jafnmiklu fjárframlagi« komi: tvöföldu fjárframlagi.

Alþingi, 8. apríl 1927.

Björn Kristjánsson, form. Jón Baldvinsson. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og frsm.

Jónas Kristjánsson. Jónas Jónsson, með fyrirvara.

Ed. **353. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun húsmæðraskóla á Hallormsstað.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Meiri hlutinn vill vísa því til stjórnarinnar. Minni hlutinn leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Fram að þessu hefir mjög lítið verið gert fyrir verklega mentun kvenna í landinu, og alls ekkert á Austurlandi. Hins vegar er þar vaknaður mikill áhugi að koma upp húsmæðraskóla fyrir Austurland, og mun almenningur líta svo á, að Hallormsstaður, eða bjáleiga í Hallormsstaðaskógi, sem heitir Ormsstaðir, muni vera sjálfsagður staður. Líta flestir Austfirðingar svo á, sem Hallormsstaður sje einna fegurstur staður í fjórðungnum, og þótt víðar sje leitað. Á Ormsstöðum eru skilyrði ágæt fyrir mikla tún- og garðrækt. Auk þess eldiviður góður og mikill við hendina, og myndi það gera rekstur skólans ódýran í samanburði við marga aðra staði.

Fyrir landið alt hefir það mikla þýðingu, að góður húsakostur sje á hinum fegurstu stöðum, bæði vegna mannfunda í hjeraðinu, og þá ekki síður til að geta þar tekið á móti hópum innlendra og erlendra gesta, þegar svo ber undir.

Meiri hlutinn leggur til að fresta málinu og bíða eftir heildarlögum um húsmæðrafræðslu. En konur hafa nú þegar beðið nógu lengi eftir því að geta átt kost á heppilegri sjerfræðslu um innanhússtörf. Auk þess myndi aldrei koma til mála að hafa minna en einn skóla í hverjum fjórðungi, og væri því síst stigið spor úr vegi með því að samþykkja frv. þetta.

Eitt, sem mælir með lausn þessari, er það, að austfirskar konur eiga sjóð nokkurn, sem mun nú þegar vera handbær í þessu efni. Auk þess hafa þær það,

sem meira er, en það er forstöðukonuefni, frú Sigrúnu Blöndal, sem nýtur óvenjulega mikils trausts bæði á Austurlandi og miklu víðar. Þegar stofnaður er nýr skóli, þá veltur framtíð hans að miklu leyti á því mannvali til kenslu, sem hægt er að tryggja sjer. Og sá skriður, sem kominn er á húsmæðrafræðslumál Austfirðinga, er að mjög miklu leyti að þakka þeirri trú, sem menn hafa á því að eiga nú þegar völ á svo álitlegri forstöðukonu. Að öllu þessu athuguðu sýnist einsætt, að málið ætti fram að ganga nú þegar á þessu þingi.

Alþingi, 8. apríl 1927.

Jónas Jónsson.

Ed. 354. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Við 1. gr. 7. tölulið bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Um leið og atvinnumálaráðherra veitir hlutafjelaginu Titan ofannefnt sjerleyfi, skal fjelagið setja að veði öll vatnsrjettindi sín hjer á landi og fasteignir, sem tryggingu fyrir því, að sjerleyfishafi fullnægi á rjettum tíma öllum ákvæðum 11. gr.
2. Upphaf 3. gr. orðist svo:
   Ekki má framselja sjerleyfi samkvæmt lögum þessum nema samþykki Alþingis komi til.
3. Síðasti málsliður 9. gr. d. orðist svo:
   Framlag ríkissjóðs greiðist eftir á, þegar sjerleyfishafi hefir bygt járnbrautina austur fyrir Lágaskarð. Ríkissjóður er á engan hátt beint eða óbeint ábyrgur fyrir skuldbindingum sjerleyfishafa, nema að því er snertir ofangreinda upphæð, með þeim skilyrðum, sem þar að lúta í lögum þessum.

Ed. 355. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Sauðár.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um frv., telur það nauðsynlegt og leggur eindregið til, að það verði samþykt.

Einar Jónsson, form.	Jónas Kristjánsson, frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.

Nd. **356. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1928 og við breytingartillögur á þskj. 336.

I. Frá *mentamálanefnd.*
Við 14. gr. B. I. c. Nýr liður:
Til kenslu í grísku 1800

II. Frá *Jakob Möller.*
Við brtt. 336, XXIV. Tillagan orðist svo:
Til Bjarna Sigurðssonar og Einars Sveinssonar, til húsagerðarnáms í Stokkhólmi, 1200 kr. til hvors 2400

III. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við brtt. 336, LXV. (Guðlaug Magnúsdóttir).
Fyrir »2000« kemur 1200

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við brtt. 336, LXXX. (Ásbyrgi).
Orðin »fyrir alt að 4500 kr.« falla niður.

Nd. **357. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Frá allsherjarnefnd.

Mál þetta er komið frá háttv. Ed. Hafði allsherjarnefnd þeirrar deildar lagt til, að gerðar yrðu nokkrar smávægilegar breytingar á frumv., og náðu þær samþykki deildarinnar. Nefndinni þótti orðalag 1. gr. ekki vel ljóst og hefir þess vegna breytt því. Auk þess hefir sumum nefndarmönnum ekki þótt ástæða til þess að banna að selja sjúkrahúsum neina þá tegund lyfja, sem á lyfjaskrá stendur, og lýtur síðari breytingin að því. Jör. B., H. V. og J. G. eru á móti þessari breytingartillögu.

Samkvæmt framanskráðu leggur nefndin til, að frumv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 4 fyrstu málsliðir fyrri málsgr. orðist svo:
Ríkisstjórnin skipar mann til að veita verslun þessari forstöðu. Hann skal hafa lyfsalapróf og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Honum skal skylt að útvega frá útlöndum fyrir ríkissjóð, lækna, er rjett

hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús: lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni. Sjúkrahúslæknir annast um útvegun á þessum vörum handa sjúkrahúsunum.

2. Síðasti málsl. fyrri málsgr. 1. gr. falli niður.

Alþingi, 11. apríl 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form. Árni Jónsson, frsm. Hjeðinn Valdimarsson.

Jón Guðnason, fundaskr. Jón Kjartansson.

Ed. **358. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 12. gr. Aftan við 1. málsgrein bætist:

Í sjerleyfi skal það tekið fram, að eigi megi flytja inn erlenda verkamenn nema með leyfi Alþýðusambands Íslands.

Til vara:

Í sjerleyfi skal banna að flytja inn erlenda verkamenn meðan hægt er að fá verkamenn innanlands.

Ed. **359. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 26, 15. júní 1926, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til þess að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

Frá Jónasi Jónssyni.

Eftir 2. gr. komi nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. 3. gr.

Ef gildi íslenskra peninga hækkar aftur og kemst svo nálægt hinu gamla gullverði, að vanti minna en 5%, skal á næsta gjalddaga allra lána í 5., 6. og

7. flokki veðdeildarinnar, svo og á næsta gjalddaga allra lána í ræktunarsjóði, sem veitt hafa verið eftir að lög nr. 14, 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, gengu í gildi, lækka ógreiddan höfuðstól lánanna um 20 af hundraði. Lengd lánstíma breytist ekki þessa vegna, en árlegar afborganir lækka í sama hlutfalli.

b. 4. gr.

Komi ákvæði 3. gr. til framkvæmda, skal samtímis greiða úr ríkissjóði til veðdeildar og ræktunarsjóðs jafnháa upphæð og þarf til þess að lækka lánin um 20%.

Nd. 360. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 357 [Einkasala á áfengi].

Flm.: Pjetur Ottesen.

Fyrir »Honum skal skylt . . . lyfsöluskránni« í 1. tölul. brtt. komi:

Honum skal skylt að útvega frá útlöndum lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rjett hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús.

Nd. 361. Nefndarálit

um frv. til laga um rannsókn banameina og kenslu í meina- og líffærafræði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, sem komið er frá hv. efri deild, og hefir hún ekkert fundið við það að athuga, og leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 12. apríl 1927.

Jörundur Brynjólfsson,	Jón Guðnason,	Jón Kjartansson,	Hjeðinn Valdimarsson.
form.	fundaskrifari.	frsm.	

Árni Jónsson.

Ed. **362. Nefndarálit**

um frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir nú rætt frv. þetta á mörgum fundum og gert við það allmargar breytingartillögur. Stendur öll nefndin að mörgum þeirra, þó eigi hafi náðst samkomulag um þær allar. En af því leiðir, að þeir nefndarmenn, sem eigi hafa getað fallist á flestar breytingartillögur þær, sem meiri hlutinn hefir aðhylst, munu skrifa sjerstakt eða sjerstök nefndarálit.

Meginþorri brtt. þeirra, sem meiri hlutinn ber fram, miða að því að auka öryggi bankans, og virðist meiri hlutanum full nauðsyn á því, að öryggið sje eflt eftir því, sem velta hans stækkar og ábyrgðin verður víðtækari, sem ríkissjóðurinn ber af honum.

Þar sem Landsbankinn er ríkissjóðseign, er enginn efi á því, að ríkissjóðurinn beri alla ábyrgð á honum og öllum skuldbindingum hans, en þær voru 31. desember 1925 um 50 miljónir króna, auk ábyrgðarinnar fyrir 3 allstórum reikningslánum í útlöndum, 2 tekin 1921 og 1 tekið á þessu ári.

Það er augljóst, að svo stór peningaverslun er ekki með öllu áhættulaus fyrir ríkissjóðinn í landi, sem verður að reka svo áhættusama atvinnuvegi eins og reynslan hefir jafnan sýnt, og ekki síst síðustu árin, eins og reikningar bankanna sýna. Það er því tvent til, annaðhvort að bankarnir láni gætilega, til að firra ríkissjóð tapi, eða, ef ekki er lánað með gætni, að veita lán með okurvöxtum, sem atvinnuvegirnir rísa ekki undir. Telur meiri hlutinn fyrri leiðina haldbetri og áhættuminni er til lengdar lætur.

Svo hefir Alþingi gengið frá Landsbankanum, að hann hefir ekki haft neina venjulega yfirstjórn, sem starfað hafi í bankanum, nje »*kritiska*« endurskoðun, sem hvarvetna annarsstaðar er talið óumflýjanlegt í slíkum stofnunum. Slíka yfirstjórn af þingsins hálfu hefir Landsbankinn ekki haft síðan gæslustjórafyrirkomulagið var lagt niður.

Meiri hlutinn hefir því með tillögum sínum lagt mikla áherslu á að bæta úr þessum eftirlitsskorti, svo þjóðin geti verið örugg um, að bankanum verði sem best stjórnað og að sem mest verði dregið úr áhættu ríkissjóðsins.

Af því að mál þetta útheimtir nokkra sjerþekkingu, þá vill meiri hlutinn láta koma fram í áliti þessu helstu ástæðurnar fyrir breytingartillögunum, sem byggðar eru á þeim upplýsingum, sem meiri hlutinn hefir getað aflað sjer. Og eru ástæðurnar í stuttu máli þessar:

Þar sem eigi liggur fyrir nein úttekt eða mat á hag bankans eins og hann nú er, getur meiri hlutinn ekki sagt neitt ákveðið um, hversu mikið stofnfje verði að leggja bankanum um leið og hann tekur við seðlaútgáfurjettinum, því bæði verður að tryggja það, að seðlabankinn hafi nægt eigið fje til að kaupa fyrir nauðsynlegan gullforða, og svo hæfilegan varasjóð í byrjun fyrir sparisjóðinn, sem mun nú vera um 30 miljónir króna.

Nefndin hefir því komið sjer saman um að leggja til, að þetta stofnfje verði fyrst um sinn ákveðið 5 miljónir króna, og er sú upphæð aðeins ½ milj. krónum hærri en bankastjórn Landsbankans hefir skýrt stjórninni frá, að í minsta lagi mætti komast af með.

Þá upphæð mætti svo síðar hækka, eftir því sem niðurstaða matsnefndarinnar, sem gert er ráð fyrir í breytingartillögunum, kynni að gefa tilefni til.

Við 7. gr.

Sú breytingartillaga mun eigi þurfa neinnar skýringar við.

Við 8. gr.

Nefndin öll telur gullforðatrygginguna of lága, 33%, ef gert er ráð fyrir raunverulegri innlausn seðla með gulli, ef á þarf að halda, sem óhjákvæmilegt er að gera ráð fyrir. Gullforðatrygging eins lands hefir og víðtækara augnamið en einungis að leysa inn seðla. Hún hefir einnig það augnamið, að vera nokkurskonar tryggingarsjóður landsins alls, þegar svo kemur fyrir, að ekkert er gjaldgengt nema gull, er út fyrir landssteinana kemur. Einnig styrkir nægilega hár gullforði lánstraust landsins í útlöndum.

Gullforði nokkurra Evrópu-seðlabanka var þannig fyrir stríðið mikla:

Austurríki	40 % *í málmi*
Ítalía	40 % *í málmi*
Svíaríki	40 %
Niðurlönd	40 %
Svissland	40 % *í málmi*
Serbía	40 % *í málmi*
Rúmenía	40 % *í gulli*
Þýskaland fyrir stríðið 33 %, eftir stríðið	40 %
Rússland	50 %
Danmörk	50 %
Belgía	33 % *í málmi*
Spánn	33 % *í málmi*
Búlgaría	33 % *í gulli*

Af seðlabönkum þessara landa voru aðeins 3 bankar ríkisbankar, Ríkisbanki Svía, Rússlandsbanki og Búlgaríubanki.

Gullforði sá, sem í frumvarpinu er ákveðinn, er lægri en allra Evrópulanda. Nefndin öll hefir því orðið sammála um að leggja til, að gullforðinn verði ákveðinn 40 %, en haldið hlutföllunum að öðru leyti óbreyttum. Þannig verður *gullmyntar*forðinn sjálfur 30 %.

Þá leggur meiri hlutinn til, að síðari málsgr. 12. gr. falli burt, og telur hana til engra bóta, þó lík aðferð finnist í seðlabankalögum eins lands (á Spáni).

Við 12. gr.

Nefndin var sammála um að fella burtu fyrri málsgr. 12. greinar, telur, að eigi sje hagkvæmt að láta það liggja alt of laust fyrir að upphefja innlausn

seðla fyrir gull, og að ríkisstjórnin eigi að bera ábyrgð á því, ef til þess ráðs þarf að taka.

Við 14. gr.

Breytingar þessar eru svo smávægilegar, að eigi virðist ástæða til að skýra þær nema í framsögu.

Við 15. gr.

Það leiðir af því, sem Alþingi hefir þegar gert ákvæði um ábyrgðir fyrir Landsbankann, að málsgrein þessi falli niður.

Við 19. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Við 21. gr.

Leiðir af því, að lagt er til að landsbankanefndin falli burt.

Við 23. gr.

Engin ástæða virðist vera til að skylda bankann til að greiða kostnað við seðlagerð og bankabyggingar á 5 árum. Er því lagt til, að hann megi skifta kostnaði af því á 10 ár.

Við 24. gr.

Hjer er lagt til, að varasjóður megi verða 4 miljónir, í staðinn fyrir þrjár miljónir, til frekara öryggis.

Við 26. gr.

Eigi virðist ástæða fyrir bankann að blanda víxlum með stuttum eða löngum gjaldfresti inn í þessa tryggingu. Varasjóður bankans hreyfist aðeins einu sinni á ári, og ætti því að nægja að nota verðbrjef eða innieign erlendis til þessa tryggingarfyrirkomulags.

Við 29. gr.

Þegar þessi grein er athuguð í sambandi við síðustu málsgr. 61. gr., þá virðist svo, sem bankanum sje heimilt að vera verðbrjefalaus í byrjun. Samkvæmt reikningi bankans 31. des. 1925 átti bankinn í verðbrjefum sem svarar 12% af sparisjóðsfje sínu, og mun hafa aukið þá verðbrjefaeign sína árið 1926 að talsverðum mun. Það ætti því að vera óhætt að skylda bankann í byrjun til að eiga 15% í verðbrjefum, og er ætlast til, að hann auki þá verðbrjefaeign sína upp í 30% smámsaman.

Við 33. gr.

Svo er til ætlast eftir frumvarpi þessu, að yfirstjórn bankans sje í höndum 15 manna nefndar og ráðherra. Skal Alþingi kjósa þessa nefnd til 6 ára, með hlutfallskosningu. Verkefni þessarar nefndar er að mestu leyti talið upp í 41. gr. Sýnilega er gert ráð fyrir, að nefndin sje skipuð mönnum hjer og þar af landinu, og verkefni hennar er aðeins dálítið brot af því, sem bankaráðum við seðlabanka *alment* er ætlað að vinna, sem *kunnáttu* hafa í þeim efnum. Er nefnd þessari ætlað að starfa kauplaust.

Þessir menn, sem flestir munu verða alveg ókunnugir bankastörfum, eiga fyrst og fremst samkv. 41. gr.:

„»a. að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu, eftir tillögum bankaráðsins«, sem þessi *sama* nefnd velur.

Meiri hlutinn sjer ekki, hvað er unnið við þetta fyrirkomulag. Hann sjer ekki betur en að það *sama* þing, sem velur nefndina, geti eins valið bankaráðið án milligöngu slíkrar nefndar. Og að bankaráðið geti ennig valið 2 endurskoðunarmenn til eins árs í senn.

Meiri hlutinn álítur, að best sje að hafa fyrirkomulag stjórnar bankans sem óbrotnast, svo að sem hægast sje að finna, hverjir beri ábyrgðina af rekstri hans.

Komið hefir fram sú skoðun, að margmenn yfirstjórn geti orðið stoð fyrir bankann, að í því liggi styrkur fyrir hann, að sem flestir verði skuldbundnir til að veita honum stoð, vegna þess, að þeir sjeu háðir stjórnarstörfunum. En meiri hlutinn lítur svo á, að hollast sje, að bankinn sjálfur ávinni sjer hylli almennings og traust með venjulegri reglu og rjettsýni í framkvæmd stjórnarstarfsins.

Þess vegna leggur meiri hluti nefndarinnar til, að *starfandi* bankaráð *innan bankans sjálfs* hafi stöðf landsbankanefndarinnar á hendi. Af þessu leiðir, að lagt er til, að 34. gr. falli burt.

Við 35. gr.

Hjer er lagt til, að *ríkisstjórnin* velji bankaráðsformanninn. Þykir meiri hlutanum meiri trygging fyrir því, að valið hepnist sæmilega, ef fleiri en einn ráðherra á að ráða því vali. Hina 4 bankaráðsmennina ætlast meiri hlutinn til, að hvor deild um sig skipi, með hlutfallskosningu, og að bankaráðsmennirnir sjeu utanþingsmenn í því skyni, að skapa meiri ró um bankann og meira öryggi. Þar sem gert er ráð fyrir, að bankaráðið vinni daglega, þá er óbjákvæmilegt að hækka þóknun þeirra. Bankaráðið *utan* bankans telur meiri hlutinn lítils virði, eins og reynslan hefir sýnt.

Við 42. gr.

Eins og áður er getið, ætlast meiri hlutinn til, að bankaráðið sje *starfandi* bankaráð, líkt og gæslustjórarnir voru á sinni tíð, og álítur hann, að það sje það eina eftirlit, sem hjer eigi við. Það gefur bankastjórunum siðferðilegan styrk til að fara aldrei út í öfgar, og það er ekki lítill styrkur fyrir þá að geta bent aðsúgsmiklum lántakendum á, að þeir sjeu ekki ábyrgðarlausir og að gerðir þeirra standi undir sterku eftirliti. Ættu bankaráðsmennirnir að athuga hinar ýmsu starfsgreinar á víxl. Með því móti geta allir bankaráðsmennirnir lært að þekkja allar starfsgreinar bankans.

Og með þessu móti *læra þeir* að þekkja þau störf, sem þeir eiga að hafa eftirlit með, því búast má við, að þeir komi að starfinu meira og minna óvanir, og ef til vill alls óvanir. Af því bankaráðið er *yfirstjórn* bankans og sett til eftirlits, þá á *það* auðvitað að ráða því, hvenær bankastjórarnir eiga að mæta á fundum þess, þegar eigi er um mál að ræða, sem þeir samkvæmt lögunum eiga að gera út um í sameiningu við bankastjórnina. Þá er gert ráð fyrir, að bankaráðið

leggi fundabók sína fyrir fjárhagsnefndir Alþingis og gefi skýrslu um ástand bankans. Það ætti að auka ábyrgðartilfinningu þess, enda ber það þá ábyrgð á verkum sínum.

Rjett telur meiri hlutinn, að bankaráðinu sje frjálst að velja mann til eftirlits með útibúunum. Eigi er auðið fyrir neina bankastjórn að gefa áreiðanlega skýrslu um það, »hve mikið fje sje bundið í hverri atvinnugrein á hverjum tíma«. Það er kunnugt, að atvinnugreinarnar grípa svo hver inn í aðra, að ómögulegt er að greina slíkt að. Það mundi og baka bankanum afarmikið en árangurslaust verk og aukinn kostnað.

Við 43. gr. Við liðinn k.

Þar sem Landsbankinn hefir ekki haft neitt bankaráð eða yfirstjórn, sem litið gæti daglega eftir öllum framkvæmdum í bankanum, og enga »kritiska« endurskoðun að staðaldri, sem bæri að gefa stjórninni eða þinginu neina skýrslu um stjórn og starfsemi bankans, hefir bankastjórnin *ein* veitt eftirgjafir á lánum í allstórum stíl. Engum virðist því kunnugt nema bankastjórninni einni, hverjar eru ástæður fyrir því, að svo miklar upphæðir hafa tapast síðustu árin.

Af því meiri hlutann brestur allar upplýsingar um þetta atriði, vill hann setja nokkrar skorður við því, að viðskiftamenn bankans geti fyrirhafnarlítið gengið inn í bankann og krafist eftirgjafar á skuldum sínum, sem er of náskylt því að fara í ríkissjóðinn sjálfan og biðja um eftirgjafir.

Þess vegna leggur meiri hlutinn til, að eftirgjafir á skuldum bankans sjeu að öllum jafnaði ekki veittar nema árangurslaust fjárnám sje á undan gengið, eða opinberir nauðasamningar, þegar sú leið getur átt við.

Að öðru leyti er ætlast til, að bankaráðið bóki allar slíkar eftirgjafir í gerðabók sína, sem gert er ráð fyrir, að lögð verði fyrir fjárhagsnefndir Alþingis til álita. Þau störf, sem landsbankanefndinni var ætlað að vinna samkvæmt 41. gr., er lagt til, að bankaráðið framkvæmi, nema að úrskurða ársreikninga bankans, sem ráðherra er ætlað að gera, samkvæmt viðaukanum við 22. gr.

Við 44. gr.

Hjer er lagt til, að meiri áhersla sje lögð á, að aðalbankastjórinn sje bankastjórastarfinu vel vaxinn, að hann hafi víðtæka þekkingu og reynslu í viðskiftamálum, en að hann hafi völd fram yfir hina bankastjórana. Þá er ætlast til, að minni hluti geti gert ágreiningsatkvæði í fundabók bankastjórnarinnar eða dagbækurnar, ef honum hrís svo hugur við einhverri ályktun meiri hlutans, t. d. lánveitingu, að hann finni ástæðu til að gera skriflegt ágreiningsatkvæði um það í gerðabókina eða í dagbækurnar. Skal því máli þá áfrýjað til bankaráðsins til úrslita.

Það leiðir af sjálfu sjer, að þegar bankinn á að vera í þrem deildum, sem hver sje annari óháð, þá hafi hver deild dagbók fyrir sig, og að bankaráðið hafi daglega aðgang að þeim.

Oft er bankastjóri fjarverandi, og er því lagt til, að hann beri meðábyrgð á því, sem bankastjórarnir gera í fjarvist hans, nema hann geri um það ágreiningsatkvæði í funda- eða dagbækurnar, er hann kemur heim.

Við 46. gr.

Breyting þessi er aðeins gerð til að laga ósamræmi milli síðustu málsgreinarinnar í 44. gr. og niðurlags 46. gr.

Við 60. gr.

Í þessari grein gerir frumvarpið ráð fyrir úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins.

Breytingartillagan leggur til, að fyllri ákvæði sjeu sett um, hvernig sú úttekt fari fram og hvaða vald skuli útnefna matsmennina.

Til þess að þetta mat geti orðið sem óhlutdrægast, leggur meiri hlutinn til, að hæstirjettur útnefni matsmennina.

Að lokum leggur meiri hlutinn til, að lög þessi komi ekki til framkvæmda fyr en frá 1. janúar 1928, með því að matsnefndin mun þá um það bil hafa lokið störfum sínum, og getur bankaráðið þá vitað hjer um bil um frá upphafi, við hverju það tekur.

Einn nefndarmanna úr meiri hlutanum (B. Kr.) vill láta þess getið, að skoðun hans sje óbreytt, sem hann hefir jafnan haldið fram, að happasælast væri, að seðlabankinn væri sjerstök stofnun. En þar sem engin von sje um, eins og þing sje skipað, að fá málinu framgengt á þeim grundvelli, sætti hann sig við þetta frumvarp, ef breytingartillögur meiri hlutans verði samþyktar, að minsta kosti í aðalatriðum.

Meiri hlutinn leggur svo til, að frumvarpið verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. Fyrir »4 miljónir« komi: 5 miljónir.
2. Við 7. gr. Á eftir orðunum »tölu gullmynta« komi: en í skiftimynt, ef upphæðin er minni.
3. Við 8. gr.
   a. Fyrir »1/3« komi: 40%.
   b. Síðasta málsgr. falli burt.
4. Við 12. gr.
   a. Fyrri málsgr. falli burt.
   b. Orðið »þá« í 1. línu 2. málsgreinar, og orðin »Landsbankanefndin eða« falli burt.
5. Við 13. gr. 1. lið. Orðin »á dálk eða« falli burt.
6. Við 14. gr.
   a. Við 1. lið. Á eftir orðinu »víxla« komi: tjekka.
   b. Við 2. lið, 1. málsgr. Á eftir orðinu »víxla« komi: tjekka.
   c. Við 2. lið, síðari málsgr. Orðin »Og ávísanir« falli burt.
   d. Aftan við 2. lið komi ný málsgr., svo hljóðandi: Ef ávísanirnar, sem seðlabankinn kaupir, sem greiðast eiga innanlands eða utanlands, eru af-

sagðar eftir sömu reglu og víxlar vegna greiðslufalls, öðlast þær í öllu tilliti víxilrjett.

e. Aftan við þennan lið komi nýr 3. liður, svo hljóðandi: Að kaupa víxla, sem greiðast eiga innanlands, með alt að 12 mánaða gjaldfresti, gegn tryggu handveði eða fasteignarveði.

f. 3. liður verði 4. liður.

g. Við 4. lið, sem verður 5. liður. Liðurinn orðist svo: Að veita reikningslán gegn handveði eða fasteignarveði, og sjeu þau lán uppsegjanleg með 3 mánaða fyrirvara.

h. Á eftir 5. lið, sem verður 6. liður, komi nýr 7. liður, svo hljóðandi: Að lána út á verslunarvörur, sem eigi er hætta á að skemmist á stuttum tíma, og má ekki lána út á þær meira en $^{3}/_{5}$ gangverðs og eigi lengur en í 3 mánuði.

i. Við 6. lið. Liðurinn falli burt.

7. Við 15. gr. síðari málsgr. Málsgr. falli burt.

8. Við 19. gr. Fyrir »formanni bankaráðsins« komi: bankaráðinu.

9. Við 21. gr., í 5. línu að ofan. Fyrir orðin »sem landsbankanefndin kýs« komi: sem ráðherra skipar eftir tillögum bankaráðsins.

10. Við 22. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
Ráðherra úrskurðar ársreikninga bankans.

11. Við 23. gr. 1. lið. Fyrir »5 ár« komi: 10 ár.

12. Við 24. gr. Fyrir »3« á þrem stöðum komi: 4.

13. Við 26. gr.
a. 2. liður falli burt.
b. 3. liður verður 2. liður.

14. Við 28. gr.
a. Á eftir orðunum »Að kaupa og selja víxla« komi: tjekka.
b. Við 2. lið. Á eftir orðinu »víxla« komi: tjekka.

15. Við 29. gr.
a. Fyrir $^{1}/_{5}$ komi: 15%.
b. Aftan við fyrri málslið bætist: Verðbrjefaeign þessi skal aukin upp í 30% svo fljótt sem bankaráðinu þykir tiltækilegt.

16. Við 33. gr.
a. Fyrir orðið »landsbankanefndar« komi: 5 manna bankaráðs.
b. Orðin »stjórn bankans« til enda greinarinnar -- falli burt.

17. 34. gr. falli burt.

18. 35. gr., sem verður 34. gr., orðist svo: Formann bankaráðsins skipar ríkisstjórnin til 5 ára í senn, svo og varaformann. Hinir 4 bankaráðsmennirnir, sem skulu vera utanþingsmenn, skulu kosnir til 4 ára í senn, og skal kosning þeirra fara þannig fram, að efri deild Alþingis kýs 2 þeirra með hlutfallskosningu og 2 varamenn, en neðri deild kýs 2 þeirra, einnig með hlutfallskosningu, og 2 varamenn. 2 aðalmenn og 2 varamenn skulu ganga úr annaðhvert ár. Í fyrsta skifti ræður hlutkesti, hvorir skuli úr ganga, aðalmenn og varamenn þeir, sem efri deild eða neðri deild kaus. Bankaráðsmennina og varamennina má endurkjósa.

Ef formaður og varaformaður fellur frá, eða verður óhæfur til starfsins áður en starfstími hans er á enda, skipar ríkisstjórnin nýjan formann eða varaformann. Og ef þingkjörinn bankaráðsmaður og varamaður hans fellur frá, eða verður óhæfur til starfsins milli þinga, setur ríkisstjórnin menn í þeirra stað til næstu þingloka.

Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík, eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sje auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 5000 krónur í árspóknun, hinir bankaráðsmennirnir 3000 kr. hver. Auk þess fá allir bankaráðsmennirnir dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum sem starfsmenn ríkisins. Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

19. Við 36. gr., sem verður 35. gr. Orðin »landsbankanefnd og« — »nefndarmaður eða« og »nefndinni eða« falli burt.
20. 37. gr. verði 36. gr.
21. 38., 39., 40. og 41. gr. falli burt.
22. Við 42. gr., sem verður 37. gr.
    a. 1., 2. og 3. málsgrein orðist svo:

Bankaráðsmenn skulu hafa daglegt eftirlit í bankanum, þannig, að formaður bankaráðsins skal framkvæma eftirlitsstarfið daglega, en hinir bankaráðsmennirnir, að öllum jafnaði tveir í senn á víxl, annanhvern dag ásamt formanninum. Þeir skulu grannskoða allar framkvæmdir bankastjórnarinnar og alt það, sem fer fram í hinum ýmsu starfsgreinum bankans.

Bankaráðið heldur fundarbók, sem í er ritað það helsta, sem fram fer á fundum þess, og allar ályktanir. Til þess að gerð verði gild ályktun verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Það ákveður, hvenær bankastjórarnir skuli mæta á fundum þess. Reglulega fundi skal bankaráðið halda að minsta kosti í 1. og 3. viku hvers mánaðar. Nú er bankaráðsmaður fjarverandi um stund, og ber hann meðábyrgðina á því, sem bankaráðið hefir ályktað í fjarveru hans, nema hann skrifi ágreiningsatkvæði um einhverjar framkvæmdir þess í fjarveru hans í fundarbókina.

Fundarbók þessi skal svo lögð fyrir fjárhagsnefndir Alþingis í hvert skifti er það kemur saman.

Ennfremur skal bankaráðið skýra Alþingi frá:

1. Ástandi bankans í öllu tilliti og hvernig bankanum hefir verið stjórnað.
2. Hvort nokkuð hefir verið vanrækt, sem gera hefði átt, eða hvort fyrirkomulaginu þurfi að breyta til bóta í einhverjum efnum.

Bankaráðið velur mann af starfsmönnum bankans til að rannsaka útibú bankans eftir þörfum, eða mann úr sínum hópi.

    b. Við síðustu málsgr. Fyrir orðið »aðalbankastjóri« komi: framkvæmdarstjórnin.
    c. Orðin í sömu málsgrein »hve mikið af fje bankans sje bundið í hverri atvinnugrein« falli burt.
23. Við 43. gr., sem verður 38. gr.
    a. Við lið a. Orðin »landsbankanefndinni eða« falli burt.

b. Við lið e. Aftan við liðinn bætist: svo og að ákveða, hversu hátt veð fjehirðar skuli setja.

c. Við liðinn k. Liðurinn orðist svo:

Að taka ákvarðanir um eftirgjafir á skuldum án gjaldþrotaskifta. Að jafnaði skal landsbankinn ekki veita neinum skuldunaut eftirgjöf á lánum, nema árangurslaust fjárnám sje á undan gengið, eða samkvæmt opinberum nauðasamningi, þegar við getur átt.

d. Aftan við liðinn m komi nýr liður n, svo hljóðandi:

Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu, er ráðherra staðfestir.

e. Á eftir þeim lið komi nýr liður o, svo hljóðandi:

Að gera út um ágreining milli bankastjóranna (samanber 39. gr.).

f. Á eftir þeim lið komi nýr liður p, svo hljóðandi:

Að kjósa 2 endurskoðunarmenn til eins árs í senn og 2 til vara, gefa þeim erindisbrjef og ákveða þóknun þeirra, alt með samþykki ráðherra.

g. Við lið n. Liðurinn verði q.

h. Við síðustu málsgr. Málsgreinin falli burt.

24. Við 44. gr., sem verður 39. gr.

a. 1. málsgrein orðist svo:

Aðalbankastjóri, er hafi víðtæka þekkingu og reynslu í viðskiftamálum, hefir æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans.

Í forföllum hans kemur sá hinna bankastjóranna, sem er eldri í stöðunni. Að öðru leyti fer um skiftingu starfa milli bankastjóranna eftir reglugerð bankans og ákvörðun bankaráðs.

b. Þriðja og fjórða málsgrein orðist svo:

Framkvæmdarstjórarnir halda fundarbók, sem í eru ritaðar allar ályktanir, sem gerðar eru á fundum þeirra. Til þess að gerð verði gild ályktun verða eigi færri en 2 bankastjórar að vera á fundi, enda sjeu þeir sammála.

Að jafnaði ræður meiri hluti framkvæmdarstjórnar úrslitum.

Minni hlutinn hefir þó rjett á að skrifa rökstutt ágreiningsatkvæði sitt í fundarbókina eða dagbækurnar, og skal ágreiningsatriðið þá lagt fyrir bankaráðið til úrslita.

Allir viðstaddir bankastjórar skrifa undir fundabókina í hvert skifti, er fundur er haldinn.

Framkvæmdarstjórnin heldur og 3 dagbækur, sína fyrir hverja deild bankans, og skal daglega í þær rita allar lánveitingar og lánsynjanir.

Fundabókin og dagbækurnar skulu daglega lagðar fyrir bankaráðið, undirskrifaðar af öllum viðstöddum bankastjórum.

Nú er bankastjóri fjarverandi, og ber hann fulla meðábyrgð á því, sem framkvæmt hefir verið í fjarveru hans, nema hann skrifi ágreiningsatkvæði um það, sem hann er ósamþykkur, í fundabókina eða dagbækurnar.

c. Talan 43. gr. c. í síðustu málsgrein verði 37. gr.

25. Við 45. gr., sem verður 40. gr. Talan 43 verði 38.

26. Við 46. gr., sem verður 41. gr. Orðin »nema með samþykki« ..... til enda greinarinnar orðist svo: nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkvæmt 38. gr. l.
27. 47.—59. gr. verða 42.—54. gr.
28. Við 60. gr. Kosning bankaráðsmanna fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1927, skipar ríkisstjórnin síðan formann og varaformann bankaráðsins.

    Að loknu Alþingi 1927 skal hæstirjettur skipa 5 manna nefnd viðskiftafróðra manna, sem skulu meta allan hag bankans. Hæstirjettur ákveður og, hver skuli vera formaður nefndarinnar.

    Sjerstaklega skal meta allar útistandandi skuldir, fasteignir og aðrar eignir bankans. Skal því mati vera lokið fyrir 1. febrúar 1928 og afgreitt til ríkisstjórnarinnar.

    Samkvæmt mati nefndarinnar tekur bankaráðið við eignum bankans og yfirstjórn og sjer um, að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum komist að fullu í framkvæmd sem fyrst, og eigi síðar en 1. janúar 1929. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.
29. Við 61. gr., sem verður 56. gr.
    Síðasta málsgr. falli burt.
30. Við 62. gr., sem verður 57. gr., við fyrri málsgr. Síðari málsliður orðist svo: Um uppsögn núverandi bankastjóra skulu sömu reglar gilda og í gildi voru er þeir tóku sæti í bankastjórninni.
31. 63.—68. gr. verði 58.—63. gr.
32. Við bætist ný gr., sem verður 64. gr., svo hljóðandi: Lög þessi öðlast gildi 1 janúar 1928.

Alþingi, 7. apríl 1927.

Björn Kristjánsson, form. og frsm. Jónas Kristjánsson.

Þó jeg sje í mörgu samþykkur nefndaráliti þessu, þá felur það eigi að síður í sjer ýmislegt, sem jeg get ekki felt mig við, og mun jeg gera grein fyrir því við umræður málsins í deildinni.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. **363. Álit**

um frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá öðrum minni hluta fjárhagsnefndar.

Allflestir hafa gengið út frá því sem sjálfsögðu, að Landsbankinn tæki við seðlaútgáfunni þegar einkaleyfi Íslandsbanka til útgáfu seðla væri útrunnið og í löggjöf þeirri frá 1921, og sjerstaklega frá 1922, sem fjallar um inndrátt seðl

Íslandsbanka, er stigið fyrsta sporið til þess að Landsbankinn taki við seðlaútgáfunni, jafnóðum og Íslandsbanki dregur inn seðla sína; í lögunum frá 1922 er beinlínis ákveðið, að ríkisstjórnin hlutist til um það, að Landsbankinn setji í umferð seðla þá, er nauðsynlegt þykir vegna viðskiftanna innan lands.

Jafnvel þó þannig hafi verið búið að marka fyrstu sporin til þess, að Landsbankinn tæki við seðlaútgáfunni, þá hefir það samt lengi vafist fyrir að setja fullnaðarlöggjöf um þetta. Töfina á málinu má að nokkru rekja til þeirra frumvarpa, sem komu fram á þingunum 1924 og 1925, þar sem átti að gera Landsbankann að hlutafjelagsbanka og gefa einstökum mönnum kost á því að verða meðeigendur ríkisins að Landsbankanum. Þessi uppástunga mætti svo eindreginni mótspyrnu hjá þjóð og þingi, að segja má, að hún væri alveg og einróma kveðin niður í þinglokin 1925; en þessi fleygur varð til þess að tefja málið í tvö ár. Fram á þing 1925 hafði málið verið undirbúið af ráðuneytinu. Árið 1924 flutti fjárhagsnefnd efri deildar frumvarp um seðlaútgáfuna, að tilhlutun fjármálaráðherrans (Kl. J.); en málinu var þá vísað frá með rökstuddri dagskrá, að því er virðist í samráði við hina nýju stjórn, er þá tók völd, og ætlaði hún að athuga málið ítarlega milli þinga. 1925 leggur stjórnin málið fyrir efri deild, og enn gert ráð fyrir, að Landsbankinn verði hlutafjelag. Var þegar auðsjeð, að á þessum grundvelli mundi málið ekki verða afgreitt.

Var þá málið tekið upp af nokkrum þm. í neðri deild, í samráði við meiri hluta fjárhagsnefndar efri deildar, og borin fram þingsályktun um skipun milliþinganefndar í málið. Tillagan var samþykt og kipti þingið málinu þannig úr höndum ríkisstjórnarinnar. Milliþinganefndin lauk störfum sínum í þingbyrjun 1926, og flutti stjórnin frv. það, er meiri hluti nefndarinnar (4 af 5) hafði samið, en þó með nokkrum breytingum. En frv. varð enn ekki útrætt, náði þó samþykki neðri deildar og í þinglok afgreitt til efri deildar.

Frumvarp það, er nú liggur fyrir þinginu, er bygt á tillögum meiri hluta milliþinganefndarinnar í bankamálinu. En stjórnin hefir bætt inn í það nýjum ákvæðum, sem í mínum augum gera frv. óaðgengilegra en það var í fyrra.

Jeg vil í flestum aðalatriðum byggja á frv. meiri hluta milliþinganefndarinnar frá 1925; og þótt mjer hafi skilist, að flestir eða allir meðnefndarmenn mínir einnig vilja miða tillögur sínar við það frv., þá hefi jeg þó ekki getað orðið þeim samferða í málinu, vegna þess, að þeir hafa ekki viljað fallast á tillögur til breytinga á frv., er jeg hefi borið fram í nefndinni og sem jeg tel mikilsverðar. Er það sjerstaklega um niðurfellingu 68. gr. frv., um hina einstrengingslegu endurkaupaskyldu, er Landsbankanum er þar lögð á herðar, með tilhögun á úttekt í hendur bankaráði (60. gr. o. fl.).

Jeg hefði mikla tilhneigingu til að flytja breytingartillögu um stjórnarfyrirkomulag bankans og gera það umsvifaminna en frv. gerir ráð fyrir; og sjerstaklega hefði jeg viljað tryggja það, að hinar mikilsverðustu stofnanir í landinu, svo sem Alþýðusamband Íslands, Búnaðarfjelagið og Fiskifjelagið ættu fulltrúa í bankaráðinu. Væri bankaráðið skipað að mestu af þessum stofnunum, eldi jeg, að það mundi skapa bankanum meira traust og tryggja honum sterkari aðstöðu hjá þjóðinni heldur en þótt stjórnarfyrirkomulagi því væri haldið, er frv. gerir ráð fyrir. En að jeg ekki ber fram tillögu í þessa átt, er af þeirri

ástæðu, að jeg vil sjá, hversu fer um breytingartillögur við ákvæði frv. um yfirstjórn bankans, er jeg þykist vita, að fram muni koma við 2. umr. málsins.

Í 12. gr. eru ákvæði, sem eiga ekki heima í frv. Það á ekki, að mínu áliti, að standa í bankalögum, að stjórnin geti samkvæmt þeim veitt undanþágu frá innlausn seðla. Verði slík ráðstöfun einhverntíma nauðsynleg, þá verður ríkisstjórnin, ef ekki næst til löggjafarvaldsins, að gera það á eigin ábyrgð, og ætti þá að mega telja það víst, að slíkar undanþágur yrðu eigi veittar, nema óhjákvæmilega nauðsyn beri til.

Í 14. og 28. gr. frv. er talað um lánsstarfsemi seðlabankans og sparisjóðsdeildar. Þar er eigi minst neitt á það, að bankinn geti veitt lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfjelaga. Þótt ef til vill megi telja, að þetta heyri undir venjuleg bankastörf, þá þykir mjer þó rjettara, að þetta verði beinlínis tekið fram, og flyt jeg breytingartillögu um það.

Sú almenna heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast erlend lán fyrir seðlabankann, sem felst í 15. gr. 2. málsgr., á að sjálfsögðu að falla niður. En af því jeg tel víst, að meiri hlutinn flytji breytingartillögu um það, þá hefi jeg eigi gert tillögu um að fella þetta ákvæði niður.

Um alllangt skeið hafa í Landsbankanum verið þrír bankastjórar, jafnir að völdum, og virðist það fyrirkomulag hafa gefist vel, og fæ jeg ekki sjeð neitt tilefni til breytinga. Eftir frumvarpi stjórnarinnar, bæði nú og í fyrra, á einn bankastjóranna að vera aðalbankastjóri, og eru honum ætluð meiri völd. Þetta á þó ekki að koma til framkvæmda fyr en sæti losnar í bankastjórninni. Jeg tel þetta óheppilegt, og mundi þessi mismunur á völdum bankastjóranna vafalaust leiða til þess, að þeir tveir bankastjórarnir, sem lægra eru settir, reyndu sem oftast að skjóta ákvörðunum undir aðalbankastjóra og koma sjer þannig hjá ábyrgð. Mundu og viðskiftamenn bankans, sem skifti þyrftu að eiga við bankastjórnina, snúa sjer helst til aðalbankastjóra, af því þeir vissu, að hann hefði fullnaðarúrskurðarvald. Má enn færa fleiri ástæður gegn þessu fyrirkomulagi í frv. og verður það gert við umræður. Flyt jeg breytingartillögur um það, að gera bankastjórana jafna að völdum og launakjör þeirra jöfn, svo sem nú er.

Í frv. því, sem samþykt var 1926 í neðri deild Alþingis, var ákveðið, að opinberar stofnanir og sjóðir skuli geyma handbært fje í Landsbankanum eða útibúum hans. Er slíkt sjálfsagt og því er borin fram tillaga samhljóða þeirri, er samþykt var um þetta í neðri deild í fyrra.

Í 60. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ráðherra láti fara fram úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins; en ekki er þar sagt, hversu sú úttekt skuli fram fara. Var um þetta nokkuð rætt í nefndinni, og voru skiftar skoðanir um framkvæmd úttektar þessarar. Sýnist mjer eðlilegast, að eftirlitsmaður banka og sparisjóða framkvæmi úttektina, og sje það gert landinu að kostnaðarlausu, sem einn þáttur í starfi eftirlitsmannsins. Hann á að hafa góða aðstöðu og kunnugleika til að leysa þetta verk fljótt af hendi. Og þar sem úttektin aðeins fer fram til þess að geta ákveðið til fullnustu stofnfje bankans, en ekki af því, að skift verði á umráðum yfir bankanum, þá sýnist í alla staði tryggilega um þetta búið með breytingartillögu minni.

Um endurkaupaskyldu Landsbankans í 68. gr. á viðskiftavíxlum Íslands-

banka er áður rætt. Geta má þó þess, að aftan við þessa grein, eins og hún var í fyrra, hefir stjórnin bætt nýrri málsgrein, er bannar hinum þjóðskipuðu bankastjórum Íslandsbanka að taka sæti á Alþingi. Jafnvel þótt slík ákvæði kynnu að geta staðist vegna stjórnarskrárinnar, þá tel jeg þau alls ekki eiga heima í þessum lögum, og geri því tillögu um að fella þetta ákvæði niður.

Í 47. gr frv. er bankastjórn Landsbankans bönnuð þingseta. Má þetta frekar til sanns vegar færa, af því svo má líta á með nokkrum rjetti, að þetta sje vilji allra þeirra bankastjóra, sem nú eru við Landsbankann, þar sem þeir hafa sett þau skilyrði við forstjóra útibúa Landsbankans, að þeir megi ekki gefa kost á sjer til þingsetu. Hefir þetta bann bankastjóranna þegar verið framkvæmt, því við kosningarnar 1923 hætti einn útibússtjóri Landsbankans við að bjóða sig fram til þings vegna þessara skilyrða bankastjórnarinnar, og annar útibússtjóri ljet af störfum við útibú Landsbankans, af því hann vildi ekki hlíta þessum fyrirmælum bankastjórnarinnar. Þótt mörgum þyki kenna misrjettis í því, að nú hefir alþingismaður verið skipaður útibússtjóri við eitt af útibúum Landsbankans, þá er þetta af bankastjórn og landsstjórn skýrt þannig, að útibússtjóranum sje aðeins leyft að sitja á þingi út kjörtímabil sitt, en ætlunin sje, að hann láti þá af þingmensku, og sje það í samningum við hann.

Vegna niðurfellingar 68. gr. frv. hefi jeg borið fram breytingartillögu við 14. gr., að heimila seðlabankanum að endurkaupa viðskiftavíxla af öðrum bönkum.

Tillaga mín í málinu er sú, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 12. gr.
   a. Fyrri málsgrein skal falla niður.
   b. Orðið »þá« í 1. línu síðari málsgreinar fellur niður.
2. Við 14. gr. 2. Tveir nýir liðir:
   a. Að endurkaupa góða viðskiftavíxla af öðrum bönkum.
   b. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga.
3. Við 28. gr. 2. Nýr liður:
   Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga.
4. Við 37. gr. 1. og 2. málsgr. skal orða svo:
   Bankaráðið ræður alla þrjá bankastjóra, og eru þeir framkvæmdarstjórn bankans. Skulu þeir ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega, sem ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Ennfremur getur ráðherra sá, sem fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávikna bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningunni.

   Bankastjórar hafa að árslaunum 12000 krónur hver, og auk þess

dýrtíðaruppbót af allri launafjárhæðinni; dýrtíðaruppbótin reiknast með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins.

5. Við 42. gr.
   a. Í stað »aðalbankastjóri« í 2. málsgr. 4. línu komi: framkvæmdarstjórn.
   b. Í stað »aðalbankastjóri« í 4. málsgrein komi: framkvæmdarstjórn.
6. 43. gr. c. Liðinn skal orða svo:
   Að setja bankastjórunum erindisbrjef.
7. Við 44. gr.
   a. 1. málsgrein skal orða svo:
   Framkvæmdarstjórnin hefir æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar bankans og ákvörðun bankaráðs.
   b. 3. málsgrein skal orða svo:
   Framkvæmdarstjórnin heldur fundi á hverjum starfsdegi, ef málefni liggja fyrir til úrlausnar. Formaður bankaráðsins tekur þátt í þessum fundum, en hefir ekki atkvæðisrjett. Stjórna bankastjórar fundum til skiftis. Afl atkvæða ræður úrslitum.
   c. 2. málslið 3. málsgreinar skal orða svo:
   Undirskrift eins bankastjóra og formanns bankaráðsins undir fundargerðina er full sönnun þess, sem gerst hefir á fundinum.
8. Við 46. gr. Síðari málslið skal orða svo:
   Fjehirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkvæmt 44. gr.
9. Við 52. gr. Á eftir 52. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema öðruvísi sje ákveðið í stofnskrám eða skipulagsskrám. Sama er um ríkisfje og embættisfje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum.
   Ákvæði greinar þessarar taka ekki til söfnunarsjóðs Íslands, nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum. Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 44. 3. nóv. 1915, um sparisjóði.
10. Við 60. gr. 4. málslið skal orða svo:
    Ráðherra lætur síðan fara fram úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins, og skal sú úttekt framkvæmd af eftirlitsmanni banka og sparisjóða sem þáttur af starfi hans.
11. Við 62. gr. Síðasti málsliður fyrri málsgreinar skal falla niður.
12. Við 68. gr. Greinin skal falla niður.
    Tala greina og tölulíða skal breytast samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 8. apríl 1927.

Jón Baldvinsson.

Ed. **364. Álit**

um frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá öðrum minni hluta fjárhagsnefndar.

Síðan Íslandsbanki hætti að vera aðalbanki þjóðarinnar vorið 1920, hafa verið langvinn átök um það, hversu skipa skyldi seðlaútgáfunni um leið og hún hyrfi í hendur landsmanna aftur frá hinum erlendu hluthöfum, er fengið höfðu þennan rjett í byrjun aldarinnar. Í fyrstu mun engum hafa komið til hugar annað en að Landsbankinn ætti að sjálfsögðu að fá þennan rjett og verða þjóðbanki landsmanna. Samt fór svo, að þetta hefir verið dregið í efa, og jafnvel álitið hættulegt landi og lýð. Margir og ólíkir straumar hafa runnið í farveg þessa máls og leitt til þess, að lausn þess hefir verið frestað ár frá ári. Þar sem landsstjórnin leggur nú út á djúpið í fjórða sinn á kjörtímabilinu til að leysa þetta mál, þykir hlýða að rifja upp aðaldrætti í sögu þess síðan 1923.

Fyrverandi fjármálaráðherra (Kl. J.) fól stjórn Landsbankans árið 1923 að gera tillögur um fyrirkomulag seðlaútgáfunnar, á þeim grundvelli, að Landsbankinn færi með þann rjett. En bankastjórnin skilaði ekki þessu frv. fyr en nokkuð var komið fram á þingtíma 1924. Hafði þá 2. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu (B. Kr.) komið með frv. um að láta Landsbankann ekki fá seðlaútgáfuna, heldur stofna sjerstakan seðlabanka, er hefði það eitt hlutverk að ráðstafa seðlum landsins. Fjármálaráðherrann (Kl. J.) bað fjárhagsnefnd Ed. að flytja frv. stjórnarinnar, og varð hún við þeirri beiðni.

Í frv. því, sem stjórn Landsbankans hafði undirbúið, voru gerðar allmiklar breytingar á skipulagi bankans. Bankastjórnin fann, að um leið og bankinn tók að sjer seðlaútgáfuna og þjóðbankastörf, svo sem skiftin við útlönd, varð hann að fá tryggan stofnsjóð, er hingað til hafði vantað. Var því gert ráð fyrir, að landið legði bankanum til 2 milj. kr. sem fast stofnfje, og auk þess gat fulltrúaráðið (bankaráðið) ákveðið, að bankinn fengi aðrar 2 miljónir í stofnfje með almennu hlutaútboði. Alt stofnfjeð myndi því hafa orðið 4 miljónir kr. sem föst trygging fyrir sparisjóði og seðlaútgáfu. Hluthafar í stofnfje bankans gátu gert sjer von um mikinn arð af fje sínu, en áttu ekki að hafa bein áhrif á stjórn bankans.

Yfirstjórn bankans skyldi vera hjá 5 manna bankaráði. Sameinað Alþingi kaus 2 til 6 ára, en landsstjórnin tilnefndi 3, líka til 6 ára. Bankaráðið kaus sjer formann til 1 árs í senn. Það skyldi halda einn fund á mánuði að minsta kosti, og annars oftar, ef þörf þótti.

Viðvíkjandi seðlaútgáfunni gerði frv. ráð fyrir, að hún gæti þegar í stað horfið til Landsbankans, en að í stað þeirra rjettinda, sem Íslandsbanki misti þannig síðustu árin af einkaleyfistíma sínum, skyldi Landsbankinn næstu 10 árin veita Íslandsbanka allmikil hlunnindi um reikningslán og endurkaup á víxlum. En þessi endurkaupaskylda, sem var greiðsla fyrir hinn lögboðna seðlaútgáfurjett

frá því frv. gekk í gildi og fram í árslok 1933, átti að minka um 1/10 árlega, uns hún hvarf með öllu litlu síðar en leyfistími Íslandsbanka var á enda. Stjórn Landsbankans mælti með þessu fyrirkomulagi, til þess að komast hjá, að tvennskonar seðlar, gulltrygðir en væntanlega óinnleysanlegir fyrst um sinn, yrðu í umferð í einu. Jafnframt gerði stjórn Landsbankans ráð fyrir, að ef Íslandsbanki fjellist ekki á að láta af hendi allan seðlaútgáfurjettinn gegn áðurgreindum hlunnindum, þá keypti Landsbankinn gullforða hans jafnótt og seðlaútgáfan minkaði, enda fengi Íslandsbanki þá engin hlunnindi um reikningslán eða endurkaup á víxlum.

Þá var í þessu frv. haldið við fornan rjett Landsbankans, að hann skyldi geyma opinbert fje, eins og nú er, eftir því sem staðhættir leyfa.

Við meðferð málsins klofnaði fjárhagsnefnd í 3 hluta. Sigurður Eggerz og Jóhann Jósefsson lögðu til, að málinu yrði frestað, svo að sú stjórn, sem þá var tekin við völdum, og situr enn, gæti rannsakað málið og undirbúið það fyrir næsta þing. Hafði fjármálaráðherra (J. Þ.) beðið um þessa frestun. B. Kr. mælti með seðlastofnun sinni, en fjellst þó á þá lausn, að málinu væri vísað til stjórnarinnar. Tveir nefndarmenn, Ingvar Pálmason og Jónas Jónsson, töldu sig fylgja aðalefni frv., þ. e. því, að Landsbankinn færi með seðlaútgáfuna, en ljetu í ljós óánægju með skipunina á æðstu stjórn bankans, þ. e. fyrirkomulag bankaráðsins, og þá hættu, er þeir, með hliðsjón af þróun sparisjóðs í Íslandsbanka, þvert ofan í stofnlög bankans, gerðu ráð fyrir viðvíkjandi valdaaukningu væntanlegra hluthafa um stjórn Landsbankans. Áskildu þeir sjer rjett til að koma með breytingar þessu viðvíkjandi við síðari umræðu, ef dagskrá S. E. og J. Jós. yrði vísað frá. En hún var samþykt og málið þar með fengið í hendur núverandi fjármálaráðherra (J. Þ.) eftir beiðni hans.

Í meginatriðum var frv. það, sem stjórn Landsbankans undirbjó, líkt þeim frv., er síðar hafa komið fram og sem meiri hluti þingsins mun hallast að. En á hinu fyrsta frv. voru þó nokkrir megingallar. Fyrst og fremst ákvæðið um hlutafje einstakra manna. Þeir myndu áreiðanlega fljótlega hafa krafist hlutdeildar í yfirstjórn bankans, og þá getað leitt bankann út á viðsjálar brautir, í von um meiri gróða til handa eigendum stofnfjárins. Í öðru lagi voru gróðamöguleikar stofnfjáreigenda eftir frv. sjálfu alveg óviðeigandi fyrir þjóðfjelagið. Í þriðja lagi fjekk landsstjórnin óhæfilega mikil ráð yfir bankanum, myndi í raun rjettri hafa getað ráðið 4/5 af sætum í yfirstjórn bankans. Auk þess var kjörtími bankaráðsmanna, 6 ár, óeðlilega langur.

Tveir af þeim aðiljum, er síðar hafa haft einhver áhrif á meðferð málsins, höfðu þegar á þingi 1924 tekið fasta aðstöðu. Fulltrúar framsóknarflokksins fjellust á, að Landsbankinn skyldi í framtíðinni vera þjóðbanki Íslendinga, og virðist nú einsætt, að sú stefna muni sigra. B. Kr., þm. G.-K., markaði hinsvegar sporin í aðalandstöðunni gegn Landsbankanum með frv. sínu um nýjan landsbanka, seðlastofnunina. Íhaldsflokkurinn var tvískiftur í málinu, og þess vegna biður fjármálaráðherra um frest til frekari rannsóknar. Að lokum var fulltrúi sjálfstæðisflokksins (S. E.) hikandi, og hallaðist síðan eindregið að seðlastofnunarkenningu B. Kr.

Fjármálaráðherra (J. Þ.) hafði, er hann bað um frest til rannsóknar, lát-

ið í ljós, að hann vildi leita fræðslu um málið hjá sænskum sjerfræðingum, væntanlega ekki síst hinum fræga G. Cassel, sem kunnastur er fyrir kenningar sínar um gengismál. Úr því varð þó ekki. Stjórn Landsbankans hafði sent frv. frá 1924 og frv. B. Kr. um seðlastofnun til hagfræðings í Danmörku, er Nielsen hjet. Ritaði hann bankanum aftur og tjáði sig samþykkan aðaltillögum í frv. því, er landsbankastjórnin hafði undirbúið veturinn áður. Fjármálaráðherra hefir væntanlega verið kunnugt um þessi brjefaskifti. En þó undarlegt sje, leitar hann til hins sama manns, prófessor Nielsen, og fær álit hans að nýju. Auk þess fjekk hann álit Jóns Krabbe skrifstofustjóra. Rannsókn málsins var því ekki fólgin í öðru en tveimur brjefum frá Nielsen og einu frá Krabbe skrifstofustjóra. Ekkert varð úr því, að leitað væri til sænskra sjerfræðinga, enn síður að beðið væri um rökstudda skoðun þjóðbankastjóra á Norðurlöndum.

Fjármálaráðherra (J. Þ.) lagði frv. um Landsbankann fyrir Ed. 1925. Var þar gengið inn á meginhugsun hins fyrsta frv., sem fulltrúar framsóknarflokksins í Ed. höfðu einir veitt fulla viðurkenningu á þingi 1924. En á hinn bóginn höfðu allir þeir gallar, sem í fyrstu voru á frv., aukist og margfaldast ríkulega við »rannsókn« þá, er fjármálastjórn landsins hafði verið að framkvæma í heilt ár.

Frv. byrjaði með því að gera bankann að hlutabanka, er væri háður, eftir því sem við varð komið, hlutafjelagalögunum. Landið átti ekki að standa í ábyrgð fyrir skuldbindingum bankans, nema með hlutafje sínu. Vitneskja um þessa tryggingarbreytingu myndi hafa leitt til lánstraustsspjalla fyrir bankann. Innstöðufje myndi hafa streymt burtu, og þá að líkindum oft í ótryggari staði. Fjárhagsnefnd Ed. hefir nú í vetur borið þetta mál um ábyrgð landssjóðs á fjárreiðum bankans undir einn af lagakennurum háskólans, og hefir svar hans gengið í þá átt, að landið myndi að lögum bera ábyrgð á skuldbindingum hans. En sjerstaklega væri hin siðferðilega ábyrgð landsins á banka, er það ætti, svo sterk, að óhugsandi væri, að landið gæti nokkurn tíma talið skuldbindingar hans sjer óviðkomandi. Virðist því þessi tillaga fjármálaráðherra hafa verið röng að formi, en skaðleg að efni.

Ráðherra hjelt enn fast við hugmyndina um hlutafjeð og hin miklu vildarkjör til hlutafjáreigenda, er talið var, að myndu geta fengið höfuðstól sinn endurgreiddan á 5—6 árum með vöxtum og ágóðahlut. Þá lagði stjórnin til, að hver hlutur skyldi vera 10 þús. kr., þannig að stórefnamenn einir myndu hafa getað eignast þá. Var því hættara við, að hinn fámenni hópur þessara hlutafjáreigenda myndi nota aðstöðu sína og áhrif til að draga úr höndum þingsins það vald, er það átti þó samkvæmt frv. að hafa yfir bankanum. Krabbe skrifstofustjóri hafði sjeð þessa hættu og sterklega ráðið frá að gera gróðamenn að eigendum hlutafjárins, og benti á þá leið, að opinberir sjóðir ættu að geta komið til greina sem kaupendur hlutabrjefanna. Viðvörunin var góð, og raunar nálega hið eina, sem hafðist upp úr því að fela stjórninni athugun málsins. En þessi leið hafði þó sama ágalla eins og sú framkvæmd íslenskra stjórnarvalda að kaupa hlutabrjef Íslandsbanka, sem nú standa í 30—35 kr. hundraðið, fyrir fje ómyndugra og opinberra sjóða, einkum ef bankinn var sviftur landsábyrgð.

Þá lagði ráðherra til, að þessu hlutafjelagi fárra gróðamanna væri af-

hentur seðlaútgáfurjetturinn í hálfa öld. Með því móti var þvergirt fyrir umbætur á stofnuninni í 50 ár. Hluthafarnir myndu hafa mótmælt hverri tilraun þingsins til að breyta bankalögunum, þó að viðurkendir hagsmunir almennings væru í veði, ef sjerhagsmunir hluthafanna voru á móti.

Þá gerði frv. stjórnarinnar ráð fyrir, að Landsbankinn tapaði rjettinum til að geyma opinbert fje. Var það bersýnilega gert til að þóknast andstæðingum Landsbankans, sem jafnan höfðu verið óvinveittir þessu skipulagi. Má telja víst, að ef þetta ákvæði verður felt úr bankalögunum, þá muni verða hafin sókn að nýju til að endurvinna þann rjett til handa landsins eigin banka, sem honum ber samkvæmt eðli málsins.

Svo sem að líkindum lætur, hafði skipun bankaráðsins ekki batnað eða orðið þjóðlegri við meðferð fjármálaráðherra. Landsstjórnin átti að hafa í hendi sjer alt ráð bankans. Bankaráðið hafði aðeins tillögurjett um skipun nýrra bankastjóra, en stjórnin veitingarvaldið. Auk þess gat stjórnin rekið bankastjóra frá, einn eða fleiri í einu, um lengri eða skemmri tíma. Að öllum líkindum hefir fjármálaráðherra komist að þeirri niðurstöðu, af viðtali við bankastjóra Íslandsbanka, að þeir vildu ekki sleppa seðlaútgáfurjettinum móti þeim fríðindum, sem Landsbankinn hafði þá stungið upp á. Í 46. gr. frv. er þess vegna tekin upp varatillaga Landsbankastjórnarinnar frá því árið áður, um að Landsbankinn kaupi gullforða Íslandsbanka jafnótt og hann losnar, en hins vegar hvíli engin skylda á Landsbankanum að endurkaupa víxla með vildarkjörum af Íslandsbanka.

Mál þetta kom nú til fjárhagsnefndar Ed., og áttu í henni sæti sömu menn og árið áður. Sig. Eggerz var formaður nefndarinnar. Hafði nefndin málið til meðferðar á fjölmörgum fundum. En niðurstaðan varð sú, að 4 af 5 nefndarmönnum voru svo óánægðir með undirbúning stjórnarinnar, að þeir vildu, að þingið tæki það úr höndum ráðherranna og setti nýja menn til að annast um undirbúning og rannsókn fram til næsta þings. Einn nefndarmanna (J. Jós.) lagði til, að frv. væri samþykt með litlum breytingum. Meðal annars gekk hann þá inn á tillögu Krabbe skrifstofustjóra um að útiloka einstaka menn frá hlutafjárkaupum. Var þá mótstaðan gegn göllum frv. farin að bera nokkurn árangur.

Meiri hluti nefndarinnar var mjög ósammála um allar jákvæðar tillögur um lausn seðlamálsins, en gat aðeins sameinast um að standa móti frv. stjórnarinnar, þó að sú mótstaða væri bygð á mjög ólíkum forsendum. Fulltrúar framsóknarmanna (I. P. og J. J.) vildu gera Landsbankann að seðlabanka, og voru um það á sömu skoðun og fjármálaráðherra. En þeir vildu ekki spilla bankanum um leið, síst af öllu kasta honum úr eign og umsjá landsmanna í hendur einhverra gróðabrallsmanna. Þeir vildu, að stjórn bankans væri háð frjálsmannlegu eftirliti þjóðarinnar, en ekki dutlungum hverrar landsstjórnar. Og þeir gátu ekki felt sig við, að þjóðbankinn væri sviftur rjettinum til að geyma það fje, sem best á að vera varðveitt. B. Kr. hjelt enn sem fyr fast við skoðun sína um, að seðlunum væri best fyrir komið hjá sjerstökum banka, og Sig. Eggerz, sem þá var fyrir nokkru orðinn bankastjóri í útlenda hlutabankanum, vildi auðsýnilega ekki beygja sig undir það fjármálalega húsbóndavald, sem Landsbankinn hlaut að fá með seðlaútgáfunni.

Við meðferð málsins við 2. umræðu í Ed. fóru svo leikar, að dagskrá

meiri hlutans var feld með 7 : 7 atkv. Dagskránni fylgdu framsóknarmenn allir 5, Sigurður Eggerz og B. Kr. Á móti voru 7 íhaldsmenn. Málið komst með naumindum gegnum 2. umræðu, en var ekki tekið á dagskrá framar. Stjórnin sá, að hún hafði ekki afl til að koma málinu gegnum deildina á því þingi. Litlu síðar kom fram þingsályktun í Nd. um skipun 5 manna milliþinganefndar í bankamálið, og gekk hún greiðlega gegnum þingið. Sjálfstæðismenn kusu í nefndina Ben. Sveinsson, framsóknarmenn Ásgeir Ásgeirsson og Jónas Jónsson, en stjórnarflokkurinn Magnús Jónsson og Svein Björnsson. Var hinn síðasttaldi skipaður formaður.

Það, sem olli því, að andstæðingar stjórnarinnar fengu vilja sínum framgengt, um að þingið tæki málið úr höndum stjórnarinnar til frekari rannsóknar og fengi það í hendur þingkosinni nefnd, þar sem fylgismenn stjórnarinnar voru í minni hluta, var sú staðreynd, að íhaldsflokkurinn var mjög klofinn í málinu. Allmargir — ef til vill meiri hlutinn — fylgdu fjármálaráðherra, en margir hölluðust að stefnu B. Kr. um seðlastofnun. Voru það einkum hinir ákafari fylgismenn erlenda hlutabankans, enda var fast lagst á árina frá mörgum í þeim hóp, í von um, að hægt væri að beina straumnum þannig, að Landsbankinn fengi ekki hið fjármálalega húsbóndavald.

Nefndin hjelt nokkra fundi um vorið. Magnús Jónsson tók að sjer að gera yfirlit um þróun bankamála á Íslandi. Sveinn Björnsson og Ásgeir Ásgeirsson gerðu ráð fyrir að finna að máli þjóðbankastjóra og merka fjármálamenn víðsvegar á Norðurlöndum og þiggja gagnrýni þeirra og tillögur. Um haustið byrjuðu nefndarmenn reglulega fundi um málið. Kom þá í ljós, að einn nefndarmanna, Ben. Sveinsson, vildi ekki byggja á þeim grundvelli, að Landsbankinn yrði seðlabanki. En hinir 4, fulltrúar framsóknar- og íhaldsmanna, urðu aftur á móti sammála um þann grundvöll, og ekki til muna ósammála nema um nokkur skipulagsatriði, er flest voru talin í nefndarálitinu, að því er snerti tvo nefndarmenn (M. J. og J. J.).

Meiri hluti nefndarinnar breytti frv. í mjög verulegum atriðum, einkum æðstu stjórn bankans, og fylgdi í þeim efnum tillögum merkra erlendra fjármálafræðinga og reynslu Norðmanna, Svía og Finna um skipulag sinna þjóðbanka. Landsbankinn varð þjóðbanki, viðurkend eign landsmanna. Hlutaeign einstakra manna eða stofnana var að öllu leyti niður feld. Stofnfjeð var ákveðið 3 miljónir, er landssjóður legði fram. Ef það glataðist fyrir óhöpp eða óáran, þá bætti landssjóður skaðann. Á þann hátt var fyrirbygt, að viðskiftamenn bankans þyrftu að óttast, að skifti við bankann gætu orðið ótrygg. Bankinn skyldi starfa í þrem aðskildum deildum: Seðladeild, sparisjóðsdeild og veðdeild. Með því að aðskilja fjárhag og bókfærslu seðladeildar og sparisjóðsdeildar var fylgt hinu þrautreynda fordæmi Englandsbanka og ráðleggingum eins hins reyndasta bankafræðings í Svíþjóð, auk þess sem það gat skoðast spor í áttina til samkomulags við einhverja af fylgismönnum sjerstakrar seðlastofnunar.

Tillögur meiri hlutans um fyrirkomulag á æðstu stjórn bankans voru að allmiklu leyti bygðar á reynslu Svía. Þar í landi hefir þjóðbankinn staðið undir beinni stjórn og vernd þingsins síðan á 17. öld og farnast prýðilega. Þingið kýs 48 menn, sinn helming úr hvorri þingdeild, í svo kallaða bankanefnd, sem hefir

æðstu stjórn bankans í höndum sjer, eins og aðalfundur í fjelagi hefir húsbóndavald í málum fjelags síns. Bankanefndin velur úr sex menn til að annast stjórn bankans, en landsstjórnin skipar formanninn. Bankaráð þetta er kosið til 4 ára í senn. Þessir sjö menn velja úr sínum hópi þrjá menn í framkvæmdarnefnd bankans til eins árs í senn. Það eru hinir raunverulegu bankastjórar, og er einn þeirra aðalbankastjóri. Formaður bankaráðsins, hinn stjórnskipaði, vinnur mjög mikið í bankanum og fylgist með í öllu starfi bankans, nálega eins og hann væri í framkvæmdarnefndinni. Bankaráðið alt heldur fund a. m. k. einu sinni í viku, en stundum oftar, jafnvel daglega, ef þörf krefur. Þeir bankaráðsmenn, sem ekki eru um leið bankastjórar, eru oftast þingmenn líka, og eru þannig trúnaðarmenn þingflokkanna í stjórn bankans. Og í hinni stóru bankanefnd þingsins eru 24 þingmenn úr hvorri deild.

Fyrirkomulag þetta hefir gefist vel í Svíþjóð, sennilega af því, að á þennan hátt hefir þjóðin sjálf, fyrir milligöngu fulltrúa sinna, veg og vanda af því að halda gjaldmiðli og fjárhag landsins í rjettu horfi.

Með till. meiri hlutans í milliþinganefndinni er stefnt að því að skapa bankanum starfsró undir vernd og eftirliti Alþingis. Ekkert hefir verið fjármálum þjóðarinnar jafnskaðlegt eins og hið eftirlitslausa fjármálavald, sem hinir erlendu bankastjórar hlutabankans fóru með fram um 1920, og býr þjóðin enn að þeirri gerð. Er þess og skamt að minnast, að í byrjun yfirstandandi aldar ætlaði flokkur gálausra æfintýramanna að leggja niður Landsbankann og fá seðlaútgáfurjettinn og fjármálavaldið í landinu í hendur útlendu gróðafjelagi, og skyldi sú ánauð standa í heila öld. Svo hætt var þjóðin komin að glata fjármunalegu frelsi, að björgun hennar gerðist þá aðallega fyrir karlmensku eins manns. Það, sem hefir komið fyrir einu sinni, getur komið fyrir aftur. Landsbankanefndin og hið þingkosna bankaráð á að vera trygging fyrir þjóðbankann í framtíðinni. Ef því skipulagi verður hlítt, þá munu jafnan á hverjum tíma verða margir menn í þinginu, sem þekkja hag og ástæður þjóðbankans ítarlega og geta staðið á verði móti aðsókn líkri þeirri, er Landsbankinn varð fyrir í byrjun þessarar aldar.

Ýmsir þeir, sem lítt hafa kynt sjer málavexti, hafa reynt að láta líta svo út, sem landsbankanefndin og bankaráðið væri hjegómi einn og lítilsvirði fyrir framtíðargengi Landsbankans. En þeir sömu menn gæta þess ekki, að svipað skipulag er nú þegar þrautreynt í Svíþjóð, og hefir gefið þar hina bestu raun.

Í 67. gr. í frv. meiri hlutans kemur endurkaupaskylda vegna Íslandsbanka með nokkrum vildarkjörum aftur til greina í nokkuð breyttu formi frá því, sem talað var um á þingi 1924, án þess að með fylgdi frumskilyrði endurkaupaskyldunnar, sem var það, að Íslandsbanki afhenti alla seðlaútgáfuna um leið og bankalögin kæmu í gildi, og seldi síðasta gullforða sinn. Hefir sú villa, sem hjer slæddist inn í frv., komist inn í frv. stjórnarinnar um bankamálið, bæði 1926 og 1927.

Meiri hluti milliþinganefndarinnar undirritaði álit sitt 4. febr. 1926, en minni hlutinn skilaði ekki áliti sínu fyr en nokkuð var komið fram á þing. Fjármálaráðherra tafði málið mjög með því að gera það að stjórnarfrv., í stað þess að fela fjárhagsnefnd að flytja það, eins og sum önnur mikilsverð fjármálafrv. Fyrir þessa töf var frv. ekki útbýtt fyr en 17. mars og ekki tekið á dagskrá fyr

en 23. sama mánaðar. Tveim sinnum heimtuðu framsóknarmenn í Nd. málið á dagskrá, en ekki sóttist því betur leiðin gegnum deildina en svo, að þegar það kom til Ed., lýsti forsetinn yfir, að það gæti ekki komið á dagskrá framar, því að komið væri að þingslitum. Var málið þannig úr sögunni á þinginu í fyrra, og má segja, að það væri furðulegt, að stuðningsmenn stjórnarinnar skyldu ekki duga henni betur í þessu efni en raun varð á. Má þó vera, að þeir hafi nokkra afsökun í því, að forustan frá hálfu stjórnarinnar bar ekki vott um, að hún óskaði, að endir yrði bundinn á málið á yfirstandandi kjörtímabili.

Meðan fjármálaráðherra hafði frv. meiri hlutans til geymslu breytti hann því í nokkrum atriðum. Hann gerði öllu gleggri mun á sparisjóði og seðladeild en gert var í frv. Hann breytti ákvæðunum um innlausnarskyldu í hið úrelta horf, að bankinn skyldi innleysa seðla með mótaðri mynt, en ekki gullmiltum. Þá vildi stjórnin ekki viðurkenna, að landið bæri fjárhagslega ábyrgð á bankanum, en bætti í þess stað við ákvæði, sem virtist benda í þá átt, að hún vildi, að hægt væri að skifta um einn eða fleiri af núverandi bankastjórum Landsbankans um leið og lögin gengju í gildi. Þá var og byrjað á að gera endurkaupaskylduna enn óaðgengilegri en áður var, með því að miða við $^5/_8$ í stað $^1/_2$ af inndreginni seðlaveltu Íslandsbanka.

Við umræður í Nd. kom í ljós, að hugmyndin um sjerstaka seðlastofnun hafði þar nokkurt fylgi, en þó voru hinir miklu fleiri, sem vildu fela Landsbankanum meðferð seðlanna.

Þrjár tillögur komu fram í Nd., sem sýndu viðleitni að breyta frv. að efni í einstökum atriðum. Er fyrst að telja það, að Jörundur Brynjólfsson og Tr. Þórhallsson fluttu tillögu um, að bankinn skyldi halda sjerrjetti sínum til að geyma almannafje, eftir því sem staðhættir leyfðu. Var sú tillaga samþykt. Þá fluttu Tr. Þórhallsson og Halldór Stefánsson tillögur við 2. og 3. umræðu þess efnis, að bankinn skyldi kaupa jarðræktarbrjef með litlum ágóða, til að tryggja sparisjóð sinn, en jafnframt efla ræktunarsjóðinn, en þær tillögur fjellu, því að íhaldsmenn beittu sjer þar einhuga á móti. Að lokum flutti Sigurjón Jónsson tillögu um, að endurkaupaskyldan á víxlum Íslandsbanka skyldi lækka aðeins um 250 þús., en ekki 500 þús. kr. á ári, frá áramótum 1933—34. Náði sú tillaga fram að ganga með litlum atkvæðamun. Var hún þýðingarmikil mjög, því að á þann hátt fjekk Íslandsbanki ný hlunnindi, sem líktust seðlaútgáfurjetti, í 20 ár, frá ársbyrjun 1934 og fram yfir miðja 20 öld. Hins vegar má telja það til umbóta, að meiri hluti fjárhagsnefndar í Nd. breytti aftur ákvæði fjármálaráðherra um, að bankastjórarnir skyldu missa rjett sinn til starfa sinna um leið og bankalögin gengju í gildi. Var sú tillaga nefndarinnar samþykt, þrátt fyrir mótstöðu stjórnarinnar.

Eftir að Landsbankafrv. hafði strandað á vegum stjórnarinnar í þinglok 1926, heyrðist lítið um bankamálið fyr en í þingbyrjun í vetur, að því frátöldu, að Sigurður Eggerz reyndi að efla flokk á mótstöðunni gegn frv. við landskjörið í vor sem leið. Honum varð að vísu nokkuð ágengt, en þó var það sýnilegt, að hugmyndin um sjerstaka seðlastofnun hafði aðallega fylgi hjá vinum og viðskiftamönnum þess banka, sem fram að þessu hefir farið með seðlaútgáfuna síðan um aldamót.

Í þingbyrjun 1927 lagði stjórnin landsbankafrv. enn fyrir þingið, og höfðu verið gerðar á því nokkrar allverulegar breytingar. Stofnfje bankans var aukið upp í 4 miljónir, eftir tillögum landsbankastjóranna. Aftan við 15. gr. var bætt nýjum lið, um að stjórnin mætti ábyrgjast veltufje fyrir Landsbankann erlendis, eftir þörfum. Hefir risið gegn þessari grein mikil óánægja í þinginu, því að með viðbót þessari má segja, að þingið sje beðið um að afhenda landsstjórninni og meiri hluta bankaráðs óskorað vald yfir lántökum á ábyrgð allra landsmanna. Mun stjórnin nú sjá, að þessi leið er ófær, og falla frá breytingu þessari. Þá gerir stjórnin tillögu við 61. gr., að ákvæðin um verðbrjefatryggingu fyrir sparisjóðinn skuli ekki koma til framkvæmda fyr en bankaráðið ákveður. Tilgangurinn með þessari breytingartill. er bersýnilega sá, að gefa bankastjórninni undir fótinn um, að hún megi hafa sparisjóðinn allan eða mestallan í víxlum og þurfi ekki að hlíta skynsamlegum ákvæðum um að hafa örugg verðbrjef þar til tryggingar. Mætti þó sýnast nóg að hafa seðlana óinnleysanlega fyrir lausgengið, þótt ekki væri bætt ofan á, að sparisjóðurinn væri án sinnar lögmæltu og eðlilegu tryggingar.

Stjórnin hefir í 68. gr. haldið skilyrðunum um endurkaupaskyldu gagnvart Íslandsbanka með báðum þeim breytingum, er Nd. samþykti í fyrra og áður eru nefndar. En þar er raunar um sögulegan misskilning að ræða. Endurkaupaskyldan var í hinu fyrsta frv. um seðlaútgáfuna, því sem stjórn Landsbankans undirbjó veturinn 1923—24. Þar voru endurkaupahlunnindin nefnd frá hálfu Landsbankans sem einskonar uppbót fyrir, ef Íslandsbanki afhenti *allan* seðlaútgáfurjettinn þá. En þetta hefir stjórn Íslandsbanka auðsýnilega alls ekki óskað eftir að gera. Þar af leiðir, að Landsbankinn á ekki að borga Íslandsbanka, með fríðindum í 20 ár, þann rjett, sem Íslandsbanki ætlar ekki að láta af hendi. Tilraunir þær, sem gerðar voru í Nd. til að gera endurkaupaskylduna þungbærari og ranglátari í garð Landsbankans, munu vera áframhald af því viðhorfi, sem komið hefir fram í meðferð seðlamálsins gagnvart Landsbankanum. Þegar búið er að sanna, svo ekki verður um deilt, að endurkaupaskyldan hefir aldrei verið annað en uppástunga um borgun fyrir verðmæti, sem gagnaðili hefir ekki óskað eftir að láta af hendi, mætti vænta, að sú krafa á hendur Landsbankanum yrði nú látin falla niður.

Hjer hefir nú verið drepið á helstu atriðin í gangi seðlamálsins síðan 1923. Málið hefir þrem sinnum verið stöðvað á Alþingi, í tvö skifti af íhaldsmönnum og í eitt skifti, að sumu leyti, af framsóknarmönnum. Sú mótstaða, sem málið hefir á vissum stigum mætt frá framsóknarmönnum, hefir eingöngu miðað að því að bæta skipulag seðlaútgáfunnar og Landsbankans. Þar hefir verulega áunnist í tvö skifti. Fyrst þegar fallið var frá hinu stórhættulega fyrirkomulagi að leggja þjóðbanka landsins að fótskör fjepúka, sem vildu láta svo lítið að kaupa verðbrjef, hvert á 10 þús. kr., með 15—18% gróðavon, og í öðru lagi, þegar tókst að fá nefnd skipaða, sem hafði aðstöðu til að byggja framtíðarskipulag hins íslenska þjóðbanka á reynslu hinna mentuðustu nábúaþjóða og á tillögum þeirra manna í nálægum löndum, sem mesta hafa reynslu í bankamálum.

Hvað fylgismenn stjórnarinnar telja, að málið hafi skýrst við þær tvær stöðvanir, sem þeir hafa valdið, skal hjer látið ósagt. En hitt er einsætt, að þeir

menn, sem fram að þessu hafa stefnt að því að finna hina heppilegustu framtíðarúrlausn þessa þýðingarmikla viðskifta- og menningarmáls, mega ekki hætta við hálfunnið verk. Fari svo, að frv. þetta verði samþykt þannig, að miklir ágallar fylgi, þá verður að halda áfram umbótaviðleitninni, þó að markinu verði ekki náð nema með langri baráttu.

Fjárhagsnefndin hefir að þessu sinni klofnað í þrjá hluta, að minsta kosti, og að líkindum er meiri hlutinn um sum atriði frv. þessa annaðhvort í tvennu eða þrennu lagi. Áður en nefndin klofnaði, höfðu komið fram frá einstökum þingmönnum uppástungur um mjög víðtækar breytingar á frv. Verði þær samþyktar, getur svo farið, að annar minni hluti verði að bera fram einhverjar breytingartillögur við 3. umræðu, vegna nýmæla þeirra, sem þá kunna að vera komin í frumvarpið.

En eins og nú er komið málunum, leggur annar minni hluti til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 15. gr. Síðari málsgrein falli niður.
2. Við 30. gr. Á eftir fyrsta málslið kemur nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Skal að minsta kosti helmingur veðbrjefaeignarinnar vera í jarðræktarbrjefum, er keypt sjeu nafnverði.
3. Við 35. gr. Í stað orðanna »til 5 ára í senn« í fyrsta málslið komi: til 2 ára í senn.
4. Við 37. gr. Fimti málsliður greinarinnar (»Ennfremur getur . . . . . banka stjóra frá«) falli burt.
5. Á eftir 51. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
   Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema öðruvísi sje ákveðið í stofnskrám eða skipulagsskrám. Sama er um ríkisfje og opinbert fje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum.
   Ákvæði greinar þessarar taka ekki til Söfnunarsjóðs Íslands nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum. Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 44, 3. nóv. 1915, um sparisjóði.
6. Við 61. gr. Síðasta málsgrein falli niður.
7. Við 62. gr. Fjórði málsliður orðast sem hjer segir:
   Aðalbankastjóra skal ráða, er tvö sæti hafa losnað í bankastjórninni.
8. Við 68. gr.
   a. Fyrri málsgrein (»Landsbankinn . . . . . hverfur alveg«) falli niður.
   b. Í stað orðanna »einhverjir af bankastjórum hans« í síðari málsgrein komi: einhverjir af bankastjórum hans, aðrir en þeir, sem nú gegna þar störfum.

Alþingi, 8. apríl 1927.

Jónas Jónsson.

Fylgiskjal.

Heiðruð fjárhagsnefnd efri deildar alþingis hefir leitað álits míns um það, hvort dómstólarnir hér mundu líta svo á,

1. að ríkissjóður hafi borið ábyrgð á sparisjóði Landsbankans skv. l. 18. sept. 1885 og

2. hvort ríkissjóður bæri ábyrgð á seðladeild Landsbankans og sparisjóðsdeild hans og fé því, sem lagt er í bankann gegn innlánsskírteinum, ef frumvarp það til laga um Landsbanka Íslands, er nú liggur fyrir alþingi, yrði að lögum.

Mér vitanlega hefir fyrri spurningin aldrei sætt úrskurði íslenzks dómstóls. Er því eigi að ræða um neitt fordæmi, er ætla mætti, að dómstólarnir teldu sér skylt að fylgja.

Í annan stað eru eigi í l. 18. sept. 1885 eða síðari lögum um Landsbankann, né í áðurnefndu frumvarpi, nein ákvæði, sem sérstaklega eigi að leysa úr þessum spurningum.

Málið er því bæði fordæmalaust og ólögákveðið, að öðru leyti en því, að lög þessi, er nefnd hafa verið, eða önnur lög, kunna að benda til þess óbeinlínis, hvernig skera ætti úr því. Af þessum ástæðum treysti eg mér ekki til að svara því með neinni vissu, hvernig dómstólarnir mundu líta á mál þetta. Eg get aðeins svarað því frá mínu sjónarmiði, hvernig eg mundi telja rétt að þeir litu á það.

Það er réttarregla, sem almennt er viðurkend, að hver maður beri ábyrgð á hverri þeirri skuldbindingu, sem hann bakar sér, með öllum eignum sínum, nema því aðeins, að sérstök heimild sé til að takmarka ábyrgð hans. Þessi regla gildir eigi aðeins um einstaklinga. Hún gildir einnig um félög og stofnanir og jafnt hvort stofnunin er almannastofnun eða einkastofnun. Einstaklingur getur þannig ekki rekið atvinnu með þeim hætti að hann svari til skuldbindinga þeirra, er af henni rísa, aðeins með nokkrum hluta eigna sinna, nema því aðeins að sérstök heimild sé til þess, eins og t. d. er að finna í 13. gr. siglingalaganna nr. 56, 1914. Eins mundi t. d. bæjarfélag eða sveitar eigi geta rekið fyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð, nema sérstök heimild væri til þess. Sama máli gegnir um ríkið. Ríkissjóður ber ábyrgð á stofnunum ríkisins, að svo miklu leyti sem hann eigi sérstaklega er undan henni skilinn. Það mun varla orka tvímælis að Landsbankinn sé ríkisstofnun. Ríkisvaldið hefir stofnað hann, æðsta stjórn hans er í þess höndum og ríkissjóði er ætlað að taka til sín eignir, er verða kynnu afgangs skuldum, er bankinn kynni að verða lagður niður, sbr. 32. gr. l. 1885, og að taka arð af stofnfé bankans skv. 24. gr. frumvarpsins. Að mínum dómi þyrfti því sérstaka heimild til að undanskilja ríkissjóð ábyrgð á skuldbindingum bankans, og sú heimild virðist mér hvorki vera fyrir hendi í l. 1885 né frumvarpinu. Eg mundi því telja að svara ætti báðum spurningunum játandi.

Annars get ég ekki látið hjá líða að taka það fram, að mér virðist hin lagalega hlið þessa máls skifta litlu máli. En get varla hugsað mér annað, en að bæði þing og stjórn, hvað sem lagaskyldunni liði, teldi það bæði siðferðislega

skyldu og sjálfsagða pólitiska og fjárhagslega ráðstöfun, að ríkissjóður fullnægði slíkum skuldbindingum ríkisstofnunar, ef hún eigi megnaði það sjálf.

Reykjavík 11. marts 1927
Virðingarfyllst

Ólafur Lárusson.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.

Nd. **365. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 20. júní 1923, um sandgræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Aðalbreytingin, sem þetta frv. fer fram á á gildandi lagaákvæðum, er, að ríkissjóður leggi meira fje af mörkum til sandgræðslu en nú á sjer stað.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að hjer sje um svo þýðingarmikið mál að ræða, að ekki sje áhorfsmál um það, að ríkið styrki þessar framkvæmdir mjög verulega. Hagar víða svo til, að með einni saman friðun á landinu verður það algróið eftir fárra ára skeið. En auk þessa hagar víða svo til, að gróðri vaxið land heldur áfram að blása upp, ef nærliggjandi sandsvæði eru ekki friðuð hið allra bráðasta. Nú er á sumum stöðum svo háttað, að eigendum lands, er friða þarf, er með öllu ókleift að standa straum af þeim kostnaði, er af því leiðir að girða þessi lönd, nema með miklum fjárstyrk. Vegna þessara ástæðna er nefndin því fylgjandi, að lögunum um sandgræðslu verði breytt, hvað fjárframlag úr ríkissjóði snertir, á þann hátt, er frumvarpið tiltekur.

Einu atriði í 2. gr. frv. vill nefndin leggja til, að breytt verði. Það er ákvæðið um það, að sandgræðslan og eigandi lands verði skylduð til að gera traðir eða upphleypta vegi um girðinguna. Nefndin telur, að þetta geti orðið til svo mikils kostnaðarauka fyrir þessa aðilja, að ekki sje við hlítandi, og að ef þetta ákvæði verði látið standa, þá muni það geta orðið til að tefja fyrir, að ýms landssvæði verði friðuð. Hinsvegar álítur nefndin, að þó að ákvæðið sje í burtu felt, þá muni það ekki tefja fyrir því, að friðuð svæði geti gróið.

Það er auðvitað langæskilegast, að sem allra minst umferð sje um friðað sandgræðsluland, og þess er að vænta, að ekki verði meira að því gert en nauðsyn krefur, en þar sem svo er ástatt, að hjá umferð í gegnum sandgræðslugirðingar verður ekki komist, þá býst nefndin við, að upp á friðunina að gera skifti það litlu máli, hvort upphleyptir vegir eru gerðir í gegnum girðinguna eða ekki. En sje það nauðsynlegt vegna umferðarinnar, þá verði að sjá fyrir því á annan hátt.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Orðin »traðir . . . . . girðinguna« falli burt.

Alþingi, 8. apríl 1927.

Pjetur Þórðarson, form. Jörundur Brynjólfsson, frsm. Árni Jónsson, fundaskr.

Hákon J. Kristófersson. Halldór Stefánsson.

Ed. **366. Lög**

um iðju og iðnað.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl).

I. kafli.

Um iðju.

1. gr.

Iðja merkir í lögum þessum allan annan iðnað en handiðn og heimilisiðnað, hvaða efni eða orka, vjelar eða önnur tæki sem notuð eru og hvaða vörur eða efni sem framleidd eru. Ekki ná þó lög þessi til iðju að því leyti sem fyrirmæli laga um vatnsorkusjerleyfi láta um mælt.

2. gr.

Enginn má reka nokkurskonar iðju á Íslandi eða í íslenskri landhelgi nema hann hafi til þess fengið leyfi lögum þessum samkvæmt.

3. gr.

Hver maður, karl sem kona, getur fengið iðjuleyfi, ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi þegar leyfi er veitt og hefir verið það síðasta árið.
2. Er fjárráður.
3. Hefir forræði á búi sínu. Ekki má veita þeim iðjuleyfi, sem tvisvar hefir orðið gjaldþrota, nema komist hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur hans milli hans og lánardrotna hans.
4. Hefir ekki verið dæmdur sekur um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti. Ekki má veita manni iðjuleyfi, ef ráðin hefir verið höfðun opinbers máls á hendur honum fyrir slíkt brot, fyr en hann hefir verið sýknaður með dómi.

5. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru eða sett kunna að verða lögum samkvæmt til þess að mega reka iðju.

Iðjuleyfi má ekki veita embættis- eða sýslunarmönnum, nje maka þeirra, ef hjónin búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að iðjureksturinn megi samrýma stöðu þeirra.

4. gr.

Nú vill fjelag eða stofnun reka hjer iðju, og skal þá svo með fara:

1. Ef nokkrir fjelagar eða allir bera ábyrgð á skuldbindingum fjelags, þá skulu þeir allir. sem fulla ábyrgð bera, vera þeim kostum búnir, sem í 3. gr. segir.
2. Ef enginn fjelaga ber fulla ábyrgð á skuldum fjelags, þá skal það eiga heimilisfang og varnarþing á landi hjer, enda fullnægi framkvæmdarstjórar, stjórnendur fjelags og fulltrúar skilyrðum 3. gr. Ef fjelag er hlutafjelag, þá skal enn fremur meira en helmingur hlutafjárins vera eign manna búsettra á Íslandi, enda sje ekkert það í samþyktum fjelags, er brjóti í bága við íslensk lög. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðunum um heimilisfang stjórnenda eða fulltrúa og hlutafjáreign, enda standi sjerstaklega á.

5. gr.

Iðjuleyfi glatast, ef leyfishafi missir einhver þeirra skilyrða, sem í 3. gr. 1.—3. tölulið eða í 1. málslið 4. tölulíðs segir, eða þeirra skilyrða, sem annars eru sett eða kunna að verða sett til að halda rjettinum (5. tölul. 3. gr.).

Nú missir stjórnandi, fulltrúi eða framkvæmdarstjóri fjelags skilyrða þeirra, er í 4. gr. 2. segir, eða fjelag eða stofnun missir íslensks heimilisfangs eða hlutafje verður eign erlendis búsettra manna framar en lögmætt er, og skal aðili þá hafa komið málinu í löglegt horf innan 3 mánaða frá því er breyting varð. Hafi ella fyrirgert leyfi sínu. Ráðherra getur þó lengt frestinn um 3 mánuði, ef sjerstaklega stendur á.

6. gr.

Iðjuleyfi er bundið við nafn. Iðjuleyfi fjelags, þar sem einn eða fleiri fjelaga bera fulla ábyrgð, skal hljóða á nafn þeirra allra. Annars kostar hljóðar það á nafn fjelags. Nú fer fjelagi, sem fulla ábyrgð ber, úr fjelagi eða slíkur nýr fjelagi bætist við, og þarf fjelag þó ekki að leysa nýtt leyfi meðan einn fjelaga er eftir, þeirra er leyfi hljóðaði á nafn hans í öndverðu.

Enginn má framselja iðjuleyfi nje leyfa öðrum að reka iðju í skjóli síns leyfis.

Rjett er ekkju að halda áfram iðju látins manns síns án nýs leyfis, enda fullnægi hún lögmæltum skilyrðum.

Bú aðilja, er iðjuleyfi hafði, má og reka iðjuna að því leyti sem sá rekstur er þáttur í skiftameðferð þess. Erfingi 16 ára eða eldri má og reka iðju arfleifanda án nýs leyfis, þar til er hann er fjárráður, ef hann að öðru leyti fullnægir skilyrðum 3. gr.

7. gr.

Lögreglustjóri, þar sem beiðandi á lögheimili, veitir iðjuleyfi. Þó ákveður ráðherra um veitingu iðjuleyfis, ef:

1. Iðjan er líkleg til að baka einstökum mönnum, hjeraði eða ríkinu tjón eða óhagræði að ráði, þar á meðal aukin sveitarþyngsli.
2. Iðjan telst sjerstaklega hættuleg mönnum, sem hana stunda.
3. Iðjan er annars svo vaxin, að hættulegt er eða varhugavert að leyfa hana.

8. gr.

Nú hefir lögreglustjóri veitt iðjuleyfi, en ráðherra telur sig hafa átt að úrskurða málið, og getur hann þá innan þriggja mánaða ónýtt leyfi lögreglustjóra að öllu leyti eða leyft iðjurekstur gegn því, að iðjuhöldur fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur að viðlögðum leyfismissi, alt án þess að aðili eigi kröfu til bóta á hendur ríkinu fyrir leyfismissi eða tap, er honum hlýst af ákvörðunum ráðherra.

9. gr.

Nú verður svo vaxin breyting á iðju eða svo lögð breyting er fyrirhuguð á henni, að málið hefði borið undir úrskurð ráðherra, ef svo hefði verið ástatt í öndverðu, og má iðjuhöldur þá ekki halda áfram iðjurekstri þeim eða gera breytingu, nema ráðherra leyfi. Fer um málið samkvæmt 8. gr., svo sem við á.

Skylt er iðjuhöld að veita lögreglustjóra og ráðherra allar upplýsingar um þau atriði, er varða skilyrði til að halda atvinnuheimild eða fullnægju settra skilyrða, svo og að veita aðgang að bókum atvinnunnar í sama skyni. En skylt er að leyna alla óviðkomandi menn því, er rannsóknarmaður kemst að um hagi aðilja fyrir rannsókn sína eða upplýsingar hans.

10. gr.

Ef nauðsyn þykir, getur ráðherra sett þau skilyrði fyrir leyfi til iðjurekstrar í öndverðu eða til breytingar á honum samkvæmt fyrri málsgr. 9. gr., að iðjuhöldur:

1. Sjái verkamönnum sínum fyrir sæmilegum húsakynnum, hjúkrun í veikindum, hæfilegu bókasafni og lesstofu.
2. Geri þær heilbrigðisráðstafanir, er nauðsynlegar þykja.
3. Kosti aukna löggæslu, er leiða kann af atvinnurekstrinum.
4. Kosti viðhaldsauka á vegum og öðrum almenningstækjum, sem atvinna hans veldur.
5. Sjái um eða setji tryggingu fyrir umsjá erlendra verkamanna, sem verða í þjónustu hans, og þeirra, sem þeim verkamönnum er eða verður skylt að framfæra hjer á landi.
6. Þoli almenningsafnot af vegum, höfnum og öðrum mannvirkjum og samgöngutækjum, er iðjuhöldur kann að gera, að svo miklu leyti sem það

má vera án verulegs baga fyrir hann, enda úrskurði ráðherra, ef ágreiningur verður.

7. Sæti öðrum þeim skilyrðum, er ráðherra telur þurfa að setja.

11. gr.

Greina skal í iðjuleyfi, hverskonar iðju heimilt sje að reka samkvæmt því, og hvar hana megi reka. Ekki veitir leyfi heimild til að reka iðju annarar tegundar en þá, sem nefnd er í leyfi, ásamt því, er venju samkv. eða eðli málsins heyrir þeirri iðju til.

Veita má sama aðilja leyfi til að reka fleiri en einskonar iðju, og leyfi til að reka iðju á fleiri en einum stað (kaupstað, þinghá).

12. gr.

Nú er iðjuleyfi synjað eða ágreiningur verður um það, hvort aðilji hafi fyrirgert iðjuheimild sinni, og er honum þá rjett að bera málið undir dómstóla, enda skal stefna lögreglustjóra, ef hann hefir úrskurðað málið, en ráðherra ella. Skal mál það höfða fyrir gestarjetti á heimilisvarnarþingi varnaraðilja.

II. kafli.

Um iðnað.

13. gr.

Í kaupstöðum landsins mega þeir einir reka iðnað (sbr. 1. gr.), annan en heimilisiðnað, sem iðnbrjef hafa fengið. Iðnbrjef þurfa þó ekki:

1. Þeir, sem iðnað reka einungis með aðstoð maka síns og barna undir 21 árs aldri.
2. Hegningarhús, spítalar, skólar og þesskonar stofnanir, enda vinni fangarnir, sjúklingarnir, nemendurnir o. s. frv. að iðninni.

14. gr.

Hver maður, karl sem kona, á rjett á að fá iðnbrjef, ef hann:

1. a. hefir sveinsbrjef í iðn sinni, eða
   b. hefir fjelagarjettindi í sveinafjelagi iðnar sinnar, ef slíkt fjelag er til.
2. Fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í 1.—5. tölul. 3. gr.

Nú vill fjelag eða stofnun reka iðnað í kaupstað, og skal þá forstöðumaður hafa iðnbrjef.

15. gr.

Rjett er ekkju að halda áfram iðnaði látins manns síns, enda hafi hún forstöðumann, er sveinsbrjef hafi í iðninni. Með sama skilyrði má erfingi, 16 ára eða eldri, reka iðnað arfleifanda þar til hann er fjárráður.

Bú aðilja, er rak iðnað, má og halda þeim rekstri áfram að því leyti, sem hann er þáttur í skiftameðferð búsins.

16. gr.

Geta skal þess í iðnbrjefi, hverskonar iðnpróf aðili hafi leyst af hendi. Iðnbrjef veitir aðilja heimild til að reka þá iðn, sem sveinsbrjef hans greinir, hvar sem er á landi hjer, hvort sem það er frá fastri atvinnustöð eða ekki, svo og rjett til að ráða sjer aðstoðarmenn eftir þörfum.

Rjett er að veita sama aðilja iðnbrjef til að stunda iðn fleiri en eina, ef hann fullnægir skilyrðum um hverja einstaka þeirra.

17. gr.

Meistarabrjef geta þeir einir fengið, sem:

1. Eru þeim kostum búnir, er í 14. gr. segir, og
2. Hafa unnið að minsta kosti 3 ár samtals hjá meistara og sem iðnaðarrekandi með iðnbrjefi.

Meistarabrjef veitir samsvarandi rjett sem iðnbrjef.

Í kaupstöðum er meisturum einum heimilt að taka nemendur til verklegs náms í iðn sinni.

Þeir, sem hafa að afloknu námi rekið sjálfstætt iðn sína 3 ár eða lengur, geta fengið meistarabrjef næstu 3 árin eftir að lög þessi öðlast gildi.

18. gr.

1. Nú er í einhverjum kaupstað enginn sá fyrir, er rekur tiltekna grein iðnaðar, og getur þá lögreglustjóri veitt umsækjanda iðnbrjef í þeirri grein, þótt ekki hafi hann sveinsbrjef, ef umsækjandi færir þær sönnur, er lögreglustjóri telur nægja, á kunnáttu sína.
2. Nú eru ekki í kaupstað nægilega margir, að dómi bæjarstjórnar, er reka tiltekna grein iðnaðar með iðnbrjefi samkv. 14. gr., og getur lögreglustjóri þá til 5 ára í senn veitt umsækjanda iðnbrjef í þeirri grein, ef bæjarstjórn mælir með því, þótt ekki hafi hann sveinsbrjef, ef umsækjandi færir þær sönnur, er lögreglustjóri telur nægja, á kunnáttu sína.
3. Veita má lögreglustjóri þeim, er iðnbrjef hefir fengið samkv. þessari grein, heimild til að taka nemendur til verklegs náms, ef bæjarstjórn mælir með því.

19. gr.

Í byggingarsamþyktum kaupstaða má ákveða, að enginn megi veita húsabyggingum forstöðu, nema hann hafi til þess löggildingu byggingarnefndar. Ef aðrir taka að sjer framkvæmd slíkra verka, þá skulu þeir hafa á vinnustaðnum fyrir sína hönd mann, sem fullnægir þessu skilyrði.

20. gr.

Sá hefir fyrirgert rjetti sínum samkvæmt iðnbrjefi eða meistarabrjefi, sem:

1. Missir einhvers þeirra skilyrða, er í 1.—3. tölul. og 1. málsl. 4. tölul. 3. gr. segir.

2. Missir þeirra annara skilyrða (sbr. 5. tölul. 3. gr.), er sett eru annars eða sett kunna að verða til þess að halda rjettinum.

Ef fjelag á hlut að máli, þá skal svo með fara sem í 2. málsgr. 5. gr. segir.

21. gr.

Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi iðnbrjef og meistarabrjef.

Nú synjar lögreglustjóri um iðnbrjef eða meistarabrjef, eða ágreiningur verður um það, hvort aðilji hafi mist rjett sinn, og er aðilja þá rjett að bera málið undir ráðherra. Enn fremur getur hann leitað úrlausnar dómstóla um það mál, enda skal þá stefna lögreglustjóra fyrir gestarjett á varnarþingi hans.

III. kafli.

Almenn ákvæði.

22. gr.

Halda skal skrá yfir öll leyfi, sem veitt eru lögum þessum samkvæmt. Ráðherra setur fyrirmæli um þessi efni.

23. gr.

Óskert skal atvinnuheimild þegna annara ríkja hjer í landi, að því leyti sem þeir kunna að eiga rýmri atvinnurjett hjer samkvæmt samningum en lög þessi greina.

24. gr.

Gjalda skal ríkissjóði fyrir:
Iðjuleyfi kr. 100,00.
Iðnbrjef kr. 25,00.
Meistarabrjef kr. 50,00.

Ráðherra er heimilt að færa gjaldið niður alt að helmingi, ef sjerstök þörf þykir á þeim atvinnurekstri, sönnuð er fátækt aðilja, en jafnframt nauðsyn hans á því að koma upp atvinnunni til framfæris sjer og sínum o. s. frv.

25. gr.

Það varðar sektum, frá 100—5000 kr., ef maður byrjar á iðju án leyfis eða heldur áfram iðju án þess að fullnægja settum skilyrðum eða eftir að hann hefir mist lögmælt skilyrði, eða leyfir öðrum að reka iðju í skjóli iðjuleyfis síns.

Það varðar sektum, alt að kr. 500, ef maður:

1. Rekur iðnað, sem iðnbrjef þarf til, án þess að hafa fengið það eða eftir að hann hefir mist heimildina.
2. Leyfir öðrum að reka iðn í skjóli iðnbrjefs síns.
3. Tekur að sjer verk, er í 19. gr. segir, án þess að fullnægja skilyrðum þeirrar greinar.

4. Tekur nemendur til verklegs náms, enda þótt hann eigi ekki rjett til þess, eða tekur nemendur til náms í annari iðn en þeirri, sem hann er meistari í eða hefir rjettindi meistara.

26. gr.

Sektir samkvæmt 25. gr. renna í ríkissjóð. Dæma skal aðilja til að greiða gjöld þau fyrir leyfi, er honum hefði borið að gjalda, ef hann hefir rekið iðju eða iðnað ranglega leyfislaust.

Mál vegna brota þeirra, er í 25. gr. getur, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1928.

Þeir, er þá reka iðju með heimild samkvæmt eldri lögum, halda henni.

Þeir, er 1. janúar 1928 reka iðn samkv. eldri lögum, eða hafa nemendur, halda þeim rjetti.

Nd. 367. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.
   Á eftir »til »hæstarjettar« komi: eftir almennum áfrýjunarreglum.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem verður 2. gr., svo látandi:
   Ákvæði 28. gr. laga nr. 22, 6. okt. 1919, skulu einnig ná til þeirra merkjadóma, sem upp hafa verið kveðnir síðustu 3 ár áður lög þessi öðlast gildi.
3. 2. gr. verði 3. gr.

Nd. 368. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að rannsaka hag bátaútvegsins og gera tillögur til tryggingar honum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir rætt tillöguna á nokkrum fundum og athugað horfur fyrir árangri af starfi milliþinganefndar í þessu máli. Höfum vjer orðið á eitt sáttir um það, að ekki megi horfa í þann kostnað, er af slíkri nefndarskipun leiðir, ef ske kynni, að rannsókn og tillögur fróðustu manna gætu þokað málinu til hagsbóta bátaútveginum.

Af sparnaðarástæðum viljum vjer leggja til, að 3 menn skipi milliþinganefndina í stað 5, enda meira þar undir fylgi en fjölmenni komið og sennilegt, að nefndin starfi í samráði við Fiskifjelag Íslands og njóti þaðan fulltingis. Virðist oss, að 2—3 mánaða starfstími ætti að nægja fyrir nefndina.

Verksvið milliþinganefndarinnar teljum vjer 4 hæfilega afmarkað í tillögunni, en einn nefndarmanna (H. V.) leggur til, að verksviðið nái yfir allan sjávarútveginn, eins og breytingartill. hans við tillöguna sýnir.

Sammála erum vjer um það, að leggja beri megináherslu á 1. og 4. lið tillögunnar, eins þótt önnur verkefni geti þar miklu varðað. Lítilsháttar orðabreytingu viljum vjer gera á 5. lið tillögunnar.

Eftir framansögðu viljum vjer ráða háttv. deild til að samþykkja tillöguna á þskj. 74 með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. lið. Fyrir »5« komi: 3.
2. Við 5. lið. Fyrir »Hverjar söluleiðir . . . . álitlegastar« komi: Hvernig greiða megi fyrir sölu afurðanna.

Alþingi, 12. apríl 1927.

Sveinn Ólafsson, form. Bernh. Stefánsson, frsm.

Sigurjón Jónsson. Ólafur Thors. Hjeðinn Valdimarsson.

Ed. **369. Frumvarp**

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita hlutafjelaginu »Titan« sjerleyfi til:

1. Að leggja járnbraut frá Reykjavík um Hellisheiði, yfir Ölfusá og að Þjórsá í nánd við Urriðafoss.
2. Að virkja Urriðafoss í Þjórsá. Leyfið felur í sjer heimild til þess að gera uppistöðu í ánni ofan við fossinn og strengi þá, sem að honum liggja, hækka eða lækka vatnsborð eða farveg, gera vatnsrásir ofan jarðar eða neðan eftir þörfum, þar á meðal brottrás handa vatni frá orku-

veri og yfir höfuð að fara með vatnið eftir því, sem nauðsyn krefur til þess að ná úr því orku þess og svo sem samrýmast má landslögum. Gert er ráð fyrir, að virkjaðar verði alt að 160000 hestorkum.

3. Að reisa orkuver í nánd við Urriðafoss, í því skyni að breyta vatnsorku þeirri, sem í 2. tölul. segir, í raforku, og starfrækja það eða þau.
4. Að leiða raforku frá orkuveri eða orkuverum þeim, er í 3. tölul. greinir, til staðar í nánd við Reykjavík, um þá staði og með þeim hætti, er henta þykir og nánar skal fram tekið í sjerleyfisbrjefi, til afnota í iðjuveri eða iðjuverum, sbr. 5. tölul.
5. Að reisa iðjuver til saltpjetursvinslu og annarar iðju til hagnýtingar raforkunni.
6. Að gera vegi eða önnur samgöngutæki, sem nauðsynleg eru að áliti ráðherra vegna virkjunarinnar, orkuvinslunnar eða orkunýtingarinnar.
7. Að taka lögnámi land og rjettindi yfir landi, svo og að leggja kvaðir á land, að því leyti sem nauðsynlegt er til þess að koma fyrirtækjum þeim í framkvæmd, sem 1.—6. tölul. greinir.

2. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa varnarþing á Íslandi, enda hafi hann hjer búsettan umboðsmann, er birta megi stefnu og svari til sakar fyrir dómi í málum á hendur leyfishafa, en að minsta kosti $^2/_3$ hlutar stjórnarmanna skulu vera búsettir á Íslandi.

3. gr.

Ekki má framselja sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ráðherra komi til, enda fullnægi nýr leyfishafi öllum settum skilyrðum sjerleyfis.

4. gr.

Sjerleyfistími má vera alt að 70 árum.

5. gr.

Sjerleyfishafi skal vera undanþeginn eignarskatti, tekjuskatti til ríkissjóðs, útsvari og hærra útflutningsgjaldi en nú er, eða öðrum samskonar gjöldum, er á kunna að verða lögð. Í stað þess skal hann gjalda af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum 3 kr. árlega af hverri nýttri hestorku fyrstu 10 árin, en síðan 5 kr. árlega af hverri nýttri hestorku. Gjald þetta skiftist þannig milli ríkissjóðs og sveitarsjóðs, að ríkissjóður hlýtur $^2/_3$ hluta, en sveitarsjóður þriðjung. Sveitarsjóðshlutinn skiftist eftir ákvörðun ráðherra milli sveita þeirra, er hlut eiga að máli eða verða fyrir átroðningi og usla af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum.

Sú raforka, sem seld er til almennings samkvæmt sjerleyfislögum, skal þó undanþegin þessu árgjaldi.

6. gr.

Um sölu á raforku til almennings fer eftir sjerleyfislögum. Þó skal verð árshestorkunnar ekki fara fram úr 55 krónum.

7. gr.

Skylt skal sjerleyfishafa, þegar komin er á fót vinsla köfnunarefnisáburðar, að láta ríkisstjórninni í tje, eftir ósk Búnaðarfjelags Íslands, alt að 3000 smálestum áburðarins árlega við verði, sem ekki má fara meira en 5% fram úr vinslukostnaði og ætíð skal vera 5% undir heildsöluverði samkynja áburðar í Noregi. Áburðurinn afhendist í Reykjavík í útflutningsumbúðum.

8. gr.

Járnbrautin milli Reykjavíkur og Þjórsár skal gerð úr nýju, völdu efni og að öllu leyti eftir fyrirmælum ráðherra, en nánari ákvæði þar að lútandi ber að greina í sjerleyfi. Ráðherra ákveður einnig, hvar og hve margar járnbrautarstöðvar skuli vera, og telst kostnaður af byggingu þeirra til lagningarkostnaðar brautarinnar.

9. gr.

Kostnaðurinn við járnbrautina skal greiðast þannig:

a. Reykjavíkurkaupstaður kostar land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning vestan afrjettar eða almennings á Hellisheiði.
b. Árnessýsla kostar á sama hátt land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning austan afrjettar eða almennings á Hellisheiði, þar með talin stöð austan eða vestan Ölfusár.
c. Rangárvallasýsla kostar á sama hátt land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning frá stöð við Ölfusá að Þjórsá.
d. Ríkissjóður leggur fram þriðjung kostnaðar af járnbrautargerðinni að öðru leyti, þar með taldir brautarvagnar og annað það, er samkvæmt venju tilheyrir slíku mannvirki, eftir ákvörðun ráðherra, þó ekki yfir 2 milj. kr., og er ríkisstjórninni heimilt að taka það fje að láni að nokkru eða öllu leyti. Fjeð greiðist eftir á, alt að $1^1/_2$ miljón króna, er járnbrautin er fullgerð, með stöðvarhúsum frá Reykjavík að Ölfusá, og alt að $^1/_2$ miljón króna þegar brautin er fullgögð að Þjórsá, með stöðvarhúsum, vögnum og öðrum áhöldum, er fylgja eiga brautinni.
e. Sjerleyfishafi leggur fram allan annan kostnað við brautargerðina.

10. gr.

Sjerleyfishafi framkvæmir járnbrautarlagninguna og rekur fyrirtækið á sinn kostnað, enda tekur hann tekjur af því. Ráðherra ákveður öll flutningsgjöld og hefir eftirlit með rekstri brautarinnar. Ríkissjóður á ekki tilkall til vaxta af framlagi sínu fyr en hreinar rekstrartekjur brautarinnar nægja til þess að leyfishafi fái 6% ársvexti af framlagi sínu. Verði rekstrartekjurnar meiri, fær ríkissjóður vexti af framlagi sínu, alt að 6%. Sje þá enn afgangur af rekstrartekjum, skiftist hann milli ríkissjóðs og leyfishafa í hlutfalli við framlög þeirra til járnbrautarinnar.

Ríkissjóði er heimilt, hvenær sem er á leyfistímanum, að taka við járnbrautinni með öllu tilheyrandi til umsjár og eignar, gegn því að greiða

sjerleyfishafa matsverð hennar, að frádregnum hluta ríkissjóðs, eftir nánari ákvæðum í sjerleyfinu.

Umboðsmaður ráðherra á hvenær sem er aðgang að öllum bókum járnbrautarfyrirtækisins, og ráðherra getur sett allar nauðsynlegar reglur um eftirlitið með rekstri og reikningsfærslu þess.

11. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa byrjað á lagningu járnbrautarinnar eigi síðar en 1. maí 1929 og verkinu skal lokið eigi síðar en 1. júlí 1933.

Á mannvirkjum, er lúta að virkjun Urriðafoss, skal byrjað eigi síðar en 1. júlí 1934.

Verði járnbrautarlagningunni ekki haldið áfram með þeim hraða, að henni geti orðið lokið á tilsettum tíma, eða stöðvist verkið algerlega, fellur sjerleyfið úr gildi og verða unnin mannvirki ríkiseign án endurgjalds til sjerleyfishafa.

Járnbrautin öll með stöðvarhúsum, eimvögnum og öðrum vögnum og áhöldum skal jafnan standa að veði fyrir því, að sjerleyfishafi reki járnbrautina og haldi henni vel við, samkvæmt því, sem um semst milli atvinnumálaráðherra og sjerleyfishafa.

12. gr.

Rjettindi og skyldur sjerleyfishafa og skifti hans og ríkisstjórnar fara samkvæmt landslögum, þ. á. m. sjerleyfislögum, að svo miklu leyti sem ekki er um mælt í lögum þessum.

Nú skilur aðilja á um það, hvort atriði skuli sæta úrlausn eftir þessum lögum eða öðrum landslögum, og skal þá hæstirjettur einn dæma um það. Sjerleyfisdómur samkvæmt sjerleyfislögum sker annars úr, ef ágreiningur verður um efndir á ákvæðum sjerleyfisins, með þeim hætti, sem segir í sjerleyfislögum.

Nd. **370. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1928.

Frá Hjeðni Valdimarssyni.

Við 15. gr. 21 (Þórbergur Þórðarson).

Í stað »1000« komi: 1200.

Nd. **371. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita verslun þessari forstöðu. Hann skal hafa lyfsalapróf og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Honum skal skylt að útvega frá útlöndum lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rjett hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús. Sjúkrahúslæknir annast um útvegun á þessum vörum handa sjúkrahúsunum.

Nánari reglur um starfssvið og starfsemi forstöðumanns verslunarinnar verða settar í erindisbrjefi, er ráðherra gefur út.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 25%—75%, miðað við verð þess komið í hús hjer á landi að meðtöldum tolli.

Lyfjaáfengi, svo og önnur lyf, er verslunin útvegar læknum og sjúkrahúsum, seljast án hagnaðar.

Nd. **372. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 41, 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrstu málsgrein 15. gr. laganna skal orða svo:

Merkjadómi má skjóta til hæstarjettar eftir almennum áfrýjunarreglum. Hæstirjettur gerir annaðhvort að staðfesta merkjadóm eða fella hann úr gildi, sbr. þó 9. gr. síðustu málsgr., og skal málinu þá vísað heim og merkjadómur skyldaður til að taka málið upp af nýju. Hæstirjettur kveður á um greiðslu kostnaðar af málskotinu.

2. gr.

Ákvæði 28. gr. laga nr. 22, 6. okt. 1919, skulu einnig ná til þeirra merkjadóma, sem upp hafa verið kveðnir síðustu 3 ár áður lög þessi öðlast gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **373. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1928.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1928 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	240000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	950000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1230000
4.	Aukatekjur	350000	
5.	Erfðafjárskattur	40000	
6.	Vitagjald	300000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	300000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	30000	
			1045000
11.	Útflutningsgjald		850000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	650000	
13.	Tóbakstollur	800000	
14.	Kaffi- og sykurtollur	1000000	
15.	Annað aðflutningsgjald	150000	
	Flyt ...	2600000	3125000

	kr.	kr.
Flutt ...	2600000	3125000
16. Vörutollur	1000000	
17. Verðtollur	850000	
		4450000
18. Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykursgerð ...		20000
19. Pósttekjur	475000	
20. Símatekjur	1500000	
		1975000
21. Víneinkasala		450000
Samtals ...	... ...	10020000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2. Tekjur af kirkjum		100
3. Tekjur af silfurbergi		1000
4. Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
Samtals ...	... ...	34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		50000
2. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	28000	
3. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	24000	
		52000
Flyt ...	... ...	102000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	102000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5. Vextir af viðlagasjóði		65000
6. Aðrir vextir...		140000
Samtals ...	... ...	315000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		22000
Samtals ...	... ...	82000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1928 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	165713	
2. Dönsk lán, danskar kr. 205095 á 1/10	246114	
Flyt ...	411827	

	kr.	kr.
Flutt ...	411827	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8517:6:7 á $^{22}/_{00}$	187381	
		599208
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	264598	
2. Dönsk lán, danskar kr. 313113 á $^{1}/_{20}$	375736	
3. Enska lánið 1921, £ 2097:0:5 á $^{22}/_{00}$	46134	
		686468
III. Framlag til Landsbankans, 15 greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1385676

8 gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	215000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4350	
		219350
Samtals ...	... ...	219350

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun	36075	
	b. Til risnu	4000	
			40075
2.	Til utanferða ráðherra		6000
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins		72285
4.	Annar kostnaður		25000
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		27500
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900	
	b. Til pappírs og prentunar	9000	
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000	
			10900
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		4000
			185760
II.	Hagstofan:		
1.	Laun		13100
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		10000
3.	Prentun eyðublaða		1800
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		4000
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		17600
6.	Til að gefa út manntalið 1703...		1000
			47500
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra	20000	
	b. Húsaleiga...	5000	
	c. Kostnaður við embættið	20000	
	d. Til skrifstofuhalds...	17000	
			62000
2.	Fyrir meðferð utanríkismála		12000
3.	Ríkisráðskostnaður		4000
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd		2500
			80500
	Samtals ...	... ...	313760

11. gr.

Til dómgæslu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	32075	
b. Annar kostnaður, alt að	5000	
		37075
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		139440
3. Laun hreppstjóra		29000
4. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
a. Laun	25926	
b. Húsaleiga	3240	
c. Hiti, ljós og ræsting	2100	
d. Ýms gjöld, alt að	2400	
		33666
5. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 4 skrifara	19720	
b. Laun 6 tollvarða	26825	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	1800	
e. Innheimtukostnaður	7500	
f. Ýms gjöld, alt að	11000	
Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
		71345
6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		96000
7. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		500
8. Til landhelgisgæslu, gegn 135000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		300000
9. Framlag til landhelgissjóðs		20000
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
11. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
12. Borgun til sjódómsmanna		2000
13. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A ...	... ...	761026

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	30000	
b. Fyrir embættisskeyti	40000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		18000
3. Til embættiseftirlitsferða		5000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		45000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		11000
Samtals B ...	... ...	149000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		265965
Þar af viðbót við lögmælt laun núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði 1700 kr. með verðstuðulsuppbót.		
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		7450
Styrkurinn skiftist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til		
Flyt ...	... ...	275415

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	275415
Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sljettu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. — 17. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 2600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1200	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Ferðastyrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi Suður- og Vesturland, og augnlæknisins á Akureyri, er hafi Norður- og Austurland til yfirferðar, enda hafi þeir dvöl að minsta kosti á einni eða tveim höfnum í hverri sýslu.		
		3200
6. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
Styrkurinn til augnlæknis og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
8. Til geislalækningastofu ríkisins..		11000
9. Til sömu stofnunar, til áhaldakaupa		2500
10. Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
11. Til nuddlækningastofu Jóns Kristjánssonar...		2500
Stjórninni er heimilt að láta falla niður vexti og afborganir af viðlagasjóðsláni Jóns Kristjánssonar fyrir árin 1924—1926.		
12. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar		2000
Flyt ...	... ...	302615

			kr.	kr.
		Flutt ...	... ...	302615
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.			
13.	Utanfararstyrkur til Magnúsar bæjarlæknis Pjeturssonar, til þess að kynna sjer berklavarnir og millilandasóttvarnir			5000
14.	Til Evu Hjálmarsdóttur, til framhaldsdvalar í heilsuhæli í Danmörku.			1000
15.	Holdsveikraspítalinn			77115
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		8035	
	B. Annar kostnaður:			
	1. Laun starfsmanna	13000		
	2. Viðurværi 55 manna (ca. 140 a. á dag)	28000		
	3. Klæðnaður	1800		
	4. Lyf og sáraumbúðir	1800		
	5. Eldsneyti	9000		
	6. Ljósmeti	2400		
	7. Húsbúnaður og áhöld	2000		
	8. Viðhald á húsum	3000		
	9. Þvottur og ræsting	1800		
	10. Greftrunarkostnaður	500		
	11. Skemtanir	600		
	12. Skattar o. fl.	3680		
	13. Ýmisleg gjöld	1500		
			69080	
			77115	
16.	Geðveikrahælið á Kleppi			59860
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		7035	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup starfsmanna	13500		
	2. Viðurværi 94 manna (ca. 140 a. á dag)	48000		
	3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500		
	4. Lyf og sáraumbúðir	500		
	5. Ljós og hiti	10000		
	6. Viðhald og áhöld	10000		
	7. Þvottur og ræsting	3000		
	8. Skemtanir	750		
		Flyt ... 89250	7035	445590

		kr.	kr.
Flutt ...	89250	7035	445590
9. Skattar m. m...	2500		
10. Óviss gjöld	1400		
		93150	
		100185	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum; kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu...	2000		
		40325	
Mismunur ...		59860	
17. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			2035
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis...		7035	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	33000		
2. Viðurværi..	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting..	5500		
6. Viðhald húsa...	4800		
7. Viðhald vjela	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld...	11000		
9. Flutningskostnaður..	4000		
10. Óviss gjöld	2640		
		228140	
		235175	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000		
		233140	
Mismunur ...		2035	
18. Heilsuhælið í Kristsnesi (rekstrarkostnaður).			4000
Flyt ...		... ...	451625

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	451625
19. Önnur gjöld:		
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík, samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands	150000	
b. Til viðbótarbyggingar við geðveikrahælið á Kleppi	100000	
c. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að utanhjeraðssjúklingar, sem borgað er fyrir af almannafje, njóti sömu kjara sem innanhjeraðssjúklingar.	18000	
d. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði	42000	
e. Til Heilsuhælisfjelags Norðurlands, lokastyrkur til byggingar heilsuhælis í Kristsnesi, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá, alt að	56000	
f. Bólusetningarkostnaður	2500	
g. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
h. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	3000	
i. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
j. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	
k. Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	3500	
l. Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna	700	
m. Til kvenfjelagsins á Hellissandi, til hjúkrunarstarfsemi	400	
n. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	2000	
o. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
p. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
q. Til Elínar Sigurðardóttur, 90 kr. á mánuði, sje hún ekki í sjúkrahúsi, alt að	1080	
r. Til Jóns Kristjánssonar, veitingamanns á Akureyri, til þess að bætu honum að nokkru skaða, er hann beið af sóttvarnaráðstöfunum 1924	1000	
		403680
20. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		38000
Samtals ...	... ...	893305

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Póstmál.		
1.	Laun:		
	a. Eftir launalögum	99460	
	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	75000	
	c. Brjefhirðingamenn	22000	
			196460
2.	Póstflutningur		165000
3.	Annar kostnaður:		
	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi	10000	
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	23000	
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	14000	
	d. Önnur gjöld	63500	
			110500
4.	Uppbót til Friðriks pósts Jónssonar á Helgastöðum vegna langvinnrar heilsubilunar, er hann hefir hlotið af ofreynslu í póstferðum		3000
	Samtals A. ...	... ...	474960
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	8250	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5850	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	16000	
	5. Skrifstofukostnaður, alt að	8000	
			43100
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjalarnesvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 25000		
	2. Stykkishólmsvegur 10000		
	Flyt ... 35000	... ...	43100

		kr.	kr.
	Flutt ...	35000	 43100
3.	Hvítárbraut	10000	
4.	Norðurárdalsvegur	60000	
5.	Vesturlandsvegur [frá Dalsmynni að Fellsenda]	15000	
6.	Húnavatnssýsluvegur	30000	
7.	Vallhólmsvegur	20000	
8.	Þelamerkurvegur...	10000	
9.	Vaðlaheiðarvegur	50000	
10.	Vopnafjarðarvegur	10000	
11.	Hróarstunguvegur	25000	
12.	Um Skaftáreldhraun í V.-Skaftafellss.	10000	
13.	Biskupstungnabraut	25000	
14.	Til vegar á Hólmahálsi, gegn 1/4 annarsstaðar að	9000	
			309000
b.	Viðhald og umbætur		200000
			509000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum		225000
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)		30000
V.	Fjallvegir		15000
VI.	1. Til áhalda, alt að		20000
	2. Til bókasafns verkamanna		300
			20300
VII.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		40000
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923 . ..		30000
			70000
VIII.	Til dragferjuhalds:		
	1. Á Lagarfljóti		300
	2. - Skjálfandafljóti		300
	3. - Blöndu		300
			900
IX.	Til ferju á Hrossbyl í Þjórsá		300
X.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði		10000
XI.	Styrkir til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn		3000
	Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskektum bæjum við þjóðbraut.		
	Samtals B. ...	... ...	926600

		kr.	kr.
C.			
Samgöngur á sjó.			
1. Til strandferða:			
a. Ríkissjóðs		180000	
b. Eimskipafjelags Íslands		60000	
			240000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...			109300
Samtals C. ...		... ...	349300
D.			
Hraðskeyta- og talsímasamband.			
I. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl..			35000
II. Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi hjeruð			286000
III. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Laun samkvæmt launalögum		305000	
2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna ...		15000	
3. Ritsímastöðin í Reykjavík		36000	
4. Loftskeytastöðin í Reykjavík		11000	
5. Bæjarsíminn í Reykjavík		200000	
6. Áhaldahúsið		2500	
7. Ritsímastöðin á Akureyri		13000	
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði		16000	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði...		9000	
10. Símastöðin á Borðeyri		8500	
11. Símastöðin í Hafnarfirði		7500	
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum		6500	
13. Símastöðin á Siglufirði		6000	
14. Til aukaritsímaþjónustu		5000	
15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva		100000	
16. Til uppbótar á launum:			
a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, alt að	14100		
Flyt ...	14100	741000	321000

		kr.	kr.
	Flutt ... 14100	741000	321000
	b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927.. 9500		
		23600	
17.	Til Steindórs Björnssonar	1200	
18.	Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
			766400
IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		40000
V.	Viðbót og viðhald stöðvanna		50000
VI.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		10000
VII.	Viðhald landssímanna		160000
VIII.	Áframhaldsgjald		25000
IX.	Til kenslu fyrir símamenn		3000
X.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
	Samtals D. ...	... ...	1376900
	E. Vitamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vitamála:		
1.	Laun vitamálastjóra ... ... Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.	8025	
2.	Laun aðstoðarverkfræðings	5945	
3.	Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	3500	
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1750	
			19220
II.	Laun vitavarða.. ... ... Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		23400
III.	Rekstrarkostnaður vitanna		80000
IV.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V.	Til þess að reisa nýja vita:		
a.	Til þriggja miðunarvita (radio-vita) austan, sunnan og vestan lands, eftir nánari ákvörðun vitamálastjóra	60000	
b.	Til uppsetningar leiðarljósa	15000	
	Flyt ..	75000	132620

	kr.	kr.
Flutt ...	75000	132620
e. Ljós og hljóðdufl á Valhúsgrunni, ½ kostnaður	10000	
d. Ljós og hljóðdufl á Hellisboða, ½ kostnaður ...	10000	
		95000
VI. Ýmislegt		12000
Samtals E. ...	... ...	239620

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsembættið:		
1. Laun biskups	9025	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		11025
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	406	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
7. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	35000	
8. Álag á Langholtskirkju í Meðallandi, enda taki söfnuðurinn við henni í núverandi ástandi hennar.	5000	
		324156
Samtals A. ...	... ...	335181

		kr.	kr.
	B.		
	Kenslumál.		
I.	**Háskólinn:**		
a.	Laun	96875	
b.	Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c.	Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d.	Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hjer halda fyrirlestra í háskólanum, alt að	2000	
e.	Námsstyrkur	13000	
	Fjárveiting þessari skal skift í 20 skamta 400 kr. og 20 skamta 250 kr., og má að jafnaði ekki veita neinum stúdenti meira eða minna en 1 skamt; þó má leggja saman alt að 8 skamta 250 kr. og gera úr helmingi færri 500 kr. skamta, og veita þessa stærri skamta fátækum stúdentum, sem sýna sjerstakan dugnað við námið. Engum má veita styrk fyrsta námsárið í háskólanum.		
f.	Húsaleigustyrkur	9000	
g.	Til kensluáhalda læknadeildar	1000	
h.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði	1800	
i.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	4000	
j.	Önnur gjöld:		
	1. Til ritara:		
	a. Laun 1000		
	b. Dýrtíðaruppbót 500		
	——— 1500		
	2. Til dyravarðar:		
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið... 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 800		
	——— 2400		
	3. Ýms gjöld 5000		
	———	8900	
k.	Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta	750	
l.	Byggingarstyrkur til stúdentagarðsins ... ... enda sje ekki byrjað á byggingunni fyr en lög hafa verið sett um hana.	50000	
			189325
	Flyt ...	... ...	189325

		kr.	kr.
Fluttar ...		... ...	189325
II. Námsstyrkur erlendis:			
a. Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum		24000	
b. Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að		2500	
c. Til Markúsar Kristjánssonar, til háskólanáms erlendis		1200	
d. Til Jakobs Gíslasonar, til framhaldsnáms í rafmagnsfræði		1000	
e. Til Valgarðs Thoroddsens, til háskólanáms		1000	
III. Mentaskólinn almenni:			29700
a. Laun		78100	
b. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	400		
2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	5500		
3. Til skólahússins utan og innan ...	3000		
4. Til stundakenslu og til prófdómenda, alt að.	29500		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	2900		
7. Læknisþóknun	500		
8. Til vísindalegra áhalda	800		
9. Til þess að gefa út kenslubækur handa skólanum	2000		
10. Ymisleg gjöld	3500		
11. Til verðlaunabóka	100		
12. Húsaleiga	1250	51250	
			129350
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		25520	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakenslu .	9500		
2. Til framhaldsnáms fyrir nemendur, sem lokið hafa gagnfræðaprófi ...	4500		
Flyt ...	14000	25520	348375

		kr.	kr.
Flutt ...	14000	25520	348375
3. Til bóka og kensluáhalda	1000		
4. Til eldiviðar og ljósa	6500		
5. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
7. Til skólahússins utan og innan ...	1500		
8. Til ýmislegra gjalda	3000		
		27600	
V. Kennaraskólinn:			53120
a. Laun		20010	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakensla	5000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	1000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		15500	
VI. Stýrimannaskólinn:			35510
a. Laun		14210	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu.	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	1750		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
		6050	
			20260
Flyt ...		... ...	457265

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	457265
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		9280	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu	840		
2. Húsnæði	4200		
3. Ljós og hiti	1300		
4. Ýms gjöld	2000		
		8340	
Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			17620
VIII. Bændakensla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	10150		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu...	1450		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda.. ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa... 4000			
4. Ýmisleg gjöld 9000			
	14800		
		26400	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	8990		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda... ... 800			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 2500			
4. Ýmisleg gjöld 11500			
5. Miðstöðvarhitun í íbúðarhúsið 7000			
	22800		
		33090	
	Flyt ...	59490	474885

	kr.	kr.
Fluttar ...	59490	474885
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.		
Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.		
3. Til húsmæðraskóla á Staðarfelli, enda samþykki atvinnumálaráðherra reglugerð hans...	4000	
		63490
IX. Iðnfræðsla:		
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	500	
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	500	
Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.		
Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
d. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis	4000	
		11000
X. Verslunarskólar:		
a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	6000	
b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ..	6000	
		12000
Flyt ...	... ...	561375

		kr.	kr.
	Fluttar ...	... ...	561375
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	1. Laun forstöðumanns	1000	
	2. Til verklegrar kenslu:		
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
	b. Annar kostnaður, alt að 400		
		1300	
	3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	6700	
	4. Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			10500
XII.	Kvennaskólar:		
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 5000		
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 19000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
		29000	
	2. Til kvennaskólans á Blönduósi:		
	a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 14000		
	b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
	c. Til raflýsingar 6000		
		22000	
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
			51000
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
	1. Umsjón fræðslumála:		
	a. Laun fræðslumálastjóra 5800		
	b. Skrifstofukostnaður hans 1200		
	c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
		8000	
	Flyt ...	8000	622875

		kr.	kr.
	Flutt ...	8000	622875
2.	Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót	280000	
3.	Laun farkennara og dýrtíðaruppbót	27000	
4.	Til farkenslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að	6000	
5.	Til prófdómara við barnapróf	4000	
6.	Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkvæmt skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, alt að	25000	
7.	Til fræðslumálarits...	800	
			350800
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:		
	a. Laun 11020		
	b. Til aðstoðarkenslu 600		
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til búnaðarnáms ... 600		
	Alt að helmingi fjárins má verja til verðlauna handa nemendum.		
	2. Til kensluáhalda.. ... 800		
	3. Til eldiviðar og ljósa ... 4000		
	4. Ýmisleg gjöld 2500		
	6. Til að mála gamla íbúðarhúsið, alt að 2600		
	10500		
		22120	
2.	Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar	45000	
	Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
3.	Til þess að reisa nýja hjeraðsskóla í sveitum, alt að $^3/_4$ kostnaðar	30000	
	Flyt ...	87120	973675

	kr.	kr.
Flutt ...	87120	973675
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.		
4. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	16000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
5. Til unglingaskólans í Bergstaðastræti	1000	
		104120
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að.		
Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum...	5000	
2. Til húsmæðradeildar við alþýðuskóla Þingeyinga, byggingarstyrkur, $^2/_5$ kostnaðar, alt að	11000	
3. Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi...	1500	
		17500
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		20000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
XVIII. Sundkensla o. fl.:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.		
Flyt ...	300	1116295

	kr.	kr.
Flutt ..	300	1116295
2. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1500	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar ... ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	3000	
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar, enda sjeu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, 1/5 kostnaðar, alt að	4000	
		8800
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		1800
Samtals B. ...	... ...	1126895

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	19270	
b. Launauppbót til 1. og 2. bókavarðar, 500 kr. til hvors	1000	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	12000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	2500	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	500	
j. Ýmisleg gjöld	600	
		42530
Flyt ...	... ...	42530

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	42530
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6525	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	6000	
c. Ýms gjöld	1000	
		13525
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	7525	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1200	
d. Til áhalda og aðgerða	600	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	600	
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		12475
4. Náttúrufræðifjelagið		3000
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 2000 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	7000	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		9000
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7. Aukastyrkur til amtsbókasafnsins á Akureyri ... ... að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu, með a. m. k. 2000 kr. launum, auk verðstuðulsuppbótar.		3000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3400
11. Til Þjóðvinafjelagsins		1800
12. Til Fornleifafjelagsins		800
Flyt ...	... ...	92730

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	92730
13.	Til Sögufjelagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14.	Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (jarðalýsing Hegranesþings)		2000
15.	Til Færeyjafjelagsins »Gríms Kambans«		300
16.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
17.	Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		800
18.	Til Leikfjelags Ísafjarðar, gegn að minsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		600
19.	a. Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers	8000	
	b. Til hljómsveitar Reykjavíkur	1800	
	c. Til þess að kaupa listaverk.	3500	
	d. Til Friðfinns Guðjónssonar leikara, til utanfarar	2500	
	e. Til Þórarins Jónssonar tónlistarnema í Berlín ...	1000	
	f. Til Sveins Þórarinssonar, til þess að ljúka námi í málaralist við listaháskólann í Kaupmannahöfn.	1000	
			17800
20.	Til sjera Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til þess að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins, 4500 kr. með verðstuðulsuppbót		6525
21.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sje safnið eign ríkisins		1200
22.	Til þess að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót		7025
23.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
24.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2900
25.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	7025	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1500	
			8525
26.	Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
27.	Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1500
	Flyt ...	... ...	154605

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	154605
28.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
29.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		800
30.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		800
31.	Til Boga Th. Melsteds, til þess að rita Íslandssögu ...		800
32.	Til Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenska miðaldamenningarsögu		1000
33.	Til landsskjálftarannsókna ... ... Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
34.	Til Íþróttasambands Íslands		1800
35.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		3500
36.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	7025	
	b. Til sama, til aðstoðar	1200	
			8225
37.	Til þess að kaupa grasasafn dr. Helga Jónssonar, þriðji fjórðungur andvirðis		2500
38.	Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		3500
39.	Til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins í Reykjavík .. ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi, en 400 kr. skal varið til fyrirlestra í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungum, 200 kr. á hvorum stað.		1500
40.	Til Sigurðar Skúlasonar stud. mag., til framhaldsnáms í íslenskum fræðum erlendis		2000
41.	Til Barða Guðmundssonar, til lokanáms í íslenskri sögu		2000
42.	Til Einars Ó. Sveinssonar, til að ljúka námi í norrænu við Hafnarháskóla		2000
43.	Ferðastyrkur til útlanda		6000
	Samtals ...	... ...	192630

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til Búnaðarfjelags Íslands		200000
2.	Til sandgræðslu		40000
	Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		
3.	Til búnaðarfjelaga		15000
4.	Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, alt að		15000
	Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfjelag Íslands.		
5.	Gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna		150000
6.	Til Skeiðaáveitunnar upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, 3. greiðsla		6000
7.	Til vegalagningar í Vestmannaeyjum, $^2/_3$ kostnaðar, alt að		20000
8.	Til Garðyrkjufjelags Íslands: Laun garðyrkjustjóra		4000
9.	Til skógræktar:		
	a. Laun	11910	
	Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
	b. Til skóggræðslu	20000	
	c. Styrkur til Hákonar Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms	1200	
			33110
10.	Til fjelagsins Landnáms í Reykjavík, til þess að vinna að stofnun nýbýlafjelaga víðsvegar á landinu.		3000
11.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	18995	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
			19695
12.	Til fjárkláðalækninga		6000
13.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
	Flyt ...	... ...	512805

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	512805
14.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	5075	
	b. Til aðstoðar	4000	
	c. Húsaleiga	3000	
	d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
	e. Til áhaldakaupa	500	
			13775
15.	Til veðurstofu Íslands:		
	a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	15650	
	b. Til aðstoðar	13000	
	c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	8000	
	d. Til veðurskeyta o. fl.	11150	
	e. Til loftskeytatækja	800	
	f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3000	
	g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
			53000
16.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
17.	Til Fiskifjelagsins		70000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimanna-almanaks.		
18.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna	17400	
	b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.		
	c. Laun 4 síldarmatsmanna	9280	
	d. — 4 ullarmatsmanna	2320	
	e. — 5 kjötmatsmanna	4350	
	f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			49550
19.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		8000
20.	Til bryggjugerða og lendingabóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun		150[illegible]
	Flyt ...	... ...	72[illegible]

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	728130
21. Til að dýpka Snepilrásina við Stokkseyri, helmingur kostnaðar (endurveiting), alt að		5400
22. Til hafnarbóta í Ólafsvík		15000
23. Til brimbrjóts í Bolungarvík, gegn að minsta kosti jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá, alt að		20000
24. Til markaðsleitar:		
a. Til fisksölutilrauna í Suður-Ameríku.	12000	
b. Til síldarsölu í Mið-Evrópu og Finnlandi	10000	
		22000
25. Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
26. Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, 1,50 kr. fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún býr til, alt að		6000
27. Til gerlarannsókna		2000
28. Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		4700
29. Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og heimilisiðnaði		800
30. Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
31. Til Þórdísar Ólafsdóttur á Fellsenda, styrkur til kenslu í hannyrðum og vefnaði		450
32. Til Kvenfjelags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kenslu í handavinnu kvenna ...		600
33. Til sambands norðlenskra kvenna...		450
34. Til Bandalags kvenna		450
35. Til vörumerkjaskrásetjara		2000
36. Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		4500
37. Styrkur til að kynnast nútímafyrirkomulagi og starfrækslu erlendra kaupþinga		2000
38. Laun húsagerðarmeistara...		7625
39. Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
a. Laun leiðbeinanda, 4000 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra	5800	
Flyt ...	5800	833905

	kr.	kr.
Flutt ...	5800	833905
manna, skal greiða fult gjald fyrir, er rennur í ríkissjóð.		
b. Ferðakostnaður og skrifstofufje...	1000	
		6800
40. Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
41. Til þess að gera Lagarfoss laxgengan, 1/3 kostnaðar, alt að		3000
42. Til Guðmundar Guðjónssonar, til lokanáms í húsgerðarlist		1500
43. Til vatnsrenslismælinga		2000
44. Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		6000
45. Til framhalds landmælinga		40000
46. Til ræktunarsjóðs:		
a. Afgjöld þjóðjarða	30000	
b. Tillag til kostnaðar við sjóðinn	10000	
c. Hluti af útflutningsgjaldi	62500	
		102500
47. Til flugnáms		2000
48. Styrkur til Stokkseyrarhrepps vegna brunatjóns (til endurgreiðslu á viðlagasjóðsláni)		10000
49. Til Byggingarfjelags Reykjavíkur		5000
Samtals ...	... ...	1014505

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga		500000
2. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61, 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga		7000
Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafjelags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		
4. Til sjúkrasamlags Reykjavíkur, til að vinna að því að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga á landinu og til að stofna ný sjúkrasamlög		1500
Flyt ...	... ...	568500

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	568500
5. Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík		3500
6. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
7. Til slysatryggingar		10000
8. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
9. Til bjargráðasjóðs		24000
10. Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
11. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		10000
12. Til Rauðakrossfjelags Íslands		2000
13. Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
14. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
Samtals ...	... ...	665200

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			
a. Embættismenn		26057,55	
b. Embættismannaekkjur og börn		16353,02	
c. Uppgjafaprestar		635,28	
d. Prestsekkjur		5483,81	
e. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49, 1923		2500,00	
			51029,66
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Til Þorvalds Pálssonar læknis ...	300,00		
2. — Sigurðar Magnússonar læknis ...	169,87		
3. — Halldórs Briems bókavarðar ...	960,00		
		1429,87	
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Til Magneu Ásgeirsson	200		
2. — Ólivu Guðmundsson	175		
3. — Theodóru Thoroddsen	800		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
Flyt ...	1575	1429,87	51029,66

			kr.	kr.
	Flutt ...	1575	1429,87	51029,66
5.	Til Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6.	— Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
7.	— Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8.	— Ágústu Jóhannsdóttur	300		
9.	— Rannveigar Tómasdóttur	300		
10.	— Önnu Gunnlaugsson	900		
11.	— Kristbjargar Marteinsdóttur	600		
12.	— Kristínar Jacobson	600		
13.	— Guðnýjar Jónsdóttur	400		
14.	— Kirstínar Þ. Blöndal	300		
15.	— Guðlaugar Magnúsdóttur...	2000		
16.	— 3 barna hennar	300		
17.	— Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju	400		
18.	— Jenny Forberg	600		
			9925,00	
c.	Uppgjafaprestar:			
1.	Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2.	— Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3.	— Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4.	— Sig. prófasts Gunnarssonar	662,25		
5.	— Guttorms Vigfússonar	600,00		
6.	— Jóns Ó. Magnússonar	600,00		
7.	— Björns Þorlákssonar	208,00		
8.	— Stefáns Jónssonar	370,00		
			4045,25	
d.	Prestsekkjur:			
1.	Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2.	— Auðar Gísladóttur	300,00		
3.	— Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4.	— Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6.	— Guðrúnar Ólafsdóttur	100,00		
7.	— Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8.	— Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9.	— Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
10.	— Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11.	— Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
12.	— Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
	Flyt ...	3830,00	15400,12	51029,66

		kr.	kr.
Flutt ...	3830,00	15400,12	51029,66
13. Til Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
14. — Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
15. — Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
16. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
17. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
18. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
19. — Valgerðar Gísladóttur kr. 176,50 og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	284,83		
20. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
21. — Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
22. — Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
23. — Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
24. — Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
25. — Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
26. — Önnu Stefánsdóttur	200,00		
27. — Helgu Skúladóttur	230,00		
		7363,30	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3. — Magnúsar Einarssonar	500,00		
4. — Elínar Briem Jónsson	300,00		
5. — Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6. — Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7. — Guðmundar Björnssonar	150,00		
8. — Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
9. — Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
10. — Páls J. Árdals	600,00		
11. — Nikulásar Þórðarsonar	200,00		
		3960,00	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1. Til Guðm. Kristjánssonar	300		
2. — Böðvars Jónssonar...	200		
3. — Hallgríms Krákssonar	200		
4. — Jóhanns Jónssonar	200		
5. — Þóru Matthíasdóttur	300		
6. — Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
7. — Daníels Jónssonar	200		
Flyt ...	1700	26723,42	51029,66

		kr.	kr.
	Flutt ... 1700	26723,42	51029,66
8.	Til Jens Þórðarsonar 300		
9.	— Friðriks Möllers 1200		
10.	— Kristínar Jóelsdóttur 200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar 200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum 300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar 300		
14.	— Guðm. Kristjánssonar 200		
15.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ... 600		
16.	— Friðriks Klemenssonar 2000		
17.	— Þorsteins Jakobssonar 200		
18.	— Kristjáns Blöndals 1000		
19.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ... 300		
20.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ... 200		
21.	— Hans Hannessonar pósts 300		
22.	— Steindórs Hinrikssonar pósts ... 200		
23.	— Ólafs Ólafssonar pósts 200		
		9400,00	
g.	Rithöfundar:		
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar 3500		
2.	— Valdimars Briems 1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum 500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ... 3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar 2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar 1200		
7.	— dr. Helga Pjeturss 4000		
8.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu... 1000		
9.	— Einars Benediktssonar 4000		
		20400,00	
h.	Ekkjur og börn skálda og ritböfunda:		
1.	Til Jakobínu Pjetursdóttur 200,00		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur 300,00		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur 300,00		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur 300,00		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur 300,00		
6.	— 2 barna hennar 200,00		
7.	— Valgerðar Arnljótsdóttur 300,00		
8.	— Eleanor Sveinbjörnsson 1200,00	3100,00	
	Flyt ...	59623,42	51029,66

		kr.	kr.
	Flutt ...	59623,42	51029,66
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400	
2.	— Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500	
3.	— Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður	500	
4.	— Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður	500	
5.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður	500	
6.	— Jakobínu Sveinsdóttur jubilljósmóður	500	
7.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500	
8.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ...	300	
9.	— Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður	300	
10.	— Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300	
11.	— Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200	
12.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200	
13.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar	300	
14.	— Páls Erlingssonar	1200	
15.	— Erlends Zakaríassonar	300	
16.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300	
17.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300	
18.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar	400	
19.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400	
20.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300	
21.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	300	
22.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600	
23.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300	
	Flyt ...	9400	59623,42	51029,66

		kr.	kr.
Flutt ...	9400	59623,42	51029,66
24. Til Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
25. — Sigrúnar Gestsdóttur, ekkju Stefáns Eirikssonar.	600		
26. — Halldóru Pjetursdóttur Briem ...	600		
27. — Kristjönu Benediktsdóttur	400		
28. — Bjargar Guðmundsdóttur	400		
29. — Hjálmars Lárussonar	1000		
30. — Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
31. — Henriette Kjær	600		
		13700,00	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara		1200,00	
k. — ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar		1000,00	
l. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000,00	
			78523,42
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			55958,89
Samtals ...		... ...	185511,97

19. gr.

Til óvissra gjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Til gjalda árið 1928 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.			1385676,00
—	8. —			60000,00
—	9. —			219350,00
—	10. —			313760,00
—	11. — A.	761026,00		
—	11. — B.	149000,00		
				910026,00
		Flyt ...		2888812,00

			Flutt ...	2888812,00	
Samkvæmt	12. gr.	... ...		893305,00	
—	13. —	A.	474960,00		
—	13. —	B.	926600,00		
—	13. —	C.	349300,00		
—	13. —	D.	1376900,00		
—	13. —	E.	239620,00		
				3367380,00	
—	14. —	A.	335181,00		
—	14. —	B.	1126895,00		
				1462076,00	
—	15. —	... ...		192630,00	
—	16. —	... ...		1014505,00	
—	17. —	... ...		665200,00	
—	18. —	... ...		185511,97	
—	19. —	... ...		100000,00	
—	20. —	... ...		10000,00	
					kr. 10779419,97
	En tekjur eru áætlaðar:				
Samkvæmt	2. gr.	... ...		10020000.00	
—	3. —	... ...		34600,00	
—	4. —	... ...		315000,00	
—	5. —	... ...		82000,00	
					kr. 10451600,00
				Tekjuhalli	kr. 327819,97

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 100 þús. kr. til þess að reisa íshús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánin eru veitt sýslufjelögum, gegn tryggingum þeim, er landsstjórnin tekur gildar, þó ekki hærri en $^2/_3$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.
   c. Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
   d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu svo greidd með jöfnun afborgunum á 30 árum.
2. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu

afborgunarlaus fyrstu 4 árin, en greiðast síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.

3. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Alt að 8000 kr. til læknisbústaðar í Flatey á Breiðafirði. Lánið skal veitt gegn ábyrgð sýslunefndar, ávaxtað með 6% og endurgreitt með jöfnum afborgunum á 15 árum.
6. Alt að 8000 kr. til læknisbústaðar í Reykhólahjeraði. Lánið skal veitt gegn ábyrgð sýslunefndar, ávaxtað með 6% og endurgreitt með jöfnum afborgunum á 15 árum.
7. Alt að 35000 kr. til Mjólkurfjelags Reykjavíkur til þess að koma upp kornmylnu. Lánið er veitt gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, ávaxtast með 6% og endurborgast með jöfnum afborgunum á 5 árum.
8. Alt að 10000 kr. til Jóns Stefánssonar listmálara, til þess að reisa sjer vinnustofu í Reykjavík, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin tekur gildar.
9. Alt að 3000 kr. til Túbals Karls Magnússonar í Múlakoti í Fljótshlíð, til byggingar á gistiskála. Lánið veitist til 20 ára, gegn 6% vöxtum og þeirri tryggingu, sem ríkisstjórnin tekur gilda.
10. Alt að 19500 kr. Borgarneshreppi, til endurbyggingar raforkustöð. Lánið veitist gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, ávaxtast með 6% og afborgast með jöfnum greiðslum á 15 árum.
11. Alt að 75000 kr. til hafnarbóta á Akureyri. Lánið er veitt til 15 ára, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda, ávaxtast með 6%, er afborgunarlaust fyrstu 3 árin, en endurborgast síðan með jöfnum afborgunum á 12 árum.

Af hallærislánum Grunnavíkurhrepps og Árneshrepps skal veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana árin 1926—1928, að báðum meðtöldum.

Af hallærislánum Gerðahrepps í Gullbringusýslu skal veita uppgjöf vaxta 1927—1928 og greiðslufrest afborgana 1926—1928.

Af viðlagasjóðsláni Ostagerðarfjelags Önfirðinga skal veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana árin 1926—1928.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.
II. Að greiða halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufjelaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1927, miðað við

verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

III. Að kaupa hús sýslumannsins á Sauðárkróki fyrir 27000 kr. Þar af greiðast 7000 kr. um leið og kaup fara fram, en að öðru leyti greiðist kaupverðið með því, að ríkissjóður taki að sjer áhvílandi 20000 kr. skuld við sparisjóð Sauðárkróks, enda taki sýslumaður húsið á leigu með þeim skilmálum, að hann ávaxti og afborgi áhvílandi skuld, haldi húsinu við og greiði skatta alla og skyldur.

IV. Að kaupa jörðina Byrgi (Ásbyrgi) í Kelduhverfi, ásamt skika þeim í byrginu, sem áður hefir fylgt jörðinni Meiðavöllum.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1928, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1927 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **374. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Verkafólki, sem vinnur daglaunavinnu í landi, svo sem við verksmiðjur, verslanir, byggingar, ístöku og útgerð og ennfremur við fermingu og affermingu skipa og báta, skal greitt út verkkaupið að minsta kosti vikulega, enda sje það ekki með samningi ráðið fast starfsfólk sex mánuði eða lengur.

Ákvæði þetta nær þó ekki til venjulegrar sveitavinnu, þar sem verkafólkið fær húsnæði og fæði sem hluta verkkaupsins.

2. gr.

Nú vinnur verkafólk slík verk, sem um getur í 1. gr. fyrstu málsgrein, í ákvæðisvinnu, og skal þá verkkaupið greitt út að minsta kosti vikulega, ef

verkinu, sem kauptaxtinn eða umsamin upphæð verkkaups miðast við, er lokið á þeim tíma, en ella, sje ekki öðruvísi um samið, þegar verkinu er lokið.

3. gr.

Heimilt er verkafólki að krefjast þess, að mál út af greiðslu verkkaups samkvæmt lögum þessum sæti meðferð einkalögreglumála. Má þá reka mál í þeirri þinghá, þar sem verkið hefir verið unnið, og skoðast atvinnurekandi eða umboðsmaður hans þar sem aðili, þótt þeir eigi heimilisvarnarþing annarsstaðar.

Fjettargjöld skulu eigi greidd í málum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **375. Frumvarp**

til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Til dýpkunar og umbóta á höfninni í Vestmannaeyjum veitist $^1/_8$ kostnaðar, alt að 70 þúsund krónur, úr ríkissjóði, gegn tvöföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Tillagið úr ríkissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **376. Lög**

um löggilding verslunarstaða.

(Afgreidd frá Ed. 13. apríl).

1. gr.

Á Litla-Árskógssandi í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu og Drangsnesi við Steingrímsfjörð í Strandasýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðanna samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **377. Fjáraukalög**

fyrir árið 1926.

(Afgreidd frá Ed. 13. apríl).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1926, eru veittar samkv. 2.—8. gr. hjer á eftir kr. 289407,68.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

1.	Til aðgerðar á ráðherrabústaðnum	35000,00	
2.	Til sendiherra í Kaupmannahöfn, laun o. fl.	22500,00	
			57500,00

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

1.	Læknisvitjunarstyrkur Suðureyrarhrepps fyrir 1924 (endurveiting)	200,00	
2.	Styrkur upp í legukostnað Bjarna Jónssonar frá Vogi ..	2500,00	
3.	Til byggingar starfsmannabústaðar á Vífilsstöðum ...	15000,00	
4.	Til kostnaðar við mænusóttarsjúklinga	4600,00	
			22300,00

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

	Til kaupa á snjóbíl		25000,00

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

1.	Styrkur til húsabyggingar á prestssetrinu Höskuldsstöðum	14000,00	
2.	Til íbúðarhúsbyggingar á Bergþórshvoli	30000,00	
3.	Álag á kirkjuna á Kálfafellsstað	3500,00	
4.	Álag á Auðkúlukirkju	1000,00	
5.	Til síra Bjarna Jónssonar og síra Friðriks Rafnars upp í kostnað við að sækja kirkjuþing í Stokkhólmi 1925, 500 kr. til hvors	1000,00	
	Flyt	49500,00	104800,00

	Flutt	49500,00	104800,00
6.	Til miðstöðvar á Hólum í Hjaltadal...	6550,29	
7.	Til aðgerðar á húsinu nr. 12 í Kirkjustræti, rannsóknarstofu háskólans	10500,00	
8.	Utanfararstyrkur til skólastjóra Halldórs Vilhjálmssonar	1500,00	
9.	Til gagnfræðaskólans á Akureyri, málning o. fl.	6700,00	
10.	Til viðbótarbyggingar við daufdumbraskólann	45000,00	
11.	Til aðgerðar á stýrimannaskólanum	3300,00	
			123050,29

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1.	Tillag til Bureau International de Statistique Commerciale, Bruxelles	967,55	
2.	Til landsbókasafnshússins, málning o. fl.	3500,00	
3.	Aðstoð á Þjóðskjalasafninu	900,00	
4.	Landsbókavörður Guðm. Finnbogason: Launabót... ...	1125,00	
5.	Til Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará, til þjóðsagnasöfnunar (Endurveiting)	500,00	
6.	Til að sækja sagnfræðingamót erlendis	1500,00	
7.	Til að sækja blaðamannafund í Málmey og Genf	1000,00	
8.	Til að sækja bindindisþing í Dorpat	500,00	
9.	Til minningarrits um Eggert Ólafsson	2000,00	
			11992,55

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1.	Aðgerð á varnargarði fyrir Holtsá undir Eyjafjöllum ...	1321,55	
2.	Til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki	35000,00	
3.	Til skógræktar- og sandgræðslunáms	200,00	
4.	Magnús Einarson dýralæknir: Utanfararstyrkur	1500,00	
5.	Til varnargarðs fyrir Þverá í Öngulsstaðahreppi	3000,00	
6.	Til endurbótar sjóvarnargörðum í Selvogi..	1042,41	
7.	Til aðstoðarmanns í efnarannsóknarstofunni, Bjarna Jósefssonar cand. polyt., frá 1. júlí	2100,00	
			44163,96

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

1.	Til frú Kristínar Jacobson, ekkju Jóns Jacobson landsbókavarðar, frá 1. júlí 1925...	1538,00	
2.	Til frú Kristbjargar Marteinsdóttur, ekkju Sig. Jónssonar, fyrv. ráðherra, frá 1. febr. 1926	920,34	
3.	Til fyrv. póstafgreiðslumanns Kristjáns Blöndals, frá 1. maí 1926	1115,55	
	Flyt	3573,89	284006,80

	Flutt	3573,89	284006,80
4.	Til frú Kirstínar Þ. Blöndal, ekkju fyrv. hjeraðslæknis Ásgeirs Blöndals, frá 1. febr. 1926	460,17	
5.	Til frú Ragnheiðar Torfadóttur, ekkju fyrv. skólastjóra Hjartar Snorrasonar, frá 1. sept. 1925	906,66	
6.	Til frú Guðlaugar Magnúsdóttur, ekkju Bjarna Jónssonar frá Vogi, og barna hennar, frá 1. okt. 1926	460,16	
			5400,88
		kr.	289407,68

Ed. **378. Lög**

um breyting á og viðauka við lög nr. 26, 15. júní 1926, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til þess að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

(Afgreidd frá Ed. 13. apríl).

1. gr.

Heimilt skal, að 7. flokkur veðdeildarinnar nemi alt að 4 milj. króna.

2. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis, alt að 4¾ milj. króna. Lánsfjenu má verja til þess að kaupa veðdeildarbrjef og jarðræktarbrjef, enda sje kaupverði og vöxtum brjefanna hagað svo, að ríkissjóður verði skaðlaus af kaupunum, miðað við gengi íslenskrar krónu á lántökudegi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **379. Breytingartillögur**

við frv. til laga um útrýming fjárkláða.

Frá Jóni Sigurðssyni, Tryggva Þórhallssyni og Þórarni Jónssyni.

1. 1. gr. orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að láta fram fara um land alt böðun á sauðfje til útrýmingar fjárkláða. Skulu dýralæknar landsins standa fyrir framkvæmdum, hver í sínum fjórðungi, alt undir umsjón dýralæknisins í

Reykjavík, og taka þeir sjer aðstoðarmenn eftir þörfum. Atvinnumálaráðherra ákveður, í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, hvenær útrýmingarböðunin skuli hafin, en hún má þó ekki byrja fyr en í árslok 1930, enda sje þá öllum undirbúningi og rannsóknum að fullu lokið og heyafli bænda í betra lagi.

2. 1. málsliður 3. gr. orðist þannig:

Útrýming fjárkláðans skal í aðaldráttum framkvæmd á þann hátt, að allt fje á landinu sje baðað úr því kláðabaði, er reynst hefir öruggast samkvæmt tilraunum dýralæknanna. Baða skal hverja kind 3 böðum með hæfilegu millibili. Um leið og baðað er fyrsta útrýmingarbaðinu, skal fram fara nákvæm kláðaskoðun og merking á hverri kind. Heimilt er atvinnumálaráðherra, í samráði við dýralækni, að leyfa, að baða skuli aðeins 2 böðum í þeim sýslum eða sveitum, er kláða hefir þá ekki orðið vart í síðustu 3 ár, enda verði skoðunarmenn einskis kláða varir.

3. Á eftir orðunum »flutningskostnaðar á hafnir« í 2. málsgr. 3. gr. komi: þó greiði ríkissjóður aðeins $^1/_2$ andvirðis baðlyfja og $^1/_2$ flutningskostnaðar þar, sem aðeins er baðað 2 útrýmingarböðum.

4. 5. gr. verði 2. gr. og orðist þannig:

Atvinnumálaráðuneytið skal fela dýralæknum landsins að rannsaka og gera tilraunir með, hvaða baðlyf sje öruggast og hentugast til notkunar við útrýmingarböðunina. Skal stjórninni heimilt að verja fje til tilrauna í því skyni.

Nd. **380. Viðaukatillaga**

við brtt. á þskj. 379 [Útrýming fjárkláða].

Frá Jóni Kjartanssyni.

Aftan við 2. brtt. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Ennfremur er atvinnumálaráðherra heimilt að láta útrýmingarböðun falla alveg niður í Vestmannaeyjasýslu, Vestur- og Austur-Skaftafellssýslu, enda sje áður með nákvæmri skoðun gengið úr skugga um það, að enginn kláði sje til í þessum sýslum.

Nd. **381. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði nr. 10, 20. júní 1923.

Frá samgöngumálanefnd.

Frv. þetta er fyrst fram komið í hv. efri deild (þskj. 101) og var þá aðeins sú breyting á gildandi lögum, að aukið var inn í þau 2. og 3. málsgr. 1. gr. frv.

Hv. nefnd, sem um málið fjallaði í efri deild, breytti svo 1. málsgr. 1. gr. frv. þannig, að í stað $^{3}/_{4}$ atkvæða kom meiri hluta atkvæða og 2. gr. var algerlega bætt inn í frv.

Efni þessarar greinar er í stuttu máli: að þegar sýslunefnd hefir ákveðið, að einhver hreppur skuli leggja fram sjerstakan hluta kostnaðar vegagerðar, sem annars er kostuð af sýslusjóði, þá skuli ríkissjóður leggja fram fje á móts við það, sem hreppurinn leggur til, í sama hlutfalli og ákveðið er móts við sýslusjóðstillagið.

Nefndin hefir fallist á efni frv. að öllu leyti, en telur betur fara að orða niðurlag annarar greinar á annan veg en það er nú. Hún leggur því til, að frv. verði samþykt með svofeldri

BREYTINGU:

Við 2. gr. Á eftir orðunum »móts við« til enda greinarinnar orðist svo: samanlagt framlag hrepps og sýslusjóðs, eftir sama hlutfalli og ákveðið er í 8. gr. laganna.

Alþingi, 19. apríl 1927.

Kl. Jónsson, form. Pjetur Þórðarson, frsm. Sveinn Ólafsson. Jón Ólafsson.

Hákon Kristófersson.

Nd. **382. Frumvarp**

til laga um gjöld af fasteignum í Hafnarfjarðarkaupstað.

Flutningsm..: Ólafur Thors.

1. gr.

Leggja skal gjald á allar fasteignir í Hafnarfjarðarkaupstað.

2. gr.

Fasteignagjald það, sem ræðir um í 1. gr., skal miða við virðingarverð eftir fasteignamatslögunum og ákveðst það þannig:

a. Af öllum húsum, úr hvaða efni sem eru og til hvers sem þau eru notuð, skal greiða 0,8% — 80 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.
b. Af öllum lóðum, bygðum og óbygðum, sem bæjarstjórnin hefir ekki með sjerstökum samningi eða samþykt ætlað til annara afnota en til byggingarlóða, skal greiða 0,6% — 60 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.

c. Af öllum lóðum og löndum, sem með sjerstökum samningi við bæjarstjórn eða með sjerstakri samþykt hennar eru ætlaðar til ræktunar, fiskverkunar eða annara slíkra afnota, og ekki eru byggingarlóðir, skal greiða 0,1% — 10 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.

Fasteignagjald skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki hundrað krónum, greiðist ekkert gjald.

3. gr.

Undanþegnar fasteignagjaldi eru allar fasteignir bæjarsjóðs og hafnarsjóðs Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Ennfremur eru undanþegin fasteignagjaldi: kirkjur, skólahús, sjúkrahús, elliheimili og þinghús, svo og lóðir, er fylgja slíkum húsum.

Ef ágreiningur verður um gjaldskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

4. gr.

Fasteignagjald skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkerans í Hafnarfirði.

5. gr.

Fasteignagjaldið hvílir sem lögveð á fasteign þeirri, sem það er lagt á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum í eigninni.

Brenni hús eftir gjalddaga, hefir fasteignagjaldið og forgangsrjett í brunabótunum á sama hátt.

6. gr.

Fyrir gjald þetta annast bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, sót-, sorp- og salernahreinsun og gerir ráðstafanir til að fyrirbyggja eldsvoða. Vatnsskattur af húsum skal og niður falla.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt einróma ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar, og með því að samskonar ákvæði hafa verið sett fyrir Reykjavík og Vestmannaeyjar, er þess vænst, að enda þótt áliðið sje þingtimans nái málið fram að ganga.

Nd. **383. Frumvarp**

til laga um sölu á prestssetrinu Hesti í Ögurþingum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Heimilt er kirkju- og kenslumálaráðherra að selja jörðina Hest í Súðavikurhreppi í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, sem útlögð hefir verið sem

prestssetur í Ögurþingaprestakalli. Um söluna fer samkvæmt lögum nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

2. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Nd. **384. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 45, 20. júní 1923, um sandgræðslu.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað »1/2 úr ríkissjóði, en að 1/2 af landeiganda« í 4. gr. laganna komi: 2/3 úr ríkissjóði, en 1/3 af landeiganda.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Eigi má girða fyrir alfaravegi, ef af því orsakast bagalegur krókur eða ófær leið. Skal sandgræðslan, þegar svo stendur á, annast um hlið, og skal kostnaður af því greiddur af sömu aðiljum sem sandgræðslukostnaður, eftir sömu hlutföllum.

Öllum vegfarendum er skylt að loka hliðum í hvert sinn og um þau er farið, en sæta sektum ella, alt að 50 kr., er uppvíst verður, að hlið er skilið eftir opið, enda skal svo frá hliðum gengið, að auðvelt sje að opna og loka.

3. gr.

Á eftir orðunum »50—1000 kr.« í 15. gr. laganna komi: (sbr. þó 9. gr. síðari málsgr.).

Nd. **385. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breytingar á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir klofnað um málið, og álítur minni hlutinn færslu kjördagsins við kjördæmakosningar frá fyrsta vetrardegi til 1. júlí vera óverjandi með öllu. Í júlíbyrjun eru menn við sjávarsíðuna, og þó aðallega verkafólkið, með hugann fullan af atvinnunni, önnum kafið og mikill fjöldi þess er fjarri heimilum sínum, flytur sig eftir sumaratvinnunni upp í sveitir, norður og austur

á land til síldveiða og fiskveiða. Mundi því vera mjög erfitt fyrir þennan hluta kjósenda að nota atkvæðisrjett sinn, því að ávalt yrðu lítið notaðar kosningar utan kjörstaðar, jafnvel þótt lögum væri svo breytt, að menn gætu kosið á dvalarkjörstað. Jafnvel fyrir bændur virðist fyrsti vetrardagur yfirleitt miklu heppilegri kjördagur en 1. júlí, því að annir bænda eru meiri 1. júlí og hugurinn fullur af umhugsun um heyskapartímann framundan. Stjórnmálaáhuginn meðal kjósenda mundi því verða miklu minni, ef kjördagur yrði 1. júlí, enda sama sem enginn tími eftir þing til þess að kynna kjósendur málum þeim, sem þar eru teknar ákvarðanir um. Á þessari færslu kjördagsins mundu þeir hagnast, sem minst eru uppteknir af vinnu þennan tíma ársins og óska eftir sem mestum dauða í stjórnmálunum.

Hríðarveður og ófærð hafa hingað til ekki dregið að ráði úr kosningasókn fyrsta vetrardag, nema síðastliðið haust í tveim sýslum á norðausturkjálka landsins. En þar sjest ekki, að veður þetta hafi verið slíkt gerningaveður, að það hafi dregið meira úr sókn eins stjórnmálaflokksins heldur en annars, svo að niðurstaða kosninganna þegar kosið væri í þeim kjördæmum mundi varla breytast, þótt óveður væri á kjördegi. En sje notuð heimild sú, sem nú er í lögum, að hafa fleiri en einn kjörstað í hreppi, mundi veður varla geta hamlað að neinu ráði kosningasókn, og þess ber þó að gæta, að samkvæmt 45. gr. kosningalaganna er hægt að fresta kjördegi þar, sem ófært þykir að láta kjósa vegna óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum. Óhagræði það, sem hugsanlegt er að stafi af því að hafa kjördag 1. vetrardag, er því lítið í samanburði við að flytja kjördaginn til 1. júlí, er drægi úr stjórnmálaáhuga kjósenda og gerði svo mikla örðugleika á kosningaþátttöku bæjarmanna, og sjerstaklega verkalýðsins, að telja má víst, að þátttakan í kosningum minkaði þar stórum. En einmitt íbúar landsins við sjávarsíðuna, og þá fyrst og fremst verkalýðurinn, eiga rjettlætiskröfu til þess að njóta margfalt betur kosningarrjettar síns heldur en fæst með hinni úreltu gildandi kjördæmaskipun. Má telja það furðulegt, að þingmenn fáist til að flytja frumvarp, er sviftir þennan hluta landsmanna enn meir möguleikum þeirra til að hafa áhrif á stjórn landsins.

Hinsvegar telur minni hlutinn þó rjett að gera enn nánari ráðstafanir til þess, að menn geti neytt kosningarrjettar síns, sjerstaklega í sveitum, með því að hafa kjörfund minst þrjá sólarhringa þar, en 12 stundir í bæjum, og eru þessar breytingar þær sömu, sem þm. Dalamanna (Bjarni Jónsson frá Vogi) flutti 1924.

Af framantöldum ástæðum leggur minni hlutinn til, að frumvarpið verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Fyrri málsgrein 23. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, skal vera sem hjer segir:

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skulu þær hefjast

sama dag um land allt, hinn fyrsta dag vetrar. Skulu þær standa yfir fullar tólf stundir í bæjum, en fulla þrjá sólarhringa í sveitum.

2. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. 27. gr. laganna skal vera svo:
      Einni stundu fyrir hádegi skal kjörfundur hafinn, og skulu þá kjörstjórar allir vera komnir á kjörstað. Nú eru nokkrir þeirra ókomnir, og kveðja þá hinir kjörstjórarnir mann eða menn úr flokki kjósenda til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti, þótt hinir komi síðar.
   b. 38. gr. laganna skal hljóða svo:
      Atkvæðagreiðslu má eigi slíta í bæjum fyr en tólf stundir eru liðnar frá upphafi hennar, og eigi í sveitum fyr en þrír sólarhringar eru liðnir frá því er hún hófst, nema allir kjósendur hafi neytt atkvæðisrjettar, þeir sem á kjörskrá eru.
      Þá er allir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn þeirra atkvæði, á sama hátt sem aðrir kjósendur, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í fyrri málsgrein 37. gr., og þeim fengnir nýir seðlar til að greiða atkvæði á, meðan seðlar endast. Í sveitum má þó láta þessa kjósendur greiða fyr atkvæði en hjer var sagt, ef nauðsyn krefur, að þeir geti farið ferða sinna, og aldrei síðar en að kvöldi þess dags, er þeir komu til kjörstaðar.
3. Við 2. gr. Greinin verður 4. gr.
4. Á eftir þeirri gr. kemur ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:
   Þá er lög þessi hafa fengið staðfesting konungs, skal færa breytingar þessar inn í lög nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, og gefur konungur þau síðan út í samfeldri heild.

Alþingi, 19. apríl 1927.

Hjeðinn Valdimarsson.

Nd. **386. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um atkvæðagreiðslu utan kjörstaðar kjósenda við alþingiskosningar.

Frá Hjeðni Valdimarssyni.

1. Við 1. gr. 1. tölulið.
   Aftan við liðinn komi: fyrsta vetrardag, ef um almennar reglulegar kosningar er að ræða, en annars á þeim kjördegi, sem ákveðinn er við aukakosningar.
2. Við 7. gr. 3. tölulið.
   Í staðinn fyrir orðið »listabókstafur« komi: listi.

3. Við 8. gr. 2. málslið.
   Orðin »nema því aðeins, að nauðsynleg störf á skipinu, sem ekki þoli bið, hindri« falli niður.
4. Við 8. gr. 3. málslið. Málsliðurinn orðist svo:
   Brot gegn þessu varða 100—1000 kr. sektum, er renna í landssjóð.

Ad. **387. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um sauðfjárbaðanir.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Eftir »sauðfjárbaðana« komi: og kláðabaðana.
2. — 7. gr. Fyrir »tvíbaða« komi: baða.
3. — 10. gr. Aftan við orðin í síðari málsgr. »samkv. 7. og 8. gr.« komi: svo og eftirlitskostnaður.

Nd. **388. Nefndarálit**

um frv. til laga um mat á heyi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Með vaxandi innanlandsviðskiftum um hey og til þess að greiða fyrir þeim fellst nefndin á, að gagnlegt geti verið að setja lög um mat á heyi og reglur fyrir því.

Hins vegar telur nefndin, að viðskiftaaðstaðan á milli seljenda og kaupenda geti verið svo margvísleg og varan svo breytileg eftir tegund, kyngæðum heysins og verkunarstigi, að erfitt sje með litlum undirbúningi að setja fyrirfram með lögum tæmandi og nægilega ítarleg ákvæði þar um. Telur nefndin, að reglur og ákvæði um það verði að setja með reglugerð, eftir því sem reynslan bendir til að þörf sje á, en í lögum sjeu sett aðeins hin nauðsynlegustu grundvallaratriði.

Nefndin telur ekki þörf á þegar fyrirfram að gera ráð fyrir yfirmatsmanni, enda er lítið verksvið hans eftir frumvarpinu. Vill nefndin láta bíða þess að reynslan sýni, að þess sje þörf. Hins vegar mun þurfa að gera ráð fyrir því, að mat þurfi alloft að fara fram, bæði á útskipunar- og uppskipunarstað, vegna þess, að það geti komið fyrir, að heyið skemmist eða rýrni að gæðum, og enda að magni, annaðhvort í geymslu eða flutningi.

Með þessum athugasemdum vill nefndin afgreiða málið til deildarinnar með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

I. Við 1. gr.
a. Á undan »heymatsmönnum« komi: lögskipuðum.
b. Orðin »undir umsjón yfirmatsmanns« falli burt.

II. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Nú er ástæða til að ætla, eða vitanlegt, að hey hafi skemst eða rýrnað óeðlilega í geymslu frá því er það var metið til sölu þar til það kemur í hendur kaupanda, og er þá skylt, að það sje metið af nýju. Slíkt endurmat kosta kaupandi og seljandi, að hálfu hvor.

III. Við 5. gr.
a. Fyrsti málsliður orðist svo:
Lögreglustjóri skipar heymatsmenn eftir óskum heysölumanna eða formanna heysölufjelaga og í samráði við þá.
b. Annar málsliður orðist svo:
Heymatsmenn annast starf sitt eftir því, sem fyrir verður mælt í erindisbrjefi þeirra.
c. Fyrir »yfirmatsmaður« í síðasta málslið fyrri málsgr. komi: lögreglustjóri.

IV. Við 6. gr. Á eftir »Atvinnumálaráðuneytið« komi: setur með reglugerð nánari reglur um mat á heyi.

V. Við 7. gr. Orðin »Yfirmatsmaður og« falli burt.

VI. Við 8. gr. Greinin falli niður. Greinatalan breytist samkvæmt því.

VII. Við 9. gr. Orðin »og yfirheymatsmanns« falli burt.

Alþingi, 19. apríl 1927.

Pjetur Þórðarson, form.	Árni Jónsson, fundaskr.	Halldór Stefánsson, frsm.

Hákon J. Kristófersson. Jörundur Brynjólfsson.

Ed. **389. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Frá Jónasi Kristjánssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
4. grein orðist svo:
Ríkisstjórnin skipar mann til að veita verslun þessari forstöðu. Hann skal hafa lyfsalapróf og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Honum skal og skylt að útvega frá útlöndum, eftir beiðni, fyrir ríkissjóð, lækna,

er rjett hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús, lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni. Sjúkrahúslæknir annast um útvegun á þessum vörum handa sjúkrahúsunum. Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín nje ómengaðan spíritus.

Nánari reglur um starfssvið og starfsemi forstöðumanns verslunarinnar verða settar í erindisbrjefi, er ráðherra gefur út.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

7. grein orðist svo:

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 25—75%, miðað við verð þess komið í hús hjer á landi, að meðtöldum tolli.

Lyfjaáfengi, svo og önnur lyf, er verslunin útvegar læknum og sjúkrahúsum, seljast án hagnaðar.

Nd. **390. Breytingartillaga**

við frv. til laga um rannsókn banameina og kenslu í meina- og líffærafræði.

Frá allsherjarnefnd.

Fyrir »Stjórnarráðið« í upphafi frumvarpsgreinarinnar komi: Dómsmálaráðherra.

Ed. **391. Lög**

um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Sauðár.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl).

Atvinnumálaráðherra er heimilt að selja Sauðárkrókshreppi þjóðjörðins Sauðá í Skagafjarðarsýslu, að undanskilinni verslunarlóðinni eins og hún er ákveðin með lögum nr. 51, 28. nóv. 1919, fyrir það verð, sem dómkvaddir óvilhallir menn meta, og með þeim borgunarskilmálum, sem gilda um aðrar þjóðjarðir.

Nd. **392. Breytingartillaga**

við viðaukatillögu á þskj. 380. [Útrýming fjárkláða].

Frá Klemens Jónssyni.

Á eftir orðinu »Vestmannaeyjasýslu« komi: Rangárvallasýslu.

Ed. **393. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

Frá Jónasi Jónssyni.

Síðasti málsliður 9. gr. (e-liður) orðist svo:

Sjerleyfishafi leggur fram allan annan kostnað við járnbrautina, og ríkissjóður er á engan hátt, beint eða óbeint, ábyrgur fyrir skuldbindingum sjerleyfishafa, nema að því, er snertir ofannefndar 2 miljónir í járnbrautarlagninguna, með þeim skilyrðum, sem þar að lúta í lögum þessum.

Nd. **394. Lög**

um breyting á lögum nr. 56, frá 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

(Afgreidd frá Nd. 20. apríl).

1. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Sjerhver bifreiðareigandi skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynning um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Skal lögreglustjóri síðan láta fara fram skoðun á vagninum. Ef vagninn samkvæmt skoðuninni fullnægir ákvæðum þessara laga og þeirra reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, skal lögreglustjóri skrásetja vagninn og afhenda eiganda merki, sem setja skal aftan á vagninn og má ekki taka af honum meðan hann er notaður. Verði eigendaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra. Flytjist bifreiðareigandi búferlum úr einu lögsagnarumdæmi í annað með bifreið sína, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal lögreglustjóri lögsagnarumdæmis þess, er hann flytst í, ákveða merki það, er bifreið hans þá skal hafa, og afhenda honum það.

Atvinnumálaráðherra löggildir skoðunarmann eða skoðunarmenn bifreiða fyrir Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu og er heimilt að löggilda skoðunarmann í hverju öðru umdæmi, þar sem bifreiðar ganga. Skulu skoðunarmenn vera reyndir bifreiðarstjórar, er rjett hafa til að stýra leigubifreiðum til mannflutninga. Þeim skal skylt fyrirvaralaust öðru hverju, og ekki sjaldnar en einu sinni á ársfjórðungi hverjum, að skoða allar bifreiðar í umdæminu og athuga ökuskirteini bifreiðarstjóra. Skoðunarvottorð bifreiðarinnar skal fest upp í henni, og áritar skoðunarmaður það eftir hverja skoðun. Í skoðunarvottorði skal ákveða, hversu margir far-

þegar megi vera í bifreið til mannflutninga. Bifreiðareigandi greiðir 10 kr. árlegt gjald fyrir skoðanir til lögreglustjóra, og gengur sú upphæð til skoðunarmanna, þar sem þeir eru, eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur. Atvinnumálaráðherra gefur skoðunarmanni erindisbrjef, sem ákveður nánar um valdsvið hans og skyldur.

Lögreglustjóri getur, hve nær sem ástæða er til, látið fara fram nýja skoðun á bifreið á kostnað eiganda, og komi það í ljós, að hún fullnægi ekki lengur ákvæðum laga og reglugerða, getur hann bannað notkun bifreiðarinnar og tekið merki af henni.

2. gr.

Tölunum í 1. málsgr. 17. gr. laganna skal breyta svo:

Í staðinn fyrir »3000 kr.« komi: 10000 kr., í staðinn fyrir »1000 kr.« komi: 3500 kr., og í staðinn fyrir »1500 kr.« komi: 5000 kr.

Aftan við málsgreinina bætist:

Tryggingarupphæð hvers einstaks bifreiðaeiganda eða fjelags þarf þó ekki að vera hærri en 45000 kr.

Nd. **395. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað orðanna »hinn fyrsti vetrardagur« í 23. gr. laganna komi: hinn 1. júlí. Ef 1. júlí ber upp á sunnudag, skal kosið næsta virkan dag á eftir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **396. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1925.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta allnákvæmlega og borið það saman við landsreikninginn og athugasemdir yfirskoðunarmanna. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 5. gr. A.
   Á eftir fyrsta lið komi:
   Við 2. Póstflutningur 12155.99
2. Við 8. gr.
   Á eftir fyrsta lið komi:
   Við 10. b. Til húsaleigu 700.00
3. Við sömu gr.
   Fyrir »6729.09« í öðrum lið (Ferðakostnaður yfirmatsmanna) komi... ... ... 6729.89

Samtölur allar breytast samkvæmt þessu.

Alþingi, 20. apríl 1927.

Kl. Jónsson, form.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Jakob Möller, frsm.

Ásgeir Ásgeirsson. Magnús Jónsson, með fyrirvara. Halldór Stefánsson. Björn Líndal.

Nd. **397. Nefndarálit**

um frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1925.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir borið frv. þetta nákvæmlega saman við landsreikninginn og hefir ekkert við það athuga, annað en það, að í 5. gjaldalið B. er prentvilla í fjárveitingadálki, »205600.60« í stað 205600.00, og virðist mega leiðrjetta þá villu í prentun, og leggur nefndin til, að frv. verði samþykt óbreytt að öðru leyti.

Út af athugasemdum yfirskoðunarmanna og tillögum þykir nefndinni rjett að taka það fram, að hún er þeim yfirleitt samþykk, þó að nefndarmenn leggi þar nokkuð misjafna áherslu á. Verður nánar að þessu vikið í framsögu.

Alþingi, 20. apríl 1927.

Kl. Jónsson, form.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Jakob Möller, frsm.

Björn Líndal. Magnús Jónsson. Ásgeir Ásgeirsson. Halldór Stefánsson.

Ed. **398. Breytingartillaga**

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr. Á eftir 2. málsgrein komi ný málsgrein, þannig:

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans umfram stofnfje það, sem hann leggur seðlabankanum samkvæmt 5. gr., nema sjerstaklega sje ákveðið með lögum.

Nd. **399. Frumvarp**

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita hlutafjelaginu »Titan« sjerleyfi til:

1. Að leggja járnbraut frá Reykjavík um Hellisheiði, yfir Ölfusá og að Þjórsá í nánd við Urriðafoss.
2. Að virkja Urriðafoss í Þjórsá. Leyfið felur í sjer heimild til þess að gera uppistöðu í ánni ofan við fossinn og strengi þá, sem að honum liggja, hækka eða lækka vatnsborð eða farveg, gera vatnsrásir ofan jarðar eða neðan eftir þörfum, þar á meðal brottrás handa vatni frá orkuveri og yfir höfuð að fara með vatnið eftir því, sem nauðsyn krefur til þess að ná úr því orku þess og svo sem samrýmast má landslögum. Gert er ráð fyrir, að virkjaðar verði alt að 160000 hestorkum.
3. Að reisa orkuver í nánd við Urriðafoss, í því skyni að breyta vatnsorku þeirri, sem í 2. tölul. segir, í raforku, og starfrækja það eða þau.
4. Að leiða raforku frá orkuveri eða orkuverum þeim, er í 3. tölul. greinir, til staðar í nánd við Reykjavík, um þá staði og með þeim hætti, er henta þykir og nánar skal fram tekið í sjerleyfisbrjefi, til afnota í iðjuveri eða iðjuverum, sbr. 5. tölul.
5. Að reisa iðjuver til saltpjetursvinslu og annarar iðju til hagnýtingar raforkunni.
6. Að gera vegi eða önnur samgöngutæki, sem nauðsynleg eru að áliti ráðherra vegna virkjunarinnar, orkuvinslunnar eða orkunýtingarinnar.
7. Að taka lögnámi land og rjettindi yfir landi, svo og að leggja kvaðir á land, að því leyti sem nauðsynlegt er til þess að koma fyrirtækjum þeim í framkvæmd, sem 1.—6. tölul. greinir.

2. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa varnarþing á Íslandi, enda hafi hann hjer búsettan umboðsmann, er birta megi stefnu og svari til sakar fyrir dómi í málum á hendur leyfishafa, en að minsta kosti $^2/_3$ hlutar stjórnarmanna skulu vera búsettir á Íslandi.

3. gr.

Ekki má framselja sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ráðherra komi til, enda fullnægi nýr leyfishafi öllum settum skilyrðum sjerleyfis.

4. gr.

Sjerleyfistími má vera alt að 70 árum.

5. gr.

Sjerleyfishafi skal vera undanþeginn eignarskatti, tekjuskatti til ríkissjóðs, útsvari og hærra útflutningsgjaldi en nú er, eða öðrum samskonar gjöldum, er á kunna að verða lögð. Í stað þess skal hann gjalda af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum 3 kr. árlega af hverri nýttri hestorku fyrstu 10 árin, en síðan 5 kr. árlega af hverri nýttri hestorku. Gjald þetta skiftist þannig milli ríkissjóðs og sveitarsjóðs, að ríkissjóður hlýtur $^2/_3$ hluta, en sveitarsjóður þriðjung. Sveitarsjóðshlutinn skiftist eftir ákvörðun ráðherra milli sveita þeirra, er hlut eiga að máli eða verða fyrir átroðningi og usla af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum.

Sú raforka, sem seld er til almennings samkvæmt sjerleyfislögum, skal þó undanþegin þessu árgjaldi.

6. gr.

Um sölu á raforku til almennings fer eftir sjerleyfislögum. Þó skal verð árshestorkunnar ekki fara fram úr 55 krónum.

7. gr.

Skylt skal sjerleyfishafa, þegar komin er á fót vinsla köfnunarefnisáburðar, að láta ríkisstjórninni í tje, eftir ósk Búnaðarfjelags Íslands, alt að 3000 smálestum áburðarins árlega við verði, sem ekki má fara meira en 5% fram úr vinslukostnaði og ætið skal vera 5% undir heildsöluverði samkynja áburðar í Noregi. Áburðurinn afhendist í Reykjavík í útflutningsumbúðum.

8. gr.

Járnbrautin milli Reykjavíkur og Þjórsár skal gerð úr nýju, völdu efni og að öllu leyti eftir fyrirmælum ráðherra, en nánari ákvæði þar að lútandi ber að greina í sjerleyfi. Ráðherra ákveður einnig, hvar og hve margar járnbrautarstöðvar skuli vera, og telst kostnaður af byggingu þeirra til lagningarkostnaðar brautarinnar.

9. gr.

Kostnaðurinn við járnbrautina skal greiðast þannig:

a. Reykjavíkurkaupstaður kostar land undir stöðvar og greiðir bætur allar

fyrir landnám, jarðrask og átroðning vestan afrjettar eða almennings á Hellisheiði.

b. Árnessýsla kostar á sama hátt land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning austan afrjettar eða almennings á Hellisheiði, þar með talin stöð austan eða vestan Ölfusár.

c. Rangárvallasýsla kostar á sama hátt, að hálfu leyti móti Árnessýslu, land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning frá stöð við Ölfusá að Þjórsá.

d. Ríkissjóður leggur fram þriðjung kostnaðar af járnbrautargerðinni að öðru leyti, þar með taldir brautarvagnar og annað það, er samkvæmt venju tilheyrir slíku mannvirki, eftir ákvörðun ráðherra, þó ekki yfir 2 milj. kr., og er ríkisstjórninni heimilt að taka það fje að láni að nokkru eða öllu leyti. Fjeð greiðist eftir á, alt að $1^1/_2$ miljón króna, er járnbrautin er fullgerð, með stöðvarhúsum frá Reykjavík að Ölfusá, og alt að $^1/_2$ miljón króna þegar brautin er fulllögð að Þjórsá, með stöðvarhúsum, vögnum og öðrum áhöldum, er fylgja eiga brautinni.

e. Sjerleyfishafi leggur fram allan annan kostnað við járnbrautina, og ríkissjóður er á engan hátt, beint eða óbeint, ábyrgur fyrir skuldbindingum sjerleyfishafa.

10. gr.

Sjerleyfishafi framkvæmir járnbrautarlagninguna og rekur fyrirtækið á sinn kostnað, enda tekur hann tekjur af því. Ráðherra ákveður öll flutningsgjöld og hefir eftirlit með rekstri brautarinnar. Ríkissjóður á ekki tilkall til vaxta af framlagi sínu fyr en hreinar rekstrartekjur brautarinnar nægja til þess að leyfishafi fái 6% ársvexti af framlagi sínu. Verði rekstrartekjurnar meiri, fær ríkissjóður vexti af framlagi sínu, alt að 6%. Sje þá enn afgangur af rekstrartekjum, skiftist hann milli ríkissjóðs og leyfishafa í hlutfalli við framlög þeirra til járnbrautarinnar.

Ríkissjóði er heimilt, hvenær sem er á leyfistímanum, að taka við járnbrautinni með öllu tilheyrandi til umsjár og eignar, gegn því að greiða sjerleyfishafa matsverð hennar, að frádregnum hluta ríkissjóðs, eftir nánari ákvæðum í sjerleyfinu.

Umboðsmaður ráðherra á hvenær sem er aðgang að öllum bókum járnbrautarfyrirtækisins, og ráðherra getur sett allar nauðsynlegar reglur um eftirlitið með rekstri og reikningsfærslu þess.

11. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa byrjað á lagningu járnbrautarinnar eigi síðar en 1. maí 1929 og verkinu skal lokið eigi síðar en 1. júlí 1933.

Á mannvirkjum, er lúta að virkjun Urriðafoss, skal byrjað eigi síðar en 1. júlí 1934.

Verði járnbrautarlagningunni ekki haldið áfram með þeim hraða, að henni geti orðið lokið á tilsettum tíma, eða stöðvist verkið algerlega, fellur sjerleyfið úr gildi og verða unnin mannvirki ríkiseign án endurgjalds til sjerleyfishafa.

Járnbrautin öll með stöðvarhúsum, eimvögnum og öðrum vögnum og áhöldum skal jafnan standa að veði fyrir því, að sjerleyfishafi reki járnbrautina og haldi henni vel við, samkvæmt því, sem um semst milli atvinnumálaráðherra og sjerleyfishafa.

12. gr.

Rjettindi og skyldur sjerleyfishafa og skifti hans og ríkisstjórnar fara samkvæmt landslögum, þ. á. m. sjerleyfislögum, að svo miklu leyti sem ekki er um mælt í lögum þessum.

Nú skilur aðilja á um það, hvort atriði skuli sæta úrlausn eftir þessum lögum eða öðrum landslögum, og skal þá hæstirjettur einn dæma um það. Sjerleyfisdómur samkvæmt sjerleyfislögum sker annars úr, ef ágreiningur verður um efndir á ákvæðum sjerleyfisins, með þeim hætti, sem segir í sjerleyfislögum.

Nd. **400. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað þetta frv., og þó að hún sje algerlega andvíg því, að prestaköllum verði fjölgað, þá getur hún, eftir því sem hjer stendur á, fallist á, að þetta prestakall verði stofnað. En jafnframt gerir nefndin ráð fyrir, að ákvæði 2. gr. frv. komi til framkvæmda, um að Þingvallaprestakall verði lagt niður sem sjerstakt prestakall. En jafnframt og það er gert verður að gera ráðstöfun um, hvaða prestur skuli þjóna Úlfljótsvatnssókn, og að því lýtur breytingartillaga sú, er nefndin flytur. Nefndin leggur því til, að frv. sje samþykt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Aftan við 2. gr. bætist:

Þegar næst verða prestaskifti í Arnarbælisprestakalli, skal og prestinum þar skylt að annast, ef til kemur, prestsþjónustu í Úlfljótsvatnssókn. En verði Þingvallaprestakall lagt niður áður, skal leita samninga við núverandi Arnarbælisprest, eða annan nágrannaprest, um að taka að sjer prestsþjónustu í Úlfljótsvatnssókn fyrir hæfilega þóknun.

Alþingi, 20. apríl 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form. og frsm.	Jón Guðnason, fundaskrif., með fyrirvara.	Jón Kjartansson, með fyrirvara.

Hjeðinn Valdimarsson. Árni Jónsson.

Nd. **401. Breytingartillögur**

við frv. til laga um byggingu og rekstur strandferðaskips.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir »Ríkisstjórnin lætur byggja« komi: Ríkisstjórnin kaupir eða lætur byggja.
   b. Fyrir »kostnaður við byggingu og rekstur« komi: kostnaður við kaup eða byggingu og rekstur.
2. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um kaup og rekstur strandferðaskips.

Ed. **402. Frumvarp**

til laga um rannsókn banameina og kenslu í meina- og líffærafræði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að sjerfræðingur skuli rannsaka banamein sjúklinga, sem deyja í sjúkrahúsum, sem ríkið rekur, og skrá stutta skýrslu um þau. Það setur og reglur um, að hverju leyti nota megi sjúk eða heilbrigð líffæri við kenslu læknaefna.

Nd. **403. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Skatt þann til sýsluvegasjóðs, er 3. gr. laga nr. 10, 20. júní 1923, ræðir um, er hreppsfjelagi heimilt að greiða úr sveitarsjóði, sje það samþykt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi, og sje tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþyktin er úr gildi numin með sama hætti. Jafnar þá hreppsnefnd skattinum niður með útsvörum, og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar ekki

útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá hreppsnefnd heimilt að krefja eiganda um vegarskattinn sem þúsundgjald af eigninni, eftir því, sem hann er ákveðinn að lögum.

Gjald þetta hefir lögtaksrjett.

2. gr.

Nú er lagt fje til akvega samkvæmt síðari málsgrein 5. gr., og greiðist þá framlag úr ríkissjóði móts við samanlagt framlag hrepps og sýslusjóðs, eftir sama hlutfalli og ákveðið er í 8. gr. laganna.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22, 4. júní 1924, um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

Nd. **404. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Þótt svo væri til ætlast í upphafi, að þessi skattalög ættu aðeins að gilda til bráðabirgða, þá er fjárhag ríkissjóðs svo varið, að hann þolir ekki að missa þær tekjur, sem lögin heimila. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 22. apríl 1927.

Kl. Jónsson, form. og frsm.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Jakob Möller.

Halldór Stefánsson, með fyrirvara.	Björn Líndal.	Ásgeir Ásgeirsson, með fyrirvara.	Magnús Jónsson.

Ed. **405. Tillaga**

til þingsályktunar um að skora á ríkisstjórnina að nota heimild í lögum nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins, að því er snertir byggingu landsspítalans.

Flutningsm.: Halldór Steinsson, Ingibjörg H. Bjarnason, Jónas Kristjánsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota heimild í lögum nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins, á þann hátt, að taka nægilega

stórt lán til áframhaldsbyggingar landsspítalans, ef þörf gerist til þess að byggingunni verði lokið svo fljótt, að spítalinn verði tekinn til afnota árið 1930.

Nd. **406. Nefndarálit**

um frumv. til laga um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hlutinn leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt. Að vísu bauð minni hlutinn meiri hluta nefndarinnar þá miðlun, að leitast væri við að festa íslenska peninga í því gengi, sem þeir nú hafa, en þar sem sú miðlunartillaga gat ekki leitt til sameiningar, þá sjer minni hlutinn ekki ástæðu til að bera fram neinar breytingartillögur. Er það bersýnilegt, að sú leið, sem ætlast er til í frv. að farin verði, er bæði öruggari og rjettlátari. Að öðru leyti vísast til nefndarálits minni hlutans og umræðna um þetta mál á síðasta þingi.

Alþingi, 21. apríl 1927.

Ásgeir Ásgeirsson, frsm. Halldór Stefánsson.

Ed. **407. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 10. nóv. 1913 [Landskiftalög].

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. Nd., flutt þar af þm. Mýr. (P. Þ.). Í greinargerð fyrir frv. er sagt, að landskiftalögin frá 1913 hafi við framkvæmd reynst ófullnægjandi í sumum atriðum og ekki fyllilega náð tilgangi.

Landbúnaðarnefnd hefir nú athugað breytingar þær, er frv. þetta gerir á lögunum frá 1913, sem og ástæður þær, er fyrir þeim hafa verið færðar, og komist að þeirri niðurstöðu, að breytingarnar sjeu til bóta, og leggur því til, að hv. deild samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 22. apríl 1927.

Einar Jónsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskrif. og frsm. Jónas Kristjánsson.

Nd. **408. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á nokkrum hluta úr kirkjueigninni Mosfellsheiðarlandi.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefir kynt sjer þetta mál, eftir því sem hún hefir frekast haft tök á. Við rannsókn málsins hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að ekki komi til nokkurra mála að selja þetta land undan Mosfelli. Jörðin er landlítil til beitar og útheysslægnalaus heima fyrir.

Að selja þetta land undan jörðinni væri sama og að gera hana lítt nothæfa til ábúðar. Þó unnið yrði að aukinni ræktun og með því móti fengist nægur heyafli heima fyrir með tíð og tíma, þá er jörðin svo landlaus, að hana skortir beit fyrir búpeninginn. Um afarlangt skeið hefir verið aflað heyja í landinu, sem farið er fram á, að selt verði, og þar er aðalbeitiland jarðarinnar. Einmitt í heiðarlandinu hefir sauðfjenu frá Mosfelli verið haldið árið um kring og þar hefir aðalútheysskapar jarðarinnar verið aflað. Og á þeim tíma, sem stórt bú var á Mosfelli, var mikilla heyja aflað í þessu heiðarlandi. Slægnanot í þessu landi eru mikil enn, þó í seinni tíð sjeu þau notuð af öðrum en ábúanda jarðarinnar.

Þá má og benda á það, að nú er Viðirinn allur í flagi (var plægður); en það var aðalgraslendið heima fyrir. Hann er um 360 dagsl. að stærð, og er enn ógróinn. Búið mun nú að selja af honum um 120 dagsl. Nefndinni hefir verið tjáð, að í ráði sje að selja mest eða alt af því, sem eftir er af honum. Af þessum sökum er graslendi jarðarinnar heima nú orðið svo afarlítið. Hins vegar veit nefndin til þess, að hreppsnefnd Mosfellshrepps hefir til skamms tíma ekki talið sjer land þetta neitt nauðsynlegt og talið sveitina vel geta verið án þess. Og enn má geta þess, að í þessu heiðarlandi gengur sauðfjenaður sveitarmanna óáreittur, og er þá enn minni ástæða fyrir hreppsnefnd sveitarinnar að fá landið keypt. Og loks ber þess að gæta, að þar sem þessi jörð er opinber eign, þarf sveitarstjórnin eða hreppsbúar ekki að óttast, að landið verði selt án þeirra vitundar eða leigt til langs tíma. Telur nefndin, að sá prestur, er jörðina kann að nota, muni alls ekki leigja nokkrum manni neinar nytjar hennar, nema þá til skamms tíma í senn. Að öllum þessum ástæðum athuguðum leggur nefndin til, að frumvarpið á þingskjali 317 verði felt.

Alþingi, 20. apríl 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form. og frsm. Hjeðinn Valdimarsson. Jón Kjartansson.

Jón Guðnason, fundaskr. Árni Jónsson.

Nd. **409. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingar á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá Jóni Guðnasyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verður 2. gr.:

Aftan við 46. gr. bætist:

Talning atkvæða skal þó eigi fara fram fyr en ætla má, að komin sjeu til yfirkjörstjórnar öll þau atkvæði kjósenda í kjördæminu, er greidd hafa verið utan kjördæmisins á kjördegi. Má aldrei líða skemri tími en 4 vikur frá því, er kosning fer fram, til þess er atkvæði eru talin.

Nd. **410. Nefndarálit**

um frv. til laga um friðun hreindýra.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um þetta mál. Meiri hlutinn vill mæla með því, að frv. á þskj. 144 verði samþykt óbreytt, en minni hlutinn vill samþykkja frv. með breytingartillögum á þskj 289. En verði þær breytingartillögur samþyktar, má telja, að hreindýrin sjeu ekki friðuð; en á þá ráðstöfun getum vjer ekki fallist. Nú hafa hreindýr að vísu verið friðuð um alllangt skeið, en þrátt fyrir það munu þau ekki vera það mörg enn, að þau megi við því, að þau sjeu veidd. Reyndar er gert ráð fyrir í brtt. á þskj. 289, að haft verði eftirlit með veiði dýranna og óheimilt verði að veiða þau nema eftir vissum reglum, en vjer gerum ekki mikið úr því, að slíkar reglur eða eftirlit komi að tilætluðum notum. Þessi veiðiheimild gæti því vel orðið til þess að uppræta hreindýrin með öllu á landi hjer, en það teljum vjer illa farið. Vjer teljum fullvíst, að það sje heldur ekki ætlun háttv. minni hluta. En afleiðingar veiðiheimildarinnar gætu vel orðið þessar.

Þá hefir háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) flutt breytingartillögur við frv. Meiri hluti nefndarinnar getur heldur ekki fallist á þær. Fyrstu breytingartillögurnar teljum vjer tilgangslausa. Vjer teljum litlar líkur fyrir því, að hreindýraeldi geti borgað sig hjer á landi; en vel mætti það verða til tjóns, ef hreindýraeldi yrði stundað í nokkuð stórum stíl. Hinar tvær brtt. eru svo smávægilegar, að meiri hlutanum þykir ekki rjett að hrekja frv. milli deilda aðeins fyrir þær. Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 23. apríl 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form. og frsm.	Hjeðinn Valdimarsson.	Jón Guðnason, fundaskrifari.

Nd. **411. Frumvarp**

til laga um kaup og rekstur strandferðaskips.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin kaupir eða lætur byggja 4—5 hundruð smálesta gufuskip til strandferða og eigi síðar en svo, að rekstur þess geti byrjað 1. maí 1928. Kostnaður við kaup eða byggingu og rekstur skipsins greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Skipið skal útbúið 70—80 teningsmetra kælirúmi og hafa að minsta kosti 40 sjómílna vökuhraða. Farþegarúm sje ætlað 40—50 manns, aðallega á 2. og 3. farrými. Að öðru leyti skal skipið lagað til siglinga á vandgæfari og minni hafnir, sem aðalpóstskipið miður getur annast.

3. gr.

Heimilt er stjórninni að taka það lán til byggingar skipsins, er þörf kann að verða á.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 53 1913.

Nd. **412. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Flutningsm.: Pjetur Þórðarson.

1. Frumvarpsgreinin verði 1. gr.
2. Á eftir greininni komi ný grein, sem verði 2. gr. og hljóði svo:

40. gr. laganna orðist svo:

Nú liggur vegur, stígur eða götutroðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegaflokks, en einu býli eða fleirum er nauðsyn að nota slíkan veg til þess að komast á hreppsveg, sýsluveg eða þjóðveg, eða til að sækja þingstað, söknarkirkju, skóla, kaupstað eða vitja læknis, og má þá landeigandi hafa girðingu yfir veginn, þó svo, að hlið sje á hennr fyrir veginum og nauðsynleg umferð ekki hindruð á neinn hátt.

Ed. **413. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að rannsaka hag bátaútvegsins og gera tillögur til tryggingar honum.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skipa 3 manna milliþinganefnd, með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi, til þess að rannsaka hag og horfur bátaútvegsins hvarvetna með ströndum landsins og gera tillögur til næsta þings um ráð til viðreisnar honum og tryggingar. Nefndin athugi:

1. Hverjar leiðir muni til að reka bátaútveginn með minni áhættu og tilkostnaði.
2. Hverjar breyttar eða bættar veiðiaðferðir megi honum að liði verða.
3. Á hvern hátt megi auka verðmæti fiskúrgangs og verðlítilla fiskitegunda og útvega markað fyrir þær afurðir.
4. Hver ráð muni til að útvega bátaútveginum rekstrarfje með aðgengilegri kjörum en alment fást, og auka veðhæfi bátanna og eigna þeirra, sem í útveginum standa.
5. Hvernig greiða megi fyrir sölu afurðanna og yfirleitt hverjir möguleikar til tryggingar þessum atvinnuvegi eru tiltækir og viðráðanlegir.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Nd. **414. Þingsályktun**

um breyting á reglugerð ræktunarsjóðs Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 23. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ráðherra að breyta reglugerð ræktunarsjóðsins þannig, að lán til rafmagnsstöðva í sveitum megi veita til 25 ára og alt að $^4/_5$ virðingarverðs stöðvanna, og ennfremur, að ofangreind lánskjör megi taka til þeirra rafmagnsstöðvalána, sem þegar eru veitt.

Nd. **415. Nefndarálit**

um frv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta. Er hún alveg samdóma flutningsmönnum þess um það, að gin- og klaufaveikin yrði versti vágestur búpeningi vorum,

ef hingað bærist. Enginn ágreiningur var heldur innan nefndarinnar um það, að beita yrði öllum framkvæmanlegum ráðum til þess að koma í veg fyrir, að veikin bærist hingað. Í því efni veltur vitanlega mest á framkvæmd laganna, hvort sem um er að ræða bannlög eða heimildar.

Það, sem veldur því, að nefndin getur ekki fylgt frv. þessu, er einkum það, að málið hefir ekki fengið nægilegan undirbúning. Ekki eru heldur fyrir hendi þau gögn, sem nefndin telur nauðsynleg til þess að gera frv. svo úr garði, að telja megi fyllilega viðunandi. Löggjöf sem þessi verður að byggjast á reynslu og löggjöf annara þjóða í þessu efni og vera í samræmi við löggjöf þeirra. Skýtur nefndin því til hæstv. landsstjórnar, að hún kynni sjer sem best löggjöf annara þjóða í þessum málum og undirbúi málið fyrir næsta þing. Telur nefndin, að þangað til megi una við lögin frá síðasta þingi, enda skal það þá jafnframt, að gefnu tilefni, brýnt fyrir hæstv. stjórn, að hún gangi fram með fyllstu röggsemi til þess að sporna við því, að gin- og klaufaveiki berist til landsins.

Samkvæmt framanskráðu leggur nefndin til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sporna við því, að gin- og klaufaveiki eða aðrir alidýrasjúkdómar berist hjer til landsins og undirbúi fyrir næsta þing lög, sem bygð sjeu á reynslu og löggjöf annara þjóða í þessum efnum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. apríl 1927.

Pjetur Þórðarson, form.	Árni Jónsson, fundaskrif., frsm.	Halldór Stefánsson.
Jörundur Brynjólfsson.	Hákon J. Kristófersson.	

Nd. **416. Nefndarálit**

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Til stjórnarskrárnefndarinnar hefir verið vísað 3 frv. um breyting á stjórnarskránni, og bárust þau nefndinni í þeirri röð, er hjer segir:

1. Frv. frá 4. þm. Reykv. (H. V.), þskj. 26, $^{17}/_{3}$.
2. — — þm. Str. (Tr. Þ.), þskj. 132, $^{19}/_{3}$.
3. — stjórnarinnar, þskj. 2, $^{5}/_{4}$.

Það var ekki fyr en eftir að frv. stjórnarinnar hafði verið vísað til nefnd-

arinnar, að nefndin tók að ræða málið, og var þá þegar ákveðið að leggja stjórnarfrumvarpið til grundvallar fyrir afgreiðslu málsins. En samkomulagið um meðferð þessa máls náði ekki lengra. Meiri hluti nefndarinnar vill gera þá breytingu á frv. að fella niður öll meginákvæði þess, önnur en það, að reglulegt Alþingi skuli háð annaðhvert ár, en taka aftur upp í frv. ákvæði um afnám landskjörinna þingmanna.

Minni hlutinn vill hins vegar, að frv. verði samþykt óbreytt í aðalatriðum, en getur þó fallist á, að feld sje niður 3. málsgr. 1. gr., um að ákveða megi með lögum, að reglulegt Alþingi skuli háð árlega, og þá jafnframt 3. málsgr. 4. gr., sem lýtur að sama ákvæði.

Í stjórnarfrv. eru fólgnar þessar aðalbreytingar á núgildandi stjórnarskrá:

1. Að reglulegt Alþingi skuli háð annaðhvert ár og fjárhagstímabilinu í samræmi við það breytt í 2 ár.
2. Að kjörtímabilið verði 6 ár, eins og áður var, meðan þing var háð annaðhvert ár.
3. Að 6 ára kjörtímabil skuli einnig taka til landskjörinna þingmanna og þingrof einnig ná til þeirra.
4. Að láta jafnan í einu fara fram kosningu allra landskjörinna þingmanna samtímis almennum þingkosningum.
5. Að allir frambjóðendur á landskjörslista, aðrir en þeir, sem kosningu ná, komi til greina sem varamenn, og að varamenn skuli einnig vera fyrir þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar á sama hátt.

Þessar breytingar stefna í aðalatriðum að því að draga til stórra muna úr kostnaði við þinghaldið, beint og óbeint, og draga úr þeim mikla kostnaði, sem kosningum er samfara, bæði fyrir ríkissjóðinn og allan almenning, með því, meðal annars, að ákveða, að ávalt fari saman kjördæmakjör og landskjör og að ekki þurfi að stofna til nýrra kosninga, þótt þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu, deyi eða fatlist frá þingsetu á annan hátt.

Með þinghaldi annaðhvert ár gæfist stjórninni og meiri tími til undirbúnings lagafrumvarpa, en af því mætti aftur vænta meiri festu og öryggis í löggjafarstarfinu.

Þó að af afnámi landskjörinna þingmanna leiddi verulegur sparnaðarauki umfram þann, er ákvæði stjórnarfrumvarpsins mundu hafa í för með sjer, og minni hlutinn gæti verið því atriði fylgjandi í sjálfu sjer, þá hefir hann þó ekki treyst sjer til þess að verða samferða meiri hlutanum í þessu efni. Ber tvent til þess. Annað það, að breytingartillaga, sem fram kom í efri deild um þetta atriði, var feld þar með miklum atkvæðamun (10:4), og er því mikil hætta á, að afgreiðslu málsins yrði teflt í tvísýnu, ef þetta ákvæði yrði nú sett inn í frv. í neðri deild, en minni hlutinn leggur mjög mikla áherslu á, að málið nái fram að ganga. Í öðru lagi er hætt við, að afnám landskjörinna þingmanna mundi ýta undir kröfurnar um breytta kjördæmaskipun, en að því vill minni hlutinn á engan hátt styðja.

Að athuguðum öllum málavöxtum ræður minni hlutinn háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þeirri einu breytingu, að feld verði burtu heim-

ildin til þess að ákveða það með einföldum lögum, að reglulegt þing skuli háð á hverju ári, en breytingartillaga um það mun koma fram.

Alþingi, 23. apríl 1927.

Þjetur Ottesen.

Nd. **417. Nefndarálit**

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar.

Nefndin hefir rætt mál þetta á nokkrum fundum, og kom það þegar í byrjun í ljós, að nefndarmenn líta allmisjöfnum augum á það, hver hagur sje að þeirri breytingu á stjórnarskránni, sem farið er fram á í frv. því, sem ríkisstjórnin lagði fyrir þingið. En með því að það virðist vera orðin nokkuð almenn trú manna í landinu, að allmikill sparnaður megi að því verða að heyja reglulegt (fjárlaga)þing aðeins annaðhvert ár, og að hinsvegar sje engu við það tapað, þá hefir nefndin þó getað orðið ásátt um að gera slíka tilraun. Vilja sumir nefndarmanna þó, að þetta sje fastákveðið í stjórnarskránni, og gera það jafnvel að skilyrði fyrir fylgi sínu við frv., að ekki sje leyft að breyta aftur til með einföldum lögum. Um það tókst þó ekki fult samkomulag, en einstakir nefndarmenn ráðgera að bera fram breytingartillögu í þá átt við þriðju umræðu. Þá leggja nokkrir nefndarmenn einnig áherslu á, að feld sjeu burt úr 26. og 31. gr. stjórnarskrárinnar ákvæðin um, að þeim megi breyta með lögum. Um þessar og ýmsar fleiri breytingar hafa nefndarmenn óbundnar hendur við þriðju umræðu. — Að öðru leyti er öll nefndin sammála um þetta atriði. En það samkomulag er þó því skilyrði bundið af hálfu nokkurra nefndarmanna, að kjörtímabilið verði eftir sem áður 4 ár, og hefir öll nefndin, að einum nefndarmanni undanskildum, fallist á það.

En auk þessa er það skilyrði fyrir fylgi meiri hluta nefndarinnar við frv., að enn frekari breytingar verði gerðar á þinghaldinu en stjórnarfrv. gerir, einnig í því skyni að draga úr þingkostnaðinum. Meiri hluti nefndarinnar, sem hjer ritar undir, er eindregið þeirrar skoðunar, að rjett sje að fella niður landskjörið, og fækka þannig þingmönnum um 6, og telur svo augljósan sparnað að því, að ekki þurfi að leiða frekari rök að. Hinsvegar er það augljóst, að landskjörið hefir ekki náð þeim tilgangi, sem því var ætlað í upphafi, og enn síður virðist það geta orðið með því fyrirkomulagi, sem mælt er fyrir um í stjórnarfrumvarpinu. Verður nánari grein gerð fyrir skoðun meiri hlutans á þessu í framsögu.

Samkvæmt þessu leggur meiri hlutinn til, að stjórnarfrumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

I. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

26. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Á Alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 24 þingmenn, en 12 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Þingmenn skulu kosnir óhlutbundnum kosningum. Þó má með lögum ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum.

Í efri deild eiga sæti 12 þingmenn, er sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, þá er Alþingi kemur saman í fyrsta sinn eftir almennar kosningar. Hinir eiga sæti í neðri deild.

II. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

27. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára. Deyi þingmaður á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

III. Í stað 5. og 6. gr. komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. 28. gr. stjórnarskrárinnar skal falla burt.
2. a. Orðin »í sjerstökum kjördæmum« í 29. gr. skulu falla burt.
   b. 3. málsgrein sömu greinar skal orða þannig:
   Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningar til Alþingis.
3. a. Orðin »í sjerstökum kjördæmum« í fyrri málsgrein 30. gr. skulu falla burt.
   b. Orðin »Með sömu skilyrðum . . . um land alt« í sömu málsgr. skulu falla burt.

IV. Við 9. gr. Greinin orðist þannig:

Kosning þeirra 8 kjördæmakosinna þingmanna, er kosnir hafa verið til efri deildar á næsta þingi áður en stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, skal ekki ná lengra en til þess þings. Í byrjun næsta þings, sem háð er eftir aðalþing 1928, skal kjósa þá 12 þingmenn, er efri deild skipa, fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

V. Á eftir 10. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928, og falla þá um leið niður umboð landskjörinna þingmanna.

Alþingi, 25. apríl 1927.

Tryggvi Þórhallsson, formaður. Jakob Möller, ritari. Þórarinn Jónsson. Björn Líndal.

Halldór Stefánsson. Bernh. Stefánsson.

Nd. **418. Framhaldsálit**

um frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

Frá samgöngumálanefnd.

Efri deild hefir gert nokkrar breytingar á frumvarpinu, og miða flestar þeirra til þess að tryggja hag ríkisins gagnvart sjerleyfishafa. Þær verða því að teljast til bóta, og leggur nefndin til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 1927.

Kl. Jónsson, form., frsm. Hákon J. Kristófersson, fundaskrifari,

Jón Ólafsson. Sveinn Ólafsson. Pjetur Þórðarson.

Nd. **419. Nefndarálit**

um frv. til laga um friðun hreindýra.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um mál þetta. Leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið gangi fram óbreytt, en minni hl. vill gera á því gagngerðar breytingar.

Minni hlutinn lítur svo á, að alfriðun komi ekki að tilætluðum notum, vegna þess að dýrin falli í hörðum árum, engum að gagni, og sje stofninum búin meiri hætta af því en þótt leyfðar sjeu veiðar um takmarkaðan tíma árs hvers, undir eftirliti.

Þegar dýrin voru alfriðuð 1902, var ekki til þess ætlast, að sú ráðstöfun gilti nema um stundarsakir, og þau tímatakmörk, sem sett hafa verið um alfriðun síðan, sanna þetta enn betur. Næg reynsla er fengin fyrir því, að þessar ráðstafanir koma ekki að tilætluðum notum. Minni hlutinn fellst í aðalatriðum á tillögur þær, sem fram hafa komið á þskj. 289, en hefir þó viljað lengja friðunartímann frá því, sem þar er lagt til. Auk þess hefir minni hl. þótt rjett að ákveða nokkra þóknun fyrir umsjónarmannsstarfann.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði samþ. með brtt. á þskj. 289 og breytingum þeim, sem hjer fara á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR
við brtt. á þskj. 289.

1. Við I. Fyrri málsl. till. orðist svo:
Hreinar eru friðhelgir frá 1. jan. til 20. ágúst og frá 20. sept. til 30. okt. ár hvert.

2. Við II. (2. gr.). Aftan við gr. bætist:
Skulu þeir hafa að launum 100 kr. á ári, sem greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 25. apríl 1927.

Árni Jónsson, frsm. Jón Kjartansson.

Nd. **420. Nefndarálit**

um frumv. til laga um gjöld af fasteignum í Hafnarfjarðarkaupstað.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefir orðið sammála um að gera sitt til að flýta fyrir framgangi frumv. þessa. Frumvarpið er svipaðs efnis og gildandi lög um fasteignagjöldin í Reykjavík. Nefndinni þykir þó vanta í frumvarpið ákvæði um, hvenær gjalddagi fasteignagjalds skuli vera, og um dráttarvexti, ef greiðsla gjaldanna dregst fram úr hófi. Ennfremur telur nefndin, að vatnsskattur megi ekki niður falla, þar sem annars yrði tekjuaukinn af frumvarpi þessu fyrir Hafnarfjörð lítill sem enginn, en tilætlun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar með því að óska að fá slík lög mun aðallega hafa verið að fá auknar tekjur í bæjarsjóð til holræsagerðar o. fl., enda hefir vatnsskattur haldist óbreyttur í öðrum kaupstöðum, þar sem hann hefir verið kominn á er fasteignagjald var lögfest.

Nefndin leggur því til, að frumv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Aftan við greinina komi: og er gjalddagi 1. júlí ár hvert.
2. Ný grein, er verður 6. gr., komi á eftir 5. gr.:
Sje fasteignagjald ekki greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldþegn greiða bæjarsjóði dráttarvexti af því, sem ógreitt er, $^1/_2$% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.
Dráttarvextir hafa lögtaksrjett á sama hátt og sjálf gjöldin.
3. Við 6. gr., er verður 7. gr.:
Síðasti málsliður falli burt.

Alþingi, 25. apríl 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form. Hjeðinn Valdimarsson, frsm. Árni Jónsson.

Jón Kjartansson. Jón Guðnason, fundaskr.

Ed. **421. Frumvarp**

til laga um Landsbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. kafli.

Skipulag bankans.

1. gr.

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sjerstakri stjórn, svo sem nánar er ákveðið í V. kafla laga þessara. Á Norðurlandamálum er heiti bankans *Islands Nationalbank*, á ensku *The National Bank of Iceland* og á öðrum tungumálum samsvarandi heiti.

Bankinn starfar í þrem deildum með aðgreindum fjárhag, og nefnast þær seðlabanki, sparisjóðsdeild og veðdeild. Skal halda algerlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánum, innlánum, bókfærslu og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans umfram stofnfje það, sem hann leggur seðlabankanum samkvæmt 5. gr., nema sjerstaklega sje ákveðið með lögum.

Nú verður ákveðið með lögum að greina veðdeild eða sparisjóðsdeild eða þær báðar alveg frá bankanum, og gilda ákvæðin í V., VI. og VII. kafla þá eigi lengur fyrir þá deild eða þær deildir, sem þannig verða greindar frá bankanum.

2. gr.

Landsbanki Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess hefir bankinn útibú þar, sem bankaráðið ákveður með samþykki framkvæmdarstjórnar og að fengnu samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál.

II. kafli.

Seðlabankinn.

3. gr.

Seðlabankinn hefir á hendi útgáfu seðla innan þeirra takmarka, er þarf til að fullnægja gjaldmiðilsþörf í innanlandsviðskiftum.

4. gr.

Tilgangur seðlabankans er:

1. Að stuðla að tryggri skipun á peningamálum landsins, með það fyrir aug-

um, að gull og gullgildir seðlar geti sem fyrst orðið og haldi síðan áfram að vera hinn almenni gjaldeyrir í landinu. Í því skyni ber stjórn bankans einkanlega að gæta þess, að fje bankans sje tryggilega fyrir komið til ávöxtunar, og sje jafnan handbært að eins miklu leyti og krefjast verður af seðlabanka. Svo ber og stjórn bankans að afstýra, eftir því sem unt er, með kaupum og sölum á erlendum gjaldeyri og verðbrjefum, sem skráð eru á erlendum kauphöllum, með viðskiftum við aðrar peningastofnanir í landinu og með tilhögun útlánsstarfseminnar, truflun þeirri á peningamálum og atvinnulífi, sem annars má vænta, að almennar hagsveiflur hafi í för með sjer.

2. Að reka bankastarfsemi eftir því, sem nánar er til tekið í lögum þessum.

5. gr.

Stofnfje seðlabankans er 5 milj. kr., sem ríkissjóður leggur honum til, þar af 2 milj. kr. innskotsfje það, er ákveðið var með lögum nr. 50, 10. nóv. 1913, að ríkissjóður legði Landsbankanum. Auk þess skal seðlabankinn safna varasjóði samkvæmt 24. gr.

6. gr.

Seðlabankinn hefir einkarjett til að gefa út bankaseðla eða annan gjaldmiðil, sem komið geti í stað mótaðra peninga og getur gengið manna í milli í stað bankaseðla, með þeirri einni takmörkun, er leiðir af lögum nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Ráðherra sá, er með bankamál fer, ákveður, eftir tillögu bankaráðsins, lögun og útlit seðla þeirra, er bankinn gefur út, og gefur út auglýsingu um það efni, eftir því sem þörf er á. Enginn seðill, er bankinn gefur út, má hljóða um minni upphæð en fimm krónur.

Seðlar þeir, er bankinn gefur út, skulu vera gjaldgengir í ríkissjóð og aðra almenna sjóði hjer á landi og vera löglegur gjaldeyrir manna á milli með fullu ákvæðisverði.

Hver, sem býr til eftirmynd seðla þeirra, er bankinn gefur út, eða falsar þá, skal sæta þeirri refsingu, sem 266. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 ákveður. Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búið er að eftirmynda eða falsa seðilinn, þó að ekki sje búið að láta hann út.

7. gr.

Seðlabankanum er skylt, ef þess er krafist, að greiða seðla þá, er hann hefir gefið út, handhafa þeirra með ákvæðisverði í löglegri og gjaldgengri gullmynt, enda samsvari upphæð seðlanna heilli tölu gullmynta, en í skiftimynt, ef upphæðin er minni. Bankanum er skylt að kaupa af hverjum, er þess æskir, skírt ómyntað gull á 2480 krónur hvert kílógram, að frádregnum $^1/_2$ % í myntgerðarkostnað. Útibúum bankans er eigi skylt að leysa inn seðla eða kaupa gull nema bankaráðið mæli svo fyrir.

8. gr.

Seðlabankanum er heimilt að gefa út seðla, eftir því sem gjaldmiðilsþörfin krefur, með takmörkunum þeim, sem greinir hjer á eftir, gegn því að bankinn

1. eigi gullforða, er nemi 40% af því seðlamagni, sem úti er í hvert skifti. Gullforðinn má þó aldrei fara niður úr 2 miljónum króna.
2. hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlamagnsins, sem ekki er trygður með gullforðanum, þannig að 125 krónur komi á móti hverjum 100 krónum í seðlum.

9. gr.

Til gullforða telst:

a. Lögleg gjaldgeng gullmynt.
b. Ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi minst 2480 kr. fyrir hvert kílógramm af skíru gulli.
c. Innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er, í erlendum bönkum, sem bankaráðið telur fulltrygga og ráðherra samþykkir, að frádregnum samskonar skuldum bankans, þó eigi yfir 1/4 alls gullforðans.

Gullforði bankans samkvæmt a- og b-lið skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum (og útibúum hans, ef þeim ber að leysa inn seðla samkvæmt 7. gr.). Þó má til þess hluta gullforðans telja gull það, sem sannað er um, að sje á leið hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 300000 krónur í einu.

10. gr.

Til eignar þeirrar, sem tryggja skal seðlamagn það, er gullforðinn nægir ekki til, teljast:

a. Auðseld opinber verðbrjef eftir gangverði.
b. Önnur verðbrjef, ekki hlutabrjef, sem skráð eru á erlendum kauphöllum.
c. Víxlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innanlands eða erlendis.
d. Innieign í erlendum bönkum, sem fellur til útborgunar innan sex mánaða lengst, að frádregnum samskonar skuldum bankans við erlenda banka.
e. Skuldabrjef, gefin út fyrir lánum gegn handveði í verðbrjefum þeim, sem greinir í a.- og b.-lið þessarar greinar.

11. gr.

Seðlabankanum skal skylt á hverjum tveggja vikna fresti að gefa ráðherra þeim, er fer með bankamál, skýrslu um seðla í umferð og gullforðann og eign þá, sem samkvæmt 10. gr. er til tryggingar seðlunum. Skulu skýrslur þessar birtar almenningi jafnóðum.

Beri skýrsla með sjer, að meiri seðlar sjeu í umferð en lögmæt trygging er fyrir, er bankastjórnin skyld að ráða bót á þessu í síðasta lagi innan fjögra vikna frá því skýrslan er gefin.

12. gr.

Bankaráð og framkvæmdarstjórar bera ábyrgð á því, að þeir seðlar, sem í umferð eru, fari aldrei fram úr nauðsynlegum þörfum viðskiftalífsins. Ráðherra sá, er fer með bankamál, getur lagt bann við aukinni útgáfu seðla, ef teljast verður, að þeirra dómi, umfram nauðsynlegar þarfir viðskiftalífsins.

13. gr.

Seðlabankinn tekur við peningum:

1. Í hlaupareikning, án vaxta eða með vöxtum, eftir ákvörðun bankaráðs og framkvæmdarstjórnar, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð bankans.
2. Til geymslu.

Útibú seðlabankans taka og við innlánsfje með sparisjóðskjörum, ef svo verður ákveðið í reglugerðum þeirra.

14. gr.

Seðlabankanum er heimilt:

1. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands.
2. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis.

Víxlar þeir, sem greinir í 1. og 2. tölulið, mega ekki vera með lengra gjaldfresti en 6 mánuðum, og má eigi endurnýja þá meira en 6 mánuði samtals.

Ef ávísanirnar, sem seðlabankinn kaupir, sem greiðast eiga innanlands eða utanlands, eru afsagðar eftir sömu reglu og víxlar vegna greiðslufalls, öðlast þær í öllu tilliti víxilrjett.

3. Að kaupa víxla, sem greiðast eiga innanlands, með alt að 12 mánaða gjaldfresti, gegn tryggu handveði eða fasteignarveði.
4. Að kaupa og selja dýra málma.
5. Að veita reikningslán gegn handveði eða fasteignarveði, og sjeu þau lán uppsegjanleg með 3 mánaða fyrirvara.
6. Að kaupa og selja skuldabrjef ríkja, bæjar- og sveitarfjelaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbrjef. Hlutabrjef má seðlabankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annara.
7. Að lána út á verslunarvörur, sem eigi er hætta á að skemmist á stuttum tíma, og má ekki lána út á þær meira en $^2/_3$ gangverðs og eigi lengur en í 3 mánuði.

15. gr.

Seðlabankinn má taka lán gegn tryggingu í sjálfs síns eignum. Til þess að setja tryggingu þarf samþykki bankaráðs og ráðherra.

16. gr.

Seðlabankinn tekur til geymslu gegn gjaldi dýra málma, verðmæta hluti og verðbrjef. Hann getur tekið að sjer að annast innheimtu á vöxtum og afborgunum af verðbrjefum, á arðmiðum og á útdregnum skuldabrjefum. Einnig getur hann tekið verðmæti til geymslu í lokuðum hólfum eða innsiglað.

17. gr.

Seðlabankinn má annast allskonar innheimtur á fjárhæðum fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, bæði hjerlendis og erlendis.

18. gr.

Seðlabankinn hefir á hendi án endurgjalds öll framkvæmdarstörf viðvíkjandi skiftimynt þeirri, er ríkisstjórnin gefur út, þar á meðal að halda saman mynt, sem ónothæf er orðin. Bankinn er skyldur til að taka við hvaða upphæð sem er í löglegri íslenskri skiftimynt. Nú hefir bankinn í sjóði meiri íslenska skiftimynt en framkvæmdarstjórn bankans þykir þörf á vegna viðskifta bankans, og er bankanum þá rjett að afhenda ríkisstjórninni það, sem umfram er, gegn greiðslu í öðrum löglegum gjaldeyri.

19. gr.

Framkvæmdarstjórn seðlabankans og bankaráðinu er skylt að gæta þess, að bankinn hafi jafnan, auk þeirra vissu og auðseldu eigna, sem ræðir um í 8. gr. 2. tölulið og 10. gr., hæfilega mikið af samskonar eignum í hlutfalli við þær skuldbindingar bankans, sem gengið verður eftir án fyrirvara. Enn fremur ber bankastjórninni, eftir því sem aukning á slíkum skuldbindingum seðlabankans gefur tilefni til, að leitast við að auka gullforða bankans eða innieignir hans erlendis.

20. gr.

Seðlabankinn má eigi veita ríkissjóði önnur lán en bráðabirgðalán til alt að þriggja mánaða í einu og ekki hærri upphæð en svo, að nemi $^1/_4$ af stofnfje bankans. Allar slíkar skuldir ríkissjóðs skulu goldnar að fullu fyrir lok hvers reikningsárs.

Þetta ákvæði skal þó ekki vera því til fyrirstöðu, að bankinn veiti fyrirtækjum, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs, lán eftir sömu reglum og einstökum mönnum eða fyrirtækjum einstakra manna.

21. gr.

Starfsár seðlabankans er almanaksárið. Ársreikning seðlabankans skal birta í Stjórnartíðindunum, og skal hann saminn svo snemma, að hann verði birtur í síðasta lagi 3 mánuðum eftir árslok. Auk þess skal við hver mánaðamót birta stutt yfirlit yfir hag bankans. Reikningurinn skal endurskoðaður af 2 bókhaldsfróðum endurskoðendum, sem ráðherra skipar eftir tillögum bankaráðsins. Þeir skulu rannsaka reikninginn og bera saman við bækur bankans og heimafje. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje bankans og eignir sjeu fyrir hendi. Að öðru leyti ber þeim að hafa eftirlit með reikningsfærslu og bókhaldi bankans og gera tillögur til bankaráðsins um umbætur í því efni, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Þóknun handa endurskoðendum skal ákveðin í reglugerð seðlabankans.

22. gr.

Reikninginn skal gera upp svo sem fyrir er mælt í reglugerð seðlabankans. Á reikningnum skal telja skuldir bankans í erlendri mynt og innieignir bankans erlendis, svo og hverskonar verðbrjef, með því gangverði, sem skráð er

31. desember. Ef bankinn hefir keypt greind verðbrjef lægra verði en því, sem skráð er 31. desember, skulu þau skráð með kaupverðinu.

Ráðherra úrskurðar ársreikninga bankans.

23. gr.

Af tekjum á árinu greiðist:

1. Allur kostnaður og rekstrarútgjöld; þó má skifta kostnaði við seðlagerð og bankabyggingar niður á alt að 10 ár.
2. Tap, sem lokið er uppgerð á, og tap, sem telja verður orðið, enda þótt ekki sje lokið uppgerð á því.
3. Enn fremur má leggja til hliðar hæfilega fjárhæð fyrir tapi, sem búast má við.

24. gr.

Af tekjuafgangi hvers árs fær ríkissjóður greiddar 6% af stofnfjenu, þó aldrei meira en helming tekjuafgangsins. Hinn hluti tekjuafgangsins rennur í varasjóð. Þegar varasjóður er orðinn 4 miljónir króna, skiftist arður seðlabankans þannig, að varasjóður fær 1/4 hluta, en ríkissjóður 3/4 hluta. Ef seðlabankinn verður fyrir tapi eftir að varasjóður er orðinn 4 miljónir króna, sem setur varasjóð niður úr þeirri fjárhæð, skiftist tekjuafgangurinn eftir sömu reglu og áður en varasjóður náði 4 miljónum króna uns hann hefir aftur náð þeirri fjárhæð.

25. gr.

Ef árstekjur bankans hrökkva ekki til að bera tap það, sem um ræðir í 23. gr. 2. og 3. tölulið, ber varasjóður það, sem á vantar.

26. gr.

Seðlabankinn skal eiga fjárhæð, er nemi 1/3 af varasjóði bankans, í:

1. auðseldum erlendum ríkisskuldabrjefum,
2. kröfum á erlenda banka, er verða greiddar innan 6 mánaða, að frádregnum samskonar skuldum bankans.

Komi það fyrir, að bankinn verði að skerða þessa eign, skal hún jafnskjótt og unt er aukin aftur, svo að fullnægi ákvæðum þessarar greinar.

III. kafli.

Sparisjóðsdeild bankans.

27. gr.

Sparisjóðsdeild tekur við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum.

28. gr.

Sparisjóðsdeild bankans er heimilt:

1. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands.

2. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfsskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabrjef ríkja, bæjar- og sveitarfjelaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbrjef. Hlutabrjef má sparisjóðsdeildin ekki kaupa eða selja nema í umboði annara.
6. Að annast að öðru leyti venjuleg sparisjóðsstörf.

29. gr.

Sparisjóðsdeild skal eiga að minsta kosti sem svarar 15% af innlánsfje með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbrjefum, svo sem ríkisskuldabrjefum, veðdeildarbrjefum eða jarðræktarbrjefum og öðrum jafntryggum verðbrjefum. Verðbrjefaeign þessi skal aukin upp í 30% svo fljótt sem bankaráðinu þykir tiltækilegt. Ef vafi þykir leika á, hvaða verðbrjef fullnægi ákvæðum þessarar greinar, sker bankaráðið úr.

30. gr.

Sparisjóðsdeildin skal taka þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn, rekstur og húsnæði bankans eftir ákvörðun bankaráðsins. Allur tekjuafgangur rennur í varasjóð deildarinnar, enda ber hann töp þau, sem deildin kann að verða fyrir og eigi verða greidd af árstekjum hennar. Um endurskoðun og reikningsskil fer eftir ákvæðum 21.—23. gr.

31. gr.

Sparisjóðsdeildin með útibúum sínum lýtur öllum ákvæðum hinnar almennu löggjafar um sparisjóði, nema öðruvísi sje ákveðið í þessum lögum.

IV. kafli.

Veðdeild bankans.

32. gr.

Veðdeild annast útlánsstarfsemi gegn veði í fasteignum á Íslandi, samkvæmt sjerstökum lögum og reglugerðum.

V. kafli.

Stjórn bankans.

33. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum 5 manna bankaráðs og ráðherra þess, er fer með bankamál, samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum þessum.

34. gr.

Formann bankaráðsins skipar ríkisstjórnin til 5 ára í senn, svo og varaformann. Hinir 4 bankaráðsmennirnir, sem skulu vera utanþingsmenn, skulu kosnir til 4 ára í senn, og skal kosning þeirra fara þannig fram, að efri deild Alþingis kýs 2 þeirra með hlutfallskosningu og 2 varamenn, en neðri deild kýs 2 þeirra, einnig með hlutfallskosningu, og 2 varamenn. 2 aðalmenn og 2 varamenn skulu ganga úr annaðhvert ár. Í fyrsta skifti ræður hlutkesti, hvorir skulu úr ganga, aðalmenn og varamenn þeir, sem efri deild eða neðri deild kaus. Bankaráðsmennina og varamennina má endurkjósa.

Ef formaður og varaformaður fellur frá, eða verður óhæfur til starfsins áður en starfstími hans er á enda, skipar ríkisstjórnin nýjan formann eða varaformann. Og ef þingkjörinn bankaráðsmaður og varamaður hans fellur frá, eða verður óhæfur til starfsins milli þinga, setur ríkisstjórnin menn í þeirra stað til næstu þingloka.

Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík, eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sje auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 5000 kr. í ársþóknun, hinir bankaráðsmennirnir 3000 kr. hver. Auk þess fá allir bankaráðsmennirnir dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum sem starfsmenn ríkisins. Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

35. gr.

Engan má kjósa í bankaráð nema hann sje lögráða, hafi óflekkað mannorð og sje fjár síns ráðandi. Ef bankaráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans er á enda, hættir hann þegar störfum í ráðinu.

36. gr.

Bankaráðið ræður aðalbankastjóra og tvo aðra bankastjóra. Eru þeir framkvæmdarstjórn bankans. Skulu þeir ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra, jafnt aðalbankastjóra sem hinum bankastjórunum, frá fyrirvaralaust gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega sem ekki er um að ræða afbrot af hálfu bankastjórans, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Ennfremur getur ráðherra sá, sem fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávikna bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Laun aðalbankastjóra skulu ákveðin af bankaráðinu með samningi. Skulu þau vera fastbundin árslaun og mega ekki að neinu leyti vera miðuð við rekstrarhagnað bankans. Hinir bankastjórarnir hafa að árslaunum 12000 krónur hvor og auk þess dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni; dýrtíðaruppbótin reiknast með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins.

Bankaráðið getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fje bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum handa

bankastjóranum, og 25% af launununm handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skifti.

37. gr.

Bankaráðsmenn skulu hafa daglegt eftirlit í bankanum, þannig, að formaður bankaráðsins skal framkvæma eftirlitsstarfið daglega, en hinir bankaráðsmennirnir, að öllum jafnaði tveir í senn á víxl annanhvern dag ásamt formanninum. Þeir skulu grannskoða allar framkvæmdir bankastjórnarinnar og alt það, sem fer fram í hinum ýmsu starfsgreinum bankans.

Bankaráðið heldur fundarbók, sem í er ritað það helsta, sem fram fer á fundum þess, og allar ályktanir. Til þess að gerð verði gild ályktun verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Það ákveður, hvenær bankastjórarnir skuli mæta á fundum þess. Reglulega fundi skal bankaráðið halda að minsta kosti í 1. og 3. viku hvers mánaðar. Nú er bankaráðsmaður fjarverandi um stund, og ber hann meðábyrgðina á því, sem bankaráðið hefir ályktað í fjarveru hans, nema hann skrifi ágreiningsatkvæði um einhverjar framkvæmdir þess í fjarveru hans í fundarbókina.

Fundarbók þessi skal svo lögð fyrir fjárhagsnefndir Alþingis í hvert skifti er það kemur saman.

Ennfremur skal bankaráðið skýra Alþingi frá:

1. Ástandi bankans í öllu tilliti og hvernig bankanum hefir verið stjórnað.
2. Hvort nokkuð hefir verið vanrækt, sem gera hefði átt, eða hvort fyrirkomulaginu þurfi að breyta til bóta í einhverjum efnum.

Bankaráðið velur mann af starfsmönnum bankans til að rannsaka útibú bankans eftir þörfum, eða mann úr sínum hópi.

Á hverjum reglulegum fundi skal framkvæmdarstjórnin leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, um verðbrjefaeign hans, um innlánsfje í honum og um það, hve mikið af því megi taka út fyrirvaralaust, um slíkar kröfur erlendar, um seðlaveltu, gullforða og innieignir erlendis og annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

38. gr.

Bankaráðinu ber, auk þess sem áður segir:

a. Að koma fram fyrir hönd bankans gagnvart dómstólunum, yfirvöldum og gagnvart þriðja manni. Ráðið getur úrskurðað um öll mál bankans, sem ekki er áskilið ráðherra að úrskurða um.
b. Að hafa umsjón og eftirlit með eignum bankans og starfsemi hans, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð bankans.
c. Að ákveða verkaskifting milli aðalbankastjóra og hinna bankastjóranna og setja bankastjórunum erindisbrjef,
d. Að skipa stjórnendur útibúa bankans og víkja þeim frá, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar.
e. Að skipa aðalbókara, aðalfjehirði og fjehirði bankans, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar, svo og að ákveða, hversu hátt veð fjehirðar skuli setja.

f. Að ákveða laun starfsmanna bankans, setja reglugerð um eftirlaunasjóð handa starfsmönnum bankans og úrskurða um eftirlaun þeirra.
g. Að ákveða með samþykki framkvæmdarstjórnar og að fengnu samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál, hvar bankinn skuli hafa útibú.
h. Að ákveða ásamt framkvæmdarstjórninni forvexti og útlánsvexti bankans.
i. Að ákveða ásamt framkvæmdarstjórninni, hve mikið af starfsfje bankans megi vera bundið í hverri atvinnugrein á hverjum tíma og ákveða aðrar almennar reglur um starfrækslu bankans.
j. Að úrskurða um deilur, sem upp kunna að koma milli starfsmanna bankans og bankastjóranna.
k. Að taka ákvarðanir um eftirgjafir á skuldum án gjaldþrotaskifta. Að jafnaði skal Landsbankinn ekki veita neinum skuldunaut eftirgjöf á lánum, nema árangurslaust fjárnám sje á undan gengið, eða samkvæmt opinberum nauðasamningi, þegar við getur átt.
l. Að ákveða, að fengnum tillögum bankastjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans skuli ásamt bankastjóra geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni.
m. Að sjá um endurskoðun á reikningum bankans og ganga eftir því, að endurskoðendur bankans ræki vel starf sitt.
n. Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu, er ráðherra staðfestir.
o. Að gera út um ágreining milli bankastjóranna (samanber 39. gr.).
p. Að kjósa 2 endurskoðunarmenn til eins árs í senn og 2 til vara, gefa þeim erindisbrjef og ákveða þóknun þeirra, alt með samþykki ráðherra.
q. Að gera ályktun um þau mál, sem framkvæmdarstjórnin leggur fyrir bankaráðið.

Bankaráðið ákveður, hve mikið af starfsfje bankans skuli fengið hverju útibúi til umráða, enda komi samþykki framkvæmdarstjórnar til.

39. gr.

Aðalbankastjóri, er hafi víðtæka þekkingu og reynslu í viðskiftamálum, hefir æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans.

Í forföllum hans kemur sá hinna bankastjóranna, sem er eldri í stöðunni. Að öðru leyti fer um skiftingu starfa milli bankastjóranna eftir reglugerð bankans og ákvörðun bankaráðs.

Framkvæmdarstjórnin ráðstafar fje bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sje í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

Framkvæmdarstjórarnir halda fundarbók, sem í eru ritaðar allar ályktanir, sem gerðar eru á fundum þeirra. Til þess að gerð verði gild ályktun verða eigi færri en 2 bankastjórar að vera á fundi, enda sjeu þeir sammála.

Að jafnaði ræður meiri hluti framkvæmdarstjórnar úrslitum.

Minni hlutinn hefir þó rjett á að skrifa rökstutt ágreiningsatkvæði sitt í fundarbókina eða dagbækurnar, og skal ágreiningsatriðið þá lagt fyrir bankaráðið til úrslita.

Allir viðstaddir bankastjórar skrifa undir fundarbókina í hvert skifti, er fundur er haldinn.

Framkvæmdarstjórnin heldur og 3 dagbækur, sína fyrir hverja deild bankans, og skal daglega í þær rita allar lánveitingar og lánsynjanir.

Fundarbókin og dagbækurnar skulu daglega lagðar fyrir bankaráðið, undirskrifaðar af öllum viðstöddum bankastjórum.

Nú er bankastjóri fjarverandi, og ber hann fulla meðábyrgð á því, sem framkvæmt hefir verið í fjarveru hans, nema hann skrifi ágreiningsatkvæði um það, sem hann er ósamþykkur, í fundarbókina eða dagbækurnar.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt (sbr. 37. gr.) að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar, og eigi aðrir, svo gilt sje.

40. gr.

Framkvæmdarstjórnin ræður alla þá starfsmenn bankans, sem bankaráðinu er eigi falið sjerstaklega að ráða, samkvæmt 38. gr., og segir þeim upp. Starfsmenn bankans skulu að jafnaði ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

41. gr.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkvæmt 38. gr. l.

42. gr.

Bankastjórar mega ekki vera alþingismenn nje hafa önnur embættisstörf á hendi, reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega bankastjórar nje starfsmenn vera skuldskeytlir bankanum, nema veðdeild, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

Bankaráðsmenn mega ekki hafa milligöngu um lántökur annara í bankanum.

43. gr.

Bankaráð, framkvæmdarstjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um alt það, er snertir hagi viðskiftamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

44. gr.

Stofna skal eftirlauna- og styrktarsjóð handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra og ómegð, og skal bankinn leggja fram til stofnunar hans 25000 krónur í eitt skifti fyrir öll. Allir, sem verða fastráðnir starfsmenn í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu skyldir til að greiða í sjóðinn 3% af árs-

launum sínum, og leggur bankinn sjóðnum til jafnháa fjárhæð árlega. Þeir, sem eru fastráðnir starfsmenn bankans, er lögin ganga í gildi, öðlast rjett til styrks úr sjóðnum samkvæmt reglugerð hans, ef þeir greiða gjald þetta frá þeim tíma.

Bankaráðið ákveður með reglugerð um fyrirkomulag sjóðsins, skilyrði fyrir greiðslum úr honum og annað, sem þar að lýtur.

Þessi grein tekur ekki til bankastjóranna.

VI. kafli.

Sjerrjettindi bankans.

45. gr.

Glatist viðtökuskírteini, er bankinn hefir gefið út fyrir handveði eða geymslufje eða fyrir innláni, eða viðskiftabók fyrir sparisjóðsinnlagi eða öðrum innlögum, getur framkvæmdarstjórn bankans stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskírteinis eða viðskiftabókar með 6 mánaða fyrirvara, og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í tíðindum þeim, er flytja skulu stjórnarvaldaauglýsingar hjer á landi, og ef enginn hefir sagt til sín áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefir viðtökuskírteinið eða viðskiftabókina, án þess nokkur annar, er viðtökuskírteinið eða viðskiftabókin kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

46. gr.

Fje ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í bankanum. Landsbankinn með útibúum sínum hefir einn, að því er við verður komið, heimild til að taka við geymslufje (depositum).

47. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrsetning eða löghaldi meðan það stendur þar.

48. gr.

Bankanum er heimilt að áskilja sjer hærri vexti en 6% um árið af útlánum gegn fasteignarveði.

49. gr.

Nú er óskað láns gegn fasteignarveði, og skal þá gefa vottorð um fasteignina úr afsals- og veðmálabókum kauplaust, þegar stjórn bankans krefst þess, enda sje vottorðið ætlað bankanum einum til afnota.

50. gr.

Bankinn getur löglega samið svo við skuldunauta sína, að þeir taki upp í veðskuldabrjef sín til bankans ákvæði það, er getur um í tilskipun 18. febrúar 1847, 10. gr., um fje ómyndugra á Íslandi.

51. gr.

Eigi missir bankinn kröfu sína, þótt veðið glatist fyrir óhapp.

52. gr.

Bankinn hefir rjett til að láta starfsmenn sína selja veðbrjef og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur, eða menn vita ekki um heimili hans, og þá skal bankinn stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa veðið, með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birta skal í stjórnarvaldaauglýsingar.

53. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnist, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs, eða annara stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar af hlutabrjefum eða skuldabrjefum bankans, hlutabrjef bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

54. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða á gjaldþrotaskiftum, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Landsbankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert viðvart svo tímanlega, að hægt sje að mæta eða láta mæta við uppboðið.

VII. kafli.

Bráðabirgðaákvæði.

55. gr.

Kosning í landsbankanefndina fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1927. Þegar eftir að lög þessi eru gengin í gildi, skal sá, sem flest atkvæði hefir fengið við kosninguna í landsbankanefndina, kveðja nefndina til fundar og sjá um kosningu 4 manna í bankaráðið. Jafnframt skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál, formann bankaráðsins. Ráðherra sjer síðan um, að fram fari úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins. Bankaráðið sjer um, að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum komist að fullu í framkvæmd þegar eftir að úttekt er lokið, þó eigi síðar en 1. janúar 1929.

56. gr.

Bankaráðið sjer um framkvæmd á skiftum milli seðlabankans og sparisjóðsdeildar, og skulu þau skifti vera komin í framkvæmd að fullu fyrir árslok

1930. Um reikningsskil milli deildarinnar og seðlabankans fer eftir nánari ákvörðun bankaráðsins, þar til skiftum er lokið.

Af varasjóði bankans, eins og hann verður þegar skiftum er lokið, fær sparisjóðsdeildin helminginn og seðlabankinn helminginn.

57. gr.

Launaákvæði laga þessara ná ekki til núverandi bankastjóra. Meðan þeir gegna bankastjórastöðu við Landsbankann, halda þeir núverandi launum sínum, nema öðruvísi semjist. Um uppsögn núverandi bankastjóra skulu sömu reglur gilda og í gildi voru, er þeir tóku sæti í bankastjórninni. Aðalbankastjóra skal ráða þegar eitt sæti losnar í bankastjórninni.

Jafnskjótt sem núverandi bókari, aðalfjehirðir og fjehirðir láta af stöðum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum laga þessara.

58. gr.

Þangað til lög verða sett um opinbera verðbrjefaverslun og kauphingsskráningu verðbrjefa skal bankanum skylt að kaupa af almenningi og selja almenningi trygg innlend verðbrjef, þau er ræðir um í 29. gr., gangverði, sem ákveðið sje af bankaráði, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar, eigi sjaldnar en einu sinni á viku, og birt almenningi með auglýsingu á áberandi stað í aðalafgreiðslustofu bankans og útibúa hans.

Bankinn er þá undanþeginn skyldum þeim, er ræðir um í þessari grein, annaðhvort um kaup eða sölu, ef eign bankans í slíkum verðbrjefum fer fram úr því eða niður fyrir það, sem framkvæmdarstjórn bankans telur hæfilegt.

59. gr.

Ákvæði 7. gr. ganga í gildi þegar Alþingi ákveður. Þangað til getur ráðherra veitt bankanum undanþágu frá ákvæði 9. gr. b.-lið, um að innstæður erlendis megi ekki fara fram úr $^1/_4$ alls gullforðans. Ákvæði 26. gr. um varasjóð ganga þá um leið í gildi.

60. gr.

Auk hinna gulltryggðu seðla er bankanum heimilt að gefa út alt að 1 miljón króna. Seðlamagn þetta skal minka um 100000 kr. fyrir 1. nóvember 1927 og úr því árlega um sömu upphæð.

61. gr.

Bankinn gengur inn í kaup ríkissjóðs á gullforða Íslandsbanka samkvæmt 3. gr. laga nr. 6, 31. mai 1921.

62. gr.

Ákvæði 20. gr. um lán til ríkissjóðs taka eigi til þeirra lána, sem ríkissjóður hefir frá Landsbankanum þegar lög þessi öðlast gildi.

63. gr.

Landsbankinn endurkaupir af Íslandsbanka góða viðskiftavíxla gegn forvöxtum, sem sjeu ekki minna en 1% lægri en forvextir Íslandsbanka, þó aldrei lægri en 1% undir forvöxtum Landsbankans til peningastofnana, fyrir alt að $^5/_8$ þeirrar upphæðar, sem Íslandsbanki hefir á hverjum tíma dregið inn af seðlaveltu sinni, miðað við 31. okt. 1922; en þá telst seðlavelta Íslandsbanka hafa verið 8 miljónir króna. Eftir að Íslandsbanki hefir dregið inn alla seðla sína minkar fjárhæð sú, sem Landsbankinn endurkaupir með þessum kjörum, um $^1/_4$ miljón króna á ári hverju, þar til hún hverfur alveg.

Meðan Íslandsbanki hefir á hendi seðlaútgáfu, eða ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum fyrir hann, og einhverjir af bankastjórum hans þess vegna eru skipaðir af ríkisstjórninni, sbr. 6. gr. laga nr. 61 1921, skulu ákvæði fyrstu málsgreinar 47. gr. einnig taka til þeirra bankastjóra.

VIII. kafli.

Niðurlagsákvæði.

64. gr.

Lög nr. 14, 18. september 1885, um stofnun Landsbanka, lög nr. 2, 12. janúar 1900, um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885, lög nr. 28, 22. október 1912, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun Landsbanka, lög nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885 m. m., og lög nr. 37, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun Landsbanka, eru úr gildi numin.

Nd. **422. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um sauðfjárbaðanir.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

1. Við 2. gr. Aftan við 2. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Farist það fyrir af óviðráðanlegum orsökum, skal það gert svo fljótt sem verða má.
2. Við 6. gr. Fyrir orðin »og skal hann þá« komi: sem þá skal.
3. Við 10. gr. Fyrri málsgr. skal orða svo:
   Þóknun til eftirlitsmanna greiðist úr sveitar- eða bæjarsjóði, og ákveður hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn hana.

Nd. **423. Breytingartillögur**

við frv. til laga um sauðfjárbaðanir.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

1. 8. gr. orðist svo:
   Nú sýna skýrslur, að fjárkláði breiðist enn út, og er ríkisstjórninni þá heimilt, þó ekki fyr en í árslok 1930, að láta fram fara um land alt böðun á sauðfje til útrýmingar fjárkláða, enda sje það ákveðið í samráði við Búnaðarfjelag Íslands og heyafli bænda í betra lagi. Setur ríkisstjórnin reglur um framkvæmd útrýmingarböðunarinnar og ákveður, að undangenginni rannsókn, hver baðlyf skuli nota.
2. Í stað síðari málsgreinar 10. gr. komi:
   Andvirði baðlyfja, eins og þau kosta á næsta verslunarstað, sem notuð eru til endurböðunar samkvæmt 7. gr., greiðist úr ríkissjóði.
   Kostnað allan við eftirlit með útrýmingarböðuninni samkv. 8. gr. greiðir ríkissjóður, og auk þess $^2/_3$ hluta andvirðis baðlyfja og $^2/_3$ hluta flutningskostnaðar á hafnir. Allan annan kostnað við útrýmingarböðunina greiða fjáreigendur eftir fjártölu, og annast hreppsnefndir og bæjarstjórnir um innheimtu. Gjald þetta má taka lögtaki.

Sþ. **424. Þingsályktun**

um smíði brúa og vita hjer á landi.

(Afgreidd frá Sþ. 25. apríl).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:
1. Að láta smíða hjer á landi brýr og vita, sem fyrirhugað er að byggja.
2. Að nota áhaldasmiðju ríkissjóðs til nýsmíða og aðgerða, er landið þarf að láta framkvæma.

Ed. **425. Lög**

um rannsókn banameina og kenslu í meina- og líffærafræði.

(Afgreidd frá Ed. 26. apríl).

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að sjerfræðingur skuli rannsaka banamein sjúklinga, sem deyja í sjúkrahúsum, sem ríkið rekur, og skrá stutta skýrslu

um þau. Hann setur og reglur um, að hverju leyti nota megi sjúk eða heilbrigð líffæri við kenslu læknaefna.

Ed. **426. Lög**

um breyting á lögum nr. 45, 20. júní 1923, um sandgræðslu.

(Afgreidd frá Ed. 26. apríl).

1. gr.

Í stað »1/2 úr ríkissjóði, en að 1/2 af landeiganda« í 4. gr. laganna komi: 2/3 úr ríkissjóði, en 1/3 af landeiganda.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Eigi má girða fyrir alfaravegi, ef af því orsakast bagalegur krókur eða ófær leið. Skal sandgræðslan, þegar svo stendur á, annast um hlið, og skal kostnaður af því greiddur af sömu aðiljum sem sandgræðslukostnaður, eftir sömu hlutföllum.

Öllum vegfarendum er skylt að loka hliðum í hvert sinn og um þau er farið, en sæta sektum ella, alt að 50 kr., er uppvíst verður, að hlið er skilið eftir opið, enda skal svo frá hliðum gengið, að auðvelt sje að opna og loka.

3. gr.

Á eftir orðunum »50—1000 kr.« í 15. gr. laganna komi: (sbr. þó 9. gr. síðari málsgr.).

Nd. **427. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 53, frá 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um frv. þetta, og vill meiri hlutinn (Sv. Ól., B. St. og H. V.), að málið nái fram að ganga, en minni hlutinn (Sig. J. og Ól. Th.) mun vera mótfallinn því.

Meiri hlutinn álítur, að gildandi lög frá 1921 um hvíldartíma á íslenskum botnvörpuskipum hafi haft í för með sjer mikla rjettarbót fyrir sjómenn, og jafnvel líka gagnað útgerðarmönnum, en hvíldartíminn samkvæmt þeim, 6 klukku-

stundir, sem oft verður í reynd ekki nema 4—5 klst. svefn, sje ónógur fyrir sjómenn vora, til þess að þeir haldi óskertri heilsu sinni og starfsþoli til lengdar. Sje því 8 klst. hvíld sú minsta hvíld, er tryggja verði sjómönnunum á togurunum.

Nánari grein verður gerð fyrir afstöðu meiri hlutans í framsögu, og hafa tveir nefndarmenn nokkra sjerstöðu í málinu, en meiri hlutinn er sammála um að leggja til, að frv. verði þó samþykt óbreytt.

Alþingi, 26. apríl 1927.

Hjeðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskrifari.
Bernh. Stefánsson, með fyrirvara.

Sveinn Ólafsson, form. með fyrirvara.

Nd. **428. Tillaga**

til þingsályktunar um öryggis- og heilbrigðiseftirlit með verksmiðjum.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um öryggis- og heilbrigðiseftirlit með verksmiðjum.

Greinargerð.

Á síðari árum hefir margvíslegur innlendur iðnaður vaxið upp hjer í landinu, og virðist sá vöxtur áframhaldandi. Eftirlit er lögboðið með skipum, en með verksmiðjum þessum vantar bæði eftirlit til öryggis gegn slysum og til að sjá um, að þessir vinnustaðir sjeu heilsusamlegir fyrir verkafólkið. Þesskonar eftirlit er fyrir löngu síðan lögboðið í öllum nágrannalöndum, og þykir því rjett, að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta þing frumvarp um þetta efni.

Nd. **429. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1925.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 7, með breytingunum (tölul. 1—3) á þskj. 396.

Nd. **430. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson, Árni Jónsson og Jón Ólafsson.

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita »Hestamannafjelaginu Fáki« í Reykjavík leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumv. þetta er flutt að tilmælum Hestamannafjelagsins Fáks. Þótt fjelag þetta hafi starfað skamma stund, hefir það sýnt lofsverðan áhuga um margt það, er aukið geti hróður hesta vorra bæði utanlands og innan. Sterkasti þátturinn í þessari starfsemi eru kappreiðar þær, sem fjelagið efnir árlega til á skeiðvelli þeim, sem það hefir látið gera inni við Elliðaár, og kostar nú um 12 þús. kr., og er þó hvergi nærri fullgerður enn. En kappreiðarnar telur fjelagið að geti orðið til þess að auka verðmæti íslenskra hesta og að vekja eftirtekt á þeim erlendis, er það spyrst með sannindum, hver hinn raunverulegi hraði þeirra sje. En um þennan hraða verður ekki vitað með vissu fyr en hestar fást sem víðast að af landinu til þess að keppa, en til kappreiðanna sækja menn ekki með hesta sína úr fjarlægum sveitum nema til álitlegrar upphæðar sje að vinna. Fjelagið hóf kappreiðarnar með því að greiða 300 kr. í verðlaun, en hefir orðið að lækka þau stundum niður í 200 kr. vegna getuleysis síns. Þrátt fyrir það hefir þó fjelagið greitt í verðlaun 7315 kr. á þessum 5 árum, sem það hefir starfað.

Aðaltekjur sínar hefir fjelagið af því að selja aðgöngumiða að kappreiðunum. En vegna þess, hvernig áhorfendasvæðinu er enn fyrir komið, hefir fjöldi manna komist þangað inn án þess að hægt hafi verið að ná gjaldi af þeim. Hefir því aðgöngumiðasalan gefist ærið misjafnlega.

Með því að fá leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðarnar hefir fjelagið von um að auka svo tekjur sínar, að hækka megi verðlaunin upp úr því, sem þau voru í öndverðu sett, og geta á þann hátt náð betur tilgangi sínum.

Annars er þetta fjelag áhugasamt og vill mörgu góðu til leiðar koma. Það hefir undanfarið bæði styrkt reiðveginn með fjárframlögum og annast um gæslu á flestum reiðhestum bæjarmanna yfir sumartímann. Auk þess hefir það á prjónunum að koma upp nýtisku hesthúsi hjer í bænum, þar sem bæjarmenn geta fengið 50—60 hesta sína fóðraða fyrir lægra verð en nú tíðkast á meðan hver potar sjer.

Nd. **431. Frumvarp**

til laga um mat á heyi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er hverjum heykaupanda að krefjast þess, að heyið sje metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af lögskipuðum heymatsmönnum.

2. gr.

Hverri heysendingu, sem metin er, skal fylgja vottorð heymatsmanns um, að heyið sje metið af honum og flokkað eftir þar um settum reglum, og hve margir baggar eða pokar sjeu af hverri tegund, og hve þungir.

3. gr.

Nú hefir hey, sem senda skal með skipum eða á annan hátt, verið metið, og skal þá merkja hvern einstakan bagga eða poka með varanlegum og glöggum tegundar- og flokksmerkjum.

4. gr.

Nú er ástæða til að ætla, eða vitanlegt, að hey hafi skemst eða rýrnað óeðlilega í geymslu frá því er það var metið til sölu þar til það kemur í hendur kaupanda, og er þá skylt, að það sje metið af nýju. Slíkt endurmat kosta kaupandi og seljandi, að hálfu hvor.

5. gr.

Lögreglustjóri skipar heymatsmenn eftir óskum heysölumanna eða formanna heysölufjelaga og í samráði við þá. Heymatsmenn annast starf sitt eftir því, sem fyrir verður mælt í erindisbrjefi þeirra. Skylt er þeim að vinna að heybinding eða öðrum umbúningi heysins, svo sem kringumstæður leyfa vegna eftirlits þeirra að öðru leyti. Kaup heymatsmanna á hverjum stað ákveður lögreglustjóri, í samráði við heysölumenn eða formenn hlutaðeigandi heysölufjelaga, og greiðir seljandi kaupið.

Eigi mega matsmenn þiggja aukaþóknun eða hlunnindi af þeim, er þeir meta hjá eða riðnir eru við sölu heysins, nje vera þeim háðir á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í mati sínu.

6 gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð nánari reglur um mat á heyi, semur erindisbrjef fyrir undirmatsmenn og setur þar nánari fyrirmæli um flokkun og mat heysins, um eftirlit með geymslu þess og útskipun, svo og um aðrar skyldur þeirra.

7. gr.

Undirmatsmenn á heyi skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparvottorð um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Atvinnumálaráðuneytið stílar þeim heitið.

8. gr.

Um hegningu fyrir brot heymatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

Nd. **432 Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í staðinn fyrir málsgreinarnar: »39. Reykjavik: Reykjavíkur, Lágafells og Viðeyjarsóknir. 40. Reynivellir: Reynivalla, Saurbæjar og Brautarholtssóknir« komi: 39. Reykjavík: Reykjavíkursókn. 40. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells, Brautarholts og Viðeyjarsóknir. 41. Reynivellir: Reynivalla og Saurbæjarsóknir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **433. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 15. júní 1926, um fræðslu barna.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 26. apríl 1927.

Ingibjörg H. Bjarnason, form. Jónas Jónsson, frsm. Jóh. Jóhannesson.

Ed. **434. Nefndarálit**

um till. til þingsályktunar um kennaraskólann í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin leggur til, að tveir fyrstu liðir tillögunnar verði samþyktir, en til samkomulags við hina nefndarmenn tekur flutningsmaður þriðja liðinn aftur að sinni.

Alþingi, 26. apríl 1927.

Ingibjörg H. Bjarnason, form. Jónas Jónsson, frsm.

Jóh. Jóhannesson.

Fylgiskjal.

ÚTDRÁTTUR

úr gerðabók mentamálanefndar efri deildar.

Ár 1927, 9. mars kl. 2 síðdegis, hjelt mentamálanefnd efri deildar fund á venjulegum stað. Mættir voru til viðtals á fundinum forstöðumaður kennaraskólans, sr. Magnús Helgason, og fastakennarar skólans, Freysteinn Gunnarsson og Helgi Hermann.

Tekin var til meðferðar till. til þingsál. um kennaraskólann. Voru forstöðumaður og kennarar spurðir um álit þeirra, bæði um framtíðarstað fyrir skólann og um þær kröfur, sem gera yrði vegna skólans hvað byggingar áhrærir.

Forstöðumaður skýrði frá því, að hann hefði fyrir rúmu ári síðan (17. 12. 1925), er hann vissi, að verið var að mæla út lóð handa landsspítalanum kringum kennaraskólann, ritað stjórninni brjef um málið og beðið hana að tryggja skólanum lóð til frambúðar undir nauðsynlegar húsaviðbætur. Ekki vissi hann til, að stjórnin hefði gert neinar framkvæmdir í því efni. Forstöðumaðurinn gladdist yfir því, að máli þessu væri hreyft í þinginu. Honum þótti ágætur staður fyrir framtíðarheimili skólans við Skólavörðutorgið, ef lóðin fengist. En áður en hann vissi um þá tillögu hafði hann hugsað sjer, að hægt væri að fá lóð handa skólanum við Laufásveg, lítið eitt nær bænum en skólinn er nú, og væri hvortveggi staðurinn góður. Forstöðumaðurinn lagði til, að gerðar yrðu þrjár umbætur skólanum viðkomandi. Fyrst að þar yrði gerð heimavist fyrir alt að 40 nemendur, og myndi það fullnægja þörf skólans. Væri þetta hin mesta nauðsyn, því að nemendur væru flestir úr fjarsveitum, en fáir úr Reykjavík, og efnalitlir. Væri hann oft hræddur um, að nemendur biðu þar oft varanlegt heilsutjón af illum húsa-

kynnum í leiguíbúðum í bænum. Þar næst taldi hann þörf leikfimishúss fyrir skólann. Væri mjög óhentugt fyrir nemendur að fara niður í mentaskólahús milli 4—5 á daginn og tvískifta þannig lestrartímanum. Loks taldi hann mjög æskilegt, að æfingaskóli fyrir 120—150 börn yrði við skólann. Mætti það heita sama nauðsyn fyrir kennaraefnin eins og spítalaganga fyrir unga lækna. Síðar í samtalinu kom í ljós, að forstöðumaðurinn gat hugsað sjer að hafa kensluæfingar t. d. í nýja barnaskólanum, ef skólastjórinn þar væri fyrst og fremst æfingakennari og launaður af landinu. Hitt þótti honum ólíklegt til frambúðar, að kennaraefnin yrðu svo að segja á lausum kili starfandi við kensluæfingar í skóla undir annarlegri stjórn. Forstöðumanni þótti því sjálfsagt að hafa lóð undir væntanlegan kennaraskóla það stóra, að þar mætti koma fyrir æfingaskóla. Ekki leist honum á að hugsa sjer kennaraskólann í tvíbýli við hinn svo kallaða samskóla í Reykjavík; vildi hafa kennaraskólann einan út af fyrir sig.

Helgi Hermann náttúrufræðikennari var spurður, hverjar umbætur á húsinu þyrfti að taka til athugunar við væntanlega endurbyggingu kennaraskólans, að því leyti er snerti hans fræðigreinar. Taldi hann þurfa að fá nýjan bekk fyrir efnafræði- og eðlisfræðikenslu, er væri miðaður við verklegt nám nemenda í þeim fræðigreinum. Þar áfast við yrði að hafa áhaldasal. Þá væri og mjög æskilegt að geta haft annan kenslusal fyrir lifandi náttúrufræði, en þó mætti hugsa sjer að framkvæma kenslu í venjulegum skólabekk, en hitt væri betra.

Íslenskukennarinn Freysteinn Gunnarsson óskaði eftir, að í framtíðarheimkynnum skólans yrði rúmgóður lestrarsalur, þar sem heill skólabekkur gæti unnið í einu að sameiginlegum viðfangsefnum. Bæði Freysteinn Gunnarsson og sr. Magnús Helgason álitu best að hafa þennan lestrarsal í heimavistarhúsinu. Í því húsi yrði líka að hafa íbúð fyrir kennara, sem hefði eftirlit með heimavistunum.

... ...

Föstudaginn 8. apríl 1927 kl. 1½ hjelt mentamálanefnd efri deildar fund á venjulegum stað. Tekin til meðferðar till. til þál. um kennaraskólann. Fræðslumálastjóri Ásgeir Ásgeirsson kom á fundinn. Hann var meðmæltur að kennaraskólinn fengi lóð við Skólavörðutorgið af þrem ástæðum: Af nálægð við væntanlega háskólabyggingu, sundhöll og barnaskóla. Kennaraskólinn hefði mikla þörf fyrir heimavist handa 30—40 nemendum og bókasafnssal eða lestrarstofu. Með vaxandi unglingafræðslu þyrfti skólinn að auka húsrúm sitt. Ekki taldi hann sig fylgjandi, að kennaraskólinn yrði í sambandi við væntanlegan samskóla.

Nd. **435 Nefndarálit**

um frumvarp til laga um innflutningsgjald af bensíni til viðhalds vegum.

Frá fjárhagsnefnd.

Á þinginu 1919 flutti fjárhagsnefnd neðri deildar frumvarp til laga um bifreiðaskatt, og var þar lagt til að miða upphæð skattsins við tölu þeirra manna,

er bifreiðin tæki. Í greinargerðinni er gert ráð fyrir 400 kr. meðaltalsskatti af hverri fólksflutningabifreið. Í sama frumvarpi er einnig lagt til, að greiddur sje 200 kr. skattur árlega af bifreiðum, sem eingöngu eru notaðar til vöruflutninga. Fyrir þessu frumvarpi eru aðeins færðar þær ástæður, að bifreiðarnar spilli mjög vegum, og verði því að teljast sanngjarnt, að lagður sje á þær skattur til endurbóta á þessum vegaskemdum.

Undir umræðum um málið í neðri deild kom það í ljós, að hjer var um alltilfinnanlegan skatt að ræða, og við 3. umræðu var skatturinn lækkaður að miklum mun, án þess þó, að grundvellinum væri breytt.

Meiri hluti fjárhagsnefndar Ed. lagði til, að skatturinn yrði enn lækkaður, en einn nefndarmanna var andstæður öllum skatti á bifreiðar. Var frv. felt í Ed. við 2. umr.

Á þinginu 1921 flutti stjórnin frv. til laga um bifreiðaskatt, og var þar lagt til, að greiða skyldi 15 kr. árgjald af hverri hestorku mannflutningabifreiða, en þriðjungi lægra gjald af vöruflutningabifreiðum. Fyrir þessu frumv. voru einkum færðar sömu ástæður og frv. 1919, en jafnframt er þess getið, að rjettmætt sje að leggja aukaskatt sem »luxus«-skatt á mannflutningabifreiðar, því að þær sjeu að eigi alllitlu leyti notaðar til ferða, sem ekki geti talist nauðsynlegar.

Fjárhagsnefnd Nd., að einum nefndarmanna undanteknum, fjelst á ástæðuna fyrir frv., en vildi lækka hestorkuskattinn niður í 12 kr. Einn nefndarmanna var á móti öllum bifreiðaskatti. Undir meðferð málsins í þinginu var skatturinn lækkaður niður í 8 kr. af hestorku mannflutningabifreiða, en fjórðung þessa gjalds af vöruflutningabifreiðum, eins og sjá má af lögum nr. 56, 27. júní 1921, um bifreiðaskatt.

Fyrir því er nú fengin margra ára reynsla, að bifreiðaumferðin spillir mjög vegum hjer á landi, og miklu meira en í nágrannalöndunum. Verður því að teljast sanngjarnt að leggja á bifreiðar nokkurn skatt til viðhalds vegunum og haga honum þannig, að af hverri bifreið sje goldinn skattur í sem rjettustu hlutfalli við þær vegaskemdir, sem hún veldur. En það fer fyrst og fremst eftir því, hve mikið hún er notuð, en jafnframt talsvert eftir stærð hennar og þunga. Nefndin hefir fengið upplýsingar um það, að hestorkutala bifreiðategundanna stendur ekki altaf í sama hlutfalli við stærð þeirra og þunga. Hestorkuskatturinn verður því ekki fyllilega rjettlátur, þótt miðið sje eingöngu við stærð og þunga vjelanna. En þó verður hann miklu fjarri allri sanngirni, þegar miðað er við vegaskemdirnar, sem vitanlega verða því meiri af völdum hverrar bifreiðar, því meira sem hún er notuð til aksturs. Er því auðsætt, að gildandi bifreiðaskattslöggjöf getur ekki talist rjettlát, þar sem lagður er jafn skattur á bifreiðar í útkjálkum landsins og í öðrum snjóþyngslasveitum, þótt aðeins sjeu notaðar sumarmánuðina, og bifreiðar, sem ganga allan ársins hring, ef hestorkutala þeirra reiknast hin sama.

Sannkallaðar luxus-bifreiðar munu hjer fáar finnast, enda altaf álitamál, hvaða bifreiðar geti rjettilega til þeirra talist, einkum í járnbrautarlausu landi. Virðist því hæpin leið að eltast við slíkar bifreiðar með sjerstökum skatti, enda lítils tekjuauka af honum að vænta.

Nefndin telur því fulla nauðsyn á því að endurskoða gildandi bifreiða-

skattslöggjöf, en til þess telur hún sig skorta nægileg gögn að geta gert þetta, svo í lagi sje, á þessu þingi. Danir hafa mjög vandað til þessarar löggjafar og er þar nú fyrir skömmu lagður á bifreiðar þrennskonar skattur: á *punga* bifreiðanna, á *gúmmíhringina* og *bensín*. Telja þeir sig komast næst rjettu lagi með því að þrískifta skattinum þannig.

Nefndin hefir ekki átt kost á ábyggilegum upplýsingum um það, hve mikið er flutt inn árlega af gúmmíhringum til bifreiða og eigi heldur um þunga þeirra bifreiða, sem í landinu eru. Einnig þarf það rannsóknar við, hve mikið bensín fer til bifreiðanna. Telur nefndin sig því ekki geta gert ákveðnar tillögur í þessu máli að sinni, en það vera líklegustu leið til rjettlátrar skattalöggjafar að fela stjórninni að rannsaka þetta mál til næsta þings og leggja þá fyrir þingið frv. um þetta efni, ef tími vinnst til.

Samkvæmt framanrituðu leggur nefndin til, að frv. það, sem hjer ræðir um, verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að stjórnin safni gögnum til undirbúnings endurskoðaðri löggjöf um skatt af bifreiðum og leggi fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um þetta efni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 26. apríl 1927.

Kl. Jónsson, form.	Björn Líndal, frsm.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Ásgeir Ásgeirsson.
Jakob Möller, með fyrirvara.	Halldór Stefánsson, með fyrirvara.	Magnús Jónsson, með fyrirvara.	

Ed. **436. Álit**

um frv. til laga um einkasölu á saltfiski.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað í máli þessu; vill meiri hluti fella frv., af þeim ástæðum, að hann er andvígur stefnu þeirri, er kemur fram í frumvarpinu. Tillaga minni hlutans er hinsvegar sú, að frv. verði samþykt óbreytt, enda hafa eigi komið fram neinar aðfinningar við orðalag þess; en minni hlutinn er þó fús til þess að fallast á breytingu á orðalaginu, ef aðalefni frv., einkasala ríkisins, stendur óhaggað.

Alþingi, 26. apríl 1927.

Jón Baldvinsson.

Nd. **437. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, í einu hljóði, að frv. verði samþykt. Nánar í framsögu.

Alþingi, 26. apríl 1927.

Kl. Jónsson, formaður.	Ásg. Ásgeirsson, framsm.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.

Magnús Jónsson. Halldór Stefánsson. Björn Líndal. Jakob Möller.

Ed. **438. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. Við 12. gr. síðustu línu. Fyrir orðið »þeirra« komi: hans.
2. Við 14. gr. 5. málsgr. Fyrir orðin »sem seðlabankinn kaupir sem« komi: sem seðlabankinn kaupir og.
3. Við 22. gr. Fyrir orðin »skulu þau skráð« komi: má telja þau á reikningnum.
4. Við 38. gr. p. Liðurinn falli burt. Liðatalan breytist eftir því.
5. Við 39. gr. síðustu málsgr. Talan »37« verði: 38.
6. Við 55. gr., sem var 60. gr.
   Varatillaga:
   Ef 28. breytingartillagan á þingskjali 362 fellur, þá skal koma fyrir orðin »kosning í landsbankanefndina« til og með »jafnframt« þetta: Kosning í bankaráðið fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1927. Þegar eftir að lög þessi öðlast gildi.
7. Við 58. gr. 2. málsgr. Orðin »Bankinn er þá« verði: Bankinn er þó.
8. Við 59. gr. Orðin »9. gr. b« verði: 9. gr. c.
9. Aftan við 61. gr. komi ný 62. gr., svo hljóðandi:
   Heimilt er ráðherra að taka nauðsynleg lán til greiðslu á stofnfje bankans samkvæmt 5. gr. þessara laga. — Greinatalan breytist samkvæmt því.
10. Við 63. gr. Fyrir töluna »47« í síðustu málsgr. komi: 42.
11. Aftan við 64. gr. komi ný 65. gr., svo hljóðandi:
    Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **439. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 42. gr. Fyrsta málsgrein orðist þannig:
   Alþingismenn mega ekki vera bankastjórar. Ekki mega bankastjórar hafa embættisstörf á hendi, ekki reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.
2. Við 44. gr. Aftan við fyrstu málsgrein bætist:
   Heimilt er bankaráðinu að greiða þeim til viðbótar af fje bankans, svo að þeir njóti eigi minni styrks í heild en tilsvarandi starfsmenn, sem verða fastráðnir í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi.
3. Við 56. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, þannig:
   Þangað til varasjóður sparisjóðsdeildarinnar hefir náð fullum 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu ber seðlabankinn ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðsdeildar með upphæð, sem nemur innskotsfje ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 50, 10. nóv. 1913.

Ed. **440. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40, 15. júní 1926, um fræðslu barna.

Flutningsm.: Guðm. Ólafsson.

1. Á eftir 1. gr. komi ný 2. gr.:
   2. málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:
   Árlegur námstími skal vera að minsta kosti 24 kensluvikur. Þó getur fræðslumálastjórnin veitt leyfi til að stytta þennan námstíma um fjórar vikur, sje það gert til þess að nota skólann til kenslu barna 7—10 ára að aldri, að minsta kosti 8 kensluvikur haust eða vor, eða til kenslu unglinga 14—17 ára, samkvæmt reglugerð, er fræðslumálastjórnin samþykkir.
2. 2. gr. verður 3. gr.

Ed. **441. Breytingartillaga**

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 29. gr.

Á eftir fyrsta málslið kemur nýr málsliður, svo hljóðandi:

Skal að minsta kosti helmingur verðbrjefaeignarinnar vera í jarðræktarbrjefum.

Ed. **442. Nefndarálit**

um frumv. til laga um afnám kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin leyfir sjer, eftir að hafa athugað frv. og eftir að veitt er í fjárlagafrv. fyrir árið 1928 fje til nauðsynlegrar grískukenslu í háskólanum fyrir guðfræðinemendur, að leggja það til, að frv. þetta verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 26. apríl 1927.

Ingibjörg H. Bjarnason, form. og frsm. Jónas Jónsson, fundaskrifari. Jóh. Jóhannesson.

Ed. **443. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um styrk handa stúdentaefnum frá gagnfræðaskólanum á Akureyri.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin er samþykk tillögunni á þskj. 248, að veita nemendum þeim, sem tillagan ræðir um, ferðastyrk báðar leiðir og einhvern hluta af dvalarkostnaði þeirra hjer, þar sem um efnalitla pilta er að ræða, og leggur því til, að tillagan verði samþykt.

Alþingi, 26. apríl 1927.

Ingibjörg H. Bjarnason, form. og frsm. Jónas Jónsson, fundaskrifari. Jóh. Jóhannesson.

Ed. **444. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Frá Jónasi Kristjánssyni.

Við 1. gr. Aftan við fyrri málsgr. bætist:
Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín nje ómengaðan spíritus.

Nd. **445. Lög**

um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

(Afgreidd frá Nd. 27. apríl).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita hlutafjelaginu »Titan« sjerleyfi til:

1. Að leggja járnbraut frá Reykjavík um Hellisheiði, yfir Ölfusá og að Þjórsá í nánd við Urriðafoss.
2. Að virkja Urriðafoss í Þjórsá. Leyfið felur í sjer heimild til þess að gera uppistöðu í ánni ofan við fossinn og strengi þá, sem að honum liggja, hækka eða lækka vatnsborð eða farveg, gera vatnsrásir ofan jarðar eða neðan eftir þörfum, þar á meðal brottrás handa vatni frá orkuveri og yfir höfuð að fara með vatnið eftir því, sem nauðsyn krefur til þess að ná úr því orku þess og svo sem samrýmast má landslögum. Gert er ráð fyrir, að virkjaðar verði alt að 160000 hestorkum.
3. Að reisa orkuver í nánd við Urriðafoss, í því skyni að breyta vatnsorku þeirri, sem í 2. tölul. segir, í raforku, og starfrækja það eða þau.
4. Að leiða raforku frá orkuveri eða orkuverum þeim, er í 3. tölul. greinir, til staðar í nánd við Reykjavík, um þá staði og með þeim hætti, er henta þykir og nánar skal fram tekið í sjerleyfisbrjefi, til afnota í iðjuveri eða iðjuverum, sbr. 5. tölul.
5. Að reisa iðjuver til saltpjetursvinslu og annarar iðju til hagnýtingar raforkunni.
6. Að gera vegi eða önnur samgöngutæki, sem nauðsynleg eru að áliti ráðherra vegna virkjunarinnar, orkuvinslunnar eða orkunýtingarinnar.
7. Að taka lögnámi land og rjettindi yfir landi, svo og að leggja kvaðir á land, að því leyti sem nauðsynlegt er til þess að koma fyrirtækjum þeim í framkvæmd, sem 1.—6. tölul. greinir.

2. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa varnarþing á Íslandi, enda hafi hann hjer búsettan umboðsmann, er birta megi stefnu og svari til sakar fyrir dómi í málum á hendur leyfishafa, en að minsta kosti $^3/_5$ hlutar stjórnarmanna skulu vera búsettir á Íslandi.

3. gr.

Ekki má framselja sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ráðherra komi til, enda fullnægi nýr leyfishafi öllum settum skilyrðum sjerleyfis.

4. gr.

Sjerleyfistími má vera alt að 70 árum.

5. gr.

Sjerleyfishafi skal vera undanþeginn eignarskatti, tekjuskatti til ríkissjóðs, útsvari og hærra útflutningsgjaldi en nú er, eða öðrum samskonar gjöldum, er á kunna að verða lögð. Í stað þess skal hann gjalda af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum 3 kr. árlega af hverri nýttri hestorku fyrstu 10 árin, en síðan 5 kr. árlega af hverri nýttri hestorku. Gjald þetta skiftist þannig milli ríkissjóðs og sveitarsjóðs, að ríkissjóður hlýtur $^2/_3$ hluta, en sveitarsjóður þriðjung. Sveitarsjóðshlutinn skiftist eftir ákvörðun ráðherra milli sveita þeirra, er hlut eiga að máli eða verða fyrir átroðningi og usla af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum.

Sú raforka, sem seld er til almennings samkvæmt sjerleyfislögum, skal þó undanþegin þessu árgjaldi.

6. gr.

Um sölu á raforku til almennings fer eftir sjerleyfislögum. Þó skal verð árshestorkunnar ekki fara fram úr 55 krónum.

7. gr.

Skylt skal sjerleyfishafa, þegar komin er á fót vinsla köfnunarefnisáburðar, að láta ríkisstjórninni í tje, eftir ósk Búnaðarfjelags Íslands, alt að 3000 smálestum áburðarins árlega við verði, sem ekki má fara meira en 5% fram úr vinslukostnaði og ætið skal vera 5% undir heildsöluverði samkynja áburðar í Noregi. Áburðurinn afhendist í Reykjavík í útflutningsumbúðum.

8. gr.

Járnbrautin milli Reykjavíkur og Þjórsár skal gerð úr nýju, völdu efni og að öllu leyti eftir fyrirmælum ráðherra, en nánari ákvæði þar að lútandi ber að greina í sjerleyfi. Ráðherra ákveður einnig, hvar og hve margar járnbrautarstöðvar skuli vera, og telst kostnaður af byggingu þeirra til lagningarkostnaðar brautarinnar.

9. gr.

Kostnaðurinn við járnbrautina skal greiðast þannig:

a. Reykjavíkurkaupstaður kostar land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning vestan afrjettar eða almennings á Hellisheiði.
b. Árnessýsla kostar á sama hátt land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning austan afrjettar eða almennings á Hellisheiði, þar með talin stöð austan eða vestan Ölfusár.
c. Rangárvallasýsla kostar á sama hátt, að hálfu leyti móti Árnessýslu, land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning frá stöð við Ölfusá að Þjórsá.
d. Ríkissjóður leggur fram þriðjung kostnaðar af járnbrautargerðinni að öðru leyti, þar með taldir brautarvagnar og annað það, er samkvæmt venju tilheyrir slíku mannvirki, eftir ákvörðun ráðherra, þó ekki yfir 2 milj. kr., og er ríkisstjórninni heimilt að taka það fje að láni að nokkru eða öllu

leyti. Fjeð greiðist eftir á, alt að 1½ miljón króna, er járnbrautin er fullgerð, með stöðvarhúsum frá Reykjavik að Ölfusá, og alt að ½ miljón króna þegar brautin er fulllögð að Þjórsá, með stöðvarhúsum, vögnum og öðrum áhöldum, er fylgja eiga brautinni.

e. Sjerleyfishafi leggur fram allan annan kostnað við járnbrautina, og ríkissjóður er á engan hátt, beint eða óbeint, ábyrgur fyrir skuldbindingum sjerleyfishafa.

10. gr.

Sjerleyfishafi framkvæmir járnbrautarlagninguna og rekur fyrirtækið á sinn kostnað, enda tekur hann tekjur af því. Ráðherra ákveður öll flutningsgjöld og hefir eftirlit með rekstri brautarinnar. Ríkissjóður á ekki tilkall til vaxta af framlagi sínu fyr en hreinar rekstrartekjur brautarinnar nægja til þess að leyfishafi fái 6% ársvexti af framlagi sínu. Verði rekstrartekjurnar meiri, fær ríkissjóður vexti af framlagi sínu, alt að 6%. Sje þá enn afgangur af rekstrartekjum, skiftist hann milli ríkissjóðs og leyfishafa í hlutfalli við framlög þeirra til járnbrautarinnar.

Ríkissjóði er heimilt, hvenær sem er á leyfistímanum, að taka við járnbrautinni með öllu tilheyrandi til umsjár og eignar, gegn því að greiða sjerleyfishafa matsverð hennar, að frádregnum hluta ríkissjóðs, eftir nánari ákvæðum í sjerleyfinu.

Umboðsmaður ráðherra á hvenær sem er aðgang að öllum bókum járnbrautarfyrirtækisins, og ráðherra getur sett allar nauðsynlegar reglur um eftirlitið með rekstri og reikningsfærslu þess.

11. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa byrjað á lagningu járnbrautarinnar eigi síðar en 1. maí 1929 og verkinu skal lokið eigi síðar en 1. júlí 1933.

Á mannvirkjum, er lúta að virkjun Urriðafoss, skal byrjað eigi síðar en 1. júlí 1934.

Verði járnbrautarlagningunni ekki haldið áfram með þeim hraða, að henni geti orðið lokið á tilsettum tíma, eða stöðvist verkið algerlega, fellur sjerleyfið úr gildi og verða unnin mannvirki ríkiseign án endurgjalds til sjerleyfishafa.

Járnbrautin öll með stöðvarhúsum, eimvögnum og öðrum vögnum og áhöldum skal jafnan standa að veði fyrir því, að sjerleyfishafi reki járnbrautina og haldi henni vel við, samkvæmt því, sem um semst milli atvinnumálaráðherra og sjerleyfishafa.

12. gr.

Rjettindi og skyldur sjerleyfishafa og skifti hans og ríkisstjórnar fara samkvæmt landslögum, þ. á. m. sjerleyfislögum, að svo miklu leyti sem ekki er um mælt í lögum þessum.

Nú skilur aðilja á um það, hvort atriði skuli sæta úrlausn eftir þess-

um lögum eða öðrum landslögum, og skal þá hæstirjettur einn dæma um það. Sjerleyfisdómur samkvæmt sjerleyfislögum sker annars úr, ef ágreiningur verður um efndir á ákvæðum sjerleyfisins, með þeim hætti, sem segir í sjerleyfislögum.

Nd. **446. Frumvarp**

til laga um gjöld af fasteignum í Hafnarfjarðarkaupstað.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Leggja skal gjald á allar fasteignir í Hafnarfjarðarkaupstað.

2. gr.

Fasteignagjald það, sem ræðir um í 1. gr., skal miða við virðingarverð eftir fasteignamatslögunum og ákveðst það þannig:

a. Af öllum húsum, úr hvaða efni sem eru og til hvers sem þau eru notuð, skal greiða 0,8% — 80 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.
b. Af öllum lóðum, bygðum og óbygðum, sem bæjarstjórnin hefir ekki með sjerstökum samningi eða samþykt ætlað til annara afnota en til byggingarlóða, skal greiða 0,6% — 60 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.
c. Af öllum lóðum og löndum, sem með sjerstökum samningi við bæjarstjórn eða með sjerstakri samþykt hennar eru ætlaðar til ræktunar, fiskverkunar eða annara slíkra afnota, og ekki eru byggingarlóðir, skal greiða 0,1% — 10 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.

Fasteignagjald skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki hundrað krónum, greiðist ekkert gjald.

3. gr.

Undanþegnar fasteignagjaldi eru allar fasteignir bæjarsjóðs og hafnarsjóðs Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Ennfremur eru undanþegin fasteignagjaldi: kirkjur, skólahús, sjúkrahús, elliheimili og þinghús, svo og lóðir, er fylgja slíkum húsum.

Ef ágreiningur verður um gjaldskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

4. gr.

Fasteignagjald skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkerans í Hafnarfirði, og er gjalddagi 1. júlí ár hvert.

5. gr.

Fasteignagjaldið hvílir sem lögveð á fasteign þeirri, sem það er lagt á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum í eigninni.

Brenni hús eftir gjalddaga, hefir fasteignagjaldið og forgangsrjett í brunabótunum á sama hátt.

6. gr.

Sje fasteignagjald ekki greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldþegn greiða bæjarsjóði dráttarvexti af því, sem ógreitt er, $^1/_2$% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

Dráttarvextir hafa lögtaksrjett á sama hátt og sjálf gjöldin.

7. gr.

Fyrir gjald þetta annast bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, sót-, sorp- og salernahreinsun og gerir ráðstafanir til að fyrirbyggja eldsvoða.

Ed. **447. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni virðast umbætur þær, er fást mundu á berklavarnalögunum, ef frv. yrði samþykt, naumast svo verulegar, að ástæða sje til þess að seinka endurskoðun laganna í heild sinni með samþykt þeirra breytinga, er hjer um ræðir, en það álíta tveir nefndarmenn, að myndi leiða af samþykt þessa frv., er hjer liggur fyrir.

Nákvæm endurskoðun berklavarnalaganna frá 1921 er að áliti nefndarinnar mjög nauðsynleg margra hluta vegna, einkum þó þess, hve kostnaður hins opinbera, sjerstaklega ríkissjóðs, af berklavörnunum fer sívaxandi.

Á þinginu 1924 var borið fram frv. til laga um breyting á berklavarnalögunum, þar sem stefnt var að því að draga úr kostnaði þeim, er ríkissjóður hefir af berklavarnalögunum. Flm. frv. taldi útgjöld ríkissjóðs vegna laganna þá þegar orðin svo há, að ríkissjóður gæti eigi undir þeim risið, þar eð reynslan hefði sýnt, að flestir berklasjúklingar þeir, er sótt hefði verið um styrk fyrir, væru samkvæmt efnahagsskýrslunum svo illa efnum búnir, að eigi þætti annað fært en að telja þá styrkþurfa.

Nefnd sú í Nd., er frv. þetta fjekk til meðferðar, fjellst ekki á það og taldi enda sum ákvæði þess hættuleg, en yfir höfuð væri í frv. um framkvæmdaratriði að ræða, og því óþarfi að breyta lögunum þeirra vegna.

Mál þetta gekk svo ekki fram á þinginu.

Síðan þetta gerðist hafa útgjöldin, þau er ríkissjóður hefir vegna berklavarnalaganna, aukist stórlega, og er alt útlit fyrir, að sú aukning muni halda áfram, svo að ríkissjóði verði útgjöld þessi um megn, einkum ef engar ráðstafanir verða gerðar til að draga úr þeim. Til þess að það geti orðið, álítur nefndin þörf á endurskoðun berklavarnalaganna og rannsókn á því, hvort við framkvæmd laganna er tilhlýðilegur gaumur að því gefinn, að kostnaður hins opinbera yfirleitt verði ekki meiri en óhjákvæmilega er nauðsynlegt.

Nefndin leggur áherslu á það, að hvorttveggja þetta sje framkvæmt svo fljótt sem unt er, og telur hún síðara atriðið engu þýðingarminna en hið fyrra, þar eð hún telur rjett, að löggjöfinni um berklavarnir verði áframhaldandi hagað þannig, að efnalausum berklasjúklingum sje framvegis, eins og hingað til hefir átt sjer stað, trygð heilsuhælisdvöl og læknishjálp að öðru leyti jafnt og hinum, sem sjálfir eru þess megnugir að standast þann kostnað, sem af þessu leiðir.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. þetta verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að stjórnin taki berklavarnalöggjöfina og framkvæmd hennar til gagngerðrar endurskoðunar og leggi árangurinn af henni í frumvarpsformi fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. apríl 1927.

Jóh. Jóhannesson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.	Guðm. Ólafsson, fundaskr., með fyrirvara.

Nd. **448. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingskj. 422, 387 og 423 [Sauðfjárbaðanir].

Flutningsm.: Pjetur Þórðarson.

I. Við brtt. á þskj. 422.

1. Við 2. Liðurinn orðist svo: 6. gr. orðist svo:

Nú hefir sauðfjárböðun einhversstaðar ekki farið fram eftir ákvæðum 2. og 3. greinar, og er um að kenna hirðuleysi eða mótþróa fjáreiganda, og skal þá eftirlitsmaður tilkynna það hlutaðeigandi hreppstjóra í sveit, en lögreglustjóra í kaupstað, sem þá skal tafarlaust sjá um, að böðun verði framkvæmd á kostnað fjáreiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

II. Við brtt. á þskj. 387.

Við 2. Liðurinn orðist svo: 7. gr. orðist svo:

Nú verður vart fjárkláða, og er þá hlutaðeigandi hreppstjóra í sveit, en

lögreglustjóra í kaupstað, þegar í stað skylt að gera sjerstakar ráðstafanir til að útrýma kláðanum.

Ef samtímis eru mikil brögð að fjárkláða á samliða mörkum sveita eða sýslna, þar sem fje gengur saman, getur atvinnumálaráðherra hlutast til um sameiginlegar ráðstafanir til útrýmingar kláðanum á þeim sviðum.

III. Við brtt. á þskj. 423.

1. Við 1. A. Liðurinn orðist svo: 8. gr. orðist svo:

Nú sýna skýrslur, að fjárkláði breiðist út, þannig, að þeim hreppum fjölgar, sem kláða verður vart í, og er atvinnumálaráðherra þá heimilt, þó ekki fyr en í árslok 1931, að láta fram fara um land alt böðun á sauðfje til útrýmingar fjárkláða, enda sje það ákveðið í samráði við Búnaðarfjelag Íslands. Þegar slík ákvörðun er tekin, setur ráðherra reglugerð um framkvæmd útrýmingarböðunar, þar á meðal hver baðlyf skuli nota, og ákveður sektir fyrir brot á ákvæðum reglugerðarinnar.

B. Á eftir liðnum komi nýr liður og orðist svo:

Við 9. gr. Í staðinn fyrir »Hreppstjóri og lögreglustjóri« í upphafi greinarinnar komi: Í sveitum hreppstjórar og í bæjum lögreglustjórar.

2. Við 2. A. Fyrri málsgrein orðist svo:

Andvirði baðlyfja, eins og þau kosta á næsta verslunarstað, sem notuð eru til endurböðunar samkvæmt 7. gr., og kostnaður við eftirlit með endurböðun, greiðist úr ríkissjóði.

B. Á eftir liðnum komi 2 nýir liðir og orðist svo:

1. Við 11. gr. Í stað »hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra« komi: í sveitum hlutaðeigandi hreppstjóra, en í bæjum lögreglustjóra.

2. Við fyrirsögn frumvarpsins. Fyrirsögnin orðist svo:

Frumvarp til laga um sauðfjárbaðanir og útrýming fjárkláða.

Ed. **449. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1928.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 11. gr. A. 8. Liðinn skal orða svo:
Til landhelgisgæslu, gegn 200000 kr. framlagi úr landhelgissjóði 235000
2. — 11. — B. 4. (Yfirskattanefndir o. fl.):
Fyrir »45000« kemur 40000
3. — 12. — 3. 6. Nýr liður:
Til Kjósarhrepps 550 kr.

4. Við 12. gr. 4. (Kjósarlæknir):
Liðurinn fellur niður.
5. — 12. — 7. Athugasemdin:
Eftir orðunum »Styrkurinn til augnlæknis« kemur: í Reykjavík.
6. — 12. — 11. (Jón læknir Kristjánsson):
a. Fyrir »2500« kemur 2000
b. Athugasemdin fellur niður.
7. — 12. — 13. (Magnús Pjetursson):
Liðurinn fellur niður.
8. — 12. — 14. (Eva Hjálmarsdóttir):
Aftan við liðinn bætist: lokastyrkur.
9. — 12. — 18. (Kristsneshæli):
Fyrir »4000« kemur 3000
10. — 12. — 19. d. (Sjúkraskýli og læknisbústaðir):
Fyrir »42000« kemur 27000
11. — 12. — 19. l. (Fjelag ísl. hjúkrunarkvenna). Nýr liður:
Til sama fjelags upp í kostnað við móttöku 12 erlendra hjúkrunarkvenna sumarið 1927 1200
12. — 12. — 19. r. (Jón veitingamaður Kristjánsson):
Liðurinn fellur niður.
13. — 13. — A. 4. (Friðrik Jónsson):
Liðurinn fellur niður.
14. — 13. — B. II. a. 1. (Kjalarnesvegur):
Fyrir »25000« kemur 20000
15. — 13. — B. II. a. 3. (Norðurárdalsvegur):
Fyrir »60000« kemur 50000
16. — 13. — B. II. a. 5. Liðinn skal orða svo:
Vesturlandsvegur (frá Fellsenda að Dalsmynni) ... 10000
17. — 13. — B. 2. a. 6. (Húnavatnssýsluvegur):
Fyrir »30000« kemur 25000
18. — 13. — B. II. a. 7. (Vallhólmsvegur):
Fyrir »20000« kemur 16000
19. — 13. — B. II. a. 9. (Vaðlaheiðarvegur):
Fyrir »50000« kemur 40000
20. — 13. — B. II. a. 11. (Hróarstunguvegur):
Fyrir »25000« kemur 20000
21. — 13. — B. II. a. 13. (Biskupstungnabraut):
Fyrir »25000« kemur 20000
22. — 13. — B. II. a. 14. (Hólmahálsvegur):
Fyrir »9000« kemur 6000
23. — 13. — B. III. (Brúargerðir):
Fyrir »225000« kemur 190000
24. — 13. — B. V. (Fjallvegir):
Fyrir »15000« kemur 12000

25. Við 13. gr. B. IX. (Ferja á Hrosshyl):
Fyrir »300« kemur 150
26. — 13. — B. X. (Vetrarflutningar á Hellisheiði):
Fyrir »10000« kemur 8000
27. — 13. — D. II. Liðinn skal orða svo:
Til nýrra símalagninga (þar af 10 þús. kr. til símalínu frá Hnausum að Ási í Vatnsdal), með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi bjeruð 260000
28. — 13. — E. V. a. Liðinn skal orða svo:
Til vitabygginga 50000
29. — 13. — E. V. b. (Leiðarljós):
Fyrir »15000« kemur 14000
30. — 14. — A. 7. (Húsabætur á prestssetrum):
Fyrir »35000« kemur 24000
31. — 14. — B. I. 1. (Stúdentagarður):
Fyrir »50000« kemur 25000
32. — 14. — B. VIII. 2. c. 4. (Ýmisleg gjöld Hvanneyrarskóla):
Fyrir »11500« kemur 2500
33. — 14. — B. VIII. 3. (Staðarfellsskóli):
Liðurinn fellur niður.
34. — 14. — B. XII. 1. b. (Rekstrarkostnaður kvennaskólans í Rvík).
Fyrir »19000« kemur 21000
35. — 14. — B. XII. 2. c. (Raflýsing Blönduósskóla):
Fyrir »6000« kemur 4000
36. — 14. — XIV. 2. (Unglingaskólar):
Fyrir »45000« kemur 42000
37. — 14. — B. XV. Nýr 1. liður:
Til húsmæðraskóla á Staðarfelli, enda samþykki atvinnumálaráðherra reglugerð hans 3000
38. — 14. — XV. 1. (Ósk á Ísafirði):
Fyrir »5000« kemur 4000
39. — 14. — B. XV. 2. (Húsmæðradeild á Laugum):
Liðurinn fellur niður.
40. — 15. — 1. d. (Bókakaup Landsbókasafnsins):
Fyrir »12000« kemur 11000
41. — 15. — 2. b. (Bókband, aðstoð o. fl. við Þjóðskjalasafnið):
Fyrir »6000« kemur 5500
42. — 15. — 15. (Grímur Kamban):
Liðurinn fellur niður.
43. — 15. — 17. (Leikfjelag Akureyrar):
Fyrir »800« kemur 1000
44. — 15. — 19. d. (Friðfinnur Guðjónsson):
Fyrir »2500« kemur 2000
45. — 15. — 19. d. Nýir liðir:
a. Til Önnu Borg, til leiknáms (lokastyrkur) 1200

b. Til Haralds Björnssonar, til leiknáms (lokastyrkur) 1200

46. Við 15. gr. 27. (Guðmundur Bárðarson):
Fyrir »1500« kemur 1800

47. — 15. — 40. (Sigurður Skúlason):
Fyrir »2000« kemur 1000

48. — 15. — 41. (Barði Guðmundsson):
Fyrir »2000« kemur 1000

49. — 15. — 42. (Einar Ó. Sveinsson):
Fyrir »2000« kemur 1000

50. — 16. — 2. (Sandgræðsla):
Fyrir orðin »helming kostnaðar« kemur: lögmæltan kostnað.

51. — 16. — 4. (Tilraunastarfsemi og hafrasáning):
Fyrir »15000« kemur 10000

52. — 16. — 5. (Gjöld samkv. jarðræktarlögum):
Fyrir »150000« kemur 140000

53. — 16. — 7. (Vestmannaeyjavegur):
Fyrir »20000« kemur 16000

54. — 16. — 10. (Landnám):
Liðurinn fellur niður.

55. — 16. — 17. (Fiskifjelagið):
Fyrir »70000« kemur 65000

56. — 16. — 22. (Hafnarbætur í Ólafsvík):
Fyrir »15000« kemur 12000

57. — 16. — 23. (Brimbrjótur í Bolungarvík):
Fyrir »20000« kemur 17500

58. — 16. — 24. Liðinn skal orða svo:
Til markaðsleitar erlendis 20000

59. — 16. — 31. (Þórdís Ólafsdóttir):
Liðurinn fellur niður.

60. — 16. — 37. Liðinn skal orða svo:
Til Verslunarráðs Íslands, kostnaður af símskeytum um markaðsverð og markaðshorfur erlendis 2000

61. — 16. — 47. (Flugnám):
Liðurinn fellur niður.

62. — 16. — 48. (Styrkur til Stokkseyrarhrepps):
Liðurinn fellur niður.

63. — 16. — 49. (Byggingarfjelag Reykjavíkur):
Liðurinn fellur niður.

64. — 18. — II. b. 15. (Guðlaug Magnúsdóttir):
Fyrir »2000« kemur 1200

65. — 18. — II. b. 17. (Ragna Gunnarsdóttir):
Fyrir »400« kemur 600

66. — 18. — II. b. 18. Nýr liður:
Til Ástu Hallgrímsson 600

67. Við 18. gr. II. f. 10.
Fyrir »Kristínar Jóelsdóttur« kemur: Aninu Arinbjarnardóttur.
68. — 18. — II. f. 23. Nýr liður:
Til Halldórs Benediktssonar pósts 200
69. — 23. — III. (Sýslumannssetur á Sauðárkróki):
Liðurinn fellur niður.

Ed. **450. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

I. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 42. gr. Önnur málsgrein orðist þannig:
Eigi mega bankastjórar, bankaráðsmenn nje starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, nema veðdeild, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

II. Frá *meiri hluta fjárhagsnefndar.*
Við 63. gr. Fyrir töluna »1/4« í síðustu línu fyrri málsgreinar komi: 1/2.

Nd. **451. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1925.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 9. gr. Greinin fellur niður. Greinatalan og samtalsupphæð frumvarpsins breytist samkvæmt því.

Ed. **452. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 38, 28. nóv. 1919, um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin leggur til, í einu hljóði, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 28. apríl 1927.

Jónas Kristjánsson, form. Einar Árnason, frsm.

Björn Kristjánsson. M. J. Kristjánsson. Einar Jónsson.

Nd. **453. Frumvarp**

til laga um Landsbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. kafli.

Skipulag bankans.

1. gr.

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sjerstakri stjórn, svo sem nánar er ákveðið í V. kafla laga þessara. Á Norðurlandamálum er heiti bankans *Islands Nationalbank*, á ensku *The National Bank of Iceland* og á öðrum tungumálum samsvarandi heiti.

Bankinn starfar í þrem deildum með aðgreindum fjárhag, og nefnast þær seðlabanki, sparisjóðsdeild og veðdeild. Skal halda algerlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánum, innlánum, bókfærslu og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans umfram stofnfje það, sem hann leggur seðlabankanum samkvæmt 5. gr., nema sjerstaklega sje ákveðið með lögum.

Nú verður ákveðið með lögum að greina veðdeild eða sparisjóðsdeild eða þær báðar alveg frá bankanum, og gilda ákvæðin í V., VI. og VII. kafla þá eigi lengur fyrir þá deild eða þær deildir, sem þannig verða greindar frá bankanum.

2. gr.

Landsbanki Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess hefir bankinn útibú þar, sem bankaráðið ákveður með samþykki framkvæmdarstjórnar og að fengnu samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál.

II. kafli.

Seðlabankinn.

3. gr.

Seðlabankinn hefir á hendi útgáfu seðla innan þeirra takmarka, er þarf til að fullnægja gjaldmiðilsþörf í innanlandsviðskiftum.

4. gr.

Tilgangur seðlabankans er:

1. Að stuðla að tryggri skipun á peningamálum landsins, með það fyrir aug-

um, að gull og gullgildir seðlar geti sem fyrst orðið og haldi síðan áfram að vera hinn almenni gjaldeyrir í landinu. Í því skyni ber stjórn bankans einkanlega að gæta þess, að fje bankans sje tryggilega fyrir komið til ávöxtunar, og sje jafnan handbært að eins miklu leyti og krefjast verður af seðlabanka. Svo ber og stjórn bankans að afstýra, eftir því sem unt er, með kaupum og sölum á erlendum gjaldeyri og verðbrjefum, sem skráð eru á erlendum kauphöllum, með viðskiftum við aðrar peningastofnanir í landinu og með tilhögun útlánsstarfseminnar, truflun þeirri á peningamálum og atvinnulífi, sem annars má vænta, að almennar hagsveiflur hafi í för með sjer.

2. Að reka bankastarfsemi eftir því, sem nánar er til tekið í lögum þessum.

5. gr.

Stofnfje seðlabankans er 5 milj. kr., sem ríkissjóður leggur honum til, þar af 2 milj. kr. innskotsfje það, er ákveðið var með lögum nr. 50, 10. nóv. 1913, að ríkissjóður legði Landsbankanum. Auk þess skal seðlabankinn safna varasjóði samkvæmt 24. gr.

6. gr.

Seðlabankinn hefir einkarjett til að gefa út bankaseðla eða annan gjaldmiðil, sem komið geti í stað mótaðra peninga og getur gengið manna í milli í stað bankaseðla, með þeirri einni takmörkun, er leiðir af lögum nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Ráðherra sá, er með bankamál fer, ákveður, eftir tillögu bankaráðsins, lögun og útlit seðla þeirra, er bankinn gefur út, og gefur út auglýsingu um það efni, eftir því sem þörf er á. Enginn seðill, er bankinn gefur út, má hljóða um minni upphæð en fimm krónur.

Seðlar þeir, er bankinn gefur út, skulu vera gjaldgengir í ríkissjóð og aðra almenna sjóði hjer á landi og vera löglegur gjaldeyrir manna á milli með fullu ákvæðisverði.

Hver, sem býr til eftirmynd seðla þeirra, er bankinn gefur út, eða falsar þá, skal sæta þeirri refsingu, sem 266. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 ákveður. Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búið er að eftirmynda eða falsa seðilinn, þó að ekki sje búið að láta hann út.

7. gr.

Seðlabankanum er skylt, ef þess er krafist, að greiða seðla þá, er hann hefir gefið út, handhafa þeirra með ákvæðisverði í löglegri og gjaldgengri gullmynt, enda samsvari upphæð seðlanna heilli tölu gullmynta, en í skiftimynt, ef upphæðin er minni. Bankanum er skylt að kaupa af hverjum, er þess æskir, skírt ómyntað gull á 2480 krónur hvert kílógram, að frádregnum $^1/_2$% í myntgerðarkostnað. Útibúum bankans er eigi skylt að leysa inn seðla eða kaupa gull nema bankaráðið mæli svo fyrir.

8. gr.

Seðlabankanum er heimilt að gefa út seðla, eftir því sem gjaldmiðilsþörfin krefur, með takmörkunum þeim, sem greinir hjer á eftir, gegn því að bankinn

1. eigi gullforða, er nemi 40% af því seðlamagni, sem úti er í hvert skifti. Gullforðinn má þó aldrei fara niður úr 2 miljónum króna.
2. hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlamagnsins, sem ekki er trygður með gullforðanum, þannig að 125 krónur komi á móti hverjum 100 krónum í seðlum.

9. gr.

Til gullforða telst:

a. Lögleg gjaldgeng gullmynt.
b. Ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi minst 2480 kr. fyrir hvert kílógramm af skíru gulli.
c. Innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er, í erlendum bönkum, sem bankaráðið telur fulltrygga og ráðherra samþykkir, að frádregnum samskonar skuldum bankans, þó eigi yfir 1/4 alls gullforðans.

Gullforði bankans samkvæmt a- og b-lið skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum (og útibúum hans, ef þeim ber að leysa inn seðla samkvæmt 7. gr.). Þó má til þess hluta gullforðans telja gull það, sem sannað er um, að sje á leið hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 300000 krónur í einu.

10. gr.

Til eignar þeirrar, sem tryggja skal seðlamagn það, er gullforðinn nægir ekki til, teljast:

a. Auðseld opinber verðbrjef eftir gangverði.
b. Önnur verðbrjef, ekki hlutabrjef, sem skráð eru á erlendum kauphöllum.
c. Víxlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innanlands eða erlendis.
d. Innieign í erlendum bönkum, sem fellur til útborgunar innan sex mánaða lengst, að frádregnum samskonar skuldum bankans við erlenda banka.
e. Skuldabrjef, gefin út fyrir lánum gegn handveði í verðbrjefum þeim, sem greinir í a.- og b.-lið þessarar greinar.

11. gr.

Seðlabankanum skal skylt á hverjum tveggja vikna fresti að gefa ráðherra þeim, er fer með bankamál, skýrslu um seðla í umferð og gullforðann og eign þá, sem samkvæmt 10. gr. er til tryggingar seðlunum. Skulu skýrslur þessar birtar almenningi jafnóðum.

Beri skýrsla með sjer, að meiri seðlar sjeu í umferð en lögmæt trygging er fyrir, er bankastjórnin skyld að ráða bót á þessu í síðasta lagi innan fjögra vikna frá því skýrslan er gefin.

12. gr.

Bankaráð og framkvæmdarstjórar bera ábyrgð á því, að þeir seðlar, sem í umferð eru, fari aldrei fram úr nauðsynlegum þörfum viðskiftalífsins. Ráðherra sá, er fer með bankamál, getur lagt bann við aukinni útgáfu seðla, ef teljast verður, að hans dómi, umfram nauðsynlegar þarfir viðskiftalífsins.

13. gr.

Seðlabankinn tekur við peningum:

1. Í hlaupareikning, án vaxta eða með vöxtum, eftir ákvörðun bankaráðs og framkvæmdarstjórnar, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð bankans.
2. Til geymslu.

Útibú seðlabankans taka og við innlánsfje með sparisjóðskjörum, ef svo verður ákveðið í reglugerðum þeirra.

14. gr.

Seðlabankanum er heimilt:

1. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands.
2. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis.

Víxlar þeir, sem greinir í 1. og 2. tölulið, mega ekki vera með lengra gjaldfresti en 6 mánuðum, og má eigi endurnýja þá meira en 6 mánuði samtals.

Ef ávísanirnar, sem seðlabankinn kaupir og greiðast eiga innanlands eða utanlands, eru afsagðar eftir sömu reglu og víxlar vegna greiðslufalls, öðlast þær í öllu tilliti víxilrjett.

3. Að kaupa víxla, sem greiðast eiga innanlands, með alt að 12 mánaða gjaldfresti, gegn tryggu handveði eða fasteignarveði.
4. Að kaupa og selja dýra málma.
5. Að veita reikningslán gegn handveði eða fasteignarveði, og sjeu þau lán uppsegjanleg með 3 mánaða fyrirvara.
6. Að kaupa og selja skuldabrjef ríkja, bæjar- og sveitarfjelaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbrjef. Hlutabrjef má seðlabankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annara.
7. Að lána út á verslunarvörur, sem eigi er hætta á að skemmist á stuttum tíma, og má ekki lána út á þær meira en $^2/_3$ gangverðs og eigi lengur en í 3 mánuði.

15. gr.

Seðlabankinn má taka lán gegn tryggingu í sjálfs sín eignum. Til þess að setja tryggingu þarf samþykki bankaráðs og ráðherra.

16. gr.

Seðlabankinn tekur til geymslu gegn gjaldi dýra málma, verðmæta hluti og verðbrjef. Hann getur tekið að sjer að annast innheimtu á vöxtum og afborgunum af verðbrjefum, á arðmiðum og á útdregnum skuldabrjefum. Einnig getur hann tekið verðmæti til geymslu í lokuðum hólfum eða innsiglað.

17. gr.

Seðlabankinn má annast allskonar innheimtur á fjárhæðum fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, bæði hjerlendis og erlendis.

18. gr.

Seðlabankinn hefir á hendi án endurgjalds öll framkvæmdarstörf viðvíkjandi skiftimynt þeirri, er ríkisstjórnin gefur út, þar á meðal að halda saman mynt, sem ónothæf er orðin. Bankinn er skyldur til að taka við hvaða upphæð sem er í löglegri íslenskri skiftimynt. Nú hefir bankinn í sjóði meiri íslenska skiftimynt en framkvæmdarstjórn bankans þykir þörf á vegna viðskifta bankans, og er bankanum þá rjett að afhenda ríkisstjórninni það, sem umfram er, gegn greiðslu í öðrum löglegum gjaldeyri.

19. gr.

Framkvæmdarstjórn seðlabankans og bankaráðinu er skylt að gæta þess, að bankinn hafi jafnan, auk þeirra vissu og auðseldu eigna, sem ræðir um í 8. gr. 2. tölulið og 10. gr., hæfilega mikið af samskonar eignum í hlutfalli við þær skuldbindingar bankans, sem gengið verður eftir án fyrirvara. Enn fremur ber bankastjórninni, eftir því sem aukning á slíkum skuldbindingum seðlabankans gefur tilefni til, að leitast við að auka gullforða bankans eða innieignir hans erlendis.

20. gr.

Seðlabankinn má eigi veita ríkissjóði önnur lán en bráðabirgðalán til alt að þriggja mánaða í einu og ekki hærri upphæð en svo, að nemi $^1/_4$ af stofnfje bankans. Allar slíkar skuldir ríkissjóðs skulu goldnar að fullu fyrir lok hvers reikningsárs.

Þetta ákvæði skal þó ekki vera því til fyrirstöðu, að bankinn veiti fyrirtækjum, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs, lán eftir sömu reglum og einstökum mönnum eða fyrirtækjum einstakra manna.

21. gr.

Starfsár seðlabankans er almanaksárið. Ársreikning seðlabankans skal birta í Stjórnartíðindunum, og skal hann saminn svo snemma, að hann verði birtur í síðasta lagi 3 mánuðum eftir árslok. Auk þess skal við hver mánaðamót birta stutt yfirlit yfir hag bankans. Reikningurinn skal endurskoðaður af 2 bókhaldsfróðum endurskoðendum, sem ráðherra skipar eftir tillögum bankaráðsins. Þeir skulu rannsaka reikninginn og bera saman við bækur bankans og heimafje. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje bankans og eignir sjeu fyrir hendi. Að öðru leyti ber þeim að hafa eftirlit með reikningsfærslu og bókhaldi bankans og gera tillögur til bankaráðsins um umbætur í því efni, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Þóknun handa endurskoðendum skal ákveðin í reglugerð seðlabankans.

22. gr.

Reikninginn skal gera upp svo sem fyrir er mælt í reglugerð seðlabankans. Á reikningnum skal telja skuldir bankans í erlendri mynt og innieignir bankans erlendis, svo og hverskonar verðbrjef, með því gangverði, sem skráð er

31. desember. Ef bankinn hefir keypt greind verðbrjef lægra verði en því, sem skráð er 31. desember, má telja þau á reikningnum með kaupverðinu.

Ráðherra úrskurðar ársreikninga bankans.

23. gr.

Af tekjum á árinu greiðist:

1. Allur kostnaður og rekstrarútgjöld; þó má skifta kostnaði við seðlagerð og bankabyggingar niður á alt að 10 ár.
2. Tap, sem lokið er uppgerð á, og tap, sem telja verður orðið, enda þótt ekki sje lokið uppgerð á því.
3. Enn fremur má leggja til hliðar hæfilega fjárhæð fyrir tapi, sem búast má við.

24. gr.

Af tekjuafgangi hvers árs fær ríkissjóður greiddar 6% af stofnfjenu, þó aldrei meira en helming tekjuafgangsins. Hinn hluti tekjuafgangsins rennur í varasjóð. Þegar varasjóður er orðinn 4 miljónir króna, skiftist arður seðlabankans þannig, að varasjóður fær $^1/_4$ hluta, en ríkissjóður $^3/_4$ hluta. Ef seðlabankinn verður fyrir tapi eftir að varasjóður er orðinn 4 miljónir króna, sem setur varasjóð niður úr þeirri fjárhæð, skiftist tekjuafgangurinn eftir sömu reglu og áður en varasjóður náði 4 miljónum króna uns hann hefir aftur náð þeirri fjárhæð.

25. gr.

Ef ársteljur bankans hrökkva ekki til að bera tap það, sem um ræðir í 23. gr. 2. og 3. tölulið, ber varasjóður það, sem á vantar.

26. gr.

Seðlabankinn skal eiga fjárhæð, er nemi $^1/_3$ af varasjóði bankans, í:

1. auðseldum erlendum ríkisskuldabrjefum,
2. kröfum á erlenda banka, er verða greiddar innan 6 mánaða, að frádregnum samskonar skuldum bankans.

Komi það fyrir, að bankinn verði að skerða þessa eign, skal hún jafnskjótt og unt er aukin aftur, svo að fullnægi ákvæðum þessarar greinar.

III. kafli.

Sparisjóðsdeild bankans.

27. gr.

Sparisjóðsdeild tekur við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum.

28. gr.

Sparisjóðsdeild bankans er heimilt:

1. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands.

2. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfsskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabrjef ríkja, bæjar- og sveitarfjelaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbrjef. Hlutabrjef má sparisjóðsdeildin ekki kaupa eða selja nema í umboði annara.
6. Að annast að öðru leyti venjuleg sparisjóðsstörf.

29. gr.

Sparisjóðsdeild skal eiga að minsta kosti sem svarar 15% af innlánsfje með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbrjefum, svo sem ríkisskuldabrjefum, veðdeildarbrjefum eða jarðræktarbrjefum og öðrum jafntryggum verðbrjefum. Verðbrjefaeign þessi skal aukin upp í 30% svo fljótt sem bankaráðinu þykir tiltækilegt. Ef vafi þykir leika á, hvaða verðbrjef fullnægi ákvæðum þessarar greinar, sker bankaráðið úr.

30. gr.

Sparisjóðsdeildin skal taka þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn, rekstur og húsnæði bankans eftir ákvörðun bankaráðsins. Allur tekjuafgangur rennur í varasjóð deildarinnar, enda ber hann töp þau, sem deildin kann að verða fyrir og eigi verða greidd af árstekjum hennar. Um endurskoðun og reikningsskil fer eftir ákvæðum 21.—23. gr.

31. gr.

Sparisjóðsdeildin með útibúum sínum lýtur öllum ákvæðum hinnar almennu löggjafar um sparisjóði, nema öðruvísi sje ákveðið í þessum lögum.

IV. kafli.

Veðdeild bankans.

32. gr.

Veðdeild annast útlánsstarfsemi gegn veði í fasteignum á Íslandi, samkvæmt sjerstökum lögum og reglugerðum.

V. kafli.

Stjórn bankans.

33. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum 5 manna bankaráðs og ráðherra þess, er fer með bankamál, samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum þessum.

34. gr.

Formann bankaráðsins skipar ríkisstjórnin til 5 ára í senn, svo og varaformann. Hinir 4 bankaráðsmennirnir, sem skulu vera utanþingsmenn, skulu kosnir til 4 ára í senn, og skal kosning þeirra fara þannig fram, að efri deild Alþingis kýs 2 þeirra með hlutfallskosningu og 2 varamenn, en neðri deild kýs 2 þeirra, einnig með hlutfallskosningu, og 2 varamenn. 2 aðalmenn og 2 varamenn skulu ganga úr annaðhvert ár. Í fyrsta skifti ræður hlutkesti, hvorir skulu úr ganga, aðalmenn og varamenn þeir, sem efri deild eða neðri deild kaus. Bankaráðsmennina og varamennina má endurkjósa.

Ef formaður og varaformaður fellur frá, eða verður óhæfur til starfsins áður en starfstími hans er á enda, skipar ríkisstjórnin nýjan formann eða varaformann. Og ef þingkjörinn bankaráðsmaður og varamaður hans fellur frá, eða verður óhæfur til starfsins milli þinga, setur ríkisstjórnin menn í þeirra stað til næstu þingloka.

Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík, eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sje auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 5000 kr. í árspóknun, hinir bankaráðsmennirnir 3000 kr. hver. Auk þess fá allir bankaráðsmennirnir dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum sem starfsmenn ríkisins. Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

35. gr.

Engan má kjósa í bankaráð nema hann sje lögráða, hafi óflekkað mannorð og sje fjár síns ráðandi. Ef bankaráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans er á enda, hættir hann þegar störfum í ráðinu.

36. gr.

Bankaráðið ræður aðalbankastjóra og tvo aðra bankastjóra. Eru þeir framkvæmdarstjórn bankans. Skulu þeir ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra, jafnt aðalbankastjóra sem hinum bankastjórunum, frá fyrirvaralaust gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega sem ekki er um að ræða afbrot af hálfu bankastjórans, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Ennfremur getur ráðherra sá, sem fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávikna bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Laun aðalbankastjóra skulu ákveðin af bankaráðinu með samningi. Skulu þau vera fastbundin árslaun og mega ekki að neinu leyti vera miðuð við rekstrarhagnað bankans. Hinir bankastjórarnir hafa að árslaunum 12000 krónur hvor og auk þess dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni; dýrtíðaruppbótin reiknast með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins.

Bankaráðið getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fje bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum hans

bankastjóranum, og 25% af laununum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skifti.

37. gr.

Bankaráðsmenn skulu hafa daglegt eftirlit í bankanum, þannig, að formaður bankaráðsins skal framkvæma eftirlitsstarfið daglega, en hinir bankaráðsmennirnir að öllum jafnaði tveir í senn á víxl annanhvern dag ásamt formanninum. Þeir skulu grannskoða allar framkvæmdir bankastjórnarinnar og alt það, sem fer fram í hinum ýmsu starfsgreinum bankans.

Bankaráðið heldur fundarbók, sem í er ritað það helsta, sem fram fer á fundum þess, og allar ályktanir. Til þess að gerð verði gild ályktun verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Það ákveður, hvenær bankastjórarnir skuli mæta á fundum þess. Reglulega fundi skal bankaráðið halda að minsta kosti í 1. og 3. viku hvers mánaðar. Nú er bankaráðsmaður fjarverandi um stund, og ber hann meðábyrgðina á því, sem bankaráðið hefir ályktað í fjarveru hans, nema hann skrifi ágreiningsatkvæði um einhverjar framkvæmdir þess í fjarveru hans í fundarbókina.

Fundarbók þessi skal svo lögð fyrir fjárhagsnefndir Alþingis í hvert skifti er það kemur saman.

Ennfremur skal bankaráðið skýra Alþingi frá:

1. Ástandi bankans í öllu tilliti og hvernig bankanum hefir verið stjórnað.
2. Hvort nokkuð hefir verið vanrækt, sem gera hefði átt, eða hvort fyrirkomulaginu þurfi að breyta til bóta í einhverjum efnum.

Bankaráðið velur mann af starfsmönnum bankans til að rannsaka útibú bankans eftir þörfum, eða mann úr sínum hópi.

Á hverjum reglulegum fundi skal framkvæmdarstjórnin leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, um verðbrjefaeign hans, um innlánsfje í honum og um það, hve mikið af því megi taka út fyrirvaralaust, um slíkar kröfur erlendar, um seðlaveltu, gullforða og innieignir erlendis og annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

38. gr.

Bankaráðinu ber, auk þess sem áður segir:

a. Að koma fram fyrir hönd bankans gagnvart dómstólunum, yfirvöldum og gagnvart þriðja manni. Ráðið getur úrskurðað um öll mál bankans, sem ekki er áskilið ráðherra að úrskurða um.
b. Að hafa umsjón og eftirlit með eignum bankans og starfsemi hans, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð bankans.
c. Að ákveða verkaskifting milli aðalbankastjóra og hinna bankastjóranna og setja bankastjórunum erindisbrjef,
d. Að skipa stjórnendur útibúa bankans og víkja þeim frá, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar.
e. Að skipa aðalbókara, aðalfjehirði og fjehirði bankans, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar, svo og að ákveða, hversu hátt veð fjehirðar skuli setja.

f. Að ákveða laun starfsmanna bankans, setja reglugerð um eftirlaunasjóð handa starfsmönnum bankans og úrskurða um eftirlaun þeirra.
g. Að ákveða með samþykki framkvæmdarstjórnar og að fengnu samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál, hvar bankinn skuli hafa útibú.
h. Að ákveða ásamt framkvæmdarstjórninni forvexti og útlánsvexti bankans.
i. Að ákveða ásamt framkvæmdarstjórninni, hve mikið af starfsfje bankans megi vera bundið í hverri atvinnugrein á hverjum tíma og ákveða aðrar almennar reglur um starfrækslu bankans.
j. Að úrskurða um deilur, sem upp kunna að koma milli starfsmanna bankans og bankastjóranna.
k. Að taka ákvarðanir um eftirgjafir á skuldum án gjaldþrotaskifta. Að jafnaði skal Landsbankinn ekki veita neinum skuldunaut eftirgjöf á lánum, nema árangurslaust fjárnám sje á undan gengið, eða samkvæmt opinberum nauðasamningi, þegar við getur átt.
l. Að ákveða, að fengnum tillögum bankastjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans skuli ásamt bankastjóra geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni.
m. Að sjá um endurskoðun á reikningum bankans og ganga eftir því, að endurskoðendur bankans ræki vel starf sitt.
n. Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu, er ráðherra staðfestir.
o. Að gera út um ágreining milli bankastjóranna (samanber 39. gr.).
p. Að gera ályktun um þau mál, sem framkvæmdarstjórnin leggur fyrir bankaráðið.

Bankaráðið ákveður, hve mikið af starfsfje bankans skuli fengið hverju útibúi til umráða, enda komi samþykki framkvæmdarstjórnar til.

39. gr.

Aðalbankastjóri, er hafi víðtæka þekkingu og reynslu í viðskiftamálum, hefir æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans.

Í forföllum hans kemur sá hinna bankastjóranna, sem er eldri í stöðunni. Að öðru leyti fer um skiftingu starfa milli bankastjóranna eftir reglugerð bankans og ákvörðun bankaráðs.

Framkvæmdarstjórnin ráðstafar fje bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sje í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

Framkvæmdarstjórarnir halda fundarbók, sem í eru ritaðar allar ályktanir, sem gerðar eru á fundum þeirra. Til þess að gerð verði gild ályktun verða eigi færri en 2 bankastjórar að vera á fundi, enda sjeu þeir sammála.

Að jafnaði ræður meiri hluti framkvæmdarstjórnar úrslitum.

Minni hlutinn hefir þó rjett á að skrifa rökstutt ágreiningsatkvæði sitt í fundarbókina eða dagbækurnar, og skal ágreiningsatriðið þá lagt fyrir bankaráðið til úrslita.

Allir viðstaddir bankastjórar skrifa undir fundarbókina í hvert skifti, er fundur er haldinn.

Framkvæmdarstjórnin heldur og 3 dagbækur, sína fyrir hverja deild bankans, og skal daglega í þær rita allar lánveitingar og lánsynjanir.

Fundarbókin og dagbækurnar skulu daglega lagðar fyrir bankaráðið, undirskrifaðar af öllum viðstöddum bankastjórum.

Nú er bankastjóri fjarverandi, og ber hann fulla meðábyrgð á því, sem framkvæmt hefir verið í fjarveru hans, nema hann skrifi ágreiningsatkvæði um það, sem hann er ósamþykkur, í fundarbókina eða dagbækurnar.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt (sbr. 38. gr.) að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar, og eigi aðrir, svo gilt sje.

40. gr.

Framkvæmdarstjórnin ræður alla þá starfsmenn bankans, sem bankaráðinu er eigi falið sjerstaklega að ráða, samkvæmt 38. gr., og segir þeim upp. Starfsmenn bankans skulu að jafnaði ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

41. gr.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkvæmt 38. gr. l.

42. gr.

Alþingismenn mega ekki vera bankastjórar. Ekki mega bankastjórar hafa embættisstörf á hendi, ekki reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega bankastjórar nje starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, nema veðdeild, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

Bankaráðsmenn mega ekki hafa milligöngu um lántökur annara í bankanum.

43. gr.

Bankaráð, framkvæmdarstjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um alt það, er snertir hagi viðskiftamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

44. gr.

Stofna skal eftirlauna- og styrktarsjóð handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra og ómegð, og skal bankinn leggja fram til stofnunar hans 25000 krónur í eitt skifti fyrir öll. Allir, sem verða fastráðnir starfsmenn í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu skyldir til að greiða í sjóðinn 3% af árs-

launum sínum, og leggur bankinn sjóðnum til jafnháa fjárhæð árlega. Þeir, sem eru fastráðnir starfsmenn bankans, er lögin ganga í gildi, öðlast rjett til styrks úr sjóðnum samkvæmt reglugerð hans, ef þeir greiða gjald þetta frá þeim tíma. Heimilt er bankaráðinu að greiða þeim til viðbótar af fje bankans, svo að þeir njóti eigi minni styrks í heild en tilsvarandi starfsmenn, sem verða fastráðnir í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi.

Bankaráðið ákveður með reglugerð um fyrirkomulag sjóðsins, skilyrði fyrir greiðslum úr honum og annað, sem þar að lýtur.

Þessi grein tekur ekki til bankastjóranna.

VI. kafli.

Sjerrjettindi bankans.

45. gr.

Glatist viðtökuskírteini, er bankinn hefir gefið út fyrir handveði eða geymslufje eða fyrir innláni, eða viðskiftabók fyrir sparisjóðsinnlagi eða öðrum innlögum, getur framkvæmdarstjórn bankans stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskírteinis eða viðskiftabókar með 6 mánaða fyrirvara, og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í tíðindum þeim, er flytja skulu stjórnarvaldaauglýsingar hjer á landi, og ef enginn hefir sagt til sín áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefir viðtökuskírteinið eða viðskiftabókina, án þess nokkur annar, er viðtökuskírteinið eða viðskiftabókin kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

46. gr.

Fje ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í bankanum. Landsbankinn með útibúum sínum hefir einn, að því er við verður komið, heimild til að taka við geymslufje (depositum).

47. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrsetning eða löghaldi meðan það stendur þar.

48. gr.

Bankanum er heimilt að áskilja sjer hærri vexti en 6% um árið af útlánum gegn fasteignarveði.

49. gr.

Nú er óskað láns gegn fasteignarveði, og skal þá gefa vottorð um fasteignina úr afsals- og veðmálabókum kauplaust, þegar stjórn bankans krefst þess, enda sje vottorðið ætlað bankanum einum til afnota.

50. gr.

Bankinn getur löglega samið svo við skuldunauta sína, að þeir taki upp í veðskuldabrjef sín til bankans ákvæði það, er getur um í tilskipun 18. febrúar 1847, 10. gr., um fje ómyndugra á Íslandi.

51. gr.

Eigi missir bankinn kröfu sína, þótt veðið glatist fyrir óhapp.

52. gr.

Bankinn hefir rjett til að láta starfsmenn sína selja verðbrjef og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur, eða menn vita ekki um heimili hans, og þá skal bankinn stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa veðið, með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birta skal í stjórnarvaldaauglýsingar.

53. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnist, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs, eða annara stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar af hlutabrjefum eða skuldabrjefum bankans, hlutabrjef bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

54. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða á gjaldþrotaskiftum, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Landsbankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert viðvart svo tímanlega, að hægt sje að mæta eða láta mæta við uppboðið.

VII. kafli.

Bráðabirgðaákvæði.

55. gr.

Kosning í bankaráðið fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1927. Þegar eftir að lög þessi öðlast gildi skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál, formann bankaráðsins. Ráðherra sjer síðan um, að fram fari úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins. Bankaráðið sjer um, að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum komist að fullu í framkvæmd þegar eftir að úttekt er lokið, þó eigi síðar en 1. janúar 1929.

56. gr.

Bankaráðið sjer um framkvæmd á skiftum milli seðlabankans og sparisjóðsdeildar, og skulu þau skifti vera komin í framkvæmd að fullu fyrir árslok 1930. Um reikningsskil milli deildarinnar og seðlabankans fer eftir nánari ákvörðun bankaráðsins, þar til skiftum er lokið.

Af varasjóði bankans, eins og hann verður þegar skiftum er lokið, fær sparisjóðsdeildin helminginn og seðlabankinn helminginn.

Þangað til varasjóður sparisjóðsdeildarinnar hefir náð fullum 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu ber seðlabankinn ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðsdeildar með upphæð, sem nemur innskotsfje ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 50, 10. nóv. 1913.

57. gr.

Launaákvæði laga þessara ná ekki til núverandi bankastjóra. Meðan þeir gegna bankastjórastöðu við Landsbankann, halda þeir núverandi launum sínum, nema öðruvísi semjist. Um uppsögn núverandi bankastjóra skulu sömu reglur gilda og í gildi voru, er þeir tóku sæti í bankastjórninni. Aðalbankastjóra skal ráða þegar eitt sæti losnar í bankastjórninni.

Jafnskjótt sem núverandi bókari, aðalfjehirðir og fjehirðir láta af stöðum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum laga þessara.

58. gr.

Þangað til lög verða sett um opinbera verðbrjefaverslun og kauphingsskráningu verðbrjefa skal bankanum skylt að kaupa af almenningi og selja almenningi trygg innlend verðbrjef, þau er ræðir um í 29. gr., gangverði, sem ákveðið sje af bankaráði, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar, eigi sjaldnar en einu sinni á viku, og birt almenningi með auglýsingu á áberandi stað í aðalafgreiðslustofu bankans og útibúa hans.

Bankinn er þó undanþeginn skyldum þeim, er ræðir um í þessari grein, annaðhvort um kaup eða sölu, ef eign bankans í slíkum verðbrjefum fer fram úr því eða niður fyrir það, sem framkvæmdarstjórn bankans telur hæfilegt.

59. gr.

Ákvæði 7. gr. ganga í gildi þegar Alþingi ákveður. Þangað til getur ráðherra veitt bankanum undanþágu frá ákvæði 9. gr. c.-lið, um að innstæður erlendis megi ekki fara fram úr $^1/_4$ alls gullforðans. Ákvæði 26. gr. um varasjóð ganga þá um leið í gildi.

60. gr.

Auk hinna gulltryggðu seðla er bankanum heimilt að gefa út alt að 1 miljón króna. Seðlamagn þetta skal minka um 100000 kr. fyrir 1. nóvember 1927 og úr því árlega um sömu upphæð.

61. gr.

Bankinn gengur inn í kaup ríkissjóðs á gullforða Íslandsbanka samkvæmt 3. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921.

62. gr.

Heimilt er ráðherra að taka nauðsynleg lán til greiðslu á stofnfje bankans samkvæmt 5. gr. þessara laga.

63. gr.

Ákvæði 20. gr. um lán til ríkissjóðs taka eigi til þeirra lána, sem ríkissjóður hefir frá Landsbankanum þegar lög þessi öðlast gildi.

64. gr.

Landsbankinn endurkaupir af Íslandsbanka góða viðskiftavíxla gegn forvöxtum, sem sjeu ekki minna en 1% lægri en forvextir Íslandsbanka, þó aldrei lægri en 1% undir forvöxtum Landsbankans til peningastofnana, fyrir alt að $^5/_8$ þeirrar upphæðar, sem Íslandsbanki hefir á hverjum tíma dregið inn af seðlaveltu sinni, miðað við 31. okt. 1922; en þá telst seðlavelta Íslandsbanka hafa verið 8 miljónir króna. Eftir að Íslandsbanki hefir dregið inn alla seðla sína minkar fjárhæð sú, sem Landsbankinn endurkaupir með þessum kjörum, um $^1/_2$ miljón króna á ári hverju, þar til hún hverfur alveg.

Meðan Íslandsbanki hefir á hendi seðlaútgáfu, eða ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum fyrir hann, og einhverjir af bankastjórum hans þess vegna eru skipaðir af ríkisstjórninni, sbr. 6. gr. laga nr. 61 1921, skulu ákvæði fyrstu málsgreinar 42. gr. einnig taka til þeirra bankastjóra.

VIII. kafli.

Niðurlagsákvæði.

65. gr.

Lög nr. 14, 18. september 1885, um stofnun Landsbanka, lög nr. 2, 12. janúar 1900, um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885, lög nr. 28, 22. október 1912, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun Landsbanka, lög nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885 m. m., og lög nr. 37, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun Landsbanka, eru úr gildi numin.

66. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **454. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1925.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1925, eru veittar kr. 1521999,54 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. gr. hjer á eftir:

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

A. Ráðuneytið o. fl.

Við 2.	Til utanferða ráðherra	2957,00	
— 4.	Annar kostnaður	20974,16	
— 5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	9030,98	
— 6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum...	1145,44	

B. Hagstofan.

Við 3.	Pappír, prentun o. fl.	4985,29	
— 4.	Prentun eyðublaða...	390,91	
— 5.	Húsaleiga, hiti, ljós o. fl.	2461,63	
— 6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	9660,08	
— 7.	Til að gefa út manntalið 1703	226,53	

C. Utanríkismál og ríkisráðskostnaður.

Við 1.	Til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn	1677,93	
— 3.	Ríkisráðskostnaður...	2000,02	
— 4.	Kostnaður við sambandslaganefnd	9041,45	
			64551,42

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæsla og lögreglustjórn.

Við 1.	c. Hæstirjettur: Annar kostnaður	3095,13	
— 4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	b. Húsaleiga	240,00	
	c. Hiti, ljós og ræsting...	100,00	
	d. Ýms gjöld	1331,04	
	Flyt	4766,17	64551,42

	Flutt	4766,17	64551,42
Við 5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns	11663,00	
	b. Laun 3 tollvarða	14100,66	
	d. Hiti og ljós...	1689,12	
— 6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta.	42000,00	
— 7.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa	4338,40	
— 9.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.	6941,17	
— 10.	Borgun til sjódómsmanna	904,00	
— 11.	Borgun til setu- og varadómara...	6794,45	
	B. Ýmisleg gjöld.		
Við 1.	b. Til pappírs og prentunar	16406,31	
— 2.	a. Endurgjald fyrir burðargjald embættismanna	11352,07	
— 3.	Brunaábyrgðar- og sótaragjöld	6628,56	
— 4.	Til embættiseftirlitsferða	2250,97	
— 6.	Til landhelgisgæslu	31090,45	
			160925,33
	4. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:		
Við 4.	Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði	624,00	
— 8.	Til geislalækningastofu ríkisins	4435,35	
— 10.	Holdsveikraspítalinn	5466,12	
— 11.	Geðveikrahælið á Kleppi	1232,23	
— 12.	2. Heilsuhælið á Vífilsstöðum	19809,70	
— 13.	j. Styrkur til sjúkrasamlaga	560,70	
			32128,10
	5. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:		
	A. Póstmál.		
Við 1.	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	800,00	
— 2.	Póstflutningur	12155,99	
— 3.	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík	1780,15	
	b. Skrifstofukostnaður utan Reykjavíkur	790,00	
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur	90,00	
	d. Önnur gjöld	28564,61	
	B. Vegabætur.		
Við	I. 3. Ferðakostnaður og fæðispeningar	5835,93	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga..	5279,61	
	5. Skrifstofukostnaður	2539,29	
	Flyt	57835,58	257604,85

		Flutt	57835,58	257604,85
Við	II.	Flutningabrautir	22810,11	
—	III.	Þjóðvegir	89681,08	
—	IV.	Til brúagerða samkv. brúalögum...	78453,44	
—	VI.	Fjallvegir	2560,08	
—	VII.	1. Til áhalda	16521,27	
—	VIII.	Til akfærra sýsluvega	1287,13	
		C. Samgöngur á sjó.		
Við		1. Til strandferða...	13500,00	
—		2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum ...	16250,00	
		D. Hraðskeyta- og talsímasamband.		
Við	II.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl.	154533,11	
—	III.	2. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímans	6112,50	
—	—	3. Ritsímastöðin í Reykjavík...	15314,90	
—	—	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	118665,89	
—	—	7. Ritsímastöðin á Akureyri	6750,54	
—	—	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	3375,68	
—	—	10. Símastöðin á Borðeyri..	1245,07	
—	—	11. — í Hafnarfirði	5591,74	
—	—	12. — í Vestmannaeyjum	1111,69	
—	—	13. — á Siglufirði	8425,27	
—	—	14. Til aukaritsímaþjónustu	3706,00	
—	—	16. Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	557,55	
—	—	18. Til eftirlitsstöðva og annara talsímastöðva	6124,82	
—	IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng	19238,37	
—	V.	Viðbót og viðhald stöðvanna	29530,02	
—	VI.	Kostnaður við ferðalög	5574,45	
—	VII.	Viðhald landssímanna	130837.81	
—	VIII.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	133,35	
		Gengisreikningur...	6938,40	
		E. Vitamál.		
Við	I.	3. Til skrifstofuhalds	734,78	
—	II.	Laun vitavarða	1190,00	
—	III.	Rekstrarkostnaður vitanna	45139,39	
—	IV.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa ...	8647,16	
				878377,18
			Flyt	1135982,03

				Flutt	1135982,03

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

B. Kenslumál.

Við	I. b.		Til hjeraðslæknis í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann	500,00	
—	— d.		Náms- og húsaleigustyrkur	9000,00	
—	— g.		Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	714,91	
—	— h.	3.	Ýms gjöld	8510,38	
—	II.		Námsstyrkur til stúdenta í erlendum háskólum...	10300,00	
—	III. b.	3.	Til skólahússins utan og innan ...	1694,88	
—	— —	4.	Til tímakenslu og til prófdómenda...	13533,50	
—	— —	6.	Námsstyrkur með verðstuðulsuppbót.	560,00	
—	— —	8.	Til vísindalegra áhalda	62,75	
—	— —	9.	Ýmisleg gjöld	2617,90	
—	IV. b.	3.	Til bóka og kensluáhalda	195,27	
—	— —	4.	Eldiviður og ljós...	571,24	
—	— —	7.	Til skólahússins	438,58	
—	— —	8.	Ýmisleg gjöld	2042,64	
—	V. b.	1.	Tímakensla	4254,00	
—	— —	6.	Ýmisleg gjöld	370,42	
—	VI. b.	3.	Ýmisleg gjöld	278,62	
—	VII. b.	3.	Ýms kostnaður	1974,07	
—	VIII. 1. c.	3.	Til eldiviðar og ljósa	3579,08	
—	— — —	4.	Ýmisleg gjöld	1017,17	
—	— 2. c.	3.	Til eldiviðar og ljósa	101,75	
—	XI. 2. b.		Annar kostnaður...	2556,40	
—	— 3.		Styrkur til námskvenna	1130,50	
—	XIII. 3.		Til farskóla og eftirlit með heimafræðslu	29387,40	
—	— 4.		— prófdómara við barnapróf...	3163,67	
—	XVI.		— kenslu heyrnar- og málleysingja ...	14031,89	
				———	112587,02

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Við	5. a.		Til eldiviðar, ljósa, ræstingar o. fl.	481,01	
—	— b.		Til viðhalds og áhalda	724,39	
—	29.		Til veðurathugana og veðurskeyta	12953,15	
				———	14158,55
				Flyt	1262727,60

		Flutt	1262727,60
	8. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:		
Við 6. b.	Til skóggræðslu	2500,00	
— 10. b.	Til húsaleigu	700,00	
— 13. f.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna	6729,89	
— 14.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra	1384,55	
— 16.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum...	2641,90	
— 36.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli	1800,00	
			15756,34
	9. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:		
	Ýms óviss útgjöld og gengismunur		240515,60
	10. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 24. gr. er veitt:		
	Til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki		3000,00
		Samtals kr.	1521999,54

Nd. **455. Frumvarp**

til laga um friðun hreindýra.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hreindýr skulu hvarvetna á landi hjer friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivjelum til 1. janúar 1935. Heimilt skal þó að handsama dýr til eldis.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða 100 kr. sektum í fyrsta sinn fyrir hvert dýr, sem veitt er, en sektir tvöfaldast við hverja ítrekun brots, alt að 400 kr.

3. gr.

Fara skal með mál, er rísa af brotum á lögum þessum, sem almenn lögreglumál. Sektir skulu hálfar falla til uppljóstrarmanns, en hálfar í sveitarsjóð heimilissveitar hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **456. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita verslun þessari forstöðu. Hann skal hafa lyfsalapróf og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Honum skal skylt að útvega frá útlöndum lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rjett hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús. Sjúkrahúslæknir annast um útvegun á þessum vörum handa sjúkrahúsunum. Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín nje ómengaðan spíritus.

Nánari reglur um starfssvið og starfsemi forstöðumanns verslunarinnar verða settar í erindisbrjefi, er ráðherra gefur út.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 25%—75%, miðað við verð þess komið í hús hjer á landi að meðtöldum tolli.

Lyfjaáfengi, svo og önnur lyf, er verslunin útvegar læknum og sjúkrahúsum, seljast án hagnaðar.

Ed. **457. Lög**

um breyting á lögum nr. 43, 10. nóv. 1913 [Landskiftalög].

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl).

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Eftir lögum þessum geta komið til skifta að nokkru eða öllu leyti heimalönd sveitajarða og afrjettarlönd, sem jöfnum höndum eru notuð til vetrarbeitar, tún, sáðreitir, engi, landsnytjar aðrar og hlunnindi, svo og mannvirki, sem tvö eða fleiri býli hafa til samnota og ekki hefir verið áður skift til eignar eða afnota, svo sannað verði eða viðurkent af öllum eigendum.

Nú er túni, sáðreitum, slægjum eða öðrum landsnytjum á sameignarjörð áður skift, og hafa skiftin ekki verið staðfest samkvæmt 10. eða 13. gr. þessara laga, og má þá krefjast skifta að nýju, að svo miklu leyti, sem þau geta gert hagkvæmara skipulag á hverri eign fyrir sig og eru í samræmi við

ákvæði 6. gr. 2. málsl., 7. gr. og 8. gr.; þó skal þess gætt að raska ekki hlutföllum ræktaðs lands, nema samþykki aðilja komi til.

2. gr.

2. grein laganna orðist svo:

Hver einstakur eigandi eða umráðamaður jarðar, jarðarparts eða landsnytja getur krafist skifta samkvæmt lögum þessum. Skiftin skulu vera til fullrar eignar og ætið miðuð við viðurkend og á lögmætan hátt staðfest eignahlutföll lands og landsnytja, er skifta á. Skal ekki aðeins farið eftir stærð lands að flatarmáli, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Eigi má þó staðbundin skifti gera á námarjetti, þar með talið mótak, veiði í vötnum eða sjó, selveiði, fuglaveiði með háf eða skotum, reka, vergögnum, lóðagjöldum, beitutekju, þörungum föstum og lausum og fjörubeit, nema samþykki allra eigenda komi til.

Nú hafa eignahlutföll á sameignarjörð breyst við jarðamat (endurmat) fyrir misjafna ræktun eða aðrar verklegar framkvæmdir eiganda eða ábúanda, og breytast þá eigi fyrir það eignahlutföll óskifts lands eða landsnytja.

Nú er ágreiningur um eignahlutföll óskifts lands eða landsnytja og næst ekki samkomulag. Verður þá eigi úr því skorið nema með dómi.

Um umráð og notkun vatns og fallvatna, svo og um girðingar, fer eftir almennum lögum.

3. gr.

3. grein laganna orðist svo:

Úttektarmenn skulu vera matsmenn og gera skiftin hver í sínu umdæmi. Ef úttektarmaður er hindraður, við málið riðinn eða nákominn aðiljum, kveður sýslumaður annan í hans stað. Sýslumaður skal og kveðja oddamann til skiftagerða. Skal hann vera formaður matsmanna, stýra skiftum og annast bókun skiftagerðar. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum.

Matsmenn fá þóknun fyrir skifti eftir 6. og 7. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917. Oddamaður fær þó $^1/_6$ hlut hærri þóknun að öllu samlögðu en hinir.

4. gr.

4. grein orðist svo:

Þegar skifta skal landi eða landsnytjum, skal bjóða öllum eigendum og öðrum þeim, er notkunarrjett hafa á því, er til skifta getur komið, að vera við skiftin og gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki fyrir það lengur en nauðsyn krefur. Hið sama gildir og við yfirmat, en ekki skulu þeir þó viðstaddir, er matsmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín úrslit skiftanna eða ráða þeim til lykta.

Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiftin, getur heimtað yfirmat. Rjett til að heimta yfirmat hefir einnig hver veðhafi í eign þeirri, er skift er, um eitt ár frá því að sýslumaður hefir tilkynt honum skiftin.

5. gr.

5. grein orðist svo:

Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður þeirra og stýra matinu. Heimilt er honum þó að kveðja annan í sinn stað. Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 7 krónur og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar sýslumaður reikninga yfirmatsmanna; þó má skjóta úrskurði hans undir fullnaðarúrskurð dómsmálaráðuneytisins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs.

Kostnað við skifti greiði sá, er þeirra beiðist, ef skiftatilraun verður árangurslaus sökum vanheimilda, svo og við yfirmat, ef engin breyting er gerð á skiftum; ella skiftist allur kostnaður á eigendur að tiltölu við eignahlutföll þess, er skiftin ná til.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og þau hafa hlotið konunglega staðfestingu. Skal þá jafnframt meginmál þeirra fært inn í aðallögin og þau þannig gefin út í einni heild sem lög frá Alþingi.

Ed. **458. Lög**

um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl).

1. gr.

Skatt þann til sýsluvegasjóðs, er 3. gr. laga nr. 10, 20. júní 1923, ræðir um, er hreppsfjelagi heimilt að greiða úr sveitarsjóði, sje það samþykt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi, og sje tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþyktin er úr gildi numin með sama hætti. Jafnar þá hreppsnefnd skattinum niður með útsvörum, og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá hreppsnefnd heimilt að krefja eiganda um vegarskattinn sem þúsundgjald af eigninni, eftir því, sem hann er ákveðinn að lögum.

Gjald þetta hefir lögtaksrjett.

2. gr.

Nú er lagt fje til akvega samkvæmt síðari málsgrein 5. gr., og greiðist þá framlag úr ríkissjóði móts við samanlagt framlag hrepps og sýslusjóðs, eftir sama hlutfalli og ákveðið er í 8. gr. laganna.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22, 4. júní 1924, um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

Ed. **459. Þingsályktun**

um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl).

Alþingi ályktar að kjósa tvo menn í milliþinganefnd í sameinuðu þingi, með hlutfallskosningu, til þess að athuga og endurskoða alla landbúnaðarlöggjöf vora og gera tillögur um að samrýma hana, og ennfremur að gera tillögur um nýja löggjöf í ýmsum greinum landbúnaðarins, er miklu máli skifta. Þriðja mann í milliþinganefndina skipar atvinnumálaráðherra.

Verkefni nefndarinnar er meðal annars:

1. Lög um æðstu stjórn búnaðarmála.
2. — um not á erfðafestulöndum og leigulóðum.
3. — um stofnun nýbýla og skifting jarða í því skyni.
4. Athuga, hvort ekki muni rjett að breyta lögunum um búnaðarskólana í þá átt, að nemendum verði gert að skyldu að stunda verklegt nám í skólunum eða í sambandi við þá.
5. Endurskoða jarðræktarlögin samkv. 43. gr. nefndra laga.
6. Endurskoða lög um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 1884.
7. Gera tillögur um alt það, er nefndinni líst geti orðið til að auka og flýta fyrir ræktun landsins og landbúnaðinum yrði til styrktar og eflingar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði. Útgjöld fyrir aðstoð við nefndarstörfin og til þess að útvega upplýsingar skal telja til nefndarkostnaðar.

Nd. **460. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Eftirskráðar breytingar skulu gerðar á þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar, 18. gr., 19. gr., 26. gr., 28. gr., 29. gr., 31. gr. og 38. gr.

1. gr,

Í stað orðanna »ár hvert« í 18. gr. komi: annaðhvert ár. — Aftan við greinina komi tvær nýjar málsgreinir, svo hljóðandi:

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukaþing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Það þing má ekki sitja lengur en 4 vikur án samþykkis konungs.

Með lögum má ákveða, að reglulegt Alþingi skuli háð árlega.

2. gr.

Í stað orðanna »á ári« í niðurlagi 19. gr. komi: fundum sama þings.

3. gr.

Í stað »40« í fyrstu málsgr. 26. gr. komi: 42.
Í stað »26« í annari málsgr. sömu gr. komi: 28.
Í stað »34« í þriðju málsgr. sömu gr. komi: 36.

4. gr.

28. grein stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Deyi þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, á kjörtímanum, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt og þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum. Sama er og ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaþing, eða það sem eftir er af því þingi.

5. gr.

Fyrir orðin »í efri deild« í niðurlagi 29. greinar komi: sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

6. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 31. grein skal koma: annaðhvert ár.

7. gr.

Í stað orðsins »fjárhagsár« í 38. gr. komi: fjárhagstímabil.

Nd. **461. Breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. Við 7. gr. Ný málsgr.:

Síðari málsgrein sömu greinar skal orða svo:

Frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga skal leggja fyrir sameinað þing og afgreiða það þar við þrjár umræður.

2. Á eftir 7. gr. skulu koma tvær nýjar greinar:
   a. Upphaf 40. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:
      Ekkert lagafrumvarp, að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum, má o. s. frv.
   b. Fyrir orðin »ræður þá atkvæðafjöldi ..... en eigi ná þó« í 41. gr. komi: Atkvæðafjöldi ræður úrslitum um einstök málsatriði. Þó þarf $^3/_5$ hluta greiddra atkvæða til samþykkis þeirra einstakra fjárveitinga, sem hljóða upp á persónulegar styrkveitingar. Eigi ná ...

Ed. **462. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 18, 4. nóvember 1887, um veð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fellst á frv. þetta, en þar eð ekki þykir nægilega skýrt kveðið á um það í frv., að forrjettindi lánveitanda, þau er veðið veitir, nái aðeins til þess verðmætis, er aflast á því útgerðartímabili, sem lán er veitt til í hvert sinn, leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr.
   a. Á eftir orðunum »af skipi sínu« komi: á einu útgerðartímabili í senn.
   b. Á eftir orðunum »til útgerðarinnar« komi: á því.

Alþingi, 29. apríl 1927.

Jóh. Jóhannesson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.

Ed. **463. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á prestssetrinu Hesti í Ögurþingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leyfir sjer að leggja til, að frv. verði samþykt óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi, 29. apríl 1927.

Jóh. Jóhannesson, form.	Guðm. Ólafsson, fundaskrif. og frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. **464. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bæjarstjórn á Norðfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp um þetta efni var borið fram hjer í háttv. deild á síðasta þingi, og hafði allsherjarnefnd deildarinnar málið þá til meðferðar, eins og nú, og var það þá eftir tillögu nefndarinnar felt.

Nú hefir þó sami háttv. þingmaður borið frumvarp þetta aftur fram, og liggur því næst fyrir að halda, að hann líti svo á, að frumvarpið muni þá hafa verið felt af einhverjum óvanalegum misgáningi deildarinnar, þar sem hann færir ekki fram nein ný rök í málinu.

Allsherjarnefnd hefir ekki breytt skoðun sinni á þessu frumvarpi síðan í fyrra, og þótt vel geti verið, að það kynni að hafa nokkur aukin þægindi í för með sjer fyrir Norðfirðinga að fá kaupstaðarrjettindi og bæjarstjórn, muni þau þægindi reynast talsvert dýrkeypt, þ. e. stjórn sveitarmálefna þeirra verða miklu kostnaðarsamari en nú er og hefir verið á undanförnum blómgunarárum Norðfjarðar. Og eftir því, hve mikið er látið af vexti þessa kauptúns á síðustu árum, verður ekki sjeð, að það hafi staðið því fyrir þrifum, að það hefir ekki kaupstaðarrjettindi.

Þá verður einnig á það að líta, að mikill meiri hluti sýslunefndarinnar í Suður-Múlasýslu telur sýslunni gert tilfinnanlegt fjárhagslegt tap, ef bæjarrjettindakrafa Neshrepps nær fram að ganga, sem vel er skiljanlegt, þar sem hann mun vera einn af fólksflestu og efnuðustu hreppum sýslunnar.

Það skal og tekið fram, sem engan veginn skiftir litlu máli, að með samþykt frumvarpsins væri fjölgað embættismönnum ríkisins, stofnað nýtt embætti, sem af kunnugustu mönnum er mjög um deilt, hvort þörf sje á, og um leið fremur ýtt undir önnur kauptún með svipaðri eða hærri íbúatölu að bera fram samskonar kröfur, sem þá mundi verða að taka til greina.

Að öðru leyti vísast til álits nefndarinnar um þetta mál á síðasta þingi (þingskj. 189).

Nefndin leggur svo til, að frumvarpið verði ekki samþykt.

Alþingi, 29. apríl 1927.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskr. og frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. **465. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1928.

Frá fjárveitinganefnd.

Í byrjun þessa þings munu allmargir þingmenn hafa gert sjer sterkar vonir um það, að störfum þingsins yrði í þetta sinn lokið fyrir páska. En í þess stað hefir svo farið, að neðri deild afgreiddi fjárlögin þó fyrst til efri deildar, er fast var komið að páskum, svo að þau urðu eigi tekin á dagskrá þar fyr en eftir páskana, þ. e. tæpum 10 vikum eftir að þing var sett. Þetta hlýtur að leiða til þess, að þingið verði í þetta sinn eigi styttri tíma við störf en síðustu þing.

Fjárveitinganefnd efri deildar leggur engan dóm á það, hvort unt hefði verið að ganga hjer hraðara að verki, en hitt dylst nefndinni ekki, að óhjákvæmilegt sje að reyna að nema í burtu tekjuhalla þann, sem nú er á fjárlagafrv., og hefir hún sett sjer það markmið.

Frá stjórnarinnar hendi var frv. lagt fyrir þingið tekjuhallalaust, og fjárhagsins vegna og samkv. þeirri stefnu í fjármálum, sem þjóðin krefst að farin sje og undanfarandi þing hafa talist vilja aðhyllast, getur slíkur tekjuhalli, sem nú er á frv. — c. 328 þús. kr. — ekki rjettlætst á neinn hátt, nema því aðeins, að nýir skattar verði á lagðir. Þá leið álítur nefndin ekki færa og telur sjálfsagt að fara heldur þá götuna, að draga heldur úr útgjaldaliðum, sem þola bið, og fella þá liði niður, sem líkur hafa að hennar dómi til að komast í fjárlög.

Nú er það ljóst, að ef stefnt er að því að skila fjárlögunum frá þessu þingi með litlum, eða, sem best ætti við, með engum tekjuhalla, þá verður víða við að koma, því engan sjerstakan gjaldalið, svo stóran, að nægu nemi, er hægt að fella niður. En ef efri deild virðist mögulegt að hallast að brtt. nefndarinnar og gengið verður á snið við nýjar krófur til gjalda, er tekjuhallinn horfinn, og er nefndin sammála um það, að öll lögboðin gjöld og fjárveitingar til nauðsynlegustu framvæmda á árinu 1928 sjeu þó í sæmilegu horfi.

Fjárveitinganefndirnar hafa einatt horfið að því ráði að hækka tekjuáætlun fjárlagafrv., þegar tekjuhalli hefir þótt keyra úr hófi fram og þvegið hendur sínar á þann hátt. Þetta hefir fjárveitinganefnd neðri deildar ekki lagt út í að þessu sinni, heldur lækkað tekjuáætlunina um 50 þús. kr. Er fjárveitinganefnd efri deildar því fyllilega samdóma, að meiri hætta muni vera á því, að tekjurnar reynist fremur of hátt áætlaðar en of lágt, eins og við horfir nú. Er því ekki nema um tvent að gera: annaðhvort verða fjárlögin fyrir árið 1928 afgreidd með tekjuhalla, sem er mjög varhugavert, eins og útlitið er nú, og ríkissjóði hættulegt, eða að samtök verða að fást um afslátt á krófum um aukin útgjöld á öllum þeim sviðum, þar sem bið má þola að skaðlausu eða skaðlitlu.

Nefndin getur ekki varist þeirri hugsun, að stjórnin hafi verið fullstórhuga, þar sem um verklegar framkvæmdir er að ræða. Ríkissjóðsgjöldin hvíla

allþungt á landsmönnum, þegar ekki lætur því betur í ári, og væri því nauðsynlegt að lækka ríkissjóðsskattana að einhverju leyti. En með svo stórfeldum verklegum framkvæmdum og í frv. eru er engin leið til þess.

Nefndin hefir eftir föngum reynt að ráðast aðeins á þá liði útgjaldanna, sem hún álítur skaðminst að lækka og nema burt, og leitað þar eftir sem sanngjörnustum hlutföllum án tillits til kjördæma og flokka.

Við 5 fyrstu gr. gjaldabálksins (6.—10. gr. frv.) sá nefndin sjer ekki fært að fara út í neinar breytingar.

Á 11. gr. leggur nefndin til, að gerðar sjeu tvær breytingar. Í fyrsta lagi, að framlag ríkissjóðs til landhelgisgæslu sje lækkað um 65 þús. kr. (úr 300 þús. niður í 235 þús. kr.), en að framlag landhelgissjóðs sje hækkað um sömu upphæð — upp í 200 þús. kr. Lítur nefndin svo á, að landhelgissjóðurinn sje vel fær um að leggja þá upphæð fram til landhelgisgæslunnar, þar sem eign hans í peningum var í árslok 1926 1330000 kr., og var þó varðskipið »Óðinn« þá að mestu borgað.

Í öðru lagi leggur nefndin til, að upphæð sú, sem ætluð er til skattvirðinga, verði lækkuð um 5 þús. kr., eða úr 45 þús. niður í 40 þús. kr.

Vonast nefndin eftir, að sú upphæð nægi, þó að þessi kostnaður hafi árið 1925 numið þeirri upphæð, sem í frv. stendur og stjórnin setti þar.

Þá flytur nefndin nokkrar breytingartillögur við 12. gr.

Styrkurinn til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna læknisvitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit, leggur nefndin til, að falli niður, en í stað þess verði tekinn upp 550 kr. læknisvitjanastyrkur til Kjósarhrepps, sem óneitanlega á langt að vitja læknis.

Nefndin leggur til, að styrkurinn til nuddlækningastofu Jóns læknis Kristjánssonar verði lækkaður um 500 kr. Liðurinn er nýr, og telur nefndin, að 2000 kr. sjeu mjög sæmilegur styrkur til þessarar stofnunar. Nefndin leggur einnig til, að athugasemdin við þennan lið falli niður. Telur hún ekki ástæðu til að gefa eftir af láni því, sem þar um ræðir, hvorki afborganir eða vexti.

Þá leggur nefndin til, að utanfararstyrkurinn til Magnúsar bæjarlæknis Pjeturssonar falli niður. Það er ekki mjög langt síðan þessi læknir sigldi, og berklavarnirnar heyra ekki sjerstaklega undir hans verkahring.

Nefndin vill lækka áætlaðan rekstrarkostnað heilsuhælisins í Kristsnesi um 1000 kr. Álítur hún, að 3000 kr. í þessu skyni muni nægja, samanborið við áætlaðan rekstrarkostnað Vífilsstaðahælisins.

Þá leggur nefndin til, að styrkurinn til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði sje lækkaður úr 42 þús. kr. niður í 27 þús. kr. Telur hún fjárhag ríkisins ofvaxið að leggja fram meira fje í þessu skyni á sama tíma og fram þarf að leggja mikið fje til byggingar landsspítala, viðbótarbyggingar á Kleppi og byggingar Kristsneshælis.

Fjelagi íslenskra hjúkrunarkvenna þykir nauðsyn að veita nokkurn styrk vegna væntanlegrar heimsóknar 12 fulltrúa hjúkrunarkvenna á Norðurlöndum, sem boðað hafa komu sína hingað til lands á árinu 1927, til þess að halda hinn árlega stjórnarfund sinn hjer. Leggur nefndin til, að til þessa verði veittar 1200 kr.

Nefndin leggur til, að styrkurinn til Jóns veitingamanns Kristjánssonar á

Akureyri falli niður, vegna fordæmis þess, sem þesskonar styrkur mundi gefa, enda ósanngjarnt að neita þeim öðrum, er tjón hafa beðið vegna opinberra sóttvarnaráðstafana, um bætur, ef þessi styrkur væri veittur.

Þá leggur nefndin og til, að ýmsar breytingar verði gerðar á 13. gr.

Uppbótin til Friðriks pósts Jónssonar leggur nefndin til, að falli niður. Það er upplýst, að þessi póstur hefir sínar venjulegu póstferðir á hendi, og telst því ekki þörf að veita honum sjerstakan heilsubilunarstyrk, enda leggur aðalpóstmeistari á móti því, að beiðni hans verði sint.

Nefndinni var það ljóst, þó að henni væri óljúft að ráðast á verklegar framkvæmdir, að tekjuhallinn mundi lítið minka, nema sú leið væri farin. Að því athuguðu, að telja má víst, að framvegis megi fá ódýrari vinnu og ódýrara efni til vegagerða, brúargerða, símalagninga og annara slíkra framkvæmda en fengist hefir á undanförnum árum, svo að framvegis megi framkvæma mun meira en áður fyrir sömu fjárupphæð, hefir nefndin sjeð sjer fært að leggja til, að fjárveitingarnar til þessara framkvæmda væru lækkaðar nokkuð hlutfallslega. Nefndin leggur því til, að fjárveitingin til þjóðvega verði lækkuð um 52 þús., fjárveitingin til fjallvega um 3 þús., fjárveitingin til brúargerða um 35 þús. og fjárveitingin til nýrra símalagninga um 26 þús. Nefndinni þótti rjett að bæta við þeirri athugasemd, að 10 þús. kr. af fjárveitingunni til nýrra símalagninga skuli varið til að leggja símalínu frá Hnausum að Ási í Vatnsdal. Viðkomendur munu fúsir til að leggja ríflegar á móti en tíðkast hefir, ef á þarf að halda.

Nefndin leggur til, að styrkurinn til ferju á Hrosshyl verði lækkaður um helming. Dragferjur njóta 300 kr. styrks úr ríkissjóði, en ferjan á Hrosshyl er bátaferja — eina bátaferjan á landinu, sem styrks nýtur úr ríkissjóði — og þykir nefndinni ekki rjett að láta hana njóta nema helmings af dragferjustyrk.

Þá telur nefndin styrkinn til vetrarflutninga yfir Hellisheiði óþarflega háan og leggur til, að hann sje lækkaður um 2 þús. kr.

Í stjórnarfrv. voru áætlaðar 70 þús. kr. til landtökuvita á Horni á Hornströndum. Neðri deild feldi þessa fjárveitingu niður, en setti í stað hennar 60 þús. kr. fjárveitingu til að reisa þrjá miðunarvita (radio-vita). Þar sem radiovitar eru enn á bernskuskeiði og óþektir hjer á landi, telur nefndin ekki rjett að miða fjárveitingar til nýrra vita við þá, en leggur til, að 50 þús. kr. verði veittar til vitabygginga og ætlar vitamálastjórninni að ákveða, hvaða vitar og hverrar tegundar verði bygðir fyrir það fje.

Við 14. gr. hefir nefndin gert nokkrar breytingar.

Styrkurinn til húsabóta á prestssetrum leggur nefndin til, að verði lækkaður úr 35 þús. kr. niður í 24 þús. kr. Nefndin býst við því, að hægt verði að fresta í bili endurbyggingu á tveimur prestssetrum, sem ráð hefir verið gert fyrir, að bygð yrðu upp á árinu 1928.

Þá leggur nefndin til, að styrkurinn til byggingar stúdentagarðsins skiftist á tvö ár og komi því 25 þús. í stað 50 þús. af þeim til útgjalda á árinu 1928, en hinn helmingurinn á árinu 1929.

Ýmisleg gjöld Hvanneyrarskóla eru áætluð 11500 kr. Þar af eru 9 þús. kr. ætlaðar til fjósbyggingar, sem nefndin álítur, að fresta megi — sjerstaklega með

tilliti til þess, að setja á miðstöðvarhitun í íbúðarhúsið á árinu 1928 og verja til þess 7 þús. krónum — og leggur því til, að liðurinn lækki um þá upphæð.

Um ríkissjóðsstyrk til húsmæðrafræðslu vill nefndin taka þetta fram:

Með lögum nr. 37 1917 er ákveðið að stofna húsmæðraskóla í grend við Akureyri með 40 heimavistum og kenslustofum fyrir alt að 50 nemendur, auk íbúðar forstöðukonu og þjónustufólks o. fl. Þegar efni og annað, sem með þarf til skólans, verður fáanlegt með viðunanlegum kjörum, skal ríkissjóður leggja fram $^2/_3$ af stofnkostnaði og skólinn rekinn á ríkisins kostnað.

Nú hefir háttv. Nd. sett inn í fjárlagafrv. (14. gr. XV. 2.) 11 þúsund kr. styrk til byggingar annars húsmæðraskóla tiltölulega skamt frá Akureyri, án þess að hlutast til um, að lög nr. 37 1917 verði feld úr gildi. Kvennaskólanum á Blönduósi hefir og nú á síðustu tímum verið breytt mjög í húsmæðraskólahorfið, og ættu þá eftir þessu að verða þrír húsmæðraskólar á Norðurlandi, sumpart reknir að öllu leyti á kostnað ríkissjóðs, sumpart með rekstrarstyrk úr honum.

Ef nú ætti að gera eins við aðra landsfjórðunga í þessum efnum, yrði það ríkissjóði langsamlega ofvaxið.

Nefndin er því mótfallin byggingarstyrknum til húsmæðraskóla á Laugum eins og sakir standa og leyfir sjer að leggja til, að hann verði feldur niður.

Rekstrarstyrkurinn til húsmæðraskólans á Staðarfelli er að áliti nefndarinnar settur á skakkan stað (14. gr. VIII. 3.) í frv. Leggur hún því til, að hann verði fluttur og lækkaður niður í þá upphæð, sem samið hefir verið um við forstöðukonuna.

Þá þykir nefndinni nægilegt að. hækka styrkinn til húsmæðrafræðslu á Ísafirði um 500 krónur frá því sem hann er í núgildandi fjárlögum, sjerstaklega þar sem tillagið annarsstaðar að hefir ekki verið hækkað.

Í stjfrv. voru 38 þús. kr. ætlaðar til unglingaskóla. Neðri deild hækkaði þá fjárveitingu upp í 45 þús. kr. samkv. tillögum fræðslumálastjóra, en nefndin leggur til, að þessi liður verði lækkaður niður í 42 þús. kr., eins og hann er í núgildandi fjárlögum.

Við 15. gr. flytur nefndin nokkrar smávægilegar brtt.

Fjárveitingin til landsbókasafnsins var hækkuð um 1000 kr. í neðri deild. Nefndin leggur til, að sú hækkun falli niður og að tilsvarandi fjárveiting til þjóðskjalasafnsins lækki hlutfallslega við það.

Nefndin leggur til, að Önnu Borg og Haraldi Björnssyni verði veittar 1200 kr. hvoru til leiknáms. Lítur hún svo á, að nauðsynlegt sje að sjá hinu væntanlega þjóðleikhúsi fyrir hæfum leikurum, og vill þess vegna veita þessum leiknemum þennan lokastyrk.

Að því er snertir styrkina til Sigurðar Skúlasonar, Barða Guðmundssonar og Einars Ó. Sveinssonar, þá vill nefndin geta þess, að hún sjer sjer ekki fært að leggja til, að þeim verði veittur hærri styrkur en 1000 kr. hverjum, þar sem tveir námsmenn aðrir hafa verið teknir upp í frv. með sömu upphæð og ýmsum námsmönnum, sem sótt hafa um styrk, hefir engin áheyrn verið veitt.

Þá er komið að 16. gr. Nefndin leggur til, að styrkurinn til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu verði lækkaður um 5 þús. kr., þar sem þessi liður er nýr og hagur ríkissjóðs leyfir ekki að byrja með hærri upphæð.

Nefndin leggur til, að áætluð gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna lækki um 10 þús. kr. Með hliðsjón af því, að vinnulaun muni lækka og mat dagsverka komast í það horf, að meiri vinna verði lögð í dagsverk en áður var, gerir nefndin ráð fyrir því, að nóg sje að ætla 140 þús. kr. til þessara gjalda. Einnig gerir nefndin ráð fyrir því, að hin háu útgjöld samkvæmt þessum lögum síðasta ár eigi rót sína að rekja að einhverju leyti til þess, að styrkur hafi verið veittur til umbóta, sem gerðar hafa verið á fyrri árum, auk þá yfirstandandi árs.

Um styrkinn til fjelagsins »Landnáms« er það að segja, að nefndin lítur svo á, að Búnaðarfjelagi Íslands beri að annast það hlutverk, sem þetta fjelag hefir tekið sjer fyrir hendur, og leggur hún því til, að liðurinn falli niður.

Fjárveitingin til Fiskifjelags Íslands var hækkuð um 5 þús. kr. í neðri deild. Nefndin sjer ekki nauðsyn til þessarar hækkunar og leggur því til, að hún sje feld niður.

Fjárveitingin til hafnarbóta í Ólafsvík og brimbrjóts í Bolungarvík álítur nefndin, að færa verði niður í líku hlutfalli og aðrar verklegar framkvæmdir.

Í stjórnarfrv. voru 5 þús. kr. ætlaðar til markaðsleitar erlendis. Neðri deild hækkaði þessa upphæð í 22 þús. kr. og ákvað, að 12 þús. kr. af þeirri upphæð skyldi varið til markaðsleitar fyrir saltfisk í Suður-Ameríku, og 10 þús. kr. til markaðsleitar fyrir síld í Mið-Evrópu og Finnlandi. Nefndin sjer ekki ástæðu til að binda fjárveitinguna til markaðsleitar við þessi ákveðnu lönd, sjerstaklega þar sem 3. liðurinn í breyttill. sjávarútvegsnefndar Nd. náði ekki fram að ganga, og leggur hún því til, að hún sje ákveðin í einu lagi, og hafi stjórnin óbundnar hendur um það, hvernig henni verði varið. Þá leggur nefndin og til, að upphæðin verði ákveðin 20000 krónur.

Þá leggur nefndin til, að Verslunarráði Íslands verði veittur styrkur sá, sem því var ætlaður í stjfrv. til þess að afla frjetta um markaðshorfur erlendis, og að styrkurinn til að kynnast fyrirkomulagi erlendra kauppinga verði feldur niður. Lítur hún svo á, að fyrnefndi styrkurinn muni koma að mun meira gagni en hinn síðarnefndi.

Nefndin leggur til, að styrkurinn til flugnáms falli niður. Nefndinni er alls ekki ljóst, að hverju gagni þessi styrkur muni koma, meðan málið er í þeirri dul, sem það er enn fyrir íslenskri þjóð.

Nefndinni þykir of fljótt á stað farið að veita eftirgjöf á láni Stokkseyrarhrepps vegna brunatjóns, meðan fyrsta afborgun lánsins er ekki fallin í gjalddaga og ósjeð, hvernig fer um brunamálið í heild. Leggur hún því til, að liðurinn falli niður, enda ætti slík eftirgjöf ekki heima í þessari grein fjárlaganna.

Byggingarfjelagi Reykjavíkur hefir áður verið veittur styrkur úr ríkissjóði, og var sú styrkveiting bundin því skilyrði, að Reykjavíkurbær legði fram helmingi hærri upphæð en ríkissjóður. Síðasta styrkveitingin í þessu skyni kom ekki til útborgunar, vegna þess að bærinn lagði ekki fram á móti, og er það ljósastur vottur þess, að bæjarstjórnin, sem kunnugust er öllum málavöxtum, álítur ekki vert að styrkja fjelagið. Leggur nefndin því til, að styrkurinn falli niður.

Loks leggur nefndin til, að heimildin handa stjórninni til að kaupa sýslumannshúsið á Sauðárkróki falli niður, vegna þess fordæmis, sem með þeirri

heimild væri gefið. Ríkissjóði myndi ofvaxið að sjá öllum sýslumönnum og bæjarfógetum fyrir embættisbústað.

Fjöldamörg erindi hefir nefndin haft með höndum, sem ekki þóttu tiltök að mæla með, og virðist ástæðulaust að ræða um þau frekar hjer í nefndarálitinu. En það skal tekið fram, að verulegur ágreiningur í nefndinni hefir ekki átt sjer stað á neinum sviðum, en samkomulag hið allra besta, en það hefir gert nefndinni kleift að skila áliti sínu og tillögum á svo skömmum tíma, sem raun ber vitni um. En þrátt fyrir það kapp, sem nefndin hefir lagt á að komast af með sem minstan tíma til afgreiðslu fjárlagafrv., þá hefir nefndin rannsakað og rætt öll þau erindi, sem henni hafa borist, svo sem frekast voru föng á.

Alþingi, 29. apríl 1927.

Jóh. Jóhannesson, form.	Einar Jónsson, frsm.	Guðm. Ólafsson.
Ingibjörg H. Bjarnason.	Einar Árnason.	

Ed. **466. Nefndarálit**

um frv. til laga um hvalveiðar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Á þinginu 1925 var samskonar frv. og því, sem hjer liggur fyrir, vísað til stjórnarinnar eftir að Nd. hafði samþ. það nærfelt í einu hljóði. Meiri hluti sjávarútvegsnefndar (B. Kr. og Jóh. Jós.) vildi þá láta frv. ná fram að ganga.

Afstaða meiri hlutans er enn sú sama til málsins eins og áður; hann vill láta samþykkja frv. óbreytt, en minni hlutinn, Jón Baldvinsson, vill ekki samþykkja það.

Alþingi, 29. apríl 1927.

Björn Kristjánsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrif. og frsm.

Mín tillaga í málinu er sú, að frv. sje felt.

Jón Baldvinsson.

Ed. **467. Nefndarálit**

um flóabátaferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað erindi þau, sem samgöngumálanefndunum hafa borist um nýja styrki eða hækkun á styrk til flóabáta.

Reynslan á öllum sviðum hefir sýnt það á undanförnum árum, og ekki síst að því er samgöngumál snertir, að útgjöld ríkissjóðs hafa farið hraðvaxandi, svo að til vandræða horfir, ef útgjöldin á því sviði sem öðrum eru ekki takmörkuð.

Það er augljóst, að tekjur ríkissjóðs fara lækkandi og hljóta að verða mun minni í ár en á undanförnum árum. Verður því að stefna að því að minka útgjöldin að sama skapi.

Nefndin leggur því til, að eigi verði varið meiru fje til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum en stjórnarfrumv. gerði ráð fyrir, eða 100 þús. kr. á ári, og kemur nefndin því fram með breytingartillögu um að lækka liðinn í 13. gr. C. 2. um 9300 kr.

Nefndin viðurkennir fyllilega, að það mundi veita hjeruðum þeim, sem farið hafa fram á styrkhækkun eða nýjan styrk, nokkur aukin þægindi fram yfir það sem nú er, ef hið umbeðna fje væri veitt, en ef ætti að hækka fjárveitingar eða veita nýjar fjárupphæðir til samgangna á sjó svo, að allir gætu vel við unað, þá hlyti sá útgjaldaauki að verða ríkissjóði um megn.

Eins þyrfti þá að rannsaka samgönguþörfina á flóum og fjörðum um alt land, svo sæmilegt samræmi gæti orðið í fjárveitingunum til hinna ýmsu staða. En til slíkrar rannsóknar brestur þingnefndir eðlilega bæði nægilegan kunnugleika og tíma.

Að lokum vill nefndin taka fram, að hún leggur til, að þessum 100 þús. krónum, sem hún ætlast til að veittar verði, verði varið sem næst samkvæmt tillögum hennar á Alþingi 1926, á þingskjali 414.

Alþingi, 28. apríl 1927.

Jónas Kristjánsson, form. Björn Kristjánsson, frsm. Einar Jónsson.

Einar Árnason, fundaskr. M. J. Kristjánsson, með fyrirvara.

Nd. **468. Breytingartillögur**

við frumv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. 5. gr. orðist svo:

29. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Kosningarrjett við kosningar til Alþingis í sjerstökum kjördæmum hafa allir, karlar og konur, sem eru 21 árs eða eldri, er kosning fer fram, og hafa ríkisborgararjett hjer á landi og verið búsettir í landinu síðustu 5 árin áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrjett nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár síns ráðandi. Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum. Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 30 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga um land alt.

Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

2. Á eftir 5. gr. skal koma ný grein, svo hljóðandi:

Í stað »35« í 30. gr. komi: 30.

3. Við 6. gr. Aftan við greinina skal koma ný málsgrein:

Í stað orðanna »15. dag febrúarmánaðar« í sömu grein komi: 20. dag septembermánaðar.

Ed. **469. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40, 15. júní 1926, um fræðslu barna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 2. málsgrein 4. gr. laganna komi:

Þó geta tveir eða fleiri hreppar gengið saman í eitt skólahjerað um eitt ár í senn, án þess að samþykki hreppsnefndar eða hreppsfundar komi til, ef hlutaðeigandi skólanefndir koma sjer saman um það og fræðslumálastjórnin leyfir.

2. gr.

2. málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Árlegur námstími skal vera að minsta kosti 24 kensluvikur. Þó getur fræðslumálastjórnin veitt leyfi til að stytta þennan námstíma um fjórar vikur, sje það gert til þess að nota skólann til kenslu barna 7—10 ára að aldri, að minsta kosti 8 kensluvikur haust eða vor, eða til kenslu unglinga 14—17 ára, samkvæmt reglugerð, er fræðslumálastjórnin samþykkir.

3. gr.

Aftan við 24. gr. laganna komi:

Þegar tvö eða fleiri skólahjeruð ganga saman í eitt um eitt ár í senn (sbr. 4. gr. 2. málsgr.), þá hafa skólanefndir beggja eða allra hjeraðanna í sameiningu skólanefndarstörfin á hendi.

Ed. **470. Þingsályktun**

um kennaraskólann í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að leita samkomulags við bæjarstjórn Reykjavíkur um ókeypis eða ódýra lóð handa kennaraskólanum við Skólavörðutorgið. Skal lóðin vera svo stór, að þar verði hægt í framtíðinni að reisa allar nauðsynlegar byggingar, er skólinn kann að þurfa með. Sömuleiðis að tryggja, að heitt vatn úr Laugunum verði notað til að hita væntanlegar byggingar kennaraskólans, með sömu skilyrðum og landsspítalann.
2. Að láta gera fyrir næsta þing, í samráði við forstöðumann kennaraskólans og kennaralið skólans, frumdrætti að nauðsynlegum byggingum vegna skólans, er sjeu miðaðar við áðurnefndan stað.

Nd. **471. Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá Hjeðni Valdimarssyni.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina komi:
   4. málsgr. orðist svo:
   Með lögum má ákveða, að þingmenn í sjerstökum kjördæmum skuli kosnir hlutbundnum kosningum.
2. 5. gr. orðist svo:
   29. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:
   Kosningarrjett við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar og konur, sem eru 21 árs eða eldri, er kosning fer fram, hafa ríkisborgararjett hjer á landi og hafa verið búsettir í landinu síðasta árið áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð og sje fjár síns ráðandi. Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.
   Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.
3. Ný grein komi á eftir 5. gr.:
   Fyrri málsgr. 30. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:
   Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, er kosningarrjett hefir.

4. Ný grein komi á eftir 7. gr.:
Aftan við 76. gr. stjórnarskrárinnar komi ný málsgrein:
Ávalt skal og leitað slíks þjóðaratkvæðis, um hvaða þingmál sem er, ef 3500 kjósendur óska þess skriflega, og skal samþykt eða synjun við slíka atkvæðagreiðslu gilda sem málið væri af nýju samþykt eða því synjað á Alþingi.

Ed. **472. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1928 og við breytingartillögur á þskj. 449.

I. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 2. gr. 9. (Skólagjöld).
Liðurinn fellur niður.

II. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 12. gr. 19. p. Nýr liður:
Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi 5000

III. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 12. gr. 19. r. Nýr liður:
Til Kristjönu Helgadóttur, Vík í Eyrarsveit, í viðurkenningarskyni 500

IV. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 12. gr. 19. r. Nýr liður:
Til Kristjönu Helgadóttur í Vík í Eyrarsveit, fyrir að hýsa og hjúkra sjóhröktum mönnum... 400

V. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við brtt. 449,22. (Hólmahálsvegur).
Fyrir »6000« kemur 7500

VI. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
1. Við 13. gr. B. II. a. 2. Nýr liður:
Til akvegar yfir Fjarðarheiði, 1. fjárveiting 100000
Til vara: 50000
2. Við 13. gr. B. XI. Nýr rómv. liður:
Til Daníels Hjálmssonar, fyrrum verkstjóra, uppbót vegna þess að hann var sviftur starfi... 2000

VII. Frá *samgöngumálanefnd.*
Við 13. gr. C. 2.
Fyrir »109300« kemur 100000

VIII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*

Við 14. gr. II. c. Nýir liðir:

a. Til Bjarna Sigurðssonar, til húsagerðarnáms í Stokkhólmi 1000

b. Til Hrafnkels Einarssonar stúdents, til að ljúka hagfræðinámi og til að semja doktorsritgerð við háskólann í Vín um íslenskar fiskiveiðar 1000

IX. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

1. Við 14. gr. B. II. e. Nýr liður:

Til Sigurkarls Stefánssonar, til háskólanáms (lokastyrkur) 1500

Til vara 1000

2. Við 14. gr. B. VII.

Athugasemdin (um skólagjöld) fellur niður.

3. Við 14. gr. B. XIV. 4. (Flensborgarskólinn).

Athugasemdin fellur niður.

X. Frá *Jónasi Jónssyni.*

1. Við 14. gr. B. XVIII. 4.

Liðinn skal orða svo:

Til að gera nýjar steinsteyptar sundlaugar utan Reykjavíkur, enda sjeu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, $^1/_2$ kostnaðar, alt að 12000

2. Við 14. gr. B. XVIII. 4. Nýr liður:

Til að gera sundhöll í Reykjavík eftir teikningu húsameistara ríkisins, enda samþykki stjórnarráðið uppdráttinn, gegn jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Fyrri greiðsla af tveim jafnstórum 50000

XI. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

Við 15. gr. 19 c. Nýr liður:

Til Bjargeyjar Pálsdóttur, til hljómlistarnáms 800

XII. Frá *Einari Árnasyni.*

Við 15. gr. 19. f. Nýr liður:

Til Freymóðs Jóhannssonar listmálara, utanfararstyrkur til þess að fullkomna sig í leiktjaldamálun 1500

XIII. Frá *Jónasi Jónssyni.*

1. Við 15. gr. 19. f. Nýir liðir:

a. Til Axels Grímssonar, til tónlistarnáms í Þýskalandi ... 1000

b. Til Hermínu Sigurgeirsdóttur frá Akureyri, til að stunda nám í hljómlistarskólanum í Kaupmannahöfn 1000

2. Við 15. gr. 20. (Jóhannes L. L. Jóhannsson).

Liðurinn fellur niður.

XIV. Frá *Jónasi Kristjánssyni* og *Birni Kristjánssyni.*
Við 15. gr. 21. (Þórbergur Þórðarson).
Fyrir »1200« kemur 1000

XV. Frá *Jónasi Kristjánssyni* og *Birni Kristjánssyni.*
Við 15. gr. 21. Nýr liður:]
Til Guðmundar Davíðssonar á Hraunum, til að safna orðum úr alþýðumáli og orðtaka bækur, enda verði safnið eign ríkisins 600

XVI. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 15. gr. 29. (Páll Þorkelsson):
Fyrir »800« kemur... 1200

XVII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 16. gr. 8. Nýr liður:
Til Pálma Hannessonar, styrkur til rannsókna á eðli og uppruna þúfna og annara yfirborðsmyndana 2500
Til vara 2000

XVIII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 16. gr. 8. Nýr liður:
Til nýbýla á áveitusvæðunum á Skeiðum og í Flóa, eftir ráðstöfun stjórnar Búnaðarfjelags Íslands 100000

XIX. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við brtt. 449, 56. (Hafnarbætur í Ólafsvík).
Fyrir »12000« kemur 14000

XX. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við brtt. 449, 63. (Byggingarfjelag Reykjavíkur). Brtt. skal orða svo: Nýr liður:
Til sama fjelags (Byggingarfjelags Reykjavíkur), enda lækki það húsaleigu um 10 af hundraði... 40000

XXI. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 17. gr. 14. Nýr liður:
Til styrktarsjóðs Sjómannafjelags Vestmannaeyja ... 800
Til vara 600

XXII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 18. gr. II. c. 8. Nýr liður:
Til Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar 1000

XXIII. Frá *Ingvari Pálmasyni.*

Við 18. gr. II. i. 18. Nýr liður:

Til Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar 200

XXIV. Frá *Jónasi Jónssyni.*

Við 18. gr. II. i. 21. (Sigfús frá Eyvindará):

Fyrir »300« kemur... 500

XXV. Frá *Magnúsi Kristjánssyni.*

Við 18. gr. II. i. 31. Nýr liður:

Til Eggerts Stefánssonar, símritara á Akureyri, þar til honum verður veitt starf við landssímann með eigi lægri launakjörum en hann hafði áður 1600

XXVI. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

Við 23. gr. III. Nýr rómv. liður:

Að verja fje úr ríkissjóði til atvinnubóta, ef atvinnubrestur verður, og til að veita bæjar- og hreppsfjelögum lán úr ríkissjóði í sama skyni.

Nd. 473. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í staðinn fyrir málsgreinarnar: »39. Reykjavík: Reykjavíkur-, Lágafells- og Viðeyjarsóknir. 40. Reynivellir: Reynivalla-, Saurbæjar- og Brautarholtssóknir« kemur:

39. Reykjavík: Reykjavíkur- og Viðeyjarsóknir. 40. Reynivellir: Reynivalla-, Saurbæjar-, Brautarholts- og Lágafellssóknir.

Nd. 474. Breytingartillaga

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Flutningsm.: Þórarinn Jónsson, Pjetur Ottesen, Björn Líndal.

Við 1. gr. Síðasta málsgrein falli niður.

Nd. 475. Breytingartillögur

við frumv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá Jakob Möller.

I. Á eftir 3. gr. kemur ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi:
27. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:
Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

II. 5. gr. frumvarpsins orðist svo:
Orðin »í sjerstökum kjördæmum« í upphafi fyrstu málsgr. 29. gr. falli burt.
Orðin »enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk« í enda sömu málsgr. falli burt.
Fyrri málsliður síðustu málsgreinar sömu greinar (»Með sömu skilyrðum ..... um land alt«) falli burt.
Fyrir orðin »í efri deild« í niðurlagi greinarinnar komi: sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

III. Á eftir 5. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
Orðin »í sjerstökum kjördæmum« í upphafi fyrri málsgreinar 30. greinar falli burt.
Síðasti málsliður sömu málsgreinar (»Með sömu skilyrðum . . . um land alt«) falli burt.

Nd. 476. Breytingartillaga

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Aftan við frv. bætist ný grein, sem verður 8. gr., svo hljóðandi:
Á eftir 74. gr. stjórnarskrárinnar komi ný grein, er verði 75. gr. og orðist svo:
Þá er vatnsorkusjerleyfis er beiðst, er fer fram úr 25000 hestöflum, skal fengið samþykki tveggja Alþinga í röð til þess, áður en sjerleyfið er veitt, og sæti málið sömu meðferð sem lagafrumvörp á hvoru þinginu.

Nd. 477. Nefndarálit

um frumv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta er komið frá háttv. Ed. Hafði allsherjarnefnd þeirrar deildar það til meðferðar og lagði til, að gerðar yrðu á því allmargar breytingar,

er samþyktar voru í deildinni. Meiri hluti allsherjarnefndar fellst á ástæður þær, sem færðar eru fyrir frumv. þessu, og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form. Árni Jónsson, frsm. Hjeðinn Valdimarsson.

Jón Guðnason, fundaskr.

Nd. **478. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykt.

Alþingi, 2. maí 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form. Árni Jónsson, frsm. Jón Guðnason, fundaskrifari.

Jón Kjartansson. Hjeðinn Valdimarsson, með fyrirvara.

Nd. **479. Nefndarálit**

um frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað fylgt háttv. meðnefndarmönnum mínum við afgreiðslu þessa máls.

Í frv. þessu er bæjarstjórn í kaupstöðum og hreppsnefndum í kauptúnum veitt heimild til að áskilja bæjarfjelagi eða kauptúni »forkaupsrjett á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmisins, *svo og öðrum* fasteignum«, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd telur nauðsynlegt að eignast. Það má því segja, að forkaupsrjettarheimild þessi

handa bæjarstjórnum og hreppsnefndum, til þess að ná eignarráðum á fasteignum í umdæmi sínu, sje takmarkalaus.

Minni hlutinn getur á engan hátt fallist á, að rjett sje að veita svona víðtæka heimild til forkaupsrjettar. Hann getur ekki sjeð, að þörf sje á slíkri heimild, því að *ef* kaupstaðir eða kauptún *þurfa nauðsynlega* að ná eignarhaldi á fasteign innan umdæmis síns, þá er rjetta leiðin að fara sú, að fá lögnámsheimild samkv. 63. gr. stjórnarskrárinnar. Auk þess má geta þess, að til eru nú í ýmsum lögum heimildir handa sveitar- og bæjarfjelögum til þess að taka fasteignir lögnámi, svo sem hafnarlögum, vatnsveitulögum, vatnalögum, lögum um skipulag bæja o. fl. o. fl. Þegar af þessum ástæðum lítur minni hlutinn svo á, að slík heimild, sem hjer er farið fram á að veita, sje óþörf.

Það er álit minni hlutans, að það sje engan veginn hættulaust að veita jafnvíðtæka forkaupsrjettarheimild sem hjer er farið fram á. Bæjarstjórnir eða hreppsnefndir geta af *pólitiskum* ástæðum notað heimildina til þess að sölsa undir sig flestar eða allar fasteignir kaupstaðarins eða kauptúnsins, *án* nokkurs tillits til þess, hvort þau hafa nokkuð við eignina að gera.

Loks má nefna hið mikla ófrjálsræði og óhagræði, sem yrði samfara slíkri heimild sem þessari. Borgararnir gætu naumast framar talist frjálsir menn í frjálsu landi, þar sem þeir mættu ekki selja fasteign, er þeir ættu, án þess fyrst að bjóða hana bæjar- eða sveitarstjórn.

Að öllu þessu athuguðu getur minni hlutinn ekki mælt með frv. þessu, en leggur til, að það verði felt.

Alþingi, 2. maí 1927.

Jón Kjartansson.

Nd. 480. Breytingartillaga

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Á eftir 7. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 68. gr. stjórnarskrárinnar kemur ný grein, er svo hljóðar:

Hjer eftir má engum veita rjett til seðlaútgáfu í ríkinu öðrum en seðlabanka ríkisins.

Ríkissjóður má ekki taka lán í neinni mynd úr seðlabanka ríkisins, annað en bráðabirgðalán. Slík bráðabirgðalán mega þó aldrei nema meiru en 1/4 af stofnfje bankans og greidd skulu þau að fullu fyrir lok hvers reikningsárs bankans.

Þetta ákvæði tekur ekki til fyrirtækja þeirra, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs.

Nd. **481. Breytingartillaga**

við frumv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá Birni Líndal.

Við 6. gr. Greinina skal orða svo:

31. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Reglulegt Alþingi skal koma saman annaðhvert ár, hinn fyrsta dag febrúarmánaðar, eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyr á árinu.

Nd. **482. Breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Aftan við 6. gr. frv. komi ný 7. gr., svo hljóðandi:
   Aftan við 33. gr. stjórnarskrárinnar komi ný málsgrein þannig: Breyta má þessu með lögum.
2. 7. gr. verður 8. gr.

Nd. **483. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Frá samgöngumálanefnd.

Á öndverðu Alþingi var frv. þessu, á þskj. 98, vísað til nefndarinnar, og hafa síðan margar breytingar- og viðaukatillögur komið fram. Í háttv. Ed. höfðu samtímis eða enda fyr komið fram tvö frv. um breyting á nefndum lögum, og bjóst nefndin við, að þau mundu fljótlega koma til Nd. og áleit því rjettast að bíða þess, því henni fanst óviðkunnanlegt að afgreiða þrjú frv. um breyting á sömu lögum á sama þingi. En þetta hefir alveg brugðist; frv. hafa verið svæfð í samgöngumálanefnd Ed., en þessari nefnd þykir sjálfsagt að skila áliti sínu um málið.

sjálft verði felt ásamt tilheyrandi breytingar- og viðaukatillögum. Nefndin verður að vera honum sammála um, að breytingar á vegalöggjöfinni sjeu ekki tímabærar sem stendur, þótt einstakar þeirra kunni að eiga einhvern rjett á sjer, eins og nánar verður getið í framsögu.

Nefndin leggur því til, að frv. verði felt ásamt öllum breytingar- og viðaukatillögum.

Alþingi, 30. apríl 1927.

Kl. Jónsson, form. og frsm.	Sveinn Ólafsson.	Pjetur Þórðarson, með fyrirvara.

Jón Ólafsson. Hákon J. Kristófersson.

Nd. **484. Frumvarp**

til laga um landnámssjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af tekjum ríkissjóðs skal leggja árlega 200 þús. kr. í sjóð, er nefnist landnámssjóður Íslands.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að viðhalda og fjölga sjálfstæðum býlum í landinu, með því:

a. að leggja fram fje til að byggja upp nýbýli á landi, sem er í einkaeign, eða í eign sveitar- eða bæjarfjelaga.
b. að byggja upp nýbýli á landi, sem ríkið á eða kaupir í því skyni.
c. að lána fje til að endurbyggja hús á sveitabýlum.

Nýbýli í lögum þessum táknar hvert það býli, sem reist er að nýju, hvort sem er á gömlum eyðijörðum eða á landi, sem skift er út úr jörðum, sem eru í ábúð, og hvort sem í upphafi fylgir þeim nokkurt ræktað land eða ekki.

3. gr.

Skilyrði fyrir framlagi úr sjóðnum til nýbýla eru:

a. að landið, sem býlið er reist á, sje lagt því til æfinlegra nota með fyrirfram ákveðnum landsnytjum.
b. að það geti, að dómi þar til kvaddra hæfra manna, veitt fjölskyldu sæmileg skilyrði til framfærslu, þegar það er komið í viðunandi rækt.

c. að byggingar samsvari landinu að stærð og dýrleika og sjeu gerðar úr varanlegu efni og í þjóðlegum stíl.
d. að hlutaðeigandi sveitarstjórn, eða hreppstjóri, ef sveitarstjórn á í hlut, mæli með umsókninni.

4. gr.

Framlög, er veitt verða til nýbýla á landi, sem ekki er ríkiseign, skulu veitt gegn ævarandi afgjaldskvöð af býlinu, er svari til 2% vaxta af framlaginu, og sje býlið með óskertum 1. veðrjetti að veði fyrir skilvísri greiðslu afgjaldskvaðarinnar og kostnaði, er leiða kann af vanskilum. Framlög til býla, sem reist eru á óræktuðu eða lítt ræktuðu landi, skulu vera afgjaldslaus 10 fyrstu árin, en til býla, sem reist eru á ræktuðu landi, í 5 ár.

5. gr.

Framlög til að reisa nýbýli skulu sitja fyrir lánum til að endurreisa sveitabæi, og skulu þá beiðnir einstakra manna sitja fyrir framlögum til jarðeigna ríkisins og sveitar- eða bæjarfjelaga.

6. gr.

Nýbýli, sem reist verða með framlagi úr landnámssjóði og ekki komast þegar í sjálfsábúð, skulu seld á leigu með hæfilegri landskuld til lífstíðar, eða á erfðaábúð, sje þess óskað.

7. gr.

Upphæð framlags til bygginga á nýbýlum, sem reist verða á landi, sem ekki er ríkiseign, og upphæð lána til að endurreisa hús á bygðum býlum má nema alt að $^4/_5$ af áætluðu verði byggingana, eftir áætlun, sem stjórn sjóðsins samþykkir.

8. gr.

Eigandi eða ábúandi lands, sem nýbýli hefir verið reist á með framlagi úr landnámssjóði, á jafnan rjett á að innleysa afgjaldskvöðina með 50-faldri upphæð hennar. Samskonar innlausnarrjett á ábúandi nýbýlis, sem að öllu er ríkiseign, með þeim kjörum, að afgjaldið sje reiknað til stofnfjár með 25-földu afgjaldinu.

9. gr.

Nú er nýbýli, sem reist hefir verið með framlagi úr landnámssjóði, komið í einkaeign (sbr. 8. gr.), og má þá söluverð slíkra býla aldrei fara fram úr 25-földu eftirgjaldi þess eins og það er þá metið af skattanefnd.

10. gr.

Lán til að endurreisa hús á bygðum býlum skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sje 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

11. gr.

Lán til að endurreisa hús á bygðum býlum má veita því aðeins, að býlin sjeu innan takmarka bygðra sveita og að efnahagur eigenda sje þannig, að þeir geti ekki álitist færir um, efnahagsins vegna, að leggja fram fje til að reisa bæinn að nýju, svo að viðunandi sje.

Rjett til lána úr sjóðnum að öðru leyti hafa býli því aðeins, að sannað sje:

a. með vottorði hreppstjóra, að bæjarhús sjeu svo fallin eða að falli komin, að búast megi við, að býlin leggist í eyði af þeim ástæðum, eða
b. með vottorði hjeraðslæknis, að heilsu heimilisfólksins sje hætta búin af smitun næmra sjúkdóma, svo sem berklaveiki, eða af öðrum ástæðum.

Lánbeiðnir, þar sem svo er ástatt sem segir undir staflið b, skulu sitja fyrir að öðru jöfnu.

12. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

a. gegn ábyrgð sýslufjelaga eða hreppsfjelaga, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda.
b. gegn afgjaldskvöð af býlum þeim, er lán er veitt til, enda sje býlið ekki veðsett með fyrsta veðrjetti.
c. gegn hverju því fasteignaveði, er stjórn sjóðsins tekur gilt.

13. gr.

Greiddar árlegar afgjaldskvaðir, svo og andvirði seldra afgjaldskvaða og nýbýla, sbr. 8. gr., og ennfremur vextir og afborganir lána samkv. 10. gr. renna í landnámssjóð.

14. gr.

Handbært fje sjóðsins skal jafnan standa á vöxtum í Landsbanka Íslands eða í jarðræktarbrjefum.

15. gr.

Stjórn sjóðsins og reikningshald skal falið ræktunarsjóði Íslands, og hefir stjórn ræktunarsjóðsins sjer til aðstoðar við lánveitingar þriggja manna nefnd, sem skipuð sje búnaðarmálastjóra, ráðunaut stjórnarinnar um bygging sveitabæja og þriðja manni, er atvinnumálaráðherra nefnir til. Skal ekkert lán veitt úr sjóðnum, nema nefndin mæli með því.

16. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn sjóðsins, og setur hann nánari reglur um sjóðinn með reglugerð.

Nd. **485. Lög**

um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí).

1. gr.

Til dýpkunar og umbóta á höfninni í Vestmannaeyjum veitist $^1/_3$ kostnaðar, alt að 70 þúsund krónur, úr ríkissjóði, gegn tvöföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Tillagið úr ríkissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **486. Lög**

um afnám kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí).

1. gr.

Kennarastóll í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands skal afnuminn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 25, 2. nóv. 1914.

Ed. **487. Lög**

um breyting á lögum nr. 38, 28. nóv. 1919, um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí).

Aftan við 5. gr. laganna bætist:

Sömuleiðis má greiða framlög þessi úr sveitarsjóði eða sveitarsjóðum á samþyktarsvæðinu, sje það samþykt með $^2/_3$ atkvæða á lögmætum sveitarfundi eða sveitarfundum. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþyktin er úr gildi feld með sama hætti. Jafnar þá hreppsnefnd eða hreppsnefndir skattinum niður með aukaútsvörum.

Ed. **488. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 18, 4. nóvember 1887, um veð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna komi:

Svo er og útgerðarmanni heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörsluveði afla af skipi sínu á einu útgerðartímabili í senn, til tryggingar lánum, er hann tekur til útgerðarinnar á því hjá stofnunum þessum.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrargjöld fyrir skuldabrjef, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **489. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá Jóni Guðnasyni.

5. grein orðist svo:

29. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Kosningarrjett við kosningar til Alþingis í sjerstökum kjördæmum hafa allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri, er kosning fer fram, og hafa ríkisborgararjett hjer á landi og verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjarlag með manni sínum.

Ákvæðinu um missi kosningarrjettar vegna skuldar fyrir þeginn sveitarstyrk má breyta með lögum.

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 30 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga um land alt. Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

Nd. **490. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Eins og nefndarálit á þskj. 415 ber með sjer, er nefndin fyllilega sammála hv. flutningsmönnum um það, að gæta beri allrar varúðar gegn því, að gin- og klaufaveikin berist hjer til lands. Nefndin taldi hinsvegar frv. þetta ekki nægilega undirbúið og leit auk þess svo á, að í lögum nr. 22, 15. júní 1926, feldist nægileg heimild fyrir stjórnina til þess að hyggja á þær varnarráðstafanir, sem farið er fram á, að gerðar sjeu með frv. þessu. Nú hefir hæstv. stjórn lýst yfir, að hún telji sig ekki hafa svo víðtæka heimild samkvæmt lögunum frá 1926, og er þar með fallinn sá grundvöllur, sem nefndin bygði afgreiðslu sína á.

Samkvæmt framanskráðu tekur nefndin aftur tillögu sína til rökstuddrar dagskrár á þskj. 415, en leggur til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Orðin »með ráði dýralæknisins í Reykjavík« falli niður.
2. Við 2. gr.
   a. Á eftir orðunum »þar sem« komi: gin- og klaufaveiki eða aðrir hættulegir og.
   b. Aftan við 1. málsgrein bætist: Þó má flytja inn ull til verksmiðja undir öruggu eftirliti.
3. Við 3. gr. Orðin »með ráði dýralæknisins í Reykjavík« falli niður.

Alþingi, 3. maí 1927.

Pjetur Þórðarson, form. — Árni Jónsson, fundaskr., frsm.

Jörundur Brynjólfsson. Halldór Stefánsson. Hákon J. Kristófersson.

Nd. **491. Þingsályktun**

um sameining póststöðva og símstöðva.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að láta rannsaka, að hve miklu leyti unt muni vera að sameina rekstur síma og pósts.

Ed. **492. Tillaga**

til þingsályktunar um, að sáttasemjari hafi umboðsmann á Austfjörðum.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að hlutast til um það við sáttasemjara ríkisins, að hann hafi umboðsmann á Austfjörðum, er geti, þegar tilefni er til, tekið að sjer sáttatilraunir í vinnudeilum þar.

Greinargerð.

Í umræðunum um lögin um sáttatilraunir í vinnudeilum var gert ráð fyrir því, að sáttasemjari geti sett fyrir sig umboðsmenn úti um land, þar sem hann nær ekki til. Nú hefir komið frá Austfjörðum ósk um það, að sáttasemjari hafi þar umboðsmann til sáttatilrauna í vinnudeilum.

Nd. **493. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá Jakob Möller.

Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Í stað 2. ákvæðis um stundarsakir komi:

2. Umboð landskjörinna þingmanna og varamanna falli niður við næstu almennar alþingiskosningar eftir að þessar breytingar á stjórnarskránni öðlast gildi.

Ed. **494. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 472 [Fjárlög].

Frá Jónasi Jónssyni.

Við VI. 1. Nýr liður: (Athugasemd við varatillöguna).
Fjeð greiðist þegar rannsókn á vegstæði er lokið, enda leggi hlutaðeigandi hjeruð fram 1/4 kostnaðar.

Ed. **495. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1928.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1928 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	240000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	950000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1230000
4.	Aukatekjur	350000	
5.	Erfðafjárskattur	40000	
6.	Vitagjald	300000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	300000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	30000	
			1045000
11.	Útflutningsgjald		850000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	650000	
13.	Tóbakstollur	800000	
14.	Kaffi- og sykurtollur	1000000	
15.	Annað aðflutningsgjald	150000	
	Flyt ...	2600000	3125000

		kr.	kr.
	Flutt ...	2600000	3125000
16.	Vörutollur	1000000	
17.	Verðtollur	850000	
			4450000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykursgerð ...		20000
19.	Pósttekjur	475000	
20.	Símatekjur	1500000	
			1975000
21.	Víneinkasala		450000
	Samtals ...	... ...	10020000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		1000
4.	Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
	Samtals ...	... ...	34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

		kr.	kr.
1.	Tekjur af bönkum		50000
2.	Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	28000	
3.	Væntanlega útdregið af þeim brjefum	24000	
			52000
	Flyt ...	... ...	102000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	102000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5. Vextir af viðlagasjóði		65000
6. Aðrir vextir...		140000
Samtals ...	... ...	315000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		22000
Samtals ...	... ...	82000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Arið 1928 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	165713	
2. Dönsk lán, danskar kr. 205095 á 1/20	246114	
Flyt ...	411827	

	kr.	kr.
Flutt ...	411827	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8517:6:7 á $^{22}/_{00}$	187381	
		599208
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	264598	
2. Dönsk lán, danskar kr. 313113 á $^{1}/_{20}$	375736	
3. Enska lánið 1921, £ 2097:0:5 á $^{22}/_{00}$	46134	
		686468
III. Framlag til Landsbankans, 15 greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1385676

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins..		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	215000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4350	
		219350
Samtals ...	... ...	219350

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun	36075	
	b. Til risnu	4000	
			40075
2.	Til utanferða ráðherra		6000
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins		72285
4.	Annar kostnaður		25000
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		27500
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900	
	b. Til pappírs og prentunar	9000	
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000	
			10900
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		4000
			185760
II.	Hagstofan:		
1.	Laun		13100
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		10000
3.	Prentun eyðublaða		1800
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		4000
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		17600
6.	Til að gefa út manntalið 1703...		1000
			47500
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra	20000	
	b. Húsaleiga...	5000	
	c. Kostnaður við embættið	20000	
	d. Til skrifstofuhalds...	17000	
			62000
2.	Fyrir meðferð utanríkismála		12000
3.	Ríkisráðskostnaður		4000
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd		2500
			80500
	Samtals ...	... ...	313760

11. gr.

Til dómgæslu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	32075	
b. Annar kostnaður, alt að	5000	
		37075
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		139440
3. Laun hreppstjóra		29000
4. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
a. Laun	25926	
b. Húsaleiga	3240	
c. Hiti, ljós og ræsting	2100	
d. Ýms gjöld, alt að	2400	
		33666
5. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 4 skrifara	19720	
b. Laun 6 tollvarða	26825	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	1800	
e. Innheimtukostnaður	7500	
f. Ýms gjöld, alt að	11000	
Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
		71345
6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		96000
7. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		500
8. Til landhelgisgæslu, gegn 200000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		235000
9. Framlag til landhelgissjóðs		20000
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
11. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
12. Borgun til sjódómsmanna		2000
13. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A ...	... ...	696026

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	30000	
b. Fyrir embættisskeyti	40000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		18000
3. Til embættiseftirlitsferða		5000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		40000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		11000
Samtals B ...	... ...	144000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		265965
Þar af viðbót við lögmælt laun núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði 1700 kr. með verðstuðulsuppbót.		
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		7450
Styrkurinn skiftist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til		
Flyt ...	... ...	275415

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	275415
Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sljettu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. — 17. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 2600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1200	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Ferðastyrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi Suður- og Vesturland, og augnlæknisins á Akureyri, er hafi Norður- og Austurland til yfirferðar, enda hafi þeir dvöl að minsta kosti á einni eða tveim höfnum í hverri sýslu.		3200
6. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
8. Til geislalækningastofu ríkisins..		11000
9. Til sömu stofnunar, til áhaldakanpa		2500
10. Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
11. Til nuddlækningastofu Jóns Kristjánssonar...		2000
12. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar		2000
Flyt ...	... ...	302115

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	302115
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
13.	Til Evu Hjálmarsdóttur, til framhaldsdvalar í heilsuhæli í Danmörku, lokastyrkur		
14.	Holdsveikraspítalinn		
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		1000
	A. Laun læknis...	8035	77115
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna...	13000	
	2. Viðurværi 55 manna (ca. 140 a. á dag)	28000	
	3. Klæðnaður	1800	
	4. Lyf og sáraumbúðir	1800	
	5. Eldsneyti	9000	
	6. Ljósmeti	2400	
	7. Húsbúnaður og áhöld...	2000	
	8. Viðhald á húsum...	3000	
	9. Þvottur og ræsting..	1800	
	10. Greftrunarkostnaður	500	
	11. Skemtanir..	600	
	12. Skattar o. fl.	3680	
	13. Ýmisleg gjöld	1500	
		69080	
15.	Geðveikrahælið á Kleppi	77115	
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis...	7035	59860
	B. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna	13500	
	2. Viðurværi 94 manna (ca. 140 a. á dag)	48000	
	3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500	
	4. Lyf og sáraumbúðir	500	
	5. Ljós og hiti	10000	
	6. Viðhald og áhöld	10000	
	7. Þvottur og ræsting	3000	
	8. Skemtanir	750	
	Flyt ...	89250	7035	440090

		kr.	kr.
Flutt ...	89250	7035	440090
9. Skattar m. m.	2500		
10. Óviss gjöld	1400		
		93150	
		100185	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum; kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
Mismunur ...		59860	
16. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			2035
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7035	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	33000		
2. Viðurværi	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting	5500		
6. Viðhald húsa	4800		
7. Viðhald vjela	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld	11000		
9. Flutningskostnaður	4000		
10. Óviss gjöld	2640		
		228140	
		235175	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000		
		233140	
Mismunur ...		2035	
17. Heilsuhælið í Kristsnesi (rekstrarkostnaður)			3000
Flyt ...		... ...	445125

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	445125
18. Önnur gjöld:		
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík, samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands	150000	
b. Til viðbótarbyggingar við geðveikrahælið á Kleppi	100000	
c. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að utanhjeraðssjúklingar, sem borgað er fyrir af almannafje, njóti sömu kjara sem innanhjeraðssjúklingar.	18000	
d. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði	27000	
e. Til Heilsuhælisfjelags Norðurlands, lokastyrkur til byggingar heilsuhælis í Kristsnesi, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá, alt að	56000	
f. Bólusetningarkostnaður	2500	
g. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
h. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	3000	
i. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
j. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	
k. Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	3500	
l. Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna	700	
m. Til sama fjelags, upp í kostnað við móttöku 12 erlendra hjúkrunarkvenna sumarið 1927	1200	
n. Til kvenfjelagsins á Hellissandi, til hjúkrunarstarfsemi	400	
o. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	2000	
p. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
q. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
r. Til Elínar Sigurðardóttur, 90 kr. á mánuði, sje hún ekki í sjúkrahúsi, alt að	1080	
s. Til Kristjönu Helgadóttur í Vík í Eyrarsveit, fyrir að hýsa og hjúkra sjóhröktum mönnum	400	
		389280
19. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		38000
Samtals ...	... ...	872405

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Póstmál.		
1.	Laun:		
	a. Eftir launalögum	99460	
	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	75000	
	c. Brjefhirðingamenn	22000	
			196460
2.	Póstflutningur		165000
3.	Annar kostnaður:		
	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	10000	
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	23000	
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	14000	
	d. Önnur gjöld	63500	
			110500
	Samtals A. ...	... ...	471960
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	8250	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5850	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	16000	
	5. Skrifstofukostnaður, alt að	8000	
			43100
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjalarnesvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 20000		
	2. Stykkishólmsvegur 10000		
	Flyt ... 30000	... ...	43100

			kr.	kr.
	Flutt ...	30000	... ...	43100
3.	Hvítárbraut	10000		
4.	Norðurárdalsvegur	50000		
5.	Vesturlandsvegur [frá Fellsenda að Dalsmynni]	10000		
6.	Húnavatnssýsluvegur	25000		
7.	Vallhólmsvegur	16000		
8.	Þelamerkurvegur...	10000		
9.	Vaðlaheiðarvegur	40000		
10.	Vopnafjarðarvegur	10000		
11.	Hróarstunguvegur	20000		
12.	Um Skaftáreldhraun í V.-Skaftafellss.	10000		
13.	Biskupstungnabraut	20000		
14.	Til vegar á Hólmahálsi, gegn 1/4 annarsstaðar að	6000		
			257000	
b.	Viðhald og umbætur		200000	
				457000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum			190000
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)			30000
V.	Fjallvegir			12000
VI.	1. Til áhalda, alt að		20000	
	2. Til bókasafns verkamanna		300	
				20300
VII.	Til sýsluvega:			
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		40000	
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923		30000	
				70000
VIII.	Til dragferjuhalds:			
	1. Á Lagarfljóti		300	
	2. - Skjálfandafljóti		300	
	3. - Blöndu		300	
				900
IX.	Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá			150
X.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði			8000
XI.	Styrkir til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn			3000
	Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskektum bæjum við þjóðbraut.			
	Samtals B. ...		... ...	834450

		kr.	kr.
C.			
Samgöngur á sjó.			
1. Til strandferða:			
a. Ríkissjóðs		180000	
b. Eimskipafjelags Íslands		60000	
			240000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum			100000
Samtals C. ...		... ...	340000
D.			
Hraðskeyta- og talsímasamband.			
I. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl.			35000
II. Til nýrra símalagninga (þar af 10 þús. kr. til símalínu frá Hnausum að Ási í Vatnsdal), með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi hjeruð			260000
III. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Laun samkvæmt launalögum		305000	
2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna ...		15000	
3. Ritsímastöðin í Reykjavík		36000	
4. Loftskeytastöðin í Reykjavík		11000	
5. Bæjarsíminn í Reykjavík		200000	
6. Áhaldahúsið		2500	
7. Ritsímastöðin á Akureyri		13000	
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði		16000	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði...		9000	
10. Símastöðin á Borðeyri		8500	
11. Símastöðin í Hafnarfirði		7500	
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum		6500	
13. Símastöðin á Siglufirði		6000	
14. Til aukaritsímaþjónustu		5000	
15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva		100000	
16. Til uppbótar á launum:			
a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, alt að	14100		
Flyt ...	14100	741000	295000

		kr.	kr.
	Flutt ... 14100	741000	295000
	b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927.. 9500		
		23600	
17.	Til Steindórs Björnssonar	1200	
18.	Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
			766400
IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		40000
V.	Viðbót og viðhald stöðvanna		50000
VI.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		10000
VII.	Viðhald landssímanna		160000
VIII.	Áframhaldsgjald		25000
IX.	Til kenslu fyrir símamenn		3000
X.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
	Samtals D. ...	... ...	1350900
	E. Vitamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vitamála:		
1.	Laun vitamálastjóra ... ... Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.	8025	
2.	Laun aðstoðarverkfræðings	5945	
3.	Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að... ...	3500	
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1750	
			19220
II.	Laun vitavarða.. ... ... Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		23400
III.	Rekstrarkostnaður vitanna		80000
IV.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V.	Til þess að reisa nýja vita:		
a.	Til vitabygginga	50000	
b.	Til uppsetningar leiðarljósa	14000	
	Flyt ...	64000	132620

	kr.	kr.
Flutt ...	64000	132620
c. Ljós og hljóðdufl á Valhúsgrunni, 1/2 kostnaður	10000	
d. Ljós og hljóðdufl á Hellisboða, 1/2 kostnaður ...	10000	
		84000
VI. Ýmislegt		12000
Samtals E. ...	... ...	228620

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsembættið:		
1. Laun biskups	9025	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		11025
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	406	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
7. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	24000	
8. Álag á Langholtskirkju í Meðallandi, enda taki söfnuðurinn við henni í núverandi ástandi hennar.	5000	
		313156
Samtals A. ...	... ...	324181

		kr.	kr.
	B.		
	Kenslumál.		
I.	**Háskólinn:**		
a.	Laun	96875	
b.	Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c.	Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d.	Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hjer halda fyrirlestra í háskólanum, alt að	2000	
e.	Námsstyrkur	13000	
	Fjárveiting þessari skal skift í 20 skamta 400 kr. og 20 skamta 250 kr., og má að jafnaði ekki veita neinum stúdenti meira eða minna en 1 skamt; þó má leggja saman alt að 8 skamta 250 kr. og gera úr helmingi færri 500 kr. skamta, og veita þessa stærri skamta fátækum stúdentum, sem sýna sjerstakan dugnað við námið. Engum má veita styrk fyrsta námsárið í háskólanum.		
f.	Húsaleigustyrkur	9000	
g.	Til kensluáhalda læknadeildar	1000	
h.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði	1800	
i.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	4000	
j.	Önnur gjöld:		
	1. Til ritara:		
	a. Laun 1000		
	b. Dýrtíðaruppbót 500		
	——— 1500		
	2. Til dyravarðar:		
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið... 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 800		
	——— 2400		
	3. Ýms gjöld 5000		
	———	8900	
k.	Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta	750	
l.	Byggingarstyrkur til stúdentagarðsins ... ... enda sje ekki byrjað á byggingunni fyr en lög hafa verið sett um hana.	25000	
			164325
	Flyt ...	... ...	164325

		kr.	kr.
Fluttar ...		... ...	164325
II. Námsstyrkur erlendis:			
a. Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum		24000	
b. Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að		2500	
c. Til Markúsar Kristjánssonar, til háskólanáms erlendis		1200	
d. Til Jakobs Gíslasonar, til framhaldsnáms í rafmagnsfræði		1000	
e. Til Valgarðs Thoroddsens, til háskólanáms		1000	
III. Mentaskólinn almenni:			29700
a. Laun		78100	
b. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	400		
2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	5500		
3. Til skólahússins utan og innan ...	3000		
4. Til stundakenslu og til prófdómenda, alt að.	29500		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	2900		
7. Læknisþóknun	500		
8. Til vísindalegra áhalda	800		
9. Til þess að gefa út kenslubækur handa skólanum	2000		
10. Ymisleg gjöld	3500		
11. Til verðlaunabóka	100		
12. Húsaleiga	1250	51250	
			129350
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		25520	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakenslu .	9500		
2. Til framhaldsnáms fyrir nemendur, sem lokið hafa gagnfræðaprófi ...	4500		
Flyt ...	14000	25520	323375

		kr.	kr.
Flutt ...	14000	25520	323375
3. Til bóka og kensluáhalda	1000		
4. Til eldiviðar og ljósa	6500		
5. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
7. Til skólahússins utan og innan ...	1500		
8. Til ýmislegra gjalda	3000		
		27600	
V. Kennaraskólinn:			53120
a. Laun		20010	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakensla	5000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	1000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		15500	
VI. Stýrimannaskólinn:			35510
a. Laun		14210	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu.	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	1750		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
		6050	
			20260
Flyt ...		... ...	432265

			kr.	kr.
		Flutt ...	... ...	432265
VII.	Vjelstjóraskólinn:			
	a. Laun		9280	
	b. Önnur gjöld:			
	1. Til stundakenslu	840		
	2. Húsnæði	4200		
	3. Ljós og hiti	1300		
	4. Ýms gjöld	2000		
			8340	
	Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			17620
VIII.	Bændakensla:			
	1. Til bændaskólans á Hólum:			
	a. Laun	10150		
	b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu...	1450		
	c. Önnur gjöld:			
	1. Til verklegs náms, alt að 1000			
	2. Til kensluáhalda.. ... 800			
	3. Til eldiviðar og ljósa... 4000			
	4. Ýmisleg gjöld 9000			
		14800		
			26400	
	2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
	a. Laun	8990		
	b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
	c. Önnur gjöld:			
	1. Til verklegs náms, alt að 1000			
	2. Til kensluáhalda... ... 800			
	3. Til eldiviðar og ljósa ... 2500			
	4. Ýmisleg gjöld 2500			
	5. Miðstöðvarhitun í íbúðarhúsið 7000			
		13800		
			24090	
		Flyt ...	50490	449885

	kr.	kr.
Fluttar ...	50490	449885
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.		
Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.		
		50490
IX. Iðnfræðsla:		
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	500	
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	500	
Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_6$ rekstrarkostnaðar.		
Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
d. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis	4000	
		11000
X. Verslunarskólar:		
a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	6000	
b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ..	6000	
		12000
Flyt ...	... ...	523375

		kr.	kr.
	Fluttar ...	... ...	523375
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	1. Laun forstöðumanns	1000	
	2. Til verklegrar kenslu:		
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
	b. Annar kostnaður, alt að 400		
		1300	
	3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	6700	
	4. Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			10500
XII.	Kvennaskólar:		
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 5000		
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 21000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
		31000	
	2. Til kvennaskólans á Blönduósi:		
	a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 14000		
	b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
	c. Til raflýsingar 4000		
		20000	
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
			51000
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
	1. Umsjón fræðslumála:		
	a. Laun fræðslumálastjóra 5800		
	b. Skrifstofukostnaður hans 1200		
	c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
		8000	
	Flyt ...	8000	584875

			kr.	kr.
		Flutt ...	8000	584875
2.	Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót		280000	
3.	Laun farkennara og dýrtíðaruppbót		27000	
4.	Til farkenslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að		6000	
5.	Til prófdómara við barnapróf		4000	
6.	Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkvæmt skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, alt að		25000	
7.	Til fræðslumálarits...		800	
				350800
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:			
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:			
	a. Laun	11020		
	b. Til aðstoðarkenslu	600		
	c. Önnur gjöld:			
	1. Til búnaðarnáms ... 600			
	Alt að helmingi fjárins má verja til verðlauna handa nemendum.			
	2. Til kensluáhalda.. ... 800			
	3. Til eldiviðar og ljósa ... 4000			
	4. Ymisleg gjöld 2500			
	6. Til að mála gamla íbúðarhúsið, alt að 2600			
		10500		
			22120	
2.	Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar		42000	
	Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.			
3.	Til þess að reisa nýja hjeraðsskóla í sveitum, alt að $^2/_3$ kostnaðar		20000	
		Flyt ...	84120	935675

	kr.	kr.
Flutt ...	84120	935675
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.		
4. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	16000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
5. Til unglingaskólans í Bergstaðastræti	1000	
		101120
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðraskóla á Staðarfelli, enda samþykki atvinnumálaráðherra reglugerð hans ...	3000	
2. Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að.		
Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum...	4000	
3. Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi...	1500	
		8500
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		20000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
XVIII. Sundkensla o. fl.:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.		
Flyt ...	300	1066295

	kr.	kr.
Flutt ..	300	1066295
2. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1500	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar ... ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	3000	
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar, enda sjeu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, 1/5 kostnaðar, alt að	4000	
		8800
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		1800
Samtals B. ...	... ...	1076895

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	19270	
b. Launauppbót til 1. og 2. bókavarðar, 500 kr. til hvors	1000	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	11000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	2500	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	500	
j. Ýmisleg gjöld	600	
		41530
Flyt ...	... ...	41530

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	41530
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6525	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5500	
c. Ýms gjöld	1000	
		13025
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	7525	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1200	
d. Til áhalda og aðgerða	600	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	600	
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		12475
4. Náttúrufræðifjelagið		3000
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 2000 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	7000	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		9000
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7. Aukastyrkur til amtsbókasafnsins á Akureyri ... ... að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu, með a. m. k. 2000 kr. launum, auk verðstuðulsuppbótar.		3000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3400
11. Til Þjóðvinafjelagsins		1800
12. Til Fornleifafjelagsins		800
Flyt ...	... ...	91230

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	91230
13.	Til Sögufjelagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14.	Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (jarðalýsing Hegranesþings)		2000
15.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
16.	Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1000
17.	Til Leikfjelags Ísafjarðar, gegn að minsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		600
18.	a. Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers	8000	
	b. Til hljómsveitar Reykjavíkur	1800	
	c. Til þess að kaupa listaverk.	3500	
	d. Til Bjargeyjar Pálsdóttur, til hljómlistarnáms ...	800	
	e. Til Friðfinns Guðjónssonar leikara, til utanfarar	2000	
	f. Til Önnu Borg, til leiknáms (lokastyrkur)	1200	
	g. Til Haralds Björnssonar, til leiknáms (lokastyrkur)	1200	
	h. Til Þórarins Jónssonar tónlistarnema í Berlín ...	1000	
	i. Til Sveins Þórarinssonar, til þess að ljúka námi í málaralist við listaháskólann í Kaupmannahöfn .	1000	
	k. Til Freymóðs Jóhannssonar listmálara, utanfararstyrkur til þess að fullkomna sig í leiktjaldamálun	1500	
			22000
19.	Til sjera Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til þess að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins, 4500 kr. með verðstuðulsuppbót		6525
20.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sje safnið eign ríkisins		1200
21.	Til þess að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót		7025
22.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
23.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2900
24.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	7025	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1500	
			8525
	Flyt ...	... ...	153705

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	153705
25.	Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
26.	Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1800
27.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
28.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		800
29.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		800
30.	Til Boga Th. Melsteds, til þess að rita Íslandssögu ...		800
31.	Til Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenska miðaldamenningarsögu		1000
32.	Til landsskjálftarannsókna ... ... Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
33.	Til Íþróttasambands Íslands		1800
34.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		3500
35.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	7025	
	b. Til sama, til aðstoðar	1200	
			8225
36.	Til þess að kaupa grasasafn dr. Helga Jónssonar, þriðji fjórðungur andvirðis		2500
37.	Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		3500
38.	Til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins í Reykjavík .. ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi, en 400 kr. skal varið til fyrirlestra í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungum, 200 kr. á hvorum stað.		1500
39.	Til Sigurðar Skúlasonar stud. mag., til framhaldsnáms í íslenskum fræðum erlendis		1000
40.	Til Barða Guðmundssonar, til lokanáms í íslenskri sögu		1000
41.	Til Einars Ó. Sveinssonar, til að ljúka námi í norrænu við Hafnarháskóla		1000
42.	Ferðastyrkur til útlanda		6000
	Samtals ...	... ...	192530

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til Búnaðarfjelags Íslands		200000
2.	Til sandgræðslu		40000
	Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram lögmæltan kostnað eða meira.		
3.	Til búnaðarfjelaga		15000
4.	Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, alt að		10000
	Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfjelag Íslands.		
5.	Gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna		140000
6.	Til Skeiðaáveitunnar upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, 3. greiðsla		6000
7.	Til vegalagningar í Vestmannaeyjum, $^2/_3$ kostnaðar, alt að		16000
8.	Til Garðyrkjufjelags Íslands: Laun garðyrkjustjóra		4000
9.	Til skógræktar:		
	a. Laun	11910	
	Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
	b. Til skóggræðslu	20000	
	c. Styrkur til Hákonar Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms	1200	
			33110
10.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	18995	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
			19695
11.	Til fjárkláðalækninga		6000
12.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
	Flyt ...	... ...	490805

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	490805
13. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	5075	
b. Til aðstoðar	4000	
c. Húsaleiga	3000	
d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
e. Til áhaldakaupa	500	
		13775
14. Til veðurstofu Íslands:		
a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	15650	
b. Til aðstoðar	13000	
c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	8000	
d. Til veðurskeyta o. fl.	11150	
e. Til loftskeytatækja	800	
f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3000	
g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
		53000
15. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
16. Til Fiskifjelagsins		65000
Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimanna-almanaks.		
17. Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a. 5 fiskiyfirmatsmanna	17400	
b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.		
c. Laun 4 síldarmatsmanna	9280	
d. — 4 ullarmatsmanna	2320	
e. — 5 kjötmatsmanna	4350	
f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
		49550
18. Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		8000
19. Til bryggjugerða og lendingabóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun		15000
Flyt ...	... ...	701130

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	701130
20.	Til að dýpka Snepilrásina við Stokkseyri, helmingur kostnaðar (endurveiting), alt að		5400
21.	Til hafnarbóta í Ólafsvík		14000
22.	Til brimbrjóts í Bolungarvík, gegn að minsta kosti jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá, alt að		17500
23.	Til markaðsleitar erlendis		20000
24.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
25.	Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, 1,50 kr. fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún býr til, alt að		6000
26.	Til gerlarannsókna		2000
27.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		4700
28.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og heimilisiðnaði		800
29.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
30.	Til Kvenfjelags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kenslu í handavinnu kvenna ...		600
31.	Til sambands norðlenskra kvenna...		450
32.	Til Bandalags kvenna		450
33.	Til vörumerkjaskrásetjara		2000
34.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		4500
35.	Til Verslunarráðs Íslands, kostnaður af símskeytum um markaðsverð og markaðshorfur erlendis		2000
36.	Laun húsagerðarmeistara...		7625
37.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
	a. Laun leiðbeinanda, 4000 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra	5800	
	Flyt ...	5800	800955

	kr.	kr.
Flutt ...	5800	800955
manna, skal greiða fult gjald fyrir, er rennur í ríkissjóð.		
b. Ferðakostnaður og skrifstofufje...	1000	
		6800
38. Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
39. Til þess að gera Lagarfoss laxgengan, 1/3 kostnaðar, alt að		3000
40. Til Guðmundar Guðjónssonar, til lokanáms í húsgerðarlist		1500
41. Til vatnsrenslismælinga		2000
42. Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		6000
43. Til framhalds landmælinga		40000
44. Til ræktunarsjóðs:		
a. Afgjöld þjóðjarða	30000	
b. Tillag til kostnaðar við sjóðinn	10000	
c. Hluti af útflutningsgjaldi	62500	
		102500
Samtals ...	... ...	964555

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga		500000
2. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61, 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga		7000
Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafjelags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		
4. Til sjúkrasamlags Reykjavíkur, til að vinna að því að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga á landinu og til að stofna ný sjúkrasamlög		1500
Flyt ...	... ...	568500

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	568500
5. Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík		3500
6. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
7. Til slysatryggingar		10000
8. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
9. Til bjargráðasjóðs		24000
10. Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
11. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		10000
12. Til Rauðakrossfjelags Íslands		2000
13. Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
14. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
15. Til styrktarsjóðs Sjómannafjelags Vestmannaeyja ..		600
Samtals ...	... ...	665800

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:		
a. Embættismenn	26057,55	
b. Embættismannaekkjur og börn	16353,02	
c. Uppgjafaprestar	635,28	
d. Prestsekkjur	5483,81	
e. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49, 1923	2500,00	
		51029,66
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
a. Embættismenn:		
1. Til Þorvalds Pálssonar læknis ... 300,00		
2. — Sigurðar Magnússonar læknis ... 169,87		
3. — Halldórs Briems bókavarðar ... 960,00		
	1429,87	
b. Embættismannaekkjur og börn:		
1. Til Magneu Ásgeirsson 200		
2. — Ólivu Guðmundsson 175		
3. — Theodóru Thoroddsen 800		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
Flyt ... 1575	1429,87	51029,66

			kr.	kr.
	Flutt ...	1575	1429,87	51029,66
5.	Til Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6.	— Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
7.	— Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8.	— Ágústu Jóhannsdóttur	300		
9.	— Rannveigar Tómasdóttur	300		
10.	— Önnu Gunnlaugsson	900		
11.	— Kristbjargar Marteinsdóttur	600		
12.	— Kristínar Jacobson	600		
13.	— Guðnýjar Jónsdóttur	400		
14.	— Kirstínar Þ. Blöndal	300		
15.	— Guðlaugar Magnúsdóttur...	2000		
16.	— 3 barna hennar	300		
17.	— Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju	600		
18.	— Jenny Forberg	600		
19.	— Ástu Hallgrímsson	600		
			10725,00	
c.	Uppgjafaprestar:			
1.	Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2.	— Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3.	— Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4.	— Sig. prófasts Gunnarssonar	662,25		
5.	— Guttorms Vigfússonar...	600,00		
6.	— Jóns Ó. Magnússonar	600,00		
7.	— Björns Þorlákssonar	208,00		
8.	— Stefáns Jónssonar	370,00		
			4045,25	
d.	Prestsekkjur:			
1.	Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2.	— Auðar Gísladóttur	300,00		
3.	— Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4.	— Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6.	— Guðrúnar Ólafsdóttur...	100,00		
7.	— Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8.	— Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9.	— Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
10.	— Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11.	— Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
12.	— Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
	Flyt ...	3830,00	16200,12	51029,66

		kr.	kr.
	Flutt ...	3830,00	16200,12	51029,66
13.	Til Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
14.	— Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
15.	— Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
16.	— Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
17.	— Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
18.	— Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
19.	— Valgerðar Gísladóttur kr. 176,50 og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	284,83		
20.	— Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
21.	— Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
22.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
23.	— Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
24.	— Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
25.	— Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
26.	— Önnu Stefánsdóttur	200,00		
27.	— Helgu Skúladóttur	230,00		
			7363,30	
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3.	— Magnúsar Einarssonar	500,00		
4.	— Elínar Briem Jónsson	300,00		
5.	— Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6.	— Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7.	— Guðmundar Björnssonar	150,00		
8.	— Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
9.	— Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
10.	— Páls J. Árdals	600,00		
11.	— Nikulásar Þórðarsonar	200,00		
			3960,00	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1.	Til Guðm. Kristjánssonar	300		
2.	— Böðvars Jónssonar...	200		
3.	— Hallgríms Krákssonar	200		
4.	— Jóhanns Jónssonar	200		
5.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
6.	— Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
7.	— Daníels Jónssonar	200		
	Flyt ...	1700	27523,42	51029,66

		kr.	kr.
	Flutt ... 1700	27523,42	51029,66
8.	Til Jens Þórðarsonar 300		
9.	— Friðriks Möllers 1200		
10.	— Anínu Arinbjarnardóttur 200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar 200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum 300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar 300		
14.	— Guðm. Kristjánssonar 200		
15.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ... 600		
16.	— Friðriks Klemenssonar 2000		
17.	— Þorsteins Jakobssonar 200		
18.	— Kristjáns Blöndals 1000		
19.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ... 300		
20.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ... 200		
21.	— Hans Hannessonar pósts 300		
22.	— Steindórs Hinrikssonar pósts ... 200		
23.	— Ólafs Ólafssonar pósts 200		
24.	— Halldórs Benediktssonar pósts ... 200		
		9600,00	
g.	Rithöfundar:		
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar 3500		
2.	— Valdimars Briems 1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum 500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ... 3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar 2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar 1200		
7.	— dr. Helga Pjeturss 4000		
8.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu... 1000		
9.	— Einars Benediktssonar 4000		
		20400,00	
h.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:		
1.	Til Jakobínu Pjetursdóttur 200,00		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur 300,00		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur 300,00		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur 300,00		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur 300,00		
6.	— 2 barna hennar 200,00		
7.	— Valgerðar Arnljótsdóttur 300,00		
8.	— Eleanor Sveinbjörnsson 1200,00	3100,00	
	Flyt ...	60623,42	51029,66

		kr.	kr.
	Flutt ...	60623,42	51029,66
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400	
2.	— Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500	
3.	— Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður	500	
4.	— Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður	500	
5.	— Þórdísar Símonardóttur jubilljósmóður	500	
6.	— Jakobínu Sveinsdóttur jubilljósmóður	500	
7.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500	
8.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ...	300	
9.	— Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður	300	
10.	— Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300	
11.	— Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200	
12.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200	
13.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar	300	
14.	— Páls Erlingssonar	1200	
15.	— Erlends Zakaríassonar	300	
16.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300	
17.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300	
18.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar	400	
19.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200	
20.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400	
21.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300	
22.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	500	
23.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600	
24.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300	
	Flyt ...	9800	60623,42	51029,66

		kr.	kr.
Flutt ...	9800	60623,42	51029,66
25. Til Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
26. — Sigrúnar Gestsdóttur, ekkju Stefáns Eiríkssonar.	600		
27. — Halldóru Pjetursdóttur Briem ...	600		
28. — Kristjönu Benediktsdóttur	400		
29. — Bjargar Guðmundsdóttur	400		
30. — Hjálmars Lárussonar	1000		
31. — Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
32. — Henriette Kjær	600		
33. — Eggerts Stefánssonar, simritara á Akureyri	1600		
		15700,00	
A styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara		1200,00	
k. — ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar		1000,00	
l. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000,00	
			81523,42
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			57308,89
Samtals ...		... ...	189861,97

19. gr.

Til óvissra gjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Árið 1928 eru tekjur áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.	10020000.00	
—	3. —	34600,00	
—	4. —	315000,00	
—	5. —	82000,00	
			kr. 10451600,00

Flyt kr. 10451600,00

				Flutt kr.	10451600,00
	En til gjalda er veitt:				
Samkvæmt	7. gr.		1385676,00		
—	8. —		60000,00		
—	9. —		219350,00		
—	10. —		313760,00		
—	11. — A.	696026,00			
—	11. — B.	144000,00			
			840026,00		
—	12. gr.		872405,00		
—	13. — A.	471960,00			
—	13. — B.	834450,00			
—	13. — C.	340000,00			
—	13. — D.	1350900,00			
—	13. — E.	228620,00			
			3225930,00		
—	14. — A.	324181,00			
—	14. — B.	1076895,00			
			1401076,00		
—	15. —		192530,00		
—	16. —		964555,00		
—	17. —		665800,00		
—	18. —		189861,97		
—	19. —		100000,00		
—	20. —		10000,00		
				kr.	10440969,97
			Tekjuafgangur	kr.	10630,03

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 100 þús. kr. til þess að reisa íshús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánin eru veitt sýslufjelögum, gegn tryggingum þeim, er landsstjórnin tekur gildar, þó ekki hærri en $^2/_3$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.
   c. Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
   d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu svo greidd með jöfnun afborgunum á 30 árum.
2. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir

tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus fyrstu 4 árin, en greiðast síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.

3. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda. og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Alt að 8000 kr. til læknisbústaðar í Flatey á Breiðafirði. Lánið skal veitt gegn ábyrgð sýslunefndar, ávaxtað með 6% og endurgreitt með jöfnum afborgunum á 15 árum.
6. Alt að 8000 kr. til læknisbústaðar í Reykhólahjeraði. Lánið skal veitt gegn ábyrgð sýslunefndar, ávaxtað með 6% og endurgreitt með jöfnum afborgunum á 15 árum.
7. Alt að 35000 kr. til Mjólkurfjelags Reykjavíkur til þess að koma upp kornmylnu. Lánið er veitt gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, ávaxtast með 6% og endurborgast með jöfnum afborgunum á 5 árum.
8. Alt að 10000 kr. til Jóns Stefánssonar listmálara, til þess að reisa sjer vinnustofu í Reykjavík, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin tekur gildar.
9. Alt að 3000 kr. til Túbals Karls Magnússonar í Múlakoti í Fljótshlíð, til byggingar á gistiskála. Lánið veitist til 20 ára, gegn 6% vöxtum og þeirri tryggingu, sem ríkisstjórnin tekur gilda.
10. Alt að 19500 kr. Borgarneshreppi, til endurbyggingar raforkustöð. Lánið veitist gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, ávaxtast með 6% og afborgast með jöfnum greiðslum á 15 árum.
11. Alt að 75000 kr. til hafnarbóta á Akureyri. Lánið er veitt til 15 ára, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda, ávaxtast með 6%, er afborgunarlaust fyrstu 3 árin, en endurborgast síðan með jöfnum afborgunum á 12 árum.

Af hallærislánum Grunnavíkurhrepps og Árneshrepps skal veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana árin 1926—1928, að báðum meðtöldum.

Af hallærislánum Gerðahrepps í Gullbringusýslu skal veita uppgjöf vaxta 1927—1928 og greiðslufrest afborgana 1926—1928.

Af viðlagasjóðsláni Ostagerðarfjelags Önfirðinga skal veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana árin 1926—1928.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.
II. Að greiða halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnu-

fjelaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1927, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

III. Að kaupa hús sýslumannsins á Sauðárkróki fyrir 27000 kr. Þar af greiðast 7000 kr. um leið og kaup fara fram, en að öðru leyti greiðist kaupverðið með því, að ríkissjóður taki að sjer áhvílandi 20000 kr. skuld við sparisjóð Sauðárkróks, enda taki sýslumaður húsið á leigu með þeim skilmálum, að hann ávaxti og afborgi áhvílandi skuld, haldi húsinu við og greiði skatta alla og skyldur.

IV. Að kaupa jörðina Byrgi (Ásbyrgi) í Kelduhverfi, ásamt skika þeim í byrginu, sem áður hefir fylgt jörðinni Meiðavöllum.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1928, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1927 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. **496. Lög**

um sölu á prestssetrinu Hesti í Ögurþingum.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí).

Heimilt er kirkju- og kenslumálaráðherra að selja jörðina Hest í Súðavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, sem útlögð hefir verið sem prestssetur í Ögurþingaprestakalli. Um söluna fer samkvæmt lögum nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

2. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Ed. **497. Lög**

um friðun hreindýra.

(Afgreidd frá Ed. 4. mai).

1. gr.

Hreindýr skulu hvarvetna á landi hjer friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivjelum til 1. janúar 1935. Heimilt skal þó að handsama dýr til eldis.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða 100 kr. sektum í fyrsta sinn fyrir hvert dýr, sem veitt er, en sektir tvöfaldast við hverja ítrekun brots, alt að 400 kr.

3. gr.

Fara skal með mál, er rísa af brotum á lögum þessum, sem almenn lögreglumál. Sektir skulu hálfar falla til uppljóstrarmanns, en hálfar í sveitarsjóð heimilissveitar hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **498. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

Frá Jóni Kjartanssyni.

Við 1. gr.

Aftan við greinina bætist:

Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði fjelagsins af starfsemi þessari skuli varið til reiðvegar Reykvíkinga.

Sþ. **499. Tillaga**

til þingsályktunar um aukna rjettarvernd fyrir samvinnufjelög landsins.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um aukna rjettarvernd til handa samvinnufjelögum landsins, þannig að þau njóti jafnan sömu rjettarverndar eins og einstakir atvinnurekendur eða hlutafjelög í landinu.

Greinargerð.

Því hefir verið haldið fram af einstöku lögfræðingum, að samvinnufjelög landsins sjeu rjettlægri en einstakir atvinnurekendur og hlutafjelög, m. a. þannig, að andstæðingar og óvildarmenn fjelaganna geti að ósekju afflutt fjelögin og gert umfangsmiklar tilraunir til að spilla trausti þeirra, án þess að slík framkoma varði sektum, þó að leitað sje úrskurðar dómstólanna. Ennfremur hefir sá af dómurum landsins, sem árlega fellir flesta dóma, talað þannig á Alþingi nú í vetur, að full ástæða er til að ætla, að samvinnufjelögin þurfi aukna rjettarvernd.

Ed. **500. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Eftirskráðar breytingar skulu gerðar á þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar: 18. gr., 19. gr., 26. gr., 27. gr., 28. gr., 29. gr., 30. gr., 31. gr., 38. gr. og ákvæðum um stundarsakir.

1. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 18. gr. komi: annaðhvert ár. — Aftan við greinina komi tvær nýjar málsgreinir, svo hljóðandi:

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukaþing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Það þing má ekki sitja lengur en 4 vikur án samþykkis konungs.

Með lögum má ákveða, að reglulegt Alþingi skuli háð árlega.

2. gr.

Í stað orðanna »á ári« í niðurlagi 19. gr. komi: fundum sama þings.

3. gr.

Í stað »40« í fyrstu málsgr. 26. gr. komi: 42.
Í stað »26« í annari málsgr. sömu gr. komi: 28.
Í stað »34« í þriðju málsgr. sömu gr. komi: 36.

4. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:
Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

5. gr.

28. grein stjórnarskrárinnar skal orða svo:
Deyi þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, á kjörtímanum, eða

fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt og þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum. Sama er og ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaþing, eða það sem eftir er af því þingi.

6. gr.

Orðin »í sjerstökum kjördæmum« í upphafi fyrstu málsgr. 29. gr. falli burt.

Orðin »enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk« í enda sömu málsgr. falli burt.

Fyrri málsliður síðustu málsgreinar sömu greinar (»Með sömu skilyrðum ..... um land alt«) falli burt.

Fyrir orðin »í efri deild« í niðurlagi greinarinnar komi: sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

7. gr.

Orðin »í sjerstökum kjördæmum« í upphafi fyrri málsgreinar 30. greinar falli burt.

Síðasti málsliður sömu málsgreinar (»Með sömu skilyrðum ..... um land alt«) falli burt.

8. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 31. grein skal koma: annaðhvert ár.

9. gr.

Í stað orðsins »fjárhagsár« í 38. gr. komi: fjárhagstímabil.

10. gr.

Í stað 2. ákvæðis um stundarsakir komi:

2. Umboð landskjörinna þingmanna og varamanna falla niður við næstu almennar alþingiskosningar eftir að þessar breytingar á stjórnarskránni öðlast gildi.

Ed. 501. Álit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Það var sagður tilgangur þessarar löggjafar í upphafi, að bæta ríkissjóði þann halla, er hann yrði fyrir vegna gengislækkunarinnar; var þá og gert ráð

fyrir, að lögin fjellu úr gildi þegar sterlingspundið væri komið niður í 25 krónur. Nú hefir sterlingspund verið skráð á 22 kr. 15 aura í hálft annað ár, og upprunalega ástæðan fyrir löggjöfinni þar með niður fallin. Og þegar Alþingi síðasta framlengdi lögin um 25% gengisviðauka til ársloka 1927, var af allflestum gengið út frá því, að þá mundi þessi tollur endanlega ganga úr gildi.

Minni hlutinn lítur þar að auki svo á, að þessi leið til að ná tekjum í ríkissjóð sje ranglát, og vill fyrir þá sök fella frv., enda kominn tími til fyrir Alþingi að uppfylla margendurtekin loforð um að láta gengisviðaukann falla niður. Það, hve frv. kom seint fram, sýnir og, að stjórnin hefir eigi ætlað að bera málið fram, þótt henni hafi snúist hugur; því varla má gera ráð fyrir, að það hafi stafað af gleymsku, að frv. kom eigi fyr, þótt ýmislegt bendi raunar til þess.

Eins og að ofan segir, er tillaga minni hlutans sú, að frv. sje felt.

Alþingi, 4. maí 1927.

Jón Baldvinsson.

Ed. **502. Frumvarp**

til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bannað er öllum að flytja hingað til lands frá útlöndum lifandi spendýr. Þó má atvinnumálaráðuneytið veita undanþágu frá banni þessu, ef sjerstaklega stendur á, enda setji þá reglur í hvert sinn, er öruggar sjeu til varnar því, að hingað berist alidýrasjúkdómar með dýrum þeim, sem hingað kynni að verða leyfður innflutningur á.

2. gr.

Frá löndum þeim og landshlutum, þar sem gin- og klaufaveiki eða aðrir hættulegir og næmir alidýrasjúkdómar ganga eða eru orðnir landlægir í, er bannaður allur innflutningur á fuglum, heyi, hálmi, alidýraáburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, hverju nafni sem nefnast, ósoðinni mjólk, smjöri, ostum, eggjum og þureggjum, hverskonar fóðurvörum frá mjólkurbúum, brúkuðum fóðurmjölssekkjum, tuskum allskonar, ull, brúkuðum fatnaði, fiðri, fjöðrum og dúni. Þó má flytja inn ull til verksmiðja undir öruggu eftirliti.

Frá sömu löndum og landshlutum er ennfremur bannaður innflutningur á stráteppum, körfum úr strái, dýrahári og vörum, sem gerðar eru úr því, svo sem burstavörum allskonar, penslum, kústum og hrosshársborðum.

Innflutningsbann á vörum þeim, sem upp eru taldar í annari málsgr., kemur þó ekki til framkvæmda, ef vörurnar hafa verið sótthreinsaðar áður en þær voru fluttar í skip og vottorð um það fylgir farmskrá.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að banna einnig með auglýsingu innflutning frá sömu löndum og landshlutum á öðrum þeim vörum, sem hætta telst á, að sóttnæmi geti borist með.

4. gr.

Hver sá maður, sem kemur hingað til lands frá útlöndum, skal á fyrstu höfn, sem skipið hafnar sig á, áður en hann stígur af skipsfjöl gefa lögreglustjóra eða sóttvarnarlækni yfirlýsingu, að viðlögðum drengskap, um það, hvort hann hafi á síðustu þrem mánuðum áður en hann lagði í haf frá útlöndum dvalið í sveit, þar sem gin- og klaufaveiki eða aðrir næmir alidýrasjúkdómar hafa gengið síðastliðið ár.

Hafi slíkur farþegi dvalið í sýktu hjeraði á síðustu þremur mánuðum, má hann ekki fara neitt burtu út um sveitir eða þangað, sem búpeningur er, fyr en þrír mánuðir eru liðnir frá því hann ljet í haf frá útlöndum, nema hann og farangur hans hafi verið rækilega sótthreinsaður, enda leyfi lögreglustjóri för hans. En ef hann hefir dvalið á sýktu heimili, skal hann og farangur hans sótthreinsaður þegar eftir að hann stje á land.

5. gr.

Brot gegn 1. og 2. gr. og auglýsingum, sem atvinnumálaráðuneytið gefur út samkv. 3. gr., varða sektum, frá 100—1000 kr., fyrir skipstjóra þann, er dýrin eða bannvöruna flutti inn, og jafnháum fyrir eigandann, og skulu dýrin og bannvaran gerð upptæk, dýrunum lógað, en varan ónýtt, að tilhlutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft í skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borga allan kostnað, er af því leiðir.

Brot gegn reglum þeim, sem settar eru samkvæmt 1. gr., varða eiganda 100—1000 kr. sektum, enda bæti hann að auki allan skaða, er af þeim dýrum hlýst, er hann flutti inn án leyfis eða hirti ekki samkv. reglum ráðuneytisins.

Brot gegn 4. gr. varða sektum, frá 100—1000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sá, sem brotlegur verður, skal auk þess bæta alt það tjón, er hljótast kann af óhlýðni hans.

Sektir allar skulu renna í ríkissjóð.

Mál, er rísa kunna út af brotum gegn lögum þessum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22, 15. júní 1926, um innflutningsbann á dýrum o. fl.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **503. Nefndarálit**

um frv. til laga um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir rætt þetta mál allítarlega, en ekki getað orðið ásátt um afgreiðslu þess. Tveir nefndarmenn (Á. J. og J. K.) vilja samþykkja frv. óbreytt. Einn nefndarmanna (H. V.) vill, að málið gangi ekki fram, en við undirritaðir föllumst á aðalefni frv., en viljum þó gera á því nokkrar breytingar. Aðalbreytingin, sem við leggjum til, að gerð sje á frv., er, að tekið sje upp í það, hvaða föst embætti skuli vera á þessum skipum, og þá jafnframt ákvæði um launakjör þeirra. Við teljum best á því fara, að ákvæði um þetta efni standi einmitt í þessum lögum.

Það er sjálfsagt að sjá eins vel fyrir landhelgisgæslunni eins og við höfum frekast tök til, en til þess ber enga nauðsyn, að stofnað sje afarmikið embættismannabákn, eins og nú virðist að sje tilætlunin, eftir frv. því að dæma, er nú liggur fyrir þinginu og ræðir um laun starfsmanna þessara skipa.

Þá teljum við og rjett, að skipverjum á þessum skipum sje óheimilt að gera verkfall. Starf þessara skipa má alls ekki verða hindrað af þesskonar orsökum. Launakjör þeirra og aðbúð öll á að vera það góð, að þeir þurfi ekki þeirra hluta vegna að grípa til þess að gera verkfall til að fá lífvænleg kjör, og teljum við best, að lögin beri það ótvírætt með sjer, að skipverjum sje óheimilt að leggja niður vinnu, nema þá með þeim fyrirvara, er lögin tilskilja.

Við sjáum ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þær breytingartillögur, er við leggjum til að gerðar sjeu Í framsögu málsins verður nánar vikið að þessum breytingum.

Ráðum við til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

I. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Varðskipin skulu eiga heimili í Reykjavík. Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal á þeim vera. Allir starfsmenn skipa þessara eru sýslunarmenn ríkisins, hvort sem þeir eru skipaðir af ráðuneytinu, settir eða á annan veg ráðnir þar til starfa. Skulu þeir allir slysatrygðir af útgerð skipanna, eftir svipuðum reglum og skipshafnir á öðrum skipum ríkissjóðs og Eimskipafjelags Íslands.

II. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:

Skipherra, fyrsti stýrimaður, fyrsti vjelstjóri og aðalloftskeytamaður skulu skipaðir eða settir af ráðuneytinu. Ráðuneytið ræður einnig bryta, þó aldrei lengur en árlangt í senn, og semur við þá um borgun fyrir fæði skipverja.

Ráðuneytið getur hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, sjerhverjum sýslunarmanni á skipunum. Fer um slíka frávikningu eftir þeim reglum, sem gilda fyrir aðra sýslunarmenn ríkisins, ef í hlut á skipverji, sem skipaður er eða settur af ráðuneytinu. Skipverjar settir eða skipaðir af ráðuneytinu geta sagt upp starfi sínu með 6 mánaða fyrirvara. Með sama fyrirvara af hálfu beggja samningsaðilja má segja upp samningum þeirra skipverja, sem ekki eru settir eða skipaðir af ráðuneytinu.

III. Við 4. gr. Greinina skal orða svo:

Aðra sýslunarmenn en þá, er um getur í 3. gr., ræður skipherra í umboði ráðuneytisins. Þó skulu kyndarar ávalt ráðnir í samráði við 1. vjelstjóra. Mönnum þessum getur skipherra hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, en skýra skal þá tafarlaust ráðuneytinu frá málavöxtum.

Nú álítur skipherra, sem staddur er á varðskipi utan Reykjavíkur, nauðsynlegt, að einhverjum þeirra starfsmanna, sem taldir eru í 3. gr., sje þegar vikið frá sýslan, og má hann þá víkja sýslunarmanninum frá um stundarsakir, en skýra skal hann ráðuneytinu þegar í stað frá því, og leggur ráðherra úrskurð á málið.

IV. Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, er verði 5. og 6. gr., svo hljóðandi:

a. 5. gr.

Skipherrar hafa að byrjunarlaunum 6000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 300 kr., upp í 6900 kr.

Yfirstýrimenn hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 4100 kr.

Yfirvjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir yfir 700 hestöfl, hefir að byrjunarlaunum 5000 kr., sem hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 5600 kr. á ári. Sje vjel skipsins frá 200—700 hestafla, skulu byrjunarlaun yfirvjelstjóra vera 4500 kr., en hækka eftir sömu reglu upp í 5100 kr. á ári.

Aðalloftskeytamaður hefir að byrjunarlaunum 2300 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 2900 kr. á ári.

Allir framantaldir sýslunarmenn njóta dýrtíðaruppbótar á launin eftir sömu reglum og starfsmenn ríkisins almennt. Ennfremur hafa þeir ókeypis fæði fyrir sig á skipunum. Starfsmenn þessir greiða iðgjöld í lífeyrissjóð embættismanna og öðlast rjett til lífeyris fyrir sig og ekkjur sínar eftir lögum nr. 51, 27. júní 1921.

b. 6. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, fyrir eitt ár í senn, mánaðarkaup án dýrtíðaruppbótar fyrir viðvaninga, óvaninga og vikadrengi, sem ráðnir kynnu að verða á skipin, enda skal, eftir því sem atvik leyfa, gefa sem flestum færi á að venjast farmensku á skipunum, þeim, er þurfa að búa sig undir siglingaatvinnu.

V. Við 5. gr., er verður 7. gr. Greinina skal orða svo:

Skráning manna á varðskipin fer ekki fram hjá skráningarstjóra. Siglingartími sýslunarmanna á varðskipunum skal tekinn til greina eins og siglingartími skráðra manna á öðrum eimskipum sömu stærðar.

VI. 6. gr. frumv. falli burt.

VII. Við 7. gr., er verður 8. gr. Greinina skal orða svo:

Ráðuneytið setur reglugerð um löggæslustarfið og um einkennisbúninga sýslunarmanna. Það má einnig ákveða tilhögun alla á starfinu, verkaskiftingu o. fl.

VIII. Við 8. gr., er verður 9. gr. Greinina skal orða svo:

Nú brýtur sýslunarmaður gegn skyldum sínum eftir reglum þeim, sem settar eru samkvæmt lögum þessum, eða að öðru leyti, og varðar það þá ábyrgð eins og brot á embættisfærslu, nema brotið sje svo vaxið, að ábyrgð varði eftir siglingalögunum og eigi liggi þyngri hegning við því sem broti í embættisfærslu. Þátttaka í verkfalli varðar skipverja á varðskipunum ábyrgð, eftir lögum nr. 33 1915.

IX. 9. gr. frv. fellur niður, en í stað hennar kemur ný grein, sem verður 10. gr., svo hljóðandi:

Launaákvæði 5. gr. skulu eigi vera því til fyrirstöðu, að núverandi skipherrar haldi þeim launum, er um var samið, þá er þeir ráðast í þjónustu ríkisins.

X. Við bætist ný grein, er verður 11. gr., svo hljóðandi:

Starfstími þeirra af skipverjum, sem áður voru að staðaldri í þjónustu Björgunarfjelags Vestmannaeyja, telst frá þeim tíma, er þeir lögskráðust í fyrsta skifti á björgunar- og eftirlitsskipið »Þór«, og reiknast launahækkun þeirra eftir því.

XI. 10. gr. verður 12. gr.

XII. Fyrirsögn frumvarpsins skal orða svo:

Frumvarp til laga um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim, skyldur þeirra, launakjör o. fl.

Alþingi, 4. maí 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form. og frsm.	Jón Guðnason, fundaskrifari.

Nd. 504. Nefndarálit

um frv. til laga um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþykt óbreytt eins og Ed. gekk frá því.

Alþingi, 5. maí 1927.

Jón Kjartansson, frsm.	Árni Jónsson.

Nd. **505. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

Frá Jóni Guðnasyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:

Ef breytt verður skipun prestakalla, þannig, að sókn úr öðru prestakalli verði sameinuð Mosfellsprestakalli í Mosfellssveit, þá er Mosfellspresti skylt að taka að sjer prestsþjónustu í þeirri sókn.

Ed. **506. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25 % gengisviðauka.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Með því tekjuáætlun fjárlagafrv. fyrir árið 1928 er meðal annars bygð á því, að tekjuauki sá, er lög þessi heimila, haldist yfir fjárhagstímabilið, og fjárlagafrv. að því komið að verða afgreitt frá þinginu, virðist meiri hluta nefndarinnar ekki annað fært en að samþykkja frv. þetta.

Alþingi, 4. maí 1927.

Björn Kristjánsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm.	Jónas Kristjánsson.

Nd. **507. Tillaga**

til þingsályktunar um eignar- og notkunarrjett hveraorku.

Frá Jakob Möller.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um eignar- og notkunarrjett hveraorku.

Greinargerð.

Á síðari árum er hagnýting hveraorku mjög að færast í vöxt í öðrum löndum. Eru allar líkur til, að hún geti orðið ekki þýðingarminni en notkun

vatnsaflsins, þar sem til hennar næst. Virðist því auðsætt, að ekki muni síður vera nauðsyn á því, að setja lög um eignar- og hagnýtingarrjett hveraorku en vatnsafls, svo sem hjer hefir verið gert, og þó síðar en skyldi.

Nd. **508. Tillaga**

til þingsályktunar um ríkisrekstur útvarps (Broadcasting).

Frá Jakob Möller.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd til að rannsaka og gera tillögur um ríkisrekstur útvarps.

Í nefnd þessari skulu eiga sæti: landssímastjóri, einn maður tilnefndur af stjórn »Fjelags viðvarpsnotenda« og þriðji maður valinn af ríkisstjórninni.

Álit og tillögur nefndarinnar leggjast fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Það þykir fyrirsjáanlegt, að að því muni reka, að ríkið verði að taka að sjer útvarpið hjer á landi. Það er fullyrt, að fjelag það, sem nú hefir á höndum rekstur þess, samkvæmt sjerleyfi, hafi beðið allmikið tjón á rekstrinum það sem af er, og litlar eða engar vonir taldar um, að það breytist verulega til bóta. Hins vegar mun það fúst til þess að afsala sjer rekstrinum og einkaleyfi sínu í hendur ríkisstjórnarinnar. Það á að vera hlutverk nefndar þeirrar, sem hjer er lagt til, að skipuð verði, að rannsaka, með hvaða kjörum þetta geti orðið og hvort tiltækilegt sje, að ríkið taki þetta að sjer.

Ætlast er til, að nefndin vinni kauplaust.

Ed. **509. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun sparnaðarnefndar.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar, að í lok yfirstandandi þings skuli kosin, með hlutfallskosningum, þriggja manna sparnaðarnefnd, er starfar endurgjaldslaust milli þinga að því að gera tillögur um sparnað vegna ríkissjóðs, að því er snertir útgjöld við opinbera starfrækslu, einkum í höfuðstaðnum. Allar ríkisstofnanir og einstakir starfsmenn landsins skulu skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, er hún kann að óska viðvíkjandi þessu máli,

svo sem um launakjör eins og þau hafa verið undanfarin 5 ár, húsaleigu, óvissan tilkostnað, vinnutíma og verkefni. Nefndin leggur síðan fyrir Alþingi 1928 tillögur sínar um einfaldara og ódýrara skipulag í hinum ýmsu greinum opinberrar starfrækslu.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, hefir nú á þessu þingi orðið að klípa af fjölmörgum fjárveitingum til vega, brúa og síma, og ef til muna harðnar í ári, er ekkert sennilegra en að landssjóður geti litlar framkvæmdir haft í þessu efni. Á hinn bóginn fjölgar stöðugt starfsmönnum landsins, og kostnaður við mannahald og skrifstofur, einkum í höfuðstaðnum, fer vaxandi með ári hverju. Mun því nauðsynlegt að leita nýrra úrræða, ef ekki á ver að fara. Gera má ráð fyrir, að allir, eða að minsta kosti einhverjir af flokkum þingsins muni fúsir að leggja til menn, er vilja vinna að svo nauðsynlegu starfi endurgjaldslaust, vegna almennra hagsmuna.

Nd. 510. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá samgöngumálanefnd.

Til nefndarinnar hefir verið vísað frv. á þskj. 200, um 6 nýjar símalínur í Suður-Þingeyjarsýslu. Síðan hafa svo komið fram breytingartillögur við frv., á þskj. 201, 205, 212, 218 og 259, um símalagnir í Dalasýslu, Vestur-Ísafjarðar-, Mýra-, Borgarfjarðar-, Norður-Múla- og Norður-Þingeyjarsýslum.

Allar framangreindar línur nema samtals 280—300 röstum, og er þeim víðast ætlað að liggja um sveitir, sumstaðar fjölmennar. Óvíða falla þær saman við eldri landssímalínur, og ættu því flestar þeirra að geta verið einþræðar og ódýrar.

Fæstir línuvegirnir hafa verið mældir eða rannsakaðir svo, að kostnaðaráætlun verði á því bygð. Telja má þó víst, eftir lauslegri áætlun, að lagning allra þessara lína mundi kosta 300—350 þús. kr.

Nefndin hefir leitað álits landssímastjóra um línur þessar, og telur hann ólíklegt, að nokkur af þessum nýju línum geti orðið lögð á 5—6 næstu árum, þótt frv. með öllum brtt. verði samþykt á þessu þingi, og álítur hann því samþykt frv. óþarfa að sinni.

Þörfina á útfærslu símakerfisins viðurkennir nefndin að vísu, einkum á fjölbygðari stöðum landsins, en álítur hinsvegar nauðsyn bera til þess, að fengið verði óhlutdrægt yfirlit, með mælingum og kostnaðaráætlunum, um helstu línu-

leiðir, sem taka ætti upp í viðbót við þær, sem þegar eru lögfestar. Viðist henni sem nefnt frv. og brtt. miðist ekki nema að nokkru leyti við þörf þeirra hjeraða, sem lakast eru sett um símanot. Að áliti nefndarinnar mundi þó varla rjett að hafna sumum þessum till., en samþykkja aðrar, því að hvarvetna er þörfin meira eða minna aðkallandi.

Fyrir þessa skuld leggur nefndin til, að málið verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að heildaryfirlit vantar yfir tiltækilegar og nauðsynlegar símalagningar viðsvegar um landið, eins og líka vegna þess, að ábyggilegar mælingar og kostnaðaráætlanir skortir um margar af línum þeim, sem frv. og brtt. ræða um, sem og fyrir þá sök, að engar líkur eru til framkvæmda um símalagningar á næstu árum framar því, sem lögákveðið er, en landssímastjóri hinsvegar mótfallinn málinu, telur deildin ekki næga ástæðu til að samþykkja frv. þetta og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. maí 1927.

Kl. Jónsson, form.	Sveinn Ólafsson, frsm.	Hákon J. Kristófersson, fundaskrifari.
	Pjetur Þórðarson.	Jón Ólafsson.

Nd. **511. Tillaga**

til þingsályktunar um verslanir ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um:

1. Að gerð sje alvarleg gangskör að því að semja um greiðslu á og kalla inn útistandandi skuldir áfengisverslunarinnar og að framvegis verði útlán verslunarinnar takmörkuð svo sem frekast má verða, enda sje alls ekki veittur gjaldfrestur á öðru en lyfjum, og hann sem stystur.
2. Að gerð verði upp til fullnustu viðskifti eldri landsverslunarinnar og tóbakseinkasölunnar.
3. Að gerð sje gangskör að því að semja um og kalla inn útistandandi skuldir steinolíuverslunarinnar, og að framvegis verði gætt varúðar um útlán.

Greinargerð.

Ástæður tillagna þessara má sjá í 18.—20. athugasemd yfirskoðenda landsreikningsins fyrir árið 1925.

Ed. **512 Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í staðinn fyrir málsgreinarnar: »39. Reykjavík: Reykjavíkur, Lágafells og Viðeyjarsóknir. 40. Reynivellir: Reynivalla, Saurbæjar og Brautarholtssóknir« komi: 39. Reykjavík: Reykjavíkursókn. 40. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells, Brautarholts og Viðeyjarsóknir. 41. Reynivellir: Reynivalla og Saurbæjarsóknir.

2. gr.

Ef breytt verður skipun prestakalla, þannig, að sókn úr öðru prestakalli verði sameinuð Mosfellsprestakalli í Mosfellssveit, þá er Mosfellspresti skylt að taka að sjer prestsþjónustu í þeirri sókn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **513. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1928.

I. Frá *Jónasi Kristjánssyni.*
Við 12. gr. 11. Athugasemd á eftir:
Stjórninni er heimilt að láta falla niður vexti af viðlagasjóðsláni Jóns læknis Kristjánssonar fyrir árin 1924—1927.

II. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 12. gr. 12. Nýr liður:
Utanfararstyrkur til Magnúsar bæjarlæknis Pjetursonar, til þess að kynna sjer millilandasóttvarnir 4000

III. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 12. gr. 19. p. Nýr liður:
Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi 3000

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. D. II. (Nýjar símalagningar).
Fyrir orðin »þar af 10 þús.« kemur: þar af alt að 10 þús.

V. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. E. V. d.
Fyrir »Hellisboða« kemur: Helluboða.

VI. Frá *Birni Kristjánssyni.*
Við 13. gr. E. VI.
Fyrir »12000« kemur 14000
Aftan við liðinn bætist: Þar af alt að 2000 kr. til að byggja fyrir fjós og hlöðu í Gróttu.

VII. Frá *Ingvari Pálmasyni* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. B. I. l. (Stúdentagarðurinn). Aths. skal orða svo: enda sje ekki byrjað á byggingunni fyr en lög eða skipulagsskrá, er stjórnin samþykkir, hafa verið sett um hana.

VIII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 14. gr. B. II. e. Nýir liðir:
a. Til Bjarna Sigurðssonar stúdents, til húsagerðarnáms í Stokkhólmi 1000
b. Til Hrafnkels Einarssonar stúdents, til að ljúka hagfræðinámi og til að semja doktorsritgerð við háskólann í Vín um íslenskar fiskiveiðar 1000

IX. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XIX. Nýr liður:
Til Lárusar Rists leikfimikennara, utanfararstyrkur til að kynna sjer nýungar í leikfimikenslu á Norðurlöndum 1000

X. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 15. gr. 3. e. Nýr stafliður:
Til þess að kaupa listaverk 3500

XI. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 15. gr. 18. c. (Listaverkakaup).
Liðurinn fellur niður.
Til vara: Aftan við liðinn bætist:
og sjeu kaupin gerð eftir tillögum þjóðminjavarðar.

XII. Frá *Jónasi Jónssyni, Birni Kristjánssyni* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 15. gr. 18. i. Nýr liður:
Til Brynjólfs Þórðarsonar listmálara, til framhaldsvistar erlendis til heilsubótar og til þess að fullkomna sig í málaralist... 1500

XIII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 15. gr. 18. k. Nýir liðir:
a. Til að kaupa af Ásgrími Jónssyni málara listaverk handa málverkasafni landsins 3000
b. Til Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara, til Rómaferðar 1800

XIV. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 15. gr. 18. k. Nýr liður:
Til Jóns Leifs tónskálds... 2000

XV. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 15. gr. 18. l.
Til Einars Markans söngvara, til framhaldsnáms ... 1000

XVI. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 15. gr. 31. (Guðbrandur Jónsson).
Fyrir »1000« kemur 1200

XVII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 15. gr. 39. (Sigurður Skúlason).
Í stað »1000« kemur 1500

XVIII. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason.*
Við 16. gr. 32. Nýr liður:
Til kvenrjettindafjelags Íslands 500

XIX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 18. gr. I. d. (Prestsekkjur).
Fyrir »5483,81« kemur 5360,37

XX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 18. gr. II. d. 19. (Valgerður Gísladóttir).
Liðurinn fellur niður.

XXI. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 18. gr. II. f. 21. (Hans Hannesson):
Fyrir »300« kemur 1000

XXII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 18. gr. II. g. 9. (Einar Benediktsson). Við liðinn kemur svo hljóðandi athugasemd:
Sama upphæð greiðist skáldinu fyrir yfirstandandi ár.

XXIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 22. gr. 4. Nýr liður:
Alt að 3000 kr. eigendum jarðarinnar Steina undir Eyjafjöllum, vegna skemda af og til varnar gegn skriðu-

hlaupum. Lánið veitist til 13 ára, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, ávaxtast með 5%, sje afborgunarlaust fyrstu 3 árin og endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 10 árum.

XXIV. Frá *Jónasi Jónssyni.*

Við 22. gr. 8. Liðinn skal orða svo:

Alt að 10 þús. kr. til Ásgríms málara Jónssonar og 10 þús. kr. til Jóns málara Stefánssonar til að reisa sjer vinnustofur í Reykjavík, gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar.

(Varatillaga við XIII. a.).

XXV. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 22. gr. 11. Nýr liður:

Alt að 120 þús. kr. til hafnarbóta á Siglufirði. Lánið er veitt til 15 ára, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda, ávaxtast með 6%, er afborgunarlaust fyrstu 3 árin, en endurborgast síðan með jöfnum afborgunum á 12 árum.

XXVI. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 23. gr. IV. Nýr liður:

Að veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana af dýrtíðarláni Innri-Akraneshrepps árin 1927 og 1928.

Ed. **514. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum »ókeypis vist« í 1. efnismálsgrein komi: eða styrk til vistar.
2. Við 1. gr. Á eftir orðunum »ókeypis vist« í 2. efnismálsgrein komi: eða styrk til vistar.
3. Við 1. gr. Á eftir orðunum »ókeypis vist þar« í 3. efnismálsgrein komi: eða styrk til vistar.
4. Við 1. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein þannig:

Stjórnarráðið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um læknisvottorð og efnahagsskýrslur berklasjúklinga, svo og um skýrslur, vottorð og reikninga frá sjúkrahúsum, heilsuhælum og öðrum lækningastöðum, og um annað það, er þurfa þykir til úrskurðunar í upphafi um styrkhæfi berklasjúklinga eða til úrskurðunar um framhaldsstyrk handa þeim.

Ed. **515. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu á saltfiski.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði felt.

Alþingi, 4. maí 1927.

Björn Kristjánsson, form.

Jóhann Jósefsson, fundaskrifari og frsm.

Ed. **516. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1928.

I. Frá *Jónasi Jónssyni.*

Við 14. gr. A. b. 4. Athugasemd á eftir:

Ef fje sparast á þessum lið, vegna þess að prestaköll eru laus, er kirkjustjórninni heimilt, samkvæmt tillögu prestastefnu, að verja alt að einum prestslaunum með dýrtíðaruppbót til þess að greiða ferðakostnað handa prestvígðum manni, einum eða fleirum, til eflingar andlegri samvinnu meðal presta og kristilegra áhrifa á söfnuði úti um land.

II. Frá *fjármálaráðherra.*

Við 18. gr. II. i. 33. (Eggert Stefánsson).

Liðurinn falli burt.

Til vara:

Aftan við orðið »Akureyri« bætist: í eitt skifti fyrir öll.

Ed. **517. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita »Hestamannafjelaginu Fáki« í Reykjavík leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar

með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð. Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði fjelagsins af starfsemi þessari skuli varið til reiðvegar Reykvikinga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **518. Nefndarálit**

um frv. til laga um mat á heyi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin lítur svo á, að þar sem nú hefir verið bannaður innflutningur á útlendu heyi og sennilegt virðist, að svo muni verða einnig eftirleiðis, þá muni sala á innlendu heyi bjeraða og landsfjórðunga á milli hljóta að aukast að miklum mun frá því, er verið hefir undanfarið, sem þó hefir verið allmikið, svo sem kunnugt er. Telur meiri hluti nefndarinnar því nauðsyn á, að heimilað sje með lögum að krefjast mats á þessari vöru, þó sala hennar fari fram aðeins innanlands. Ætti slikt mat að tryggja hag beggja, bæði seljanda og kaupanda, og leiða til tryggari viðskifta, sem verður að álítast nauðsynlegt til þess að fyrirbyggja krófur um, að innflutningur á útlendu heyi verði aftur leyfður, sem ætti að vera óþarft, ef sala innanlands er trygð svo sem verða má. Einn nefndarmanna, E. J., er þó ekki fyllilega sammála hinum nefndarmönnunum og skrifar undir með fyrirvara. Meiri hlutinn leggur eindregið til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 6. maí 1927.

Einar Jónsson,	Ingvar Pálmason,
form. Með fyrirvara.	fundaskrifari og frsm.

Jónas Kristjánsson.

Nd. **519. Lög**

um viðauka við lög nr. 18, 4. nóvember 1887, um veð.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí).

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna komi:

Svo er og útgerðarmanni heimilt að setja banka eða sparisjóði að

sjálfsvörsluveði afla af skipi sínu á einu útgerðartímabili í senn, til tryggingar lánum, er hann tekur til útgerðarinnar á því hjá stofnunum þessum.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrargjöld fyrir skuldabrjef, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **520. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 53, 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Árið 1920 tók einn besti aflamaður íslenskra skipstjóra upp þá venju, að láta háseta sína njóta minst 6 tíma hvíldar á sólarhring, og þótti þegar gefast svo vel, að fullvíst er, að eigi hefðu liðið svo mörg ár, að venja sú hefði náð festu á öllum ísl. botnvörpungum.

Það sætti því undrum, að einmitt árið eftir fann löggjafarvaldið ástæðu til að grípa inn í eðlilega rás viðburðanna og lögfesta þegar í stað 6 tíma minsta hvíld á sólarhring fyrir sjómenn á botnvörpungum. Voru afskifti þau að vísu óskaðleg, en með öllu óþörf.

Nú er að nýju farið fram á, að löggjafinn láti málið til sín taka, að þessu sinni með því að lögfesta 8 stunda minsta hvíld á sólarhring.

Sjávarútvegsnefnd hefir eigi orðið á eitt sátt um málið. Meiri hlutinn vill samþykkja frumv., en minni hlutinn vill fella það, meðal annars af þeim ástæðum, er nú skulu greindar.

Það er alkunna, að útgerðin stendur nú svo höllum fæti, að mjög varhugavert verður að teljast að leggja á hana nýja bagga. Minni hlutinn telur líklegt, að hvíld sú, er sjómenn nú hafa, sje það mikil, að ekki sje þess að vænta, að af aukinni hvíld leiði meiri vinnu á sama tíma. Það yrði því óhjákvæmileg afleiðing af lögfestingu 8 stunda minstrar hvíldrar, að sjómenn yrðu sjálfir að greiða hina auknu hvíld með lækkun kaupsins, en það telur minni hlutinn óvíst og jafnvel ólíklegt, að sjómenn vilji.

Það er ekki upplýst í málinu, að sjómenn þarfnist þess hvíldarauka, sem nú er farið fram á. Atvinnurekstri þeim, er hjer ræðir um, er venjulega þannig hagað, að stundaðar eru saltfiskveiðar um 3 mánuði ársins, en ísfiskveiðar 6—7 mánuði, og eru saltfiskveiðarnar aðalannirnar, og hvíld sjómannanna venjulega minst þá mánuðina. En þó er það svo, að jafnvel þennan annatíma njóta sjómenn miklu lengri hvíldar en 6 tíma á sólarhring að meðaltali, því auk þeirrar hvíldar í hverri veiðiför, er þeir fá meðan skipin sigla í og úr höfn — en til þess

fara 20 tímar til 3 sólarhringar — eiga sjómenn algert frí meðan skipin eru afferma og fermd. Og loks er þess að geta, sem mestu varðar, að undantekningalítið njóta sjómenn mikillar hvíldar á annatímanum fyrir það, að veiði verður eigi stunduð sakir óveðurs. Þessu til sönnunar skal á það bent, að verði veiði stunduð samfleytt á vertíð, varir veiðiförin aðeins 5—6 daga, en svo miklar eru frátafir, að venjan er sú, að sjaldnast koma skipin tíðar í höfn en á 10—16 daga fresti.

Um þann tíma ársins, sem ísfiskveiðar eru stundaðar, er óþarft að fjölyrða. Veiðiförin, að meðtaldri siglingu milli landa, varir venjulega 4 vikur. Aflist vel, er hægt að fylla skipin á 4 dögum, þótt hitt sje tíðast, að sakir gæftaleysis og aflatregðu gangi til þess 10—14 dagar, en nokkru lengri tími til siglinga og dvalar í höfnum. Menn geta því fyllilega treyst því, að sjómönnunum verði ekki ofboðið með vinnu þennan tíma ársins, enda mun tæplega nokkur manna þeirra, er hlut eiga að máli, halda því fram.

Til frekari skýringar skal þess getið, að það er venja, að meðan skipin sigla milli landa, fái nokkur hluti háseta landvistarleyfi, en halda þó fullu kaupi.

Minni hlutinn viðurkennir fyllilega óvenjulegt atgervi íslenskra sjómanna, en hver og einn, sem sjeð hefir þann hóp, getur gengið úr skugga um, að mönnum þessum hefir til þessa ekki verið *ofboðið* með vinnunni, enda þótt enginn gangi þess dulinn, að oft er vinna þeirra óvenjulega löng og ströng.

Minni hlutinn hefði óskað þess, að mál þetta yrði sent útgerðarmönnum og jafnvel einkum skipstjórafjelaginu til umsagnar. Það hefir þó eigi verið gert. Minni hlutinn telur þó málið það vel upplýst, að rjett sje að leggja til, að frv. verði felt.

Alþingi, 5. maí 1927.

Ólafur Thors, framsm. Sigurjón Jónsson.

Ed. **521. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1928.

I. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason.*
Við 12. gr. 13. Nýr liður:

Til Kristínar ljósmóður Jónasdóttur, sjúkrastyrkur...	600
Til vara	500

II. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við brtt. 513, XIV.
Í stað »15. gr. 18. k. Nýr liður« komi:
18. gr. II. g. Nýr stafliður.

III. Frá *Guðmundi Ólafssyni.*

Við 22. gr. 8.

Aftan við liðinn bætist: Lánin ávaxtast með 6% og endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Ed. **522. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 52, 15. júní 1926, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

2. mgr. d.-liðar 1. gr. hljóði svo:

Frá ársarðinum dragist fyrst hæfileg fjárhæð til afskriftar af væntanlegu bankahúsi og innanstokksmunum, þar næst áfallið og fyrirsjáanlegt tap bankans, enda samþykki eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum afskriftirnar, og síðast 20% af ársarðinum til varasjóðs og 6% af hlutafjárupphæðinni til hluthafaarðs.

Af því, sem fram yfir er, greiðist ríkissjóði:

5% af fyrsta 5% ágóða, miðað við hlutafje.

10% af næstu 20% — — — — og

25% af afganginum.

Hlunnindi samkvæmt lögum þessum haldast í næstu 25 ár frá því að bankinn tekur til starfa.

Að þeim tíma liðnum nýtur bankinn bestu kjara, sem veitt kunna að verða einkabanka.

Sama er og, ef einkabanka skyldi verða veitt betri kjör fyrir lok tímabilsins.

2. gr.

a.-liður 3. gr. hljóði svo:

Hlutafje bankans má eigi vera minna en 2 miljónir og eigi meira en 10 miljónir króna, og skulu að minsta kosti 55% hlutafjárins boðin út innanlands í þrjá mánuði eftir að loforð stjórnar fyrir leyfisbrjefi er dagsett. Meiri hluti bankaráðs sje Íslendingar, búsettir á Íslandi.

3. gr.

Bankinn skal taka til starfa fyrir árslok 1929.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir.

Flestir þeir, er við viðskifti og atvinnumál fást, munu sammála um það, að brýn þörf sje á nýjum banka, og honum sem öflugustum. Á síðastliðnu sumri var mikið unnið að því að fá erlent fje til bankastofnunarinnar, og þrátt fyrir innlenda og erlenda mótspyrnu, er alls ekki útilokað, að hægt sje að afla fjár til bankastofnunarinnar.

Við samningsumleitanirnar á síðastliðnu sumri kom í ljós, að ýms atriði laganna frá 1926 voru þess eðlis, að ólíklegt þykir, að erlendir fjármálamenn vilji að þeim ganga, ef þeir gefa kost á að leggja fram fje til bankastofnunarinnar, og er í frv. þessu farið fram á breytingar á þeim, því ganga þykir mega út frá því, að úr því að Alþingi samþykti heimildarlögin, þá vilji það gera þau svo úr garði, að líkur sjeu til, að þau verði notuð.

Um einstakar greinar frv. skal eftirfarandi tekið fram:

Um 1. gr.

Hjer er farið fram á það, að sjerleyfi það, er væntanlegur banki fær, verði að minsta kosti til 25 ára.

Eftir lögunum frá 1926 gildir sjerleyfið aðeins til loka sjerleyfistíma Íslandsbanka. Það hefir sýnt sig, enda var hægt að segja sjer það í upphafi, að erlendir fjármálamenn fara ekki að leggja fram miljónir króna til bankastofnunar, sem óvíst er, hvort tækt þykir að reka lengur en 5—6 ár. Þó Íslendingar, sem til þekkja, myndu láta sjer þetta lynda og telja óhætt, er alt öðru máli að gegna með erlenda menn, sem lítið eða ekkert þekkja til hjer. Þeir vilja í upphafi vita, að hverju þeir ganga. Bankastofnun, sem verður að vera við búin að hætta eftir 5—6 ár, er tæplega fært að leggja út í, og undir öllum kringumstæðum yrði útlánsstarfsemi slíkrar stofnunar að vera svo háttað, að hún kæmi landsmönnum að tiltölulega litlum notum.

25 ár er sá stysti tími, sem fært þykir að tiltaka, og í frv. þessu eða lögunum eru engin þau hlunnindi veitt, er geri þann tíma óhæfilega langan. Einasta, sem hægt væri að benda á í þá átt, væri, að Alþingi vildi ekki veita skattaívilnanirnar svo lengi. Við því er það að segja, að bankarnir eiga ekki að vera mjólkurkýr ríkissjóðs. Gróðinn af þeim verður mest *óbeinn* gróði, þar sem hlutverk þeirra er að vera lyftistöng atvinnuveganna. Þeim, sem kynnu að sjá ofsjónum yfir skattaívilnunum, má benda á þá staðreynd í bankasögu vor Íslendinga, að vafasamt er, hvort núverandi bankar eigi stofnfje sitt óskert: annar eftir 10 ára, en hinn eftir 21 árs starfsemi.

Þá er farið fram á, að afskrifa megi fyrirsjáanleg töp. Slíkt ákvæði

virðist sjálfsagt og ætti ekki að leiða til misbrúkunar, þar sem samþykki umsjónarmanns banka og sparisjóða er áskilið við afskriftirnar.

Loks er farið fram á, að skattaákvæðunum verði breytt nokkuð.

Í lögunum frá 1926 er svo ákveðið, að hlutafjeð skuli vera 2—6 miljónir króna, en greiða á 5% skatt af fyrstu 100000 krónum hreins ágóða. Ákvæði þetta er tekið upp úr lögunum frá 1923, en þegar þau voru á ferðinni, var gengið út frá því, að ekki fengist meira hlutafje en 2 miljónir króna. Það er nú öllum ljóst, að það er sitt hvað að afla 100000 króna hreins ágóða með 2ja miljón króna höfuðstól eða 6 miljónum króna, og er því í stað ákveðinnar krónuupphæðar sett prósenttala af hlutafjenu, svo þetta ósamræmi hverfi.

Ákvæðið, eins og það er, myndi freista manna til að byrja með sem minstu kapitali, í stað þess að æskilegast væri að byrja með a. m. k. 5 miljón króna hlutafje.

Einnig er farið fram á, að leggja megi helmingi hærri upphæð skattfrjálsa í varasjóð en heimilt er eftir lögunum frá 1926, og að greiða megi 6% skattfrjálst til hluthafa, í stað 5%.

Síðara ákvæðið helgast af því, hve peningar eru nú dýrir á heimsmarkaðinum, en fyrra ákvæðið er sett til að styrkja bankann og ýta undir hann að safna varasjóði. Eins og að framan getur, sýnir bankasaga vor, að ekki er vanþörf á því, að bankarnir safni varasjóði, enda eru atvinnuvegir vorir svo stopulir og áhættusamir, að brýn nauðsyn er á slíku.

Um 2. gr.

Stungið er upp á, að hlutafje megi vera alt að 10 miljónum króna, með tilliti til þess, að vel getur orðið þörf á að hækka það upp í það á næstu 25 árum.

Rjett hefir þótt, til að fyrirbyggja misskilning, að ákveða, að framboðsfrestur byrji ekki fyr en stjórnin hefir gefið loforð um sjerleyfi, og er þá gengið út frá því, að trygging sje fengin fyrir, að hlutafje fáist.

Um 3. gr. og 4. gr.

Gefa ekki tilefni til skýringa.

Nd. **523. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1928.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1928 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	240000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	950000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1230000
4.	Aukatekjur	350000	
5.	Erfðafjárskattur	40000	
6.	Vitagjald	300000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	300000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	30000	
			1045000
11.	Útflutningsgjald		850000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	650000	
13.	Tóbakstollur	800000	
14.	Kaffi- og sykurtollur	1000000	
15.	Annað aðflutningsgjald	150000	
	Flyt ...	2600000	3125000

		kr.	kr.
	Flutt ...	2600000	3125000
16.	Vörutollur	1000000	
17.	Verðtollur	850000	
			4450000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykursgerð ...		20000
19.	Pósttekjur	475000	
20.	Símatekjur	1500000	
			1975000
21.	Víneinkasala		450000
	Samtals ...	... ...	10020000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		1000
4.	Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar		3500
	Samtals ...	... ...	34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

		kr.	kr.
1.	Tekjur af bönkum		50000
2.	Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	28000	
3.	Væntanlega útdregið af þeim brjefum	24000	
			52000
	Flyt ...	... ...	102000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	102000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5. Vextir af viðlagasjóði		65000
6. Aðrir vextir...		140000
Samtals ...	... ...	315000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		22000
Samtals ...	....	82000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1928 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	165713	
2. Dönsk lán, danskar kr. 205095 á 1/30	246114	
Flyt ...	411827	

	kr.	kr.
Flutt ...	411827	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8517:6:7 á $^{22}/_{00}$	187381	
		599208
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	264598	
2. Dönsk lán, danskar kr. 313113 á $^{1}/_{10}$	375736	
3. Enska lánið 1921, £ 2097:0:5 á $^{22}/_{00}$	46134	
		686468
III. Framlag til Landsbankans, 15 greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1385676

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins..		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	215000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4350	
		219350
Samtals ...	... ...	219350

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun	36075	
	b. Til risnu	4000	
			40075
2.	Til utanferða ráðherra		6000
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins		72285
4.	Annar kostnaður		25000
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		27500
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900	
	b. Til pappírs og prentunar	9000	
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000	
			10900
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		4000
			185760
II.	Hagstofan:		
1.	Laun		13100
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		10000
3.	Prentun eyðublaða		1800
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		4000
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		17600
6.	Til að gefa út manntalið 1703...		1000
			47500
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra	20000	
	b. Húsaleiga...	5000	
	c. Kostnaður við embættið	20000	
	d. Til skrifstofuhalds...	17000	
			62000
2.	Fyrir meðferð utanríkismála		12000
3.	Ríkisráðskostnaður		4000
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd		2500
			80500
	Samtals ...	**... ...**	**313760**

11. gr.

Til dómgæslu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	32075	
b. Annar kostnaður, alt að	5000	
		37075
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		139440
3. Laun hreppstjóra		29000
4. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
a. Laun	25926	
b. Húsaleiga	3240	
c. Hiti, ljós og ræsting	2100	
d. Ýms gjöld, alt að	2400	
		33666
5. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 4 skrifara	19720	
b. Laun 6 tollvarða	26825	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	1800	
e. Innheimtukostnaður	7500	
f. Ýms gjöld, alt að	11000	
Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
		71345
6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		96000
7. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		500
8. Til landhelgisgæslu, gegn 200000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		235000
9. Framlag til landhelgissjóðs		20000
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
11. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
12. Borgun til sjódómsmanna		2000
13. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A ...	... ...	696026

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	30000	
b. Fyrir embættisskeyti	40000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		18000
3. Til embættiseftirlitsferða		5000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		40000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		11000
Samtals B ...	... ...	144000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		265965
Þar af viðbót við lögmælt laun núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði 1700 kr. með verðstuðulsuppbót.		
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		7450
Styrkurinn skiftist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. —		
Flyt ...	... ...	275415

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	275415
16. Til Sljettu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. — 17. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 2600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1200	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Ferðastyrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi Suður- og Vesturland, og augnlæknisins á Akureyri, er hafi Norður- og Austurland til yfirferðar, enda hafi þeir dvöl að minsta kosti á einni eða tveim höfnum í hverri sýslu.		
		3200
6. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
8. Til geislalækningastofu ríkisins..		11000
9. Til sömu stofnunar, til áhaldakaupa		2500
10. Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
11. Til nuddlækningastofu Jóns Kristjánssonar...		2000
Stjórninni er heimilt að láta falla niður vexti af viðlagasjóðsláni Jóns læknis Kristjánssonar fyrir árin 1924—27.		
12. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar		2000
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
Flyt ...	... ...	302115

			kr.	kr.
		Flutt ...	... ...	302115
13.	Utanfararstyrkur til Magnúsar bæjarlæknis Pjeturssonar, til þess að kynna sjer millilandasóttvarnir ...			4000
14.	Til Evu Hjálmarsdóttur, til framhaldsdvalar í heilsuhæli í Danmörku, lokastyrkur			1000
15.	Til Kristínar ljósmóður Jónasdóttur, sjúkrastyrkur ...			500
16.	Holdsveikraspítalinn			77115
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis...		8035	
	B. Annar kostnaður:			
	1. Laun starfsmanna...	13000		
	2. Viðurværi 55 manna (ca. 140 a. á dag)	28000		
	3. Klæðnaður	1800		
	4. Lyf og sáraumbúðir	1800		
	5. Eldsneyti	9000		
	6. Ljósmeti	2400		
	7. Húsbúnaður og áhöld...	2000		
	8. Viðhald á húsum...	3000		
	9. Þvottur og ræsting..	1800		
	10. Greftrunarkostnaður	500		
	11. Skemtanir..	600		
	12. Skattar o. fl.	3680		
	13. Ýmisleg gjöld	1500		
			69080	
			77115	
17.	Geðveikrahælið á Kleppi			59860
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis...		7035	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup starfsmanna	13500		
	2. Viðurværi 94 manna (ca. 140 a. á dag)	48000		
	3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500		
	4. Lyf og sáraumbúðir	500		
	5. Ljós og hiti	10000		
	6. Viðhald og áhöld...	10000		
	7. Þvottur og ræsting	3000		
	8. Skemtanir	750		
		Flyt ... 89250	7035	444590

		kr.	kr.
Flutt ...	89250	7035	444590
9. Skattar m. m..	2500		
10. Óviss gjöld	1400		
		93150	
		100185	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum; kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu...	2000		
		40325	
Mismunur ...		59860	
18. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			2035
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis...		7035	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	33000		
2. Viðurværi..	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting..	5500		
6. Viðhald húsa...	4800		
7. Viðhald vjela	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld...	11000		
9. Flutningskostnaður..	4000		
10. Óviss gjöld	2640		
		228140	
		235175	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000		
		233140	
Mismunur ...		2035	
19. Heilsuhælið í Kristsnesi (rekstrarkostnaður).			3000
Flyt ...		... ...	449625

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	449625
20.	Önnur gjöld:		
a.	Til byggingar landsspítala í Reykjavík, samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands	150000	
b.	Til viðbótarbyggingar við geðveikrahælið á Kleppi	100000	
c.	Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að utanhjeraðssjúklingar, sem borgað er fyrir af almannafje, njóti sömu kjara sem innanhjeraðssjúklingar.	18000	
d.	Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði	27000	
e.	Til Heilsuhælisfjelags Norðurlands, lokastyrkur til byggingar heilsuhælis í Kristsnesi, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá, alt að	56000	
f.	Bólusetningarkostnaður	2500	
g.	Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
h.	Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	3000	
i.	Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
j.	Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	
k.	Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	3500	
l.	Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna	700	
m.	Til sama fjelags, upp í kostnað við móttöku 12 erlendra hjúkrunarkvenna sumarið 1927	1200	
n.	Til kvenfjelagsins á Hellissandi, til hjúkrunarstarfsemi	400	
o.	Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	2000	
p.	Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
q.	Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
r.	Til Elínar Sigurðardóttur, 90 kr. á mánuði, sje hún ekki í sjúkrahúsi, alt að	1080	
s.	Til Kristjönu Helgadóttur í Vík í Eyrarsveit, fyrir að hýsa og hjúkra sjóhröktum mönnum	400	
			389280
21.	Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		38000
	Samtals ...	... ...	876905

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Póstmál.		
1.	Laun:		
	a. Eftir launalögum	99460	
	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	75000	
	c. Brjefhirðingamenn	22000	
			196460
2.	Póstflutningur		165000
3.	Annar kostnaður:		
	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	10000	
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	23000	
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	14000	
	d. Önnur gjöld ... ..., ...	63500	
			110500
	Samtals A. ...	... ...	471960
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	8250	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5850	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	16000	
	5. Skrifstofukostnaður, alt að	8000	
			43100
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjalarnesvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 20000		
	2. Stykkishólmsvegur 10000		
	Flyt ... 30000	... ...	43100

		kr.	kr.
	Flutt ...	30000	 43100
3.	Hvítárbraut	10000	
4.	Norðurárdalsvegur	50000	
5.	Vesturlandsvegur [frá Fellsenda að Dalsmynni]	10000	
6.	Húnavatnssýsluvegur	25000	
7.	Vallhólmsvegur	16000	
8.	Þelamerkurvegur...	10000	
9.	Vaðlaheiðarvegur	40000	
10.	Vopnafjarðarvegur	10000	
11.	Hróarstunguvegur	20000	
12.	Um Skaftáreldhraun í V.-Skaftafellss.	10000	
13.	Biskupstungnabraut	20000	
14.	Til vegar á Hólmahálsi, gegn 1/4 annarsstaðar að	6000	
			257000
b.	Viðhald og umbætur		200000
			457000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum		190000
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)		30000
V.	Fjallvegir		12000
VI.	1. Til áhalda, alt að		20000
	2. Til bókasafns verkamanna		300
			20300
VII.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		40000
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923		30000
			70000
VIII.	Til dragferjuhalds:		
	1. Á Lagarfljóti		300
	2. - Skjálfandafljóti		300
	3. - Blöndu		300
			900
IX.	Til ferju á Hrossbyl í Þjórsá		150
X.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði		8000
XI.	Styrkir til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn		3000
	Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskektum bæjum við þjóðbraut.		
	Samtals B. ...	... ...	834450

		kr.	kr.
C.			
Samgöngur á sjó.			
1. Til strandferða:			
a. Ríkissjóðs		180000	
b. Eimskipafjelags Íslands		60000	
			240000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...			100000
Samtals C. ...		... ...	340000
D.			
Hraðskeyta- og talsímasamband.			
I. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl.			35000
II. Til nýrra símalagninga (þar af alt að 10 þús. kr. til símalínu frá Hnausum að Ási í Vatnsdal), með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi hjeruð			260000
III. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Laun samkvæmt launalögum		305000	
2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna ...		15000	
3. Ritsímastöðin í Reykjavík		36000	
4. Loftskeytastöðin í Reykjavík		11000	
5. Bæjarsíminn í Reykjavík		200000	
6. Áhaldahúsið		2500	
7. Ritsímastöðin á Akureyri		13000	
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði		16000	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði...		9000	
10. Símastöðin á Borðeyri		8500	
11. Símastöðin í Hafnarfirði		7500	
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum		6500	
13. Símastöðin á Siglufirði		6000	
14. Til aukaritsímaþjónustu		5000	
15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva		100000	
16. Til uppbótar á launum:			
a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, alt að	14100		
Flyt ...	14100	741000	295000

		kr.	kr.
	Flutt ... 14100	741000	295000
	b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927.. 9500		
		23600	
17.	Til Steindórs Björnssonar	1200	
18.	Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
			766400
IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		40000
V.	Viðbót og viðhald stöðvanna		50000
VI.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		10000
VII.	Viðhald landssímanna		160000
VIII.	Áframhaldsgjald		25000
IX.	Til kenslu fyrir símamenn		3000
X.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
	Samtals D. ...	... ...	1350900
	E.		
	Vitamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vitamála:		
1.	Laun vitamálastjóra	8025	
	Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.		
2.	Laun aðstoðarverkfræðings	5945	
3.	Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að... ...	3500	
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1750	
			19220
II.	Laun vitavarða..		23400
	Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		
III.	Rekstrarkostnaður vitanna		80000
IV.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V.	Til þess að reisa nýja vita:		
a.	Til vitabygginga...	50000	
b.	Til uppsetningar leiðarljósa	14000	
	Flyt ...	64000	132620

	kr.	kr.
Flutt ...	64000	132620
c. Ljós- og hljóðdufl á Valhúsgrunni, 1/2 kostnaður	10000	
d. Ljós- og hljóðdufl á Helluboða, 1/2 kostnaður ...	10000	
		84000
VI. Ýmislegt		12000
Þar af alt að 2000 kr. til að byggja fyrir fjós og hlöðu í Gróttu.		
Samtals E. ..	... ...	228620

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsembættið:		
1. Laun biskups	9025	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		11025
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	406	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	275000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
7. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	24000	
8. Álag á Langholtskirkju í Meðallandi, enda taki söfnuðurinn við henni í núverandi ástandi hennar.	5000	
		313156
Samtals A. ...	... ...	324181

		kr.	kr.
	B.		
	Kenslumál.		
I.	**Háskólinn:**		
a.	Laun	96875	
b.	Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c.	Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d.	Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hjer halda fyrirlestra í háskólanum, alt að	2000	
e.	Námsstyrkur	13000	
	Fjárveiting þessari skal skift í 20 skamta 400 kr. og 20 skamta 250 kr., og má að jafnaði ekki veita neinum stúdenti meira eða minna en 1 skamt; þó má leggja saman alt að 8 skamta 250 kr. og gera úr helmingi færri 500 kr. skamta og veita þessa stærri skamta fátækum stúdentum, sem sýna sjerstakan dugnað við námið. Engum má veita styrk fyrsta námsárið í háskólanum.		
f.	Húsaleigustyrkur	9000	
g.	Til kensluáhalda læknadeildar	1000	
h.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði	1800	
i.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	4000	
j.	Önnur gjöld:		
	1. Til ritara:		
	a. Laun 1000		
	b. Dýrtíðaruppbót 500		
	——— 1500		
	2. Til dyravarðar:		
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið... 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 800		
	——— 2400		
	3. Ýms gjöld 5000		
	———	8900	
k.	Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta	750	
l.	Byggingarstyrkur til stúdentagarðsins ... ... enda sje ekki byrjað á byggingunni fyr en lög eða skipulagsskrá, er stjórnin samþykkir, hafa verið sett um hana.	25000	
		———	164325
	Flyt ...	... ...	164325

		kr.	kr.
	Fluttar ...	... ...	164325
II.	Námsstyrkur erlendis:		
a.	Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum	24000	
b.	Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að	2500	
c.	Til Markúsar Kristjánssonar, til háskólanáms erlendis	1200	
d.	Til Jakobs Gíslasonar, til framhaldsnáms í rafmagnsfræði	1000	
e.	Til Valgarðs Thoroddsens, til háskólanáms	1000	
f.	Til Bjarna Sigurðssonar stúdents, til húsagerðarnáms í Stokkhólmi	1000	
g.	Til Hrafnkels Einarssonar stúdents, til að ljúka hagfræðinámi og til að semja doktorsritgerð við háskólann í Vín um íslenskar fiskiveiðar	1000	
III.	Mentaskólinn almenni:		31700
a.	Laun	78100	
b.	Önnur gjöld:		
	1. Til bókasafns skólans 400		
	2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ... 5500		
	3. Til skólahússins utan og innan ... 3000		
	4. Til stundakenslu og til prófdómenda, alt að. 29500		
	5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ... 1800		
	6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót 2900		
	7. Læknisþóknun 500		
	8. Til vísindalegra áhalda 800		
	9. Til þess að gefa út kenslubækur handa skólanum 2000		
	10. Ymisleg gjöld 3500		
	11. Til verðlaunabóka 100		
	12. Húsaleiga 1250	51250	
			129350
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.		
IV.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri:		
a.	Laun	25520	
b.	Önnur gjöld:		
	1. Til aukakennara og stundakenslu . 9500		
	2. Til framhaldsnáms fyrir nemendur, sem lokið hafa gagnfræðaprófi ... 4500		
	Flyt ... 14000	25520	325375

		kr.	kr.
Flutt ...	14000	25520	325375
3. Til bóka og kensluáhalda	1000		
4. Til eldiviðar og ljósa	6500		
5. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
7. Til skólahússins utan og innan ...	1500		
8. Til ýmislegra gjalda	3000		
		27600	
V. Kennaraskólinn:			53120
a. Laun		20010	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakensla	5000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	1000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		15500	
VI. Stýrimannaskólinn:			35510
a. Laun		14210	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu.	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	1750		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
		6050	
			20260
Flyt ...		... ...	434265

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	434265
VII.	Vjelstjóraskólinn:		
	a. Laun	9280	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til stundakenslu 840		
	2. Húsnæði 4200		
	3. Ljós og hiti 1300		
	4. Ýms gjöld 2000		
		8340	
	Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.		17620
VIII.	Bændakensla:		
	1. Til bændaskólans á Hólum:		
	a. Laun 10150		
	b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu... 1450		
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til verklegs náms, alt að 1000		
	2. Til kensluáhalda. 800		
	3. Til eldiviðar og ljósa... 4000		
	4. Ýmisleg gjöld 9000		
	14800		
		26400	
	2. Til bændaskólans á Hvanneyri:		
	a. Laun 8990		
	b. Til smíða- og leikfimikenslu ... 1300		
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til verklegs náms, alt að 1000		
	2. Til kensluáhalda... ... 800		
	3. Til eldiviðar og ljósa ... 2500		
	4. Ýmisleg gjöld 2500		
	5. Miðstöðvarhitun í íbúðarhúsið 7000		
	13800		
		24090	
	Flyt ...	50490	451885

	kr.	kr.
Fluttar ...	50490	451885
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.		
Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.		
		50490
IX. Iðnfræðsla:		
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	500	
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	500	
Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.		
Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
d. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis	4000	
		11000
X. Verslunarskólar:		
a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	6000	
b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ..	6000	
		12000
Flyt ...	... ...	525375

		kr.	kr.
	Fluttar ...	... ...	525375
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	1. Laun forstöðumanns	1000	
	2. Til verklegrar kenslu:		
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
	b. Annar kostnaður, alt að 400		
		1300	
	3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	6700	
	4. Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			10500
XII.	Kvennaskólar:		
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 5000		
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 21000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
		31000	
	2. Til kvennaskólans á Blönduósi:		
	a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 14000		
	b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
	c. Til raflýsingar 4000		
		20000	
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
			51000
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
	1. Umsjón fræðslumála:		
	a. Laun fræðslumálastjóra 5800		
	b. Skrifstofukostnaður hans 1200		
	c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
		8000	
	Flyt ...	8000	586875

		kr.	kr.
	Flutt ...	8000	586875
2.	Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót	280000	
3.	Laun farkennara og dýrtíðaruppbót	27000	
4.	Til farkenslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að	6000	
5.	Til prófdómara við barnapróf	4000	
6.	Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkvæmt skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, alt að	25000	
7.	Til fræðslumálarits...	800	
			350800
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:		
	a. Laun	11020	
	b. Til aðstoðarkenslu	600	
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til búnaðarnáms ... 600		
	Alt að helmingi fjárins má verja til verðlauna handa nemendum.		
	2. Til kensluáhalda.. ... 800		
	3. Til eldiviðar og ljósa ... 4000		
	4. Ymisleg gjöld 2500		
	6. Til að mála gamla íbúðarhúsið, alt að 2600		
		10500	
			22120
2.	Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar		42000
	Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
3.	Til þess að reisa nýja hjeraðsskóla í sveitum, alt að $^2/_5$ kostnaðar		20000
	Flyt ...	84120	937675

	kr.	kr.
Flutt ...	84120	937675
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.		
4. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	16000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
5. Til unglingaskólans í Bergstaðastræti	1000	
		101120
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðraskóla á Staðarfelli, enda samþykki atvinnumálaráðherra reglugerð hans ...	3000	
2. Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að.		
Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum...	4000	
3. Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi...	1500	
		8500
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		20000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
XVIII. Sundkensla o. fl.:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.		
Flyt ...	300	1068295

	kr.	kr.
Flutt ..	300	1068295
2. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1500	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar ... ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	3000	
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar, enda sjeu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, 1/5 kostnaðar, alt að	4000	
		8800
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		1800
XX. Til Lárusar Rists leikfimikennara, utanfararstyrkur til að kynna sjer nýungar í leikfimikenslu á Norðurlöndum		1000
Samtals B. ...	... ...	1079895

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	19270	
b. Launauppbót til 1. og 2. bókavarðar, 500 kr. til hvors	1000	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	11000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	2500	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	500	
j. Ýmisleg gjöld	600	
		41530
Flyt ...	... ...	41530

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	41530
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6525	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5500	
c. Ýms gjöld	1000	
		13025
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	7525	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1200	
d. Til áhalda og aðgerða	600	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	600	
Þjóðminjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		12475
4. Náttúrufræðifjelagið		3000
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 2000 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	7000	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		9000
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7. Aukastyrkur til amtsbókasafnsins á Akureyri ... ... að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu, með a. m. k. 2000 kr. launum, auk verðstuðulsuppbótar.		3000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3400
11. Til Þjóðvinafjelagsins		1800
12. Til Fornleifafjelagsins		800
Flyt ...	... ...	91230

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	91230
13.	Til Sögufjelagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14.	Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (jarðalýsing Hegranesþings)		2000
15.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
16.	Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1000
17.	Til Leikfjelags Ísafjarðar, gegn að minsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		600
18.	a. Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers	8000	
	b. Til hljómsveitar Reykjavíkur	1800	
	c. Til þess að kaupa listaverk.	3500	
	d. Til Bjargeyjar Pálsdóttur, til hljómlistarnáms ...	800	
	e. Til Friðfinns Guðjónssonar leikara, til utanfarar	2000	
	f. Til Önnu Borg, til leiknáms (lokastyrkur)	1200	
	g. Til Haralds Björnssonar, til leiknáms (lokastyrkur)	1200	
	h. Til Þórarins Jónssonar tónlistarnema í Berlín ...	1000	
	i. Til Sveins Þórarinssonar, til þess að ljúka námi í málaralist við listaháskólann í Kaupmannahöfn.	1000	
	j. Til Brynjólfs Þórðarsonar listmálara, til framhaldsvistar erlendis til heilsubótar og til þess að fullkomna sig í málaralist	1500	
	k. Til Freymóðs Jóhannssonar listmálara, utanfararstyrkur til þess að fullkomna sig í leiktjaldamálun	1500	
	l. Til Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara, til Rómaferðar	1800	
	m. Til Jóns Leifs tónskálds	2000	27300
19.	Til sjera Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til þess að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins, 4500 kr. með verðstuðulsuppbót		6525
20.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sje safnið eign ríkisins		1200
21.	Til þess að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót		7025
22.	Til Han esar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
23.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2900
24.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	7025	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1500	8525
	Flyt ...	... ...	159005

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	159005
25. Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
26. Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1800
27. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
28. Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		800
29. Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		800
30. Til Boga Th. Melsteds, til þess að rita Íslandssögu ...		800
31. Til Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenska miðaldamenningarsögu		1200
32. Til landsskjálftarannsókna ... ... Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
33. Til Íþróttasambands Íslands		1800
34. Til listasafnshúss Einars Jónssonar		3500
35. a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	7025	
b. Til sama, til aðstoðar	1200	
		8225
36. Til þess að kaupa grasasafn dr. Helga Jónssonar, þriðji fjórðungur andvirðis		2500
37. Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		3500
38. Til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins í Reykjavík .. ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi, en 400 kr. skal varið til fyrirlestra í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungum, 200 kr. á hvorum stað.		1500
39. Til Sigurðar Skúlasonar stud. mag., til framhaldsnáms í íslenskum fræðum erlendis		1000
40. Til Barða Guðmundssonar, til lokanáms í íslenskri sögu		1000
41. Til Einars Ó. Sveinssonar, til að ljúka námi í norrænu við Hafnarháskóla		1000
42. Ferðastyrkur til útlanda		6000
Samtals ...	... ...	198030

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til Búnaðarfjelags Íslands		200000
2.	Til sandgræðslu		40000
	Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram lögmæltan kostnað eða meira.		
3.	Til búnaðarfjelaga		15000
4.	Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, alt að		10000
	Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfjelag Íslands.		
5.	Gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna		140000
6.	Til Skeiðaáveitunnar upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, 3. greiðsla		6000
7.	Til vegalagningar í Vestmannaeyjum, $^2/_3$ kostnaðar, alt að		16000
8.	Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
	Laun garðyrkjustjóra		4000
9.	Til skógræktar:		
	a. Laun	11910	
	Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
	b. Til skóggræðslu	20000	
	c. Styrkur til Hákonar Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms	1200	
			33110
10.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	18995	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
			19695
11.	Til fjárkláðalækninga		6000
12.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
	Flyt ...	... ...	490805

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	490805
13. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	5075	
b. Til aðstoðar	4000	
c. Húsaleiga	3000	
d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
e. Til áhaldakaupa	500	
		13775
14. Til veðurstofu Íslands:		
a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	15650	
b. Til aðstoðar	13000	
c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	8000	
d. Til veðurskeyta o. fl.	11150	
e. Til loftskeytatækja	800	
f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3000	
g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
		53000
15. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
16. Til Fiskifjelagsins		65000
Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimanna-almanaks.		
17. Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a. 5 fiskiyfirmatsmanna	17400	
b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.		
c. Laun 4 síldarmatsmanna	9280	
d. — 4 ullarmatsmanna	2320	
e. — 5 kjötmatsmanna	4350	
f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
		49550
18. Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		8000
19. Til bryggjugerða og lendingabóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun		15000
Flyt ...	... ...	701130

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	701130
20.	Til að dýpka Snepilrásina við Stokkseyri, helmingur kostnaðar (endurveiting), alt að		5400
21.	Til hafnarbóta í Ólafsvík		14000
22.	Til brimbrjóts í Bolungarvík, gegn að minsta kosti jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá, alt að		17500
23.	Til markaðsleitar erlendis		20000
24.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
25.	Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, 1,50 kr. fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún býr til, alt að		6000
26.	Til gerlarannsókna		2000
27.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		4700
28.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og heimilisiðnaði		800
29.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
30.	Til Kvenfjelags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kenslu í handavinnu kvenna ...		600
31.	Til sambands norðlenskra kvenna...		450
32.	Til Bandalags kvenna		450
33.	Til kvenarjettindafjelags Íslands		500
34.	Til vörumerkjaskrásetjara		2000
35.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		4500
36.	Til Verslunarráðs Íslands, kostnaður af símskeytum um markaðsverð og markaðshorfur erlendis		2000
37.	Laun húsagerðarmeistara...		7625
38.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
	a. Laun leiðbeinanda, 4000 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra	5800	
	Flyt ...	5800	801455

	kr.	kr.
Flutt ...	5800	801455
manna, skal greiða fult gjald fyrir, er rennur í ríkissjóð.		
b. Ferðakostnaður og skrifstofufje...	1000	
		6800
39. Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
40. Til þess að gera Lagarfoss laxgengan, 1/3 kostnaðar, alt að		3000
41. Til Guðmundar Guðjónssonar, til lokanáms í húsgerðarlist		1500
42. Til vatnsrenslismælinga		2000
43. Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		6000
44. Til framhalds landmælinga		40000
45. Til ræktunarsjóðs:		
a. Afgjöld þjóðjarða	30000	
b. Tillag til kostnaðar við sjóðinn	10000	
c. Hluti af útflutningsgjaldi	62500	
		102500
Samtals ...	... ...	965055

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga		500000
2. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61, 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga		7000
Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafjelags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		
4. Til sjúkrasamlags Reykjavíkur, til að vinna að því að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga á landinu og til að stofna ný sjúkrasamlög		1500
Flyt ...	... ...	568500

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	568500
5. Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík		3500
6. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
7. Til slysatryggingar		10000
8. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
9. Til bjargráðasjóðs		24000
10. Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
11. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		10000
12. Til Rauðakrossfjelags Íslands		2000
13. Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
14. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
15. Til styrktarsjóðs Sjómannafjelags Vestmannaeyja ..		600
Samtals ...	... ...	665800

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			
a. Embættismenn		26057,55	
b. Embættismannaekkjur og börn		16353,02	
c. Uppgjafaprestar		635,28	
d. Prestsekkjur		5360,37	
e. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49, 1923		2500,00	
			50906,22
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Til Þorvalds Pálssonar læknis ...	300,00		
2. — Sigurðar Magnússonar læknis ...	169,87		
3. — Halldórs Briems bókavarðar ...	960,00		
		1429,87	
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Til Magneu Ásgeirsson	200		
2. — Ólivu Guðmundsson	175		
3. — Theodóru Thoroddsen	800		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
Flyt ...	1575	1429,87	50906,22

			kr.	kr.
	Flutt ...	1575	1429,87	50906,22
5.	Til Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6.	— Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
7.	— Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8.	— Ágústu Jóhannsdóttur	300		
9.	— Rannveigar Tómasdóttur	300		
10.	— Önnu Gunnlaugsson	900		
11.	— Kristbjargar Marteinsdóttur	600		
12.	— Kristínar Jacobson	600		
13.	— Guðnýjar Jónsdóttur	400		
14.	— Kirstínar Þ. Blöndal	300		
15.	— Guðlaugar Magnúsdóttur...	2000		
16.	— 3 barna hennar	300		
17.	— Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju	600		
18.	— Jenny Forberg	600		
19.	— Astu Hallgrímsson	600		
			10725,00	
c.	Uppgjafaprestar:			
1.	Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2.	— Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3.	— Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4.	— Sig. prófasts Gunnarssonar	662,25		
5.	— Guttorms Vigfússonar...	600,00		
6.	— Jóns Ó. Magnússonar...	600,00		
7.	— Björns Þorlákssonar	208,00		
8.	— Stefáns Jónssonar	370,00		
			4045,25	
d.	Prestsekkjur:			
1.	Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2.	— Auðar Gísladóttur	300,00		
3.	— Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4.	— Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6.	— Guðrúnar Ólafsdóttur...	100,00		
7.	— Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8.	— Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9.	— Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
10.	— Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11.	— Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
12.	— Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
	Flyt ...	3830,00	16200,12	50906,22

		kr.	kr.
Flutt ...	3830,00	16200,12	50906,22
13. Til Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
14. — Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
15. — Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
16. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
17. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
18. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
19. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
20. — Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
21. — Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
22. — Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
23. — Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
24. — Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
25. — Önnu Stefánsdóttur	200,00		
26. — Helgu Skúladóttur	230,00		
		7078,47	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3. — Magnúsar Einarssonar	500,00		
4. — Elínar Briem Jónsson	300,00		
5. — Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6. — Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7. — Guðmundar Björnssonar	150,00		
8. — Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
9. — Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
10. — Páls J. Árdals	600,00		
11. — Nikulásar Þórðarsonar	200,00		
		3960,00	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1. Til Guðm. Kristjánssonar	300		
2. — Böðvars Jónssonar	200		
3. — Hallgríms Krákssonar	200		
4. — Jóhanns Jónssonar	200		
5. — Þóru Matthíasdóttur	300		
6. — Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
7. — Daníels Jónssonar	200		
Flyt ...	1700	27238,59	50906,22

			kr.	kr.
	Flutt ...	1700	27238,59	50906,22
8.	Til Jens Þórðarsonar	300		
9.	— Friðriks Möllers	1200		
10.	— Anínu Arinbjarnardóttur	200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar	200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
14.	— Guðm. Kristjánssonar	200		
15.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
16.	— Friðriks Klemenssonar	2000		
17.	— Þorsteins Jakobssonar	200		
18.	— Kristjáns Blöndals	1000		
19.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ...	300		
20.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ...	200		
21.	— Hans Hannessonar pósts	300		
22.	— Steindórs Hinrikssonar pósts ...	200		
23.	— Ólafs Ólafssonar pósts	200		
24.	— Halldórs Benediktssonar pósts ...	200		
			9600,00	
g.	Rithöfundar:			
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Valdimars Briems	1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar	1200		
7.	— dr. Helga Pjeturss	4000		
8.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu...	1000		
9.	— Einars Benediktssonar	4000		
			20400,00	
h.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1.	Til Jakobínu Pjetursdóttur	200,00		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur	300,00		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur	300,00		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	300,00		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur	300,00		
6.	— 2 barna hennar	200,00		
7.	— Valgerðar Arnljótsdóttur	300,00		
8.	— Eleanor Sveinbjörnsson	1200,00	3100,00	
		Flyt ...	60338,59	50906,22

		kr.	kr.
	Flutt ...	60338,59	50906,22
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400	
2.	— Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500	
3.	— Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður	500	
4.	— Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður	500	
5.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður	500	
6.	— Jakobínu Sveinsdóttur jubilljósmóður	500	
7.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500	
8.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ...	300	
9.	— Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður	300	
10.	— Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300	
11.	— Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200	
12.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200	
13.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar	300	
14.	— Páls Erlingssonar	1200	
15.	— Erlends Zakaríassonar	300	
16.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300	
17.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300	
18.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar	400	
19.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200	
20.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400	
21.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300	
22.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	500	
23.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600	
24.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300	
	Flyt ...	9800	60338,59	50906,22

		kr.	kr.
Flutt ...	9800	60338,59	50906,22
25. Til Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
26. — Sigrúnar Gestsdóttur, ekkju Stefáns Eiríkssonar.	600		
27. — Halldóru Pjetursdóttur Briem ...	600		
28. — Kristjönu Benediktsdóttur	400		
29. — Bjargar Guðmundsdóttur	400		
30. — Hjálmars Lárussonar	1000		
31. — Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
32. — Henriette Kjær	600		
33. — Eggerts Stefánssonar, símritara á Akureyri, í eitt skifti fyrir öll ...	1600		
		15700,00	
A styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara		1200,00	
k. — ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar		1000,00	
l. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000,00	
			81238,59
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			57125,16
Samtals ...		... ...	189269,97

19. gr.

Til óvissra gjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Til gjalda árið 1928 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	1385676,00
—	8. —	60000,00
—	9. —	219350,00
—	10. —	313760,00
	Flyt kr.	1978786,00

			Flutt kr.	1978786,00	
Samkvæmt	11. gr.	A.	696026,00		
—	11. —	B.	144000,00		
				840026,00	
—	12. gr.	... ...		876905,00	
—	13. —	A.	471960,00		
—	13. —	B.	834450,00		
—	13. —	C.	340000,00		
—	13. —	D.	1350900,00		
—	13. —	E.	228620,00		
				3225930,00	
—	14. —	A.	324181,00		
—	14. —	B.	1079895,00		
				1404076,00	
—	15. —	... ...		198030,00	
—	16. —	... ...		965055,00	
—	17. —	... ...		665800,00	
—	18. —	... ...		189269,97	
—	19. —	... ...		100000,00	
—	20. —	... ...		10000,00	
					kr. 10453877,97
	En tekjur eru áætlaðar:				
Samkvæmt	2. gr.	... ...		10020000.00	
—	3. —	... ...		34600,00	
—	4. —	... ...		315000,00	
—	5. —	... ...		82000,00	
					kr. 10451600,00
				Tekjuhalli	kr. 2277,97

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 100 þús. kr. til þess að reisa íshús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánin eru veitt sýslufjelögum, gegn tryggingum þeim, er landsstjórnin tekur gildar, þó ekki hærri en $^{2}/_{3}$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.
   c. Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
   d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu svo greidd með jöfnun afborgunum á 30 árum.
2. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir

tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus fyrstu 4 árin, en greiðast síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.

3. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda. og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Alt að 3000 kr. eigendum jarðarinnar Steina undir Eyjafjöllum, vegna skemda af og til varnar gegn skriðuhlaupum. Lánið veitist til 13 ára, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, ávaxtast með 5%, sje afborgunarlaust fyrstu 3 árin og endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 10 árum.
6. Alt að 8000 kr. til læknisbústaðar í Flatey á Breiðafirði. Lánið skal veitt gegn ábyrgð sýslunefndar, ávaxtað með 6% og endurgreitt með jöfnum afborgunum á 15 árum.
7. Alt að 8000 kr. til læknisbústaðar í Reykhólahjeraði. Lánið skal veitt gegn ábyrgð sýslunefndar, ávaxtað með 6% og endurgreitt með jöfnum afborgunum á 15 árum.
8. Alt að 35000 kr. til Mjólkurfjelags Reykjavíkur, til þess að koma upp kornmylnu. Lánið er veitt gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, ávaxtast með 6% og endurborgast með jöfnum afborgunum á 5 árum.
9. Alt að 10 þús. kr. til Ásgríms málara Jónssonar og 10 þús. kr. til Jóns málara Stefánssonar, til að reisa sjer vinnustofur í Reykjavík, gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar. Lánin ávaxtast með 6% og endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum.
10. Alt að 3000 kr. til Túbals Karls Magnússonar í Múlakoti í Fljótshlíð, til byggingar á gistiskála. Lánið veitist til 20 ára, gegn 6% vöxtum og þeirri tryggingu, sem ríkisstjórnin tekur gilda.
11. Alt að 19500 kr. Borgarneshreppi, til endurbyggingar raforkustöð. Lánið veitist gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, ávaxtast með 6% og afborgast með jöfnum greiðslum á 15 árum.
12. Alt að 75000 kr. til hafnarbóta á Akureyri. Lánið er veitt til 15 ára, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda, ávaxtast með 6%, er afborgunarlaust fyrstu 3 árin, en endurborgast síðan með jöfnum afborgunum á 12 árum.
13. Alt að 120 þús. kr. til hafnarbóta á Siglufirði. Lánið er veitt til 15 ára, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda, ávaxtast með 6%, er afborgunarlaust fyrstu 3 árin, en endurborgast síðan með jöfnum afborgunum á 12 árum.

Af hallærislánum Grunnavíkurhrepps og Árneshrepps skal veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana árin 1926—1928, að báðum meðtöldum.

Af hallærislánum Gerðahrepps í Gullbringusýslu skal veita uppgjöf vaxta 1927—1928 og greiðslufrest afborgana 1926—1928.

Af viðlagasjóðsláni Ostagerðarfjelags Önfirðinga skal veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana árin 1926—1928.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

II. Að greiða halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufjelaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1927, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

III. Að kaupa hús sýslumannsins á Sauðárkróki fyrir 27000 kr. Þar af greiðast 7000 kr. um leið og kaup fara fram, en að öðru leyti greiðist kaupverðið með því, að ríkissjóður taki að sjer áhvílandi 20000 kr. skuld við sparisjóð Sauðárkróks, enda taki sýslumaður húsið á leigu með þeim skilmálum, að hann ávaxti og afborgi áhvílandi skuld, haldi húsinu við og greiði skatta alla og skyldur.

IV. Að kaupa jörðina Byrgi (Ásbyrgi) í Kelduhverfi, ásamt skika þeim í byrginu, sem áður hefir fylgt jörðinni Meiðavöllum.

V. Að veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana af dýrtíðarláni Innri-Akraneshrepps árin 1927 og 1928.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1928, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1927 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **524. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 1, 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Eins og getið er um í greinargerð fyrir þessu frumv., þá ræður það ekki bót á ýmsum þeim agnúum, sem eru á gildandi lögum um þetta efni Hinsvegar bætir það nokkuð úr ýmsum ákvæðum þessara laga. En þar sem ákveðið er að skipa milliþinganefnd til að íhuga landbúnaðarlöggjöfina, þá telur nefndin rjettara að fresta þessum umbótum á lögunum og að það bíði þar til lögin verða endurskoðuð í einni heild. Aðalflutningsmaður getur sætt sig við þessa afgreiðslu eftir atvikum, einkum þar sem í þingsályktuninni er sjerstaklega tekið fram, að milliþinganefndin meðal annars skuli endurskoða þessa löggjöf.

Nefndin leggur því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri

DAGSKRÁ:

Þar sem ákveðið er að skipa milliþinganefnd til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöfina, og þar sem frekari endurskoðun og breyting á þessum lögum þarf fram að fara, þykir deildinni ekki vert að afgreiða málið að þessu sinni, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. maí 1927.

Pjetur Þórðarson, form. Árni Jónsson, fundaskr. Halldór Stefánsson.

Jörundur Brynjólfsson, frsm. Hákon J. Kristófersson.

Nd. **525. Þingsályktun**

um öryggis- og heilbrigðiseftirlit með verksmiðjum.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um öryggis- og heilbrigðiseftirlit með verksmiðjum.

Nd. **526. Þingsályktun**

um styrk handa stúdentaefnum frá gagnfræðaskólanum á Akureyri.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí).

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að greiða úr ríkissjóði ferðastyrk þeim nemendum gagnfræðaskólans á Akureyri, sem hafa í hyggju að taka stúdentspróf við hinn almenna mentaskóla í Reykjavík á næstkomandi vori.

Nd. **527. Lög**

um breyting á lögum nr. 40, 15. júní 1926, um fræðslu barna.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí).

1. gr.

Aftan við 2. málsgrein 4. gr. laganna komi:

Þó geta tveir eða fleiri hreppar gengið saman í eitt skólahjerað um eitt ár í senn, án þess að samþykki hreppsnefndar eða hreppsfundar komi til, ef hlutaðeigandi skólanefndir koma sjer saman um það og fræðslumálastjórnin leyfir.

2. gr.

2. málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Árlegur námstími skal vera að minsta kosti 24 kensluvikur. Þó getur fræðslumálastjórnin veitt leyfi til að stytta þennan námstíma um fjórar vikur, sje það gert til þess að nota skólann til kenslu barna 7—10 ára að aldri, að minsta kosti 8 kensluvikur haust eða vor, eða til kenslu unglinga 14—17 ára, samkvæmt reglugerð, er fræðslumálastjórnin samþykkir.

3. gr.

Aftan við 24. gr. laganna komi:

Þegar tvö eða fleiri skólahjeruð ganga saman í eitt um eitt ár í senn (sbr. 4. gr. 2. málsgr.), þá hafa skólanefndir beggja eða allra hjeraðanna í sameiningu skólanefndarstörfin á hendi.

Nd. 528. Lög

um breyting á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí).

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita verslun þessari forstöðu. Hann skal hafa lyfsalapróf og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Honum skal skylt að útvega frá útlöndum lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rjett hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús. Sjúkrahúslæknir annast um útvegun á þessum vörum handa sjúkrahúsunum. Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín nje ómengaðan spíritus.

Nánari reglur um starfssvið og starfsemi forstöðumanns verslunarinnar verða settar í erindisbrjefi, er ráðherra gefur út.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 25%—75%, miðað við verð þess komið í hús hjer á landi að meðtöldum tolli.

Lyfjaáfengi, svo og önnur lyf, er verslunin útvegar læknum og sjúkrahúsum, seljast án hagnaðar.

Nd. 529. Þingsályktun

um eignar- og notkunarrjett hveraorku.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um eignar- og notkunarrjett hveraorku.

Nd. 530. Þingsályktun

um ríkisrekstur útvarps (broadcasting).

(Afgreidd frá Nd. 7. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd til að rannsaka og gera tillögur um ríkisrekstur útvarps.

Í nefnd þessari skulu eiga sæti: landssímastjóri, einn maður tilnefndur af stjórn »Fjelags viðvarpsnotenda« og þriðji maður valinn af ríkisstjórninni.

Álit og tillögur nefndarinnar leggjast fyrir næsta þing.

Ed. **531. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. 4. efnismálsgrein.

Á eftir orðunum »í lögsagnarumdæminu« komi: Fari gjald þetta fram úr $^3/_5$ kostnaðar við berklavarnir, vegna sjúklinga þeirra, er dvöl áttu í hjeraðinu, skal endurgreiða úr ríkissjóði það, sem umfram verður.

Nd. **532. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

14. grein skal orða svo:

Berklaveikur sjúklingur getur fengið ókeypis vist eða styrk til vistar í heilsuhælum, sjúkrahúsum eða sumarhælum barna, ef hann eða sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, er svo efnum búinn, að ætla má, að hann mundi líða mikið tjón á efnahag sínum eða jafnvel verða öreigi, ætti hann að standa straum af kostnaði þeim, er af slíkri vist leiðir. Til þessa kostnaðar telst einnig lyf og læknishjálp.

Nú getur sjúklingur ekki fengið vist í sjúkrahúsi eða hæli, en er komið fyrir á öðru heimili samkvæmt fyrirmælum 10. eða 13. greinar, og getur hann þá fengið ókeypis vist eða styrk til vistar, sje efnahag hans varið sem að ofan greinir. Sömu reglum skal fylgt um meðgjöf barna, ef þau eru tekin heilbrigð að heiman samkvæmt fyrirmælum 13. greinar.

Stjórnarráðið getur ákveðið, að berklasjúklingar í hressingarhælum fái ókeypis vist eða styrk til vistar þar. Það getur og eftir ástæðum ákveðið, að ljóslækningasjúklingar og aðrir berklasjúklingar, er dvelja utan sjúkrahúss, njóti sömu hlunninda að því er lækningakostnaðinn snertir.

Allur sá kostnaður, er hjer er greindur, greiðist úr ríkissjóði, en sjer-

hvert sýslufjelag og bæjarfjelag greiði upp í hann gjald til ríkissjóðs, er nemi 2 krónum fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu. Fari gjald þetta fram úr $^2/_5$ kostnaðar við berklavarnir, vegna sjúklinga þeirra, er dvöl áttu í hjeraðinu, skal endurgreiða úr ríkissjóði það, sem umfram verður. Ennfremur greiði sjúkrasamlag fyrir meðlimi sína áskilið gjald, sbr. 2. gr. Eindagi gjaldsins er 15. ágúst ár hvert.

Stjórnarráðið getur ákveðið hámark daggjalds sjúklinga þeirra, er að framan greinir, ef ástæða þykir til. Það getur og sett reglur um sundurliðun þeirra reikninga, er ríkissjóður greiðir.

Það er skilyrði fyrir því, að berklaveikir sjúklingar geti orðið aðnjótandi styrks úr ríkissjóði, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn dvalarsveitar sjúklingsins sendi stjórnarráðinu skýrslu um efnahag hans. Skal hjeraðslæknir staðfesta skýrslu þessa eftir bestu vitund og jafnframt votta, að vist utan heimilis sje nauðsynleg. Nú á sjúklingur ekki lögheimili hjer á landi, og skal þá efnahagsskýrsla hans gefin út af hreppsnefnd eða bæjarstjórn þeirrar sveitar, sem hann dvelur í, þegar hann verður styrksþurfi.

Úrskurðar stjórnarráðið síðan eftir þessum gögnum, hvort sjúklinguriinn sje styrkhæfur og að hve miklu leyti.

Stjórnarráðið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um læknisvottorð um efnahagsskýrslur berklasjúklinga, svo og um skýrslur, vottorð og reikninga frá sjúkrahúsum, heilsuhælum og öðrum lækningastöðum, og um annað það, er þurfa þykir til úrskurðunar í upphafi um styrkhæfi berklasjúklinga eða til úrskurðunar um framhaldsstyrk handa þeim.

2. gr.

15. grein orðist svo:

Nú er sjúklingur fjelagi í sjúkrasamlagi, er nýtur styrks úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, og skal þá samlagið greiða upp í meðlagskostnaðinn $^2/_5$ hluta hans, þó ekki yfir 2 kr. á dag meðan meðlagstíminn varir, og ekki lengur en sjúklingur hefir rjett til styrks samkvæmt lögum fjelagsins, enda láti samlagið berklaveika sjúklinga njóta sömu rjettinda og aðra sjúklinga.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þess, ef um kostnað af ráðstöfun samkvæmt 10. eða 13. gr. er að ræða.

3. gr.

Lög nr. 44, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1928.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 43, 27. júní 1921, og gefa þau út svo breytt.

Ed. **533. Nefndarálit**

um frv. til fátækralaga.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta, sem er stjfrv., var lagt fram í háttv. Nd. í byrjun þings og hefir verið samþykt þar með nokkrum smábreytingum.

Allsherjarnefnd fjekk frv. til meðferðar 25. mars og hefir rætt það á mörgum fundum.

Að nefndin hefir ekki getað afgreitt frv. til deildarinnar fyr en nú, stafar af því, hvað hún hefir fengið mörg önnur mál til athugunar, og þó einkum af því, að 2 af nefndarmönnum, sem einnig eru í fjárveitinganefnd, hafa orðið að verja miklum tíma til vinnu við fjárlögin síðan frv. kom til nefndarinnar.

Nefndin lítur svo á, að endurskoðun sú á fátækralöggjöfinni, sem fyrir liggur í frv., hafi tekist vel og að ekki hafi verið gerðar nema þarfar og sanngjarnar breytingar á lögunum, felt úr þeim það, sem úr gildi var gengið og að mestu er búið að taka upp í aðra löggjöf (sifjalögin), og vafasöm nýmæli sama sem engin tekin upp í frv.

Með samþykt frv. verða því fátækralögin til muna aðgengilegri og skýrari en þau eru nú.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 10. gr. Í stað orðsins »eður« á 2 stöðum komi: eða.
2. Við 21. gr.
   a. Í stað orðsins »vistfestur« komi: vistfastur.
   b. Í stað orðanna »þeim árum« komi: síðustu 10 árum.
3. Við 36. gr. Í stað orðsins »slík« í 2. málsgr. komi: góð.
4. Við 43. gr. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Ákvörðunum sveitarstjórnar eftir 1. og 2. málsgr. getur styrkþegi eða sveitarstjórnarmaður innan mánaðar skotið til sýslumanns í sveitum, en til atvinnumálaráðherra í kaupstöðum.
5. Við 45. gr. Í stað orðanna »eða að minsta kosti oddviti hefir« í fyrri málsgr. komi: og styrkþegi, ef hann er innsveitismaður, hafa.
6. Við 46. gr. Orðin »ef ekki er um seinan« í síðustu málsgr. falli burt.
7. Við 50. gr. Á eftir orðunum »framfærsluhreppi þeirra« komi: eða barnsmóðir.
8. Við 66. og 67. gr. Í stað orðsins »Styrkur« í upphafi 2. málsgr. komi: Ríkissjóðsstyrkur.

Alþingi, 7. maí 1927.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskr. og frsm.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **534. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim.

Frá 3. minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála öðrum nefndarmönnum allsherjarnefndar um frumv. þetta, þar sem jeg álít rangt að lögákveða fast embætti á skipum þessum, að minsta kosti önnur en yfirmanna. Aðrir skipverjar ættu að vera ráðnir og skráðir eftir siglingalögum, með sama rjetti og skyldum sem farmenn, án þess að settur verði hjer á fót stór flokkur »sýslunarmanna« við »löggæslu«, sem í einu og öllu er hægt að starfbinda með reglugerð ráðuneytisins. Skipverjar eiga eftir frumvarpi þessu miklu minni rjett heldur en eftir siglingalögum, og jafnvel eftir brtt. 1. minni hluta nefndarinnar er til þess ætlast, að aðbúð þeirra og launakjör verði miklu lakari heldur en á verslunarskipunum. Er þetta frumv. því til ills eins fyrir þá, en hinsvegar ekki hættulaust að láta ríkisstjórn hafa til »löggæslu« málalið, sem hægt er að skylda með reglugerð eingöngu til þess að vinna að ýmsum verkum svipuðum þeim, sem ætluð voru hinni svonefndu ríkislögreglu. Má og búast við því, að ekki verði það valdir menn, sem til langframa sætta sig við slík kjör, og sje því frv. þetta ekki til þess að gera landhelgisgæsluna sem besta.

Legg jeg því til, að frumvarpið verði felt.

Alþingi, 8. maí 1927.

Hjeðinn Valdimarsson.

Nd. **535. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Við 1. gr.

1. Fyrir »Kauptún« í upphafi 2. málsgr. komi: Hreppsnefnd kauptúns.
2. Fyrir »hreppstjórn« í sömu málsgrein komi: hreppsnefnd.

Nd. **536. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1928.

I. Frá *meiri hluta fjárveitinganefndar.*

1. Við 12. gr. 20. a. (Landsspítali):
Liðurinn fellur niður.
2. — 12. — 20. m. (Móttaka erlendra bjúkrunarkvenna):
Liðurinn fellur niður.
3. — 13. — B. III. (Brúargerðir):
Fyrir »190000« kemur 170000

II. Frá *meiri hluta samgöngumálanefndar.*

Við 13. gr. C. 2. (Flóabátar):
Í stað »100000 kr.« kemur 104000

III. Frá *meiri hluta fjárveitinganefndar.*

1. Við 13. gr. D. II. (Nýjar símalagningar):
Fyrir »260000« kemur 250000
2. — 13. — E. V. d. (Hljóðdufl á Helluboða):
Liðurinn fellur niður.
3. — 14. — B. I. l. (Byggingarstyrkur til stúdentagarðs):
Liðurinn fellur niður.

IV. Frá *Magnúsi Torfasyni.*

Við 14. gr. B. VIII. 1. c. 4. (Bændaskóli á Hólum):
Fyrir »9000« kemur 2500

V. Frá *meiri hluta fjárveitinganefndar.*

1. Við 14. gr. B. VIII. 2. c. 4. (Ýmisleg gjöld Hvanneyrarskólans):
Fyrir »2500« kemur 11500
2. — 14. — B. XII. 2. c. (Raflýsing Blönduósskólans):
Fyrir »4000« kemur 6000
3. — 14. — B. XIV. 2. (Unglingaskólar utan Reykjavíkur):
Fyrir »42000« kemur... 45000
4. — 14. — B. XV. 2. Nýr liður:
Til húsmæðradeildar við alþýðuskóla Þingeyinga, byggingarstyrkur, $^2/_5$ kostnaðar, alt að ... 10000
5. — 14. — B. XX. (Lárus Rist):
Liðurinn fellur niður.
6. — 15. — 18. d. (Bjargey Pálsdóttir):
Liðurinn fellur niður.
7. — 15. — 18. f. (Anna Borg):
Liðurinn fellur niður.

8. Við 15. gr. 18. g. (Haraldur Björnsson):
Liðurinn fellur niður.
9. — 15. — 18. m. (Jón Leifs):
Liðurinn fellur niður.
10. — 15. — 42. (Ferðastyrkur til útlanda):
Fyrir »6000« kemur 4000
11. — 16. — 21. (Hafnarbætur í Ólafsvík):
Fyrir »14000« kemur... 12000
12. — 16. — 23. (Markaðsleit erlendis):
Fyrir »20000« kemur 15000
13. — 16. — 36. (Símskeyti til verslunarráðsins):
Liðurinn fellur niður.

VI. Frá *Klemens Jónssyni.*
Við 18. gr. II. i. 33. Nýr liður:
Til Kristjáns Jónssonar í Auraseli, í eitt skifti fyrir öll... 1000

VII. Frá *meiri hluta fjárveitinganefndar.*
Við 22. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Af viðlagasjóðsláni Stokkseyrarhrepps vegna brunatjóns skal veita uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana árin 1927—28.

Nd. **537. Tillaga**

til þingsályktunar um uppmæling siglingaleiða og rannsókn hafnarbóta.

Flutningsm.: Þórarinn Jónsson og Jón A. Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að láta framkvæma, svo fljótt sem því verður viðkomið:
1. Uppmæling á hinni svo nefndu »Grunnleið« á Húnaflóa inn á Miðfjörð.
2. Uppmæling á innsiglingu á Hindisvík á Vatnsnesi.
3. Uppmæling á leiðinni frá Horni austur að Norðurfirði.
4. Rannsókn á lendingar- eða hafnarbótum á Hvammstanga við Miðfjörð og gera áætlun um.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hafa komið fram tillögur um uppmæling á þessum siglingaleiðum, sem annaðhvort hafa ekki orðið útræddar eða vísað til

stjórnarinnar. Þar sem ekkert hefir verið gert í þessu, er tillagan enn fram komin, ásamt fleiri atriðum, sem óskað hefir verið eftir af viðkomandi hjeruðum.

Ed. **538. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir haft þetta frv. til athugunar og álítur rjett, að það nái að ganga fram. Þá breytingu vill hún samt gera á því, að gera eiganda húss þess, er dansleikur er haldinn í, ábyrgan fyrir greiðslu skemtanaskattsins. Telur hún þetta nauðsynlegt til þess, að innheimtan verði auðveldari.

Ennfremur álítur nefndin rjett, að sá viðauki komi við lögin, að skemtanaskattur sje einnig greiddur af knattborðum (billiard), sem talsvert er farið að nota sem almenningsskemtanatæki, einkum í kaupstöðunum. Nefndin hefir borið þetta mál undir lögreglustjóra Reykjavíkur, og eru tillögur hennar þetta áhrærandi gerðar í samráði við hann. Lögreglustjóri kvað um 20 slík knattborð mundu vera hjer í bænum, ýmist til afnota fyrir almenning eða fjelög, og áætlar hann hreinar tekjur mánaðarlega vera um 150 kr. af hverju borði.

Úti um land eru líka orðin töluverð brögð að billiardspili. Skattur sá, sem nefndin leggur til, að lagður verði á þessa tegund skemtana, er um 20% af nettótekjunum eins og lögreglustjóri áætlar að þær muni vera, eða eins og hæst er lagt á aðrar skemtanir.

Samkvæmt framansögðu leyfir nefndin sjer að leggja til, að frumv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Aftan við 1. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein:
   Eigandi húsnæðis þess, er dansleikur er haldinn í, ber ábyrgð á greiðslu skattsins.
2. Á eftir 2. gr. frumvarpsins komi ný grein:

3. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist nýr flokkur:

3. flokkur.

Af hverju knattborði (billiard) fyrir almenning eða fjelög greiðist 30 kr. skemtanaskattur fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem knattborðið er notað handa almenningi eða fjelögum. Gjalddagi á skattinum er síðasti dagur hvers mánaðar.

Skattinn greiðir eigandi knattborðs, enda er knattborðið að veði fyrir skattinum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum í eitt ár frá gjalddaga skattsins.

Nú eru fleiri en eitt knattborð í sama húsnæði, og er þá nægilegt, að eitt sje notað til að öll sjeu skattskyld.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 9. maí 1927.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson, framsögum.

Nd. **539. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um uppmæling siglingaleiða og rannsókn hafnarbóta.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Á eftir 3. lið tillögunnar komi nýr liður.

4. Uppmæling á innsiglingu á Bjarnarfjörð hinn syðra og hafnarstað við Kaldrananes og innsiglingu á Kollafjörð í Strandasýslu.

Ed. **540. Lög**

um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí).

1. gr.

Í staðinn fyrir málsgreinarnar: »39. Reykjavík: Reykjavíkur, Lágafells og Viðeyjarsóknir. 40. Reynivellir: Reynivalla, Saurbæjar og Brautarholtssóknir« komi: 39. Reykjavík: Reykjavíkursókn. 40. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells, Brautarholts og Viðeyjarsóknir. 41. Reynivellir: Reynivalla og Saurbæjarsóknir.

2. gr.

Ef breytt verður skipun prestakalla, þannig, að sókn úr öðru prestakalli verði sameinuð Mosfellsprestakalli í Mosfellssveit, þá er Mosfellspresti skylt að taka að sjer prestsþjónustu í þeirri sókn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **541. Lög**

um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí).

Í stað »til ársloka 1927« í 2. málsgr. 1. gr. laganna komi: til ársloka 1928.

Ed. **542. Nefndarálit**

um frv. til laga um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar álítur, að Nd. hafi gengið of langt í því að færa niður toll á þessum vörutegundum, þann er stjórnarfrv. fór fram á, og vill því gera nokkrar breytingar á frv.

Þá fellir meiri hlutinn sig ekki við hækkun tollsins þriðja hvert ár, eins og gert er ráð fyrir í frv. eins og það nú er orðið.

Þessi stighækkun mun vera komin inn í frv. í því skyni að ljetta undir með iðnaðarfyrirtækjunum, en meiri hlutinn vill fara aðra leið í þessu til að í-vilna þeim iðnaðarfyrirtækjum, sem þegar eru stofnsett, eða voru það um síðastliðin áramót. Hann leggur því til, að af tilsvarandi hluta af framleiðslu slíkra fyrirtækja, er samsvarar framleiðslu þeirra árið 1926, verði framvegis í nokkur ár, eða til ársloka 1935, aðeins krafinn mjög lágur tollur, eða 1/6 af aðflutningsgjaldinu.

Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. b-lið. Orðin »og óáfeng vín« falli burt.
2. Við c-lið sömu gr. Liðurinn orðist svo til enda greinarinnar:
   Fyrir kaffibæti og óáfeng vín: hálft aðflutningsgjald.
3. Á eftir þeim lið komi nýr d-liður, svo hljóðandi:
   Fyrir ávaxtasafa, öl, límonaði og aðra samskonar drykki, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, 1/8 aðflutningsgjalds. Af sódavatni greiðist ekkert gjald.
4. Á eftir 2. gr. komi ný 3. gr., svo hljóðandi:
   Efnivörur til framleiðslu innlendrar tollvörugerðar skulu undanþegnar verðtolli. Þau iðnaðarfyrirtæki, sem reka vörugerð, er fellur undir c- og d-lið 2.

gr. og stofnsett eru fyrir 1. janúar 1927, skulu til ársloka 1935 njóta ívilnunar fyrir þann hluta af árlegri framleiðslu sinni, er samsvarar allri framleiðslu ársins 1926, þannig, að gjaldið fyrir þetta framleiðslumagn færist niður í 1/6 aðflutningsgjalds.

Lögreglustjóri ákveður það vörumagn, er njóta skal þessarar ívilnunar, að fengnum upplýsingum frá hlutaðeiganda, er hann telur fullnægjandi.

Alþingi, 9. maí 1927.

Björn Kristjánsson, form.	Jónas Kristjánsson, með fyrirvara.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm.

Nd. **543. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá Pjetri Þórðarsyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Samþykt samkvæmt þessari grein er þó eigi gild, nema hún hafi hlotið 3/5 hluta atkvæða bæjarstjórnar, en 4/5 hluta atkvæða hreppsnefndar.

Nd. **544. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á hafnarbótum í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu og varnir gegn snjóflóðum á sama stað.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað þingsályktunartillögu þessa. Þingmenn Norður-Múlasýslu hafa einnig borið fram við nefndina óskir hjeraðsbúa í N.-Múlasýslu um hafnarbætur á Vopnafirði. Hafa hvorartveggja þessar málaleitanir verið bornar undir vitamálastjóra, og hefir hann tekið þeim vel.

Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. tölulið. A eftir orðunum »Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu« komi: og Vopnafirði í Norður-Múlasýslu.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á hafnarbótum og vörnum gegn snjóflóðum.

Alþingi, 9. maí 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Árni Jónsson, frsm.	Jón Guðnason, fundaskrifari.

Hjeðinn Valdimarsson. Jón Kjartansson.

Nd. **545. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1928.

I. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
1. Við 12. gr. 13. Nýr liður:
Til Símonar Jónssonar, til að leita sjer lækninga í Danmörku í heilsuhæli fyrir taugaveiklað fólk 900
2. Við 12. gr. 20. a. (Landsspítali).
Fyrir »150000« kemur 100000

II. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 13. gr. A. 3. Nýr liður:
Uppbót til Friðriks pósts Jónssonar á Helgastöðum, vegna langvinnrar heilsubilunar, er hann hefir hlotið af ofreynslu á póstferðum 2000

III. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 13. gr. B. IX. (Ferja á Hrosshyl).
Í stað »150« kemur 300

IV. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 14. gr. B. 3. Nýr liður:
Til Guðrúnar Björnsdóttur á Knararbergi í Eyjafirði, til húsmæðrafræðslu 1500

V. Frá *Sigurjóni Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XV. 2. (Kvenfjelagið Ósk).
Fyrir »4000« kemur... 4800

VI. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*
1. Við 15. gr. 18. f. (Anna Borg).
Fyrir »1200« kemur 1000

2. Við 15. gr. 18. g. (Haraldur Björnsson).
Fyrir »1200« kemur 1000
3. Við 15. gr. 18. k. (Freymóður Jóhannsson).
Fyrir »1500« kemur 1000
4. Við 15. gr. 18. m. Nýr liður:
Til Guðmundar Kristjánssonar, til sönglistarnáms (lokastyrkur) 1000

VII. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 15. gr. 28. (Páll Þorkelsson).
Fyrir »800« kemur... 1500

VIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
1. Við 15. gr. 39. (Sigurður Skúlason).
Fyrir »1000« kemur 1500
2. Við 16. gr. 7. Nýr liður:
Styrkur til jarðræktarfjelagsins »Tilraunar« í Grímsnesi, til þess að kaupa dráttarvjel og plóg til plæginga 1500

IX. Frá *Jakob Möller* og *Benedikt Sveinssyni.*
Við 15. gr. 31. Nýr liður:
Til Einars Þorkelssonar fyrv. skrifstofustj., til ritstarfa 1800
Til vara 1500

X. Frá *Jakob Möller.*
1. Við 15. gr. 33. (Íþróttasamband Íslands).
Fyrir »1800« kemur 4000
Til vara 3000
2. Við 16. gr. 35. Nýr liður:
Styrkur til að kynnast nútímafyrirkomulagi og starfrækslu erlendra kaupþinga 2000

XI. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*
Við 16. gr. 40. Nýr liður:
Til þess að gera laxgenga fossana Glanna og Laxfoss í Norðurá í Mýrasýslu, 1/3 kostnaðar, alt að (endurveiting) 1000

XII. Frá *Hjeðni Valdimarssyni.*
Við 16. gr. 45. Nýr liður:
Til Byggingarfjelags Reykjavíkur... 5000

Ed. **546. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir ekki getað komið sjer saman um afgreiðslu þessa máls, og mun minni hlutinn (J. J.) gera grein fyrir afstöðu sinni til þess í sjerstöku nefndaráliti.

Við undirrituð erum hinsvegar sammála um að ráða háttv. deild til þess að samþykkja frv. óbreytt, sjerstaklega vegna þess, að hætt er við, þar sem svo mjög er áliðið þings, að það verði ekki útrætt á þessu þingi, ef breytingar yrðu gerðar á því í þessari háttv. deild.

Við erum bæði sammála um það, og erum þar í samræmi við skoðanir rektors mentaskólans, sem komið hefir á fund nefndarinnar eftir tilmælum hennar, til þess að gefa henni upplýsingar í málinu, að nægilegt muni nú og um langt skeið að hafa aðeins 40 heimavistir. Við erum og sammála um það, að taka verði fult tillit til allra hollustuhátta, bæði að því er snertir skólahúsið sjálft og heimavistahúsið, og lítur annað okkar (I. H. B.) svo á, að af þessum ástæðum verði ekki hægt að hafa heimavistahúsið á skólalóðinni eins og hún er nú.

Að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir skoðun meiri hlutans í framsögu.

Alþingi, 9. maí 1927.

Ingibjörg H. Bjarnason, form. og frsm. Jóh. Jóhannesson.

Nd. **547 Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um uppmæling siglingaleiða og rannsókn hafnarbóta.

Frá Jóni Guðnasyni.

Á eftir 4. lið tillögunnar komi nýr liður:

5. Rannsókn á lendingarbótum við Salthólma á Gilsfirði og gera áætlun um.

Ed. **548. Breytingartillaga**

við frv. til laga um hvalveiðar.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:

Taka skal fram í sjerleyfi, að leyfishafa sje skylt að selja innanlands, ef

þess er óskað, kjarnfóður og áburðarmjöl við ekki hærra verði en markaðsverði þessara vörutegunda á útlendum markaði, að frádregnum flutningskostnaði til útlanda.

Nd. **549. Frumvarp**

til laga um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Varðskipin skulu eiga heimili í Reykjavík. Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal á þeim vera. Allir starfsmenn skipa þessara eru sýslunarmenn ríkisins, hvort sem þeir eru skipaðir af ráðuneytinu, settir eða á annan veg ráðnir þar til starfa. Skulu þeir allir sýsatrygðir af útgerð skipanna, eftir svipuðum reglum og skipshafnir á öðrum skipum ríkissjóðs og Eimskipafjelags Íslands.

2. gr.

Skipherrar á varðskipunum eru löggæslumenn ríkisins á landhelgissvæðinu. Stýrimenn eru aðstoðarmenn þeirra við löggæsluna.

3. gr.

Skipherrar, stýrimenn, vjelstjórar og loftskeytamenn skulu skipaðir af ráðuneytinu. Það skipar og bryta og semur við hann um borgun fyrir fæði skipverja, þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár í senn.

Ráðuneytið getur hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, sjerhverjum sýslunarmanni á skipunum.

Um frávikning sýslunarmanna á varðskipunum, hvort heldur er um stundarsakir eða fyrir fult og alt, gilda sömu reglur og um aðra sýslunarmenn ríkisins.

4. gr.

Aðra sýslunarmenn en þá, er um getur í 3. gr., ræður skipherra í umboði ráðuneytisins. Þó skulu kyndarar ávalt ráðnir í samráði við 1. vjelstjóra. Mönnum þessum getur skipherra hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, en skýra skal þá tafarlaust ráðuneytinu frá málavöxtum.

Nú álítur skipherra, sem staddur er á varðskipi utan Reykjavíkur, nauðsynlegt, að einhverjum þeirra starfsmanna, sem taldir eru í 3. gr., sje þegar vikið frá sýslan, og má hann þá víkja sýslunarmanninum frá um stundarsakir, en skýra skal hann ráðuneytinu þegar í stað frá því, og leggur ráðherra úrskurð á málið.

5. gr.

Laun sýslunarmanna skulu ákveðin í launalögum. Skráning manna á skipin fyrir skráningarstjórum skal ekki fara fram.

Siglingatími sýslunarmanna á varðskipunum skal tekinn til greina sem siglingatími skráðra manna á öðrum eimskipum sömu stærðar í utanlandssiglingum.

6. gr.

Sje sýslunarmanni vikið frá um stundarsakir, tekur hann ekki laun á meðan. Sje honum vikið frá fyrir fult og alt, og það er ekki gert vegna elli eða vanheilsu, ákveður ráðuneytið, hvort honum eftir atvikum skuli endurgoldin iðgjöld þau, er hann hefir greitt samkvæmt launalögunum í lífeyrissjóð embættismanna, eða ekki. Sýslunarmenn þessir, aðrir en skipherra, 1. stýrimaður og 1. vjelstjóri, fá að öðru leyti endurgreiðslu iðgjalda úr lífeyrissjóði eftir reglum laga nr. 51, 1921, 4. gr.

7. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð um löggæslustarfið og um einkennisbúninga sýslunarmanna. Það má einnig ákveða tilhögun alla á starfinu, verkaskiftingu o. fl.

8. gr.

Nú brýtur sýslunarmaður gegn skyldum sínum eftir reglum þeim, sem settar eru samkvæmt lögum þessum, eða að öðru leyti, og varðar það þá ábyrgð eins og brot á embættisfærslu, nema brotið sje svo vaxið, að ábyrgð varði eftir siglingalögunum og eigi liggi þyngri hegning við því sem broti í embættisfærslu. Þátttaka í verkfalli varðar skipverja á varðskipunum ábyrgð, eftir lögum nr. 33 1915.

9 gr.

Lög þessi ná aðeins til þeirra varðskipa, sem eru eign ríkisins og ráðuneytið telur aðalvarðskip.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **550. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1928.

I. Frá *Þórarni Jónssyni.*

1. Við 5. gr. 3. (Endurgreidd lán).

Fyrir »22000« kemur 15000

2. Við 13. gr. D. II. (Símalagningar):

Inn í aths. bætist á eftir »Ási í Vatnsdal«: með stöð í Flögu.

II. Frá *Jóni Guðnasyni.*
Við 14. gr. B. II. g. Nýr liður:
Til Sigurkarls Stefánssonar, til háskólanáms (lokastyrkur) 1000

III. Frá *Þórarni Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XII. 2. a. (Rekstrarstyrkur kvennaskólans á Blönduósi).
Fyrir »14000« kemur 17000

IV. Frá *Jóni Guðnasyni.*
Við 14. gr. B. XV. 1. (Húsmæðraskóli á Staðarfelli).
Fyrir »3000« kemur 4000

V. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. 14. Nýir liðir:
1. Til Þorsteins M. Jónssonar, til þess að gefa út »Lýðmentun«, 75 krónur á örk, enda sjeu bækurnar seldar við verði, sem ekki sje yfir 40 aura hver örk með sömu leturmergð, sem er í þeim bókum »Lýðmentunar«, sem út eru komnar, alt að... 1200
2. Til Færeyjafjelagsins Gríms Kambans 300

VI. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 18. e. (Friðfinnur Guðjónsson):
Fyrir »2000« kemur 2500

VII. Frá *Jóni Ólafssyni.*
Við 16. gr. 9. Nýr liður:
Til fjelagsins Landnáms í Reykjavík, til þess að vinna að stofnun nýbýla víðsvegar á landinu 2000

VIII. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 18. gr. II. e. 7. (Guðmundur Björnsson):
Fyrir »150« kemur... 250

IX. Frá *Þórarni Jónssyni.*
Við 23. gr. I. (Eimskipafjelag Íslands):
Fyrir »85000« kemur 55000

Sþ. **551. Tillaga**

til þingsályktunar um milliríkjasamninga.

Flutningsm.: Jóh. Jóhannesson, Kl. Jónsson, Benedikt Sveinsson og Hjeðinn Valdimarsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka upp samninga við stjórnir hinna norðurlandaríkjanna fjögra um úrslit deilumála, er upp kunna að koma milli Íslands og einhvers þeirra.

Samningarnir sjeu gerðir á þeim grundvelli, að hinn fasti dómstóll í Haag dæmi um þau ágreiningsmál án undantekningar, er ríkisstjórnirnar fá eigi jafnað sín á milli, og sjeu uppsagnarákvæði samskonar og í tilsvarandi samningum, er hin fjögur ríki i hafa þegar gert sín á milli. Samningarnir sjeu gerðir að áskilinni fullgildingu og lagðir fyrir Alþingi áður en fullgilding fer fram.

Greinargerð.

Hin norðurlandaríkin fjögur hafa þegar gert samninga sín á milli um að leggja öll deilumál sín, er eigi verða jöfnuð á annan hátt, undir alþjóðadómstólinn í Haag.

Rjett þykir, að Ísland geri samskonar samninga við hin ríkin, og er tillaga þessi því borin fram í samráði við stjórnina.

Nd. **552. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1928.

Frá Jakob Möller.

Við 15. gr. 40. (Barði Guðmundsson).

Fyrir »1000« kemur. 2000

Nd. **553. Breytingartillaga**

við frv. til laga um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim.

Frá Hákoni Kristóferssyni.

Við 4. gr. Orðin »Mönnum þessum ... ... frá málavöxtum« falli niður.

Nd. **554. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árið 1928.

Frá fjármálaráðherra.

Við 12. gr. 13. (Magnús Pjetursson).
Liðurinn falli niður.

Nd. **555. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 536 (Fjárlög).

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við VII. Í stað orðsins »Stokkseyrarhreppsc komi: til manna í Stokkseyrarhreppi.

Ed. **556. Frumvarp**

til fátækralaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 106 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Framfærslumaður á rjett á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rjett og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sjer, eða ráða verustað þess.

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

10. gr. hljóðar svo:

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess, hvort heldur af því að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eða og óvanalegan starfa þann, er

einhverjum sjerstökum háska er bundinn, eða af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins.

11. gr. hljóðar svo:

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs eða húsbónda þess, og greiðir það þá sjálft kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sjerstakri hjúkrun, en húsbónda þess er skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sjerstakt sjúkrafæði — í alt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann.

Ef hjú sýkist eða slasast í fjarlægð frá heimili sínu, án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kent, og verður að liggja sjúkt utan heimilis sins, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í alt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann og ekki yfir 2 kr. um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjúi er komið burt af heimili sínu til lækninga eftir læknisráði, hvort heldur í sjúkrahús eða annað, enda sje hvorki því nje húsbónda þess um leguna að kenna.

21. gr. hljóðar svo:

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, sjer framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem hann hefir dvalist í 4 ár samfleytt búandi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann ekki þegið endurkræfan eða óendurkræfan sveitarstyrk á síðustu 10 árum.

36. gr. hljóðar svo:

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum yngri en 16 ára, og má þá fátækrastjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum. Þó þarf fátækrastjórn leyfi foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema heimilislíf foreldranna megi teljast siðspillandi fyrir börnin eða þar fari illa um þau.

Engu síður skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum sveitarbörnum.

Ekki má fátækrastjórn skilja hjón samvistum nema með leyfi þeirra.

43. gr. hljóðar svo:

Skylt er sveitarstjórn, er hún veitir styrk úr sveitarsjóði, að kveða svo á, að styrkurinn skuli ekki afturkræfur af styrkþega, ef hún telur það sanngjarnt vegna elli þiggjanda, ómegðar hans, veikinda hans eða þeirra, sem hann hefir á skyldufamfæri, eða vegna annara óhappa hans. Eigi styrkþegi ekki framfærslusveit þar, sem hann fær styrkinn, má þó sveitarstjórn dvalarsveitar ekki ákveða, að styrkurinn skuli teljast óafturkræfur, nema sveitarstjórn framfærslusveitar samþykki.

Ákvæðum 1. málsgr. má einnig beita um sveitarstyrk, sem veittur hefir verið 2 síðustu árin áður en lög þessi öðlast gildi, ef styrkþegi óskar.

Ákvörðunum sveitarstjórnar eftir 1. og 2. málsgr. getur styrkþegi eða

sveitarstjórnarmaður innan mánaðar skotið til sýslumanns í sveitum, en til atvinnumálaráðherra í kaupstöðum.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk, ef 2 ár eru liðin frá því, er þurfamaðurinn þáði af sveit.

Styrkur, sem veittur er styrkþega, sem er fullra 60 ára að aldri, telst ekki sem sveitarstyrkur.

45. gr. hljóðar svo:

Þegar þeginn sveitarstyrkur er færður inn í sveitarbókina og meiri hluti hreppsnefndar og styrkþegi, ef hann er innsveitismaður, hafa skrifað undir innfærsluna, að hún sje rjett tilfærð, er bókin sönnun fyrir skuldinni. Sveitarstjórn getur beiðst lögtaks á skuldum eftir fyrirmælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðnin er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

47. gr. hljóðar svo:

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða eftirgefinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra, svifta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviftur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sje endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviftur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

48. gr. hljóðar svo:

Sá, sem þiggur af sveit og er þó vinnufær, er skyldur að fara í hverja þá viðunanlega vist og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sjer og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sje viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra, er sker úr því, eftir að hafa fengið umsögn sveitarstjórnarinnar og leitað álits tveggja óvilhallra manna.

Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann vinna af sjer barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til framfærslusveitar, enda greiði hún kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda eða hann hefir komist undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að honum að lögum að því er meðlagið snertir.

50. gr. hljóðar svo:

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra eða barnsmóðir heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfjelaginu til þyngsla að minsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

55. gr. hljóðar svo:

Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 52. gr., og skal þá fátækrastjórnin, áður en hálfur mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda yfirvaldi sínu áskorun um að útvega svo fljótt sem við verður komið viðurkenning fyrir sveitfesti þurfamanns, eða sönnun fyrir, hvar hann sje sveitlægur, svo framarlega sem þetta er eigi þegar fullvíst. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sje endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal send skýrsla sú, er um er rætt í 53. gr. Vanræki sveitarstjórnin að gera það, sem fyrir er mælt í grein þessari, missir sveitarsjóður rjett til endurgjalds á hinum veitta sveitarstyrk.

66. gr. hljóðar svo:

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði í sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala eða geðveikrahæli, þá greiðir framfærslusveit hans $^2/_5$ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 kr. á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfjelagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið er í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Ríkissjóðsstyrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur hjá styrkþega.

67. gr. hljóðar svo:

Nú er manni, sem á framfærslusveit hjer á landi, veittur sveitarstyrkur erlendis, og er þá framfærslusveit hans skylt að endurgjalda þann styrk alt að 400 kr. um árið, þó ekki yfir $^2/_5$ hluta styrksins. Það, sem fram yfir er, greiðist úr ríkissjóði. Sömuleiðis greiðist úr ríkissjóði allur kostnaður við flutning þess þurfamanns og skyldulíðs hans frá útlöndum alla leið til fram-

færsluhreppsins, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst ekki á annan hátt endurgoldinn.

Ríkissjóðsstyrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur.

Ed. **557. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv., og lítur hún svo á, að eftir ástæðum, sem teknar eru óvanalega skýrt fram í greinargerð þess, muni rjett að láta frv. ganga fram.

Nefndin leggur því til, að háttv. deild samþykki frv. óbreytt.

Alþingi, 9. maí 1927.

Jóh. Jóhannesson, form. Guðm. Ólafsson, fundaskrifari og frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, með fyrirvara.

Nd. **558. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Aftan við 3. gr. bætist: Skipverjar settir eða skipaðir af ráðuneytinu geta sagt upp starfi sínu með 6 mánaða fyrirvara. Með sama fyrirvara af hálfu beggja samningsaðilja má segja upp samningum þeirra skipverja, sem ekki eru settir eða skipaðir af ráðuneytinu.

Ed. **559. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leyfir sjer að mæla með því, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 11. maí 1927.

Jóh. Jóhannesson, formaður og frsm. Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **560. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1928.

Frá Hákoni Kristóferssyni og Pjetri Þórðarsyni.

Við 16. gr. 17. e. Liðinn skal orða svo:

Laun 5 kjötmatsmanna 5075

Þar af launaviðbót til Filippusar Magnússonar 300 kr. og Jóns Guðmundssonar 200 kr. með verðstuðulsuppbót.

Nd. **561. Nefndarálit**

um frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp það til laga um Landsbanka Íslands, sem stjórnin lagði fyrir Alþingi í þingbyrjun, var í flestum greinum samhljóða frv. um sama efni, sem lá fyrir Alþingi í fyrra og var þar afgreitt af neðri deild, en það frv. var aftur í flestum atriðum bygt á frv. milliþinganefndarinnar 1925. Hefir frv. þetta nú gengið gegnum efri deild og fengið þar mjög rækilega meðferð. Hafa verið þar gerðar á því allmargar breytingar og sumar nokkuð víðtækar, en þó er grundvallarstefnan óbreytt, og fyrirkomulagsatriði ein, sem ágreiningur hefir verið um. Þær breytingar efri deildar, sem mest kveður að, eru þessar:

1. Í 1. gr. er skýrt kveðið á um það, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans umfram stofnfjeð.
2. Stofnfje bankans er hækkað úr 4 milj. í 5 milj. (5. gr.).
3. Gulltrygging seðla er færð úr 1/3 upp í 40%, en feld niður hækkandi trygging eftir því sem seðlaveltan eykst (8. gr.).
4. Feld eru niður ákvæði 12. gr. um undanþágu bankans frá gullinnlausn og ráðstafanir út af því.
5. Nokkru er bætt við í upptalningu á störfum bankans (14. gr.).
6. Feld er niður heimild ríkisstjórnarinnar til þess að ábyrgjast erlend lán fyrir bankann (15. gr.).
7. Varasjóðsákvæði 24. gr. eru rýmkuð svo, að hann fær allan tekjuafgang þar til hann nær 4 miljónum, en áður 3 milj.
8. Lokað er um skyldu sparisjóðsdeildar til verðbrjefaeignar þannig, að hún þarf ekki í upphafi að binda meira en 15% af innstæðufje í slíkum brjefum, og skal sú fjárhæð svo færð upp í 30%, þegar fært þykir, en eftir stjórnarfrumvarpinu átti hún að nema 1/8 af innstæðufje (29. gr.).
9. Viðtækustu breytingarnar hafa verið gerðar á stjórn bankans.

a. Landsbankanefndin er lögð niður, og verkefni hennar skift milli Alþingis, ráðherra og bankaráðs.
b. Bankaráðið er gert að nokkurskonar gæslustjórn, sem er kosin að helmingi af hvorri deild (auk formanns bankaráðsins, sem er stjórnskipaður) og á að hafa daglegt eftirlit í bankanum og getur jafnvel gripið inn í dagleg störf bankastjórnarinnar, ef ágreiningi milli bankastjóranna er skotið undir úrskurð þess. Formaður þess mætir ekki á fundum bankastjóranna. Fundarbók bankaráðs skal lögð fyrir fjárhagsnefndir Alþingis.
c. Því fyrirkomulagi er haldið, að einn af þremur bankastjórum skuli heita aðalbankastjóri, en enginn munur er gerður hans og hinna bankastjóranna hvað völd í bankanum snertir. Að eins er það tekið fram, að hann skuli hafa víðtæka þekkingu og reynslu í viðskiftamálum, og hann er ráðinn með óákveðnum launum.
d. Þóknun til bankaráðsmanna og formanns bankaráðsins er hækkuð.

10. Seðlabankinn ber ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðsdeildar með fjárhæð, sem nemur innskotsfje ríkissjóðs samkv. lögum frá 1913, þangað til varasjóður deildarinnar hefir náð 10% af innstæðufjenu (56. gr.).
11. Stjórninni er veitt lánsheimild til þess að greiða bankanum stofnfjeð (62. gr.).

Nefndin hefir rætt mál þetta eftir föngum á nokkrum fundum, en þó minna en henni hefði þótt æskilegt, sakir þess hve henni er afskamtaður naumur tími, komið að þinglokum, er málið kemur frá efri deild, og annir miklar við önnur þingstörf, eins og venja er síðustu daga þingsins. Nefndinni líst svo sem breytingar Ed. sjeu allmisjafnar, sumar vafalaust til bóta, svo sem er um hækkun stofnfjár, úr því að rjett þykir að láta ríkið leggja svo mikið af mörkum, hækkun varasjóðs og rýmkun um verðbrjefaeign seðladeildar. Aftur á móti þykir orka allmörg tvímælis um breytingarnar á stjórn bankans, og eru nefndarmenn þó ekki jafnóánægðir með þær. Mundu sumir óska, að breytt væri aftur í líkt horf sem var í stjórnarfrumvarpinu. En þar sem nefndin vill vinna að því, að nú verði hægt að ráða máli þessu til lykta, þá hefir orðið ofan á í nefndinni að breyta sem minstu, og leiða með því til samkomulags milli deildanna. Þó hafa einstakir nefndarmenn áskilið sjer rjett til víðtækari breytingartillagna. Og um einstakar af breytingartill. nefndarinnar hafa nokkrir menn óbundin atkv.

Skal nú gerð stuttlega grein fyrir einstökum breytingartillögum nefndarinnar:

1., 3. og 5. b. brtt.

Nefndin telur engar líkur fyrir því, að seðlabankinn út af fyrir sig muni þurfa að setja á stofn útibú, og vill því taka öll ákvæði um útibú úr þeim kafla laganna. Verða útibúin þá bundin við sparisjóðsdeildina eina.

2. brtt.

a. Orðabreyting.

b. Nefndin er sammála um það, að það sje óþarft og ekki annað en kostnaðarauki, að heimta 40% gulltryggingu, og telur $^1/_3$ sæmilega tryggingu. En þar sem niðurlagsákvæði greinarinnar, sem ákvað hækkandi tryggingu með auk-

inni seðlaúfgáfu, hefir nú verið felt niður, leggur nefndin til að halda seðlatryggingunni í því, sem hefð er komin á hjer á landi, sem sje $^3/_8$, eða $37^1/_2$ %.

4. brtt.

Þarf naumast skýringar.

5. a. brtt.

Nefndinni þykir óviðkunnanlegt að fella niður heimild seðlabanka til þess að taka við peningum á dálk, því að þeir eru honum hentugastir.

6. brtt.

Nefndin vill ekki fara inn á þá braut, sem þessi breyting Ed. bendir á. Bankanum er lítil þörf á þessum rjetti, því að hann getur farið ýmsar aðrar leiðir til þess að tryggja sig. Ef slíkt ákvæði ætti að setja, yrði það að vera miklu nákvæmara.

7. brtt.

Það virðist ekki nein ástæða til þess að láta bankaráðið hafa hönd í bagga um skipun endurskoðenda bankans. Þeir eiga meðal annars að endurskoða starf sjálfs bankaráðsins. Aftur á móti vill nefndin láta skipa þá til ákveðins tíma, til þess að hægt sje að losna við ljelegan mann án afsetningar.

8. brtt.

Þó að varasjóðsákvæðin væru rýmkuð í Ed., vill nefndin þó leggja til að rýmka þau enn. Reynslan sýnir, hve stórra varasjóða getur verið þörf, og er seint of mikið gert til þess að tryggja þá sem best.

9. brtt.

Breytingin á skipun bankaráðsins er hjer sú ein, að þeir 4 menn, sem þingið kýs, skuli kosnir af sameinuðu Alþingi. Nefndin kemur ekki auga á neina ástæðu til þess, að deildir Alþingis sjeu að skifta þessu milli sín. Þá leggur og nefndin til, að slept sje því ákvæði, að bankaráðsmenn skuli vera utanþingsmenn. Það sýnist vera heldur óviðkunnanlegt, að fulltrúar Alþingis í stjórn bankans megi vera í hvaða stjett og stöðu nema ekki alþingismenn.

Þá vill meiri hluti nefndarinnar lækka þóknun fyrir starf í bankaráðinu um 1000 kr. til hvers. Er slíkt jafnan álitamál, og meiri hlutinn telur þessa borgun hæfilega. Minni hlutanum finst á hinn bóginn meira virði, að bankaráðsmennirnir leggi vinnu og áhuga óskert í starf sitt en hitt, hvort bankinn leggur nokkru meira eða minna fje fram til starfsins.

10. og 16. a. brtt.

Brtt. a er aðeins orðabreyting. Nefndinni fanst rjettara að setja ákvæðið um dýrtíðaruppbót til bankastjóranna í bráðabirgðaákvæðin, af því að hjer er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða.

11. brtt.

Nefndin telur þetta ákvæði óþarft. Ef bankaráðsmaður er fjarverandi um lengri tíma, er rjett, að varamaður komi í hans stað (sbr. 34. gr.), og ber hann þá ábyrgð á starfi sínu þann tíma og tekur þóknun fyrir það.

12. brtt.

Brtt. a er orðabreyting. Sömuleiðis brtt. c. Brtt. b er borin fram eftir bendingu bankastjórnar Landsbankans, og sýnist sjálfsögð og alveg áhættulaus. Nær til þess, þegar skuldbinda þarf bankann með mörgum undirskriftum, sem ekki orka tvímælis, svo sem undirskrift sparisjóðsbóka.

13. brtt.

Brtt. a miðar aðeins að því að girða fyrir vafamál um það, hver gegni störfum aðalbankastjóra í forföllum hans, og er þetta tekið úr stjórnarfrumvarpinu.

Brtt. b. Þetta er sú minsta breyting á bankastjórninni, sem nefndin sjer sjer fært að leggja til, að gerð verði. Breytingin er ekki önnur en sú, að ekki má framkvæma neina meiri háttar ráðstöfun gegn mótmælum aðalbankastjóra. Er það minsta vald, sem hægt er að gefa honum, ef hann á að heita aðalbankastjóri. — Þá er og tekið burt ákvæðið um það, að ágreiningi milli bankastjóranna um daglegar afgreiðslur megi skjóta til bankaráðsins. Þykir nefndinni ekki rjett að blanda bankaráðinu þannig inn í daglegu afgreiðslustörfin, enda rjett, að bankastjórar geri út um alt slíkt sín í milli. Þetta er og í samræmi við það, sem haldið er fram í greininni, bæði eins og Ed. hefir gengið frá henni og eftir brtt. nefndarinnar, að yfirleitt sje ekkert framkvæmt nema samkomulag náist um það innan framkvæmdarstjórnarinnar.

Brtt. c. er aðeins til samræmis við brtt. 12. b.

14. brtt.

Ágreiningur hefir risið um það, hvort ákvæði 42. greinar (sbr. 64. gr.), að bankastjórar megi ekki vera alþingismenn, eða alþingismenn megi ekki vera bankastjórar, fari í bága við stjórnarskrána eða ekki. Nefndarmenn eru ekki sammála um þetta atriði, en leggja þó til, að ákvæðið sje felt niður, því rjett er að taka í þeim efnum þá leiðina, sem öruggari er, og setja ekki það ákvæði í lög, sem nokkur grunur er á, að fari í bága við stjórnarskrána.

15. brtt.

Orðabreyting.

16. b. brtt.

Orðabreyting.

Samkvæmt því, sem nú hefir lýst verið, leggur því nefndin til, að frumv. verði afgreitt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr. Síðasti málsliður orðast svo: Bankaráðið getur falið útibúum sparisjóðsdeildar að innleysa seðla og kaupa gull.
2. Við 8. gr.
   a. Í stað »Seðlabankanum er heimilt að gefa« í upphafi greinarinnar kemur: Seðlabankinn gefur.
   b. Í stað »40 %« í tölulið 1 kemur: $^{8}/_{8}$.
3. Við 9. gr. Setningin í svigum í síðustu málsgrein »(og útibúum o. s. frv.)« fellur niður.
4. Við 10. gr.
   a. Orðið »erlendum« í staflið b fellur niður.
   b. Í stað orðsins »verðbrjefum« í staflið e kemur: samskonar verðbrjefum og.
5. Við 13. gr.
   a. Í stað orðsins »Í» í upphafi töluliðs 1 kemur: Á dálk eða í.
   b. Síðasta málsgrein fellur niður.
6. Við 14. gr. Síðasta málsgrein töluliðs 2, »ef ávísanir o. s. frv.«, fellur niður.
7. Við 21. gr. Í stað orðanna »eftir tillögum bankaráðs« í 4. málslið kemur: til 3 ára í senn.
8. Við 24. gr. Í stað orðanna »skiftist arður seðlabankans . . . . . $^{3}/_{4}$ hluta« í 3. málslið kemur: skiftist arður seðlabankans að helmingi milli varasjóðs og ríkissjóðs.
9. Við 34. gr.
   a. 1. málsgrein orðast svo:

      Formann bankaráðsins skipar ríkisstjórnin til 5 ára í senn, svo og varaformann. Hina 4 bankaráðsmennina kýs sameinað Alþingi hlutbundnum kosningum til 4 ára í senn, svo og 4 varamenn til jafnlangs tíma. 2 bankaráðsmenn og 2 varamenn ganga úr annaðhvert ár, og ræður hlutkesti hvorir 2 bankaráðsmenn og varamenn ganga úr í fyrsta skifti. Bankaráðsmenn og varamenn má endurkjósa.

   b. Á eftir orðinu »bankaráðsfundi« í 3. málsgrein kemur: endurgjaldslaust.
   c. Í stað »5000« og »3000« í síðustu málsgrein kemur: 4000 og 2000.
10. Við 36. gr.
    a. Í stað orðanna »Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra, jafnt aðalbankastjóra sem hinum bankastjórunum, frá fyrirvaralaust« kemur: Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, jafnt aðalbankastjóra sem hinum bankastjórunum.
    b. Orðin »og auk þess til starfsmanna ríkisins« í 2. málsgrein falla niður.
11. Við 37. gr. Síðasti málsliður 2. málsgreinar, »Nú er o. s. frv.«, fellur niður.
12. Við 38. gr.
    a. Í stað »bankastjórnarinnar« í staflið l. kemur: framkvæmdarstjórnar.
    b. Aftan við staflið l. bætist: svo og að ákveða, að fengnum tillögum framkvæmdastjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans skuli geta skuldbundið

bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum hans (sbr. 39. gr.).

c. Orðið »bankans« á síðari stað í staflið m. fellur niður.

13. Við 39. gr.

a. Á eftir orðunum »eldri í stöðunni« í 2. málsgrein kemur: eða sá, sem eldri er að árum, ef báðir eru jafngamlir í stöðunni.

b. Í stað 4.—6. málsgr. kemur:

Framkvæmdarstjórarnir halda fundabók, sem í eru ritaðar allar ályktanir, sem gerðar eru á fundum þeirra. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 2 bankastjórar að taka þátt í atkvæðagreiðslu, enda sjeu þeir sammála. Að jafnaði skulu engar meiri háttar ráðstafanir gerðar, ef einn bankastjóri mótmælir, og alls ekki ef aðalbankastjóri er þeim mótfallinn. Nú er ályktun gerð, sem einn bankastjóri er mótfallinn, og á hann þá rjett á að bóka rökstutt ágreiningsatkvæði í fundabókina.

c. Á eftir orðunum »ásamt einum bankastjóra« í síðustu málsgrein kemur: svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum.

14. Við 42. gr. Fyrsti málsliður, «Alþingismenn o. s. frv.«, fellur niður.

15. Við 44. gr. Í stað orðanna »eftirlauna- og styrktarsjóð« í upphafi greinarinnar kemur: eftirlaunasjóð.

16. Við 57. gr.

a. Við 1. málsgrein skal bæta: Bankastjórar, aðrir en aðalbankastjóri, fá dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni; dýrtíðaruppbótin reiknast með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins.

b. Í stað »og« í síðari málsgrein kemur: eða.

Alþingi, 11. maí 1927.

Kl. Jónsson, form.	Jón A. Jónsson, fundaskr.	Björn Líndal.	Halldór Stefánsson, með fyrirvara.
Ásg. Ásgeirsson, með fyrirvara.	Magnús Jónsson, frsm.	Jakob Möller, með fyrirvara um sjálft frv.	

Nd. **562. Breytingartillaga**

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 56. gr.

Á eftir 1. málsgrein kemur ný málsgrein, er svo hljóðar:

Bankaráðið ákveður, að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar, hver af útibúum Landsbankans skuli fylgja seðlabankanum og hver sparisjóðsdeild.

Nd. **563. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Frá Jóni Kjartanssyni.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. jan. 1928 að því er snertir greiðslu sýslufjelaga og bæjarfjelaga upp í berklavarnakostnað.

Ed. **564. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

a-liður 2. flokks 2. gr. laganna orðist svo:

a. Dansleikar allir, hvort sem einstök fjelög eða dansskólar stofna til þeirra eða þeir eru haldnir fyrir allan almenning, ennfremur dansæfingar, er standa fram yfir kl. 11 að kvöldi. Haldi fjelag dansleik og sje aðganga ókeypis, er lögreglustjóra heimilt að ákveða skattinn.

Eigandi húsnæðis þess, er dansleikur er haldinn í, ber ábyrgð á greiðslu skattsins.

2. gr.

Orðin »er njóta opinbers styrks« í b-lið 1. flokks falli burt.

Orðin »og sjónleikar, er ekki teljast til 1. flokks«, í d-lið 2. flokks falli burt.

3. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist nýr flokkur:

3. flokkur.

Af hverju knattborði (billiard) fyrir almenning eða fjelög greiðist 30 kr. skemtanaskattur fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem knattborðið er notað handa almenningi eða fjelögum. Gjalddagi á skattinum er síðasti dagur hvers mánaðar.

Skattinn greiðir eigandi knattborðs, enda er knattborðið að veði fyrir skattinum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum í eitt ár frá gjalddaga skattsins.

Nú eru fleiri en eitt knattborð í sama húsnæði, og er þá nægilegt, að eitt sje notað til að öll sjeu skattskyld.

4. gr.

Aftan við 3. gr. bætist nýr liður:

d. Dansleikar skóla, annara en dansskóla, og skólafjelaga, enda fari þeir fram í herbergjum hlutaðeigandi skóla og sjeu fyrir nemendur og kennara eina, ásamt gestum þeirra.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 40, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Ed. **565. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimavistir við hinn almenna mentaskóla.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Minni hluti nefndarinnar álítur, að þetta frv. sje fram borið að ófyrirsynju. Rektor skólans hefir ekki beðið um, að frv. þetta væri borið fram, og stjórnin mun meira að segja ekki hafa borið málið undir hann áður en það var lagt fyrir þingið. Hjer er því að ræða um framkvæmd, sem óviðkomandi aðiljar beita sjer fyrir, í stað þeirra, sem mest ástæða er til, að hefðu þar frumkvæði. Undirbúningur málsins er allur hinn ófullkomnasti. Enginn staður er ákveðinn handa þessu húsi. Engin teikning fylgir því til nefndar, en heyrst hefir, að lausir frumdrættir væru til og lausleg áætlun. En alt er óákveðið með fyrirkomulag, herbergjastærð og herbergjatölu. Þess vegna er í rauninni alls ekkert að marka þá kostnaðaráætlun, sem nefnd var við meðferð málsins í neðri deild.

Rektor mentaskólans hefir beðið um dálitla fjárhæð í húsaleigustyrk handa utanbæjarnemendum. Þingið hefir tekið þessu svo vel, að stundum mun hafa orðið afgangur af hinu veitta fje.

Hinn sanni tilgangur þessa frv. mun vera sá, að tefja fyrir framgangi þess, að þroskaðir menn, sem aðallega styðjast við vinnu sína, fái aðstöðu til að nema til stúdentsprófs á Akureyri. Þar eru heimavistir til og þar má með litlum kostnaði breyta svo til, að þeir menn, sem eiga að búa í hinni dýru heimavist í Reykjavík, geti fengið á Akureyri góða og hallkvæma skólavist. Þar sem fjárhagur landsins er þröngur, virðist fjarstæða að reisa þetta dýra hús, aðeins í því skyni að tefja fyrir góðu máli, sem allir vita nú, að ekki er unt að stöðva.

Alþingi, 11. maí 1927.

Jónas Jónsson.

Sþ. **566. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um byggingar- og landnámssjóð.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

Fyrsta málsgrein orðist svo:

Sameinað Alþingi ályktar að fela milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum að undirbúa fyrir næsta þing frumvarp um byggingar- og landnámssjóð. Skal frumvarpið bygt á þeim undirstöðuatriðum, er nú skal greina:

Ed. **567. Breytingartillögur**

við frv. til laga um hvalveiðar.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Orðin »nema hrefnur« í 1. línu falla niður.
   b. Síðari málsgr. 1. gr. skal falla niður.
2. Við 2. gr.
   a. Orðin »og flotstöðvar í landhelgi« í 1. línu falla niður.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Til að nota flotstöðvar í landhelgi má eigi veita sjerleyfi.
3. Við 3. gr.
   a. Orðin »í landi« í 1. málsgr. skulu falla niður.
   b. Fyrir »500« í 2. málsgr. komi: 1000.
   c. Á eftir 2. málsgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
      1. Í sjerleyfi skal þess krafist, að á hvalveiðaskipum og við hvalveiðastöðvar sjeu einungis notaðir innlendir menn meðan til fást.
      2. Ríkissjóði skal heimilt, hvenær sem er á sjerleyfistímanum, að kaupa hvalveiðastöðvar og hvalveiðaskip fyrir verð, er dómkvaddir menn meta, ef samkomulag um kaupin nást eigi á annan hátt.

Nd. **568. Breytingartillögur**

ið frv. til laga um Landsbanka Íslands.

I. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*

Við 1. gr. Þriðja málsgrein: »Ríkissjóður ber ekki ábyrgð ... ... með lögum« fellur niður.

II. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Halldóri Stefánssyni* og *Jakob Möller.*

1. Við 7. gr. Í stað fyrstu málsgreinar kemur:

Bankanum er skylt, ef þess er krafist, að selja gull í miltum fyrir seðla þá, er hann hefir gefið út, þó aldrei minna í einu en eitt myntgullmilti, 12,4414 kílógr. að þyngd, sem jafngildir 28283,42 krónum í seðlum.

2. Við 9. gr.

a. a-liður fellur niður.

b. Í stað fyrri málsliðs síðustu málsgreinar kemur: Gullforði bankans samkvæmt a-lið skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum.

3. Við 9. brtt. a. á þskj. 561.

Í stað »til 5 ára« í fyrsta málslið kemur: til 3 ára.

4. Við 37. gr. Tvær fyrstu málsgreinarnar orðist svo:

Bankaráðið skal fylgjast með um rekstur bankans í öllum starfsgreinum hans. Skal formaður bankaráðsins framkvæma fyrir þess hönd daglegt eftirlit með stjórn bankans.

Bankaráðið heldur reglulega fundi að minsta kosti í 1. og 3. viku hvers mánaðar, en annars svo oft sem formaður þess telur nauðsynlegt, eða að minsta kosti 2 bankaráðsmenn krefjast þess, og þegar aðalbankastjóri óskar þess. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Þegar jöfn eru atkvæði, sker atkvæði formanns úr.

Framkvæmdarstjórar bankans eiga rjett á að vera á fundum bankaráðsins og taka þátt í umræðum, nema rætt sje um mál, er varða þá sjálfa. Bankaráðið getur og krafist þess, að framkvæmdarstjórar, einn eða fleiri, komi á fund þess.

Bankaráðið heldur fundarbók, sem í er ritað það helsta, sem fram fer á fundum þess, og allar ályktanir.

5. Við 39. gr. Níunda málsgrein fellur niður.

III. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*

1. Á eftir 51. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema öðruvísi sje ákveðið í stofnskrám eða skipulagsskrám. Sama er um ríkisfje og opinbert fje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til Söfnunarsjóðs Íslands nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 44, 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

2. Við 55. gr. Þriðji málsliður orðist svo:

Ráðherra sjer síðan um, að eftirlitsmaðurinn með bönkum og sparisjóðum framkvæmi úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins.

Ed. **569. Breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar.

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Síðustu málsgr. 29. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:
   Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 30 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga um land alt. Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningarnar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.
2. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað tölunnar »35« í 30. gr. stjórnarskrárinnar komi: 30.
3. Á eftir 9. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Stjórnarskipunarlög þessi öðlast þegar gildi, er konungur hefir staðfest þau.
4. Á eftir 10. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Á eftir 3. ákvæði um stundarsakir komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   4. Ef stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi meðan Alþingi 1928 á setu, má á því þingi setja fjárlög fyrir bæði árin 1929 og 1930, enda þótt frumv. til þeirra hafi ekki verið lagt fyrir það í þingbyrjun.

Nd. **570. Fjárlög**

fyrir árið 1928.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí).

Samhljóða þskj. 523.

Ed. **571. Frumvarp**

til laga um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Varðskipin skulu eiga heimili í Reykjavík. Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal á þeim vera. Allir starfsmenn skipa þessara eru sýslunarmenn ríkisins, hvort sem þeir eru skipaðir af ráðuneytinu, settir eða á annan veg ráðnir þar til starfa. Skulu þeir allir slysatrygðir af útgerð

skipanna, eftir svipuðum reglum og skipshafnir á öðrum skipum ríkissjóðs og Eimskipafjelags Íslands.

2. gr.

Skipherrar á varðskipunum eru löggæslumenn ríkisins á landhelgissvæðinu. Stýrimenn eru aðstoðarmenn þeirra við löggæsluna.

3. gr.

Skipherrar, stýrimenn, vjelstjórar og loftskeytamenn skulu skipaðir af ráðuneytinu. Það skipar og bryta og semur við hann um borgun fyrir fæði skipverja, þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár í senn.

Ráðuneytið getur hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, sjerhverjum sýslunarmanni á skipunum.

Um frávikning sýslunarmanna á varðskipunum, hvort heldur er um stundarsakir eða fyrir fult og alt, gilda sömu reglur og um aðra sýslunarmenn ríkisins.

Skipverjar settir eða skipaðir af ráðuneytinu geta sagt upp starfi sínu með 6 mánaða fyrirvara. Með sama fyrirvara af hálfu beggja samningsaðilja má segja upp samningum þeirra skipverja, sem ekki eru settir eða skipaðir af ráðuneytinu.

4. gr.

Aðra sýslunarmenn en þá, er um getur í 3. gr., ræður skipherra í umboði ráðuneytisins. Þó skulu kyndarar ávalt ráðnir í samráði við 1. vjelstjóra. Mönnum þessum getur skipherra hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, en skýra skal þá tafarlaust ráðuneytinu frá málavöxtum.

Nú álítur skipherra, sem staddur er á varðskipi utan Reykjavíkur, nauðsynlegt, að einhverjum þeirra starfsmanna, sem taldir eru í 3. gr., sje þegar vikið frá sýslan, og má hann þá víkja sýslunarmanninum frá um stundarsakir, en skýra skal hann ráðuneytinu þegar í stað frá því, og leggur ráðherra úrskurð á málið.

5. gr.

Laun sýslunarmanna skulu ákveðin í launalögum. Skráning manna á skipin fyrir skráningarstjórum skal ekki fara fram.

Siglingatími sýslunarmanna á varðskipunum skal tekinn til greina sem siglingatími skráðra manna á öðrum eimskipum sömu stærðar í utanlandssiglingum.

6. gr.

Sje sýslunarmanni vikið frá um stundarsakir, tekur hann ekki laun á meðan. Sje honum vikið frá fyrir fult og alt, og það er ekki gert vegna elli eða vanheilsu, ákveður ráðuneytið, hvort honum eftir atvikum skuli endurgoldin iðgjöld þau, er hann hefir greitt samkvæmt launalögunum í lífeyrissjóð embættismanna, eða ekki. Sýslunarmenn þessir, aðrir en skipherra, 1. stýrimaður og 1. vjelstjóri, fá að öðru leyti endurgreiðslu iðgjalda úr lífeyrissjóði eftir reglum laga nr. 51, 1921, 4. gr.

7. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð um löggæslustarfið og um einkennisbúninga sýslunarmanna. Það má einnig ákveða tilhögun alla á starfinu, verkaskiftingu o. fl.

8. gr.

Nú brýtur sýslunarmaður gegn skyldum sínum eftir reglum þeim, sem settar eru samkvæmt lögum þessum, eða að öðru leyti, og varðar það þá ábyrgð eins og brot á embættisfærslu, nema brotið sje svo vaxið, að ábyrgð varði eftir siglingalögunum og eigi liggi þyngri hegning við því sem broti í embættisfærslu. Þátttaka í verkfalli varðar skipverja á varðskipunum ábyrgð, eftir lögum nr. 33 1915.

9. gr.

Lög þessi ná aðeins til þeirra varðskipa, sem eru eign ríkisins og ráðuneytið telur aðalvarðskip.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **572. Breytingartillögur**

við frv. til fátækralaga.

I. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

1. Við 58. gr. Aftan við greinina bætist: enda gefi hann skriflegt leyfi sitt til þess flutnings.
2. Við 43. gr. Greinina skal orða svo:

Styrkur úr sveitarsjóði skal ekki afturkræfur af styrkþega, ef ástæðurnar til styrkveitingar eru: Elli eða ómegð styrkþega, heilsuleysi eða slys hans eða þeirra, sem hann hefir á skylduframfæri, eða atvinnuleysi hans.

Styrkur skal talinn veittur:

a. vegna elli, ef styrkþegi er fullra 60 ára að aldri.
b. vegna ómegðar, ef styrkþegi hefir 3 heimilistöst börn framfærsluskyld, er karlmaður á í hlut, en 1 barn skal talin ómegð, er kona á í hlut.
c. vegna slysa eða heilsuleysis, ef styrkþegi sannar með vottorði læknis, eða tveggja skilríkra manna, þar sem ekki næst til læknis, að slys eða heilsuleysi hafi gert hann, eða einhvern, sem hann hefir á skyldufram færi, ófæran til vinnu 3 mánuði í senn.
d. vegna atvinnuleysis, ef sveitar- eða bæjarfjelag getur ekki vísað styrkþega á vinnu, sem hann geti haft sjer og sínum til lífsviðurværis.

Þessi ákvæði skulu einnig gilda um sveitarstyrk, sem áður hefir verið veittur.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk hvenær sem er.

3. Við 61. gr Á eftir orðunum »hvernig honum skuli hagað« komi: og þurfalingur hefir gefið skriflegt leyfi sitt til flutningsins.

II. Frá *Ingvari Pálmasyni.*

Við 43. gr. Á eftir orðunum »að kveða svo á« í fyrstu málsgr. komi: innan 6 mánaða.

Til vara: innan 3 mánaða.

Nd. **573. Frumvarp**

til fátækralaga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 106 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Framfærslumaður á rjett á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rjett og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sjer, eða ráða verustað þess.

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

10. gr. hljóðar svo:

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess, hvort heldur af því að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eða og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sjerstökum háska er bundinn, eða af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins.

11. gr. hljóðar svo:

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs eða húsbónda þess, og greiðir það þá sjálft kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sjerstakri hjúkrun, en húsbónda þess er skylt að

fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sjerstakt sjúkrafæði — í alt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann.

Ef hjú sýkist eða slasast í fjarlægð frá heimili sínu, án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kent, og verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í alt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann og ekki yfir 2 kr. um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjúi er komið burt af heimili sínu til lækninga eftir læknisráði, hvort heldur í sjúkrahús eða annað, enda sje hvorki því nje húsbónda þess um leguna að kenna.

21. gr. hljóðar svo:

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, sjer framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem hann hefir dvalist í 4 ár samfleytt búandi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann ekki þegið endurkræfan eða óendurkræfan sveitarstyrk á síðustu 10 árum.

36. gr. hljóðar svo:

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum yngri en 16 ára, og má þá fátækrastjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum. Þó þarf fátækrastjórn leyfi foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema heimilislíf foreldranna megi teljast siðspillandi fyrir börnin eða þar fari illa um þau.

Engu síður skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum sveitarbörnum.

Ekki má fátækrastjórn skilja hjón samvistum nema með leyfi þeirra.

43. gr. hljóðar svo:

Skylt er sveitarstjórn, er hún veitir styrk úr sveitarsjóði, að kveða svo á innan 3 mánaða, að styrkurinn skuli ekki afturkræfur af styrkþega, ef hún telur það sanngjarnt vegna elli þiggjanda, ómegðar hans, veikinda hans eða þeirra, sem hann hefir á skylduframfæri, eða vegna annara óhappa hans. Eigi styrkþegi ekki framfærslusveit þar, sem hann fær styrkinn, má þó sveitarstjórn dvalarsveitar ekki ákveða, að styrkurinn skuli teljast óafturkræfur, nema sveitarstjórn framfærslusveitar samþykki.

Ákvæðum 1. málsgr. má einnig beita um sveitarstyrk, sem veittur hefir verið 2 síðustu árin áður en lög þessi öðlast gildi, ef styrkþegi óskar.

Ákvörðunum sveitarstjórnar eftir 1. og 2. málsgr. getur styrkþegi eða sveitarstjórnarmaður innan mánaðar skotið til sýslumanns í sveitum, en til atvinnumálaráðherra í kaupstöðum.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk, ef 2 ár eru liðin frá því, er þurfamaðurinn þáði af sveit.

Styrkur, sem veittur er styrkþega, sem er fullra 60 ára að aldri, telst ekki sem sveitarstyrkur.

45. gr. hljóðar svo:

Þegar þeginn sveitarstyrkur er færður inn í sveitarbókina og meiri hluti hreppsnefndar og styrkþegi, ef hann er innsveitismaður, hafa skrifað undir innfærsluna, að hún sje rjett tilfærð, er bókin sönnun fyrir skuldinni. Sveitarstjórn getur beiðst lögtaks á skuldum eftir fyrirmælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðnin er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

47. gr. hljóðar svo:

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða eftirgefinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra, svifta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviftur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sje endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviftur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

48. gr. hljóðar svo:

Sá, sem þiggur af sveit og er þó vinnufær, er skyldur að fara í hverja þá viðunanlega vist og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sjer og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sje viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra, er sker úr því, eftir að hafa fengið umsögn sveitarstjórnarinnar og leitað álits tveggja óvilhallra manna.

Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann vinna af sjer barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til framfærslusveitar, enda greiði hún kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda eða hann hefir komist undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að honum að lögum að því er meðlagið snertir.

50. gr. hljóðar svo:

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra eða barnsmóðir heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfjelaginu til þyngsla að minsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

55. gr. hljóðar svo:

Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 52. gr., og skal þá fátækrastjórnin, áður en hálfur mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda yfirvaldi sínu áskorun um að útvega svo fljótt sem við verður komið viðurkenning fyrir sveitfesti þurfamanns, eða sönnun fyrir, hvar hann sje sveitlægur, svo framarlega sem þetta er eigi þegar fullvíst. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sje endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal send skýrsla sú, er um er rætt í 53. gr. Vanræki sveitarstjórnin að gera það, sem fyrir er mælt í grein þessari, missir sveitarsjóður rjett til endurgjalds á hinum veitta sveitarstyrk.

66. gr. hljóðar svo:

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði í sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala eða geðveikrahæli, þá greiðir framfærslusveit hans $^{2}/_{5}$ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 kr. á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfjelagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið er í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Ríkissjóðsstyrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur hjá styrkþega.

67. gr. hljóðar svo:

Nú er manni, sem á framfærslusveit hjer á landi, veittur sveitarstyrkur erlendis, og er þá framfærslusveit hans skylt að endurgjalda þann styrk alt að 400 kr. um árið, þó ekki yfir $^{2}/_{5}$ hluta styrksins. Það, sem fram yfir er, greiðist úr ríkissjóði. Sömuleiðis greiðist úr ríkissjóði allur kostnaður við flutning þess þurfamanns og skylduliðs hans frá útlöndum alla leið til framfærsluhreppsins, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst ekki á annan hátt endurgoldinn.

Ríkissjóðsstyrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur.

Nd. **574. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ákveða einkasölu á tilbúnum áburði o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Eftir nána athugun á frumvarpi þessu hefir nefndin orðið sammála um að afgreiða málið með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að Alþingi hefir samþykt að skipa milliþinganefnd til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins, og nefndinni er ætlað að gera tillögur um alt það, er henni líst, að stefni til aukinnar ræktunar landsins, telur deildin ekki þörf að ræða þetta mál frekar, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. maí 1927.

Pjetur Þórðarson, form., frsm. Jörundur Brynjólfsson. Árni Jónsson, fundaskrifari.

Hákon J. Kristófersson. Halldór Stefánsson.

Ed. **575. Þingsályktun**

um að skora á ríkisstjórnina að nota heimild í lögum nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins, að því er snertir byggingu landsspítalans.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota heimild í lögum nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins, á þann hátt, að taka nægilega stórt lán til áframhaldsbygginga landsspítalans, ef þörf gerist til þess að byggingunni verði lokið svo fljótt, að spítalinn verði tekinn til afnota árið 1930.

Ed. **576. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

14. grein skal orða svo:

Berklaveikur sjúklingur getur fengið ókeypis vist eða styrk til vistar í heilsuhælum, sjúkrahúsum eða sumarhælum barna, ef hann eða sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, er svo efnum búinn, að ætla má, að hann mundi líða mikið tjón á efnahag sínum eða jafnvel verða öreigi, ætti hann að standa straum af kostnaði þeim, er af slíkri vist leiðir. Til þessa kostnaðar telst einnig lyf og læknishjálp.

Nú getur sjúklingur ekki fengið vist í sjúkrahúsi eða hæli, en er komið fyrir á öðru heimili samkvæmt fyrirmælum 10. eða 13. greinar, og getur hann þá fengið ókeypis vist eða styrk til vistar, sje efnahag hans varið sem að ofan greinir. Sömu reglum skal fylgt um meðgjöf barna, ef þau eru tekin heilbrigð að heiman samkvæmt fyrirmælum 13. greinar.

Stjórnarráðið getur ákveðið, að berklasjúklingar í hressingarhælum fái ókeypis vist eða styrk til vistar þar. Það getur og eftir ástæðum ákveðið, að ljóslækningasjúklingar og aðrir berklasjúklingar, er dvelja utan sjúkrahúss, njóti sömu hlunninda að því er lækningakostnaðinn snertir.

Allur sá kostnaður, er hjer er greindur, greiðist úr ríkissjóði, en sjerhvert sýslufjelag og bæjarfjelag greiði upp í hann gjald til ríkissjóðs, er nemi 2 krónum fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu. Fari gjald þetta fram úr $^2/_5$ kostnaðar við berklavarnir, vegna sjúklinga þeirra, er dvöl áttu í hjeraðinu, skal endurgreiða úr ríkissjóði það, sem umfram verður. Ennfremur greiði sjúkrasamlag fyrir meðlimi sína áskilið gjald, sbr. 2. gr. Eindagi gjaldsins er 15. ágúst ár hvert.

Stjórnarráðið getur ákveðið hámark daggjalds sjúklinga þeirra, er að framan greinir, ef ástæða þykir til. Það getur og sett reglur um sundurliðun þeirra reikninga, er ríkissjóður greiðir.

Það er skilyrði fyrir því, að berklaveikir sjúklingar geti orðið aðnjótandi styrks úr ríkissjóði, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn dvalarsveitar sjúklingsins sendi stjórnarráðinu skýrslu um efnahag hans. Skal hjeraðslæknir staðfesta skýrslu þessa eftir bestu vitund og jafnframt votta, að vist utan heimilis sje nauðsynleg. Nú á sjúklingur ekki lögheimili hjer á landi, og skal þá efnahagsskýrsla hans gefin út af hreppsnefnd eða bæjarstjórn þeirrar sveitar, sem hann dvelur í, þegar hann verður styrksþurfi.

Úrskurðar stjórnarráðið síðan eftir þessum gögnum, hvort sjúklingurinn sje styrkhæfur og að hve miklu leyti.

Stjórnarráðið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um læknisvottorð um efnahagsskýrslur berklasjúklinga, svo og um skýrslur, vottorð og

reikninga frá sjúkrahúsum, heilsuhælum og öðrum lækningastöðum, og um annað það, er þurfa þykir til úrskurðunar í upphafi um styrkhæfi berklasjúklinga eða til úrskurðunar um framhaldsstyrk handa þeim.

2. gr.

15. grein orðist svo:

Nú er sjúklingur fjelagi í sjúkrasamlagi, er nýtur styrks úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, og skal þá samlagið greiða upp í meðlagskostnaðinn $^2/_3$ hluta hans, þó ekki yfir 2 kr. á dag meðan meðlagstiminn varir, og ekki lengur en sjúklingur hefir rjett til styrks samkvæmt lögum fjelagsins, enda láti samlagið berklaveika sjúklinga njóta sömu rjettinda og aðra sjúklinga.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þess, ef um kostnað af ráðstöfun samkvæmt 10. eða 13. gr. er að ræða.

3. gr.

Lög nr. 44, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. jan. 1928 að því er snertir greiðslu sýslufjelaga og bæjarfjelaga upp í berklavarnakostnað.

Ed. **577. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sorphreinsun og salernahreinsun á Akureyri.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin vill leggja til, að frv. þetta verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Orðin »og íbúa húsanna« í 2. málsgr. 1. gr. falli niður.
Fyrir breytingartillögunni verður grein gerð í framsögu.

Alþingi, 12. maí 1927.

Jóh. Jóhannesson,	Guðm. Ólafsson,	Jóhann Þ. Jósefsson,
formaður.	fundaskrifari.	framsm.

Ed. **578. Breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Flutningsm.: Ingibjörg H. Bjarnason.

1. Við 4. gr. Greinin falli niður.
2. Við 5. gr. Eftir orðin »þingmanns kosins hlutbundinni kosningu« komi: um land alt.
3. Við 6. gr. Greinin falli niður.
4. Við 7. gr. Greinin falli niður.
5. Við 10. gr. a. Eftir orðin »Umboð landskjörinna þingmanna og varamanna« komi: er kosnir voru 1922.
   b. Eftir orðin »öðlast gildi« komi: sbr. þó 27. gr. stjórnarskrárinnar, 2. lið.
6. Við bætist ný grein, er verði 8. gr.: Stjórnarskipunarlög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **579. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1925.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og borið það saman við landsreikning 1925 og fjárlög það ár. Leggur nefndin til, að frv. sje samþykt óbreytt.

Alþingi, 12. maí 1927.

Björn Kristjánsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og frsm.

Jónas Kristjánsson. Jón Baldvinsson. Jónas Jónsson.

Ed. **580. Nefndarálit**

um frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1925.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það sje samþykt óbreytt.

Alþingi, 12. maí 1927.

Björn Kristjánsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og frsm. Jónas Kristjánsson.

Jón Baldvinsson. Jónas Jónsson.

Nd. **581. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til fátækralaga.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Frv. þetta hefir verið til meðferðar í háttv. efri deild og verið breytt þar nokkuð, en ekki stórvægilega. Meiri hluti allsherjarnefndar getur fallist á breytingar Ed. og leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt eins og það liggur fyrir nú.

Alþingi, 13. maí 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jón Guðnason, fundaskr.	Jón Kjartansson, frsm.

Árni Jónsson.

Sþ. **582. Þingsályktun**

um milliríkjasamninga.

(Afgreidd frá Sþ. 13. maí).

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka upp samninga við stjórnir hinna norðurlandaríkjanna fjögra um úrslit deilumála, er upp kunna að koma milli Íslands og einhvers þeirra.

Samningarnir sjeu gerðir á þeim grundvelli, að hinn fasti dómstóll í Haag dæmi um þau ágreiningsmál án undantekningar, er ríkisstjórnirnar fá eigi jafnað sín á milli, og sjeu uppsagnarákvæði samskonar og í tilsvarandi samningum, er hin fjögur ríkin hafa þegar gert sín á milli. Samningarnir sjeu gerðir að áskilinni fullgildingu og lagðir fyrir Alþingi áður en fullgilding fer fram.

Nd **583. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn á hafnarbótum og vörnum gegn snjóflóðum.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka þegar á komandi vori:

1. Á hvern hátt bæta megi höfnina í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu og Vopnafirði í Norður-Múlasýslu, svo trygg verði vjelbátum, svo og nauðsynlegar lendingarbætur þar.
2. Á hvern hátt heppilegast og tryggast sje að setja varnir gegn skemdum af snjóflóðum í Hnífsdal.

Ed. **584. Frumvarp**

til laga um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Enginn má reka tilbúning á vörutegund, sem toll ber af að greiða samkvæmt tolllögum, ef hún er flutt til landsins frá útlöndum, nema hann hafi fengið leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem framleiðslan fer fram. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr. til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs.

2. gr.

Fyrir tollvörutegundir, sem tilbúnar eru hjer á landi, skal greiða gjald í ríkissjóð, er miða skal við aðflutningsgjaldið á hverri tollvörutegund eftir tolllögum þeim, er gilda hverju sinni, þannig:

a. Fyrir tóbaksvindla og vindlinga: hálft aðflutningsgjald.
   Með vindlingum skal greiða gjald af umbúðum þeim, pappír, öskjum eða dósum, sem þeir eru seldir í.
b. Fyrir brjóstsykur og konfekt: þriðjung aðflutningsgjalds.
c. Fyrir kaffibæti og óáfeng vín: hálft aðflutningsgjald.
d. Fyrir ávaxtasafa, öl, límonaði og aðra samskonar drykki, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, $^1/_5$ aðflutningsgjalds. Af sódavatni greiðist ekkert gjald.

3. gr.

Efnivörur til framleiðslu innlendrar tollvörugerðar skulu undanþegnar verðtolli. Þau iðnaðarfyrirtæki, sem reka vörugerð, er fellur undir c- og d-lið 2. gr. og stofnsett eru fyrir 1. janúar 1927, skulu til ársloka 1935 njóta ívilnunar fyrir þann hluta af árlegri framleiðslu sinni, er samsvarar allri framleiðslu ársins 1926, þannig, að gjaldið fyrir þetta framleiðslumagn færist niður í $^1/_6$ aðflutningsgjalds.

Lögreglustjóri ákveður það vörumagn, er njóta skal þessarar ívilnunar, að fengnum upplýsingum frá hlutaðeiganda, er hann telur fullnægjandi.

4. gr.

Vörugerðarmaður skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en varan er látin burt frá honum, seld eða send til umboðssölu. Nær þetta ákvæði til allrar þeirrar vöru, sem er látin burt, seld eða send til umboðssölu eftir að lög þessi öðlast gildi.

5. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar verða eftir lögum þessum, er vörugerðarmaður lætur þær af hendi, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og fyrir sekt-

um. Sjeu rjett skil ekki gerð, getur lögreglustjóri selt þær birgðir af tilbúinni gjaldskyldri vöru, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til gjaldskyldrar vöru eða efnis í hana, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

6. gr.

Ráðherra setur reglugerð um vörugerðina, um afhendingu og sölu varanna, um bókhald vörugerðar og eftirlit með því og um annað það, er þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtuna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, þar á meðal dagsektir.

Í reglugerðinni má heimila lögreglustjóra að veita vörugerðarmanni gjaldfrest, gegn tryggingu, er lögreglustjóri telur gilda, þó aldrei lengur en svo, að alt áfallið gjald sje að fullu greitt í lok hvers ársfjórðungs.

Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samviskuvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

7. gr.

Brot gegn fyrirmælum laga þessara, eða gegn reglugerð, er sett verður samkvæmt 5. gr. þeirra, varða sektum, alt að 500 krónum. Nú verður vörugerðarmaður uppvís að því að hafa sagt rangt til um vörugerð sína eða birgðir, eða selt af birgðum í heimildarleysi án þess að gjaldið sje greitt, og varðar það þann, sem brotið hefir, sektum frá 100 til 1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefir reynt að draga undan.

8. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða gegn reglugerð, sem sett er samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir allar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt þeim reglum, er gilda um opinber reikningsskil.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31, 28. nóv. 1919. Leyfisbrjef til vörugerðar, er gefin hafa verið út samkvæmt þeim lögum, halda gildi sínu.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Nd. **585. Þingsályktun**

um uppmæling siglingaleiða og rannsókn hafnarbóta.

(Afgreidd frá Nd. 13. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að láta framkvæma, svo fljótt sem því verður viðkomið:

1. Uppmæling á hinni svo nefndu »Grunnleið« á Húnaflóa inn á Miðfjörð.
2. Uppmæling á innsiglingu á Hindisvík á Vatnsnesi.
3. Uppmæling á leiðinni frá Horni austur að Norðurfirði.
4. Uppmæling á innsiglingu á Bjarnarfjörð hinn syðra og hafnarstað við Kaldrananes og innsiglingu á Kollafjörð í Strandasýslu.
5. Rannsókn á lendingar- eða hafnarbótum á Hvammstanga við Miðfjörð og gera áætlun um.
6. Rannsókn á lendingarbótum við Salthólma á Gilsfirði og gera áætlun um.

Nd. **586. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um kaup á húseigninni nr. 16 við Hafnarstræti.

Frá fjárhagsnefnd.

Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið, er orðið mjög þröngt um landssímann í því húsi, sem hann hefir nú til afnota, og er fyrirsjáanlegt, að ekki verður komist af með þetta húsrúm til lengdar. Nefndinni er einnig kunnugt um, að þröngt er orðið í pósthúsinu líka og að ekki getur þess verið langt að bíða, að þar þurfi að auka miklu við. Eins og kunnugt er, liggja þessi tvö hús saman, og er því auðgert að sameina þau til afnota, annaðhvort fyrir póstinn eða landssímann, en þá yrði jafnframt að sjá þeim þeirra, er rýma þyrfti, fyrir nýju húsrúmi. Nefndin telur þetta munu verða hagkvæmustu úrlausn málsins í framtíðinni. Aftur á móti lítur hún svo á, að sú lóð, er fylgir því húsi, sem hjer er ráðgert að kaupa, sje of lítil til þess að nægt geti í framtíðinni bæði landssímastöðinni og pósthúsinu, til viðbótar við þau hús og lóðir, sem fyrir eru. Auk þess telur nefndin verðið fremur hátt, þar eð húsið er orðið gamalt og verður, að sögn landssímastjóra, naumast notað í þarfir landssímans nema miklu sje breytt. En þetta mundi kosta allmikið fje, og þó aðeins verða bráðabirgðabót á gamalt fat. Hinsvegar telur nefndin ekki svo bráða þörf á auknu húsrými, að ekki megi fresta þessu um sinn, til þess að stjórninni gefist tími til að athuga þetta mál betur og ráða fram úr því á þann hátt, er telja megi fullnægjandi til frambúðar.

Nefndin leggur því til, að þessi þingsályktunartillaga verði afgreidd með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að stjórnin rannsaki til næsta þings, hvernig hagkvæmast verði til frambúðar ráðin bót á húsnæðisskorti landssímans og póststofunnar í Reykjavík og leggi fyrir næsta þing tillögur um þetta mál, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. maí 1927.

Kl. Jónsson,	Björn Líndal,	Jón A. Jónsson,
form.	frsm.	fundaskr.

Jakob Möller. Halldór Stefánsson. Magnús Jónsson. Ásgeir Ásgeirsson.

Ed. **587. Breytingartillaga**

við frv. til laga um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá Jóhanni Jósefssyni, Magnúsi Kristjánssyni og Birni Kristjánssyni.

Við 3. gr. Á eftir »1/6 aðflutningsgjalds« komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Samskonar ívilnanir má veita samkynja iðnaðarfyrirtækjum, er taka til starfa á tímabilinu frá 1. janúar til 1. júlí 1927, fyrir vörumagn, er samsvarar fyrstu ársframleiðslu þeirra, þó eigi fyrir meira vörumagn en ársframleiðslu eldri samkynja fyrirtækja árið 1926.

Ed. **588. Álit**

um frv. til laga um skyldu útgerðarmanns til að tryggja fatnað og muni lögskráðs skipverja.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um frv.; vill meiri hluti nefndarinnar gera á því víðtækar efnisbreytingar, sem minni hlutinn getur ekki fallist á. Er það tillaga minni hlutans, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 13. maí 1927.

Jón Baldvinsson.

Ed. **589. Viðaukatillaga**

við brtt. á þskj. 567 [Hvalveiðar]

Frá Jóni Baldvinssyni.

Aftan við 3. brtt. c. 1. bætist:
og kunna þau störf, er vinna þarf.

Nd. **590. Breytingartillaga**

við brtt. 1 á þskj. 561 (Landsbanki Íslands).

Frá fjármálaráðherra.

Tillagan orðist svo:
Við 7. gr. Síðasti málsliður falli burt.

Nd. **591. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá Hjeðni Valdimarssyni.

1. Við 14. gr.
   a. Nýr liður á eftir 2. tölul.:
      Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga.
   b. Nýr liður á eftir 7. tölul.:
      Að annast að öðru leyti öll nauðsynleg bankastörf, sem ekki binda fje bankans sem seðlabanka um of.

2. Við 21. gr.
   Í staðinn fyrir orðin í 4. málslið: »sem ráðherra skipar eftir tillögum bankaráðsins« komi:
   sem neðri deild Alþingis kýs með hlutfallskosningu til 3 ára í senn.

3. Við 34. gr.
   1. málsgrein orðist svo:
   Neðri deild Alþingis kýs 5 bankaráðsmenn, ásamt jafnmörgum varamönnum, til 3 ára í senn, og kýs bankaráðið sjálft formann sinn til sama tíma. Bankaráðsmenn og varamenn má endurkjósa.

4. Við 55. gr.
Í staðinn fyrir 2 fyrstu málsliðina komi:
Kosning í bankaráð fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1928.

5. Við 66. gr.
Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1928.

Ed. **592. Nefndarálit**

um frv. til laga um skyldu útgerðarmanns til að tryggja fatnað og muni lögskráðs skipverja.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um tillögur í þessu máli. Meiri hlutinn getur fallist á, að heppilegt sje, að fatnaður og munir skipverja sjeu trygðir fyrir tapi og skemdum, en álítur hinsvegar, að kostnað þann, er leiðir af því að halda þessum munum trygðum, eigi skipverjar sjálfir að greiða, þar eð hið trygða er þeirra eign og skaðabætur eiga, ef til kemur, að renna til þeirra sjálfra.

Iðgjöldin fyrir hverja einstaka slíka tryggingu eru ekki há, og vel tilvinnandi fyrir skipverja að tryggja sig fyrir því tapi, sem þeir geta orðið fyrir af þeim ástæðum, sem í frv. greinir. Á hinn bóginn álítur meiri hl. ekki ástæðu vera til þess, nje sanngirni mæla með því, að láta útgerðarmenn greiða iðgjaldið, eins og frv. ætlast til. Með lögum nr. 44, 27. júní 1925, um slysatryggingar, var allþungur skattur lagður á útgerðarmenn, og finst meiri hl. ekki rjett, að enn sje haldið áfram með að íþyngja þessum mönnum með nýrri skyldutryggingu, sem þeim sje ætlað að bera kostnaðinn af.

Ekki síst er þetta athugavert, þegar þess er gætt, hver áhrif verðfall afurðanna hefir á afkomu sjávarútvegsins nú sem stendur, þar eð áreiðanlegt er, að lækkun tilkostnaðarins við framleiðslu þessa atvinnuvegar er engan veginn samsvarandi verðlækkun afurðanna.

Þá virðist meiri hl., að sú upphæð, er í frv. er nefnd sem lágmark fyrir tryggingu á fatnaði og munum skipverja á 20 tonna bátum og þar fyrir neðan, muni í flestum tilfellum vera of há. Sjaldnast munu skipverjar á slíkum bátum hafa meira meðferðis en þau föt, er þeir standa í, og ætti því að mega lækka þetta um helming, eða niður í 200 kr., þar sem um lágmarksupphæð er að ræða. Hafi skipverji af einhverjum ástæðum fatnað eða muni með sjer, sem eru meira virði en lágmarkstryggingarupphæðinni nemur, gæti hann laganna vegna, annaðhvort með samkomulagi við útgerðarmann eða á annan hátt, sjeð um, að tryggingarupphæðin væri hækkuð. Meiri hl. vill ekki, að trygging sje keypt á verðmæti, sem ekki er fyrir hendi, en að því virðist umrætt ákvæði frv. stefna, ef það er samþykt óbreytt.

Með því, eins og segir hjer að framan, að nefndin telur til bóta, að fatnaður og munir skipverja sjeu tryggðir, en hinsvegar varlegt að treysta því, að skipverjar yfirleitt sjái sjálfir um trygginguna, vill meiri hlutinn fallast á það, að útgerðarmanni sje skylt að sjá um, að tryggingin sje í lagi, en álítur, að iðgjaldið eigi að endurgreiðast útgerðarmanni með því að það sje dregið af kaupi eða hlut skipverja. Þá álítur meiri hl. ennfremur, að ríkissjóður eigi að vera laus við útgjöld í þessu skyni.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hl. til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Í stað »400 kr.« í niðurlagi 2. málsgr. 1. gr. komi: 200 kr.
2. 2. gr. orðist þannig:

Iðgjald fyrir tryggingu greiðir útgerðarmaður, og skal hann draga það af kaupi eða hlut skipverja.

Alþingi, 13. maí 1927.

Björn Kristjánsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm.

Ed. **593. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

Frá allsherjarnefnd.

Á eftir orðunum »leyfi til« í 1. gr. bætist inn: 5 ára í senn til.

Ed. **594. Nefndarálit**

um frv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir haldið nokkra fundi um mál þetta og athugað það frá ýmsum hliðum.

Er nefndin öll sammála um að leggja áherslu á að verjast því, að veiki þessi berist til landsins, og vill láta það koma skýrt fram, að hún telur á engan

hátt ástæðu til að slaka á þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið í því efni. Hins vegar hefir nefndin ekki getað orðið sammála um að leggja til, að frv. það, er nú liggur fyrir, verði samþykt. Hefir það orðið að samkomulagi í nefndinni að leggja til, að málinu verði vísað til stjórnarinnar með þeim forsendum, að ef stjórnin ekki telur nægilega heimild til tryggilegra ráðstafana felast í lögum nr. 22, 15. júní 1927, um innflutningsbann á dýrum o. fl., þá geti hún út bráðabirgðalög um slíkar ráðstafanir.

Alþingi, 14. maí 1926.

Einar Jónsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskrifari og framsm.
Jónas Kristjánsson.

Ed **595. Breytingartillaga**

við br.t. á þskj. 593 (Veðmálastarfsemi).

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

Í stað »5« komi: 2.

Nd. **596. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita »Hestamannafjelaginu Fáki« í Reykjavík leyfi til 5 ára í senn til þess að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð. Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði fjelagsins af starfsemi þessari skuli varið til reiðvegar Reykvíkinga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **597. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá forsætisráðherra.

Við 10. gr. Í stað orðanna »eftir að þessar breytingar á stjórnarskránni öðlast gildi« komi: eftir 9. júlí 1930.

Nd. **598. Frumvarp**

til laga um Landsbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. kafli.

Skipulag bankans.

1. gr.

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sjerstakri stjórn, svo sem nánar er ákveðið í V. kafla laga þessara. Á Norðurlandamálum er heiti bankans *Islands Nationalbank*, á ensku *The National Bank of Iceland* og á öðrum tungumálum samsvarandi heiti.

Bankinn starfar í þrem deildum með aðgreindum fjárhag, og nefnast þær seðlabanki, sparisjóðsdeild og veðdeild. Skal halda algerlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánum, innlánum, bókfærslu og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans umfram stofnfje það, sem hann leggur seðlabankanum samkvæmt 5. gr., nema sjerstaklega sje ákveðið með lögum.

Nú verður ákveðið með lögum að greina veðdeild eða sparisjóðsdeild eða þær báðar alveg frá bankanum, og gilda ákvæðin í V., VI. og VII. kafla þá eigi lengur fyrir þá deild eða þær deildir, sem þannig verða greindar frá bankanum.

2. gr.

Landsbanki Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess hefir bankinn útibú þar, sem bankaráðið ákveður með samþykki framkvæmdarstjórnar og að fengnu samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál.

II. kafli.

Seðlabankinn.

3. gr.

Seðlabankinn hefir á hendi útgáfu seðla innan þeirra takmarka, er þarf til að fullnægja gjaldmiðilsþörf í innanlandsviðskiftum.

4. gr.

Tilgangur seðlabankans er:

1. Að stuðla að tryggri skipun á peningamálum landsins, með það fyrir augum, að gull og gullgildir seðlar geti sem fyrst orðið og haldi síðan áfram að vera hinn almenni gjaldeyrir í landinu. Í því skyni ber stjórn bankans einkanlega að gæta þess, að fje bankans sje tryggilega fyrir komið til ávöxtunar, og sje jafnan handbært að eins miklu leyti og krefjast verður af seðlabanka. Svo ber og stjórn bankans að afstýra, eftir því sem unt er, með kaupum og sölum á erlendum gjaldeyri og verðbrjefum, sem skráð eru á erlendum kauphöllum, með viðskiftum við aðrar peningastofnanir í landinu og með tilhögun útlánsstarfseminnar, truflun þeirri á peningamálum og atvinnulífi, sem annars má vænta, að almennar hagsveiflur hafi í för með sjer.
2. Að reka bankastarfsemi eftir því, sem nánar er til tekið í lögum þessum.

5. gr.

Stofnfje seðlabankans er 5 milj. kr., sem ríkissjóður leggur honum til, þar af 2 milj. kr. innskotsfje það, er ákveðið var með lögum nr. 50, 10. nóv. 1913, að ríkissjóður legði Landsbankanum. Auk þess skal seðlabankinn safna varasjóði samkvæmt 24. gr.

6. gr.

Seðlabankinn hefir einkarjett til að gefa út bankaseðla eða annan gjaldmiðil, sem komið geti í stað mótaðra peninga og getur gengið manna í milli í stað bankaseðla, með þeirri einni takmörkun, er leiðir af lögum nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Ráðherra sá, er með bankamál fer, ákveður, eftir tillögu bankaráðsins, lögun og útlit seðla þeirra, er bankinn gefur út, og gefur út auglýsingu um það efni, eftir því sem þörf er á. Enginn seðill, er bankinn gefur út, má hljóða um minni upphæð en fimm krónur.

Seðlar þeir, er bankinn gefur út, skulu vera gjaldgengir í ríkissjóð og aðra almenna sjóði hjer á landi og vera löglegur gjaldeyrir manna á milli með fullu ákvæðisverði.

Hver, sem býr til eftirmynd seðla þeirra, er bankinn gefur út, eða falsar þá, skal sæta þeirri refsingu, sem 266. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 ákveður. Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búið er að eftirmynda eða falsa seðilinn, þó að ekki sje búið að láta hann út.

7. gr.

Seðlabankanum er skylt, ef þess er krafist, að greiða seðla þá, er hann hefir gefið út, handhafa þeirra með ákvæðisverði í löglegri og gjaldgengri gullmynt, enda samsvari upphæð seðlanna heilli tölu gullmynta, en í skiftimynt, ef upphæðin er minni. Bankanum er skylt að kaupa af hverjum, er þess æskir, skírt ómyntað gull á 2480 krónur hvert kílógram, að frádregnum $^1/_2$ % í myntgerðarkostnað.

8. gr.

Seðlabankinn gefur út seðla, eftir því sem gjaldmiðilsþörfin krefur, með takmörkunum þeim, sem greinir hjer á eftir, gegn því að bankinn

1. eigi gullforða, er nemi $^8/_8$ af því seðlamagni, sem úti er í hvert skifti. Gullforðinn má þó aldrei fara niður úr 2 miljónum króna.
2. hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlamagnsins, sem ekki er trygður með gullforðanum, þannig að 125 krónur komi á móti hverjum 100 krónum í seðlum.

9. gr.

Til gullforða telst:

a. Lögleg gjaldgeng gullmynt.
b. Ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi minst 2480 kr. fyrir hvert kílógramm af skíru gulli.
c. Innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er, í erlendum bönkum, sem bankaráðið telur fulltrygga og ráðherra samþykkir, að frádregnum samskonar skuldum bankans, þó eigi yfir $^1/_4$ alls gullforðans.

Gullforði bankans samkvæmt a- og b-lið skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum. Þó má til þess hluta gullforðans telja gull það, sem sannað er um, að sje á leið hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 300000 krónur í einu.

10. gr.

Til eignar þeirrar, sem tryggja skal seðlamagn það, er gullforðinn nægir ekki til, teljast:

a. Auðseld opinber verðbrjef eftir gangverði.
b. Önnur verðbrjef, ekki hlutabrjef, sem skráð eru á kauphöllum.
c. Víxlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innanlands eða erlendis.
d. Innieign í erlendum bönkum, sem fellur til útborgunar innan sex mánaða lengst, að frádregnum samskonar skuldum bankans við erlenda banka.
e. Skuldabrjef, gefin út fyrir lánum gegn handveði í samskonar verðbrjefum og þeim, sem greinir í a.- og b.-lið þessarar greinar.

11. gr.

Seðlabankanum skal skylt á hverjum tveggja vikna fresti að gefa ráðherra þeim, er fer með bankamál, skýrslu um seðla í umferð og gullforðann og eign þá, sem samkvæmt 10. gr. er til tryggingar seðlunum. Skulu skýrslur þessar birtar almenningi jafnóðum.

Beri skýrsla með sjer, að meiri seðlar sjeu í umferð en lögmæt trygging

er fyrir, er bankastjórnin skyld að ráða bót á þessu í síðasta lagi innan fjögra vikna frá því skýrslan er gefin.

12. gr.

Bankaráð og framkvæmdarstjórar bera ábyrgð á því, að þeir seðlar, sem í umferð eru, fari aldrei fram úr nauðsynlegum þörfum viðskiftalífsins. Ráðherra sá, er fer með bankamál, getur lagt bann við aukinni útgáfu seðla, ef teljast verður, að hans dómi, umfram nauðsynlegar þarfir viðskiftalífsins.

13. gr.

Seðlabankinn tekur við peningum:

1. Á dálk eða í hlaupareikning, án vaxta eða með vöxtum, eftir ákvörðun bankaráðs og framkvæmdarstjórnar, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð bankans.
2. Til geymslu.

14. gr.

Seðlabankanum er heimilt:

1. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands.
2. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis.

   Víxlar þeir, sem greinir í 1. og 2. tölulið, mega ekki vera með lengra gjaldfresti en 6 mánuðum, og má eigi endurnýja þá meira en 6 mánuði samtals.
3. Að kaupa víxla, sem greiðast eiga innanlands, með alt að 12 mánaða gjaldfresti, gegn tryggu handveði eða fasteignarveði.
4. Að kaupa og selja dýra málma.
5. Að veita reikningslán gegn handveði eða fasteignarveði, og sjeu þau lán uppsegjanleg með 3 mánaða fyrirvara.
6. Að kaupa og selja skuldabrjef ríkja, bæjar- og sveitarfjelaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbrjef. Hlutabrjef má seðlabankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annara.
7. Að lána út á verslunarvörur, sem eigi er hætta á að skemmist á stuttum tíma, og má ekki lána út á þær meira en $^2/_3$ gangverðs og eigi lengur en í 3 mánuði.

15. gr.

Seðlabankinn má taka lán gegn tryggingu í sjálfs síns eignum. Til þess að setja tryggingu þarf samþykki bankaráðs og ráðherra.

16. gr.

Seðlabankinn tekur til geymslu gegn gjaldi dýra málma, verðmæta hluti og verðbrjef. Hann getur tekið að sjer að annast innheimtu á vöxtum og afborgunum af verðbrjefum, á arðmiðum og á útdregnum skuldabrjefum. Einnig getur hann tekið verðmæti til geymslu í lokuðum hólfum eða innsiglað.

17. gr.

Seðlabankinn má annast allskonar innheimtur á fjárhæðum fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, bæði hjerlendis og erlendis.

18. gr.

Seðlabankinn hefir á hendi án endurgjalds öll framkvæmdarstörf viðvíkjandi skiftimynt þeirri, er ríkisstjórnin gefur út, þar á meðal að halda saman mynt, sem ónothæf er orðin. Bankinn er skyldur til að taka við hvaða upphæð sem er í löglegri íslenskri skiftimynt. Nú hefir bankinn í sjóði meiri íslenska skiftimynt en framkvæmdarstjórn bankans þykir þörf á vegna viðskifta bankans, og er bankanum þá rjett að afhenda ríkisstjórninni það, sem umfram er, gegn greiðslu í öðrum löglegum gjaldeyri.

19. gr.

Framkvæmdarstjórn seðlabankans og bankaráðinu er skylt að gæta þess, að bankinn hafi jafnan, auk þeirra vissu og auðseldu eigna, sem ræðir um í 8. gr. 2. tölulið og 10. gr., hæfilega mikið af samskonar eignum í hlutfalli við þær skuldbindingar bankans, sem gengið verður eftir án fyrirvara. Enn fremur ber bankastjórninni, eftir því sem aukning á slíkum skuldbindingum seðlabankans gefur tilefni til, að leitast við að auka gullforða bankans eða innieignir hans erlendis.

20. gr.

Seðlabankinn má eigi veita ríkissjóði önnur lán en bráðabirgðalán til alt að þriggja mánaða í einu og ekki hærri upphæð en svo, að nemi 1/4 af stofnfje bankans. Allar slíkar skuldir ríkissjóðs skulu goldnar að fullu fyrir lok hvers reikningsárs.

Þetta ákvæði skal þó ekki vera því til fyrirstöðu, að bankinn veiti fyrirtækjum, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs, lán eftir sömu reglum og einstökum mönnum eða fyrirtækjum einstakra manna.

21. gr.

Starfsár seðlabankans er almanaksárið. Ársreikning seðlabankans skal birta í Stjórnartíðindunum, og skal hann saminn svo snemma, að hann verði birtur í síðasta lagi 3 mánuðum eftir árslok. Auk þess skal við hver mánaðamót birta stutt yfirlit yfir hag bankans. Reikningurinn skal endurskoðaður af 2 bókhaldsfróðum endurskoðendum, sem ráðherra skipar eftir tillögum bankaráðsins til 3 ára í senn. Þeir skulu rannsaka reikninginn og bera saman við bækur bankans og heimafje. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje bankans og eignir sjeu fyrir hendi. Að öðru leyti ber þeim að hafa eftirlit með reikningsfærslu og bókhaldi bankans og gera tillögur til bankaráðsins um umbætur í því efni, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Þóknun handa endurskoðendum skal ákveðin í reglugerð seðlabankans.

22. gr.

Reikninginn skal gera upp svo sem fyrir er mælt í reglugerð seðlabankans. Á reikningnum skal telja skuldir bankans í erlendri mynt og innieignir bankans erlendis, svo og hverskonar verðbrjef, með því gangverði, sem skráð er

31. desember. Ef bankinn hefir keypt greind verðbrjef lægra verði en því, sem skráð er 31. desember, má telja þau á reikningnum með kaupverðinu.

Ráðherra úrskurðar ársreikninga bankans.

23. gr.

Af tekjum á árinu greiðist:

1. Allur kostnaður og rekstrarútgjöld; þó má skifta kostnaði við seðlagerð og bankabyggingar niður á alt að 10 ár.
2. Tap, sem lokið er uppgerð á, og tap, sem telja verður orðið, enda þótt ekki sje lokið uppgerð á því.
3. Enn fremur má leggja til hliðar hæfilega fjárhæð fyrir tapi, sem búast má við.

24. gr.

Af tekjuafgangi hvers árs fær ríkissjóður greiddar 6% af stofnfjenu, þó aldrei meira en helming tekjuafgangsins. Hinn hluti tekjuafgangsins rennur í varasjóð. Þegar varasjóður er orðinn 4 miljónir króna, skiftist arður seðlabankans að helmingi milli varasjóðs og ríkissjóðs. Ef seðlabankinn verður fyrir tapi eftir að varasjóður er orðinn 4 miljónir króna, sem setur varasjóð niður úr þeirri fjárhæð, skiftist tekjuafgangurinn eftir sömu reglu og áður en varasjóður náði 4 miljónum króna uns hann hefir aftur náð þeirri fjárhæð.

25. gr.

Ef árstekjur bankans hrökkva ekki til að bera tap það, sem um ræðir í 23. gr. 2. og 3. tölulið, ber varasjóður það, sem á vantar.

26. gr.

Seðlabankinn skal eiga fjárhæð, er nemi 1/3 af varasjóði bankans, í:

1. auðseldum erlendum ríkisskuldabrjefum,
2. kröfum á erlenda banka, er verða greiddar innan 6 mánaða, að frádregnum samskonar skuldum bankans.

Komi það fyrir, að bankinn verði að skerða þessa eign, skal hún jafnskjótt og unt er aukin aftur, svo að fullnægi ákvæðum þessarar greinar.

III. kafli.

Sparisjóðsdeild bankans.

27. gr.

Sparisjóðsdeild tekur við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum.

28. gr.

Sparisjóðsdeild bankans er heimilt:

1. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands.

2. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfsskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabrjef ríkja, bæjar- og sveitarfjelaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbrjef. Hlutabrjef má sparisjóðsdeildin ekki kaupa eða selja nema í umboði annara.
6. Að annast að öðru leyti venjuleg sparisjóðsstörf.

29. gr.

Sparisjóðsdeild skal eiga að minsta kosti sem svarar 15% af innlánsfje með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbrjefum, svo sem ríkisskuldabrjefum, veðdeildarbrjefum eða jarðræktarbrjefum og öðrum jafntryggum verðbrjefum. Verðbrjefaeign þessi skal aukin upp í 30% svo fljótt sem bankaráðinu þykir tiltækilegt. Ef vafi þykir leika á, hvaða verðbrjef fullnægi ákvæðum þessarar greinar, sker bankaráðið úr.

30. gr.

Sparisjóðsdeildin skal taka þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn, rekstur og húsnæði bankans eftir ákvörðun bankaráðsins. Allur tekjuafgangur rennur í varasjóð deildarinnar, enda ber hann töp þau, sem deildin kann að verða fyrir og eigi verða greidd af árstekjum hennar. Um endurskoðun og reikningsskil fer eftir ákvæðum 21.—23. gr.

31. gr.

Sparisjóðsdeildin með útibúum sínum lýtur öllum ákvæðum hinnar almennu löggjafar um sparisjóði, nema öðruvísi sje ákveðið í þessum lögum.

IV. kafli.

Veðdeild bankans.

32. gr.

Veðdeild annast útlánsstarfsemi gegn veði í fasteignum á Íslandi, samkvæmt sjerstökum lögum og reglugerðum.

V. kafli.

Stjórn bankans.

33. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum 5 manna bankaráðs og ráðherra þess, er fer með bankamál, samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum þessum.

34. gr.

Formann bankaráðsins skipar ríkisstjórnin til 3 ára í senn, svo og varaformann. Hina 4 bankaráðsmennina kýs sameinað Alþingi hlutbundnum kosningum til 4 ára í senn, svo og 4 varamenn til jafnlangs tíma. 2 bankaráðsmenn og 2 varamenn ganga úr annaðhvert ár, og ræður hlutkesti hvorir 2 bankaráðsmenn og varamenn ganga úr í fyrsta skifti. Bankaráðsmenn og varamenn má endurkjósa.

Ef formaður og varaformaður fellur frá, eða verður óhæfur til starfsins áður en starfstími hans er á enda, skipar ríkisstjórnin nýjan formann eða varaformann. Og ef þingkjörinn bankaráðsmaður og varamaður hans fellur frá, eða verður óhæfur til starfsins milli þinga, setur ríkisstjórnin menn í þeirra stað til næstu þingloka.

Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík, eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sje auðvelt að sækja bankaráðsfundi endurgjaldslaust hvenær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 4000 kr. í ársþóknun, hinir bankaráðsmennirnir 2000 kr. hver. Auk þess fá allir bankaráðsmennirnir dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum sem starfsmenn ríkisins. Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

35. gr.

Engan má kjósa í bankaráð nema hann sje lögráða, hafi óflekkað mannorð og sje fjár síns ráðandi. Ef bankaráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans er á enda, hættir hann þegar störfum í ráðinu.

36. gr.

Bankaráðið ræður aðalbankastjóra og tvo aðra bankastjóra. Eru þeir framkvæmdarstjórn bankans. Skulu þeir ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, jafnt aðalbankastjóra sem hinum bankastjórunum, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega sem ekki er um að ræða afbrot af hálfu bankastjórans, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Ennfremur getur ráðherra sá, sem fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávikna bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Laun aðalbankastjóra skulu ákveðin af bankaráðinu með samningi. Skulu þau vera fastbundin árslaun og mega ekki að neinu leyti vera miðuð við rekstrarhagnað bankans. Hinir bankastjórarnir hafa að árslaunum 12000 krónur hvor.

Bankaráðið getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fje bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launununum handa bankastjóranum, og 25% af launununum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skifti.

37. gr.

Bankaráðsmenn skulu hafa daglegt eftirlit í bankanum, þannig, að formaður bankaráðsins skal framkvæma eftirlitsstarfið daglega, en hinir bankaráðsmennirnir að öllum jafnaði tveir í senn á víxl annanhvern dag ásamt formanninum. Þeir skulu grannskoða allar framkvæmdir bankastjórnarinnar og alt það, sem fer fram í hinum ýmsu starfsgreinum bankans.

Bankaráðið heldur fundarbók, sem í er ritað það helsta, sem fram fer á fundum þess, og allar ályktanir. Til þess að gerð verði gild ályktun verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Það ákveður, hvenær bankastjórarnir skuli mæta á fundum þess. Reglulega fundi skal bankaráðið halda að minsta kosti í 1. og 3. viku hvers mánaðar.

Fundarbók þessi skal svo lögð fyrir fjárhagsnefndir Alþingis í hvert skifti er það kemur saman.

Ennfremur skal bankaráðið skýra Alþingi frá:

1. Ástandi bankans í öllu tilliti, og hvernig bankanum hefir verið stjórnað.
2. Hvort nokkuð hefir verið vanrækt, sem gera hefði átt, eða hvort fyrirkomulaginu þurfi að breyta til bóta í einhverjum efnum.

Bankaráðið velur mann af starfsmönnum bankans til að rannsaka útibú bankans eftir þörfum, eða mann úr sínum hópi.

Á hverjum reglulegum fundi skal framkvæmdarstjórnin leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, um verðbrjefaeign hans, um innlánsfje í honum og um það, hve mikið af því megi taka út fyrirvaralaust, um slíkar kröfur erlendar, um seðlaveltu, gullforða og innieignir erlendis og annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

38. gr.

Bankaráðinu ber, auk þess sem áður segir:

a. Að koma fram fyrir hönd bankans gagnvart dómstólunum, yfirvöldum og gagnvart þriðja manni. Ráðið getur úrskurðað um öll mál bankans, sem ekki er áskilið ráðherra að úrskurða um.
b. Að hafa umsjón og eftirlit með eignum bankans og starfsemi hans, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð bankans.
c. Að ákveða verkaskifting milli aðalbankastjóra og hinna bankastjóranna og setja bankastjórunum erindisbrjef,
d. Að skipa stjórnendur útibúa bankans og víkja þeim frá, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar.
e. Að skipa aðalbókara, aðalfjehirði og fjehirði bankans, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar, svo og að ákveða, hversu hátt veð fjehirðar skuli setja.
f. Að ákveða laun starfsmanna bankans, setja reglugerð um eftirlaunasjóð handa starfsmönnum bankans og úrskurða um eftirlaun þeirra.
g. Að ákveða með samþykki framkvæmdarstjórnar og að fengnu samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál, hvar bankinn skuli hafa útibú.
h. Að ákveða ásamt framkvæmdarstjórninni forvexti og útlánsvexti bankans.

i. Að ákveða ásamt framkvæmdarstjórninni, hve mikið af starfsfje bankans megi vera bundið í hverri atvinnugrein á hverjum tíma og ákveða aðrar almennar reglur um starfrækslu bankans.
j. Að úrskurða um deilur, sem upp kunna að koma milli starfsmanna bankans og bankastjóranna.
k. Að taka ákvarðanir um eftirgjafir á skuldum án gjaldþrotaskifta. Að jafnaði skal Landsbankinn ekki veita neinum skuldunaut eftirgjöf á lánum, nema árangurslaust fjárnám sje á undan gengið, eða samkvæmt opinberum nauðasamningi, þegar við getur átt.
l. Að ákveða, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar, hverjir starfsmenn bankans skuli ásamt bankastjóra geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni, svo og að ákveða, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans skuli geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum hans (39. gr.).
m. Að sjá um endurskoðun á reikningum bankans og ganga eftir því, að endurskoðendur ræki vel starf sitt.
n. Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu, er ráðherra staðfestir.
o. Að gera út um ágreining milli bankastjóranna (samanber 39. gr.).
p. Að gera ályktun um þau mál, sem framkvæmdarstjórnin leggur fyrir bankaráðið.

Bankaráðið ákveður, hve mikið af starfsfje bankans skuli fengið hverju útibúi til umráða, enda komi samþykki framkvæmdarstjórnar til.

39. gr.

Aðalbankastjóri, er hafi víðtæka þekkingu og reynslu í viðskiftamálum, hefir æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans.

Í forföllum hans kemur sá hinna bankastjóranna, sem er eldri í stöðunni, eða sá, sem eldri er að árum, ef báðir eru jafngamlir í stöðunni. Að öðru leyti fer um skiftingu starfa milli bankastjóranna eftir reglugerð bankans og ákvörðun bankaráðs.

Framkvæmdarstjórnin ráðstafar fje bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sje í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

Framkvæmdarstjórarnir halda fundabók, sem í eru ritaðar allar ályktanir, sem gerðar eru á fundum þeirra. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 2 bankastjórar að taka þátt í atkvæðagreiðslu, enda sjeu þeir sammála. Að jafnaði skulu engar meiri háttar ráðstafanir gerðar, ef einn bankastjóri mótmælir, og alls ekki ef aðalbankastjóri er þeim mótfallinn. Nú er ályktun gerð, sem einn bankastjóri er mótfallinn, og á hann þá rjett á að bóka rökstutt ágreiningsatkvæði í fundabókina.

Allir viðstaddir bankastjórar skrifa undir fundarbókina í hvert skifti, er fundur er haldinn.

Framkvæmdarstjórnin heldur og 3 dagbækur, sína fyrir hverja deild bankans, og skal daglega í þær rita allar lánveitingar og lánsynjanir.

Fundarbókin og dagbækurnar skulu daglega lagðar fyrir bankaráðið, undirskrifaðar af öllum viðstöddum bankastjórum.

Nú er bankastjóri fjarverandi, og ber hann fulla meðábyrgð á því, sem framkvæmt hefir verið í fjarveru hans, nema hann skrifi ágreiningsatkvæði um það, sem hann er ósamþykkur, í fundarbókina eða dagbækurnar.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbrief eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt (sbr. 38. gr.) að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar, og eigi aðrir, svo gilt sje.

40. gr.

Framkvæmdarstjórnin ræður alla þá starfsmenn bankans, sem bankaráðinu er eigi falið sjerstaklega að ráða, samkvæmt 38. gr., og segir þeim upp. Starfsmenn bankans skulu að jafnaði ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

41. gr.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkvæmt 38. gr. l.

42. gr.

Ekki mega bankastjórar hafa embættisstörf á hendi, ekki reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega bankastjórar nje starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, nema veðdeild, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

Bankaráðsmenn mega ekki hafa milligöngu um lántökur annara í bankanum.

43. gr.

Bankaráð, framkvæmdarstjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um alt það, er snertir hagi viðskiftamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

44. gr.

Stofna skal eftirlaunasjóð handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra og ómegð, og skal bankinn leggja fram til stofnunar hans 25000 krónur í eitt skifti fyrir öll. Allir, sem verða fastráðnir starfsmenn í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu skyldir til að greiða í sjóðinn 3% af árs-

launum sínum, og leggur bankinn sjóðnum til jafnháa fjárhæð árlega. Þeir, sem eru fastráðnir starfsmenn bankans, er lögin ganga í gildi, öðlast rjett til styrks úr sjóðnum samkvæmt reglugerð hans, ef þeir greiða gjald þetta frá þeim tíma. Heimilt er bankaráðinu að greiða þeim til viðbótar af fje bankans, svo að þeir njóti eigi minni styrks í heild en tilsvarandi starfsmenn, sem verða fastráðnir í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi.

Bankaráðið ákveður með reglugerð um fyrirkomulag sjóðsins, skilyrði fyrir greiðslum úr honum og annað, sem þar að lýtur.

Þessi grein tekur ekki til bankastjóranna.

VI. kafli.

Sjerrjettindi bankans.

45. gr.

Glatist viðtökuskírteini, er bankinn hefir gefið út fyrir handveði eða geymslufje eða fyrir innláni, eða viðskiftabók fyrir sparisjóðsinnlagi eða öðrum innlögum, getur framkvæmdarstjórn bankans stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskírteinis eða viðskiftabókar með 6 mánaða fyrirvara, og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í tíðindum þeim, er flytja skulu stjórnarvaldaauglýsingar hjer á landi, og ef enginn hefir sagt til sín áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefir viðtökuskírteinið eða viðskiftabókina, án þess nokkur annar, er viðtökuskírteinið eða viðskiftabókin kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

46. gr.

Fje ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í bankanum. Landsbankinn með útibúum sínum hefir einn, að því er við verður komið, heimild til að taka við geymslufje (depositum).

47. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrsetning eða löghaldi meðan það stendur þar.

48. gr.

Bankanum er heimilt að áskilja sjer hærri vexti en 6% um árið af útlánum gegn fasteignarveði.

49. gr.

Nú er óskað láns gegn fasteignarveði, og skal þá gefa vottorð um fasteignina úr afsals- og veðmálabókum kauplaust, þegar stjórn bankans krefst þess, enda sje vottorðið ætlað bankanum einum til afnota.

50. gr.

Bankinn getur löglega samið svo við skuldunauta sína, að þeir taki upp í veðskuldabrjef sín til bankans ákvæði það, er getur um í tilskipun 18. febrúar 1847, 10. gr., um fje ómyndugra á Íslandi.

51. gr.

Eigi missir bankinn kröfu sína, þótt veðið glatist fyrir óhapp.

52. gr.

Bankinn hefir rjett til að láta starfsmenn sína selja verðbrjef og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur, eða menn vita ekki um heimili hans, og þá skal bankinn stefna hlutaðeigandi með 14 daga fyrirvara til að leysa veðið, með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birta skal í stjórnarvaldaauglýsingar.

53. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnist, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs, eða annara stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar af hlutabrjefum eða skuldabrjefum bankans, hlutabrjef bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

54. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða á gjaldþrotaskiftum, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Landsbankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert viðvart svo tímanlega, að hægt sje að mæta eða láta mæta við uppboðið.

VII. kafli.

Bráðabirgðaákvæði.

55. gr.

Kosning í bankaráðið fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1927. Þegar eftir að lög þessi öðlast gildi skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál, formann bankaráðsins. Ráðherra sjer síðan um, að fram fari úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins. Bankaráðið sjer um, að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum komist að fullu í framkvæmd þegar eftir að úttekt er lokið, þó eigi síðar en 1. janúar 1929.

56. gr.

Bankaráðið sjer um framkvæmd á skiftum milli seðlabankans og sparisjóðsdeildar, og skulu þau skifti vera komin í framkvæmd að fullu fyrir árslok 1930. Um reikningsskil milli deildarinnar og seðlabankans fer eftir nánari ákvörðun bankaráðsins, þar til skiftum er lokið.

Af varasjóði bankans, eins og hann verður þegar skiftum er lokið, fær sparisjóðsdeildin helminginn og seðlabankinn helminginn.

Þangað til varasjóður sparisjóðsdeildarinnar hefir náð fullum 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu ber seðlabankinn ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðsdeildar með upphæð, sem nemur innskotsfje ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 50, 10. nóv. 1913.

57. gr.

Launaákvæði laga þessara ná ekki til núverandi bankastjóra. Meðan þeir gegna bankastjórastöðu við Landsbankann, halda þeir núverandi launum sínum, nema öðruvísi semjist. Um uppsögn núverandi bankastjóra skulu sömu reglur gilda og í gildi voru, er þeir tóku sæti í bankastjórninni. Aðalbankastjóra skal ráða þegar eitt sæti losnar í bankastjórninni. Bankastjórar, aðrir en aðalbankastjóri, fá dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni; dýrtíðaruppbótin reiknast með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins.

Jafnskjótt sem núverandi bókari, aðalfjehirðir eða fjehirðir láta af stöðum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum laga þessara.

58. gr.

Þangað til lög verða sett um opinbera verðbrjefaverslun og kauphingsskráningu verðbrjefa skal bankanum skylt að kaupa af almenningi og selja almenningi trygg innlend verðbrjef, þau er ræðir um í 29. gr., gangverði, sem ákveðið sje af bankaráði, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar, eigi sjaldnar en einu sinni á viku, og birt almenningi með auglýsingu á áberandi stað í aðalafgreiðslustofu bankans og útibúa hans.

Bankinn er þó undanþeginn skyldum þeim, er ræðir um í þessari grein, annaðhvort um kaup eða sölu, ef eign bankans í slíkum verðbrjefum fer fram úr því eða niður fyrir það, sem framkvæmdarstjórn bankans telur hæfilegt.

59. gr.

Ákvæði 7. gr. ganga í gildi þegar Alþingi ákveður. Þangað til getur ráðherra veitt bankanum undanþágu frá ákvæði 9. gr. c.-lið, um að innstæður erlendis megi ekki fara fram úr 1/4 alls gullforðans. Ákvæði 26. gr. um varasjóð ganga þá um leið í gildi.

60. gr.

Auk hinna gulltryggðu seðla er bankanum heimilt að gefa út alt að 1 miljón króna. Seðlamagn þetta skal minka um 100000 kr. fyrir 1. nóvember 1927 og úr því árlega um sömu upphæð.

61. gr.

Bankinn gengur inn í kaup ríkissjóðs á gullforða Íslandsbanka samkvæmt 3. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921.

62. gr.

Heimilt er ráðherra að taka nauðsynleg lán til greiðslu á stofnfje bankans samkvæmt 5. gr. þessara laga.

63. gr.

Ákvæði 20. gr. um lán til ríkissjóðs taka eigi til þeirra lána, sem ríkissjóður hefir frá Landsbankanum þegar lög þessi öðlast gildi.

64. gr.

Landsbankinn endurkaupir af Íslandsbanka góða viðskiftavíxla gegn forvöxtum, sem sjeu ekki minna en 1% lægri en forvextir Íslandsbanka, þó aldrei lægri en 1% undir forvöxtum Landsbankans til peningastofnana, fyrir alt að $^5/_8$ þeirrar upphæðar, sem Íslandsbanki hefir á hverjum tíma dregið inn af seðlaveltu sinni, miðað við 31. okt. 1922; en þá telst seðlavelta Íslandsbanka hafa verið 8 miljónir króna. Eftir að Íslandsbanki hefir dregið inn alla seðla sína minkar fjárhæð sú, sem Landsbankinn endurkaupir með þessum kjörum, um $^1/_2$ miljón króna á ári hverju, þar til hún hverfur alveg.

Meðan Íslandsbanki hefir á hendi seðlaútgáfu, eða ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum fyrir hann, og einhverjir af bankastjórum hans þess vegna eru skipaðir af ríkisstjórninni, sbr. 6. gr. laga nr. 61 1921, skulu ákvæði fyrstu málsgreinar 42. gr. einnig taka til þeirra bankastjóra.

VIII. kafli.

Niðurlagsákvæði.

65. gr.

Lög nr. 14, 18. september 1885, um stofnun Landsbanka, lög nr. 2, 12. janúar 1900, um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885, lög nr. 28, 22. október 1912, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun Landsbanka, lög nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885 m. m., og lög nr. 37, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun Landsbanka, eru úr gildi numin.

66. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **599. Frumvarp**

til laga um sorphreinsun og salernahreinsun á Akureyri.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Bæjarstjórnin getur tekið að sjer sorphreinsun og salernahreinsun í öllum bænum, eða nokkrum hluta hans.

Til þess að standa straum af kostnaði þeim, sem af hreinsuninni leiðir, skal bæjarstjórn heimilt að leggja gjald á hús þau, sem hreinsað er fyrir, eftir reglugerð, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og sje gjaldið miðað við það, hve oft er hreinsað.

Húseigandi greiðir gjaldið.

2. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki sem önnur gjöld til bæjarsjóðsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **600. Frumvarp**

til laga um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Enginn má reka tilbúning á vörutegund, sem toll ber af að greiða samkvæmt tolllögum, ef hún er flutt til landsins frá útlöndum, nema hann hafi fengið leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem framleiðslan fer fram. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr. til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs.

2. gr.

Fyrir tollvörutegundir, sem tilbúnar eru hjer á landi, skal greiða gjald í ríkissjóð, er miða skal við aðflutningsgjaldið á hverri tollvörutegund eftir tolllögum þeim, er gilda hverju sinni, þannig:

a. Fyrir tóbaksvindla og vindlinga: hálft aðflutningsgjald.
   Með vindlingum skal greiða gjald af umbúðum þeim, pappír, öskjum eða dósum, sem þeir eru seldir í.
b. Fyrir brjóstsykur og konfekt: þriðjung aðflutningsgjalds.

c. Fyrir kaffibæti og óáfeng vín: hálft aðflutningsgjald.
d. Fyrir ávaxtasafa, öl, límonaði og aðra samskonar drykki, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, 1/8 aðflutningsgjalds. Af sódavatni greiðist ekkert gjald.

3. gr.

Efnivörur til framleiðslu innlendrar tollvörugerðar skulu undanþegnar verðtolli. Þau iðnaðarfyrirtæki, sem reka vörugerð, er fellur undir c- og d-lið 2. gr. og stofnsett eru fyrir 1. janúar 1927, skulu til ársloka 1935 njóta ívilnunar fyrir þann hluta af árlegri framleiðslu sinni, er samsvarar allri framleiðslu ársins 1926, þannig, að gjaldið fyrir þetta framleiðslumagn færist niður í 1/6 aðflutningsgjalds.

Samskonar ívilnanir má veita samkynja iðnaðarfyrirtækjum, er taka til starfa á tímabilinu frá 1. janúar til 1. júlí 1927, fyrir vörumagn, er samsvarar fyrstu ársframleiðslu þeirra, þó eigi fyrir meira vörumagn en ársframleiðslu eldri samkynja fyrirtækja árið 1926.

Lögreglustjóri ákveður það vörumagn, er njóta skal þessarar ívilnunar, að fengnum upplýsingum frá hlutaðeiganda, er hann telur fullnægjandi.

4. gr.

Vörugerðarmaður skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en varan er látin burt frá honum, seld eða send til umboðssölu. Nær þetta ákvæði til allrar þeirrar vöru, sem er látin burt, seld eða send til umboðssölu eftir að lög þessi öðlast gildi.

5. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar verða eftir lögum þessum, er vörugerðarmaður lætur þær af hendi, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og fyrir sektum. Sjeu rjett skil ekki gerð, getur lögreglustjóri selt þær birgðir af tilbúinni gjaldskyldri vöru, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til gjaldskyldrar vöru eða efnis í hana, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

6. gr.

Ráðherra setur reglugerð um vörugerðina, um afhendingu og sölu varanna, um bókhald vörugerðar og eftirlit með því og um annað það, er þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtuna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, þar á meðal dagsektir.

Í reglugerðinni má heimila lögreglustjóra að veita vörugerðarmanni gjaldfrest, gegn tryggingu, er lögreglustjóri telur gilda, þó aldrei lengur en svo, að alt áfallið gjald sje að fullu greitt í lok hvers ársfjórðungs.

Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samviskuvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

7. gr.

Brot gegn fyrirmælum laga þessara, eða gegn reglugerð, er sett verður samkvæmt 5. gr. þeirra, varða sektum, alt að 500 krónum. Nú verður vörugerðarmaður uppvís að því að hafa sagt rangt til um vörugerð sína eða birgðir, eða selt af birgðum í heimildarleysi án þess að gjaldið sje greitt, og varðar það þann, sem brotið hefir, sektum frá 100 til 1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefir reynt að draga undan.

8. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða gegn reglugerð, sem sett er samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir allar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt þeim reglum, er gilda um opinber reikningsskil.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31, 28. nóv. 1919. Leyfisbrjef til vörugerðar, er gefin hafa verið út samkvæmt þeim lögum, halda gildi sínu.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Ed. **601. Lög**

um breyting á lögum nr. 41, 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí).

1. gr.

Fyrstu málsgrein 15. gr. laganna skal orða svo:

Merkjadómi má skjóta til hæstarjettar eftir almennum áfrýjunarreglum. Hæstirjettur gerir annaðhvort að staðfesta merkjadóm eða fella hann úr gildi, sbr. þó 9. gr. síðustu málsgr., og skal málinu þá vísað heim og merkjadómur skyldaður til að taka málið upp af nýju. Hæstirjettur kveður á um greiðslu kostnaðar af málskotinu.

2. gr.

Ákvæði 28. gr. laga nr. 22, 6. okt. 1919, skulu einnig ná til þeirra merkjadóma, sem upp hafa verið kveðnir síðustu 3 ár áður lög þessi öðlast gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **602. Lög**

um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí).

1. gr.

Varðskipin skulu eiga heimili í Reykjavík. Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal á þeim vera. Allir starfsmenn skipa þessara eru sýslunarmenn ríkisins, hvort sem þeir eru skipaðir af ráðuneytinu, settir eða á annan veg ráðnir þar til starfa. Skulu þeir allir sýsatrygðir af útgerð skipanna, eftir svipuðum reglum og skipshafnir á öðrum skipum ríkissjóðs og Eimskipafjelags Íslands.

2. gr.

Skipherrar á varðskipunum eru löggæslumenn ríkisins á landhelgissvæðinu. Stýrimenn eru aðstoðarmenn þeirra við löggæsluna.

3. gr.

Skipherrar, stýrimenn, vjelstjórar og loftskeytamenn skulu skipaðir af ráðuneytinu. Það skipar og bryta og semur við hann um borgun fyrir fæði skipverja, þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár í senn.

Ráðuneytið getur hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, sjerhverjum sýslunarmanni á skipunum.

Um frávikning sýslunarmanna á varðskipunum, hvort heldur er um stundarsakir eða fyrir fult og alt, gilda sömu reglur og um aðra sýslunarmenn ríkisins.

Skipverjar settir eða skipaðir af ráðuneytinu geta sagt upp starfi sínu með 6 mánaða fyrirvara. Með sama fyrirvara af hálfu beggja samningsaðilja má segja upp samningum þeirra skipverja, sem ekki eru settir eða skipaðir af ráðuneytinu.

4. gr.

Aðra sýslunarmenn en þá, er um getur í 3. gr., ræður skipherra í umboði ráðuneytisins. Þó skulu kyndarar ávalt ráðnir í samráði við 1. vjelstjóra. Mönnum þessum getur skipherra hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, en skýra skal þá tafarlaust ráðuneytinu frá málavöxtum.

Nú álítur skipherra, sem staddur er á varðskipi utan Reykjavíkur, nauðsynlegt, að einhverjum þeirra starfsmanna, sem taldir eru í 3. gr., sje þegar vikið frá sýslan, og má hann þá víkja sýslunarmanninum frá um stundarsakir, en skýra skal hann ráðuneytinu þegar í stað frá því, og leggur ráðherra úrskurð á málið.

5. gr.

Laun sýslunarmanna skulu ákveðin í launalögum. Skráning manna á skipin fyrir skráningarstjórum skal ekki fara fram.

Siglingatími sýslunarmanna á varðskipunum skal tekinn til greina sem siglingatími skráðra manna á öðrum eimskipum sömu stærðar í utanlandssiglingum.

6. gr.

Sje sýslunarmanni vikið frá um stundarsakir, tekur hann ekki laun á meðan. Sje honum vikið frá fyrir fult og alt, og það er ekki gert vegna elli eða vanheilsu, ákveður ráðuneytið, hvort honum eftir atvikum skuli endurgoldin iðgjöld þau, er hann hefir greitt samkvæmt launalögunum í lífeyrissjóð embættismanna, eða ekki. Sýslunarmenn þessir, aðrir en skipherra, 1. stýrimaður og 1. vjelstjóri, fá að öðru leyti endurgreiðslu iðgjalda úr lífeyrissjóði eftir reglum laga nr. 51, 1921, 4. gr.

7. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð um löggæslustarfið og um einkennisbúninga sýslunarmanna. Það má einnig ákveða tilhögun alla á starfinu, verkaskiftingu o. fl.

8. gr.

Nú brýtur sýslunarmaður gegn skyldum sínum eftir reglum þeim, sem settar eru samkvæmt lögum þessum, eða að öðru leyti, og varðar það þá ábyrgð eins og brot á embættisfærslu, nema brotið sje svo vaxið, að ábyrgð varði eftir siglingalögunum og eigi liggi þyngri hegning við því sem broti í embættisfærslu. Þátttaka í verkfalli varðar skipverja á varðskipunum ábyrgð, eftir lögum nr. 33 1915.

9. gr.

Lög þessi ná aðeins til þeirra varðskipa, sem eru eign ríkisins og ráðuneytið telur aðalvarðskip.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **603. Lög**

um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí).

1. gr.

14. grein skal orða svo:

Berklaveikur sjúklingur getur fengið ókeypis vist eða styrk til vistar í heilsuhælum, sjúkrahúsum eða sumarhælum barna, ef hann eða sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, er svo efnum búinn, að ætla má, að hann mundi líða mikið tjón á efnahag sínum eða jafnvel verða öreigi, ætti hann að standa

straum af kostnaði þeim, er af slíkri vist leiðir. Til þessa kostnaðar telst einnig lyf og læknishjálp.

Nú getur sjúklingur ekki fengið vist í sjúkrahúsi eða hæli, en er komið fyrir á öðru heimili samkvæmt fyrirmælum 10. eða 13. greinar, og getur hann þá fengið ókeypis vist eða styrk til vistar, sje efnahag hans varið sem að ofan greinir. Sömu reglum skal fylgt um meðgjöf barna, ef þau eru tekin heilbrigð að heiman samkvæmt fyrirmælum 13. greinar.

Stjórnarráðið getur ákveðið, að berklasjúklingar í hressingarhælum fái ókeypis vist eða styrk til vistar þar. Það getur og eftir ástæðum ákveðið, að ljóslækningasjúklingar og aðrir berklasjúklingar, er dvelja utan sjúkrahúss, njóti sömu hlunninda að því er lækningakostnaðinn snertir.

Allur sá kostnaður, er hjer er greindur, greiðist úr ríkissjóði, en sjerhvert sýslufjelag og bæjarfjelag greiði upp í hann gjald til ríkissjóðs, er nemi 2 krónum fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu. Fari gjald þetta fram úr $^2/_5$ kostnaðar við berklavarnir, vegna sjúklinga þeirra, er dvöl áttu í hjeraðinu, skal endurgreiða úr ríkissjóði það, sem umfram verður. Ennfremur greiði sjúkrasamlag fyrir meðlimi sína áskilið gjald, sbr. 2. gr. Eindagi gjaldsins er 15. ágúst ár hvert.

Stjórnarráðið getur ákveðið hámark daggjalds sjúklinga þeirra, er að framan greinir, ef ástæða þykir til. Það getur og sett reglur um sundurliðun þeirra reikninga, er ríkissjóður greiðir.

Það er skilyrði fyrir því, að berklaveikir sjúklingar geti orðið aðnjótandi styrks úr ríkissjóði, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn dvalarsveitar sjúklingsins sendi stjórnarráðinu skýrslu um efnahag hans. Skal hjeraðslæknir staðfesta skýrslu þessa eftir bestu vitund og jafnframt votta, að vist utan heimilis sje nauðsynleg. Nú á sjúklingur ekki lögheimili hjer á landi, og skal þá efnahagsskýrsla hans gefin út af hreppsnefnd eða bæjarstjórn þeirrar sveitar, sem hann dvelur í, þegar hann verður styrksþurfi.

Úrskurðar stjórnarráðið síðan eftir þessum gögnum, hvort sjúklingurinn sje styrkhæfur og að hve miklu leyti.

Stjórnarráðið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um læknisvottorð um efnahagsskýrslur berklasjúklinga, svo og um skýrslur, vottorð, og reikninga frá sjúkrahúsum, heilsuhælum og öðrum lækningastöðum, og um annað það, er þurfa þykir til úrskurðunar í upphafi um styrkhæfi berklasjúklinga eða til úrskurðunar um framhaldsstyrk handa þeim.

2. gr.

15. grein orðist svo:

Nú er sjúklingur fjelagi í sjúkrasamlagi, er nýtur styrks úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, og skal þá samlagið greiða upp í meðlagskostnaðinn $^3/_5$ hluta hans, þó ekki yfir 2 kr. á dag meðan meðlagstíminn varir, og ekki lengur en sjúklingur hefir rjett til styrks samkvæmt lögum fjelagsins, enda láti samlagið berklaveika sjúklinga njóta sömu rjettinda og aðra sjúklinga.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þess, ef um kostnað af ráðstöfun samkvæmt 10. eða 13. gr. er að ræða.

3. gr.

Lög nr. 44, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. jan. 1928 að því er snertir greiðslu sýslufjelaga og bæjarfjelaga upp í berklavarnakostnað.

Nd. 604. Þingsályktun

um verslanir ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um:

1. Að gerð sje alvarleg gangskör að því að semja um greiðslu á og kalla inn útistandandi skuldir áfengisverslunarinnar og að framvegis verði útlán verslunarinnar takmörkuð svo sem frekast má verða, enda sje alls ekki veittur gjaldfrestur á öðru en lyfjum, og hann sem stystur.
2. Að gerð verði upp til fullnustu viðskifti eldri landsverslunarinnar og tóbakseinkasölunnar.
3. Að gerð sje gangskör að því að semja um og kalla inn útistandandi skuldir steinolíuverslunarinnar, og að framvegis verði gætt varúðar um útlán.

Nd. 605. Þingsályktun

um rannsókn á hafnarbótum og vörnum gegn snjóflóðum.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka þegar á komandi vori:

1. Á hvern hátt bæta megi hafnirnar í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu og Vopnafirði í Norður-Múlasýslu, svo tryggar verði vjelbátum, svo og nauðsynlegar lendingarbætur þar.
2. Á hvern hátt heppilegast og tryggast sje að setja varnir gegn skemdum af snjóflóðum í Hnífsdal.

Nd. **606. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson og Sveinn Ólafsson.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir »Landsbanki« í 1. málsgr. komi: Þjóðbanki.
   b. Síðari málsliður (»Á Norðurlandamálum . . . . . samsvarandi heiti«) falli niður.
2. Fyrir »Landsbanki« hvarvetna í frv. (í öllum föllum) komi: Þjóðbanki.
3. Við 47. gr. Greinin orðist svo:
   Opinberir sjóðir, sem handbært fje hafa á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema öðruvísi hafi verið ákveðið í stofnskrám eða skipulagsskrám. Þessi ákvæði taka þó ekki til Söfnunarsjóðs Íslands. Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 4, 3. nóv. 1915.
   Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrsetningu eða löghaldi, meðan það stendur þar.
4. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um Þjóðbanka Íslands.

Nd. **607. Nefndarálit**

um frv. til laga um laun skipherra og skipverja á varðeimskipum ríkisins.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv.

Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþykt óbreytt eins og það kom frá Ed.

Efri deild hafði gert þessar breytingar á frumvarpinu:

a. Hækkað árslaun undirstýrimanna og fullgildra háseta um 200 kr. hvers.
b. Að miða aldursbætur þeirra, sem unnið hafa hjá Björgunarfjelagi Vestmannaeyinga, við þann tíma, þá er þeir lögskráðust á björgunar- og eftirlitsskipið »Þór«.

Báðar þessar breytingar getur meiri hluti nefndarinnar sætt sig við.

Landhelgisgæslan er svo þýðingarmikið starf, að ekkert má láta ógert til þess að tryggja það, að hún ávalt sje sem best rækt.

Eitt af aðalskilyrðunum fyrir góðum árangri er, að sem flestir skipverjar, og þó einkum yfirmenn landhelgisgæsluskipanna, geri starfið að lífsstarfi, en til þess að svo verði, þarf að tryggja skipverjum það, að ekki verði tíð mannaskifti á skipunum, nema svo standi á, að mennirnir vilji hætta starfinu eða sjeu ekki starfinu vaxnir.

Þetta er nú trygt með lögum, sem í dag voru afgreidd frá Ed.

Af þeim lögum leiðir aftur það, að setja ber lög um laun þessara sýslunarmanna ríkisins.

Að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir skoðun meiri hlutans við ramsögu.

Alþingi, 14. maí 1927.

Jón A. Jónsson, fundaskrifari og frsm. Björn Líndal. Halldór Stefánsson.

Jakob Möller. Magnús Jónsson.

Nd. **608. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 34. gr. Orðin »Auk þess fá allir bankaráðsmennirnir ... ... starfsmenn ríkisins« í síðustu málsgrein falla niður.
2. Við 37. gr. Á eftir orðunum »aðrir en aðalbankastjóri« í fyrstu málsgrein kemur: svo og allir bankaráðsmennirnir.

Ed. **609. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að rannsaka hag bátaútvegsins og gera tillögur til tryggingar honum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndinni virðist rjett, að skipuð sje nefnd manna til rannsóknar á ofangreindu efni, en álítur, að í 1. og 2. lið tillögunnar sje slíkri nefnd falið nægilegt verkefni, með því að einkum 1. liður gefur tilefni til athugunar á þeim verkefnum, sem nefnd eru í síðari liðunum. Hún vill því fella 3.—5. lið af tillögunni, en mun flytja sjerstaka þingsályktun viðvíkjandi rekstrarfje til bátaútvegsins.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að tillagan verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Aftan við 1. málsgrein bætist: meðal annars.
2. 3., 4. og 5. liður falli furt.

Alþingi, 16. maí 1927.

Björn Kristjánsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm.	Jón Baldvinsson.

Ed. **610. Tillaga**

til þingsályktunar um lánsstofnun handa bátaútveg landsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að rannsaka, á hvern hátt megi koma upp lánsstofnun eða lánsstofnunum í líkingu við ræktunarsjóð Íslands, sem veitt gæti bátaútveg landsins rekstrarfje með aðgengilegri kjörum en nú eru þau.

Nd. **611. Breytingartillaga**

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Við 29. gr. Á eftir orðunum »bankaráðinu þykir tiltækilegt« komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skal a. m. k. helmingur verðbrjefaeignarinnar, eins og hún er á hverjum tíma, vera í jarðræktarbrjefum. Skulu þau keypt við nafnverði og með samningi við stjórn ræktunarsjóðs Íslands ákveðnir vextir af þeim brjefum, þó eigi hærri en ½ % yfir sparisjóðsvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma.

Nd. **612. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Flutningsm.: Jakob Möller og Hákon Kristófersson.

1. Við 36. gr.
   Á eftir síðustu málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bankaráðið getur einnig veitt fráförnum aðalbókara, aðalfjehirði og fjehirði og ekkjum þeirra eftirlaun af fje bankans eftir sömu reglum.

2. Við 44. gr.

Á eftir orðunum »til bankastjóranna« í síðustu málsgrein komi: aðalbókara, aðalfjehirðis og fjehirðis.

Nd. 613. Breytingartillögur

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 37. gr.

1. Fyrsta málsgrein orðist svo:

Bankaráðið skal fylgjast með um rekstur bankans í öllum starfsgreinum hans. Skal formaður bankaráðsins framkvæma fyrir þess hönd daglegt eftirlit með stjórn bankans.

2. Í stað 3. og 4. málsgreinar komi:

Framkvæmdarstjórar bankans eiga rjett á að vera á fundum bankaráðsins og taka þátt í umræðum; nema rætt sje um mál, er varða þá sjálfa. Bankaráðið getur og krafist þess, að framkvæmdarstjórar, einn eða fleiri, komi á fund þess.

Bankaráðið skal senda Alþingi árlega skýrslu, þar sem skýrt sje frá:

Nd. 614. Frumvarp

til laga um heimild til að undanþiggja Íslandsbanka inndráttarskyldu seðla árið 1927.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Íslandsbanka skal ekki skylt að draga neitt af seðlum sínum úr umferð á árinu 1927.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni forsætisráðherra eftir ósk stjórnar Íslandsbanka, og verður nánari grein gerð fyrir því í framsögu.

Nd. **615. Fátækralög**

(Afgreidd frá Nd. 16. maí).

I. kafli.

Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Sveitarstyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sjer þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Sveitarstyrkur skal vera svo mikill, sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar, og honum haga svo sem hún telur rjett vera, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir. Sveitarstyrk skal endurgjalda eftir því, sem ákveðið er í lögum þessum, af þurfaling sjálfum eða framfærslumanni (2.—19. gr.).

Sá, er sveitarstyrk þiggur, er háður valdi sveitarstjórnar svo sem lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í fjelagi og hvoru fyrir sig að framfæra og uppala börn sín þangað til þau eru 16 ára.

4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til fullnaðs 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, enda fylgi þau henni (27. og 28. gr.), og helst sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það sem og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefir og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giftist honum, með annari konu. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafist framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

6. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega eigi foreldrar verða sveitarþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

7. gr.

Framfærslumaður á rjett á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rjett og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sjer, eða ráða verustað þess.

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

8. gr.

Um rjettindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sifjalögum, að því leyti sem lög þessi ná ekki til.

9. gr.

Nú sýkist hjú manns eða slasast af ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir fæði og hjúkrun, meðan það er sjúkt og er á hans vegum.

10. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess, hvort heldur af því að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eða og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sjerstökum háska er bundinn, eða af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins.

11. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs eða húsbónda þess, og greiðir það þá sjálft kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sjerstakri hjúkrun, en húsbónda þess er skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sjerstakt sjúkrafæði — í alt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann.

Ef hjú sýkist eða slasast í fjarlægð frá heimili sínu, án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kent, og verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í alt að 3 mánuði

þritugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann og ekki yfir 2 kr. um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjúi er komið burt af heimili sínu til lækninga eftir læknisráði, hvort heldur í sjúkrahús eða annað, enda sje hvorki því nje húsbónda þess um leguna að kenna.

12. gr.

Samningur milli húsbónda og hjús um það, að vistinni skuli lokið þegar er hjúið verði sjúkt, skal ógildur, og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því að vistráðin hafa verið bundin slíkum skilmála eða af því, að svo hefir verið um samið eftir að það varð sjúkt, þá losast húsbóndinn eigi fyrir það við skyldu sína til framfærslu á hjúinu eftir lögum þessum, hvorki gagnvart hjúinu sjálfu nje framfærslumanni þess eða sveit.

13. gr.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sje á enda, nema læknir eða sóknarprestur eða tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því áliti, að hjúinu sje ekkert mein þar af búið, nje öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burtu, og skal hann þá standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins.

14. gr.

Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni, á eftir ákvæðum þessara laga að greiða sjálft lækningarkostnað og hjúkrunar, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af dvalarsveitinni.

Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greptrun þess, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarsjóði, ef með þarf.

15. gr.

Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir siglingalögum.

Framfærslumaður skipverja eða framfærslusveit eiga sömu framfærslukröfu á hendur útgerðarmanni og skipverji, ef hann neytir ekki rjettar síns.

16. gr.

Ef iðnaðarnemi, er býr hjá lærimeistara sínum, sýkist, þá er lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eftir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi lengur en 6 mánuði. Sje sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefir beðið það tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að og ætla má að verði langvint, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eftir að nemandinn varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækning nemanda.

Nú hefir svo verið um samið, að náminu skuli hætta, ef nemandi

sýkist, eða svo verður um samið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart fátækrasjóði, er leggja verður með nemanda.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 9., 10. og 13. gr. laga þessara ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 10. gr. og ofangreind fyrirmæli um rjett lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt hann sje eigi til heimilis hjá lærimeistaranum.

17. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með þurfamann sinn eða ómaga, og er þá sveitinni skylt að annast framfærslu þurfamannsins eða ómagans gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, svo fremi að sveitarstjórnin í dvalarsveit hans álítur, að hann sje fær um að greiða meðlagið. Álit þetta má leggja undir úrskurð yfirvalds, en úrskurði þeim má skjóta til atvinnumálaráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, nje heldur um framfærslu þá, er getur um í 9.—16. gr.

18. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður yfirvald, þar er framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann hefir hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum (4. gr.) eða kjörbörnum (5. gr.), hjóna hvors með öðru, og upphæð barnsfararkostnaðar (8. gr.).

19. gr.

Nú er meðlagsúrskurður (18. gr.) löglega birtur og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rjett að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki næst á þann hátt fúlga sú, er framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum (27. gr.), eða stjúpbarni sínu á sama aldri (4. gr.), þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem segir í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu, að því er við verður komið, ef aðrir lögskyldir framfærslumenn barnómagans eru þess eigi megnugir að framfæra hann án sveitarstyrks, eða ómaginn eigi á annan hátt kemst af án sveitarstyrks.

II. kafli.

Um framfærslusveit.

20. gr.

Hver hreppur, kaupstaður eða kauptún, er hefir sveitarstjórn sjerstaka, er framfærslusveit fyrir sig. Nú er skift sveit eða sveitamörkum breytt, og heldur þá sveitfestisdvölin áfram í þeirri sveit, er maður verður í við skiftinguna eða merkjabreytinguna, þannig að maður verður sveitfastur í þeirri sveit á þann hátt, að lögð er við dvöl hans þar eftir skiftinguna dvöl hans í hinu forna sveitarfjelagi hans.

21. gr.

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, sjer framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem hann hefir dvalist í 4 ár samfleytt búandi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann ekki þegið endurkræfan eða óendurkræfan sveitarstyrk á síðustu 10 árum.

22. gr.

Nú hefir maður unnið sjer sveit víðar en í einu sveitarfjelagi, og á hann þá rjett til framfærslu í þeirri sveit einni, þar er hann hefir síðast unnið sjer sveit. Þeirri framfærslusveit, er maður á, sem orðinn er 60 ára gamall, heldur hann síðan.

23. gr.

Sveitfestisdvöl telst frá þeim degi, að honum meðtöldum, er innflytjandi tekur sjer fast aðsetur í sveitinni, til þess dags, að þeim degi meðtöldum, er hann víkur þaðan burtu. Nú er hjú ráðið skildaga á milli og kemur í vist hálfum mánuði eftir hjúaskildaga, eða fer úr vist hálfum mánuði fyrir hjúaskildaga, og skal þá telja árið fult. Sama er og þótt hjúið fari meira en hálfum mánuði fyrir skildaga úr vistinni, ef það er af því, að hjúaskildagi er fyrr í þeirri sveit, er hjúið fer í, en í hinni, er það fer úr, enda fari það vist úr vist; svo er og, að telja skal árið fult, ef maður kemur um fardaga og fer aftur á hjúaskildaga. Eigi slitnar sveitfestisdvöl fyrir það, þótt maður sje í vist að hálfu í annari sveit, ef hann er þar eigi meira en eitt sveitfestisárið að hálfu.

Ef vinnuhjú flytur að vísu ekki í vistina heim til húsbónda síns á vinnuhjúaskildaga, en fer þó þá þegar að vinna honum, t. a. m. í veri, á fiskiskipi o. s. frv., enda flytji í rauninni heim áður en vistarárið er hálfnað, þá telst það svo, sem það hafi byrjað dvöl sína á vinnuhjúaskildaga í sveit þeirri, er húsbóndi þess á heima í.

Lausamaður vinnur sjer eigi sveit þar, sem hann hefir ársheimili, nema hann dvelji þar að minsta kosti fjórðung af árinu.

Nú á maður fleiri heimili en eitt, og vinnur hann þá sveit þar, er aðalaðsetur hans er.

24. gr.

Eigi vinnur maður framfærslurjett með dvöl sinni í skóla, sjúkrahúsi,

heilsuhæli eða þesskonar stofnun, eða fangahúsi. Slík dvöl slítur eigi heldur sveitfestisdvöl í þeirri sveit, þar er maður hefir verið næst áður, þannig að eigi maður á meðan sjálfstætt heimili í þeirri sveit, þá telst það aðalaðsetur hans, en hafi hann ekki haldið þar neinu heimili, þá vinnur hann að vísu hvergi sveit, meðan hann dvelur í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða þesskonar stofnun, eða fangahúsi, en heldur aðeins áfram sveitfestisdvölinni, ef hann hverfur aftur til hinnar sömu sveitar eftir dvöl sína í nefndum stofnunum.

25. gr.

Danskir ríkisborgarar, heimilisfastir hjer á landi, vinna sjer sveit eftir þeim reglum, er segir í 21. gr.

Aðrir útlendingar vinna sveit hjer á landi, þá er þeir fá íslenskan ríkisborgararjett, og eiga þá framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem þeir eiga lögheimili, er þeir öðlast ríkisborgararjettinn, þangað til þeir hafa unnið sjer sveit, eftir reglum 21. gr., annarsstaðar.

26. gr.

Kona gift er jafnan sveitföst þar, er maður hennar á sveit, og heldur ekkja manns sveitfesti þeirri, er maður hennar átti á deyjanda degi, þangað til hún vinnur sjer sjálf sveit. Svo heldur og kona, er skilin er að lögum við mann sinn, sveit þeirri, er hann átti, er þau skildu, þangað til hún vinnur sjer sjálf sveit.

27. gr.

Börn skilgetin og yngri en 16 ára fylgja framfærslusveit foreldranna þannig: Ef foreldrar eru báðir á lífi og hjónabandi þeirra eigi slitið að lögum, fylgja börnin sveit föður síns. Ef aðeins annað foreldra er á lífi, þá fylgja börnin framfærslusveit þess. Nú eru báðir foreldrar dánir, og fylgja þá börnin framfærslusveit þess þeirra, er síðar andaðist. Ef báðir foreldrarnir eru á lífi, en hjónabandi þeirra slitið að lögum, þá fylgir barn framfærslusveit þess foreldris, er það er hjá, eða síðast var hjá, eða það er á vegum þess.

28. gr.

Óskilgetin börn, yngri en 16 ára, fylgja framfærslusveit móður sinnar.

29. gr.

Maður 16 ára að aldri á framfærslurjett í fæðingarsveit sinni, þangað til hann vinnur sjer sveit.

30. gr.

Fæðingarsveit manns er sú sveit, þar er móðir hans átti lögheimili, er hann fæddist, eða átti síðast áður en barnið fæddist. Nú verður þetta eigi vitað, og er þá sú sveit fæðingarsveit manns, þar er móðir hans var stödd, er hún ól hann.

31. gr.

Maður, sem eftir framansögðu hefir öðlast framfærslurjett á Íslandi, missir hann, þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á

meðan hann að lögum getur eigi notið þeirra rjettinda, sem bundin eru við ríkisborgararjett. En öðlist hann aftur ríkisborgararjett, þá á hann framfærslu í þeirri sveit, er hann átti áður en hann varð borgari annars ríkis, þangað til hann vinnur sjer sveit af nýju eftir framantöldum ákvæðum.

32. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurjett hjer á landi samkvæmt framanskráðum ákvæðum, þurfandi fátækrastyrks hjer, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í þeirri sveit, þar er hann á lögheimili, eða, ef hann ekkert lögheimili á hjer á landi, þá í þeirri sveit, þar er hann dvelur, er hann verður styrks þurfandi.

Nú er þess krafist frá útlöndum, að tekið verði hjer við framfærslu manns, sem ekki á sveit hjer á landi eftir ákvæðum þessara laga, eða sveitfesti hans verður eigi fundin, og ráðherra álítur, að ekki verði hjá því komist að veita manni þeim viðtöku, og er þá rjett, að ráðherra vísi honum, með fjölskyldu, ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er hann til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum, skal henni endurgoldinn úr ríkissjóði.

III. kafli.

Um það, hvernig haga skuli styrkveitingu.

33. gr.

Sveitarstyrk skal veita á þann hátt, að gætt sje, svo sem verða má, hvorstveggja í einu, hagsmuna fátækrafjelagsins og þarfa og velferðar þurfalingsins.

34. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu þurfalings.

35. gr.

Þurfamönnum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sje lagður þeim á heimili þeirra, eða þeim komið fyrir á góðum heimilum, þar sem vel fer um þá, þeir látnir fara í sjúkrahús, ef læknir álítur þess þörf, eða þeim loks komið fyrir á framfærslu- eða vinnustofnun, sem er undir umsjón lögreglustjóra og ráðherra hefir sett reglur fyrir.

36. gr.

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum yngri en 16 ára, og má þá fátækrastjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum. Þó þarf fátækrastjórn leyfi foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema heimilislíf foreldranna megi teljast siðspillandi fyrir börnin eða þar fari illa um þau.

Engu síður skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum sveitarbörnum.

Ekki má fátækrastjórn skilja hjón samvistum nema með leyfi þeirra.

37. gr.

Ef foreldrar, sem eigi þiggja af sveit, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, eða fara illa með þau, þá skal fátækrastjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og hæfilega fræðslu og venjast algengri vinnu, og skal meðgjöf með þeim þangað talin sveitarstyrkur, veittur foreldrum barnanna, nema hún sje þegar í stað endurgoldin.

38. gr.

Sóknarprestar skulu líta eftir því, að fyrirmælum í 36. og 37. gr. sje fylgt, og yfir höfuð, að vel sje farið með börn þau, er ræðir um, svo og alla aðra niðursetninga í sóknum þeirra, sem og þurfamannabörn, er upp eru alin hjá foreldrum sínum. Ef presti þykir einhversstaðar vera misbrestur á þessu, og hann getur eigi með umvöndun komið lögun á það, ber honum að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á fátækrastjórninni til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn hafa einnig rjett til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær. Skulu slík mál sæta meðferð almennra lögreglumála.

39. gr.

Fátækrastjórn skal gera sjer far um að stuðla að því, að börn, sem upp eru alin á sveit, fái sæmilega atvinnu, þá er þau eru af ómagaaldri.

40. gr.

Vinnandi mönnum ósjúkum, er leita fátækrastyrks vegna þess að að þeim þrengir um stund, má hreppsnefnd eða bæjarstjórn vísa á atvinnu, ef fæst, eða til opinberrar vinnustofnunar, ef til er.

IV. kafli.

Vald sveitarstjórnar yfir þurfamönnum.

41. gr.

Sá, sem þegið hefir sveitarstyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld, sbr. þó 42., 43., 63., 66. og 67. gr.

Sveitarstyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barni innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í fjelagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en annars því foreldri barnsins, er barnið fylgir að sveitfesti (27. og 28. gr.), ef það foreldri barnsins er á lífi; en sje barnið munaðarlaust, fellur endurgjaldskrafan niður.

42. gr.

Ekki á sveitarstjórn rjett á að krefjast nokkurs endurgjalds á styrk, veittum af sveitarfje til að greiða:

a. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kensluáhöld handa börnum undir 14 ára að aldri, og
b. Greftrunarkostnað þurfamanna, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.

43. gr.

Skylt er sveitarstjórn, er hún veitir styrk úr sveitarsjóði, að kveða svo á innan 3 mánaða, að styrkurinn skuli ekki afturkræfur af styrkþega, ef hún telur það sanngjarnt vegna elli þiggjanda, ómegðar hans, veikinda hans eða þeirra, sem hann hefir á skylduframfæri, eða vegna annara óhappa hans. Eigi styrkþegi ekki framfærslusveit þar, sem hann fær styrkinn, má þó sveitarstjórn dvalarsveitar ekki ákveða, að styrkurinn skuli teljast óafturkræfur, nema sveitarstjórn framfærslusveitar samþykki.

Ákvæðum 1. málsgr. má einnig beita um sveitarstyrk, sem veittur hefir verið 2 síðustu árin áður en lög þessi öðlast gildi, ef styrkþegi óskar.

Ákvörðunum sveitarstjórnar eftir 1. og 2. málsgr. getur styrkþegi eða sveitarstjórnarmaður innan mánaðar skotið til sýslumanns í sveitum, en til atvinnumálaráðherra í kaupstöðum.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk, ef 2 ár eru liðin frá því, er þurfamaðurinn þáði af sveit.

Styrkur, sem veittur er styrkþega, sem er fullra 60 ára að aldri, telst ekki sem sveitarstyrkur.

44. gr.

Nú hafa hjón komist í sveitarskuld í fjelagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fje til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau voru þá í, og ekkert á ekkju, ef hún hefir skyldu-ómaga.

45. gr.

Þegar þeginn sveitarstyrkur er færður inn í sveitarbókina og meiri hluti hreppsnefndar og styrkþegi, ef hann er innsveitismaður, hafa skrifað undir innfærsluna, að hún sje rjett tilfærð, er bókin sönnun fyrir skuldinni. Sveitarstjórn getur beiðst lögtaks á skuldum eftir fyrirmælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðnin er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

46. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn sveitarstyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftirriti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, legst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur sveitarþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær þurfamanni í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

47. gr.

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða eftirgefinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra, svifta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviftur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sje endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviftur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

48. gr.

Sá, sem þiggur af sveit og er þó vinnufær, er skyldur að fara í hverja þá viðunanlega vist og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sjer og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sje viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra, er sker úr því, eftir að hafa fengið umsögn sveitarstjórnarinnar og leitað álits tveggja óvilhallra manna.

Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann vinna af sjer barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til framfærslusveitar, enda greiði hún kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda eða hann hefir komist undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að honum að lögum að því er meðlagið snertir.

49. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hjer á undan, og má þá kæra hann um það fyrir lögreglu-

stjóra, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál.

50. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra eða barnsmóðir heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfjelaginu til þyngsla að minsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

51. gr.

Nú sýnir þurfalingur mikla óhlýðni eða þrjósku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í alt að 3 mánuði, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af sveitarsjóði.

V. kafli.

Viðskifti sveitarstjórna.

52. gr.

Nú þarfnast maður sveitarstyrks, og skal hann þá veittur honum af dvalarsveit jafnt fyrir það, þótt hann sje eigi sveitlægur þar í hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskyldan framfærslumann, jafnvel innsveitis. Þó á dvalarsveit aldrei heimtingu á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitarinnar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefir veitt þurfalingnum, nema svo standi á, sem segir í 57. gr., eða þurfalingur verður, eftir úrskurði hjeraðslæknis, eigi fluttur á framfærslusveit sína, sakir sjúkleika, þá er dvalarsveit hefir öðlast rjett til þess að flytja hann samkvæmt 58. gr.; skal framfærslusveit endurgreiða allan kostnað af honum upp frá því, meðan hann verður ekki fluttur. En skylt er framfærslusveit, ef þurfalingurinn er eða verður þess megnugur að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum hefir verið veittur af framfærslusveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin fjekk ekki endurborgaðan, verði að rjettri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveit rjett á að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærslusveit styrk þann, er ræðir um í 42. gr.

53. gr.

Áður en utansveitarþurfaling sje veittur sveitarstyrkur, skal — nema styrksþörfin sje svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unt er — sveitarstjórnin í dvalarsveitinni láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra þurfalinginn með vottum, til þess að fá skýrslu um þessi atriði:

1. Nafn, fæðingarstað, aldur þurfamannsins, og framfærslusveit hans, þá er hann var 16 ára gamall; sje hann giftur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi gifst.
2. Æfiferil hans eftir 16 ára aldur.
3. Hvort og hvenær hann hafi þegið sveitarstyrk, og hvort styrkurinn sje endurgoldinn.
4. Heimilisástæður hans og hag yfirleitt og hvers vegna hann sje þurfandi orðinn.

Sje skýrslan gefin fyrir lögreglustjóra, skal hún tekin í rjetti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún rituð á eyðublað, er ráðherra semur, gefin undir eiðstilboð, undirrituð af hreppstjóra, tveim vitundarvottum og þurfamanninum sjálfum. Nú verða hjón þurfandi fyrir sig og börn sín, og gefur þá maðurinn hina umræddu skýrslu, ef hann er viðstaddur eða til hans næst án of mikillar tafar. Að öðrum kosti gefur konan skýrsluna eftir bestu vitund, og sje skýrslu hennar í einhverju ábótavant, þá skal úr bæta svo fljótt sem hægt er og á þann hátt, er hentugast er.

Ef utansveitarbarn yngra en 16 ára þarfnast styrks, og hvorugt foreldra er innansveitar, þá skal leita skýrslna um barnið hjá þeim mönnum nærstöddum, sem helst mega af vita.

54. gr.

Nú er skýrsla sú, er um getur í næstu grein á undan, eigi tekin á löglegan hátt, áður en styrkurinn er veittur, eða svo fljótt og svo fullkomin sem unt er, og missir þá hlutaðeigandi sveitarfjelag rjettinn til endurgjalds á styrknum.

55. gr.

Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 52. gr., og skal þá fátækrastjórnin, áður en hálfur mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda yfirvaldi sínu áskorun um að útvega svo fljótt sem við verður komið viðurkenning fyrir sveitfesti þurfamanns, eða sönnun fyrir, hvar hann sje sveitlægur, svo framarlega sem þetta er eigi þegar fullvíst. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sje endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal send skýrsla sú, er um er rætt í 53. gr. Vanræki sveitarstjórnin að gera það, sem fyrir er mælt í grein þessari, missir sveitarsjóður rjett til endurgjalds á hinum veitta sveitarstyrk.

56. gr.

Hvar þess er dvalarsveit missir fyrir vanrækslu sveitarstjórnar, lögreglustjóra eða hreppstjóra rjett til endurgjalds á styrk veittum utansveitarmanni, skulu þeir, er sekir eru, bæta sveitinni skaðann.

57. gr.

Þegar gerð er fyrirspurn til sveitarstjórnar um það, hvort hún kannist við framfærslurjett þurfalings í sveit sinni, eða sent erindi um önnur atriði viðvíkjandi sveitfesti þurfalings eða styrk honum veittan, skal hún, áður en 4 vikur eru liðnar frá því, er málaleitunin barst henni til handa, senda hlutaðeigandi yfirvaldi svar sitt við henni; að öðrum kosti skal það varða hana sektum, eftir atvikum dagsektum, sem renna í sýslusjóð, eftir ákvæði sýslumanns, eða í ríkissjóð eftir ákvæði ráðherra, ef bæjarstjórn er sek.

Nú verður dráttur á endurborgun sveitarstyrks til dvalarsveitar af hálfu framfærslusveitar meir en 6 mánuði frá því hún fjekk tilkynning um sveitarstyrkinn, og skal þá síðarnefnd sveit greiða vexti af styrksupphæðinni, 6 af hundraði um árið frá þeim tíma.

Nú verður eftir úrskurði yfirvalds óþarfur dráttur af hálfu framfærslusveitar á að viðurkenna sveitfesti þurfalings, og skal hún þá endurgreiða dvalarsveit hans allan þann styrk, er dvalarsveitin hefir veitt honum frá þeim tíma, sem framfærslusveit fjekk tilkynning um þurfaling.

58. gr.

Nú hefir maður, sem framfærslurjett á annarsstaðar, þegið 300 kr. styrk eða meira í dvalarsveit sinni, og hefir þá dvalarsveit hans og framfærslusveit hvor um sig rjett til að krefjast þess, að hann sje fluttur fátækraflutningi á framfærslusveit sína.

59. gr.

Þurfaling má eigi flytja fátækraflutningi úr einum hreppi í annan, nema áður sje ákveðið, hvar hann eigi framfærslurjett, annaðhvort með yfirlýsingu sveitarstjórnar þeirrar, er í hlut á, eða með úrskurði yfirvalds.

60. gr.

Nú á þurfalingur að flytjast á framfærslusveit sína, og skal þá lögreglustjóri fá honum vegabrjef, er sýni, frá hverri sveit og til hverrar sveitar hann skuli fluttur, svo og hve margt fólk er í flutningnum, ef um fleiri er að ræða. Skal tilgreina nöfn þeirra og aldur.

61. gr.

Dvalarsveit og framfærslusveit þurfalings annast flutning hans; koma þær sjer saman um, hvor þeirra skuli framkvæma hann, en náist ekki samkomulag um það, getur dvalarsveit ein annast flutninginn. Ef framfærslusveitin heimtar, að fátækraflutningur skuli fram fara, án þess að tiltaka, hvernig honum skuli hagað, skal líta svo á, að hún ætlist til, að sveitarnefndin í dvalarsveitinni annist flutninginn, enda skal hin síðarnefnda þá skyld þar til.

Flutningurinn byrjar hjá hreppstjóra eða lögreglustjóra í dvalarsveitinni, og endar hjá hreppstjóra eða lögreglustjóra í framfærslusveitinni.

62. gr.

Þurfamann skal flytja svo beina leið, sem verður, hvort sem flutningurinn fer fram landveg eða sjóveg; svo skal haga flutningi þurfalings, að lífi hans og heilsu sje eigi í hættu stofnað.

63. gr.

Af kostnaði við flutning þurfamanns ber dvalarsveit einn þriðjung, en framfærslusveit tvo þriðjunga; skal allur kostnaðurinn greiddur til bráðabirgða úr sjóði þess sveitarfjelags, er flutninginn annast.

Flutningskostnaðinn skal eigi telja sveitarstyrk veittan þurfaling.

64. gr.

Nú vanrækir sveitarstjórnin í dvalarsveitinni að flytja þurfamann fátækraflutningi, er henni bar að annast, og skal þá framfærslusveitin með öllu laus við að endurgjalda styrk þann, er þurfamaðurinn þiggur í dvalarsveitinni frá þeim tíma, er flutningurinn hefði átt fram að fara, þangað til hann verður framkvæmdur.

65. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfjelaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim. Sjeu sveitarfjelög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfjelag er, sem krafið er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðilja varð kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af sveitarframfæri milli sveitar hjer á landi og sveitarfjelags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli hlutaðeigandi íslensks og dansks ráðherra.

VI. kafli.

Sjerstakur styrkur úr ríkissjóði.

66. gr.

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði í sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala eða geðveikrahæli, þá greiðir framfærslusveit hans $^{3}/_{5}$ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 kr. á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfjelagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið er í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Ríkissjóðsstyrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur hjá styrkþega.

67. gr.

Nú er manni, sem á framfærslusveit hjer á landi, veittur sveitarstyrkur erlendis, og er þá framfærslusveit hans skylt að endurgjalda þann styrk alt að 400 kr. um árið, þó ekki yfir $^2/_5$ hluta styrksins. Það, sem fram yfir er, greiðist úr ríkissjóði. Sömuleiðis greiðist úr ríkissjóði allur kostnaður við flutning þess þurfamanns og skylduliðs hans frá útlöndum alla leið til framfærsluhreppsins, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst ekki á annan hátt endurgoldinn.

Ríkissjóðsstyrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur.

VII. kafli.

Um það, hver lagaákvæði sjeu numin úr gildi með lögum þessum og hvenær lögin öðlast gildi o. fl.

68. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þessi lagaákvæði:

Lög nr. 44, 10. nóv. 1905, að því leyti, sem þau eru eigi áður úr gildi feld.

Lög nr. 33, 20. október 1913.

Lög nr. 61, 27. júní 1921.

Lög nr. 13, 20. júní 1923.

Ennfremur eru úr gildi numin öll önnur ákvæði gildandi laga, þau er koma í bága við lög þessi.

69. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1928.

Ed. **616. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um notkun sandgræðslugirðingar í Gunnarsholti.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin getur ekki mælt með því, að ríkissjóður fari nú að koma upp og þá væntanlega reka barnaskóla í sveit, er starfrækt yrði að sumrinu, en notað til skólahalds að vetrinum. Hinsvegar er nefndin sammála flutningsmanni tillögunnar um það, að ríkissjóður eigi að fá tekjur af jörðunum Gunnarsholti og

Brekkum í Rangárvallahreppi, og telur rjett, að stjórninni verði falið að athuga, á hvern hátt því verði best náð. Hún leyfir sjer því að leggja það til, að þingsályktunartillagan verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að stjórnin taki til íhugunar, hversu ríkissjóði verði haganlegast aflað tekna af eyðijörðunum Gunnarsholti og Brekkum í Rangárvallahreppi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. maí 1927.

Jóh. Jóhannesson, form.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.	Jóhann Þ. Jósefsson. frsm.

Ed. **617. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á nokkrum hluta úr kirkjueigninni Mosfellsheiðarlandi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, eftir atvikum, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 14. maí 1927.

Jóh. Jóhannesson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari. Með fyrirvara.

Ed. **618. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1927.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari og frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. **619. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni virðist frv. þetta að vísu vera óljóst orðað og ganga of skamt í því að tryggja greiðslu verkkaups og álítur, að mesta þörf sje á, að löggjöfin hjer að lútandi sje endurskoðuð og samræmd, en til þess er ekki nægur tími nú á þessu þingi. Þó að nefndin sje þannig ekki vel ánægð með frv., er þó ekki loku fyrir skotið, að það geti orðið að einhverju leyti til gagns, og vill hún því leggja til, að það verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Fyrri málsgreinin orðist þannig:

Verkafólki, sem vinnur daglaunavinnu í landi við verksmiðjur, verslanir, byggingar, ístöku og útgerð, og ennfremur við fermingu og affermingu skipa og báta, skal greitt út verkkaupið vikulega, nema öðruvísi sje um samið.

Alþingi, 16. maí 1927.

Jóh. Jóhannesson,	Guðm. Ólafsson,	Jóhann Þ. Jósefsson,
form., með fyrirvara.	fundaskrifari.	frsm.

Nd. **620. Lög**

um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí).

1. gr.

a-liður 2. flokks 2. gr. laganna orðist svo:

a. Dansleikar allir, hvort sem einstök fjelög eða dansskólar stofna til þeirra eða þeir eru haldnir fyrir allan almenning, ennfremur dansæfingar, er standa fram yfir kl. 11 að kvöldi. Haldi fjelag dansleik og sje aðganga ókeypis, er lögreglustjóra heimilt að ákveða skattinn.

Eigandi húsnæðis þess, er dansleikur er haldinn í, ber ábyrgð á greiðslu skattsins.

2. gr.

Orðin »er njóta opinbers styrks« í b-lið 1. flokks falli burt.

Orðin »og sjónleikar, er ekki teljast til 1. flokks«, í d-lið 2. flokks falli burt.

3. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist nýr flokkur:

3. flokkur.

Af hverju knattborði (billiard) fyrir almenning eða fjelög greiðist 30 kr. skemtanaskattur fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem knattborðið er notað handa almenningi eða fjelögum. Gjalddagi á skattinum er síðasti dagur hvers mánaðar.

Skattinn greiðir eigandi knattborðs, enda er knattborðið að veði fyrir skattinum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum í eitt ár frá gjalddaga skattsins.

Nú eru fleiri en eitt knattborð í sama húsnæði, og er þá nægilegt, að eitt sje notað til að öll sjeu skattskyld.

4. gr.

Aftan við 3. gr. bætist nýr liður:

d. Dansleikar skóla, annara en dansskóla, og skólafjelaga, enda fari þeir fram í herbergjum hlutaðeigandi skóla og sjeu fyrir nemendur og kennara eina, ásamt gestum þeirra.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 40, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Nd. **621. Lög**

um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí).

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita »Hestamannafjelaginu Fáki« í Reykjavík leyfi til 5 ára í senn til þess að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar, með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð. Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði fjelagsins af starfsemi þessari skuli varið til reiðvegar Reykvíkinga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **622. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

(Eftir eina umr. í Ed.).

Eftirskráðar breytingar skulu gerðar á þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar: 18. gr., 19. gr., 26. gr., 27. gr., 28. gr., 29. gr., 30. gr., 31. gr., 38. gr. og ákvæðum um stundarsakir.

1. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 18. gr. komi: annaðhvert ár. — Aftan við greinina komi tvær nýjar málsgreinir, svo hljóðandi:

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukaþing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Það þing má ekki sitja lengur en 4 vikur án samþykkis konungs.

Með lögum má ákveða, að reglulegt Alþingi skuli háð árlega.

2. gr.

Í stað orðanna »á ári« í niðurlagi 19. gr. komi: fundum sama þings.

3. gr.

Í stað »40« í fyrstu málsgr. 26. gr. komi: 42.
Í stað »26« í annari málsgr. sömu gr. komi: 28.
Í stað »34« í þriðju málsgr. sömu gr. komi: 36.

4. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:
Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

5. gr.

28. grein stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Deyi þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, á kjörtímanum, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt og þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum. Sama er og ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaþing, eða það sem eftir er af því þingi.

6. gr.

Síðustu málsgr. 29. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 30 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga um land alt. Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningarnar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

7. gr.

Í stað tölunnar »35« í 30. gr. stjórnarskrárinnar skal koma: 30.

8. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 31. gr. skal koma: annaðhvert ár.

9. gr.

Í stað orðsins »fjárhagsár« í 38. gr. komi: fjárhagstímabil.

10. gr.

Stjórnarskipunarlög þessi öðlast þegar gildi, er konungur hefir staðfest þau.

11. gr.

Í stað 2. ákvæðis um stundarsakir komi:

2. Umboð landskjörinna þingmanna og varamanna falla niður við næstu almennar alþingiskosningar eftir 9. júlí 1930.

12. gr.

Á eftir 3. ákvæði um stundarsakir komi ný málsgr., svo hljóðandi:

4. Ef stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi meðan Alþingi 1928 á setu, má á því þingi setja fjárlög fyrir bæði árin 1929 og 1930, enda þótt frumv. til þeirra hafi ekki verið lagt fyrir það í þingbyrjun.

Ed. **623. Nefndarálit**

um frv. til laga um að stofna nýbýli.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að mál þetta verði afgreitt með svo hljóðandi

DAGSKRÁ:

Þar sem Alþingi hefir ákveðið að skipa milliþinganefnd í landbúnaðarmálum, þá telur deildin rjettast, að sú nefnd taki einnig þetta mál til athugunar og geri tillögur um það. Þess vegna sjer deildin ekki ástæðu til, að málið gangi lengra að þessu sinni, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. maí 1927.

Einar Jónsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari og frsm.	Jónas Kristjánsson.

Ed. **624. Frumvarp**

til laga um Landsbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 598, með þessum breytingum:

34. gr. hljóðar svo:

Formann bankaráðsins skipar ríkisstjórnin til 3 ára í senn, svo og varaformann. Hina 4 bankaráðsmennina kýs sameinað Alþingi hlutbundnum kosningum til 4 ára í senn, svo og 4 varamenn til jafnlangs tíma. 2 bankaráðsmenn og 2 varamenn ganga úr annaðhvert ár, og ræður hlutkesti hvorir 2 bankaráðsmenn og varamenn ganga úr í fyrsta skifti. Bankaráðsmenn og varamenn má endurkjósa.

Ef formaður og varaformaður fellur frá, eða verður óhæfur til starfsins áður en starfstími hans er á enda, skipar ríkisstjórnin nýjan formann eða varaformann. Og ef þingkjörinn bankaráðsmaður og varamaður hans fellur frá, eða verður óhæfur til starfsins milli þinga, setur ríkisstjórnin menn í þeirra stað til næstu þingloka.

Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík, eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sje auðvelt að sækja bankaráðsfundi endurgjaldslaust hvenær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 4000 kr. í ársþóknun, hinir bankaráðsmennirnir 2000 kr. hver. Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

36. gr. hljóðar svo:

Bankaráðið ræður aðalbankastjóra og tvo aðra bankastjóra. Eru þeir framkvæmdarstjórn bankans. Skulu þeir ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, jafnt aðalbankastjóra sem hinum bankastjórunum, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega sem ekki er um að ræða afbrot af hálfu bankastjórans, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Ennfremur getur ráðherra sá, sem fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávikna bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Laun aðalbankastjóra skulu ákveðin af bankaráðinu með samningi. Skulu þau vera fastbundin árslaun og mega ekki að neinu leyti vera miðuð við rekstrarhagnað bankans. Hinir bankastjórarnir hafa að árslaunum 12000 krónur hvor.

Bankaráðið getur veitt fráfarnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fje bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum handa bankastjóranum, og 25% af launum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skifti.

Bankaráðið getur einnig veitt fráförnum aðalbókara, aðalfjehirði og fjehirði og ekkjum þeirra eftirlaun af fje bankans eftir sömu reglum.

57. gr. hljóðar svo:

Launaákvæði laga þessara ná ekki til núverandi bankastjóra. Meðan þeir gegna bankastjórastöðu við Landsbankann, halda þeir núverandi launum sínum, nema öðruvísi semjist. Um uppsögn núverandi bankastjóra skulu sömu reglur gilda og í gildi voru, er þeir tóku sæti í bankastjórninni. Aðalbankastjóra skal ráða þegar eitt sæti losnar í bankastjórninni. Bankastjórar, aðrir en aðalbankastjóri, svo og allir bankaráðsmennirnir, fá dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni; dýrtíðaruppbótin reiknast með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins.

Jafnskjótt sem núverandi bókari, aðalfjehirðir eða fjehirðir láta af stöðum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum laga þessara.

Ed. **625. Fjáraukalög**

fyrir árið 1925.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1925, eru veittar kr. 1521999,54 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. gr. hjer á eftir:

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

A. Ráðuneytið o. fl.

Við 2.	Til utanferða ráðherra	2957,00
— 4.	Annar kostnaður	20974,16
— 5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	9030,98
— 6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum...	1145,44

B. Hagstofan.

Við 3.	Pappír, prentun o. fl.	4985,29
— 4.	Prentun eyðublaða...	390,91
— 5.	Húsaleiga, hiti, ljós o. fl.	2461,63
— 6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	9660,08
— 7.	Til að gefa út manntalið 1703	226,53
	Flyt	51832,02

		Flutt	51832,02

C. Utanríkismál og ríkisráðskostnaður.

Við 1.	Til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn	1677,93	
— 3.	Ríkisráðskostnaður...	2000,02	
— 4.	Kostnaður við sambandslaganefnd	9041,45	
			64551,42

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæsla og lögreglustjórn.

Við 1.	c. Hæstirjettur: Annar kostnaður	3095,13	
— 4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	b. Húsaleiga	240,00	
	c. Hiti, ljós og ræsting...	100,00	
	d. Ýms gjöld	1331,04	
— 5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns	11663,00	
	b. Laun 3 tollvarða	14100,66	
	d. Hiti og ljós...	1689,12	
— 6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta.	42000,00	
— 7.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhalds-		
	kostnaður fangelsa...	4338,40	
— 9.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.	6941,17	
— 10.	Borgun til sjódómsmanna	904,00	
— 11.	Borgun til setu- og varadómara...	6794,45	

B. Ýmisleg gjöld.

Við 1.	b. Til pappírs og prentunar	16406,31	
— 2.	a. Endurgjald fyrir burðargjald embættismanna	11352,07	
— 3.	Brunaábyrgðar- og sótaragjöld	6628,56	
— 4.	Til embættiseftirlitsferða	2250,97	
— 6.	Til landhelgisgæslu	31090,45	
			160925,33

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

Við 4.	Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði	624,00	
— 8.	Til geislalækningastofu ríkisins	4435,35	
— 10.	Holdsveikraspítalinn	5466,12	
— 11.	Geðveikrahælið á Kleppi	1232,23	
— 12.	2. Heilsuhælið á Vífilsstöðum	19809,70	
— 13.	j. Styrkur til sjúkrasamlaga	560,70	
			32128,10
		Flyt	257604,85

		Flutt	257604,85

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

A. Póstmál.

Við	1. b.	Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	800,00
—	2.	Póstflutningur	12155,99
—	3. a.	Skrifstofukostnaður í Reykjavík	1780,15
	b.	Skrifstofukostnaður utan Reykjavíkur	790,00
	c.	Húsaleiga utan Reykjavíkur	90,00
	d.	Önnur gjöld	28564,61

B. Vegabætur.

Við	I. 3.	Ferðakostnaður og fæðispeningar	5835,93
	4.	Til aðstoðarmanna og mælinga..	5279,61
	5.	Skrifstofukostnaður	2539,29
—	II.	Flutningabrautir	22810,11
—	III.	Þjóðvegir	89681,08
—	IV.	Til brúagerða samkv. brúalögum...	78453,44
—	VI.	Fjallvegir	2560,08
—	VII. 1.	Til áhalda	16521,27
—	VIII.	Til akfærra sýsluvega	1287,13

C. Samgöngur á sjó.

Við	1.	Til strandferða...	13500,00
—	2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum ...	16250,00

D. Hraðskeyta- og talsímasamband.

Við	II.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl.	154533,11
—	III. 2.	Kostnaður við aðalskrifstofu landssímans	6112,50
—	— 3.	Ritsímastöðin í Reykjavík...	15314,90
—	— 5.	Bæjarsíminn í Reykjavík	118665,89
—	— 7.	Ritsímastöðin á Akureyri	6750,54
—	— 8.	Ritsímastöðin á Seyðisfirði	3375,68
—	— 10.	Símastöðin á Borðeyri..	1245,07
—	— 11.	— í Hafnarfirði	5591,74
—	— 12.	— í Vestmannaeyjum	1111,69
—	— 13.	— á Siglufirði	8425,27
—	— 14.	Til aukaritsímaþjónustu	3706,00
—	— 16.	Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	557,55
—	— 18.	Til eftirlitsstöðva og annara talsímastöðva	6124,82
		Flyt	630413,45 257604,85

		Flutt	630413,45	257604,85
Við	IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng	19238,37	
—	V.	Viðbót og viðhald stöðvanna	29530,02	
—	VI.	Kostnaður við ferðalög	5574,45	
—	VII.	Viðhald landssímanna	130837,81	
—	VIII.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	133,35	
		Gengisreikningur...	6938,40	
		E. Vitamál.		
Við	I. 3.	Til skrifstofuhalds	734,78	
—	II.	Laun vitavarða	1190,00	
—	III.	Rekstrarkostnaður vitanna	45139,39	
—	IV.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa ...	8647,16	
				878377,18

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

		B. Kenslumál.		
Við	I. b.	Til hjeraðslæknis í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann	500,00	
—	— d.	Náms- og húsaleigustyrkur	9000,00	
—	— g.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	714,91	
—	— h. 3.	Ýms gjöld	8510,38	
—	II.	Námsstyrkur til stúdenta í erlendum háskólum...	10300,00	
—	III. b. 3.	Til skólahússins utan og innan ...	1694,88	
—	— — 4.	Til tímakenslu og til prófdómenda...	13533,50	
—	— — 6.	Námsstyrkur með verðstuðulsuppbót.	560,00	
—	— — 8.	Til vísindalegra áhalda	62,75	
—	— — 9.	Ýmisleg gjöld	2617,90	
—	IV. b. 3.	Til bóka og kensluáhalda	195,27	
—	— — 4.	Eldiviður og ljós...	571,24	
—	— — 7.	Til skólahússins	438,58	
—	— — 8.	Ýmisleg gjöld	2042,64	
—	V. b. 1.	Tímakensla	4254,00	
—	— — 6.	Ýmisleg gjöld	370,42	
—	VI. b. 3.	Ýmisleg gjöld..	278,62	
—	VII. b. 3.	Ýms kostnaður	1974,07	
—	VIII. 1. c. 3.	Til eldiviðar og ljósa...	3579,08	
—	— — — — 4.	Ýmisleg gjöld	1017,17	
—	— 2. c. 3.	Til eldiviðar og ljósa...	101,75	
—	XI. 2. b.	Annar kostnaður...	2556,40	
		Flyt	64873,56	1135982,03

		Flutt	64873,56	1135982,03
Við	XI. 3.	Styrkur til námskvenna	1130,50	
—	XIII. 3.	Til farskóla og eftirlit með heimafræðslu	29387,40	
—	— 4.	— prófdómara við barnapróf...	3163,67	
—	XVI.	— kenslu heyrnar- og málleysingja ...	14031,89	
				112587,02

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Við	5. a.	Til eldiviðar, ljósa, ræstingar o. fl.	481,01	
—	— b.	Til viðhalds og áhalda	724,39	
—	29.	Til veðurathugana og veðurskeyta	12953,15	
				14158,55

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

Við	6. b.	Til skóggræðslu...	2500,00	
—	10. b.	Til húsaleigu	700,00	
—	13. f.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna	6729,89	
—	14.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra	1384,55	
—	16.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum...	2641,90	
—	36.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli	1800,00	
				15756,34

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:		
Ýms óviss útgjöld og gengismunur		240515,60

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 24. gr. er veitt:		
Til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki		3000,00
	Samtals kr.	1521999,54

Ed. **626. Lög**

um samþykt á landsreikningnum 1925.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí).

	Áætlun	Reikningur
I. Tekjur:	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	215000,00	235182,30
2. Tekju- og eignarskattur	800000,00	2108926,91
3. Aukatekjur	280000,00	436760,64
4. Erfðafjárskattur	30000,00	37089,65
5. Vitagjald	195000,00	392470,87
6. Leyfisbrjefagjöld	10000,00	13527,05
7. Útflutningsgjald	700000,00	1226562,96
8. Áfengistollur	430000,00	808882.22
9. Tóbakstollur	400000,00	658267,50
10. Kaffi- og sykurtollur	890000,00	1093758,67
11. Vörutollur	1120000,00	2176428,63
12. Annað aðflutningsgjald	115000,00	262947,34
13. Verðtollur	...	2085668,23
14. Gjald af brjóstsykur- og konfektgerð	15000,00	24934,04
15. Stimpilgjald	600000,00	386641,22
16. Lestagjald	30000,00	42311,50
17. Pósttekjur	350000,00	561992,83
18. Símatekjur	1000000,00	1468673,47
19. Vínsinkasala	300000,00	550000,00
20. Tóbakseinkasala	200000,00	450000,00
21. Steinolíueinkasala	60000,00	90364,00
22. Skólagjöld	20000,00	26085,00
23. Bifreiðaskattur	22000,00	24687,26
24. Tekjur af fasteignum ríkissjóðs o. fl.	55100,00	40773,03
25. Tekjur af bönkum, ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl.	225000,00	362352,36
26. Óvissar tekjur, ýmisl. greiðslur og endurgjöld	227000,00	904705,15
27. Tekjur samkv. sjerstökum lögum	...	327367,50
Samtals	8289100,00	16797360,33

II. Gjöld:	Fjárveiting kr.	Reikningur kr.
1. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	2193602,13	2000197,41
2. Borðfje Hans Hátignar konungsins	60000,00	60000,00
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	174500,00	268925,91
4. Til ráðuneytisins o. fl.:		
A. Ráðuneytið o. fl.	155850,00	206601,88
B. Hagstofan	36500,00	56454,44
C. Gjöld í Kaupmannahöfn	39500,00	52219,40
5. A. Dómgæsla og lögreglustjórn	396300,00	516452,34
B. Ýmisleg gjöld	205600,00	290256,22
6. Læknaskipun og heilbrigðismál	927260,00	1214835,63
7. Til samgöngumála:		
A. Póstmál	398374,00	456300,09
B. Vegabætur	254000,00	481409,94
C. Samgöngur á sjó	265000,00	294750,00
D. Hraðskeyta- og talsímasamband	815300,00	1351906,90
E. Vitamál	112650,00	169899,17
8. Til kirkju- og kenslumála:		
A. Andlega stjettin	218806,28	285033,25
B. Kenslumál	845980,00	1112252,15
9. Til vísinda, bókmenta og lista	180810,00	203641,36
10. Til verklegra fyrirtækja	531850,00	570273,08
11. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur	4000,00	47617,95
12. Eftirlaun og styrktarfje	190512,98	215296,79
13. Óviss útgjöld	268000,00	340515,60
14. Eimskipafjelag Íslands	... ...	60000,00
15. Fjárgreiðslur samkv. lögum og fjáraukalögum ...	... ...	1403158,79
16. Greitt Landsbankanum lán 1918	... ...	500000,00
17. Afborgun lausra skulda	... ...	3376279,75
18. Aukin innstæða	... ...	56242,32
19. Aukinn sjóður	... ...	1206839,96
Samtals ...	8274395,39	16797360,33

Ed. **627. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Báðar deildir Alþingis hafa nú lagt höfuðin í bleyti við að gera frumvarp þetta sem best úr garði. Hafði meiri hluti efri deildar lagt alla áhersluna á að tryggja bankann sem best fjárhagslega, og eigi síður yfirstjórn hans og eftirlit. Háttvirt neðri deild hefir nú dregið úr hvorutveggja að nokkrum mun, en þó ekki svo, að frv. sje fyrir þá sök alveg óaðgengilegt.

Meiri hlutanum er líka ljóst, að vel samin bankalöggjöf er ekki einhlít, og að eigi veltur minna á því, hvernig með hana er farið og hvernig henni er beitt. Veltur vitanlega mest á því, að vel hæfir menn verði valdir til þess að hafa yfirstjórn bankans á hendi, menn, sem kunnáttu hafa í viðskiftaefnum og sem eru bankanum óháðir. Alt veltur á því, að val yfirstjórnar bankans hepnist vel nú og framvegis. Og í því trausti, að valið takist vel, sættir meiri hlutinn sig við frumvarpið og leggur til, að það verði samþykt.

Alþingi, 16. maí 1927.

Björn Kristjánsson, form. og frsm.	Jónas Kristjánsson.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrifari.

Nd. **628. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um laun skipherra og skipverja á varðeimskipum ríkisins.

Frá Hákoni Kristóferssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir »6000« kemur: 6600, fyrir »400« kemur: 300, fyrir »7200« kemur: 7500.
2. Við 2. gr.
   a. Fyrir »3500« í 1. málsgrein kemur: 4000, og fyrir »3900« kemur: 5000.
   b. Fyrir »3100« í 2. málsgrein kemur: 3400, og fyrir »3500« kemur: 4000.
   c. Fyrir »2900« í 3. málsgrein kemur: 3500.
3. Við 3. gr.
   a. Fyrir »5000« í 1. málsgrein til enda málsgreinarinnar kemur: 5500 krónur á ári, en launin hækka um 100 krónur á ári í næstu 10 ár, uns þau eru orðin 6500 krónur.
   b. Fyrir »4500« í 2. málsgrein til enda málsgreinarinnar kemur: 5000 kr. á ári, en launin hækka um 100 krónur á ári í næstu 10 ár, uns þau eru orðin 6000 krónur.

c. Fyrir »4000« í 3. málsgrein til enda málsgreinarinnar kemur: 4200 krónur á ári, en launin hækka um 100 krónur á ári í næstu 10 ár, uns þau eru orðin 5200 kr.

d. Fyrir »3000« í 4. málsgrein til enda málsgreinarinnar kemur: 3200 krónur á ári, en launin hækka um 200 krónur á ári í næstu 5 ár, uns þau eru orðin 4200 krónur.

4. Við 5. gr. Fyrir »50« kemur: 100, og fyrir »2200« kemur: 2500.

5. Við 6. gr.

a. Fyrir »2100« í 1. málsgrein, kemur: 2200. Fyrir »50« kemur: 100 og fyrir »2300« kemur: 2500.

b. Fyrir »2000« í 2. málsgrein kemur: 2100, fyrir »50« kemur: 100 og fyrir »2200« kemur: 2400.

6. Við 10. gr. Greinin falli niður.

Ed. **629. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um að kaupa eða leigja flugvjel til póstflutninga á Íslandi.

Frá samgöngumálanefnd.

Þessari tillögu var vísað til nefndarinnar á öndverðu þingi, og hefir því beðið alllengi í nefndinni. Stafar dráttur þessi af því, að nefndin vildi ekki afgreiða tillöguna án þess að leita þeirra upplýsinga, sem tök væru til um svo mikið nýmæli sem hjer er um að ræða. Sneri nefndin sjer því til dr. Alexanders Jóhannessonar, þar sem vitanlegt var, að hann hefir kynt sjer þetta mál öðrum fremur og látið í ljós áhuga sinn á því, bæði í ræðu og riti. Hann hefir því nú eftir tilmælum nefndarinnar, nú um þingtímann, leitað upplýsinga og tilboða hjá flugfjelaginu »Luft-Hansa« í Berlín. Hafa farið bæði brjef og skeyti á milli og kom nú fyrir nokkrum dögum endanlegt tilboð og kostnaðaráætlun um fastar flugferðir, sem »Luft-Hansa« býðst til að annast hjer á landi. Fer hjer á eftir útdráttur úr kostnaðaráætlun fjelagsins.

Fjelagið býðst til þess að senda hingað allstóra flugvjel af gerðinni »Junkers F 13« eða »Dornier Merkur« og reka viðskiftaflug í 4 mánuði samfleytt. Til þessarar starfsemi þarf:

1 flugmálastjóra,
1 flugmann,
2 vjelamenn,
1 sjerfræðing í vjelum o. fl.

Bjóðast þeir til að starfrækja fyrst um sinn eftirfarandi flugsambönd:

Reykjavík—Vestmannaeyjar þrisvar á viku.
Fjarlægð (fram og aftur) 240 km., á mánuði því 3120 km.
Kostnaður 3120 km. á 2,75 mörk ... ... = mk. 8580

Reykjavík—Akureyri þrisvar á viku.
Fjarlægð 500 km. (fram og aftur), á mánuði því 6500 km.
Kostnaður 6500 km. á 2,75 mörk ... ... = mk. 17875

Samtals á mán. mk. 26455

Í kostnaði þessum er innifalið:
a. afborgun á flugvjel.
b. vaxtagreiðsla af fje því, er lagt hefir verið í allan útbúnað (einnig varahlutir).
c. geymsla vjelarinnar.
d. viðgerðarkostnaður.
e. vátrygging á flugvjel.
f. laun flugmanna og annara starfsmanna og aukaþóknun fyrir loknar flugferðir (miðað við km.).
g. efni og olía m. m.
h. flugfregnir og annað, er lýtur að skipulagi flutnings á farþegum og vörum.

Starfræksla flugferða myndi þá kosta í 4 mánuði c. 106000 mörk.

En auk þessa vill fjelagið fá 40000 mörk fyrir að koma skipulagi á flugmál Íslands, og sundurliðast kostnaður sá þannig:

a. flutningur á flugvjel til Hamborgar ... ... mk. 2000
b. kostnaður á flutningi flugvjelar til Íslands og aftur til Þýskalands, umbúðir, varahlutir o. fl. ... ... — 12000

mk. 14000

c. kostnaður, er leiðir af að breyta sjóvjel í landvjel (flotholt) ... ... — 5000
d. ferðakostnaður starfsmanna fram og aftur ... ... — 6000
e. kostnaður við að búa til flugvelli, koma veðurmerkjum og flugmerkjum fyrir ... ... — 15000

Samtals mk. 40000

Upp í kostnað þennan fer alt, sem kemur inn fyrir flugferðir.

Fjelagið býðst til þess, þótt tilboði þessu verði ekki tekið, að vera Íslendingum til aðstoðar um alt, sem lýtur að skipulagi flugferða.

Nefndin lítur svo á, að tilboð þetta sje svo óaðgengilegt, að ekki geti komið til mála að sinna því. Kostnaðaráætlun virðist benda til þess, að svo dýrt sje að reka flugferðir hjer, að það sje algerlega ofvaxið fjárhag ríkissjóðs nú sem stendur.

En jafnvel þótt nefndin geti ekki mælt með því, að þingsályktunartillaga þessi verði samþykt, þá telur hún þó sjálfsagt, að ríkisstjórnin veiti þessu máli athygli og láti rannsaka það eftir því sem tök eru á.

Alþingi, 17. maí 1927.

Jónas Kristjánsson, form. Einar Árnason, fundaskr.

Björn Kristjánsson. M. J. Kristjánsson. Einar Jónsson.

Ed. **630. Lög**

um Landsbanka Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí).

I. kafli.

Skipulag bankans.

1. gr.

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sjerstakri stjórn, svo sem nánar er ákveðið í V. kafla laga þessara. Á Norðurlandamálum er heiti bankans *Islands Nationalbank*, á ensku *The National Bank of Iceland* og á öðrum tungumálum samsvarandi heiti.

Bankinn starfar í þrem deildum með aðgreindum fjárhag, og nefnast þær seðlabanki, sparisjóðsdeild og veðdeild. Skal halda algerlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánum, innlánum, bókfærslu og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans umfram stofnfje það, sem hann leggur seðlabankanum samkvæmt 5. gr., nema sjerstaklega sje ákveðið með lögum.

Nú verður ákveðið með lögum að greina veðdeild eða sparisjóðsdeild eða þær báðar alveg frá bankanum, og gilda ákvæðin í V., VI. og VII. kafla þá eigi lengur fyrir þá deild eða þær deildir, sem þannig verða greindar frá bankanum.

2. gr.

Landsbanki Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess hefir bankinn útibú þar, sem bankaráðið ákveður með samþykki framkvæmdarstjórnar og að fengnu samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál.

II. kafli.

Seðlabankinn.

3. gr.

Seðlabankinn hefir á hendi útgáfu seðla innan þeirra takmarka, er þarf til að fullnægja gjaldmiðilsþörf í innanlandsviðskiftum.

4. gr.

Tilgangur seðlabankans er:

1. Að stuðla að tryggri skipun á peningamálum landsins, með það fyrir augum, að gull og gullgildir seðlar geti sem fyrst orðið og haldi síðan áfram að vera hinn almenni gjaldeyrir í landinu. Í því skyni ber stjórn bankans einkanlega að gæta þess, að fje bankans sje tryggilega fyrir komið til ávöxtunar, og sje jafnan handbært að eins miklu leyti og krefjast verður af seðlabanka. Svo ber og stjórn bankans að afstýra, eftir því sem unt er, með kaupum og sölum á erlendum gjaldeyri og verðbrjefum, sem skráð eru á erlendum kauphöllum, með viðskiftum við aðrar peningastofnanir í landinu og með tilhögun útlánsstarfseminnar, truflun þeirri á peningamálum og atvinnulífi, sem annars má vænta, að almennar hagsveiflur hafi í för með sjer.
2. Að reka bankastarfsemi eftir því, sem nánar er til tekið í lögum þessum.

5. gr.

Stofnfje seðlabankans er 5 milj. kr., sem ríkissjóður leggur honum til, þar af 2 milj. kr. innskotsfje það, er ákveðið var með lögum nr. 50, 10. nóv. 1913, að ríkissjóður legði Landsbankanum. Auk þess skal seðlabankinn safna varasjóði samkvæmt 24. gr.

6. gr.

Seðlabankinn hefir einkarjett til að gefa út bankaseðla eða annan gjaldmiðil, sem komið geti í stað mótaðra peninga og getur gengið manna í milli í stað bankaseðla, með þeirri einni takmörkun, er leiðir af lögum nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Ráðherra sá, er með bankamál fer, ákveður, eftir tillögu bankaráðsins, lögun og útlit seðla þeirra, er bankinn gefur út, og gefur út auglýsingu um það efni, eftir því sem þörf er á. Enginn seðill, er bankinn gefur út, má hljóða um minni upphæð en fimm krónur.

Seðlar þeir, er bankinn gefur út, skulu vera gjaldgengir í ríkissjóð og aðra almenna sjóði hjer á landi og vera löglegur gjaldeyrir manna á milli með fullu ákvæðisverði.

Hver, sem býr til eftirmynd seðla þeirra, er bankinn gefur út, eða falsar þá, skal sæta þeirri refsingu, sem 266. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 ákveður. Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búið er að eftirmynda eða falsa seðilinn, þó að ekki sje búið að láta hann út.

7. gr.

Seðlabankanum er skylt, ef þess er krafist, að greiða seðla þá, er hann hefir gefið út, handhafa þeirra með ákvæðisverði í löglegri og gjaldgengri gullmynt, enda samsvari upphæð seðlanna heilli tölu gullmynta, en í skiftimynt, ef upphæðin er minni. Bankanum er skylt að kaupa af hverjum, er þess æskir, skírt ómyntað gull á 2480 krónur hvert kílógramm, að frádregnum $^1/_2$% í myntgerðarkostnað.

8. gr.

Seðlabankinn gefur út seðla, eftir því sem gjaldmiðilsþörfin krefur, með takmörkunum þeim, sem greinir hjer á eftir, gegn því að bankinn

1. eigi gullforða, er nemi $^8/_8$ af því seðlamagni, sem úti er í hvert skifti. Gullforðinn má þó aldrei fara niður úr 2 miljónum króna.
2. hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlamagnsins, sem ekki er trygður með gullforðanum, þannig að 125 krónur komi á móti hverjum 100 krónum í seðlum.

9. gr.

Til gullforða telst:

a. Lögleg gjaldgeng gullmynt.
b. Ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi minst 2480 kr. fyrir hvert kílógramm af skíru gulli.
c. Innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er, í erlendum bönkum, sem bankaráðið telur fulltrygga og ráðherra samþykkir, að frádregnum samskonar skuldum bankans, þó eigi yfir $^1/_4$ alls gullforðans.

Gullforði bankans samkvæmt a- og b-lið skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum. Þó má til þess hluta gullforðans telja gull það, sem sannað er um, að sje á leið hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 300000 krónur í einu.

10. gr.

Til eignar þeirrar, sem tryggja skal seðlamagn það, er gullforðinn nægir ekki til, teljast:

a. Auðseld opinber verðbrjef eftir gangverði.
b. Önnur verðbrjef, ekki hlutabrjef, sem skráð eru á kauphöllum.
c. Víxlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innanlands eða erlendis.
d. Innieign í erlendum bönkum, sem fellur til útborgunar innan sex mánaða lengst, að frádregnum samskonar skuldum bankans við erlenda banka.
e. Skuldabrjef, gefin út fyrir lánum gegn handveði í samskonar verðbrjefum og þeim, sem greinir í a.- og b.-lið þessarar greinar.

11. gr.

Seðlabankanum skal skylt á hverjum tveggja vikna fresti að gefa ráðherra þeim, er fer með bankamál, skýrslu um seðla í umferð og gullforðann og eign þá, sem samkvæmt 10. gr. er til tryggingar seðlunum. Skulu skýrslur þessar birtar almenningi jafnóðum.

Beri skýrsla með sjer, að meiri seðlar sjeu í umferð en lögmæt trygging

er fyrir, er bankastjórnin skyld að ráða bót á þessu í síðasta lagi innan fjögra vikna frá því skýrslan er gefin.

12. gr.

Bankaráð og framkvæmdarstjórar bera ábyrgð á því, að þeir seðlar, sem í umferð eru, fari aldrei fram úr nauðsynlegum þörfum viðskiftalífsins. Ráðherra sá, er fer með bankamál, getur lagt bann við aukinni útgáfu seðla, ef teljast verður, að hans dómi, umfram nauðsynlegar þarfir viðskiftalífsins.

13. gr.

Seðlabankinn tekur við peningum:

1. Á dálk eða í hlaupareikning, án vaxta eða með vöxtum, eftir ákvörðun bankaráðs og framkvæmdarstjórnar, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð bankans.
2. Til geymslu.

14. gr.

Seðlabankanum er heimilt:

1. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands.
2. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis.

   Víxlar þeir, sem greinir í 1. og 2. tölulið, mega ekki vera með lengra gjaldfresti en 6 mánuðum, og má eigi endurnýja þá meira en 6 mánuði samtals.
3. Að kaupa víxla, sem greiðast eiga innanlands, með alt að 12 mánaða gjaldfresti, gegn tryggu handveði eða fasteignarveði.
4. Að kaupa og selja dýra málma.
5. Að veita reikningslán gegn handveði eða fasteignarveði, og sjeu þau lán uppsegjanleg með 3 mánaða fyrirvara.
6. Að kaupa og selja skuldabrjef ríkja, bæjar- og sveitarfjelaga og önnur tryggg og auðseljanleg verðbrjef. Hlutabrjef má seðlabankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annara.
7. Að lána út á verslunarvörur, sem eigi er hætta á að skemmist á stuttum tíma, og má ekki lána út á þær meira en $^2/_3$ gangverðs og eigi lengur en í 3 mánuði.

15. gr.

Seðlabankinn má taka lán gegn tryggingu í sjálfs síns eignum. Til þess að setja tryggingu þarf samþykki bankaráðs og ráðherra.

16. gr.

Seðlabankinn tekur til geymslu gegn gjaldi dýra málma, verðmæta hluti og verðbrjef. Hann getur tekið að sjer að annast innheimtu á vöxtum og afborgunum af verðbrjefum, á arðmiðum og á útdregnum skuldabrjefum. Einnig getur hann tekið verðmæti til geymslu í lokuðum hólfum eða innsiglað.

17. gr.

Seðlabankinn má annast allskonar innheimtur á fjárhæðum fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, bæði hjerlendis og erlendis.

18. gr.

Seðlabankinn hefir á hendi án endurgjalds öll framkvæmdarstörf viðvíkjandi skiftimynt þeirri, er ríkisstjórnin gefur út, þar á meðal að halda saman mynt, sem ónothæf er orðin. Bankinn er skyldur til að taka við hvaða upphæð sem er í löglegri íslenskri skiftimynt. Nú hefir bankinn í sjóði meiri íslenska skiftimynt en framkvæmdarstjórn bankans þykir þörf á vegna viðskifta bankans, og er bankanum þá rjett að afhenda ríkisstjórninni það, sem umfram er, gegn greiðslu í öðrum löglegum gjaldeyri.

19. gr.

Framkvæmdarstjórn seðlabankans og bankaráðinu er skylt að gæta þess, að bankinn hafi jafnan, auk þeirra vissu og auðseldu eigna, sem ræðir um í 8. gr. 2. tölulið og 10. gr., hæfilega mikið af samskonar eignum í hlutfalli við þær skuldbindingar bankans, sem gengið verður eftir án fyrirvara. Enn fremur ber bankastjórninni, eftir því sem aukning á slíkum skuldbindingum seðlabankans gefur tilefni til, að leitast við að auka gullforða bankans eða innieignir hans erlendis.

20. gr.

Seðlabankinn má eigi veita ríkissjóði önnur lán en bráðabirgðalán til alt að þriggja mánaða í einu og ekki hærri upphæð en svo, að nemi $^1/_4$ af stofnfje bankans. Allar slíkar skuldir ríkissjóðs skulu goldnar að fullu fyrir lok hvers reikningsárs.

Þetta ákvæði skal þó ekki vera því til fyrirstöðu, að bankinn veiti fyrirtækjum, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs, lán eftir sömu reglum og einstökum mönnum eða fyrirtækjum einstakra manna.

21. gr.

Starfsár seðlabankans er almanaksárið. Ársreikning seðlabankans skal birta í Stjórnartíðindunum, og skal hann saminn svo snemma, að hann verði birtur í síðasta lagi 3 mánuðum eftir árslok. Auk þess skal við hver mánaðamót birta stutt yfirlit yfir hag bankans. Reikningurinn skal endurskoðaður af 2 bókhaldsfróðum endurskoðendum, sem ráðherra skipar eftir tillögum bankaráðsins til 3 ára í senn. Þeir skulu rannsaka reikninginn og bera saman við bækur bankans og heimafje. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje bankans og eignir sjeu fyrir hendi. Að öðru leyti ber þeim að hafa eftirlit með reikningsfærslu og bókhaldi bankans og gera tillögur til bankaráðsins um umbætur í því efni, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Þóknun handa endurskoðendum skal ákveðin í reglugerð seðlabankans.

22. gr.

Reikninginn skal gera upp svo sem fyrir er mælt í reglugerð seðlabankans. Á reikningnum skal telja skuldir bankans í erlendri mynt og innieignir bankans erlendis, svo og hverskonar verðbrjef, með því gangverði, sem skráð er

31. desember. Ef bankinn hefir keypt greind verðbrjef lægra verði en því, sem skráð er 31. desember, má telja þau á reikningnum með kaupverðinu.

Ráðherra úrskurðar ársreikninga bankans.

23. gr.

Af tekjum á árinu greiðist:

1. Allur kostnaður og rekstrarútgjöld; þó má skifta kostnaði við seðlagerð og bankabyggingar niður á alt að 10 ár.
2. Tap, sem lokið er uppgerð á, og tap, sem telja verður orðið, enda þótt ekki sje lokið uppgerð á því.
3. Enn fremur má leggja til hliðar hæfilega fjárhæð fyrir tapi, sem búast má við.

24. gr.

Af tekjuafgangi hvers árs fær ríkissjóður greiddar 6% af stofnfjenu, þó aldrei meira en helming tekjuafgangsins. Hinn hluti tekjuafgangsins rennur í varasjóð. Þegar varasjóður er orðinn 4 miljónir króna, skiftist arður seðlabankans að helmingi milli varasjóðs og ríkissjóðs. Ef seðlabankinn verður fyrir tapi eftir að varasjóður er orðinn 4 miljónir króna, sem setur varasjóð niður úr þeirri fjárhæð, skiftist tekjuafgangurinn eftir sömu reglu og áður en varasjóður náði 4 miljónum króna uns hann hefir aftur náð þeirri fjárhæð.

25. gr.

Ef árstekjur bankans hrökkva ekki til að bera tap það, sem um ræðir í 23. gr. 2. og 3. tölulið, ber varasjóður það, sem á vantar.

26. gr.

Seðlabankinn skal eiga fjárhæð, er nemi 1/3 af varasjóði bankans, í:

1. auðseldum erlendum ríkisskuldabrjefum,
2. kröfum á erlenda banka, er verða greiddar innan 6 mánaða, að frádregnum samskonar skuldum bankans.

Komi það fyrir, að bankinn verði að skerða þessa eign, skal hún jafnskjótt og unt er aukin aftur, svo að fullnægi ákvæðum þessarar greinar.

III. kafli.

Sparisjóðsdeild bankans.

27. gr.

Sparisjóðsdeild tekur við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum.

28. gr.

Sparisjóðsdeild bankans er heimilt:

1. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands.

2. Að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfsskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabrjef ríkja, bæjar- og sveitarfjelaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbrjef. Hlutabrjef má sparisjóðsdeildin ekki kaupa eða selja nema í umboði annara.
6. Að annast að öðru leyti venjuleg sparisjóðsstörf.

29. gr.

Sparisjóðsdeild skal eiga að minsta kosti sem svarar 15% af innlánsfje með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbrjefum, svo sem ríkisskuldabrjefum, veðdeildarbrjefum eða jarðræktarbrjefum og öðrum jafntryggum verðbrjefum. Verðbrjefaeign þessi skal aukin upp í 30% svo fljótt sem bankaráðinu þykir tiltækilegt. Ef vafi þykir leika á, hvaða verðbrjef fullnægi ákvæðum þessarar greinar, sker bankaráðið úr.

30. gr.

Sparisjóðsdeildin skal taka þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn, rekstur og húsnæði bankans eftir ákvörðun bankaráðsins. Allur tekjuafgangur rennur í varasjóð deildarinnar, enda ber hann töp þau, sem deildin kann að verða fyrir og eigi verða greidd af árstekjum hennar. Um endurskoðun og reikningsskil fer eftir ákvæðum 21.—23. gr.

31. gr.

Sparisjóðsdeildin með útibúum sínum lýtur öllum ákvæðum hinnar almennu löggjafar um sparisjóði, nema öðruvísi sje ákveðið í þessum lögum.

IV. kafli.

Veðdeild bankans.

32. gr.

Veðdeild annast útlánsstarfsemi gegn veði í fasteignum á Íslandi, samkvæmt sjerstökum lögum og reglugerðum.

V. kafli.

Stjórn bankans.

33. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum 5 manna bankaráðs og ráðherra þess, er fer með bankamál, samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum þessum.

34. gr.

Formann bankaráðsins skipar ríkisstjórnin til 3 ára í senn, svo og varaformann. Hina 4 bankaráðsmennina kýs sameinað Alþingi hlutbundnum kosningum til 4 ára í senn, svo og 4 varamenn til jafnlangs tíma. 2 bankaráðsmenn og 2 varamenn ganga úr annaðhvert ár, og ræður hlutkesti hvorir 2 bankaráðsmenn og varamenn ganga úr í fyrsta skifti. Bankaráðsmenn og varamenn má endurkjósa.

Ef formaður og varaformaður fellur frá, eða verður óhæfur til starfsins áður en starfstími hans er á enda, skipar ríkisstjórnin nýjan formann eða varaformann. Og ef þingkjörinn bankaráðsmaður og varamaður hans fellur frá, eða verður óhæfur til starfsins milli þinga, setur ríkisstjórnin menn í þeirra stað til næstu þingloka.

Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík, eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sje auðvelt að sækja bankaráðsfundi endurgjaldslaust hvenær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 4000 kr. í ársþóknun, hinir bankaráðsmennirnir 2000 kr. hver. Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

35. gr.

Engan má kjósa í bankaráð nema hann sje lögráða, hafi óflekkað mannorð og sje fjár síns ráðandi. Ef bankaráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans er á enda, hættir hann þegar störfum í ráðinu.

36. gr.

Bankaráðið ræður aðalbankastjóra og tvo aðra bankastjóra. Eru þeir framkvæmdarstjórn bankans. Skulu þeir ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, jafnt aðalbankastjóra sem hinum bankastjórunum, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega sem ekki er um að ræða afbrot af hálfu bankastjórans, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Ennfremur getur ráðherra sá, sem fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávikna bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Laun aðalbankastjóra skulu ákveðin af bankaráðinu með samningi. Skulu þau vera fastbundin árslaun og mega ekki að neinu leyti vera miðuð við rekstrarhagnað bankans. Hinir bankastjórarnir hafa að árslaunum 12000 krónur hvor.

Bankaráðið getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fje bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum handa bankastjóranum, og 25% af launum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skifti.

Bankaráðið getur einnig veitt fráförnum aðalbókara, aðalfjehirði og fjehirði og ekkjum þeirra eftirlaun af fje bankans eftir sömu reglum.

37. gr.

Bankaráðsmenn skulu hafa daglegt eftirlit í bankanum, þannig, að formaður bankaráðsins skal framkvæma eftirlitsstarfið daglega, en hinir bankaráðsmennirnir að öllum jafnaði tveir í senn á víxl annanhvern dag ásamt formanninum. Þeir skulu grannskoða allar framkvæmdir bankastjórnarinnar og alt það, sem fer fram í hinum ýmsu starfsgreinum bankans.

Bankaráðið heldur fundabók, sem í er ritað það helsta, sem fram fer á fundum þess, og allar ályktanir. Til þess að gerð verði gild ályktun verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Það ákveður, hvenær bankastjórarnir skuli mæta á fundum þess. Reglulega fundi skal bankaráðið halda að minsta kosti í 1. og 3. viku hvers mánaðar.

Fundabók þessi skal svo lögð fyrir fjárhagsnefndir Alþingis í hvert skifti er það kemur saman.

Ennfremur skal bankaráðið skýra Alþingi frá:

1. Ástandi bankans í öllu tilliti og hvernig bankanum hefir verið stjórnað.
2. Hvort nokkuð hefir verið vanrækt, sem gera hefði átt, eða hvort fyrirkomulaginu þurfi að breyta til bóta í einhverjum efnum.

Bankaráðið velur mann af starfsmönnum bankans til að rannsaka útibú bankans eftir þörfum, eða mann úr sínum hópi.

Á hverjum reglulegum fundi skal framkvæmdarstjórnin leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, um verðbrjefaeign hans, um innlánsfje í honum og um það, hve mikið af því megi taka út fyrirvaralaust, um slíkar kröfur erlendar, um seðlaveltu, gullforða og innieignir erlendis og annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

38. gr.

Bankaráðinu ber, auk þess sem áður segir:

a. Að koma fram fyrir hönd bankans gagnvart dómstólunum, yfirvöldum og gagnvart þriðja manni. Ráðið getur úrskurðað um öll mál bankans, sem ekki er áskilið ráðherra að úrskurða um.
b. Að hafa umsjón og eftirlit með eignum bankans og starfsemi hans, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð bankans.
c. Að ákveða verkaskifting milli aðalbankastjóra og hinna bankastjóranna og setja bankastjórunum erindisbrjef,
d. Að skipa stjórnendur útibúa bankans og víkja þeim frá, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar.
e. Að skipa aðalbókara, aðalfjehirði og fjehirði bankans, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar, svo og að ákveða, hversu hátt veð fjehirðar skuli setja.
f. Að ákveða laun starfsmanna bankans, setja reglugerð um eftirlaunasjóð handa starfsmönnum bankans og úrskurða um eftirlaun þeirra.
g. Að ákveða með samþykki framkvæmdarstjórnar og að fengnu samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál, hvar bankinn skuli hafa útibú.
h. Að ákveða ásamt framkvæmdarstjórninni forvexti og útlánsvexti bankans.

i. Að ákveða ásamt framkvæmdarstjórninni, hve mikið af starfsfje bankans megi vera bundið í hverri atvinnugrein á hverjum tíma og ákveða aðrar almennar reglur um starfrækslu bankans.
j. Að úrskurða um deilur, sem upp kunna að koma milli starfsmanna bankans og bankastjóranna.
k. Að taka ákvarðanir um eftirgjafir á skuldum án gjaldþrotaskifta. Að jafnaði skal Landsbankinn ekki veita neinum skuldunaut eftirgjöf á lánum, nema árangurslaust fjárnám sje á undan gengið, eða samkvæmt opinberum nauðasamningi, þegar við getur átt.
l. Að ákveða, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar, hverjir starfsmenn bankans skuli ásamt bankastjóra geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni, svo og að ákveða, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans skuli geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum hans (39. gr.).
m. Að sjá um endurskoðun á reikningum bankans og ganga eftir því, að endurskoðendur ræki vel starf sitt.
n. Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu, er ráðherra staðfestir.
o. Að gera út um ágreining milli bankastjóranna (sbr. 39. gr.).
p. Að gera ályktun um þau mál, sem framkvæmdarstjórnin leggur fyrir bankaráðið.

Bankaráðið ákveður, hve mikið af starfsfje bankans skuli fengið hverju útibúi til umráða, enda komi samþykki framkvæmdarstjórnar til.

39. gr.

Aðalbankastjóri, er hafi víðtæka þekkingu og reynslu í viðskiftamálum, hefir æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans.

Í forföllum hans kemur sá hinna bankastjóranna, sem er eldri í stöðunni, eða sá, sem eldri er að árum, ef báðir eru jafngamlir í stöðunni. Að öðru leyti fer um skiftingu starfa milli bankastjóranna eftir reglugerð bankans og ákvörðun bankaráðs.

Framkvæmdarstjórnin ráðstafar fje bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sje í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

Framkvæmdarstjórarnir halda fundabók, sem í eru ritaðar allar ályktanir, sem gerðar eru á fundum þeirra. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 2 bankastjórar að taka þátt í atkvæðagreiðslu, enda sjeu þeir sammála. Að jafnaði skulu engar meiri háttar ráðstafanir gerðar, ef einn bankastjóri mótmælir, og alls ekki ef aðalbankastjóri er þeim mótfallinn. Nú er ályktun gerð, sem einn bankastjóri er mótfallinn, og á hann þá rjett á að bóka rökstutt ágreiningsatkvæði í fundabókina.

Allir viðstaddir bankastjórar skrifa undir fundabókina í hvert skifti, er fundur er haldinn.

Framkvæmdarstjórnin heldur og 3 dagbækur, sína fyrir hverja deild bankans, og skal daglega í þær rita allar lánveitingar og lánsynjanir.

Fundabókin og dagbækurnar skulu daglega lagðar fyrir bankaráðið, undirskrifaðar af öllum viðstöddum bankastjórum.

Nú er bankastjóri fjarverandi, og ber hann fulla meðábyrgð á því, sem framkvæmt hefir verið í fjarveru hans, nema hann skrifi ágreiningsatkvæði um það, sem hann er ósamþykkur, í fundabókina eða dagbækurnar.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt (sbr. 38. gr.) að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar, og eigi aðrir, svo gilt sje.

40. gr.

Framkvæmdarstjórnin ræður alla þá starfsmenn bankans, sem bankaráðinu er eigi falið sjerstaklega að ráða, samkvæmt 38. gr., og segir þeim upp. Starfsmenn bankans skulu að jafnaði ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

41. gr.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir má eigi greiða neina fjárbæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkvæmt 38. gr. l.

42. gr.

Ekki mega bankastjórar hafa embættisstörf á hendi, ekki reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega bankastjórar nje starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, nema veðdeild, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

Bankaráðsmenn mega ekki hafa milligöngu um lántökur annara í bankanum.

43. gr.

Bankaráð, framkvæmdarstjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um alt það, er snertir hagi viðskiftamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

44. gr.

Stofna skal eftirlaunasjóð handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra og ómegð, og skal bankinn leggja fram til stofnunar hans 25000 krónur í eitt skifti fyrir öll. Allir, sem verða fastráðnir starfsmenn í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu skyldir til að greiða í sjóðinn 3% af árs-

launum sínum, og leggur bankinn sjóðnum til jafnháa fjárhæð árlega. Þeir, sem eru fastráðnir starfsmenn bankans, er lögin ganga í gildi, öðlast rjett til styrks úr sjóðnum samkvæmt reglugerð hans, ef þeir greiða gjald þetta frá þeim tíma. Heimilt er bankaráðinu að greiða þeim til viðbótar af fje bankans, svo að þeir njóti eigi minni styrks í heild en tilsvarandi starfsmenn, sem verða fastráðnir í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi.

Bankaráðið ákveður með reglugerð um fyrirkomulag sjóðsins, skilyrði fyrir greiðslum úr honum og annað, sem þar að lýtur.

Þessi grein tekur ekki til bankastjóranna.

VI. kafli.

Sjerrjettindi bankans.

45. gr.

Gjaldist viðtökuskírteini, er bankinn hefir gefið út fyrir handveði eða geymslufje eða fyrir innláni, eða viðskiftabók fyrir sparisjóðsinnlagi eða öðrum innlögum, getur framkvæmdarstjórn bankans stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskírteinis eða viðskiftabókar með 6 mánaða fyrirvara, og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í tíðindum þeim, er fyrir skulu stjórnarvaldaauglýsingar hjer á landi, og ef enginn hefir sagt til sín áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefir viðtökuskírteinið eða viðskiftabókina, án þess nokkur annar, er viðtökuskírteinið eða viðskiftabókin kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

46. gr.

Fje ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í bankanum. Landsbankinn með útibúum sínum hefir einn, að því er við verður komið, heimild til að taka við geymslufje (depositum).

47. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrsetning eða löghaldi meðan það stendur þar.

48. gr.

Bankanum er heimilt að áskilja sjer hærri vexti en 6% um árið af útlánum gegn fasteignarveði.

49. gr.

Nú er óskað láns gegn fasteignarveði, og skal þá gefa vottorð um fasteignina úr afsals- og veðmálabókum kauplaust, þegar stjórn bankans krefst þess, enda sje vottorðið ætlað bankanum einum til afnota.

50. gr.

Bankinn getur löglega samið svo við skuldunauta sína, að þeir taki upp í veðskuldabrjef sín til bankans ákvæði það, er getur um í tilskipun 18. febrúar 1847, 10. gr., um fje ómyndugra á Íslandi.

51. gr.

Eigi missir bankinn kröfu sína, þótt veðið glatist fyrir óhapp.

52. gr.

Bankinn hefir rjett til að láta starfsmenn sína selja verðbrjef og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur, eða menn vita ekki um heimili hans, og þá skal bankinn stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa veðið, með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birta skal í stjórnarvaldaauglýsingar.

53. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnist, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs, eða annara stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar af hlutabrjefum eða skuldabrjefum bankans, hlutabrjef bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

54. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða á gjaldþrotaskiftum, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Landsbankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert viðvart svo tímanlega, að hægt sje að mæta eða láta mæta við uppboðið.

VII. kafli.

Bráðabirgðaákvæði.

55. gr.

Kosning í bankaráðið fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1927. Þegar eftir að lög þessi öðlast gildi skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál, formann bankaráðsins. Ráðherra sjer síðan um, að fram fari úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins. Bankaráðið sjer um, að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum komist að fullu í framkvæmd þegar eftir að úttekt er lokið, þó eigi síðar en 1. janúar 1929.

56. gr.

Bankaráðið sjer um framkvæmd á skiftum milli seðlabankans og sparisjóðsdeildar, og skulu þau skifti vera komin í framkvæmd að fullu fyrir árslok 1930. Um reikningsskil milli deildarinnar og seðlabankans fer eftir nánari ákvörðun bankaráðsins, þar til skiftum er lokið.

Af varasjóði bankans, eins og hann verður þegar skiftum er lokið, fær sparisjóðsdeildin helminginn og seðlabankinn helminginn.

Þangað til varasjóður sparisjóðsdeildarinnar hefir náð fullum 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu ber seðlabankinn ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðsdeildar með upphæð, sem nemur innskotsfje ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 50, 10. nóv. 1913.

57. gr.

Launaákvæði laga þessara ná ekki til núverandi bankastjóra. Meðan þeir gegna bankastjórastöðu við Landsbankann, halda þeir núverandi launum sínum, nema öðruvísi semjist. Um uppsögn núverandi bankastjóra skulu sömu reglur gilda og í gildi voru, er þeir tóku sæti í bankastjórninni. Aðalbankastjóra skal ráða þegar eitt sæti losnar í bankastjórninni. Bankastjórar, aðrir en aðalbankastjóri, svo og allir bankaráðsmennirnir, fá dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni; dýrtíðaruppbótin reiknast með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins.

Jafnskjótt sem núverandi bókari, aðalfjehirðir eða fjehirðir láta af stöðum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum laga þessara.

58. gr.

Þangað til lög verða sett um opinbera verðbrjefaverslun og kauphingsskráningu verðbrjefa skal bankanum skylt að kaupa af almenningi og selja almenningi trygg innlend verðbrjef, þau er ræðir um í 29. gr., gangverði, sem ákveðið sje af bankaráði, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar, eigi sjaldnar en einu sinni á viku, og birt almenningi með auglýsingu á áberandi stað í aðalafgreiðslustofu bankans og útibúa hans.

Bankinn er þó undanþeginn skyldum þeim, er ræðir um í þessari grein, annaðhvort um kaup eða sölu, ef eign bankans í slíkum verðbrjefum fer fram úr því eða niður fyrir það, sem framkvæmdarstjórn bankans telur hæfilegt.

59. gr.

Ákvæði 7. gr. ganga í gildi þegar Alþingi ákveður. Þangað til getur ráðherra veitt bankanum undanþágu frá ákvæði 9. gr. c.-lið, um að innstæður erlendis megi ekki fara fram úr 1/4 alls gullforðans. Ákvæði 26. gr. um varasjóð ganga þá um leið í gildi.

60. gr.

Auk hinna gulltryggðu seðla er bankanum heimilt að gefa út alt að 1 miljón króna. Seðlamagn þetta skal minka um 100000 kr. fyrir 1. nóvember 1927 og úr því árlega um sömu upphæð.

61. gr.

Bankinn gengur inn í kaup ríkissjóðs á gullforða Íslandsbanka samkvæmt 3. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921.

62. gr.

Heimilt er ráðherra að taka nauðsynleg lán til greiðslu á stofnfje bankans samkvæmt 5. gr. þessara laga.

63. gr.

Ákvæði 20. gr. um lán til ríkissjóðs taka eigi til þeirra lána, sem ríkissjóður hefir frá Landsbankanum þegar lög þessi öðlast gildi.

64 gr.

Landsbankinn endurkaupir af Íslandsbanka góða viðskiftavíxla gegn forvöxtum, sem sjeu ekki minna en 1% lægri en forvextir Íslandsbanka, þó aldrei lægri en 1% undir forvöxtum Landsbankans til peningastofnana, fyrir alt að $^5/_8$ þeirrar upphæðar, sem Íslandsbanki hefir á hverjum tíma dregið inn af seðlaveltu sinni, miðað við 31. okt. 1922; en þá telst seðlavelta Íslandsbanka hafa verið 8 miljónir króna. Eftir að Íslandsbanki hefir dregið inn alla seðla sína minkar fjárhæð sú, sem Landsbankinn endurkaupir með þessum kjörum, um $^1/_2$ miljón króna á ári hverju, þar til hún hverfur alveg.

Meðan Íslandsbanki hefir á hendi seðlaútgáfu, eða ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum fyrir hann, og einhverjir af bankastjórum hans þess vegna eru skipaðir af ríkisstjórninni, sbr. 6. gr. laga nr. 61 1921, skulu ákvæði fyrstu málsgreinar 42. gr. einnig taka til þeirra bankastjóra.

VIII. kafli.

Niðurlagsákvæði.

65. gr.

Lög nr. 14, 18. september 1885, um stofnun Landsbanka, lög nr. 2, 12. janúar 1900, um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885, lög nr. 28, 22. október 1912, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun Landsbanka, lög nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885 m. m., og lög nr. 37, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun Landsbanka, eru úr gildi numin.

66. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **631. Lög**

um sorphreinsun og salernahreinsun á Akureyri.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí).

1. gr.

Bæjarstjórnin getur tekið að sjer sorphreinsun og salernahreinsun í öllum bænum, eða nokkrum hluta hans.

Til þess að standa straum af kostnaði þeim, sem af hreinsuninni leiðir, skal bæjarstjórn heimilt að leggja gjald á hús þau, sem hreinsað er fyrir, eftir reglugerð, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og sje gjaldið miðað við það, hve oft er hreinsað.

Húseigandi greiðir gjaldið.

2. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki sem önnur gjöld til bæjarsjóðsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **632. Lög**

um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí).

1. gr.

Enginn má reka tilbúning á vörutegund, sem toll ber af að greiða samkvæmt tolllögum, ef hún er flutt til landsins frá útlöndum, nema hann hafi fengið leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem framleiðslan fer fram. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr. til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs.

2. gr.

Fyrir tollvörutegundir, sem tilbúnar eru hjer á landi, skal greiða gjald í ríkissjóð, er miða skal við aðflutningsgjaldið á hverri tollvörutegund eftir tolllögum þeim, er gilda hverju sinni, þannig:

a. Fyrir tóbaksvindla og vindlinga: hálft aðflutningsgjald.
   Með vindlingum skal greiða gjald af umbúðum þeim, pappír, öskjum eða dósum, sem þeir eru seldir í.
b. Fyrir brjóstsykur og konfekt: þriðjung aðflutningsgjalds.

c. Fyrir kaffibæti og óáfeng vin: hálft aðflutningsgjald.
d. Fyrir ávaxtasafa, öl, límonaði og aðra samskonar drykki, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, 1/8 aðflutningsgjalds. Af sódavatni greiðist ekkert gjald.

3. gr.

Efnivörur til framleiðslu innlendrar tollvörugerðar skulu undanþegnar verðtolli. Þau iðnaðarfyrirtæki, sem reka vörugerð, er fellur undir c- og d-lið 2. gr. og stofnsett eru fyrir 1. janúar 1927, skulu til ársloka 1935 njóta ívilnunar fyrir þann hluta af árlegri framleiðslu sinni, er samsvarar allri framleiðslu ársins 1926, þannig, að gjaldið fyrir þetta framleiðslumagn færist niður í 1/6 aðflutningsgjalds.

Samskonar ívilnanir má veita samkynja iðnaðarfyrirtækjum, er taka til starfa á tímabilinu frá 1. janúar til 1. júlí 1927, fyrir vörumagn, er samsvarar fyrstu ársframleiðslu þeirra, þó eigi fyrir meira vörumagn en ársframleiðslu eldri samkynja fyrirtækja árið 1926.

Lögreglustjóri ákveður það vörumagn, er njóta skal þessarar ívilnunar, að fengnum upplýsingum frá hlutaðeiganda, er hann telur fullnægjandi.

4. gr.

Vörugerðarmaður skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en varan er látin burt frá honum, seld eða send til umboðssölu. Nær þetta ákvæði til allrar þeirrar vöru, sem er látin burt, seld eða send til umboðssölu eftir að lög þessi öðlast gildi.

5. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar verða eftir lögum þessum, er vörugerðarmaður lætur þær af hendi, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og fyrir sektum. Sjeu rjett skil ekki gerð, getur lögreglustjóri selt þær birgðir af tilbúinni gjaldskyldri vöru, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til gjaldskyldrar vöru eða efnis í hana, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

6. gr.

Ráðherra setur reglugerð um vörugerðina, um afhendingu og sölu varanna, um bókhald vörugerðar og eftirlit með því og um annað það, er þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtuna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, þar á meðal dagsektir.

Í reglugerðinni má heimila lögreglustjóra að veita vörugerðarmanni gjaldfrest, gegn tryggingu, er lögreglustjóri telur gilda, þó aldrei lengur en svo, að allt áfallið gjald sje að fullu greitt í lok hvers ársfjórðungs.

Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samviskuvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

7. gr.

Brot gegn fyrirmælum laga þessara, eða gegn reglugerð, er sett verður samkvæmt 6. gr. þeirra, varða sektum, alt að 500 krónum. Nú verður vörugerðarmaður uppvís að því að hafa sagt rangt til um vörugerð sína eða birgðir, eða selt af birgðum í heimildarleysi án þess að gjaldið sje greitt, og varðar það þann, sem brotið hefir, sektum frá 100 til 1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefir reynt að draga undan.

8. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða gegn reglugerð, sem sett er samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir allar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt þeim reglum, er gilda um opinber reikningsskil.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31, 28. nóv. 1919. Leyfisbrjef til vörugerðar, er gefin hafa verið út samkvæmt þeim lögum, halda gildi sínu.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Ed. **633. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 619 [Greiðsla verkkaups].

Frá Jóni Baldvinssyni.

Á eftir »vikulega« bætist inn orðin: að minsta kosti.

Ed. **634. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Verkafólki, sem vinnur daglaunavinnu í landi við verksmiðjur, verslanir, byggingar, ístöku og útgerð og ennfremur við fermingu og affermingu

skipa og báta, skal greitt út verkkaupið vikulega að minsta kosti, nema öðruvísi sje um samið.

Ákvæði þetta nær þó ekki til venjulegrar sveitavinnu, þar sem verkafólkið fær húsnæði og fæði sem hluta verkkaupsins.

2. gr.

Nú vinnur verkafólk slík verk, sem um getur í 1. gr. fyrstu málsgrein, í ákvæðisvinnu, og skal þá verkkaupið greitt út að minsta kosti vikulega, ef verkinu, sem kauptaxtinn eða umsamin upphæð verkkaups miðast við, er lokið á þeim tíma, en ella, sje ekki öðruvísi um samið, þegar verkinu er lokið.

3. gr.

Heimilt er verkafólki að krefjast þess, að mál út af greiðslu verkkaups samkvæmt lögum þessum sæti meðferð einkalögreglumála. Má þá reka mál í þeirri þinghá, þar sem verkið hefir verið unnið, og skoðast atvinnurekandi eða umboðsmaður hans þar sem aðili, þótt þeir eigi heimilisvarnarþing annarsstaðar.

Rjettargjöld skulu eigi greidd í málum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **635. Þingsályktun**

um lánsstofnun handa bátaútveg landsins.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að rannsaka, á hvern hátt megi koma upp lánsstofnun eða lánsstofnunum í líkingu við ræktunarsjóð Íslands, sem veitt gæti bátaútveg landsins rekstrarfje með aðgengilegri kjörum en nú eru þau.

Nd. **636. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

(Eins og það var að lyktum samþykt og afgreitt frá Nd. 18. maí).

Eftirskráðar breytingar skulu gerðar á þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar: 18. gr., 19. gr., 26. gr., 27. gr., 28. gr., 29. gr., 30. gr., 31. gr., 38. gr. og ákvæðum um stundarsakir.

1. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 18. gr. komi: annaðhvert ár. — Aftan við greinina komi tvær nýjar málsgreinir, svo hljóðandi:

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukaþing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Það þing má ekki sitja lengur en 4 vikur án samþykkis konungs.

Með lögum má ákveða, að reglulegt Alþingi skuli háð árlega.

2. gr.

Í stað orðanna »á ári« í niðurlagi 19. gr. komi: fundum sama þings.

3. gr.

Í stað »40« í fyrstu málsgr. 26. gr. komi: 42.
Í stað »26« í annari málsgr. sömu gr. komi: 28.
Í stað »34« í þriðju málsgr. sömu gr. komi: 36.

4. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

5. gr.

28. grein stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Deyi þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, á kjörtímanum, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt og þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum. Sama er og ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaþing, eða það sem eftir er af því þingi.

6. gr.

Síðustu málsgr. 29. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 30 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga um land alt. Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningarnar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

7. gr.

Í stað tölunnar »35« í 30. gr. stjórnarskrárinnar skal koma: 30.

8. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 31. gr. skal koma: annaðhvert ár.

9. gr.

Í stað orðsins »fjárhagsár« í 38. gr. komi: fjárhagstímabil.

10. gr.

Stjórnarskipunarlög þessi öðlast þegar gildi, er konungur hefir staðfest þau.

11. gr.

Í stað 2. ákvæðis um stundarsakir komi:

2. Umboð landskjörinna þingmanna og varamanna falla niður við næstu almennar alþingiskosningar eftir 9. júlí 1930.

12. gr.

Á eftir 3. ákvæði um stundarsakir komi ný málsgr., svo hljóðandi:

4. Ef stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi meðan Alþingi 1928 á setu, má á því þingi setja fjárlög fyrir bæði árin 1929 og 1930, enda þótt frumv. til þeirra hafi ekki verið lagt fyrir það í þingbyrjun.

Nd. **637. Varatillaga**

við brtt. 2. a. á þskj. 628. [Laun skipverja á varðskipum].

Frá Hákoni Kristóferssyni.

Fyrir »3500« í 1. málsgr. 2. gr. kemur: 3700, og fyrir »3900« í sömu málsgr. kemur: 4100.

Ed. **638. Nefndarálit**

um frv. til laga um samskóla Reykjavíkur.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir ekki getað fylgst að í þessu máli, og mun minni hlutinn (J. J.) gera grein fyrir afstöðu sinni til þess í sjerstöku nefndaráliti eða í háttv. deild.

Frv. þessu var vísað til nefndarinnar 11. f. m., og voru þá ýms eldri mál óafgreidd hjá nefndinni, t. a. m. frv. um heimavistir við Mentaskólann. Allir meðlimir mentamálanefndarinnar voru og meðlimir stjórnarskrárnefndar þessarar háttv. deildar, og er stjórnarskipunarlagafrv. kom aftur upp frá háttv. Nd., var

það mál látið sitja fyrir öðrum málum. Tveir af nefndarmönnum eru og í fjárveitinganefnd þessarar deildar og urðu að verja mestöllum þeim tíma, sem til vanst frá deildarfundum, til fjárlagafrv., meðan það var á ferðinni hjer í deildinni.

Af þessum ástæðum hefir nefndin ekki haft nægan tíma til þess að sinna þessu frv., og játar það fúslega. Hinsvegar telur meiri hlutinn ekki annað fært en að láta málið koma frá nefndinni til háttv. deildar.

Við erum að mörgu leyti sammála meiri hluta mentamálanefndar háttv. Nd., og getum við því vísað til nefndarálits hennar (þingskjal 197).

Við teljum ekki eiga heima í lögum eins og þessum, að ákveða um ríkissjóðsstyrk til Samvinnuskólans í framtíðinni, og leggjum því til, að það ákvæði verði felt úr frv.

Okkur finst heldur ekki ástæða til að ákveða tölu fastra kennara við samskólana frekar en gert er í 1. málsgr. 9. gr., og leggjum því til, að önnur málsgrein verði feld niður.

Þá álítum við og, að gerlegt sje að skylda kennarana til þess að kenna 30 stundir á viku, og komum fram með br.tillögu í þá átt.

Að öðru leyti getum við fallist á hið fyrirliggjandi frv. sem samningagrundvöll, og leyfum okkur að leggja til, að það verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Orðin: „þar til slík .... en hann hefir nú“ í 2. málsgrein falli niður.
2. Við 9. gr.
   a. 2. málsgrein falli niður.
   b. Í stað tölunnar „27“ í 3. málsgrein, kemur: 30.

Alþingi, 18. maí 1927.

Ingibjörg H. Bjarnason, form., frsm. meiri hl.

Jóh. Jóhannesson.

Nd. **639. Lög**

um laun skipherra og skipverja á varðeimskipum ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí).

1. gr.

Skipherrar hafa að byrjunarlaunum 6000 kr. á ári, en launin hækka á þriggja ára fresti um 400 kr. upp í 7200 kr. á ári.

2. gr.

Yfirstýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3500 kr., en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr., upp í 3900 kr. á ári.

Annar stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3100 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr., upp í 3500 kr. á ári.

Þriðji stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr., upp í 2900 kr. á ári.

3. gr.

Yfirvjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir yfir 700 hestöfl, hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr., upp í 5400 kr. á ári.

Yfirvjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir 200 til 700 hestöfl, hefir að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr., upp í 4900 kr. á ári.

Annar vjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir yfir 700 hestöfl, hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr., upp í 4400 kr. á ári.

Annar vjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir 200 til 700 hestöfl, og þriðji vjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir yfir 700 hestöfl, hefir að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr., upp í 3400 kr. á ári.

4. gr.

Loftskeytamaður 1. flokks hefir að byrjunarlaunum 2300 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr., upp í 2700 kr. á ári.

Loftskeytamaður 2. flokks hefir að byrjunarlaunum 2100 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr., upp í 2500 kr. á ári.

5. gr.

Fullgildur háseti hefir að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 50 kr., upp í 2200 kr. á ári. Enginn getur orðið skipaður fullgildur háseti, nema hann hafi siglt 24 mánuði, þar af að minsta kosti 6 mánuði sem viðvaningur á varðeimskipi eða verslunareimskipi.

6. gr.

Yfirkyndari hefir að byrjunarlaunum 2100 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 50 kr., upp í 2300 kr. á ári.

Fullgildur kyndari hefir að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 50 kr. upp í 2200 kr. á ári.

Enginn getur orðið skipaður yfirkyndari, nema hann hafi verið fullgildur kyndari í 12 mánuði. Fullgildur kyndari skal hafa siglt að minsta kosti 6 mánuði sem óvanur kyndari.

7. gr.

Matsveinn hefir að byrjunarlaunum 2300 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 50 kr., upp í 2500 kr. á ári.

8. gr.

Auk hinna föstu launa, sem talin eru í 1.—7. gr., njóta starfsmenn þessir dýrtíðaruppbótar á þau laun eftir sömu reglum, sem gilda eða settar kunna að verða fyrir starfsmenn ríkisins alment. Ennfremur hafa þeir ókeypis fæði fyrir sjálfa sig á skipinu.

Starfsmenn þessir greiða iðgjöld í lífeyrissjóð embættismanna og öðlast rjett til lífeyris fyrir sig og ekkjur sínar samkvæmt lögum nr. 51, 27. júní 1921.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn mánaðarkaup án dýrtíðaruppbótar fyrir viðvaninga, óvaninga og vikadrengi, sem ráðnir kynnu að verða á skipin. Svo er honum og heimilt að gera samning við bryta um borgun fyrir fæði skipshafnar fyrir eitt ár í senn.

10. gr.

Launaákvæði 1. gr. skulu eigi vera því til fyrirstöðu, að núverandi skipherrar haldi þeim launum, er um var samið þá er þeir rjeðust í þjónustu ríkisins.

11. gr.

Starfstími þeirra af skipverjum, sem áður voru að staðaldri í þjónustu Björgunarfjelags Vestmannaeyja, telst frá þeim tíma, er þeir lögskráðust í fyrsta skifti á björgunar- og eftirlitsskipið »Þór«, og reiknast kauphækkun þeirra eftir því.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Ed. **640. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild til að undanþiggja Íslandsbanka inndráttarskyldu seðla árið 1927.

Frá Jónasi Jónssyni.

Aftan við frv.greinina bætist: enda verði útlánsvextir hans og framlengingarvextir eigi hærri en hjá Landsbankanum.

Ed. **641. Lög**

um heimild til að undanþiggja Íslandsbanka inndráttarskyldu seðla árið 1927.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí).

Íslandsbanka skal ekki skylt að draga neitt af seðlum sínum úr umferð á árinu 1927.

Ed. **642. Lög**

um sölu á nokkrum hluta úr kirkjueigninni Mosfellsheiðarlandi.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Mosfellshreppi í Kjósarsýslu Mosfellsheiðarland í Mosfellshreppi, að undanteknu hinu svo nefnda Jónsseli.

2. gr.

Um mat á landinu fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða. Kaupverðinu skal varið til ræktunar á heimajörð prestssetursins Mosfells, samkvæmt nánari ákvæðum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Ed. **643. Lög**

um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí).

Lög nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða, skulu ekki koma til framkvæmda um Múlasýsluumboð, heldur skal þar eftirleiðis sem hingað til skipaður af ráðherra sjerstakur umboðsmaður.

Umboðslaun skulu frá næstu umboðsmannaskiftum vera 10% af öllum eftirgjöldum.

Umboðsmaður skal búsettur vera nálægt miðju Múlaþings.

Nd. **644. Lög**

um viðauka við lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí).

1. gr.

Verkafólki, sem vinnur daglaunavinnu í landi við verksmiðjur, verslanir, byggingar, ístöku og útgerð og ennfremur við fermingu og affermingu skipa og báta, skal greitt út verkkaupið vikulega að minsta kosti, nema öðruvísi sje um samið.

Ákvæði þetta nær þó ekki til venjulegrar sveitavinnu, þar sem verkafólkið fær húsnæði og fæði sem hluta verkkaupsins.

2. gr.

Nú vinnur verkafólk slík verk, sem um getur í 1. gr. fyrstu málsgrein, í ákvæðisvinnu, og skal þá verkkaupið greitt út að minsta kosti vikulega, ef verkinu, sem kauptaxtinn eða umsamin upphæð verkkaups miðast við, er lokið á þeim tíma, en ella, sje ekki öðruvísi um samið, þegar verkinu er lokið.

3. gr.

Heimilt er verkafólki að krefjast þess, að mál út af greiðslu verkkaups samkvæmt lögum þessum sæti meðferð einkalögreglumála. Má þá reka mál í þeirri þinghá, þar sem verkið hefir verið unnið, og skoðast atvinnurekandi eða umboðsmaður hans þar sem aðili, þótt þeir eigi heimilisvarnarþing annarsstaðar.

Rjettargjöld skulu eigi greidd í málum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Sþ. 645. Nefndaskipun 1927.

1.

Fastanefndir.

(16. gr. laga nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis).

A.

I efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Björn Kristjánsson, formaður,
Jónas Jónsson,
Jóhann Jósefsson, fundaskrifari,
Jón Baldvinsson,
Jónas Kristjánsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um laun skipherra og skipverja á varðeimskipum ríkisins (18*, n. 118 (meiri hl.), 137 (annar minni hl.) og 164 (hinn minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
   Frsm. annars minni hl.: Jónas Jónsson.
   Frsm. hins minni hl.: Jón Baldvinsson.
2. Frv. til laga um Landsbanka Íslands (20, n. 362 (meiri hl.), 363 (annar minni hl.), 364 (hinn minni hl.) og 627 (framhaldsnál. meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Björn Kristjánsson.
   Frsm. annars minni hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. hins minni hl.: Jónas Jónsson.
3. Frv. til laga um breyting á lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 17, 4. júní 1924 (28).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán fyrir Landsbanka Íslands (130, n. 182 (meiri hl.), 193 (annar minni hl.) og 202 (hinn minni hl.)).

---

*) Tölurnar innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n.) hlutu. Sama er um þau mál, er nefndirnar flytja.

Frsm. meiri hl.: Björn Kristjánsson.
Frsm. annars minni hl.: Jónas Jónsson.
Frsm. hins minni hl.: Jón Baldvinsson.

5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll (231, n. 283).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
6. Frv. til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 26, 15. júní 1926, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til þess að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa (161, n. 342).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
7. Frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913 (309, n. 352).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
8. Frv. til laga um gjald af innlendum tollvörutegundum (282, n. 542 (meiri hl.)).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
9. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka (323, n. 501 (minni hl.) og 506 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Jón Baldvinsson.
Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
10. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1925 (17, n. 580).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
11. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1925 (454, n. 579).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 15. júní 1926, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík (522).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.

2. Fjárveitinganefnd:

Jóhannes Jóhannesson, formaður,
Einar Árnason,
Ingibjörg H. Bjarnason,
Guðmundur Ólafsson,
Einar Jónsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1926 (279, n. 340).
Frsm.: Einar Jónsson.
2. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1928 (373, n. 465).
Frsm.: Einar Jónsson.

3. Samgöngumálanefnd:

Björn Kristjánsson,
Magnús Kristjánsson,
Einar Jónsson,
Einar Árnason, fundaskrifari,
Jónas Kristjánsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög] (55).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til laga um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923 (101, n. 208).
   Frsm.: Jónas Kristjánsson.
3. Till. til þál. um að kaupa eða leigja flugvjel til póstflutninga (180, n. 629).
   Frsm. ekki kosinn.
4. Frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss (264, n. 335).
   Frsm.: Magnús Kristjánsson.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 28. nóv. 1919, um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi (310, n. 452).
   Frsm.: Einar Árnason.
6. Frv. til laga um kaup og rekstur strandferðaskips (411).
   Nefndarálit kom ekki.

Frá nefndinni kom ennfremur:

Nál. um flóabátaferðir (467), og var það tekið til meðferðar við 2. umr. fjárlagafrv.
   Frsm.: Björn Kristjánsson.

4. Landbúnaðarnefnd:

Jónas Kristjánsson,
Ingvar Pálmason, fundaskrifari,
Einar Jónsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 20. júní 1923, um sandgræðslu (84, n. 163).
   Frsm.: Einar Jónsson.
2. Frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á jörð í nágrannahreppi (96, n. 183 (meiri hl.) og 213 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jónas Kristjánsson.
   Frsm. minni hl.: Ingvar Pálmason.
3. Frv. til laga um að stofna nýbýli (145, n. 623).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.

1. Frv. til laga um varnir gegn sýkingu nytjajurta (165, n. 268).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
5. Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins (215, n. 332).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
6. Frv. til laga um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Sauðár (149, n. 355).
   Frsm.: Jónas Kristjánsson.
7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 10. nóv. 1913 [Landskiftalög] (324, n. 407).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
8. Frv. til laga um mat á heyi (431, n. 518).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
9. Frv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins (502, n. 594).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.

5. *Sjávarútvegsnefnd:*

Björn Kristjánsson, formaður.
Jón Baldvinsson,
Jóhann Jósefsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um rjett erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi (9, n. 35 og 297 (framhaldsnál.).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
2. Frv. til laga um einkasölu á saltfiski (39, n. 436 (minni hl.) og 515 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
3. Frv. til laga um skyldu útgerðarmanns til að tryggja fatnað og muni lögskráðs skipverja (54, n. 588 (minni hl.) og 592 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat (290).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til laga um hvalveiðar (102, n. 466).
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Baldvinsson.
6. Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til að rannsaka hag bátaútvegsins og gera tillögur til tryggingar honum (413, n. 609).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.

Nefndin flutti:

Till. til þál. um lánsstofnun handa bátaútveg landsins (610).
   Frsm.: Jón Baldvinsson.

6. Mentamálanefnd:

Ingibjörg H. Bjarnason, formaður,
Jónas Jónsson, fundaskrifari,
Jóhannes Jóhannesson.

Til hennar vísað:

1. Till. til þál. um kennaraskólann í Reykjavík (37, n. 434).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
2. Till. til þál. um ungmennaskóla í Reykjavík (62).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til laga um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla (142, n. 546 (meiri hl.) og 565 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingibjörg H. Bjarnason.
   Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.
4. Frv. til laga um afnám kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands (24, n. 442).
   Frsm.: Ingibjörg H. Bjarnason.
5. Frv. til laga um stofnun húsmæðraskóla á Hallormsstað (176, n. 328 (meiri hl.) og 353 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingibjörg H. Bjarnason.
   Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 15. júní 1926, um fræðslu barna (129, n. 433).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
7. Till. til þál. um styrk handa stúdentaefnum frá gagnfræðaskólanum á Akureyri (248, n. 443).
   Frsm.: Ingibjörg H. Bjarnason.
8. Frv. til laga um samskóla Reykjavíkur (341, n. 638 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingibjörg H. Bjarnason.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

7. Allsherjarnefnd:

Jóhannes Jóhannesson, formaður,
Guðmundur Ólafsson, fundaskrifari,
Jóhann Jósefsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til sveitarstjórnarlaga (1, n. 53 og 281 (framhaldsnál.)).
   Frsm.: Guðmundur Ólafsson.
2. Frv. til laga um iðnaðarnám (4, n. 70).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
3. Frv. til laga um iðnað og iðju (5, n. 69).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
4. Frv. til laga um viðauka við námulög, nr. 50, 30. júlí 1909 (12, n. 40).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.

5. Frv. til laga um uppkvaðningu dóma og úrskurða (13, n. 41).
Frsm.: Jóhannes Jóhannesson.
6. Frv. til laga um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim (19, n. 265).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr. (22, n. 296).
Frsm.: Guðmundur Ólafsson.
8. Frv. til laga um bæjarstjórn á Norðfirði (29, n. 464).
Frsm.: Guðmundur Ólafsson.
9. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (42, n. 260).
Frsm.: Guðmundur Ólafsson.
10. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða (47, n. 618).
Frsm.: Guðmundur Ólafsson.
11. Frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. (97, n. 329).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
12. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 24, 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma (99, n. 146).
Frsm.: Guðmundur Ólafsson.
13. Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi (100, n. 230).
Frsm.: Jóhannes Jóhannesson.
14. Till. til þál. um notkun sandgræðslugirðingar í Gunnarsholti (85, n. 616).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
15. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús (111, n. 538).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
16. Frv. til laga um friðun hreindýra (144, n. 226).
Frsm.: Guðmundur Ólafsson.
17. Frv. til fátækralaga (191, n. 533).
Frsm.: Guðmundur Ólafsson.
18. Frv. til laga um rannsókn banameina og kenslu í meina- og líffærafræði (225, n. 303).
Frsm.: Guðmundur Ólafsson.
19. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 56, frá 15. júní 1926, um notkun bifreiða (223, n. 302).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
20. Frv. til laga um sorphreinsun og salernahreinsun á Akureyri (143, n. 577).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
21. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki (321, n. 447).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.

22. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 18, 4. nov. 1887, um veð (301, n. 462).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
23. Frv. til laga um bann gegn áfengisauglýsingum (349).
Nefndarálit kom ekki.
24. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl. (372, n. 559).
Frsm.: Jóhannes Jóhannesson.
25. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 4, 14. febr. 1902, um greiðslu verkkaups (374, n. 619).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
26. Frv. til laga um sölu á prestssetrinu Hesti í Ögurþingum (383, n. 463).
Frsm.: Guðmundur Ólafsson.
27. Frv. til laga um gjöld af fasteignum í Hafnarfjarðarkaupstað (446).
Nefndarálit kom ekki.
28. Frv. til laga um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar (517, n. 557).
Frsm.: Guðmundur Ólafsson.
29. Frv. til laga um sölu á nokkrum hluta úr kirkjueigninni Mosfellsheiðarlandi (317, n. 617).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.

B.

Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:
Klemens Jónsson, formaður,
Björn Líndal,
Halldór Stefánsson,
Jón Auðunn Jónsson, fundaskrifari,
Jakob Möller.
19. febr. bættust í nefndina:
Ásgeir Ásgeirsson og
Magnús Jónsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1925 (7, n. 396).
Frsm.: Jakob Möller.
2. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1925 (17, n. 397).
Frsm.: Jakob Möller.
3. Frv. til laga um gjald af innlendum tollvörutegundum (3, n. 220).
Frsm.: Jón Auðunn Jónsson.

4. Till. til þál. um lækkun vaxta (30, n. 73).
   Frsm.: Jakob Möller.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912 (52, n. 293 (meiri hl.) og 313 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jakob Möller.
   Frsm. minni hl.: Halldór Stefánsson.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat (123).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll (110, n. 168).
   Frsm.: Halldór Stefánsson.
8. Frv. til laga um innflutningsgjald af bensíni til viðhalds vegum (112, n. 435).
   Frsm.: Björn Líndal.
9. Frv. til laga um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga (131, n. 406 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
10. Till. til þál. um kaup á húseigninni nr. 16 við Hafnarstræti (87, n. 586).
    Frsm.: Björn Líndal.
11. Frv. til laga um laun skipherra og skipverja á varðeimskipum ríkisins (270, n. 607 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jón Auðunn Jónsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
12. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka (323, n. 404).
    Frsm.: Klemens Jónsson.
13. Till. til þál. um uppbót til starfsmanna ríkisins (275).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913 (375, n. 437).
    Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
15. Frv. til laga um Landsbanka Íslands (453, n. 561).
    Frsm.: Magnús Jónsson.

N e f n d i n f l u t t i:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 14, 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka (86).
   Frsm.: Klemens Jónsson.

2. Frv. til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 26, 15. júní 1926, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til þess að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa (161).
Frsm.: Jón Auðunn Jónsson.

Meiri hluti nefndarinnar flutti:

Frv. til laga um heimild til að undanþiggja Íslandsbanka innlausnarskyldu seðla árið 1927 (614).
Frsm.: Klemens Jónsson.

2. Fjárveitinganefnd:

Tryggvi Þórhallsson, fundaskrifari,
Þórarinn Jónsson,
Ingólfur Bjarnarson,
Jón Sigurðsson,
Magnús Torfason,
Pjetur Ottesen,
Þorleifur Jónsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1928 (21, n. 234).
Frsm. fyrri hl. (1.—13. gr.): Þórarinn Jónsson.
Frsm. síðari hl. (14.—25. gr.): Tryggvi Þórhallsson.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1926 (45, n. 242).
Frsm.: Tryggvi Þórhallsson.

3. Samgöngumálanefnd:

Klemens Jónsson, formaður,
Hákon Kristófersson, fundaskrifari,
Sveinn Ólafsson,
Jón Ólafsson,
Pjetur Þórðarson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss (23, n. 138 og 418 (framhaldsnál)).
Frsm.: Klemens Jónsson.
2. Frv. til laga um byggingu og rekstur strandferðaskips (72, n. 295 (meiri hl.) og 343 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
Frsm. minni hl.: Jón Ólafsson.
3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög] (98, n. 483).
Frsm.: Klemens Jónsson.

Fastanefndir Nd.: Samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsíma- og talsímakerfi] (200, n. 510).
   Frsm.: Sveinn Ólafsson.
5. Frv. til laga um breyting á lögum um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923 (228, n. 381).
   Frsm.: Pjetur Þórðarson.

Frá nefndinni kom ennfremur:

Nefndarálit um strandferðir og flóabátaferðir (325), og var það tekið til meðferðar við 3. umr. fjárlagafrv.
   Frsm.: Klemens Jónsson.

4. Landbúnaðarnefnd:

Halldór Stefánsson,
Hákon Kristófersson.
Pjetur Þórðarson, formaður,
Árni Jónsson, fundaskrifari,
Jörundur Brynjólfsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um útrýming fjárkláða (11, n, 219 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Árni Jónsson.
   Frsm. meiri hl.: Hákon Kristófersson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
2. Frv. til laga um varnir gegn vörtupest í kartöflum og annari sýkingu nytjajurta (31, n. 121).
   Frsm.: Pjetur Þórðarson.
3. Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins (27, n. 128).
   Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 10. nóv. 1913 [Landskiftalög] (46, n. 251).
   Frsm.: Pjetur Þórðarson.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 1, 1. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða (60, n. 524).
   Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
6. Frv. til laga um landnámssjóð Íslands (88, n. 350).
   Frsm.: Halldór Stefánsson.
7. Frv. til laga um mat á heyi (90, n. 388).
   Frsm.: Halldór Stefánsson.
8. Frv. til laga um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Sauðár (149, n. 286).
   Frsm.: Árni Jónsson.
9. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ákveða einkasölu á tilbúnum áburði o. fl. (135, n. 574).
   Frsm.: Pjetur Þórðarson.

Fastanefndir Nd.: Landbúnaðar-, sjávarútvegs- og mentamálanefndir.

10. Till. til þál. um breyting á reglugerð Ræktunarsjóðs Íslands (134, n. 239).
Frsm.: Halldór Stefánsson.
11. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 20. júní 1923, um sandgræðslu (207, n. 365).
Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
12. Frv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins (224, n. 415 og 490 (framhaldsnál.)).
Frsm.: Árni Jónsson.

Meiri hluti nefndarinnar flutti:

Frv. til laga um sauðfjárbaðanir (196).
Frsm.: Hákon Kristófersson.

5. *Sjávarútvegsnefnd:*

Sveinn Ólafsson, formaður,
Ólafur Thors,
Bernharð Stefánsson,
Sigurjón Jónsson,
Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar (15, n. 147 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
2. Frv. til laga um rjett erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi (43, n. 167).
Frsm.: Sigurjón Jónsson.
3. Frv. til laga um hvalveiðar (102, n. 274).
Frsm.: Sigurjón Jónsson.
4. Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til að rannsaka hag bátaútvegsins og gera tillögur til tryggingar honum (74, n. 368).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 53, frá 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum (136, n. 427 (meiri hl.) og 520 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
Frsm. minni hl.: Ólafur Thors.

Nefndin flutti:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat (108).
Frsm.: Sveinn Ólafsson.

6. *Mentamálanefnd:*

Ásgeir Ásgeirsson, formaður,
Magnús Jónsson,

Jón Guðnason, fundaskrifari,
Jón Kjartansson,
Bernharð Stefánsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um samskóla Reykjavíkur (8, n. 197(meiri hl.)og 258 (minni hl.)).
   Frsm. meiri-hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Guðnason.
2. Frv. til laga um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla (10, n. 91 (meiri hl.) og 104 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Bernharð Stefánsson.
3. Frv. til laga um afnám kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands (24, n. 89).
   Frsm.: Jón Guðnason.
4. Frv. til laga um gagnfræðaskóla á Ísafirði (81).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 15. júní 1926, um fræðslu barna (129, n. 20,3.).
   Frsm.: Jón Guðnason.

7. *Allsherjarnefnd:*

Jörundur Brynjólfsson, formaður,
Jón Kjartansson,
Jón Guðnason, fundaskrifari,
Árni Jónsson,
Hjeðinn Valdimarsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fátækralaga (6, n. 56 og 581 (framhaldsnál. meiri hl.)).
   Frsm. Jón Kjartansson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (14, n. 36).
   Frsm.: Jón Kjartansson.
3. Frv. til laga um atvinnuleysisskýrslur (25).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis (32, n. 315 (meiri hl.) og 385 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Árni Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða (47, n. 63).
   Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1921, um skemtanaskatt og þjóðleikhús (51, n. 82 (meiri hl.) og 83 (minni hl.)).

Frsm. meiri hl.: Árni Jónsson.
Frsm. minni hl.: Jörundur Brynjólfsson.

7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 56, frá 15. júní 1926, um notkun bifreiða (58, n. 159).
Frsm.: Hjeðinn Valdimarsson.
8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki (61, n. 241 (meiri hl.) og 245 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jón Guðnason.
Frsm. minni hl.: Jón Kjartansson.
9. Frv. til laga um viðauka við námulög, nr. 50, 30. júlí 1909 (12, n. 77).
Frsm.: Hjeðinn Valdimarsson.
10. Frv. til laga um uppkvaðningu dóma og úrskurða (13, n. 75).
Frsm.: Jón Kjartansson.
11. Frv. til sveitarstjórnarlaga (78, n. 155).
Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
12. Frv. til laga um iðnaðarnám (93, n. 178).
Frsm.: Jón Guðnason.
13. Frv. til laga um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi (92, n. 174 (meiri hl.) og 181 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
Frsm. minni hl.: Árni Jónsson.
14. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 24, 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma (172, n. 249).
Frsm.: Jón Kjartansson.
15. Frv. til laga um iðju og iðnað (199, n. 305).
Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
16. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 4, 14. febr. 1902, um greiðslu verkkaups (194, n. 314 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
Frsm. minni hl.: Árni Jónsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
17. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi (253, n. 357).
Frsm.: Árni Jónsson.
18. Frv. til laga um atkvæðagreiðslu utan kjörstaðar kjósanda við alþingiskosningar (266, n. 333 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jörundur Brynjólfsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
19. Frv. til laga um friðun hreindýra (144, n. 410 (meiri hl.) og 419 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jörundur Brynjólfsson.
Frsm. minni hl.: Árni Jónsson.
20. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis (216).
Nefndarálit kom ekki.

21. Frv. til laga um sölu á prestssetrinu Hesti í Ögurþingum (316, n. 338 (meiri hl.) og 339 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jörundur Brynjólfsson.
Frsm. minni hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
22. Frv. til laga um sölu á nokkrum hluta úr kirkjueigninni Mosfellsheiðarlandi (317, n. 408).
Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
23. Frv. til laga um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim (300, n. 503 (1. minni hl.), 504 (2. minni hl.) og 534 (3. minni hl.)).
Frsm. 1. minni hl.: Jörundur Brynjólfsson.
Frsm. 2. minni hl.: Jón Kjartansson.
Frsm. 3. minni hl.: Hjeðinn Valdimarsson.
24. Till. til þál. um rannsókn á hafnarbótum í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu og vörnum gegn snjóflóðum á sama stað (257, n. 544).
Frsm.: Árni Jónsson.
25. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr. (322, n. 400).
Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
26. Frv. til laga um rannsókn banameina og kenslu í meina- og líflærafræði (225, n. 361).
Frsm.: Jón Kjartansson.
27. Frv. til laga um gjöld af fasteignum í Hafnarfjarðarkaupstað (382, n. 420).
Frsm.: Hjeðinn Valdimarsson.
28. Till. til þál. um lögnám landinu til handa á umráðum og notarjetti vatnsorku allrar í Sogi (236).
Nefndarálit kom ekki.
29. Frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. (351, n. 477 (meiri hl.) og 479 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Árni Jónsson.
Frsm. minni hl.: Jón Kjartansson.
30. Frv. til laga um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar (430, n. 478).
Frsm.: Árni Jónsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 18, 4. nóv. 1887, um veð (301).
Frsm.: Jón Kjartansson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl. (344).
Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til laga um atkvæðagreiðslu utan kjörstaðar kjósanda við alþingiskosningar (266).
Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.

Vinnunefndir beggja deilda. — *Lausanefndir:* Stjórnarskrárnefndir beggja deilda.

C.

Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, *vinnunefnd.*

Vinnunefndir gerðu skrá um fundastaði og fundatíma fastanefnda, er fjölrituð var og útbýtt meðal þingmanna.

2.
Lausanefndir.
(16. gr. þingskapanna).

A.

Í efri deild.

Stjórnarskrárnefnd:

Jóhannes Jóhannesson, formaður.
Ingvar Pálmason,
Ingibjörg H. Bjarnason, ritari,
Jónas Jónsson,
Jóhann Jósefsson.

Nefndin kosin til að íhuga:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands (2, n. 119 (meiri hl.) og 151 (minni hl.)).

Frsm. meiri hl.: Ingibjörg H. Bjarnason.
Frsm. minni hl.: Ingvar Pálmason.

B.

Í neðri deild.

Stjórnarskrárnefnd:

Bernharð Stefánsson,
Björn Líndal,
Halldór Stefánsson,
Þórarinn Jónsson,
Jakob Möller, ritari,
Pjetur Ottesen,
Tryggvi Þórhallsson, formaður.

Nefndin kosin til að íhuga:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, frá 18. maí 1920 (26).

Nefndarálit kom ekki.

Til nefndarinnar var ennfremur vísað:

1. Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands (132).

   Nefndarálit kom ekki.

2. Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands (2, n. 416 (minni hl.) og 417 (meiri hl.)).

   Frsm. minni hl.: Pjetur Ottesen.

   Frsm. meiri hl.: Jakob Möller.

3.
Nefndir kosnar af sameinuðu þingi.

1. Kjörbrjefanefnd

(4. gr. þingskapanna):

Björn Líndal,
Sveinn Ólafsson,
Jón Sigurðsson,
Einar Árnason,
Sigurjón Jónsson.

Ekkert mál bar undir nefndina.

2. Þingfararkaupsnefnd

(2. gr. laga nr. 36, 28. nóv. 1919):

Halldór Steinsson,
Þórarinn Jónsson, formaður.
Pjetur Ottesen,
Þorleifur Jónsson, fundaskrifari.
Guðmundur Ólafsson.

Sþ. **646. Skrá**

um erindi þau, er bárust Alþingi 1927.

— Raðað eftir stafrófsröð. —

Aðflutningsbann á áfengi. 216 Hnífsdælir skora á þing og stjórn að skerpa framkvæmd bannlaganna og leggja niður útsölur spánarvína alstaðar utan Reykjavíkur, ef unt er. (Nd. 175).

Afurðasala, sjá Markaður, Fiskútflutningur.

Akranes (Ytri-Akraneshreppur), sjá Bryggjur 1.

Alidýrasjúkdómar, sjá Gin- og klaufaveiki.

Alþingishúsið.

1. Lárus Jóhannesson hæstarjettarlögmaður sendir hæstarjettardóm í málinu: Húsnefnd goodtemplarahússins gegn forsetum Alþingis og gagnsök. 17 fskj. Brjef 18. mars. (Sþ. 16).
2. Nefnd manna, sem goodtemplarastúkurnar í Reykjavík hafa gefið umboð til að semja við forseta Alþingis um lóðaskifti og sölu á lóð sinni, óskar þess, að forsetar taki upp samninga við sig af nýju. Brjef 11. apríl. (Sþ. 20).

Alþingiskosningar, sjá Kjördagur, Kosningarrjettur.

Alþjóðaskrifstofan í Lausanne, sjá Stórstúka Íslands 3.

Alþýðuflokksfundargerð úr Reykjavík, 26. febr. (Nd. 155).

Alþýðuskóli Þingeyinga, sjá Húsmæðraskólar 2.

Andrjes Andrjesson klæðskeri sækir um 15—20 þús. kr. lán úr viðlagasjóði til að koma á fót fullkominni saumastofu, er búi til allskonar karlmannafatnað. Brjef 17. febr. (Nd. 110).

Anna Borg, sjá Leiklist 6.

Anna Stefánsdóttir prestsekkja, sjá Eftirlaun 7.

Arnarnes við Ísafjarðardjúp, sjá Vitamál 5.

Arnfinnur Jónsson, sjá Námsstyrkur 1.

Atvinna við siglingar.

1. Fundur, sem haldinn var í Reykjavík 2. mars '27 og á voru eingöngu menn með stýrimanna- og skipstjórarjettindum, mótmælir frv., sem fram er komið á Alþingi, um að heimila ríkisstjórninni að veita undanþágur frá núgildandi lögum um atvinnu við siglingar. Brjef 8. mars. 5 fskj. (Nd. 213).
2. Fulltrúar skipstjóra- og stýrimannafjelaga mótmæla stjfrv. um breyting á lögunum um atvinnu við siglingar. Brjef 22. febr. (Nd. 325).

Áburður. Búnaðarsamband Borgarfjarðar skorar á Alþingi að gera ráðstafanir

til þess, að bændum gefist kostur á að fá erlendan áburð án álagningar, að undanteknum beinum kostnaði, og að sá kostnaður verði sem minstur. Brjef 2. apríl. (Nd. 331).

Áfengisverslun, sjá Aðflutningsbann á áfengi.
Ás í Vatnsdal, sjá Símamál 9.
Ásgeir Ó. Einarsson, sjá Námsstyrkur 2.
Ásgeir Ólafsson, sjá Námsstyrkur 3.
Ásgrímur Jónsson, sjá Málarar 1.
Ásmundur Sveinsson, sjá Myndhöggvarar.
Ásólfsstaðir, sjá Gististaðir 4.
Ásta Hallgrímsson, sjá Eftirlaun 2.
Ástþór Matthíasson, sjá Markaður 2.

B*ankamál.*

1. Brjef Ólafs Lárussonar prófessors um ábyrgð ríkisins á Landsbanka Íslands. Brjef 11. mars. (Nd. 319).
2. Jónas Benediktsson skorar á Alþingi að breyta lögunum um veðdeild Landsbankans þannig, að grasbýlismenn geti fengið lán úr veðdeildinni, þótt þeir búi utan kaupstaða. Brjef 4. mars. (Nd. 198).
3. 124 kjósendur úr Vestmannaeyjum skora á Alþingi að hlutast til um, að stofnað verði í Vestmannaeyjum útibú frá Landsbanka Íslands. (Nd. 303).

Bannlög, sjá Aðflutningsbann á áfengi.
Barði Guðmundsson, sjá Námsstyrkur 4.

Barnaskólar. Brjef fræðslumálastjóra, dags. 17. mars, um fjárveitingar til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða. (Nd. 241).

Barnið, bók eftir D. Scheving Thorsteinsson, sjá Steindór Gunnarsson.

Bergþórshvoll. Þjóðmenjavörður fer þess á leit, að veittar verði 5000 kr. til rannsókna á Bergþórshvoli. Brjef 4. des. 1926. 2 fskj. (Nd. 13, lxi).

Berklahjúkrunarfjelag, sjá Líkn.
Berufjörður, sjá Sjúkrahús og læknissetur 11.

Bindindis- og bannmálafundargerð úr Borgarnesi, 6. febr. (Nd. 34).

Bjargey Pálsdóttir, sjá Námsstyrkur 5.
Bjarni Sigurðsson, sjá Námsstyrkur 6.

Bjarni Sæmundsson sækir um sama styrk og að undanförnu til ferðalaga og annars kostnaðar við fiskirannsóknir. Brjef 13. nóv. 1926. (Nd. 13, liv).

Björg Þorláksdóttir sækir um 3000 kr. styrk til ritstarfa. Brjef 20. des. 1926. (Nd. 13, lix). Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 24. febr., með 2 fskj. (Nd. 116).

Björn Björnsson teiknikennari, sjá Listiðnaður 1.
Björn O. Björnsson prestur, sjá Launamál 9.
Björn Þorláksson frá Dvergasteini, sjá Eftirlaun 3.

Blindrastyrkur. Ólafur Friðriksson fer þess á leit, að veittar verði 10 þús. kr. til styrktar blindum mönnum til iðnnáms. Brjef 22. mars. (Nd. 259).

Bolungarvík, sjá Hafnir og lendingabætur 3 og 4.
Borgarhöfn, sjá Kirkjur 1.
Borgarneshreppur, sjá Raforkustöðvar 1.
Botn, jörð í Dýrafirði, sjá Jón Arnfinnsson.
Bókaútgáfa, sjá Kennaraskólinn 2, Lýðmentun, Steindór Gunnarsson.
Bókmentafjelag Islands sækir um styrk til að gefa út registur við Sýslumannaæfir, og sje styrkurinn 200 kr. á örk. Brjef 25. febr. (Nd. 132).
Breiðdalsvík, sjá Bryggjur 2.
Briem, Halldór, sjá Sjúkrastyrkur 3.
Brimbrjótur í Bolungarvík, sjá Hafnir og lendingabætur 3 og 4.
Bryggjur.
1. Ytri-Akraneshreppur sækir um styrk til að lengja vjelbátabryggjuna í Lambhússundi og til að sprengja Selsker í Lambhússundi, og nemi styrkurinn alt að helmingi kostnaðar við þessar framkvæmdir. Brjef 17. febr. 1 fskj. (Nd. 77).
2. Umsókn um 2000 kr. styrk handa Kaupfjelagi Breiðdæla, til bryggjubyggingar á Breiðdalsvík. Brjef 23. febr. (Nd. 130).
3. Umsókn um 6000 kr. viðbótarstyrk til kaupfjelagsins í Búðardal, til bryggjugerðar þar. Brjef 2. mars. 1 fskj. (Nd. 188).

Sbr. og Hafnir og lendingabætur.
Brynjólfur Þórðarson, sjá Málarar 2.
Bræðurnir Esphólín, sjá Tunnuverksmiðja.
Búðahreppur í Fáskrúðsfirði, sjá Vegamál 4.
Búðardalur, sjá Bryggjur 3.
Búnaðarfjelag Eyrarbakkahrepps sækir um 8000 kr. styrk til að veita burtu vatni af mýrinni fyrir ofan Eyrarbakka. Brjef 19. febr. 6 fskj. (Nd. 107).
Búnaðarfjelag Islands. Áætlun um tekjur og gjöld fjelagsins 1928. Brjef 23. nóv. '26. 3 fskj. (Nd. 13, lxiv). Sjá ennfremur Sandgræðsla.
Búnaðarsamband Austurlands, sjá Lagarfljótsfoss.
Búnaðarsamband Borgarfjarðar, sjá Áburður.
Byggingarfjelag Reykjavíkur fer þess á leit, að 5000 kr. styrkurinn, sem því var veittur í fjárlögum fyrir árið 1926 og ekki kom til útborgunar, verði endurveittur. Brjef 25. febr. (Nd. 168).
Bændaskólar.
1. Till. skólastjóra bændaskólans á Hólum um fjárveitingar til skólans 1928. Brjef 29. sept. 1926. (Nd. 13, xxxvii).
2. Till. skólastjóra bændaskólans á Hvanneyri um fjárveitingar til skólans 1928. Brjef 28. sept. 1926. (Nd. 13, xxxviii).
3. Sami fer þess á leit, að sett verði miðstöðvarhitun í íbúðarhús sitt. Brjef 14. nóv. 1926. 1 fskj. (Nd. 13, xxxix).
4. Sami sækir um 18 þús. kr. til byggingar fjóss og hlöðu. Brjef 24. febr. 2 fskj. (Nd. 140).

Böðvar Magnússon á Laugarvatni, sjá Gististaðir 2.

Dagsbrún, verkamannafjelag, sjá Næturvinna.

Daníel Hjálmsson sækir um 20 þús. kr. skaðabætur fyrir það, að hann var sviftur vegaverkstjórn 1913. Ódags. brjef með 12 fskj. (Nd. 42).
Dansk-íslensk ráðgjafarnefnd, sjá Ráðgjafarnefndin.
Djúpbátur, sjá Strandferðir 6 og 7.
Dráttarvjel með vjelplóg, sjá Tilraun.
Dýralækningar. Eggert Magnússon í Tjaldanesi sækir um 1000 kr. til dýralækninga í Dalasýslu. Brjef 20. jan. (Nd. 37). Sjá ennfremur Námsstyrkur 2 og 3.
Dýrtíðaruppbót, sjá Launamál 10 og 11.
Eftirlaun.
1. Fjármálaráðuneytið leggur til, að Jenny Forberg verði veitt 600 kr. viðbót við lögboðin eftirlaun sín og að Eleanor Sveinbjörnsson verði veittur 1200 kr. styrkur. Brjef 6. apríl. 1 fskj. (Nd. 290).
2. Ásta Hallgrímsson sækir um 600 kr. styrk í viðurkenningarskyni fyrir að hafa haldið uppi hússtjórnarkenslu í 30 ár. Brjef 22. apríl. (Ed. 27).
3. Björn prestur Þorlaksson sækir um eftirlaun. Brjef 21. febr. 1 fskj. (Nd. 88).
4. Stefán Jónsson prestur sækir um 570 kr. viðbót við lögboðin eftirlaun sín. Brjef 24. febr. 2 fskj. (Nd. 121).
5. Steinunn Pjetursdóttir prestsekkja fer þess á leit, að eftirlaun sín verði hækkuð úr 300 kr. upp í 800 kr. Brjef 5. febr. (Nd. 55).
6. Fjármálaráðuneytið sendir fjvn. Ed. erindi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 26. apríl, ásamt einu fskj., viðvíkjandi eftirlaunum Valgerðar Gísladóttur frá Mosfelli. Brjef 3. maí. (Ed. 28).
7. Biskup leggur til, að Önnu Stefánsdóttur, prestsekkju frá Stað í Súgandafirði, verði veitt 200 kr. eftirlaun auk lögboðinna eftirlauna. Brjef 10. nóv. 1926. (Nd. 13, lxxviii).
8. Fjármálaráðuneytið sendir brjef biskups, dags. 27. ág. 1926, um viðbótareftirlaun handa Helgu Skúladóttur prestsekkju frá Kálfafellsstað. Brjef 14. mars. (Nd. 230).
9. Páll J. Árdal sækir um árl. lífeyri. Brjef 10. nóv. 1926. (Nd. 13, lxxix).
10. Sami sækir um 1000 kr. eftirlaun. Brjef 3. jan. 1 fskj. (Nd. 138).
11. Nikulás Þórðarson á Kirkjulæk sækir um styrk í viðurkenningarskyni fyrir lækningar sínar og barnakenslu. Brjef 3. febr. 6 fskj. (Nd. 61).
12. Umsókn um 300 kr. eftirlaun handa Vigdísi Steingrímsdóttur, ekkju Þorvalds Árasonar póstafgreiðslumanns á Víðimýri. Brjef 20. jan. (Nd. 100).
13. Hans Hannesson póstur sækir um eftirlaun, er sjeu eigi minni en 200 kr. á mánuði. Brjef 12. febr. 1 fskj. (Nd. 47).
14. Ólafur Ólafsson, fyrrum póstur, sækir um eftirlaun. Brjef 7. júlí 1926. 6 fskj. (Nd. 13, lxxx, 2).
15. Steindór Hinriksson, fyrrum póstur, sækir um eftirlaun. Brjef 28. des. 1926. (Nd. 13, lxxx, 1).

16. Halldór Benediktsson, fyrrum póstur, sækir um eftirlaun. Brjef 26. jan. 3 fskj. (Nd. 31).
17. Steinunn Sigurðardóttir fer þess á leit, að eftirlaun sín verði hækkuð um upphæð, sem nemur 35—40 kr. um mánuðinn, auk dýrtíðaruppbótar. Brjef 27. jan. (Nd. 101).
18. Sigurfljóð Einarsdóttir ljósmóðir sækir um eftirlaun. Brjef 14. febr. (Nd. 234).
19. Jórunn Guðmundsdóttir ljósmóðir sækir um eftirlaun. Brjef 15. febr. 1 fskj. (Nd. 84).
20. Umsókn um alt að 500 kr. eftirlaun handa Margrjetu Grímsdóttur ljósmóður. Brjef 15. mars. 1 fskj. (Nd. 237).
21. Kristín Guðmundsdóttir, fyrrum ljósmóðir, sækir um 600 kr. eftirlaun. Brjef 17. mars. 2 fskj. (Nd. 243).
22. Henriette Kjær yfirhjúkrunarkona fer þess á leit, að sjer verði trygð eftirlaun, er hún lætur af starfi sínu við holdsveikraspítalann í Laugarnesi. Brjef 19. mars. 1 fskj. (Nd. 287).
23. Ingeborg Sigurjónsson sækir um hækkaðan styrk. Brjef 4. jan. (Nd. 13, lxxvii).

Eggert V. Briem, sjá Námsstyrkur 7.

Eimskipaferðir. Aðalfundur Fiskifjelags Íslands skorar á Alþingi að semja við eitthvert eimskipafjelag um fastar reglubundnar eimskipaferðir til Spánar og Ítalíu. Brjef 19. mars. (Nd. 249).

Eimskipafjelag Íslands, sjá Strandferðir 8.

Einar Benediktsson. Kennarar heimspekideildar háskólans og formaður Bókmentafjelagsins fara þess á leit, að Einari skáldi Benediktssyni verði veitt árleg skáldlaun, er eigi sjeu lægri en hæstu laun háskólakennara. Brjef 25. febr. (Nd. 133).

Einar Halldórsson á Kárastöðum, sjá Gististaðir 1.

Einar E. Markan, sjá Námsstyrkur 9.

Einar Ólafur Sveinsson, sjá Námsstyrkur 8.

Eleanor Sveinbjörnsson, sjá Eftirlaun 1.

Embættismenn ríkisins, sjá Launamál 10 og 11.

Erfiðleikauppbót, sjá Launamál 9.

Esphólín, Bræðurnir, sjá Tunnuverksmiðja.

Eva Hjálmarsdóttir, sjá Sjúkrastyrkur 2.

Eymundur Einarsson, sjá Námsstyrkur 10.

Eyrarbakkaspítali, sjá Sjúkrahús og læknissetur 13.

Eyrarbakki, sjá Búnaðarfjelag Eyrarbakkahrepps, Sandgræðsla 4 og 5.

Fangahús. Brjef bæjarfógetans á Siglufirði 22. okt. 1926, um fangahúsbygging þar. (Nd. 13, v).

Fannberg, Jón J., sjá Sjerleyfi 3.

Fátækraframfæri. Hagstofustjóri sendir skýrslu um fátækraframfæri og gjaldendur sveitarútsvars í hverjum hreppi og sýslu á landinu fardagaárið 1924—'25 og í hverjum kaupstað árið 1924 og hve mikill þessi kostn-

aður hefir verið á hvern gjaldanda að meðaltali. Brjef 25. mars. (Nd. 267).
Filippus Magnússon, sjá Launamál 1—3, Vörumat.
Finnur Jónsson, sjá Málarar 3.
Fiskifjelag Íslands. Till. forseta fjelagsins um fjárveitingar til þess 1928. Brjef 24. sept. 1926. 1 fskj. (Nd. 13, lxvi). Sjá ennfremur Eimskipaferðir, Fiskimat, Grænland, Markaður 8, Milliþinganefnd, Slysatryggingar, Strandferðir 5.
Fiskiklak, sjá Þórður Flóventsson.
Fiskimat. Aðalfundur Fiskifjelags Íslands skorar á Alþingi að hlutast til um, að fiskimatið verði betur samræmt en verið hefir. Brjef 19. mars. (Nd. 250).
Fiskirannsóknir, sjá Bjarni Sæmundsson.
Fiskútflutningur.
1. Fiskideild Dýrafjarðar skorar á Alþingi að beita sjer fyrir því, að nýfiskisala frá Vestfjörðum geti haldið áfram á öllum tímum árs. Símskeyti 24. febr. (Nd. 195).
2. 214 kjósendur úr Þingeyrarhreppi, 18 úr Mosvallahreppi, 86 úr Flateyrarhreppi, 286 úr Hólshreppi, 64 úr Súðavíkurhreppi og 219 úr Eyrarhreppi skora á Alþingi að beita sjer fyrir því, að haldið verði uppi alt árið flutningum nýs fiskjar frá veiðistöðvum Vesturlands til Englands. (Nd. 233).
3. Samskonar áskorun frá 49 kjósendum úr Suðureyrarhreppi. (Nd. 299).

Fiskþurkun, sjá Þorkell Þ. Clementz.
Fjarðarheiði, sjá Vegamál 7 og 8.
Fjárkláði.
1. Skýrslur, sem atvinnumálaráðuneytið hefir fengið frá sýslumönnum og bæjarfógetum um land alt, um fjárkláða. Brjef ráðuneytisins 16. febr. með 165 fskj. (Nd. 65).
2. Búnaðarmálastjóri sendir skjöl. 5 að tölu, er sýna afgreiðslu frv. til laga um útrýming fjárkláða á Búnaðarþinginu. Brjef 28. mars. 5 fskj. (Nd. 335).

Fjelag fasteignaeigenda Reykjavíkur, sjá Forkaupsrjettur.
Fjelag íslenskra hjúkrunarkvenna, sjá Námsstyrkur 18.
Fjórðungsspítali á Seyðisfirði, sjá Sjúkrahús og læknissetur 4 og 5.
Fjörður á Skálmarnesi, sjá Símamál 7.
Flatey á Breiðafirði, sjá Prestssetur 2, Sjúkrahús og læknissetur 10.
Flóavegur, sjá Vegamál 3.
Flugnám, sjá Námsstyrkur 7 og 36.
Flygenring, Þórður, sjá Markaður 5.
Forberg, Jenny, sjá Eftirlaun 1.
Forkaupsrjettur. Stjórn Fjelags fasteignaeigenda Reykjavíkur skorar á Alþingi að fella frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. Brjef 16. apríl. (Ed. 24).

Framsóknarfjelag Langnesinga. Tillögur samþ. á aðalfundi Framsóknarfjelags Langnesinga 13. febr. (Nd. 211).

Freymóður Jóhannsson, sjá Málarar 4.

Freysgoði, h/f, sjá Strandferðir 11.

Freysteinn Gunnarsson, sjá Kennaraskólinn 2.

Friðfinnur Guðjónsson, sjá Leiklist 3.

Friðrik Jónsson póstur sækir um 8—10 þús. kr. uppbót fyrir heilsubilun, er hann varð fyrir í þjónustu ríkisins. Brjef 4. febr. 6 fskj. (Nd. 41).

Frímann Arngrímsson. Skrá yfir steina- og jarðtegundasýnishorn, sem Frímann B. Arngrímsson hefir safnað á árunum 1918—'26. Brjef 30. mars. (Ed. 20).

Fræðafjelagið. Hið ísl. fræðafjelag sækir um 2000 kr. árl. styrk árin 1928 og 1929 til að gefa út Skagafjarðarsýslu af jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Brjef 17. sept. 1926. (Nd. 13, lii).

Færeyjafjelag, sjá Grímur Kamban.

Gagnfræðaskólinn á Akureyri.

1. Till. forstöðumanns skólans um fjárveitingar til hans. Símskeyti 20. nóv. 1926. (Nd. 13, xxxiii).
2. Sami fer þess á leit, að veittar verði 1500 kr. til að bæta náttúrugripasafn skólans. Brjef 5. febr. 1 fskj. (Nd. 139).

Gerðahreppur sækir um eftirgjöf á öllum skuldum sínum við viðlagasjóð, samtals 39500,33 kr. Brjef 20. des. 1926, með 3 fskj. og brjefi atvinnumálaráðuneytisins 18. febr. (Nd. 78).

Gervilimir. Ólafur Friðriksson fer þess á leit, að veittar verði 10 þús. kr. til styrktar mönnum, sem þurfa að fá sjer gervilimi. Brjef 22. mars. (Nd. 258).

Gin- og klaufaveiki.

1. Ólafur J. Hvanndal skorar á Alþingi að banna innflutning á erlendu heyi og öðrum vörum, sem hætt er við að beri næma alidýrasjúkdóma, svo sem gin- og klaufaveiki, hingað til lands, og að gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að alidýrasjúkdómar berist hingað, og sendir áskoranir um sama efni, undirritaðar af 3240 kjósendum víðsvegar af landinu, 15 brjef frá hreppstjórum og blaðagreinar eftir sjálfan sig um þetta efni. Brjef 8. mars og 7. apríl. (Nd. 257, 296 og 309).
2. Aðalfundur Sambands ísl. samvinnufjelaga skorar á efri deild að samþykkja frv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins. Brjef 16. maí. (Ed. 29).

Gistihús. Hjálpræðisherinn sækir um 5000 kr. styrk til gesta- og sjómannaheimilis á Seyðisfirði. Ódags. brjef með 2 fskj. (Nd. 59).

Gististaðir.

1. Einar Halldórsson sækir um lán úr prestlaunasjóði eða viðlagasjóði til húsabyggingar á ábýlisjörð sinni, Kárastöðum í Þingvallasveit. Brjef 8. febr. 3 fskj. (Nd. 18).

2. Böðvar bóndi Magnússon á Laugarvatni sækir um 20 þús. kr. til húsabóta þar, til þess að geta tekið við ferðamönnum til gistingar. Brjef 20. febr. (Nd. 187).
3. Jóhann Ólafsson bóndi á Kjóastöðum sækir um alt að 2000 kr. styrk til húsabóta þar, til þess að geta tekið á móti ferðamönnum. Brjef 26. febr. (Nd. 221).
4. Páll Stefánsson bóndi á Ásólfsstöðum í Þjórsárdal sækir um alt að 5 þús. kr. styrk til húsabóta þar, til hýsingar ferðamanna. Brjef 27. febr. (Nd. 317).

Gisli Jónsson, sjá Málarar 5.
Gjald af ull, smjörliki og kaffibæti, sjá Verndartollur.
Gleym-mjer-ei, kvenfjelag, sjá Sjúkrahús og læknissetur 10.
Goodtemplarahúsið í Reykjavík, sjá Alþingishúsið.
Grafningshreppur, sjá Sjúkrastyrkur 4.
Grímur Kamban. Færeyjafjelagið Grímur Kamban sækir um 1000 kr. styrk til að efla menningarsamband Færeyinga og Íslendinga. Brjef 22. febr. (Nd. 122).
Gróttuviti, sjá Vitamál 6.
Grænland. Aðalfundur Fiskifjelags Íslands krefst þess, að Alþingi og stjórn hins íslenska ríkis sjái fyrir því, að Íslendingar fái tafarlaust fylsta rjett á Grænlandi undantekningarlaust móts við Dani skv. sambandslögunum. Brjef 19. mars. (Nd. 246).
Guðbjörn Guðmundsson, sjá Sjúkrastyrkur 1.
Guðmundur Davíðsson frá Hraunum, sjá Orðasöfnun 1.
Guðmundur Finnbogason sækir um 2000 kr. styrk til að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga. Brjef 16. nóv. 1926. (Nd. 13, lvi).
Guðmundur Guðjónsson, sjá Námsstyrkur 11.
Guðmundur Hannesson, sjá Námsstyrkur 12, Sjúkrahús og læknissetur 7.
Guðmundur Jónsson á Hoffelli sækir um alt að 6000 kr. styrk á þessu ári til fyrirhleðslu fyrir Hornafjarðarfljót. Brjef 26. jan. (Nd. 30).
Guðmundur Kr. Guðmundsson, sjá Strandferðir 2.
Guðmundur Kristjánsson, sjá Námsstyrkur 13.
Guðmundur Sigurðsson á Miðskála undir Eyjafjöllum sækir um alt að 5000 kr. verðlaun fyrir plægingar og herfingar á undanförnum árum. Brjef 12. nóv. 1926. 3 fskj. (Nd. 63).
Guðrún Björnsdóttir á Knararbergi, sjá Húsmæðraskólar 3.
Gunnar Benediktsson, sjá Prestssetur 1.
Gunnar Hallgrímsson, sjá Námsstyrkur 14.
Guttormur Pálsson, sjá Skógrækt 2.

Hafnarmannvirki o. fl., sjá Forkaupsrjettur.
Hafnir og lendingabætur.

1. Framkvæmdanefnd Snepilrásarvinnunnar á Stokkseyri fer þess á leit, að ríkissjóður greiði $^1/_3$ kostnaðar við rásardýpkunina á komandi sumri, í stað $^1/_3$ kostnaðar. Brjef 5. febr. (Nd. 23).

2. Sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu skorar á þing og stjórn að láta ekki dragast lengur athugun á möguleikum til hafnarbóta í Hnífsdal. Brjef 17. mars. (Nd. 254).
3. Hólshreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu sækir um 35 þús. kr. styrk til að lengja brimbrjótinn í Bolungarvík. Brjef 17. mars. (Nd. 271).
4. Brjef vitamálastjóra, dags. 25. mars, um kostnaðaráætlanir og kostnað við byggingu brimbrjóts í Bolungarvík. (Nd. 263).
5. Símskeyti bæjarfógetans á Siglufirði, 13. maí, varðandi byggingu hafnarbryggju þar. (Nd. 316).
6. Áætlun vitamálastjóra um dýpkun Vestmannaeyjahafnar. Brjef 1. apríl. (Nd. 338).
Sjá ennfremur Bryggjur.

Halldór Benediktsson póstur, sjá Eftirlaun 16.
Halldór Briem, sjá Sjúkrastyrkur 3.
Halldóra Bjarnadóttir, sjá Heimilisiðnaður.
Hallgrímur Bachmann Jónsson, sjá Leiklist 5.
Hallormsstaður, sjá Skógrækt 2.
Handavinnukensla. Kvenfjelag Hvammshrepps í Vík sækir um styrk til að halda uppi kenslu í handavinnu eins og að undanförnu. Brjef 3. febr. (Nd. 50).
Hans Hannesson póstur, sjá Eftirlaun 13.
Harald Olrik, sjá Sjerleyfi 1.
Haraldur Björnsson, sjá Leiklist 2.
Háskólinn.
1. Tillögur háskólaráðsins um fjárveitingar til háskólans 1928. Brjef 20. nóv. '26. (Nd. 13, xxx).
2. Háskólaráðið fer þess á leit, að heimspekideild háskólans verði veittar 2000 kr. til að kosta kenslu um stundarsakir eftir þörfum. Brjef 27. nóv. '26. (Nd. 13, xxxi).
3. Heimspekideild háskólans sendir tillögur sínar og guðfræðideildar um ráðstöfun kennarastóls í klassiskum fræðum við háskólann. Brjef 24. febr. 2 fskj. (Nd. 336).

Heilsuhælisfjelag Norðurlands, sjá Sjúkrahús og læknissetur 2 og 3.
Heimilisiðnaður. Halldóra Bjarnadóttir sækir um 2000 kr. styrk til leiðbeininga í heimilisiðnaðarmálum. Brjef 25. febr. 2 fskj. (Nd. 173).
Helga Níelsdóttir, sjá Námsstyrkur 16.
Helga Skúladóttir prestsekkja, sjá Eftirlaun 8.
Helgi H. Eiríksson, sjá Kennaraskólinn 2.
Helsingforssamningar, sjá Stórstúka Íslands 1.
Henriette Kjær yfirhjúkrunarkona, sjá Eftirlaun 22.
Hermína Sigurgeirsdóttir, sjá Námsstyrkur 17.
Hjálpræðisherinn, sjá Gistihús.
Hjúkrunarheimili. Fjelagið Hvítabandið sækir um 30 þús. kr. styrk til byggingar hjúkrunarheimilis í Reykjavík. Brjef 25. febr. 2 fskj. (Nd. 161).
Hjúkrunarnemar, sjá Námsstyrkur 18.
Hjörtur Sigurðsson, sjá Námsstyrkur 19.

Hljómlistarnám, sjá Námsstyrkur 5, 10, 14, 17, 28, 37 og 38.
Hnífsdalur, sjá Hafnir og lendingabætur 2.
Hólsós, sjá Sjúkrahús og læknissetur 8.
Hornafjarðarbátur o. fl., sjá Strandferðir 12.
Hornafjarðarfljót, sjá Guðmundur Jónsson á Hoffelli.
Hólaskóli, sjá Bændaskólar 1.
Hópsnes, sjá Vitamál 2.
Hrafnkell Einarsson, sjá Námsstyrkur 20.
Hreindýr.
1. Skógræktarstjóri fer þess á leit, að veitt verði fje til þess að rannsaka, hve margt hreindýra lifi í öræfum landsins. Brjef 16. sept. '26. (Nd. 13, lxix).
2. Kristófer Ólafsson frá Kalmanstungu sækir um 10 þús. kr. styrk til hreindýraræktar. Brjef 20. febr. 2 fskj. (Nd. 185).

Hugo Michaelsen, sjá Ríkislán 2.
Húsgagnalist, sjá Listiðnaður 2.
Húsmæðraskólar.
1. Stjórn húsmæðraskólans á Ísafirði sækir um 8000 kr. styrk handa skólanum. Brjef 29. jan. (Nd. 28).
2. Kvenfjelag Suður-Þingeyinga fer þess á leit, að veittar verði 12 þús. kr. til húsbyggingar fyrir húsmæðradeild við alþýðuskóla Þingeyinga. Brjef 20. jan. 2 fskj. (Nd. 82).
3. Guðrún Björnsdóttir sækir um 2000 kr. styrk til garðyrkju- og hússtjórnarskóla á nýbýli sínu Knararbergi í Eyjafirði. Brjef 3. febr. 2 fskj. (Nd. 147).
4. Konur á Akureyri skora á stjórn og þing að veita 70 þús. kr. til byggingar húsmæðraskóla á Norðurlandi, skv. lögum nr. 37/1917. Símskeyti 6. apríl. (Nd. 291).

Hvalfjarðarbátur, sjá Strandferðir 4.
Hvammstangi, sjá Sjúkrahús og læknissetur 1.
Hvanneyrarskóli, sjá Bændaskólar 2–4.
Hvíldartími á botnvörpuskipum. 406 sjómenn á botnvörpungum skora á Alþingi að breyta lögum nr. 53/1921 þannig, að hvíldartími háseta verði 8 stundir á sólarhring. 21 skjal. (Nd. 212).
Hvítabandið, fjelag í Reykjavík, sjá Hjúkrunarheimili.
Hvítárbakkaskóli. Brjef Guðmundar Jónssonar um hitaleiðslu úr Langholtslaug til Hvítárbakkaskóla, dags. 20. jan. (Nd. 13, xlvii).
Hæstirjettur. Málaflutningsmannafjelag Íslands skorar á Alþingi að fjölga dómendum í hæstarjetti að minsta kosti upp í 5 þegar á þessu þingi. Brjef 13. apríl. 1 fskj. (Nd. 307).

Iðnaðarmannafjelag Akureyrar, sjá Iðnskólar.
Iðnaður, innlendur, sjá Verndartollur.
Iðnskólar. Iðnaðarmannafjelag Akureyrar sækir um 1500 kr. styrk til kvöldskólahalds. Brjef 5. febr. 1 fskj. (Nd. 239).

Iðnteikning, sjá Listiðnaður 1.
Ingeborg Sigurjónsson, sjá Eftirlaun 23.
Ingibjörg G. Eiríksdóttir, sjá Námsstyrkur 21.

Ísak Jónsson, sjá Námsstyrkur 22.
Ísfiskisala, sjá Fiskútflutningur.
Ísleifur Jónsson, sjá Unglingaskólar 2.
Íslensk-dönsk orðabók, sjá Orðabækur 2.
Íslenskt fiskútflutningsfjelag, h/f, sjá Markaður.
Íslenskur söfnuður í Kaupmannahöfn. Ísl. safnaðarfjelagið í Kaupmannahöfn sækir um 1000 kr. árlegan styrk til að halda uppi guðsþjónustum. Brjef 6. febr. 5 fskj. (Nd. 129).
Ítalíuferðir, sjá Eimskipaferðir.
Íþróttasamband Íslands.
1. Íþróttasamband Íslands sækir um 15 þús. kr. til að senda flokk íþróttamanna á Olympíuleikana 1928 og 2 þús. kr. árl. styrk, og ennfremur að því verði leyft að gefa út íþróttamerki. Brjef 24. sept. 1926. (Nd. 13, lviii).
2. Sama fer þess á leit, að árlegi styrkurinn til sín verði hækkaður upp í 5000 kr. og að því verði veittur 15 þús. kr. styrkur til að senda flokk íþróttamanna á næstu Olympíuleika. Brjef 25. febr. 1 fskj. (Nd. 150).

Sjá ennfremur Sundlaugar 1.

Jakob Gíslason, sjá Námsstyrkur 23.
Jarðabók Árna og Páls, sjá Fræðafjelagið.
Jenny Forberg, sjá Eftirlaun 1.
Jóhann Ólafsson á Kjóastöðum, sjá Gististaðir 3.
Jón Arnfinnsson sækir um 2000 kr. styrk til að byggja upp bæinn að Botni í Dýrafirði, sem eyðilagðist í snjóflóði árið 1924. Brjef 21. febr. 1 fskj. (Nd. 114).
Jón Eyjólfsson, sjá Markaður 1.
Jón J. Fannberg, sjá Sjerleyfi 3.
Jón Guðmundsson, sjá Launamál 1—3.
Jón Halldórsson ríkisfjehirðir, sjá Launamál 7 og 8.
Jón Helgason í Borgarnesi, sjá Raforkustöðvar 2.
Jón Ísleifsson verkfræðingur fer þess á leit, að fjvn. mæli með því við fjármálaráðherra, að viðlagasjóðslán, er hann tók 1924, fái að standa þetta ár með sömu kjörum og hingað til. Brjef 16. apríl. 1 fskj. (Nd. 304).
Jón Kristjánsson nuddlæknir sækir um 3000 kr. árl. styrk til lækningastofu sinnar árin 1927 og 1928 og fer þess á leit, að afborganir og vextir af ríkissjóðsláni hans verði látnir niður falla árin 1924, 1925 og 1926. Brjef 4. des. 1926. 2 fskj. (Nd. 13, xvii).
Jón Kristjánsson veitingamaður, sjá Skaðabætur vegna sóttvarna 1.

Jón Leifs endurtekur umsókn sína, er lá fyrir síðasta Alþingi, um fjárveitingu til þess að safna íslenskum þjóðlögum og vinna úr þeim. Brjef 5. jan. 1 fskj. (Nd. 3).

Jón Sívertsen sækir um 3000 kr. styrk til að kynna sjer fyrirkomulag kauphalla erlendis. Brjef 25. febr. 2 fskj. (Nd. 163).

Jón Stefánsson dr. sækir um 2000 kr. styrk til að hafa 200 myndir í hinni ensku Íslandssögu sinni. Brjef 2. jan. (Nd. 13, lv).

Jón Stefánsson málari, sjá Málarar 6.

Jónas Benediktsson, sjá Bankamál 2.

Jórunn Guðmundsdóttir ljósmóðir, sjá Eftirlaun 19.

Jökuldalshreppur, sjá Símamál 4.

Kaffibrensla Reykjavíkur, sjá Verndartollur 4.

Karl Jónsson læknir, sjá Námsstyrkur 24.

Karlakór K. F. U. M. þakkar styrk til Noregsfarar á síðastliðnu ári og sendir 10 eintök af ferðasögu sinni (»Söngför«). Brjef 1. mars. (Sþ. 15).

Kaupfjelag Króksfjarðar, sjá Strandferðir 9.

Kaupgjald. Sambandsþing verkalýðssambands Norðurlands skorar á Alþingi að hlutast til um, að sumir embættismenn ríkisins noti sjer ekki neyð vinnandi stjetta landsins til að lækka kaup þeirra, og einkum að vegavinnukaup það, sem ákveðið hefir verið hjá ríkinu, verði hækkað. Símskeyti 30. apríl. (Nd. 310).

Kauphallir, sjá Jón Sívertsen.

Kálfafellsstaðarkirkja, sjá Kirkjur 1.

Kárastaðir, sjá Gististaðir 1.

Kennarar í Reykjavík, sjá Skaðabætur vegna sóttvarna 2.

Kennaraskólinn.

1. Till. skólastjóra kennaraskólans um fjárveitingar til skólans 1928. Brjef 15. nóv. 1926. (Nd. 13, xxxiv).
2. Freysteinn Gunnarsson og Helgi H. Eiríksson sækja um 2500 kr. styrk handa kennaraskólanum til útgáfu kenslubóka. Brjef, dags. 30. nóv. 1926, ásamt brjefi skólastjóra kennaraskólans, dags. s. d. (Nd. 13, xlv).

Kennarastóll í klassiskum fræðum, sjá Háskólinn.

Kirkjujarðir. Umsögn Hálfdans Helgasonar prests á Mosfelli um frv. til laga um sölu á nokkrum hluta úr kirkjueigninni Mosfellsheiðarlandi. Brjef 31. mars. (Nd. 337). Sbr. og Kirkjur 1.

Kirkjur.

1. Söfnuður Kálfafellsstaðarkirkju fer þess á leit að fá, til viðbótar áður fengnu meðlagi með kirkjunni, parta þá, sem óseldir eru af eign kirkjunnar í jörðinni Borgarhöfn, eða 2000 kr. í peningum, sem er fasteignamatsverð nefndra jarðarparta. Brjef 22. jan. 1 fskj. (Nd. 29).

2. Sóknarnefndin í Langholtssókn í Skaftafellssýslu fer þess á leit, að sett verði hljóðfæri og hitunartæki í Langholtskirkju, Brjef 4. júní 1926, með brjefi atvrh. og umsögn biskups. (Nd. 67).
3. Brjef sömu um að söfnuðurinn taki að sjer Langholtskirkju, gegn 5—6 þús. kr. meðlagi. Brjef 4. júní 1926, með brjefi atvrh. og umsögn biskups (Nd. 67).
4. Eigendur og ábúendur Reykjahliðar í Mývatnssveit sækja um 6075 kr. til endurbóta og aðgerða á kirkjunni þar, en þá upphæð greiddu þeir fyrir prestsmötu, er á jörðinni hvíldi. Brjef 2. febr. 2 fskj. (Nd. 106).
5. Erindi um byggingu nýrrar kirkju í Reykjavík, dags. 21. febr., frá nefnd, kosinni til að hafa forgöngu um kirkjubygginguna. 1 fskj. (Nd. 197).

Kighóstavarnir, sjá Skaðabætur vegna sóttvarna 2.
Kjóastaðir, sjá Gististaðir 3.
Kjær, Henriette, yfirhjúkrunarkona, sjá Eftirlaun 22.

Kjördagur.

1. Verkamannafjelag Seyðisfjarðar mótmælir færslu kjördags til 1. júlí. Símskeyti 21. febr. (Ed. 13).
2. Verkamannafjelagið Dagsbrún mótmælir því, að kjördagur við alþingiskosningar verði færður fram til 1. júlí. Brjef 17. febr. (Nd. 75).
3. Stjórn verkalýðsfjelagsins í Bolungarvík skorar á Alþingi að halda kjördegi til Alþingis óbreyttum. Símskeyti 21. febr. (Nd. 85).
4. Verkamannafjelag Akureyrar mótmælir því, að breytt verði um kjördag við kosningar til Alþingis og skorar á þingið að fella frv. um færslu kjördags til 1. júlí. Símskeyti 20. febr. (Nd. 86).
5. Verkamannafjelag Vopnafjarðar mótmælir færslu kjördagsins. Símskeyti 21. febr. (Nd. 94).
6. Verkalýðsfjelagið í Hnífsdal mótmælir því, að kjördagur sje færður til 1. júlí og skorar á Alþingi að fella framkomna tillögu um það. Símskeyti 21. febr. (Nd. 95).
7. Sjómannafjelag Ísfirðinga mótmælir færslu kjördags til 1. júlí og skorar á Alþingi að halda kjördegi við kjördæmakosningar óbreyttum. Símskeyti 22. febr. (Nd. 96).
8. Verkamannafjelagið Baldur á Ísafirði mótmælir færslu kjördags til 1. júlí og skorar á Alþingi að halda kjördegi í kaupstöðum við kjördæmakosningar óbreyttum. Símskeyti 22. febr. (Nd. 97).
9. Verkamenn og sjómenn á Sandi skora á Alþingi að skifta ekki um kjördag. Símskeyti 22. febr. (Nd. 99).
10. Verkamannafjelagið á Húsavík mótmælir færslu kjördags. Símskeyti 22. febr. (Nd. 103).
11. Verkakvennafjelagið Vonin á Húsavík mótmælir færslu kjördags. Símskeyti 22. febr. (Nd. 104).
12. Verkakvennafjelagið Framsókn mótmælir færslu kjördags til 1. júlí. Brjef 22. febr. (Nd. 111).

13. Alþýðuflokksfundur í Hafnarfirði mótmælir færslu kjördags til 1. júlí og skorar á Alþingi að fella frv. það, sem fram er komið um það efni. Brjef 24. febr. (Nd. 117).
14. Verkalýðsfjelag Önfirðinga mótmælir færslu kjördags. Símskeyti 21. febr. (Nd. 118).
15. Verkalýðsfjelag Þingeyrar skorar á þingmann kjördæmisins að beita sjer fyrir því, að kjördagur til Alþingis verði ekki færður. Símskeyti 21. febr. (Nd. 119).
16. Jafnaðarmannafjelagið í Reykjavík skorar á Alþingi að flytja ekki kjördaginn frá því sem nú er. Brjef 24. febr. (Nd. 146).
17. Fulltrúaráð verkalýðsfjelaganna í Reykjavík mótmælir frv. um færslu kjördags. Brjef 24. febr. (Nd. 151).
18. 230 kjósendur á Siglufirði skora á þingmenn sína að beita sjer fyrir því, að kjördegi við alþingiskosningar verði eigi breytt. Brjef 21. febr. (Nd. 174).
19. 80 alþingiskjósendur í Stykkishólmi mótmæla færslu kjördags við alþingiskosningar. Brjef 23. febr. og símskeyti 28. febr. (Nd. 179).
20. Verkamannafjelagið Drífandi í Vestmannaeyjum mótmælir frumvarpinu um færslu kjördags. Brjef 29. mars. (Nd. 302).

Kjötútflutningur, sjá Vörumat.

Klak (laxa- og silungaklak), sjá Þórður Flóventsson.

Kláðaskýrslur, sjá Fjárkláði 1.

Kleppjárnsreykir, sjá Sjúkrahús og læknissetur 6.

Kornmylla, sjá Mjólkurfjelag Reykjavíkur.

Kosningar, sjá Kjördagur, Kosningarrjettur.

Kosningarrjettur. 116 Ísfirðingar, sem mist hafa kosningarrjett vegna sjúkleika, atvinnuleysis og ómegðar, skora á Alþingi að veita sjer og öðrum, sem eins er ástatt um, fullan kosningarrjett. (Nd. 186)

Kristinn Bjarnarson læknir, sjá Námsstyrkur 25.

Kristín Guðmundsdóttir ljósmóðir, sjá Eftirlaun 21.

Kristín Jónasdóttir ljósmóðir, sjá Sjúkrastyrkur 5.

Kristjana Helgadóttir. Sjómannafundur í Ólafsvík skorar á Alþingi að veita Kristjönu Helgadóttur, ekkju í Vík í Eyrarsveit, nokkra fjárupphæð sem viðurkenningu fyrir óeigingjarnt starf í þarfir sjómanna í Ólafsvík og víðar. Brjef 19. mars. (Nd. 252).

Kristján Einarsson, sjá Námsstyrkur 26.

Kristneshæli, sjá Sjúkrahús og læknissetur 2 og 3.

Kristófer Ólafsson, sjá Hreindýr 2.

Kvennafundur. Tillögur samþ. á alm. kvennafundi í Reykjavík 4. mars. Brjef 8. mars. (Nd. 220).

Kvennaskólar. Skólanefnd kvennaskólans í Reykjavík fer þess á leit, að veittar verði alt að 6000 kr. til að endurnýja hitunartæki skólans og setja það í hann, og ennfremur að rekstrarstyrkur skólans verði hækkaður um alt að 2000—3000 kr. Brjef 26. mars. (Nd. 268).

Kvenfjelag Hvammshrepps í Vík, sjá Handavinnukensla.

Kvenfjelag Suður-Þingeyinga, sjá Húsmæðraskólar 2.
Kvenrjettindafjelag Islands sækir um 500 kr. árlegan styrk. Brjef 10. febr. (Nd. 45).

Lagarfljótsbátur, Sjá Strandferðir 11.
Lagarfljótsfoss. Búnaðarsamband Austurlands sækir um styrk til að sprengja laxastiga í Lagarfljótsfoss, ⅔ kostnaðar, alt að 6500 kr. Brjef 28. febr. 3 fskj. (Nd. 181).
Landeyjahreppur, Vestur-, sjá Sandgræðsla 2—3.
Landsbanki Íslands, sjá Bankamál 1—3, Sandgræðsla 4.
Landsspítali, sjá Sjúkrahús og læknissetur 7.
Langholtskirkja, sjá Kirkjur 2 og 3.
Laugarvatn, sjá Gististaðir 2.
Laugaskóli, sjá Húsmæðrafræðsla 2.
Launamál.
1. Skýrsla um laun yfirmatsmanna. (Nd. 13, lxxi).
2. Filippus Magnússon og Jón Guðmundsson yfirkjötmatsmenn fara þess á leit, að laun þeirra verði hækkuð svo, að þau nemi 1200 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar og ferðakostnaðar. Brjef 26. febr. (Nd. 153).
3. Atvinnumálaráðuneytið svarar brjefi landbn. Nd., dags. 5. maí, um persónulega launauppbót til þriggja yfirkjötmatsmanna og tjáir sig bresta heimild til að veita slíka uppbót á lögmælt laun. Brjef 7. maí. (Nd. 334).
4. Páll prestur Sigurðsson í Bolungarvík fer þess á leit, að hann fái — auk prestslauna — full laun sem kennari, í stað hálfra launa, og að sjer verði reiknuð aldursuppbót á kennaralaunin fyrir þau 15 ár, sem hann hefir haft barnakenslu á hendi. Brjef 4. febr. (Nd. 61).
5. Sigurður Baldvinsson, póstmeistari á Seyðisfirði, fer þess á leit, að laun sín verði hækkuð svo, að þau verði jafnhá launum póstmeistaranna á Akureyri og Ísafirði, og til vara, að laun sín verði reiknuð eftir póstembættisaldri. Brjef 26. febr. 11 fskj. (Nd. 194).
6. Umsögn aðalpóstmeistara um launahækkunarbeiðni Sigurðar Baldvinssonar. Brjef 8. mars. 2 fskj. (Nd. 214).
7. Jón Halldórsson ríkisfjehirðir fer þess á leit, að hámark launa sinna megi hækka um 1000 kr. og hámark talningarfjár síns um 500 kr. Brjef 4. mars. (Nd. 204).
8. Jón Halldórsson ríkisfjehirðir fer þess á leit, að fjvn. mæli með því, að honum verði greidd einnig fyrir árið 1927 hækkun sú á talningarfje, sem samþykt hefir verið með fjárlögum fyrir árið 1928. Brjef 13. maí. (Nd. 315).
9. Jón Kjartansson, þm. V.-Sk., sendir fjvn. Ed. brjef sóknarprestsins í Þykkvabæjarklaustursprestakalli, dags. 1. des. 1926, til Prestafjelags Íslands, þar sem hann fer fram á erfiðleikauppbót. Brjef 11. apríl. (Ed. 19).

10. Samband embættismanna og starfsmanna ríkisins fer þess á leit, að starfsmönnum ríkisins verði veitt full dýrtíðaruppbót af öllum launum sínum á þessu ári, og til vara að þeim verði veitt dýrtíðaruppbót eftir búreikningsvísitölu hagstofunnar í okt. 1926, miðað við $^{2}/_{3}$ launanna. Brjef 10. febr. (Nd. 25).
11. Brjef frá formanni sama fjelags, dags. 10. febr., þar sem hann vekur athygli fjvn. á erindi sambandsins. (Nd. 26).

Lán, sjá Ríkislán.

Lárus Rist sækir um 1000 kr. styrk til þess að kynna sjer leikfimikenslu og rekstur sjúkrahúsa í Danmörku. Brjef 5. febr. 1 fskj. (Nd. 46).

Leikfjelög, sjá Leiklist 1, 4 og 7.

Leiklist.

1. Leikfjelag Akureyrar sækir um 1500 kr. styrk. Brjef 5. febr. (Nd. 11).
2. Haraldur Björnsson sækir um 2000 kr. lokastyrk til náms í leikment og leikhússtörfum. Brjef 20. jan. (Nd. 21).
3. Friðfinnur Guðjónsson sækir um 2500 kr. styrk til utanfarar til að kynna sjer leiklist. Brjef 23. febr. (Nd. 113).
4. Leikfjelag Ísafjarðar sækir um 1500 kr. styrk. Brjef 11. febr. 1 fskj. (148).
5. Hallgrímur Bachmann Jónsson sækir um alt að 1800 kr. styrk til að kynna sjer ljósaútbúnað og ljósbreytingakerfi í leikhúsum erlendis. Brjef 4. mars. (Nd. 202).
6. Umsókn um 2000 kr. styrk handa Önnu Borg til að halda áfram og ljúka námi við leikskóla konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn. Brjef 4. apríl. 3 fskj. (Nd. 288).
7. Leikfjelag Reykjavíkur sækir um eftirgjöf á 621,10 kr. verðtolli, er það greiddi af búningum og vopnum, sem það flutti inn frá Þýskalandi til leiksýninga. Brjef 18. mars. 1 fskj. (Nd. 292).

Lendingabætur, sjá Hafnir og lendingabætur.

Listiðnaður.

1. Björn Björnsson sækir um 2500 kr. styrk til að kynna sjer kenslu í iðnteikningu erlendis og eflingu þjóðlegs listiðnaðar á Norðurlöndum. Brjef 26. febr. 5 fskj. (Nd. 178).
2. Ríkarður Jónsson sækir um 3000 kr. styrk til að kynna sjer þróun þjóðlegrar húsgagnalistar í Noregi og Svíþjóð. Ódags. brjef. 1 fskj. (Nd. 272).

Listvinafjelagið sækir um 2250 kr. lokastyrk til að kaupa »Móðurást« Ninu Sæmundsdóttur og fer þess á leit, að skilyrðið, sem fjárveitingin í sama skyni í gildandi fjárlögum er bundin, verði felt niður. Brjef 28. jan. (Nd. 160).

Líffræðileg veðurfræðistofnun. Dr. Rose Stoppel sækir um styrk til að koma á fót líffræðilegri-veðurfræðilegri vísindastofnun á Íslandi. Brjef 20. jan. 1 fskj. (Nd. 135).

Líkn. Skýrsla um starfsemi hjálparstöðvar berklahjúkrunarfjelagsins Líknar árið 1926, dags. 2. febr. 1 fskj. (Nd. 235).

Lóðarkaup, sjá Ráðherrabústaðurinn.
Lúðvig Guðmundsson, sjá Námsstyrkur 27.
Lýðmentun. Útgefendur bókaflokksins Lýðmentunar sækja um styrk til útgáfu flokksins, er nemi 75 kr. á hverja örk hans. Brjef 3. febr. 3 fskj. (Nd. 35).
Læknisbústaðir, sjá Sjúkrahús og læknissetur.

Magnús Pjetursson sækir um 6000 kr. styrk til að kynna sjer berklavarnir og millilandasóttvarnir erlendis. Brjef 15. mars. (Nd. 238).
Mannfræðinám, sjá Námsstyrkur 12.
Margrjet Grímsdóttir ljósmóðir, sjá Eftirlaun 20.
Margrjet Símonardóttir frá Brimnesi, sjá Þjóðbúningar.
Markaður.
1. Jón Eyjólfsson sækir um 1500 kr. styrk til markaðsleitar erlendis fyrir saltan og reyktan rauðmaga. Brjef 25. febr. 1 fskj. (Nd. 141).
2. Ástþór Matthíasson sækir um 20 þús. kr. styrk til þess að dvelja í Suður-Ameríku til rannsóknar á söluhorfum íslenskra afurða, og ef söluhorfur eru, að koma á fót skrifstofu, er annist sölu fyrir ísl. framleiðendur og markaðsskýrslugjafir til ísl. ríkisins. Brjef 7. mars. 1 fskj. (Nd. 217).
3. Tómas Hallgrímsson sækir um 20 þús. kr. styrk til að koma á fót umboðssölu á ísl. saltfiski í Rio de Janeiro í Brasilíu og afla honum þar markaðar. Brjef 12. mars. (Nd. 229).
4. Sjávarútvegsnefnd neðri deildar leggur til, að veittar verði 20 þús. kr. til markaðsleitar fyrir fisk í Suður-Ameríku. Brjef 16. mars. (Nd. 240).
5. Þórður Flygenring sækir um 15 þús. kr. styrk til að setja upp skrifstofu í Portúgal til að útbreiða þekkingu og auka sölu á ísl. saltfiski. Brjef 17. mars. (Nd. 286).
6. H/f Íslenskt fiskiútflutningsfjelag sækir um 25 þús. kr. styrk á þessu ári til markaðsleitar fyrir íslenskar sjávarafurðir. Brjef 23. mars. 2 fskj. (Nd. 273).
7. Ottó Tulinius sækir um 15 þús. kr. styrk til að leitast fyrir um nýjan markað fyrir síld. Tvö brjef, 18. og 24. mars. (Nd. 255, 1 og 280, 1—2).
8. Aðalfundur Fiskifjelags Íslands skorar á ríkisstjórnina að ráða hæfan mann til að greiða fyrir sölu síldar erlendis og leitast fyrir um nýjan markað fyrir síld. Brjef 19. mars. (Nd. 255, 2 og 280, 3).
9. Sjávarútvegsnefnd neðri deildar mælir með því, að veittar verði 15 þús. kr. til útfærslu síldarmarkaðar og álítur Ottó Tulinius vel til starfans fallinn. Brjef 24. mars. (Nd. 280, 4).

Sjá ennfremur Verslunarráð Íslands.
Markús Kristjánsson, sjá Námsstyrkur 28.
Matsmenn, sjá Launamál 1—3, Vörumat.
Málaflutningsmannafjelag Íslands, sjá Hæstirjettur.

Málarar.

1. Ásgrímur Jónsson fer þess á leit, að Alþingi kaupi af sjer málverk fyrir 5000 kr. á ári næstu 5 ár, og sækir um 6—8 þús. kr. styrk til málverkasýninga erlendis á næsta ári. Ódags. brjef. (Nd. 151).
2. Vigfús Einarsson fer þess á leit, að Brynjólfi Þórðarsyni verði veittur að minsta kosti 2000 kr. styrkur til að leita sjer heilsubótar og fullkomna sig í málaralist. Brjef 26. febr. (Nd. 171).
3. Finnur Jónsson málari sækir um alt að 3000 kr. styrk til Ítalíufarar. Brjef 26. febr. (Nd. 180).
4. Freymóður Jóhannsson sækir um 3000 kr. styrk til utanfarar, til að fullkomna sig í leiktjaldamálun. Brjef 1. febr. 3 fskj. (Nd. 16).
5. Gísli Jónsson sækir um 1200—1500 kr. styrk, til að fullgera og koma á sýningu málverkum, er hann hefir haft með höndum síðustu ár. Brjef 4. mars. (Nd. 208).
6. Jón Stefánsson málari sækir um 10 þús. kr. viðlagasjóðslán, til að byggja sjer vinnustofu. Brjef 19. mars. (Nd. 284).

Sjá ennfremur Námsstyrkur 15 og 34.

Málsháttasöfnun, sjá Orðabækur 2.

Michaelsen, Hugo, sjá Ríkislán 2.

Milliþinganefnd um sjávarútveg. Aðalfundur Fiskifjelags Íslands leggur til, að skipuð sje milliþinganefnd, sem athugi ástand sjávarútvegsins og hvað hægt sje að gera í því máli. Brjef 19. mars. (Nd. 247).

Mjólkurfjelag Reykjavíkur sækir um 50 þús. kr. lán úr viðlagasjóði vegna stofnsetningar og til rekstrar kornmyllu. Brjef 22. des. '26. (Nd. 13, lxxxi).

Mjólkurfjelagið Mjöll sækir um styrk, 2 kr. fyrir hvern kassa mjólkur, sem það framleiðir. Brjef 3. jan. 1 fskj. (Nd. 13, lxx).

Mjöll, sjá Mjólkurfjelagið Mjöll.

Mosfell, sjá Kirkjujarðir.

Moskusnaut. Vigfús Sigurðsson Grænlandsfari fer þess á leit, að stjórninni heimilist að veita ísl. fjelagi 15 þús. kr. styrk, til þess að ná moskusnautakálfum á Grænlandi, flytja þá hingað til lands og koma upp moskusnautahjörðum. Brjef 1. apríl. (Nd. 282).

Móðurást, mynd Ninu Sæmundsdóttur, sjá Listvinafjelagið.

Mylla, sjá Mjólkurfjelag Reykjavíkur.

Myndhöggvarar. Ásmundur Sveinsson myndhöggvari sækir um styrk til Ítalíuferðar, til þess að fullkomna sig í list sinni. Brjef 29. des. '26. 1 fskj. (Nd. 1).

Myndskurðarlist, sjá Soffía Stefánsdóttir.

Mývatnsheiði, sjá Vegamál 5.

Námsskeið í mótorvjelfræði, sjá Rapmótor.

Námsstyrkur.

1. Arnfinnur Jónsson sækir um 2000 kr. styrk til framhaldsnáms í uppeldisfræði í Leipzig. Brjef 12. febr. 2 fskj. (Nd. 128).

2. Ásgeir Ó. Einarsson sækir um 1200 kr. árlegan styrk í fjögur ár til dýralækninganáms. Brjef 3. apríl. 2 fskj. (Ed. 26).
3. Umsókn um 1000 kr. styrk handa Ásgeiri Ólafssyni til að ljúka dýralækningaprófi í Hannover. Brjef 22. febr. (Nd. 120).
4. Barði Guðmundsson sækir um 2000 kr. styrk í 2 ár til að ljúka meistaraprófi í sögu og til að ljúka við ritgerð, er hann ætlar að verja sem doktorsritgerð. Brjef 4. febr. 3 fskj. (Nd. 60).
5. Umsókn um 2500 kr. styrk handa Bjargeyju Pálsdóttur til náms í pianóleik í Noregi. Brjef 12. mars. 3 fskj. (Nd. 232).
6. Umsókn um styrk handa Bjarna Sigurðssyni stúdent til húsagerðarnáms í Stokkhólmi, og sje styrkurinn jafnhár styrk þeim, sem stúdentum er veittur skv. lögum nr. 35/1925, og auk þess viðbótarstyrk til greiðslu skólagjalds. Brjef 18. febr. 4 fskj. (Nd. 90).
7. Eggert V. Briem sækir um 9000 kr. styrk til flugnáms erlendis. Brjef 25. febr. (Nd. 159).
8. Umsókn um 2500 kr. styrk handa Einari Ólafi Sveinssyni til þess að ljúka námi og meistaraprófi í norrænum fræðum við Hafnarháskóla. Brjef 23. febr. 1 fskj. (Nd. 112).
9. Umsókn um 2000 kr. styrk handa Einari E. Markan til söngnáms erlendis. Brjef 25. febr. (Nd. 165).
10. Eymundur Einarsson sækir um 2000 kr. styrk til að fullkomna sig í fiðluleik. Brjef 26. jan. (Nd. 176).
11. Umsókn um 2000 kr. styrk handa Guðmundi Guðjónssyni til fullnaðarnáms í byggingarfræði í Þýskalandi. Brjef 14. febr. 2 fskj. (Nd. 73).
12. Guðmundur Hannesson fer þess á leit, að veittar verði 5000 kr. til þess að styrkja ungan lækni til mannfræðináms, og að læknir sá verði síðan látinn gera ítarlega mannfræðilega rannsókn á Íslendingum. Brjef 19. febr. (Nd. 93).
13. Guðmundur Kristjánsson sækir um 3000 kr. styrk til að ljúka söngnámi á Ítalíu. Ódags. brjef. 4 fskj. (Nd. 83).
14. Gunnar Hallgrímsson sækir um 2000 kr. utanfararstyrk til náms í fiðluleik og til að kynna sjer fyrirkomulag og stjórn hljómsveita. Brjef 26. febr. 2 fskj. (Nd. 184).
15. Gunnlaugur Óskar Scheving sækir um 2000 kr. styrk til framhaldsnáms við listmálaraskólann í Kaupmannahöfn. Ódags. brjef. (Nd. 69).
16. Umsókn um 800 kr. styrk handa Helgu Níelsdóttur til að ljúka framhaldsnámi í ljósmóðurfræði í Kaupmannahöfn. Brjef 17. febr. (Nd. 68).
17. Hermína Sigurgeirsdóttir sækir um alt að 1500 kr. styrk til hljómlistarnáms í Kaupmannahöfn. Brjef 20. jan. 4 fskj. (Nd. 4).
18. Fjelag ísl. hjúkrunarkvenna sækir um 1500 kr. til þess að styrkja hjúkrunarnema sína. Brjef 21. des. 1926. (Nd. 13, xxi).

19. Hjörtur Sigurðsson sækir um 1200 kr. árlegan styrk í 2 ár til að ljúka námi í rafmagnsfræði í Danmörku. Brjef 7. jan. 1 fskj. (Nd. 134).
20. Hrafnkell Einarsson sækir um 2000 kr. styrk til að ljúka hagfræðinámi og semja doktorsritgerð við háskólann í Vín um íslenskar fiskiveiðar. Brjef 28. febr. (Nd. 270).
21. Ingibjörg G. Eiríksdóttir sækir um styrk til að ljúka námi í kennaraskóla í Noregi. Brjef 30. jan. (Nd. 72).
22. Ísak Jónsson sækir um minst 6000 kr. styrk til kexgerðarnáms í Englandi. Brjef 25. jan. (Nd. 124).
23. Umsókn um 2500 kr. styrk handa Jakob Gíslasyni til að ljúka námi í rafvirkjafræði í Kaupmannahöfn. Brjef 19. febr. 1 fskj. (Nd. 87). Brjef 26. febr. 3 fskj. (Nd. 193).
24. Karl Jónsson læknir sækir um 3000 kr. styrk til framhaldsnáms erlendis í nudd-, bað- og rafmagnslækningum. Brjef 18. jan. 1 fskj. (Nd. 105).
25. Kristinn Bjarnarson læknir sækir um alt að 3000 kr. styrk til framhaldsnáms í handlæknisfræði í Frakklandi. Brjef 11. mars. (Nd. 244).
26. Kristján Einarsson frá Svalbarði sækir um 2500 kr. styrk til raffræðináms í Þýskalandi. Ódags. brjef með 2 fskj. (Nd. 164).
27. Lúðvíg Guðmundsson, stud. theol., sækir um alt að 10 þús. kr. lán til lokanáms. Brjef 26. febr. (Nd. 172).
28. Ásgeir Ásgeirsson alþm. fer þess á leit, að fjvn. Nd. taki aftur tillögu sína um það, að styrkurinn til Markúsar Kristjánssonar stúdents (sbr. fjárlagafrv. 14. gr. II. c) falli niður. Brjef 25. mars. (Nd. 264).
29. Óskar S. E. Þorsteinsson sækir um styrk til að ljúka guðfræðinámi í Osló. Brjef 30. des. 1926. 6 fskj. (Nd. 56).
30. Sigurður Birkis sækir um alt að 4000 kr. styrk til að fullkomna sig í sönglist. Brjef 15. febr. 1 fskj. (Nd. 196).
31. Sigurður Skúlason sækir um 3000 kr. styrk til framhaldsnáms í ísl. fræðum erlendis. Brjef 17. febr. (Nd. 70).
32. Sigurkarl Stefánsson sækir um alt að 2000 kr. styrk til lokanáms í stærðfræði við háskólann í Kaupmannahöfn. Brjef 24. jan. 2 fskj. (Nd. 15).
33. Stefán Guðmundsson sækir um 3000 kr. styrk til söngnáms erlendis. Brjef 19. febr. 4 fskj. (Nd. 108).
34. Sveinn Þórarinsson málari sækir um 1000 kr. styrk til að halda áfram námi í listaháskólanum í Kaupmannahöfn. Brjef 14. febr. 4 fskj. (Nd. 115).
35. Umsókn um styrk handa Valgarði Thoroddsen til náms í rafmagnsfræði og vatnavirkjun við tekniska háskólann í Þrándheimi, og sje styrkurinn jafnhár styrk þeim, sem stúdentum er veittur skv. lögum nr. 35/1925. Brjef 26. febr. 1 fskj. (Nd. 166).

36. Þorvaldur Sigurðsson sækir um 8000 kr. styrk til flugnáms erlendis. Brjef 16. febr. 12 fskj. (Nd. 66).
37. Þórarinn Jónsson sækir um alt að 5000 kr. styrk til hljómlistarnáms í Berlín. Brjef 4. des. 1926. 9 fskj. (Nd. 109).
38. Sveinn Ólafsson alþm. fer þess á leit við fjvn. Nd., að hún leggi til, að Þórarni Jónssyni tónlistarnema verði veittur að minsta kosti 2000 kr. styrkur, ef hún sjer sjer ekki fært að mæla með áður kominni umsókn Þórarins. Brjef 25. febr. (Nd. 151).
39. Þórður Kristleifsson sækir um 2000 kr. styrk til þess að ljúka söngnámi á Ítalíu og til leiknáms og annars undirbúnings undir frumraun við söngleikhús á Þýskalandi. Brjef 12. des. 1926. 1 fskj. (Nd. 2).

Sjá ennfremur Leiklist 2 og 6.

Náttúrufræðifjelagið. Hið íslenska náttúrufræðifjelag sækir um 3500 kr. styrk. Brjef 13. nóv. 1926. (Nd. 13, li).

Nikulás Þórðarson, sjá Eftirlaun 11.

Nuddlækningastofa, sjá Jón Kristjánsson læknir.

Núpsskóli. Sigtryggur Guðlaugsson sækir um styrk til að setja miðstöðvarhitun í skólahúsið á Núpi. Brjef 5. febr. 1 fskj. (Nd. 158).

Nýfiskisala, sjá Fiskútflutningur.

Næturvinna. Verkamannafjelagið Dagsbrún mótmælir þeirri ákvörðun neðri deildar, að fella frv. til laga um bann gegn næturvinnu við fermingu og affermingu skipa og báta í Reykjavík og Hafnarfirði. Brjef 25. febr. (Nd. 127).

Ölrik, Harald, sjá Sjerleyfi 1.

Olympiuleikar, sjá Íþróttasamband Íslands 1 og 2.

Orðabækur.
1. Sigfús Blöndal sækir um 15 þús. kr. lokastyrk til útgáfu hinnar íslensk-dönsku orðabókar sinnar. Brjef 10. júlí 1926. 8 fskj. (Nd. 13, lx).
2. Páll Þorkelsson fer þess á leit, að styrkurinn, sem honum er veittur, verði hækkaður úr 800 kr. upp í 3500 kr. Brjef 25. febr. (Nd. 157).

Orðasöfnun.
1. Guðmundur Davíðsson á Hraunum sækir um 2000 kr. árlega þóknun fyrir að orðtaka íslensk rit. Brjef 30. jan. (Nd. 57).
2. Þorbergur Þórðarson sækir um 1200 kr. styrk til orðasöfnunar. Brjef 1. nóv. 1926. (Nd. 13, liii).

Otto Tulinius, sjá Markaður 7 og 9.

Óðinn, sjá Varðskip 1.

Ólafur Friðriksson, sjá Blindrastyrkur, Gervilimir.

Ólafur J. Hvanndal, sjá Gin- og klaufaveiki 1.

Ólafur Ólafsson póstur, sjá Eftirlaun 14.

Ósk, kvenfjelag á Ísafirði, sjá Húsmæðraskólar 1.
Óskar S. E. Þorsteinsson, sjá Námsstyrkur 29.

Patrekshreppur, sjá Raforkustöðvar 4.
Páll J. Árdal, sjá Eftirlaun 9 og 10.
Páll Jónsson. Umsókn um 1000 kr. heiðurslaun, í eitt skifti fyrir öll, handa Páli söðlasmið Jónssyni á Granastöðum. Brjef 25. jan. (Nd. 22).
Páll Sigurðsson prestur, sjá Launamál 4.
Páll Stefánsson á Ásólfsstöðum, sjá Gististaðir 4.
Páll Þorkelsson, sjá Orðabækur 2.
Pálmi Hannesson sækir um 2500 kr. styrk til rannsókna á eðli og uppruna þúfna og annara algengra yfirborðsmyndana hjer á landi. Brjef 7. febr. (Nd. 10).
Prestafjelag Íslands fer þess á leit, að kirkjustjórninni heimilist að greiða ferðakostnað handa prestvígðum manni, einum eða fleirum, til eflingar andlegri samvinnu presta og kristilegra áhrifa á söfnuði úti um land. Brjef 26. febr. (Nd. 167).
Prestssetur.
1. Gunnar Benediktsson sækir um 5000 kr. styrk til prestssetursbyggingar í Saurbæ í Eyjafirði. Brjef 20. febr. 2 fskj. (Nd. 275).
2. Hákon Kristófersson alþm. fer þess á leit, að fjvn. Nd. leggi til, að veittar verði 7000 kr. til embættisbústaðar handa sóknarprestinum í Flatey á Breiðafirði. Brjef 6. apríl. 1 fskj. (Nd. 297).

R*aforkustöðvar.*
1. Borgarneshreppur sækir um 20 þús. kr. viðlagasjóðslán til endurbyggingar raforkustöðvar. Brjef 7. febr. 2 fskj. (Nd. 36).
2. Pjetur Þórðarson sendir og mælir með umsókn Jóns Helgasonar í Borgarnesi um 8000 kr. styrk til tilrauna með rafmagnsframleiðslu með vindorku breyttri í þrýstiloftsorku. Brjef dags. 1. og 7. mars. (Nd. 207).
3. Sigurður Sigurðsson, bóndi á Reynivöllum í Skaftafellssýslu, sækir um 1000 kr. styrk til þátttöku í rafveitu, er nábúi hans ætlar að koma upp. Brjef 23. mars. (Nd. 274).
4. Patrekshreppur sækir um eftirgjöf á alt að helmingi viðlagasjóðslána þeirra, er hann tók 1920 til byggingar rafveitu. Brjef 12. mars. (Nd. 281).

Rangársandsferðir, sjá Strandferðir 1.
Rapmótor.
1. H/f Motoren Rap í Oslo býðst til þess að lána íslenska ríkinu ókeypis »Rapmotor« til notkunar á námsskeiðum í mótorvjelfræði. Brjef 5. febr. 4 fskj. (Nd. 125).
2. Brjef sama um sýnisbát og teikningar af »Rapmotor« til notkunar við kenslu, 28. apríl. (Nd. 312).

Rauðikross Íslands sækir um 3000 kr. styrk. Brjef 12. nóv. 1926. (Nd. 13, lxxvi).

Ráðgjafarnefndin.
1. Formaður dansk-íslensku ráðgjafarnefndarinnar sendir afrit af gerðabók nefndarinnar 1925—1926. Brjef 24. jan. (Sþ. 6).
2. Brjef forsætisráðherra, dags. 11. apríl, um skipun dansk-íslensku ráðgjafarnefndarinnar. (Sþ. 21).

Ráðherrabústaðurinn. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendir afrit af brjefi húsameistara ríkisins, 15. mars, um kaup á lóð nr. 30 við Tjarnargötu, sem er næsta lóð fyrir norðan ráðherrabústaðinn. Brjef 6. apríl. 3 fskj. (Nd. 295).

Reykhólahjerað, sjá Sjúkrahús og læknissetur 11 og 12.

Reykjahlíðarkirkja, sjá Kirkjur 4.

Reykjavíkurkirkja, sjá Kirkjur 5.

Reynivellir í Skaftafellssýslu, sjá Raforkustöðvar 3.

Rist, Lárus, sjá Lárus Rist.

Ríkarður Jónsson, sjá Listiðnaður 2.

Ríkisborgararjettur. Sigríður Þórðardóttir, sem mist hefir íslenskan ríkisborgararjett við að giftast erlendum manni, er hún hefir nú skilið við að borði og sæng, fer þess á leit, að sjer verði veittur íslenskur ríkisborgararjettur. Brjef 9. maí. 1 fskj. (Nd. 311).

Ríkisfjehirðir. Áætlun ríkisfjehirðis um skrifstofukostnað sinn 1928. (Nd. 13, iv.) Sbr. og Launamál 7—8.

Ríkislán.
1. Skýrsla um vexti og afborganir af föstum lánum árið 1928. (Nd. 13, i.)
2. Hugo Michaelsen býðst til þess að gera tilboð um ríkislán handa Íslandi og lán til opinberra stofnana á Íslandi, ef óskað yrði eftir slíkum lánum. Brjef 1. apríl. (Nd. 305).

Rose Stoppel, sjá Líffræðileg veðurfræðistofnun.

Saltfisksmarkaður, sjá Markaður.

Samband embættismanna og starfsmanna ríkisins, sjá Launamál 10 og 11.

Samband íslenskra samvinnufjelaga, sjá Gin- og klaufaveiki 2.

Samband norðlenskra kvenna fer þess á leit, að því verði eigi veittur minni styrkur í fjárlögum 1928 en að undanförnu. Brjef 5. febr. 1 fskj. (Nd. 12).

Samskólar Reykjavíkur. Fundur í Verslunarmannafjelagi Reykjavíkur lýsir ánægju sinni yfir stjfrv. um samskóla Reykjavíkur og telur það heppilega úrlausn á framtíðarskipulagi Verslunarskóla Íslands. Brjef 26. mars. (Nd. 266).

Samúel Eggertsson sækir um 1000 kr. styrk til að gera uppdrátt og línurit úr sögu Íslands og náttúru. Brjef 25. febr. (Nd. 145).

Sandeyri, sjá Símamál 5 og 6.

Sandgræðsla.
1. Till. Búnaðarfjelags Íslands um fjárveitingar til sandgræðslu 1928. Brjef 23. nóv. 1926. 4 fskj. (Nd. 13, lxiii).
2. Brjef hreppstjórans í Vestur-Landeyjahreppi um ráðstafanir til að

hefta sandfok í hreppnum. Brjef 11. jan. með 2 fskj. og brjefi atvinnumálaráðuneytisins. (Nd. 79).

3. Skýrsla um mælingar viðvíkjandi fyrirhugaðri sandgræðslu í Vestur-Landeyjum. Fskj. með brjefi atvinnumálaráðuneytisins 5. mars. (Nd. 201).
4. Landsbanki Íslands fer þess á leit, að veitt verði fje til umbóta skemdum á sjóvarnargarðinum á Eyrarbakka, gegn venjulegu framlagi frá landeigendum. Brjef 7. mai. 1 fskj. (Nd. 313).
5. Búnaðarfjelag Íslands sendir 4 skjöl varðandi skemdir og viðgerðir á sjóvarnargarðinum á Eyrarbakka. Brjef 13. mai. (Nd. 314).

Sauðá, sjá Þjóðjarðasala 1.
Saurbær í Eyjafirði, sjá Prestssetur 1.
Seyðisfjörður, sjá Sjúkrahús og læknissetur 4 og 5.
Siglufjörður, sjá Fangahús, Hafnir og lendingabætur 5.
Sigríður Þórðardóttir, sjá Ríkisborgararjettur.
Sigtryggur Guðlaugsson, sjá Núpsskóli.
Sigurður Baldvinsson póstmeistari, sjá Launamál 5 og 6.
Sigurður Birkis, sjá Námsstyrkur 30.
Sigurður Hannesson. Umsókn um 600 kr. styrk handa Sigurði Hannessyni, smáskamtalækni á Kvíabryggju, í viðurkenningarskyni fyrir lækningar. Brjef 18. febr. 2 fskj. (Nd. 76).
Sigurður Sigurðsson á Reynivöllum, sjá Raforkustöðvar 3.
Sigurður Sigurðsson sýslumaður, sjá Sýslumannsbústaður.
Sigurður Skúlason, sjá Námsstyrkur 31.
Sigurfljóð Einarsdóttir ljósmóðir, sjá Eftirlaun 18.
Sigurjón Pjetursson, sjá Verndartollur 1—2.
Sigurkarl Stefánsson, sjá Námsstyrkur 32.
Síldarmarkaður, sjá Markaður.
Símamál.

1. Áætlun landssímastjóra um tekjur og gjöld landssímans 1928. Brjef 11. des. 1926, með 3 fskj. (Nd. 13, xxv).
2. Landssímastjóri tilkynnir, að hann hafi áætlað iðgjöld landssímans 1928 til slysatryggingar ríkisins 1200 kr. Brjef 21. mars. (Nd. 251).
3. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sendir afrit af brjefi landssímastjóra, dags. 2. mars, um símalagningar á árinu 1927. Brjef 8. mars. (Nd. 219).
4. Hreppsnefnd Jökuldalshrepps skorar á Alþingi að veita fje til símalínu frá Fossvöllum að Skjöldólfsstöðum. Brjef 20. nóv. 1926. (Nd. 48).
5. Allir alþingiskjósendur Snæfjallahrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu skora á stjórnina, Alþingi og landssímastjóra að láta leggja síma frá Ögri um Æðey að Sandeyri á Snæfjallaströnd. Brjef dags. í febr. 1 fskj. (Nd. 190).
6. 47 alþingiskjósendur í Snæfjallahreppi skora á stjórnina, Alþingi og landssímastjóra að láta leggja aukalínu frá Æðey til Unaðsdals um leið og símalínan til Sandeyrar verður lögð. Brjef dags. í febr. (Nd. 183).

7. Almennur kjósendafundur að Skálmarnesmúla í Barðastrandarsýslu skorar á Alþingi að veita fje til þess að leggja símalínu að Firði á Skálmarnesi, samtímis og í sambandi við símalínuna frá Króksfjarðarnesi til Patreksfjarðar. Brjef 6. febr. 1 fskj. (Nd. 199).
8. 8 búendur úr fremri hluta Skorradals fara þess á leit, að svo fremi símalína verði lögð fram Lundarreykjadal, þá verði hún framlengd yfir hálsinn til Skorradals. Brjef 9. mars. (Nd. 227).
9. Guðmundur Ólafsson alþm. fer þess á leit, að veittar verði alt að 11 þús. kr. til símalagningar frá Hnausum um Hnjúk og Eyjólfsstaði að Ási í Vatnsdal. Brjef 14. mars. 1 fskj. (Nd. 236).

Símon Jónsson, sjá Sjúkrastyrkur 6.

Sjávarútvegur, sjá Milliþinganefnd um sjávarútveg.

Sjerleyfi.

1. Harald Olrik, fyrrum nýlendustjóri á Grænlandi, spyrst fyrir um ýmislegt viðvíkjandi hagnýtingu vatnsafls og sjerleyfum til áburðarvinslu hjer á landi. Brjef 2. febr. (Nd. 43).
2. Fundur í Stúdentafjelagi Reykjavíkur lýsir sig mótfallinn því, að h/f Titan verði veitt sjerleyfi til að virkja Urriðafoss í Þjórsá. Brjef 31. mars. (Nd. 283).
3. Brjef Jóns J. Fannbergs um sjerleyfi til virkjunar fallvatnanna norðaustan Glámufjallgarðsins, fyrir botni Mjóafjarðar, Skötufjarðar og Hestfjarðar. Brjef 4. apríl. 1 fskj. (Nd. 321).

Sjómannaheimili, sjá Gistihús.

Sjótjónsreikningar. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið endursendir allsherjarnefnd frumvarp til laga um sjótjónsreikninga. Brjef 11. apríl. 1 fskj. (Nd. 306).

Sjóvarnargarður á Eyrarbakka, sjá Sandgræðsla 4 og 5.

Sjúkrahús og læknissetur.

1. Brjef landlæknis um fjárveitingar til sjúkraskýla og læknisbústaða árin 1927 og 1928, dags. 7. des. 1926, með 2 fskj., sem varða viðbótarstyrk til sjúkraskýlis á Hvammstanga. (Nd. 13, xix).
2. Landlæknir leggur til, að veittar verði 5000 kr. til rekstrar heilsuhælisins í Kristnesi. Brjef 7. des. 1926. (Nd. 13, xx).
3. Heilsuhælisfjelag Norðurlands sækir um 65 þús. kr. styrk til byggingar heilsuhælisins í Kristnesi. Brjef 8. mars. (Nd. 245).
4. Bæjarstjórnin á Seyðisfirði sækir um 100—125 þús. kr. styrk til byggingar fjórðungsspítala á Seyðisfirði. Brjef bæjarstjórans þar 9. nóv. 1926. (Nd. 13, xi).
5. Landlæknir mælir með erindi bæjarstjórnarinnar á Seyðisfirði um fyrirhugaðan spítala þar. Brjef 7. des. 1926. 1 fskj. (Nd. 13, xviii).
6. Umsókn um 2700 kr. viðbótarstyrk til byggingar læknisbústaðar og sjúkraskýlis á Kleppjárnsreykjum. Brjef 30. jan. 2 fskj. (Nd. 32).
7. Brjef Guðmundar Hannessonar, dags. 19. febr., um fjárveitingar til landsspítalans. 2 fskj. (Nd. 92).

8. Umsókn um 11500 kr. styrk til byggingar læknisbústaðar og sjúkraskýlis á Hofsósi. Brjef 23. febr. 2 fskj. (Nd. 156).
9. Þistilfjarðarlæknishjerað fer þess á leit, að gefnar verði eftir 7000 kr. af viðlagasjóðsláni, sem tekið var vegna byggingar læknisbústaðar og sjúkraskýlis í Þórshöfn, eða sem svarar því, að ríkissjóður leggi fram 1/4 af byggingarkostnaðinum. Brjef 17. jan. (Nd. 177).
10. Kvenfjelagið »Gleym-mjer-ei« í Flatey á Breiðafirði sækir um 2000 kr. styrk til sjúkraskýlisbyggingar þar. Brjef 22. febr. 1 fskj. (Nd. 205).
11. Brjef 5 manna nefndar í Reykhólahjeraði, dags. 8. febr., um að ríkið kaupi jörðina Berufjörð til læknisseturs handa hjeraðinu. 2 fskj. (Nd. 191).
12. Hákon Kristófersson alþm. fer þess á leit, að veittur verði styrkur til byggingar læknisbústaðar og sjúkraskýlis í Reykhólahjeraði, alt að 1/3 kostnaðar. Brjef 6. apríl. (Nd. 293).
13. Skjöl, 32 að tölu, varðandi spítalabyggingu á Eyrarbakka. (Útdrættir úr sýslu- og hreppafundargerðum, skuldbindingar hreppa o. fl.). (Nd. 318).

Sjúkra- og styrktarsjóður vitavarða Íslands, sjá Vitamál 3.

Sjúkrasamlög.

1. Sjúkrasamlag Reykjavíkur sækir um 3000 kr. styrk til að koma á sambandi og samvinnu milli sjúkrasamlaganna hjer á landi. Brjef 24. febr. 3 fskj. (Nd. 126).
2. Aðalfundur Sjúkrasamlags Reykjavíkur skorar á Alþingi að verða við umsókn samlagsins um styrk til að koma á sambandi milli sjúkrasamlaga og stofna ný. Útdráttur úr fundargerð 5. mars. (Nd. 228).
3. Sjúkrasamlag prentara í Reykjavík sækir um 600 kr. styrk, en til vara, að því sje ætlaður styrkur af fje því, sem sjúkrasamlögum er ætlað í fjárlögum. Brjef 31. mars. (Nd. 278).
4. Sjúkrasamlag Hafnarfjarðar og Garðahrepps skorar á Alþingi að veita fje til að koma á sambandi milli sjúkrasamlaganna í landinu og reyna að útbreiða þau. Brjef 1. apríl. (Nd. 285).

Sjúkrastyrkur.

1. Guðbjörn Guðmundsson sækir um styrk handa Friðriki syni sínum til dvalar í fábjánahæli í Danmörku. Ódags. brjef. (Nd. 13, xxii).
2. Umsókn um 1500—2000 kr. styrk handa Evu Hjálmarsdóttur, til framhaldsdvalar í heilsuhælinu Colonion Filadelfia á Sjálandi. Brjef 21. jan. 1 fskj. (Nd. 17).
3. Halldór Briem sækir um 2000 kr. styrk, til að leita sjer lækninga erlendis við sjóndepru. Brjef 17. febr. 1 fskj. (Nd. 74).
4. Grafningshreppur fer þess á leit, að veitt verði fje úr ríkissjóði til greiðslu sjúkrakostnaðar Sæmundar Einarssonar kennara og konu hans. Útdráttur úr sveitarbók 13. febr. 3 fskj. (Nd. 102).

5. Kristín Jónasdóttir ljósmóðir sækir um alt að 1500 kr. árlegan styrk. Brjef 25. febr. 2 fskj. (Nd. 152).
6. Jörundur alþm. Brynjólfsson fer þess á leit, að Símoni Jónssyni frá Stokkseyri verði veittur 1000 kr. styrkur til dvalar í sjúkrahúsi í Danmörku. Brjef 10. mars. (Nd. 223).
7. Þorgils Þorgilsson sækir um 5000 kr. til að fara utan og fá sjer umbúðir, er geri annan handlegg hans, sem er máttlaus, starftækan. Brjef 24. mars. (Nd. 261).

Sbr. og Friðrik Jónsson póstur, Blindrastyrkur.

Skaðabætur vegna sóttvarna.

1. Jón Kristjánsson, veitingamaður á Akureyri, sækir um 5000 kr. bætur fyrir kostnað og atvinnuspjöll af sóttkví vegna taugaveiki og skarlatssóttar veturinn 1924. Brjef 4. febr. (Nd. 19).
2. Kennarar í Reykjavík, sem haft hafa til kenslu börn innan skólaskyldualdurs, fara þess á leit, að þeim verði bættur að $^2/_3$ hlutum skaði, er þeir biðu af kíghóstavörnum í vetur. Brjef 21. apríl. 1 fskj. (Ed. 30).

Skaftfellingur, h/f, sjá Strandferðir 13.

Skagafjarðarsýsla, sjá Sýslumannsbústaður.

Skáldlaun, sjá Einar Benediktsson.

Skálm. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sendir fjvn. Ed. skjöl, 6 að tölu, viðvíkjandi fyrirhleðslu fyrir vatnsfallið Skálm í Álftaveri. Brjef 11. apríl. (Ed. 22).

Skálmarnes, sjá Símamál 7.

Skipaskoðun ríkisins. Brjef skipaskoðunarstjóra, dags. 13. nóv. '26, ásamt áætlun um laun og skrifstofu- og ferðakostnað skipaskoðunarinnar. (Nd. 13, lxvii).

Skipstjórar, sjá Atvinna við siglingar.

Skjöldólfsstaðir, sjá Símamál 4.

Skorradalur, sjá Símamál 8.

Skógrækt.

1. Áætlun skógræktarstjóra um útgjöld við skógræktina 1928, með athugasemdum. Brjef 25. sept. 1926. (Nd. 13, lxv).
2. Guttormur Pálsson, skógarvörður á Hallormsstað, sækir um styrk til viðbótarbyggingar við bæjarhúsin þar. Brjef 5. jan. 3 fskj. (Nd. 169).

Skógræktarstjóri, sjá Hreindýr 1, Skógrækt.

Skólar, sjá Bændaskólar, Gagnfræðaskólinn á Akureyri, Háskólinn, Húsmæðraskólar, Hvítárbakkaskóli, Iðnskólar, Núpsskóli, Unglingaskólar, Ungmennaskóli í Reykjavík, Samskólar Reykjavíkur, Stýrimannaskólinn.

Skuldir hrepps- og bæjarfjelaga, sjá Sveitarsjóðir.

Skútustaðahreppur, sjá Vegamál 5.

Slysatryggingar. Aðalfundur Fiskifjelags Íslands skorar á Alþingi að breyta lögunum um slysatryggingar, frá 27. júní 1925, þannig, að ríkissjóður greiði $^1/_3$ iðgjalds fyrir árabáta og smærri vjelbáta, alt að 12 smál., og

1/3 af iðgjaldi fyrir vjelbáta alt að 40 smál. Brjef 19. mars. (Nd. 248). Sbr. og Símamál 2.
Smjörlíkisframleiðsla. sjá Verndartollur 3.
Snepilrás, sjá Hafnir og lendingabætur 1.
Snæfjallahreppur, sjá Símamál 5 og 6.
Soffía Stefánsdóttir sækir um 2500 kr. styrk til að fullkomna sig í myndskurðarlist á Ítalíu. Brjef 18. febr. 1 fskj. (Nd. 81).
Sóttvarnir, sjá Magnús Pjetursson, Skaðabætur vegna sóttvarna.
Spánarferðir, sjá Eimskipaferðir.
Starfsmenn ríkisins, sjá Launamál 10 og 11.
Stefán Guðmundsson, sjá Námsstyrkur 33.
Stefán Jónsson frá Staðarhrauni, sjá Eftirlaun 4.
Stefán Sigurðsson frá Hvítadal beiðist eftirgjafar á viðlagasjóðsláni. Brjef 27. mars. (Ed. 25).
Steinabændur. Eigendur og ábúendur Steina undir Eyjafjöllum sækja um alt að 2000 kr. styrk vegna tjóns, er þeir urðu fyrir af skriðuhlaupi í des. 1926. Brjef 20. febr. 1 fskj. (Nd. 209).
Steindór Gunnarsson sækir um 1800 kr. styrk til útgáfu bókarinnar »Barnið« eftir D. Scheving Thorsteinsson. Brjef 11. nóv. 1926. 2 fskj. (Nd. 13, xiii).
Steindór Hinriksson póstur, sjá Eftirlaun 15.
Steinunn Pjetursdóttir prestsekkja, sjá Eftirlaun 5.
Steinunn Sigurðardóttir, sjá Eftirlaun 17.
Stokkseyrarbruni. Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps fer þess á leit, að vjelbátaeigendum á Stokkseyri verði gefið eftir 10 þús. kr. viðlagasjóðslán, er þeim var veitt vegna tjóns af brunanum á Stokkseyri. Brjef 19. febr. (Nd. 182).
Stokkseyri, sjá Hafnir og lendingabætur 1, Stokkseyrarbruni.
Stoppel, Rose, sjá Líffræðileg veðurfræðistofnun.
Stóra-Laxá, sjá Vegamál 2.
Stórstúka Íslands.
1. Stórstúka Íslands fer þess á leit, að Ísland gangi inn í Helsingforssamningana frá 1925 um gagnkvæmar skyldur til varna gegn áfengissmyglun milli ríkja. Brjef 13. nóv. 1926. 1 fskj. (Nd. 13, lxxiii).
2. Sama sækir um 20 þús. kr. styrk til útbreiðslu bindindis. Brjef 23. nóv. 1926. (Nd. 13, lxxiv).
3. Sama fer þess á leit, að veittur verði alt að 300 kr. styrkur til alþjóðaskrifstofunnar í Lausanne gegn áfengisbölinu. Brjef 22. nóv. 1926. (Nd. 13, lxxv).

Strandferðir.
1. Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu sendir skýrslu um úthlutun ríkissjóðsstyrks til mótorbátaflutninga milli Vestmannaeyja og Rangársands 1925 og fer þess á leit, að veittur verði samskonar styrkur 1928. Brjef 5. febr. (Nd. 24).
2. Guðmundur Kr. Guðmundsson sækir um 4000 þús. kr. styrk vegna

halla af ferðum v/b Svans til Breiðafjarðar- og Snæfellsneshafna. Ódags. brjef með 3 fskj. (Nd. 163).

3. Erindi 16 Snæfellinga um skipaferðir milli Reykjavíkur og suðurstrandar Snæfellsness og um vegagerð á Snæfellsnesi. Brjef 1. des. 1926. (Nd. 189).
4. Pjetur Ottesen alþm. sendir brjef Bjarna Bjarnasonar, dags. 7. febr., um styrk til Hvalfjarðarbátsins og skýrslu sama um ferðir bátsins 1926. Brjef 8. mars. (Nd. 215).
5. Forseti Fiskifjelagsins tilkynnir, að fiskifjelagsdeildin Ægir fari þess á leit, að veittur verði riflegur styrkur til strandferða milli Hornafjarðar og Seyðisfjarðar. Brjef 9. mars. (Nd. 218).
6. Ásgeir alþm. Ásgeirsson tilkynnir, að þing- og hjeraðsmálafundur Vestur-Ísafjarðarsýslu skori á Alþingi að hækka styrkinn til Djúpbátsins með því skilyrði, að hann fari 3—4 reglubundnar ferðir á ári til helstu viðkomustaða í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Brjef 10. mars. (Nd. 224).
7. Sýslufundur Norður-Ísafjarðarsýslu skorar á þing og stjórn að auka að mun styrkinn til Djúpbátsferðanna þegar á þessu ári. Símskeyti 26. mars. (Nd. 265).
8. Eimskipafjelag Íslands fer þess á leit, að strandferðastyrkurinn, sem því er ætlaður í fjárlagafrv., verði hækkaður upp í 90 þús. kr. Brjef 4. apríl. (Nd. 301).
9. Brjef stjórnar Kaupfjelags Króksfjarðar um strandferðir til Gilsfjarðar og Króksfjarðar. Brjef 17. febr. (Nd. 326).
10. Áætlun v/b Svans árið 1927. (Nd. 327).
11. H/f Freysgoði fer þess á leit, að styrkurinn til vjelbátaferða um Lagarfljót verði hækkaður að minsta kosti um 1200 kr. Brjef 4. mars. (Nd. 328).
12. Þorleifur Jónsson alþm. fer þess á leit, að veittar verði 3000 kr. til vjelbátaferða meðfram ströndum Austur-Skaftafellssýslu, auk styrks til Hornafjarðarbátsins. Brjef 10. mars. (Nd. 329).
13. H/f Skaftfellingur fer þess á leit, að styrkurinn til v/b Skaftfellings verði ekki lækkaður frá því, sem hann hefir verið ákveðinn fyrir árið 1927. Brjef 11. mars. (Nd. 330).

Stúdentafjelag Reykjavíkur, sjá Sjerleyfi 2.

Stúdentar. Stúdentaráð háskólans fer þess á leit, að stjórninni heimilist að veita ísl. stúdentum alt að 20 þús. kr. lán, gegn tryggingu, er hún tekur gilda, enda eigi þeir stúdentar forgangsrjett til lánsins, er nám stunda erlendis. Brjef 24. febr. (Nd. 123).

Stúdentaskifti. Stúdentaráð háskólans sækir um 750 kr. styrk til stúdentaskifta. Brjef 3. jan. (Nd. 13, lxii).

Styrktarsjóður verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík sækir um styrk, er eigi sje minni en styrkur sá, er hann nýtur skv. fjárlögum fyrir árið 1927. Brjef 25. febr. (Nd. 136).

Stýrimannaskólinn.

1. Till. forstöðumanns stýrimannaskólans um fjárveitingar til hans 1928. Brjef 17. nóv. '26. (Nd. 13, xxxvi).
2. Forstöðumaður stýrimannaskólans fer þess á leit, að veitt verði heimild til kaupa á radio-áttmiðunartæki til notkunar við kenslu í skólanum. Brjef 25. mars. (Nd. 294).

Stýrimenn, sjá Atvinna við siglingar.

Sundlaugar.

1. Íþróttasamband Íslands fer þess á leit, að veittar verði 50 þús. kr. árin 1928 og 1929, hvort árið, til sundhallarbyggingar í Reykjavík. Brjef 24. febr. 1 fskj. (Nd. 149).
2. Sundskálanefnd Svarfdæla endurtekur umsókn sína um styrk til sundskálabyggingar, alt að $^1/_3$ kostnaðar. Brjef 5. mars. 2 fskj. (Nd. 269).

Surtshellir. Þjóðmenjavörður fer þess á leit, að veittar verði 500 kr. til að loka Surtshelli. Brjef 25. febr. (Nd. 142).

Svanur, v/b, sjá Strandferðir 2 og 10.

Svarfdælir, sjá Sundlaugar 2.

Sveinbjörn Sveinsson á Hámundarstöðum í Vopnafirði sækir um 1000 kr. árlegan styrk fyrst um sinn eða 5000 kr. styrk í eitt skifti fyrir öll. Brjef 12. jan. 1 fskj. (Nd. 5).

Sveinbjörnsson, Eleanor, sjá Eftirlaun 1.

Sveinn Þórarinsson málari, sjá Námsstyrkur 34.

Sveitarsjóðir. Atvinnumálaráðuneytið sendir skýrslu um aukaútsvör, útgjöld og skuldir sveitarsjóða í hverjum hreppi á landinu fardagaárið 1924—1925 og í öllum kaupstöðum á landinu árið 1924. Brjef 18. mars. (Nd. 242).

Sveitarþyngsli, sjá Fátækraframfæri, Sveitarsjóðir.

Sýslumannaæfir, sjá Bókmentafjelag.

Sýslumannsbústaður. Sigurður Sigurðsson, sýslumaður í Skagafjarðarsýslu, fer þess á leit, að ríkisstjórninni verði heimilað að kaupa húseign hans á Sauðárkróki fyrir embættisbústað handa sýslumanni Skagafjarðarsýslu. Brjef 19. mars. 1 fskj. (Nd. 260).

Sæmundur Einarsson, sjá Sjúkrastyrkur 4.

Söfnuður, ísl. í Kaupmannahöfn, sjá Íslenskur söfnuður.

Söngnám, sjá Námsstyrkur 9, 13, 30, 33 og 39.

Thoroddsen, Valgarður, sjá Námsstyrkur 35.

Tillögur um fjárveitingar í 10., 11., 12., 13., 14. og 15. gr. fjárl. til ríkisstofnana, heilbrigðismála, samgöngumála, skóla og safna frá forstöðumönnum þeirra. (Nd. 13, ii—viii, xii, xiv—xvi, xxiii—xxviii, xxix—xlii, xliv, xlviii—l).

Tilraun. Jarðræktarfjelagið Tilraun í Árnessýslu sækir um styrk til að kaupa dráttarvjel með vjelplóg, $^3/_5$ kostnaðar, eða sem svarar 4000 kr. Brjef 6. mars. (Nd. 225).

Titan, h/f., sjá Sjerleyfi 2.
Tómas Hallgrímsson, sjá Markaður 3.
Tulinius, Otto, sjá Markaður 7 og 9.
Tunnuverksmiðja. Bræðurnir Esphólin sækja um alt að 55 þús. kr. viðlagasjóðslán til tunnuverksmiðju á Siglufirði og 15 þús. kr. viðlagasjóðslán til endurbóta á tunnuverksmiðju á Akureyri. Brjef 28. mars. 3 fskj. (Nd. 277).

Ullariðnaður, sjá Verndartollur 1—2.
Unaðsdalur, sjá Símamál 6.
Unglingaskólar.
1. Tillögur fræðslumálastjóra um fjárveitingar til unglingaskóla 1928. Brjef 28. febr. (Nd. 192).
2. Ísleifur Jónsson sækir um 1000 kr. styrk handa unglingaskólanum í Bergstaðastræti 3. Brjef 31. okt. 1926. (Nd. 13, xliii).

Sjá ennfremur Hvítárbakkaskóli, Núpsskóli.
Ungmennafjelag Íslands sækir um 5000 kr. árl. styrk. Brjef 6. mars. (Nd. 222).
Ungmennaskóli í Reykjavík. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendir mentmn. Ed. álit forstöðumanns stýrimannaskólans, rektors mentaskólans og eigenda »Nýja-Bíós« um till. til þál. um ungmennaskóla í Reykjavík, á þskj. 62. Brjef 12. apríl. (Ed. 21).
Uppeldisfræði, sjá Námsstyrkur 1.
Urriðafoss, sjá Sjerleyfi 2.

Útibú frá Landsbanka Íslands, sjá Bankamál 3.
Útrýming fjárkláða, sjá Fjárkláði.
Útsvör, sjá Sveitarsjóðir.

Valgarður Thoroddsen, sjá Námsstyrkur 35.
Valgerður Gísladóttir frá Mosfelli, sjá Eftirlaun 6.
Varðskip.
1. Áætlun um rekstrarkostnað varðskipsins Óðins. (Nd. 13, ix).
2. Áætlun um rekstrarkostnað varðskipsins Þórs. (Nd. 13. x).

Vatnsdalur, sjá Símamál 9.
Vatnsorkusjerleyfi, sjá Sjerleyfi.
Vatnsvirkjun, sjá Sjerleyfi.
Veðdeild Landsbanka Íslands, sjá Bankamál 2.
Veðurfræði, sjá Líffræðileg veðurfræðistofnun, Veðurstofan.
Veðurstofan.
1. Áætlun um gjöld Veðurstofunnar árið 1928. Brjef 14. des. 1926. (Nd. 13, lvii).
2. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sendir afrit af brjefi frá forstöðumanni Veðurstofunnar, 23. mars, um sendingu veðurskeyta til þriðja flokks stöðva landssímans. Brjef 28. mars. (Nd. 279).

Vegamál.
1. Till. vegamálastjóra um fjárveitingar til vegamála 1928. Brjef 16. des. 1926. (Nd. 13, xxvi).
2. Sýslunefnd Árnessýslu skorar á Alþingi að veita fje til brúargerðar á Stóru-Laxá. Útdráttur úr gerðabók nefndarinnar 27. jan.—1. febr. (Nd. 39).
3. Sýslunefnd Árnessýslu skorar á þing og stjórn að gefa eftir Flóavegarlánið. Brjef 29. jan. 1 fskj. (Nd. 40).
4. Búðahreppur í Fáskrúðsfirði sækir um 6000 kr. styrk til að leggja veg um Kirkjubólsland, sem hann hefir keypt og úthlutað til ræktunar. Brjef 5. febr. 1 fskj. (Nd. 58).
5. Jón Gauti Pjetursson fer þess á leit fyrir hönd Skútustaðahrepps, að veitt verði rifleg fjárupphæð til framhalds vegarlagningar yfir Mývatnsheiði, upp frá Reykjadal. Brjef 4. febr. (Nd. 200).
6. Jón Guðnason alþm. fer þess á leit, að veittar verði 30 þús. kr. til vegarlagningar yfir Bröttubrekku, vestur í Dali. Brjef 3. mars. (Nd. 203).
7. Brjef bæjarstjórans á Seyðisfirði til þingmanns Seyðfirðinga, dags. 14. febr., ásamt 3 fskj., alt varðandi akbrautarlagningu á Fjarðarheiði. (Ed. 12).
8. Brjef vegamálastjóra, dags. 23. mars, varðandi vegarlagningu yfir Fjarðarheiði. (Nd. 262).

Verðtollur, sjá Leiklist 7, Verndartollur 1 og 3.
Verkalýðsamband Norðurlands, sjá Kaupgjald.
Verndartollur.
1. Sigurjón Pjetursson á Álafossi fer þess á leit, að ýmsar breytingar verði gerðar á vörutollslögunum til verndar íslenskum iðnaði. Brjef 17. febr. (Nd. 322).
2. Sami fer þess á leit, að lagt verði gjald á ull, sem send er út til vinslu. Brjef 9. apríl. (Nd. 300).
3. Smjörlíkisframleiðendur í Reykjavík fara þess á leit, að verðtollur verði lagður á innflutt smjörlíki. Brjef 22. mars. (Nd. 323).
4. Brjef eigenda Kaffibrenslu Reykjavíkur um gjald af innlendum kaffibæti. Brjef 19. febr. 1 fskj. (Nd. 324).

Verslunarmannafjelag Reykjavíkur, sjá Samskólar Reykjavíkur.
Verslunarráð Íslands.
1. Verslunarráð Íslands sækir um 2000 kr. styrk til að afla markaðsupplýsinga og 5000 kr. stofnstyrk til nýrrar deildar við verslunarskólann, auk 9000 kr. árl. rekstrarstyrks til sama skóla. Brjef 20. nóv. '26. 2 fskj. (Nd. 13, xlvi).
2. Sama fer þess á leit, að 2000 kr. styrkurinn til ráðsins til markaðsfrjetta, sem feldur var úr fjárlagafrv. við 2. umr. þess, verði tekinn upp í það aftur. Tvö brjef, 30. mars og 8. apríl. (Nd. 276 og 298).

Sjá ennfremur Vörutollur.
Verslunarskóli Íslands, sjá Verslunarráð Íslands 1.
Vestmannaeyjar, sjá Hafnir og lendingabætur 6.

Vestur-Landeyjar, sjá Sandgræðsla 2—3.
Vesturlandsvegur, sjá Vegamál 6.
Vigdís Steingrímsdóttir frá Víðimýri, sjá Eftirlaun 12.
Vigfús Sigurðsson Grænlandsfari, sjá Moskusnaut.
Vitamál.
1. Till. vitamálastjóra um fjárveitingar til vitamála 1928. 3 skjöl. (Nd. 13, xxvii).
2. Brjef sama um vitabyggingu á Hópsnesi, dags. 20. sept. '26. 3 fskj. (Nd. 13, xxviii).
3. Sami fer þess á leit, að veittur verði í 17. gr. fjárlaga fyrir árið 1928 500 kr. styrkur til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða Íslands. Brjef 13. sept. '26. 1 fskj. (Nd. 13, lxxii).
4. Brjef sama um fjárveitingar til vitamála, dags. 25. febr. (Nd. 143).
5. Sýslufundur Norður-Ísafjarðarsýslu skorar á Alþingi að hlutast til um, að reistur verði sem allra fyrst fullkominn viti á Arnarnesi við Ísafjarðardjúp. Brjef 17. mars. (Nd. 253).
6. Þorvarður Einarsson, vitavörður í Gróttu, sækir um 2000 kr. styrk til fjósbyggingar. Brjef 19. apríl. 2 fskj. (Ed. 23).

Vörumat. Filippus Magnússon yfirkjötmatsmaður skorar á Alþingi að breyta lögunum frá 1919 um mat á saltkjöti til útflutnings þannig, að skipaður verði einn yfirkjötmatsmaður, er hafi yfirumsjón með öllu frystu og kældu kjöti, sem út er flutt. Brjef 24. mars. (Nd. 333).

Vörutollur. Verslunarráð Íslands skorar á Alþingi að breyta vörutollslögunum þannig, að tollur verði reiknaður af nettóþyngd varanna. Brjef 22. mars. (Nd. 256).

Yfirmatsmenn, sjá Launamál 1—3, Vörumat.

Þingmálafundargerðir.
Úr Árnessýslu, þrjár, 14., 21. og 30. jan. (Nd. 51).
Úr Barðastrandarsýslu, þrjár, 19. des. '26 og 4. mars '27. (Nd. 308).
Úr Borgarfjarðarsýslu, sjö, 20., 22., 23., 24., 27. og 28. nóv. og 17. des. '26. (Nd. 53).
Úr Dalasýslu, ein, 19. jan. (Nd. 38).
Úr Eyjafjarðarsýslu, tvær, 15. og 18. jan. (Ed. 8).
Úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, fjórar, 21. og 22. jan., 5. og 21. febr. (Nd. 80).
Úr Austur-Húnavatnssýslu, þrjár, 15, 17. og 18. jan. (Ed. 9).
Úr Vestur-Húnavatnssýslu, ein, 15. jan. (Nd. 71).
Úr Ísafjarðarkaupstað, ein, 20. jan. (Nd. 27).
Úr Norður-Ísafjarðarsýslu, sex, 12. og 13. des. 1926, 16. jan., 4., 11. og 26. febr. (Nd. 62, 216 og 231).
Úr Vestur-Ísafjarðarsýslu (Fundargerð 28. þing- og hjeraðsmálafundar Vestur-Ísafjarðarsýslu, 22.—24. nóv. 1926). (Nd. 14).
Úr Norður-Múlasýslu, ein, 15. des. 1926. (Nd. 52).

Úr Suður-Múlasýslu, þrjár, 16. des. 1926, 16. jan. og 15. jan. (sameiginlegur fundur fyrir báðar Múlasýslur). (Ed. 6 og 7).
Úr Mýrasýslu, tvær, 26. og 29. jan. (Nd. 33).
Úr Austur-Skaftafellssýslu, fjórar, 17., 18., 26. og 31. jan. (Nd. 54).
Úr Vestur-Skaftafellssýslu, tvær, 28. og 29. jan. (Nd. 49).
Úr Snæfellsnessýslu, þrjár, 16. okt. 1926, 21. og 24. jan. (Ed. 10).
Úr Strandasýslu, þrjár, 19. og 26. febr. (Nd. 206 og 226).
Úr Vestmannaeyjum, ein, 5. febr. (Ed. 15).
Úr Norður-Þingeyjarsýslu, ein, 31. jan. (Nd. 210).
Úr Suður-Þingeyjarsýslu, ein, 16. jan. (Nd. 41).

Þistilfjarðarlæknishjerað, sjá Sjúkrahús og læknissetur 9.

Þjóðbúningur. Margrjet Símonardóttir sækir um 5000 kr. styrk til að undirbúa og gefa út bók um þjóðbúning íslenskra kvenna. Brjef 24. febr. (Nd. 137).

Þjóðjarðasala.

1. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu mælir með því, að Sauðárkrókshreppur fái þjóðjörðina Sauðá keypta með sem hagkvæmustum kjörum. Útdráttur úr gerðabók nefndarinnar 3. mars. (Nd. 332).
2. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sendir skjöl, 15 að tölu, er varða sölu þjóðjarða þeirra, sem ráðuneytið hefir selt á árinu 1926. Brjef 11. apríl. (Sþ. 22).

Þjóðlagasöfnun, sjá Jón Leifs.
Þjóðmenjavörður, sjá Bergþórshvoll, Surtshellir.
Þorgils Þorgilsson, sjá Sjúkrastyrkur 7.

Þorkell Þ. Clementz sækir um 10 þús. kr. sem viðurkenningu fyrir umbætur á inniþurkun á saltfiski. Brjef 16. febr. 2 fskj. (Nd. 91).

Þorvaldur Sigurðsson, sjá Námsstyrkur 36.
Þorvarður Einarsson í Gróttu, sjá Vitamál 6.
Þór, sjá Varðskip 2.
Þórarinn Jónsson, sjá Námsstyrkur 37 og 38.
Þórbergur Þórðarson, sjá Orðasöfnun 2.

Þórður Flóventsson.

1. Þórður Flóventsson sækir um 2000 kr. til að kenna silunga- og laxaklak eins og að undanförnu. Brjef 11. nóv. 1926. (Nd. 13, lxviii).
2. Sami fer þess á leit, að styrkurinn til sín til leiðbeiningar um klak verði fluttur í 18. gr. fjárlaganna. Fimm brjef, 24. febr., 3. mars og 4. mars. (Nd. 144 og Ed. 16).

Þórður Flygenring, sjá Markaður 5.
Þórður Kristleifsson, sjá Námsstyrkur 39.
Þórshöfn, sjá Sjúkrahús og læknissetur 9.
Þykkvabæjarklausturspresakall, sjá Launamál 9.

Æðey, sjá Símamál 5 og 6.